Lagafrumvörp felld.

1. Lánsfé til húsnæðismála o. fl.

Á 3. fundi í Nd., 15. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um útvegun lánsfjár til húsnæðismála og um breyt. á l. nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga o. fl. [15. mál] (þmfrv., A. 15).

Á 5. fundi í Nd., 19. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt þrem öðrum þm. Alþb., hv. 4. landsk., hv. 7. landsk. og hv. 11. landsk., að flytja frv. til l. um útvegun lánsfjár til húsnæðismála og um nokkrar breyt. á l. um húsnæðismálastofnunina. Það er rétt að gera þá í fyrsta lagi grein fyrir ástæðunum til þess, að við álitum nauðsynlegt að flytja að mörgu leyti svo róttækt frv. sem þetta er og frv., sem samt um leið er aðeins ætlað til að hjálpa úr því ástandi, sem nú hefur skapazt, fyrst um sinn. Ætla ég að gera nokkra grein fyrir, hvernig komið er nú og hvernig á því stendur.

Það hefur farið svo undanfarin þrjú ár, að það hefur í sífellu farið fækkandi þeim íbúðum, sem menn hafa lagt í að byrja að byggja. Og það hefur jafnframt farið fækkandi þeim íbúðum, sem menn hafa fullgert. M. ö. o.: það er verið að lama þrek almennings til þess að koma upp íbúðum, fá þak yfir höfuðið. Hvað snertir íbúðirnar, sem menn hafa byrjað á að byggja, hefur þróunin verið sú, að 1959, á fyrsta ári viðreisnarstjórnarinnar, var byrjað að byggja 1597 íbúðir alls í landinu, árið 1960 var byrjað að byggja 1013 íbúðir og árið 1961 var byrjað að byggja 770 íbúðir. M. ö. o.: helmingi færri lögðu í það á árinu 1961 að byrja að byggja heldur en þeir, sem höfðu lagt í það 1959. Það er því engum efa bundið, að það fer sífækkandi þeim fjölda íbúða, sem menn leggja í að byggja, þótt það kunni hins vegar eitthvað ofur lítið að breytast frá ári til árs. Ef við lítum hér á Reykjavík, verður sama myndin uppi, þegar maður athugar það t. d. þannig, hvað fullgert sé af íbúðum. 1957 voru fullgerðar 935 íbúðir í Reykjavík, og ég býst við, að það hafi verið hámark þess, sem fullgert hefur verið á einu ári, 1958 voru fullgerðar 865, 1959 voru fullgerðar 740, 1960 voru fullgerðar 642 og 1961 541. Nú er þeim mönnum, sem farið hafa með borgarstjórnarmál Reykjavíkur, kunnugt um, að þegar ein ýtarlegasta rannsókn var gerð — ég held árið 1946 — á því, hvað þyrfti að byggja í Reykjavík til þess í senn að útrýma slæmum og heilsuspillandi íbúðum og til þess að byggja yfir þann mannfjölda, sem hér bætist við, ýmist fæðist og vex hér upp eða flyzt að, þá þyrfti að byggja a. m. k. rúmar 600 íbúðir í Reykjavík á ári miðað við árið 1946. Og ef ég man rétt, var það svo einmitt árið 1946 eða 1947, að þá voru byggðar, held ég, um 640 íbúðir, það var náð þeirri tölu þá. Síðan fór því fækkandi, og ef ég man rétt, var það á árinu 1951 líklega komið niður í 251 íbúð eða eitthvað þar í kring, — ég skal ekki fara nákvæmlega með tölurnar, en a. m. k. var það á þriðja hundrað, þannig að það kom þarna langt tímabil, þar sem miklu minna var byggt en nauðsynlegt var. Síðan kom góð skorpa á árunum 1956—58, sem hélt síðan nokkuð áfram næstu árin á eftir og fór sídvínandi, þangað til að nú, 1961, er það komið niður í 541 íbúð, sem fullgert er, enda nú þegar farið að bera ákaflega mikið á því hér í Reykjavík, að húsnæðisskortur er verulegur. Bæði hefur húsaleiga hækkað gífurlega og líka orðið ákaflega erfitt að fá íbúðir.

Hér á árunum, þeim vandræðaárum 1950 og 1951 og þar í kring, var gengið þannig að mannskapnum hér á Íslandi, að mönnum var bannað að byggja nema með sérstöku leyfi yfirvalda í Reykjavík. Á þeim helmingaskiptaárum íhalds og Framsóknar, þegar þeir góðu flokkar tveir sátu við ríkisstj., þá var það í fyrsta skipti lögleitt á Íslandi, að menn mættu ekki byggja þak yfir höfuðið nema því aðeins að fá leyfi frá einni nefnd í Reykjavík. Og þannig var dregið úr húsbyggingunum á þeim árum. Það þurfti langa og harða baráttu til að fá hnekkt því byggingarbanni, enda kom í ljós í þeirri baráttu, sem háð var hér á Alþingi þá, að það var haldið allsterklega í spottann. Það var nefnilega hvorki meira né minna en hótað að gera vissar, slæmar ráðstafanir í sambandi við meðferð amerísks fjár eða fjár á Íslandi, sem meira eða minna kom undir mótvirðissjóðinn, svo framarlega sem menn færu hér á Alþingi að slaka til um bannið á íbúðabyggingum. Ég skal ekki rifja þá sögu upp, en vert er, að menn muni, að það var sú tíð, að Íslendingum var bannað að byggja.

Það, sem nú er hins vegar verið að gera, eftir að frelsið svokallaða á að vera komið á, það er, að nú er verið að banna þetta sama með pólitík

peningavaldsins í landinu. Nú er verið að banna þetta sama með okurvöxtum og lánaneitunum. Nú er dýrtíðinni, okurvöxtunum og bankavaldinu beitt til þess að ná þessu sama banni fram, síminnkandi íbúðabyggingum. Það, sem áður var fyrirskipað með lögum frá Alþingi, sem var að vísu harðvítug kúgun og ill, en var þó opinská, það sama er nú verið að framkvæma með því að gera þetta á duldari hátt, með því að beita áhrifum peningavaldsins. En afleiðingin af hvoru tveggja er sú sama. Það er nú þegar að koma að því, að það er byggt allt of lítið, — meira að segja allt of lítið, þó að miðað sé við það, sem nauðsynlegt var fyrir 16 árum hér í Reykjavík. M. ö. o.: það hefur þegar komið í ljós, að það eru allt of fáir, sem treysta sér til þess að leggja í að byggja, það er allt of lítið byggt og það er nú þegar orðið neyðarástand í þessum efnum.

Enn fremur hefur annað gerzt á þessum þrem árum. Íbúðirnar hafa orðið miklu dýrari. Dýrtíðarpólitík ríkisstj., þeirrar ríkisstj., sem stökk fram af hengifluginu og lét vísitöluna fara eins upp og hún þóttist ætla að forða frá að hún færi, þegar hún talaði djarfast, þegar hún tók við, — dýrtíðin hefur vaxið þannig, að hvað snertir t. d. vísitöluna fyrir byggingarkostnað voru byggingar nú í júní 1962 30% dýrari en þær voru 1958, og nú í október verða þær að öllum líkindum 33.5% dýrari en þær voru 1958. M. ö. o.: ef við tökum íbúð, sem hefði kostað 1958 400 þús. kr., þá er hún nú 130 þús. kr. dýrari, kostar 530 þús. kr. að byggja hana. M. ö. o.: það fólk, sem hefur lagt út í það í trausti á viðreisnina, í trausti á frelsi einstaklingsins, í trausti á allar þær gyllingar og loforð, sem þá voru gefin um, að nú ætti að afnema alla óreiðuna og vandræðin, öngþveitið, dýrtíðina og ég veit ekki hvað og hvað, — þeir, sem lögðu út í byggingar í þessu trausti 1959, hvað hafa þeir fengið frá ríkisstj.? Þeir hafa fengið á sig 130 þús. kr. hækkun á því að byggja eina íbúð og enga lánveitingu út á það. Fólkið hefur byrjað í góðri trú, haldið, að þeir menn, sem stjórnuðu þjóðinni, töluðu satt, og menn hafa verið að reyna að vinna verk, sem er ekki fyrir þá sjálfa aðeins, heldur komandi kynslóðir. Menn eru að byggja hér hús, sem koma til með að standa 100—200 ár, og þeim er ekki aðeins uppálagt að borga þetta yfirleitt upp á kannske tveimur áratugum, heldur er, meðan þetta fólk er að byggja, bætt ofan á frá ríkisstjórnarinnar hálfu 130 þús. kr. í kostnað með dýrtíðinni. Maður gæti sagt, að þetta væri raunverulega að tæla fólk út í ófæru, að fara svona að.

Sjálfstfl. hefur hvað eftir annað lýst því yfir, að það sé hans stefna, að hver maður eigi sína íbúð, og náttúrlega frá því sjónarmiði hlýtur það að eiga að vera stefnan, að ríkisvaldið aðstoði menn á eðlilegan hátt og skynsamlegan með slíkt, því að það er talað um, að hver maður eigi að eiga sína eigin íbúð og ekki bara þeir ríkustu. En fyrir þá, sem af mikilli bjartsýni — við skulum segja 1959 — byrja á að byggja, 1597 manns á Íslandi, það er eins og þetta fólk hafi bara fengið á sig stórhríðarbyl, svo að segja sé að verða úti. Þannig er dýrtíðarbylurinn, sem ríkisstj. hefur skipulagt gagnvart þessu fólki. Og það er ekki nóg með dýrtíðina, sem þannig hefur verið skipulögð, vextirnir hafa verið hækkaðir þannig, að það er svo að segja ókleift fyrir menn að ætla sér að búa í þeim húsum, sem verið er að koma upp nú. Og hvernig ætla menn, þegar sæmilegar fjögurra herbergja íbúðir eru farnar að kosta hálfa milljón og vextirnir eru reiknaðir 10% eða upp undir það, 9—10%, — hvernig ætla menn þá fólki að búa í slíkum íbúðum, á sama tíma sem í dýrtíðarvísitölunni er reiknað með, að menn eigi að geta lifað á 67 þús. kr. á ári? Þær ráðstafanir, sem hér hafa verið gerðar í húsnæðismálum af hálfu ríkisstj., þekkjast hvergi á byggðu bóli, svona vaxtaokur eins og hér tíðkast nú, svona gífurleg aukning dýrtíðar eins og hér hefur verið framkvæmd og svona léleg og lítil lán eins og hér eru veitt. Þau tíðkast ekki a. m. k. í okkar nágrannalöndum.

Í nýútkomnu Nordisk Kontakt nr. 10 er minnzt á ýmislegt í sambandi við þetta á Norðurlöndum. Og þar er sagt frá því á bls. 583, að hluti hinna opinberu lánveitinga í fjárfestingu í íbúðarhúsabyggingum sé í Svíþjóð 50%, Danmörku 55% og Noregi 47%. M. ö. o.: það þykir sjálfsagður hlutur, að um helmingurinn a. m. k. af því, sem fest er í íbúðum, komi frá því opinbera beint. Og við vitum, að einmitt á ýmsum Norðurlöndunum hefur verið framkvæmd löggjöf, sem er til fyrirmyndar í þessum efnum. Það hefur verið jafnvel um tíma framkvæmt þannig, að menn hafa fengið að láni upp undir 90% af byggingarkostnaði íbúða, að menn hafa fengið þetta fé að láni allt til 80 og 90 ára og að menn hafa fengið þetta fé að láni með 2—4% ársvöxtum, m. ö. o. félagslega mjög vel skipulagðar íbúðir, sem gátu ekki lent í braski, en gerðu mönnum mögulegt að heita a. m. k. og vera raunverulegir eigendur þessara íbúða með því að borga eftir þær það, sem var raunverulega rífleg húsaleiga. Þetta er hægt að gera, svo framarlega sem peningamagnið er tekið þeim tökum, að reynt er að stjórna löndunum a. m. k. á einhverjum sviðum með velferð fólksins fyrir augum.

Hvert er nú orðið ástandið hér vegna þessa ástands í byggingarmálunum? Ástandið er orðið þannig, að fyrir það fólk, sem nú er að byggja eða hefur verið að byggja á undanförnum árum og lent í þessum dýrtíðarvandræðum, þá er þess hlutskipti orðið endalaus þrældómur. Það er eingöngu með þrældómi að vinna sína ekki aðeins 10—12 tíma á dag, heldur sunnudaga og orlofin líka og helzt þannig, að bæði maður og kona vinni úti og öllu heimilislífi sé sundrað, — það er eingöngu með slíku móti, sem menn eru að reyna að kljúfa þetta ástand, sem ríkisstjórnarpólitíkin hefur sett menn í. Og það, sem vofir yfir fjölda af því fólki, sem er að berjast í þessu, er beinlínis heilsutjón, auk þess sem það fer á mis við ákaflega mikið af eðlilegu menningarlegu og félagslegu lífi. Og ofan á allt þetta bætist svo, — ég tala nú ekki um, ef sú pólitík ríkisstj. heppnaðist að einhverju leyti, að hér færi að verða atvinnuleysi, — missir eignanna á eftir eða það, að íbúðirnar stöðvast í miðju kafi, eins og er nú með fjöldann af íbúðum. Ef menn ganga hér inn eftir Laugaveginum eða kannske keyra sumir, þá geta þeir séð eitt hús vinstra megin við Laugaveginn, þegar keyrt er inn eftir, sem ber nafnið Viðreisn. Það er flutt inn í tvær neðri hæðirnar

í því. Tveim efri hæðunum er ólokið enn þá. Það stöðvaðist um það leyti, sem viðreisnin fór að blómgast, og það hefur ekki verið hægt að halda áfram með það síðan. Og menn geta séð þess dæmi nokkuð víða hér í Reykjavík, að þannig hefur verið stöðvað, kaldi blástur viðreisnarinnar hefur komið þannig við menn.

Þegar er orðið ástandið slíkt, þegar neyð er að verða hjá fjölda fólks, eignamissir vofir yfir og annað slíkt, þá er ekki nema eðlilegt, að menn spyrji: Er þetta ástand óhjákvæmilegt? Er Ísland svona fátækt? Ég vil svara því algerlega neitandi. Það eru nægir peningar til hér á Íslandi, bæði hjá einstökum auðmönnum, ekki síst hér í Reykjavík, og hjá því opinbera. Það, sem hér er að gerast, er, að það er verið að berja fram efnahagsstefnu, sem er að skapa hér á Íslandi alræði peningavaldsins. Það er verið að beygja þjóðfélagið undir það að safna auði og það mest í einstakra manna hendur, beygja mennina undir það að gera það æðsta takmarkið og fórna fyrir það heilsu og velferð að láta fara fram sem mesta auðsöfnun, og það, sem verið er að gera, er að fórna hagsmunum og velferð og heilsu þeirra, sem eru traðkaðir undir í þessu vægðarlausa kapphlaupi, sem hér er verið að skipuleggja. Það, sem hefur verið að ágerast nú undanfarið, er, að mismunurinn á milli mannanna er að verða miklu meiri en hann var hér á Íslandi fyrr. Það virðast vera að rísa upp hér í Reykjavík nú auðkýfingar, sem virðast varla vita, hvað þeir eiga við sína peninga að gera, á meðan aðrir verða að þræla baki brotnu og hafa samt ekki nóg. Svo að maður snúi sér að húsnæðismálunum, það virðast jafnvel vera auðkýfingar hér í Reykjavík, sem gefa börnum sínum heilar villur, búa þær að húsgögnum og láta bílinn standa fyrir utan, þegar þetta kornunga fólk er að gifta sig, hvað heilbrigt sem það kann nú að vera uppeldislega að búa þannig að sínum börnum, á meðan aðrir verða að þræla og þræla og sjá ekki út úr því. Og það gæti verið fróðlegt fyrir hv. þm. að kynna sér, hvers konar ástand það er, sem ríkir hér í Reykjavík nú í þessum efnum, ekki aðeins í bröggunum, sem þeir eru búnir að hafa fyrir sér í 20 ár, heldur líka í þeim nýju, stóru húsum, sem eru að rísa hér upp núna og neitað er um sjálfsögðustu þægindi. Það, sem er og hefur verið að gerast á þessum þremur árum, er að gera Ísland að þjóðfélagi gífurlegra stéttamótsetninga, mótsetninga milli auðs og óhófs annars vegar og vinnuþrældóms hins vegar. Og það er þetta ástand, sem er orðið óþolandi. Og það er þetta ástand, sem ekki sízt sýnir sig í þeim misjafna aðbúnaði, sem unga fólkið á við að búa, sem nú er að vaxa upp. Og hvað gerir svo ríkið, ríkisvaldið gagnvart þessu? Reynir þetta ríkisvald að draga úr þessum mótsetningum, — að jafna þessi kjör? Nei, þvert á móti. Ríkisvaldið hefur á undanförnum árum tekið úr umferð hjá sparisjóðum og viðskiptabönkum 490 millj. kr. og fryst það. 490 millj. kr. eru til í frystihúsi Seðlabankans, það fé, sem það fólk m. a. vantar, sem vinnur baki brotnu við að reyna að byggja íbúðir fyrir framtíðina á Íslandi og sjálft sig. Og þessu fólki hefur verið neitað um lán. Það er þannig verið að níðast á þeim, sem fátækir eru, níðast á þeim, sem skortir peninga, en taka peningana til þess að ráðstafa þeim meir og meir handa auðmönnunum hér í Reykjavík, sumpart til þess að reyna að græða á þeim, sumpart til þess að reyna að sóa þeim. Ríkið hefur verið tekið í ríkara mæli en fyrr í þjónustu auðkýfinganna. Jafnvel hæstv. forsrh. fann ástæðu til þess að tala um það, ekki bara Mallorcaferðirnar, heldur líka flugferðirnar til þess að horfa á knattspyrnuleiki í Bretlandi. Það er eins og margir hér viti lítt, hvað þeir eiga við peninga að gera. Fyrir um 100 árum var ort:

„Það er dauði og djöfuls nauð,
er dyggðasnauðir fantar
safna auð með augu rauð,
en aðra brauðið vantar."

Til allrar hamingju hefur verkalýðshreyfingin getað áorkað því hér á Íslandi, að menn vanti ekki brauð í dag eins og fyrir 30 árum. Um þetta leyti, í okt. 1932, skorti marga brauð hér í Reykjavík, þegar átti að fara að lækka launin, svo að þeir, sem voru í atvinnubótavinnu, áttu að lifa á einnar viku vinnu á mánuði. En menn skortir aðra hluti, sem eru jafnsjálfsagðir, miðað við það stig þjóðfélagsins og það tæknistig, sem við nú stöndum á, eins og brauðið var fyrir hundrað árum. Þegar þetta var ort, var auðurinn, sem talað er um, í höndunum á nokkrum einstaklingum, sem höfðu nurlað honum saman. Nú er auðurinn sumpart í höndum nýríkrar yfirstéttar, sem hér hefur vaxið upp, sumpart í höndum ríkisins sjálfs, en því ríki er nú stjórnað með hag þessarar yfirstéttar þannig fyrir augum, að það er legið á þessum peningum eins og ormur á gulli og hindrað, að fólkið fái þetta fé, sem það þarf að nota.

Þegar við stofnuðum lýðveldi hér á Íslandi, var það okkar draumur, að við værum endanlega lausir út úr því að haga okkar þjóðfélagi að einhverju leyti með tilliti til bókhaldsins hjá hvort heldur væri dönskum einokunarkaupmönnum eða enskum bönkum. Okkar draumur var, að hér yrði stjórnað þannig, að það væri velferð fólksins, sem fyrst og fremst væri höfð fyrir augum, að það væri afkomuöryggi, sem tryggt var. Og í fyrstu stjórn, sem mynduð var, eftir að lýðveldið var stofnað, var líka gengið út frá og sköpuð róttækari og betri húsnæðismálalöggjöf en nokkru sinni áður hafði verið sett hér á Íslandi. Það var vilji þjóðarinnar þá að stefna í átt til vaxandi jafnaðar og lýðræðis á Íslandi og reyna að sjá til þess, að þjóðfélaginu yrði stjórnað í þágu fjöldans.

Það, sem nú hefur hins vegar gerzt og það alveg sérstaklega á síðustu þrem árum, er, að það hefur verið skipulega með efnahagsstefnu hæstv. ríkisstj. unnið að því að skapa hér kaldrifjað þjóðfélag ójafnaðar og peningavalds, hatramms peningavalds, þjóðfélag hrópandi stéttamótsetninga. Það virðist vera auðveldara í dag að byggja listrænt útbúna næturklúbba í Reykjavík heldur en fyrir fátækar fjölskyldur að koma sér upp íbúðum. Það virðist vera hægt að treysta meira á kaupgetu þeirra, sem geta fleygt sínu fé út fyrir óhófið, heldur en hvað unnið er að því að reyna að tryggja, að það duglega fólk, sem vill vinna eins og það getur til þess að koma sér upp íbúðum, geti gert það. Það er þessi öfugþróun í

okkar þjóðfélagi, sem verður að stöðva. Við verðum að byrja aftur að reyna að þróa okkar þjóðfélag í áttina til jafnaðar og til lýðræðis og hverfa burt frá því alræði peningavaldsins, sem nú er verið að beygja þjóðfélagið undir.

Það frv., sem við hér flytjum, miðar að því að reyna nú þegar að hjálpa því fólki, sem lent hefur í þessari stórhríð dýrtíðarinnar hjá hæstv. ríkisstj., og skapa því möguleika til þess að geta unnið áfram að sínum íbúðum og til þess að geta haldið þeim og þjóðfélaginu þannig um leið möguleika til hagnýtrar fjárfestingar. Það eru tvö höfuðatriðin í þessu: Í fyrsta lagi hvað snertir byggingarsjóð verkamanna, þar er ástandið þannig, að 200 manns hafa sótt um lán og enga úrlausn fengið. En með lögum var gengið út frá því, þegar þeim var breytt seinast, og mikið talað um, hve miklar framfarir það væru, að það ætti að tryggja þeim 300 þús. kr. hverjum. Og þarna er einmitt um þá að ræða, sem fátækastir eru, því að þarna komast ekki aðrir að en þeir, sem hafa tiltölulega mjög lág laun. Og það, sem við leggjum til, er, að það verði tekið af því fé, sem Seðlabankinn hefur fryst, 60 millj. kr. beint í þennan byggingarsjóð. Þannig væri hægt að leysa undireins úr þörf allra þessara 200, sem sótt hafa og hafa beðið eftir lánum. Í öðru lagi er lagt til, að húsnæðismálastofnun ríkisins og byggingarsjóði ríkisins sé gert fært að gera nú skjótar og betur við það fólk, sem sótt hefur til hans undanfarið, heldur en verið hefur. Það er lagt til, að það sé látið óbreytt standa, sem áður var, að 100 þús. kr. lánin séu hámark fyrir þá, sem byrjuðu að byggja fyrir 1. jan. 1959, en það er lagt til, að frá 31. des. 1958 séu öllum þeim, sem lagt hafa út í íbúðarhúsabyggingar, eftir að viðreisnarstjórnin tók við, tryggð allt að 200 þús. kr. lán. Ég vil vekja eftirtekt á því, að þó að þetta 200 þús. kr. lán væri tryggt, þá er það samt miklu minna en nú er á öðrum Norðurlöndum. Og ég vil vekja athygli á því enn fremur, að þó að þarna væri bætt við það, sem áður var ákveðið, 100 þús. kr., þá nægir það ekki einu sinni fyrir þeirri dýrtíðaraukningu á meðalíbúð, sem orðið hefur á tíma viðreisnarstjórnarinnar. M. ö. o.: það er lagt til aðeins að reyna að taka meiri hluta af þeim skakkaföllum, sem viðreisnarstjórnin hefur valdið almenningi, sem hefur farið að byggja hús á hennar tímum, — taka meiri hluta af þessum skakkaföllum yfir á ríkið í lánveitingum. Það er ekki farið fram á mikið. Og þó er alveg gefið mál, að því fólki, sem nú er í nauðum statt, mundi finnast þetta mikil bót, það er ekki svo góðu vant. Svo er enn fremur lagt til til þess að reyna að hvetja einhverja menn til þess að byrja að byggja nú, að þeim, sem byrja hér eftir, t. d. frá 1. okt. þessa árs, séu tryggðar 250 þús. Það yrði samt ekki helmingur af því, sem raunverulega þyrfti. Og peningarnir eru til í þetta, þ. e. 260 millj. kr. leggjum við til að taka úr frystihúsi Seðlabankans og setja í þetta. Þá væru komnar í byggingarsjóð verkamanna og byggingarsjóð ríkisins 310 millj., og samt sem áður eru eftir 180 millj. í frystihúsinu. Það er svo sem ekki verið að tæma það strax, þannig að það þarf ekki að afsaka sig núna með því, sem þið heyrðuð stundum fyrr, að það væru engir peningar til. Sú afsökun var að vísu alltaf ósönn. Það sýndi sig bezt fyrir 30 árum, 9. nóv. 1932, þegar sagt var, að engir peningar væru til, til þess að hægt væri að borga bláfátækum verkamönnum kr. 1.45 um tímann, og þyrfti að lækka niður í krónu þess vegna, — mönnum í atvinnubótavinnu, sem áttu að lifa af einnar viku vinnu og draga fram líf fjölskyldunnar með því. Þá var líka sagt, að það væru engir peningar til. Nú er miklu erfiðara að segja slíkt. Það voru nógir peningar til um kvöldið 9. nóv. Nú er miklu erfiðara að segja slíkt, vegna þess að hagskýrslurnar tala þar á móti. Það liggja 490 millj. kr. hérna fyrir handan Austurvöll. Það er ekkert nema taka þær og setja þær út í þjóðlífið. Við höfum ekkert við það að gera að láta þetta liggja svona og fórna velferð mannanna fyrir það á meðan. Þetta auðsöfnunarbrjálæði, sem er verið að ala upp í Reykjavík nú, þarf að stöðva. Það er ekki aðeins verið að gera þeim erfiðara fyrir, sem fátækari eru, heldur er líka verið að smækka þjóðina, og við verðum ekki íslenzk þjóð, ef við höldum svona áfram. Við höfum aldrei verið sú þjóð, sem við höfum verið, vegna peninga, við höfum aldrei haft svo mikið af þeim. Ef á að fara að gera okkur að þrælum Mammons þannig og innrétta þjóðfélagið með það fyrir augum að safna fé, þá smækka og smækka Íslendingar andlega og siðferðislega. Og það er tími til kominn, að það sé horfið burt frá þeirri stefnu.

Það, sem hér liggur þó fyrst og fremst fyrir, er að tryggja nokkurt réttlæti. Ég held, að þeim, sem standa í því erfiða verki að reyna að koma þaki yfir höfuðið á sér og um leið að byggja fyrir framtíðina, — það er ekki byggt svo illa hér á Íslandi nú, að það dugi ekki 100—200 ár, þannig að það eru verðmæti í þessu, sem halda sér, og það nær engri átt að ætla að láta þessa kynslóð borga þetta upp á hálfum mannsaldri. Sú fjármálapólitík, sem miðast við slíkt, er kúgunarpólitík, sem er ekki hægt að þola. Það er verið að píska út úr fólkinu með þessum vinnuþrældómi auðsöfnun m. a. handa komandi kynslóðum, sem er alveg óþarflega mikil, enda er það engin tilviljun, hvað menn bókstaflega af of mikilli vinnu deyja nú af sjúkdómi, sem kallaður er hjartasjúkdómur, og allt mögulegt annað slíkt, sem er ekkert annað en vinnuþrælkun.

Hér er um tvennt að ræða í senn. Það er réttlætismál handa þeim, sem eru að berjast í að byggja og reyna að koma sér upp íbúðum, og þjóðþrifamál, að koma upp almennilegum íbúðum handa fólkinu í landinu. Í þessu sambandi er líka nauðsynlegt, að brotið verði blað hvað þá pólitík snertir, að vextirnir af íbúðalánum verði ekki eins háir og undanfarið hefur verið. Það er lagt til, að þeir séu settir niður í 4%. Ég vil vekja athygli á því, að það tíðkast ekki í nokkru landi að reka lánapólitík þannig, að vextir séu þeir sömu af íbúðalánum og t. d. af hvaða víxlum sem vera skal. Það er gerður greinarmunur á því, hvort menn eru að slá sér víxil í hitt og þetta, sem er óþarfi, eða hvort menn eru að byggja hús, sem eiga að standa hér öldum saman.

Í nágrannalöndum okkar, eins og Norðurlöndum, þykir sjálfsagt að reyna að hafa þessa vexti sem lægsta. Og fyrir 30 árum, í því fátæka Ís-

landi, sem þá var, voru vextirnir, sem voru ákveðnir fyrir byggingarsjóð verkamanna upphaflega, 2 og 2½%, og það er ekki fyrr en á þessum síðustu og verstu tímum, þegar þessi hreinu amerísku peningasjónarmið eru að verða drottnandi hér á landi, að farið er að hækka vextina svo ægilega eins og gert er. Það er hrein vitfirring að ætla að láta borga 8—9% vexti af íbúðum, sem venjulegar manneskjur eiga að búa í, enda náttúrlega verður ekki nema ein afleiðing af þess háttar vaxtapólitík. Það verða sífelldar launahækkanir eða sífelld verðbólga, vegna þess að það stendur ekkert þjóðfélag, ekkert atvinnulíf undir því. Ef íslenzkir atvinnurekendur yfirleitt hefðu eitthvert hundsvit á að stjórna sínu atvinnulífi, mundu þeir hafa fyrst og fremst barizt fyrir því, að það væru lágir vextir til íbúðahúsabygginga og löng lán, til þess með því móti að það, sem verkamaðurinn þarf að eyða í húsnæði, væri sem allra minnst, til þess að þeir þyrftu ekki út á hans nauðþurftir að borga honum hærri laun og til þess að þeir gætu haft sínar vörur, þær sem þeir flytja út úr landinu, ódýrari þess vegna. Það er ekkert spursmál t. d., að iðnaðarauðmagnið í Danmörku hefur alltaf skilið vel þá réttu pólitík danskra sósíaldemókrata að reyna að halda niðri verðinu á íbúðum. Það eru enn sem komið er í Höfn húsaleigulög um, hve há húsaleiga megi vera, í íbúðum, sem byggð voru fyrir fyrra stríð, í íbúðum, sem byggð voru fyrir síðara stríð o. s. frv. Það er húsaleigulöggjöf um þetta allt saman. Það er aðeins hér hjá okkur, þar sem menn rjúka í það í einhverju óðagoti eftir ráðum þekkingarlítilla hagfræðinga, eins og gert var, þegar húsaleigulögin voru afnumin, að halda, að allir peningar eigi á öllum sviðum þjóðlífsins að bera sömu vexti. Það er aðeins hérna, sem menn láta sér detta svona vitleysu í hug. Mér þætti gaman t. d. að sjá útreikning yfir það frá okkar góðu hagfræðingum, hvað mikil fjármagnsmyndun hefur skapazt í Reykjavík einni við afnám húsaleigulaganna fyrir 10 árum, þegar öll hús, sem voru gömul, hækkuðu svo og svo mikið í verði og hægt var að fara að selja þau, vegna þess að menn gátu leigt þau miklu, miklu hærra en áður. Hvað halda menn, að hafi komið í umferð af fé í sambandi við þetta, þegar meiri hl. af öllum húseignum í Reykjavík margfaldast í verði, þegar hús, sem kostuðu, eins og ég þekki t. d. til, venjuleg hús inni á Njálsgötunni, sem kostuðu 30—40 þús. kr. að byggja þau fyrir stríð, voru síðan seld á upp undir eina milljón? Hvað halda menn, að hafi komizt í umferð af fé í sambandi við þessar ráðstafanir? Hvað halda menn, að þetta hafi skapað af verðbólgu og kaupmætti, sem menn skelltu síðan alltaf yfir á og kenndu kaupgetu launanna um? Það er aldrei verið að reikna þetta út, þegar menn eru að reyna að komast fyrir um, hvernig skakkaföllin hafi verið í okkar þjóðfélagi. Það hefur vantað svo jafnvægið í þetta allt saman, að því meira sem menn hafa talað um jafnvægi í þessu, því minna vit hafa menn haft á því að halda því.

Sú vaxtapólitík, sem nú á sér stað viðvíkjandi íbúðarhúsabyggingum, getur ekki gengið. Hún er frá öllu sjónarmiði, kapitalistísku jafnt sem sósíalistísku, jafnómöguleg. Hún er til komin af fáfræði, kannske af braski hjá einstökum, en það er ekki hægt að halda neinu þjóðfélagi gangandi með svona átökum. Og ef meiningin er að reyna að skapa stöðugt þjóðfélag hér á Íslandi, þá er hér verið að vinna gegn því. Einn stærsti auðhringur veraldarinnar, sem ég hef stundum talað um og ekki fallega hér, Unilever-hringurinn, varð fyrst frægur fyrir það að byggja sem þá þóttu tiltölulega mjög góðar íbúðir, út frá því skynsamlega sjónarmiði kapítalismans, að það er eitthvert það praktískasta, sem kapítalisti getur gert, að tryggja sínum verkamönnum góðar og ódýrar íbúðir. Okkar íslenzka auðmannastétt hefur alltaf verið ónýt við að reikna. Hún hefur verið mest fyrir að braska — og braska með ríkisins fé. En ef hún ætlar sér að reyna að koma hér á einhverju þjóðfélagi, sem eigi að haldast og ekki hristast og skelfast tvisvar sinnum á ári, þannig að því liggi við að fara um koll bara út af smákaupdeilu, þá væri sannarlega tími til kominn fyrir hana að átta sig ofur lítið á einföldustu atriðum hagfræðinnar, sem því miður hins vegar hennar hagfræðingar segja henni aldrei frá. Ég held þess vegna, að það litla, sem þetta frv. gerir til þess að sjá um, að peningar komist í umferð, peningar, sem nú er legið á, sjá um, að vextirnir af þeim verði ódýrari en verið hefur, það sé lítið spor í rétta átt, — spor, sem kemur þeim mikið að gagni, sem nú eiga um sárast að binda, og spor, sem gæti síðar orðið til þess að fá menn til þess að stíga stærri skref í þessa átt, því að það er gefið, að þetta frv. er aðeins til þess að leysa neyðina, sem skapazt hefur á undanförnum árum, og vandræði, sem nú eru fram undan. Til heildarlausnar á húsnæðismálunum þarf miklu djarfari og stórfelldari aðgerðir en þær, sem við leggjum til í þessu frv., og það munum við e. t. v. bera fram síðar á þessu þingi.

Það er alveg gefið mál, að það þarf til þess að leysa húsnæðismálin að skapa þarna félagslegt átak, voldugt og mikið félagslegt átak. Eitt af skilyrðunum til þess eru að vísu miklar sjóðmyndanir. En eitt af skilyrðunum til þess, að eitthvert vit sé í slíkum sjóðmyndunum, er stöðvun verðbólgunnar, að það sé hægt að láta peningagildið haldast.

Það var hér á árunum verið að hræða menn með því, að það væri verið að fara fram af einhverju hengiflugi, vísitalan mundi hækka óskaplega, ef vissar ráðstafanir væru gerðar. Vísitalan hefur hækkað svona óskaplega, eins og þá var talað um. Menn eru stokknir fram af þessu hengiflugi. Auðvitað stöndum við á fótunum, þó að við stökkvum fram af þessum hengiflugum, sem hagfræðingarnir sjá. En engu að síður er það gott, að við förum að reyna að laga þessa hluti. Við eigum ekki að láta þetta ganga svona, að þetta lendi allt saman í sífelldum bylgjum hjá okkur með húsnæðismálin.

1945, 1946, 1947, þá stóðum við í hámarki hvað snertir byggingar íbúðarhúsnæðis. Síðan minnkar þetta aftur, eins og ég rakti áðan, alveg niður í það að verða 250 íbúðir fullgerðar í Reykjavík 1951. Síðan vex þetta aftur á tímum vinstri stjórnarinnar, þá komumst við upp í 935 fullgerðar íbúðir í Reykjavík. Og nú sígur þetta aftur. Svona

getur þetta ekki gengið hjá okkur, sífelldur öldugangur í þessum húsnæðismálum. Við verðum að reyna að koma slíkri skipan á þetta, að það sé byggt örugglega á hverju ári það, sem þarf til þess, að við getum búið við sæmileg kjör í íbúðamálum. Við getum þetta ákaflega vel, við Íslendingar, og þeir menn, sem þessari þjóð stjórna, hafa enga afsökun í þessum efnum. Ísland er ríkt nú og hefur næga peninga. Og það hefur það, sem er enn þá meira virði, það hefur duglegt fólk, sem er reiðubúið til að vinna meira og lengur jafnvel en nokkurt annað vinnandi fólk í Evrópu. Það ætti ekki þess vegna að vera vandi að stjórna þessari þjóð þannig, að fólkinu ætti að geta liðið vel. En til þess þarf velferð fólksins að vera takmarkið, en ekki auðsöfnunin. Það á ekki að fórna velferð fólksins, eins og nú er gert, með vinnuþrældómnum, vaxtaokrinu og öllu þessu fyrir auðsöfnunina.

Ég vil, herra forseti, leyfa mér að óska þess, að lokinni þessari umr., að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 6. fundi í Nd., 22. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 26 shlj. atkv.

Á 10., 11., 12., 13., 14., 15., 16., 17., 19. og 20. fundi í Nd., 1., 5., 6., 8., 13., 15., 19., 20. og 22. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Nd., 26. nóv. var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 15, n. 66 og 67).

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft til athugunar frv. á þskj. 15, um útvegun lánsfjár til húsnæðismála o. fl., sem flutt er af hv. 3. þm. Reykv. og flokksbræðrum hans í þessari hv. d. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Einn nm., hv. 4. landsk., leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. Annar nm., hv. 4. þm. Reykn., var fjarverandi, þegar n. afgreiddi málið. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði fellt.

Frv., ef að lögum yrði, felur í sér, að Seðlabanki Íslands skuli nú þegar lána byggingarsjóði verkamanna 60 millj. kr. og byggingarsjóði ríkisins 250 millj. kr. Einnig segir í frv., að á næsta ári skuli Seðlabankinn lána byggingarsjóði ríkisins helming þeirrar fjárhæðar, er nemur því sparifé, sem hann bindur samkv. heimild í 11. gr. l. um Seðlabanka Íslands, en þó aldrei minna en 100 millj. kr. — Samtals er Seðlabankanum því ætlað, samkv. frv., að leggja fram 410 millj. kr. til íbúðabygginga á þessu og næsta ári. — Jafnframt eru í frv. tillögur um rýmkun á lánskjörum byggingarsjóðanna og hækkun einstakra lána úr þeim.

Meiri hl. heilbr.- og félmn. gerir sér mjög vel ljósan þann vanda, sem óleystur er í sambandi við útvegun lánsfjár til íbúðabygginga, en álítur jafnframt, að þetta frv. feli ekki í sér raunhæfar tillögur til lausnar þeirra mála. Leyfi ég mér í þessu sambandi að minna á þær upplýsingar, sem hæstv. viðskmrh. gaf hér á þessum stað um ráðstöfun á því fé, sem Seðlabankinn hefur til umráða, en það eru um 1650 millj. kr., þar af um 489 millj. kr. bundið sparifé. Í septemberlok voru um 258 millj. kr. af þessu fé í útlánum út á framleiðsluvörur landbúnaðarins, um 563 millj. kr. voru lánaðar út vegna sjávarútvegsins, og gjaldeyrisforðinn nam 816 millj. kr., en hann er tryggður með innstæðufé Seðlabankans. Sýna þessar tölur ljóslega, að ef skylda á bankann til þess að lána stórfé til annarra hluta, þá verður það ekki gert nema með því að draga annaðhvort úr útlánum til landbúnaðar og sjávarútvegs eða með því að ganga á gjaldeyrisforðann. Ég hef engan mann fyrir hitt, sem haldið hefur því fram, að framleiðslulán atvinnuveganna væru óþarflega há. Aftur á móti er algengt, að því gagnstæða sé haldið á lofti. Niðurskurður á þeim lánum kemur því ekki til greina. Eftir er þá spurningin um það, hvort ekki sé rétt að sigla djarft, eins og það var orðað hér á dögunum, og ráðstafa gjaldeyrisforðanum til fjárfestingar eins og þeirrar, sem þetta frv. fjallar um, m. a. til íbúðabygginga. Þeirri spurningu svara ég fyrir mitt leyti afdráttarlaust neitandi, eins og högum er háttað í efnahagslífi okkar. Gjaldeyrisforðinn er einn mikilvægasti árangur viðreisnarinnar og hefur gerbreytt viðskiptaháttum og orðið til þess að endurreisa lánstraust, sem þjóðin var búin að glata. Atvinnulíf okkar er þannig uppbyggt, að miklar sveiflur geta orðið í framleiðslunni frá ári til árs, og þess vegna er okkur nauðsynlegra en flestum öðrum þjóðum að eiga ríflega gjaldeyrisvarasjóði. Við skulum líka gera okkur það ljóst, að kaupgeta er mikil í landinu um þessar mundir og þar af leiðandi þarf mikinn gjaldeyri til almennra vörukaupa, og má hafa á því fulla gát, að þær þarfir gangi ekki of nærri gjaldeyrisvarasjóðnum. Það væri vafasamur greiði við húsbyggjendur að fá þeim í hendur mikið lánsfé, en girða jafnframt fyrir það, að þeir gætu fengið gjaldeyri til kaupa á erlendu byggingarefni, eins og t. d. steypustyrktarjárni, þakjárni, þilplötum og hreinlætistækjum. Þær nauðsynjar voru ekki alltaf auðfengnar, þegar gjaldeyrisskorturinn var hafður fyrir skömmtunarstjóra og viðskiptahöftin voru í algleymingi, eins og margir munu minnast.

Þessi sjónarmið ráða mestu um það, að meiri hl. heilbr.- og félmn. telur, að frv. á þskj. 15 feli ekki í sér raunhæfar till. til þess að bæta úr lánsfjárskorti húsbyggjenda, og leggur til, að frv. verði fellt. Fjármagni Seðlabankans er öllu ráðstafað, og sömu peningana er ekki hægt að nota á mörgum stöðum í einu. Hitt er svo annað mál, að vinna verður áfram að því að fullnægja eftirspurn eftir lánsfé til íbúðabygginga, en öruggasta leiðin að því marki er áframhaldandi sparifjáraukning. Sú aukning hefur verið mikil að undanförnu, eftir að áhrifa viðreisnarinnar fór að gæta, og hefur þegar leitt til þess, að unnt hefur verið að verja meira fé en nokkru sinni fyrr til íbúðabygginga. Áframhald þeirrar þróunar er farsælasta lausn þessa máls.

Frsm. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Eins og frsm. hv. meiri hl. heilbr.- og félmn. hefur þegar skýrt frá, náðist ekki samkomulag í n. um afgreiðslu frv., og leggur meiri hl. til, að frv. verði felllt, en ég legg til, að frv. verði samþ.

Það hefur komið í ljós af opinberum skýrslum, að mjög hefur dregið úr byggingu íbúðarhúsnæðis á seinni árum, og er nú augljóst, að hvergi nærri er byggt fyrir þörf líðandi stundar. Hér er því stofnað til skuldar við framtíðina, og húsnæðisleysi hlýtur að fara í vöxt, ef svo heldur fram sem horfir. Á árinu 1958 munu hafa verið byggðar 1610 íbúðir í landinu, árið 1958 1597 íbúðir, á árinu 1960 1013 íbúðir, og 1961 var heildartalan komin niður í 770 íbúðir, en heildarþörfin mun a. m. k. ekki vera undir 1300—1400 íbúðum, svo að það virðist vera fullnægt nú u. þ. b. helmingnum af húsnæðisþörfinni. En vitanlega þarf að byggja vegna fjölgunar þjóðarinnar og vegna þeirra íbúða, sem úr sér ganga.

Þegar litið er á Reykjavík út af fyrir sig, ber að sama brunni. 1959 voru hér byggðar 740 íbúðir, 1960 642 íbúðir, og 1961 var þetta komið ofan í 541 íbúð, og er það langt fyrir neðan það, sem Reykjavíkurborg þarf, til þess að hér skapist ekki húsnæðisleysi.

Efni þessa frv. er í stuttu máli það, að reynt sé að snúa straumnum þarna við, örva til aukinnar byggingar íbúðarhúsnæðis og er vitanlega lagt til, að það verði gert með því að veita mönnum aukna aðstoð í formi lána. Það er í fyrsta lagi lagt til í 2. gr. frv., að Seðlabanki Íslands skuli lána byggingarsjóði verkamanna 60 millj. kr. og að byggingarsjóður skuli svo endurlána þetta fé byggingarfélögum verkamanna víðsvegar um landið með 4% vöxtum til 42 ára. Það er upplýst, að nú bíða um 200 manns, sem hafa sótt um að fá lán hjá byggingarsjóði verkamanna, og þarf þarna mikið fé. Byggingarsjóður verkamanna hefur verið lamaður seinustu árin. Á árunum 1959—60 voru aðeins byggðar á milli 30 og 40 íbúðir á vegum byggingarsjóðs verkamanna, og er því ekki annað að sjá en starfsemi sjóðsins sé að miklu leyti stöðvuð. Hér þarf úr að bæta. Byggingarsjóður verkamanna hefur haft það hlutverk að veita hin hagstæðustu lán til byggingar íbúðarhúsnæðis, og þarf auðvitað að efla hann til þess hlutverks með auknu lánsfjármagni. Ætlunin er, að þetta fé, 60 millj. kr., sem þarna verði lánað byggingarsjóðnum, sé tekið af bundnu sparifé, sem lagt hefur verið til hliðar undanfarin ár í Seðlabankanum, fryst þar samkv. heimild í 11. gr. laga um Seðlabankann. Í þessu frv. er það einnig lagt til, að byggingarsjóði ríkisins verði lánaðar 250 millj. kr. með 4% ársvöxtum til 25 ára og verði þetta fé einnig tekið af hinu bundna sparifé Seðlabankans. Húsnæðismálastjórnin á síðan að endurlána þetta fé með sömu kjörum og hún fær það hjá Seðlabankanum til þeirra umsækjenda, sem hafa byrjað á framkvæmdum við íbúðarhúsabyggingar eftir 31. des. 1958 og fram til 1. okt. þessa árs, ef þeir að öðru leyti fullnægja skilyrðum laganna um húsnæðismálastjórn o. fl. Það er ætlunin, að þeir, sem byrjað hafa á íbúðarhúsnæði sínu fyrir 31. des. 1958, skuli fá það hámark lána, sem til þessa hefur verið ákveðið, þ. e. a. s. 100 þús. kr., en hámark lána út á íbúðir, sem byrjað er á eftir 31. des. 1958, skuli vera 200 þús. kr., og að hámark lána, sem byrjað er á nú eftir 1. okt. 1962, verði síðan 250 þús. kr. Þetta er með tilliti til þess, að þeir, sem síðar byrja á sínum byggingum, lenda í þeirri dýrtíð, sem nú er á fallin, að öllu leyti, en hinir að minna leyti, eftir því sem þeir byrjuðu fyrr að byggja sitt íbúðarhús. Hygg ég, að með tilliti til vaxtar dýrtíðarinnar muni menn nokkuð standa jafnt að vígi, ef lánaupphæðirnar til manna miðað við þetta væru mismunandi, eins og ég hef nú sagt.

Þá er enn fremur lagt til í þessu frv., að frá gildistöku laganna skuli vextir af lánum byggingarsjóðs ríkisins lækka í 4%, þannig að öll lán, sem veitt yrðu út á íbúðir eftir 1. okt. á þessu ári, yrðu með 4% vöxtum.

Að lokum er svo það efnisatriði í 6. gr. þessa frv., að Seðlabankinn eigi að lána byggingarsjóði ríkisins á árinu 1963 helming þeirrar fjárupphæðar, sem hann kunni að binda þá af sparifé landsmanna, þó aldrei minna en 100 millj. kr.

Þetta er efni frv., og held ég, að um það verði ekki deilt, að full þörf væri á því að veita byggingarsjóði verkamanna og byggingarsjóði ríkisins þá aðstoð, sem þarna er fram á farið, og bundna sparifé ætti að leysa þennan vanda. Það er næsta eðlilegt, að úr þessari brýnu þörf, sem nú hefur skapazt í húsnæðismálunum, verði einmitt leyst með því að leysa úr læðingi hið bundna sparifé og verja því þannig til þess að bæta úr því, sem vanrækt hefur verið í húsnæðismálunum. Það mál verður því verra vandamál, sem lengur er dregið að leysa þennan vanda.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta mál. Hv. meiri hl. hefur ekki viljað fallast á að fara þessa leið til þess að bæta úr fjárhagsvandræðum húsbyggjenda, en ekki heldur benda á neina aðra leið, leggur aðeins til, að þetta frv. verði felllt. Ég tel alveg sjálfsagt, úr því að fé er fyrir hendi, að til þess sé gripið, einmitt af frysta fénu í Seðlabankanum og því breytt í lífrænt afl í húsnæðismálum þjóðarinnar með því að veita þessum tveimur meginsjóðum, sem hjálpa eiga húsbyggjendum, byggingarsjóði verkamanna og byggingarsjóði ríkisins, þær fjárhæðir, sem hér er farið fram á. Ef frv. yrði samþykkt, mundi það hrökkva langt til að leysa vanda þeirra manna, sem nú eru í miklar ógöngur komnir vegna sinna húsnæðismála og hafa verið á undanförnum árum að stríða við að koma þaki yfir sig og sína. Ég tel, að þeir eigi fyllilega siðferðislega kröfu á hendur þjóðfélaginu um slíka aðstoð sem hér er farið fram á.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 23. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., 3. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. felld með 18:17 atkv.

Frv. þar með fallið.

2. Efnahagsmál (frv. EystJ o. fl.).

Á 2. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál [9. mál] (þmfrv., A. 9).

Á 4. fundi í Nd., 18 okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Við höfum leyft okkur hér nokkrir saman að flytja frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 frá 20. febr. 1960, um efnahagsmál. Ætla ég að gera með nokkrum orðum grein fyrir þessu frv. fyrir hönd okkar flm.

Eins og tekið er fram í grg. frv., má segja, að aðalefni þessa frv. greinist í tvo meginþætti: Annars vegar að hætta að draga inn í Seðlabankann til frystingar þar hluta af sparifjáraukningunni, en þetta hefur verið gert nú um alllanga hríð, eins og kunnugt er. Annar þáttur frv. er sem sé um að hætta þessu. En hinn þáttur frv. er um að breyta vöxtunum í landinu í það horf, sem þeir voru, áður en núv. hæstv. ríkisstj. gerði ráðstafanir til vaxtahækkunarinnar miklu árið 1960. Og er gert ráð fyrir, að þetta eigi bæði við bankavexti almennt og enn fremur vexti af stofnlánum til uppbyggingar í atvinnulífinu og íbúðalánum.

Ég skal nú fara nokkrum orðum um hvorn meginþátt þessa máls, og verð ég þá að víkja í leiðinni nokkuð að þeirri þróun, sem orðið hefur í efnahagsmálum frá því, að stefnunni í lánamálunum var breytt á árinu 1960, eða þróuninni síðan núv. ríkisstj. tók upp þá stefnu, sem hún fylgir enn í dag í efnahagsmálum.

Till. okkar um að hætta að draga hluta af sparifjáraukningunni inn í Seðlabankann og halda þessu sparifé úr umferð og koma þar með í veg fyrir, að það komi mönnum að gagni með því, að það sé lánað út aftur, — þessi till. okkar byggist á þeirri skoðun, að það sé ekki undirrót verðbólgu að lána út sparifjáraukninguna eða það, sem raunverulega er sparað saman og lagt inn í bankakerfið, það sé ekki undirrót verðbólgu að lána þetta fé út í uppbyggingu landsmanna og atvinnurekstur þeirra og í almenn lán, eftir því sem um er að ræða. Það var líka ætlið þannig, að sparifé landsmanna var haft í umferð, á meðan uppbyggingarstefnan var hér í heiðri höfð. Þá var ætlið reynt að leita jafnvægis í þjóðarbúskapnum með því að hafa það fjármagn, sem myndaðist með þjóðinni, í umferð og stuðla þannig að sem mestri framleiðslu og sem mestum þjóðartekjum og skapa þannig möguleika fyrir jafnvægi í þjóðarbúskapnum.

En eins og kunnugt er, var tekin upp alveg ný stefna í þessum efnum 1960, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur kallað viðreisn, og einn þátturinn í þeirri stefnu var sá að leita jafnvægis í þjóðarbúskapnum með því að draga inn í bankakerfið og halda úr umferð verulegum hluta af sparifjáraukningunni. En viðreisnarráðstafanirnar, eins og þær voru framkvæmdar, voru, eins og kunnugt er, fólgnar í því að lækka gengi íslenzkrar krónu mjög verulega, leggja um leið á stórkostlegar nýjar óbeinar álögur, aðflutningsgjöld og söluskatta, magna með þessu móti dýrtíðina, þ. e. a. s. gera þessar ráðstafanir til þess að hækka verðlag á erlendum vörum í landinu sjálfu, bæði neyzluvörum og þeim, sem notaðar væru til nýrra framkvæmda. Jafnhliða þessu ætlaðist svo ríkisstj. til þess og hafði alla tilburði í þá átt, að kaupgjald í landinu og þær tekjur, sem bændum voru ætlaðar, skyldi standa í stað. Þannig átti að verða og hlaut að verða framkvæmd mikil kjaraskerðing hjá almenningi, sem hæstv. ríkisstj. gerði víst ráð fyrir að menn mundu þola möglunarlítið eða möglunarlaust, og einnig hugsaði ríkisstj. sér, að með þessu mundi verða það mikill samdráttur í innflutningi og á annan hátt í efnahagskerfinu, að það mundi skapast jafnvægi, sem kallað var, í efnahagsmálum, þ. e. a. s. að með þessu átti að tryggja verðgildi íslenzkra peninga og stöðugt verðlag og svo náttúrlega góða afkomu út á við.

En meginmarkmiðið var, að með þessum aðferðum átti að tryggja jafnvægi í efnahagsmálunum, þ. á m. verðgildi peninganna til frambúðar og stöðugt verðlag. Til þess að auka líkurnar fyrir því, að þetta gæti tekizt, var einn liðurinn í þessum ráðstöfunum hafður sá að koma í veg fyrir, að sparifjáraukningin öll yrði lánuð út aftur. Átti með því að hjálpa til að skapa jafnvægið.

Þegar þessar ráðstafanir voru gerðar, sýndum við fram á það, sem vorum mótfallnir þessari stefnu, að verðhækkunaráhrif þesara ráðstafana hlytu að verða á annað þús. millj. þegar í fyrstu umferð, og var sýnt fram á þetta með dæmum, sem óhrekjandi voru, enda aldrei verið reynt að bera á móti því.

Við sögðum það líka, að afleiðingarnar af þessu tiltæki hlytu að verða stórkostlega aukin dýrtíð í landinu, og mundi hver dýrtíðarbylgjan rísa af annarri, þegar svona væri í pottinn búið. Við bentum á, að þá voru allar þjóðartekjurnar metnar á 5500—6000 millj. kr. og það lægi því algerlega í augum uppi, að svona gífurlegar ráðstafanir til dýrtíðaraukningar í landinu hlytu að hafa í för með sér stórkostlega truflun á öllu efnahagskerfinu og leiða til óbotnandi dýrtíðar og raunar upplausnar, þegar frá liði.

Því miður hefur þetta farið á þá lund, sem við óttuðumst, og er nú ekkert um að deila, að af þessum ráðstöfunum hefur leitt óbotnandi dýrtíð í landinu, sem enginn sér enn þá fyrir endann á, því að fjarri fer því, að síðasta dýrtíðarbylgjan, sem risið hefur í landinu sem afleiðing af þessari stefnu hæstv. ríkisstj., hafi enn brotnað á þjóðinni með fullum þunga. Þar eiga margháttaðar afleiðingar enn eftir að koma fram, eins og öllum er fullkomlega ljóst.

Vísitalan, sem sett var, — það var sett ný vísitala, — sá hluti hennar, sem mælir kostnað við vörukaup og þjónustukaup vísitölufjölskyldunnar, hafði hækkað um 32 stig nú síðast, þegar hún kom út. Það jafngildir 64 stigum með því lagi, sem á þessu var haft, áður en nýja vísitalan var tekin upp, eða samkvæmt gömlu vísitölunni. Því fer þó alls fjarri, að þessi tala gefi nokkra hugmynd um dýrtíðarflóðið, vegna þess að þá er eftir að taka inn í það húsaleiguliðinn. En verð á íbúðum og kostnaður við að búa í húsnæði yfirleitt hefur hækkað gífurlega og alveg vafalaust

miklu meira að tiltölu en þessar tölur sýna. Því fer fjarri, eins og ég sagði áðan, að öll kurl séu komin til grafar, því að fram undan eru vitaskuld stórfelldar hækkanir. Þessi mál geta sem sé engan veginn staðið, eins og þau eru í dag.

Allt launakerfi í landinu hefur gersamlega brostið undan þunga þeirrar dýrtíðarbylgju, sem stefna hæstv. ríkisstj. hefur reist, og hæstv. ríkisstj. ræður ekki við neitt, eins og nú er komið málum.

Það er því alveg óhætt að fullyrða, að því fer alls fjarri, að með þessum nýju aðferðum í efnahagsmálunum, sem hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir og byrjaði á 1960, hafi tekizt að skapa jafnvægi í efnahagsmálum eða með þessum aðferðum hafi verið tryggt verðgildi peninga og stöðugt verðlag. Og hygg ég, að engum — ekki einu sinni úr herbúðum ríkisstj. — detti í hug að halda því fram, að það hafi tekizt.

Á hinn bóginn hefur atvinna í landinu orðið miklu meiri en gert var ráð fyrir, þegar þessar áætlanir voru lagðar. Á því leikur enginn vafi, og kemur þar til greina sú stórkostlega framleiðsluaukning, sem orðið hefur vegna þeirrar nýbyggingar, sem búið var að koma í framkvæmd, áður en stefna ríkisstj. kom til greina. Nægir í því sambandi að benda á þá stórkostlegu aukningu fiskiskipaflotans, sem búið var að leggja grundvöll að, áður en stefnubreytingin átti sér stað, enn fremur mikla uppbyggingu í síldariðnaði og fiskiðnaði í sjávarþorpunum og kaupstöðunum víðs vegar um landið og mjög mikla uppbyggingu í íslenzkum landbúnaði, sem búið var að koma áleiðis og hefur gefið stórkostlega framleiðsluaukningu á þessum árum. Enn fremur kemur hér til greina ný tækni í síldveiðum og síðast, en ekki sízt, útfærsla landhelginnar, sem hefur gerbreytt öllum kringumstæðum á Íslandi til bóta frá því, sem áður var. En þá útfærslu var búið að framkvæma, áður en ríkisstj. kom til greina með hina nýju efnahagsmálastefnu sína.

Af þessum ástæðum hefur atvinna orðið miklu meiri en gert var ráð fyrir, þegar þessi áætlun var lögð, og má vera, að hæstv. ríkisstj. vilji, ef svo mætti segja, frá sínu sjónarmiði kenna því um, hversu illa hefur gengið að efna til jafnvægis í efnahagsmálunum. En það eru þá a. m. k. ekki mikil meðmæli með því efnahagskerfi, sem hæstv. ríkisstj. hefur komið upp, ef það er fyrst og fremst aðaleinkenni þess, að það þolir ekki góðæri, þolir ekki framleiðsluaukningu og fer úr skorðum vegna þess. Það þarf áreiðanlega eitthvað að endurskoða í því efnahagskerfi, sem er þeirrar náttúru, að það þolir ekki góðæri, enda hefur hæstv. ríkisstj. tæplega lagt út í að afsaka það, hvernig farið hefur, með því að halda því fram, að góðærið hafi spillt fyrir árangri viðreisnarinnar. Það er fitlað við þetta af hálfu hæstv. ríkisstj. og í málgögnum hennar og haft að hálfgerðu feimnismáli.

En hvað sem því líður, þá hefur nú svo giftusamlega til tekizt, að stóraukin framleiðsla á öllum sviðum, sem á grundvöll sinn í því, sem búið var að gera, áður en viðreisnarstefnan var tekin upp, hefur forðað þjóðinni, sem betur fer, frá nokkru af þeim búsifjum, sem á hana átti að leggja með hinni nýju samdráttar- og kjaraskerðingarstefnu, sem hæstv. ríkisstjórn tók upp.

Hæstv. ríkisstj. hefur haft á orði, að aðstaða landsins út á við hafi batnað, og þakkað það aðgerðum sínum og þeirri stefnu, sem hún hafi tekið upp. En í því sambandi hefur nú verið gripið til þess að slíta einstök atriði algerlega úr sambandi. Gjaldeyrisstaða bankanna sjálfra hefur batnað verulega síðustu mánuðina, og er víst alveg óhætt að segja, að það er ekki vegna stefnu hæstv. ríkisstj., sem þannig hefur til tekizt, heldur raunar fremur þrátt fyrir hana, þar sem undirrótarinnar að þeim bata, sem orðið hefur á gjaldeyrisreikningum bankanna, er blátt áfram að leita í hinni stórauknu framleiðslu á öllum sviðum í landinu og þá fyrst og fremst við sjóinn vegna óvenjulegs síldarafla. Þangað er að leita fyrst og fremst ástæðnanna fyrir því, að staðan hefur batnað á gjaldeyrisreikningum bankanna.

En ég skal ekki nú fara að reyna að gera upp hag landsins út á við samanborið við það, sem áður var. En ég held, að sá samanburður, þegar hann verður gerður, verði ekki hagstæður fyrir núv. hæstv. ríkisstj. og hennar stefnu, þrátt fyrir óvenjulegt góðæri. Þetta mun áreiðanlega verða gert síðar, en nú er nægilegt að minna á, að ef borið er saman ástandið út á við nú í dag við það, sem var í árslok 1958, áður en núv. stjórnarmeirihluti tók við, þá er alveg óhætt að fullyrða það, að erlendar lántökur nema miklum mun meira en því, sem gjaldeyrisstaða á reikningum bankanna hefur batnað, og það þrátt fyrir þetta óvenjulega góðæri, sem orðið hefur og komið til bjargar í þessu tilliti. Ég skal svo ekki fara lengra út í það.

En ég ætla í framhaldi af þessu að sýna fram á, hversu gersamlega óstætt það er að halda áfram þeirri stefnu í lánamálum þjóðarinnar að loka inni hluta af sparifjáraukningunni og taka hann úr umferð, eins og gert hefur verið undanfarið.

Lítum nú t. d. á það, hvað íbúð kostar. Við skulum taka 300 teningsmetra íbúð. Það er talið, að hún kosti nú tæpar 500 þús. kr. og hafi hækkað, síðan hæstv. ríkisstj. tók upp hina nýju stefnu, um allt að 150 þús. kr. Menn geta nú fengið bráðum 150 þús. kr. lán til þess að koma upp slíkri íbúð, eða aðeins sem svarar því, sem íbúðin hefur hækkað, síðan hæstv. ríkisstj. tók við. Allt hitt verða menn að leggja fram úr eigin vasa. Hvað halda menn, að það séu margir, sem geta haldið áfram að eignast eigin íbúðir í landinu við þessi skilyrði?

Ef við svo tökum landbúnaðinn og athugum stofnkostnað við að koma upp búum í sveit núna og berum saman við það, sem áður var, þá má víst alveg óhikað fullyrða, að svo mikil fjarstæða sem það er, að menn geti almennt komið upp eigin íbúðum, miðað við þau lánakjör, sem nú eru í boði, þá sé það þó enn meiri fjarstæða, að menn geti stofnað til búskapar í sveit, nema þá þeir, sem hafi bókstaflega fullar hendur fjár, ef miðað er við stofnkostnaðinn annars vegar og þá lánamöguleika, sem núna eru, hins vegar.

Ef við lítum til sjávarsíðunnar, þá sjáum við, að það sama blasir við. Menn þurfa að hafa í höndunum 2—3 millj. kr. til þess að geta eignazt

góðan fiskibát. Menn þurfa að leggja á borðið 2—3 millj. umfram þau lán, sem veitt eru úr fiskveiðasjóði, og þar að auki mun fiskveiðasjóði jafnvel vera fjárvant til að leggja fram það, sem honum er ætlað að lána. En 2—3 millj. þurfa menn að hafa í höndunum til þess að eignast góðan fiskibát. Og þannig mætti halda lengi áfram að telja til að sýna, hvernig þetta er komið gersamlega í strand, hvernig þessi mál eru komin gersamlega í sjálfheldu. Nú er ekki nema um tvennt að ræða. Annað er, að menn verði bókstaflega að hætta að hugsa til þess almennt að koma upp eigin atvinnurekstri í landbúnaði eða sjávarútvegi, t. d. nema þeir, sem eru gamalgrónir fyrir og hafa fullar hendur fjár. Annaðhvort verða menn að hætta við þetta og einnig að hætta að hugsa til þess að eignast nýjar íbúðir, eða stórauka verður lán í þessum greinum öllum saman, auka stórkostlega þau stofnlán, sem standa til boða. Og þá verður að afla fjár til þess.

Og ég segi: Það er gersamlega óhugsandi að samrýma þá lánaþörf, sem nú er orðin, þeirri pólitík að halda áfram að loka hluta af sparifjáraukningunni og frysta hana inni í Seðlabankanum og halda úr umferð. Það er bókstaflega ekki hægt. Þess vegna verður að knýja fram þá stefnubreytingu, að sparifjáraukningin í landinu verði notuð í þágu uppbyggingarinnar. Annars hlýtur hún að stöðvast í höndum almennings í landinu. Eða hver er hugsun ríkisstj. í þessu? Hverjir eiga að taka við uppbygginguni? Eru það aðeins þeir innlendir menn, sem hafa svo fullar hendur fjár, að þeir geti komið fyrirtækjum á fót og framkvæmdum við þessi skilyrði? Eru það þeir einir, sem eiga að annast uppbygginguna framvegis? Eða eru það útlendingar? Eða hvað hugsar ríkisstj. sér eða þeir, sem standa fyrir þessari stefnu, eða hvernig hugsa þeir sér, að þetta geti staðizt? Eða er það kannske meiningin, að það eigi að halda áfram að loka inni sparifjáraukninguna í Seðlabankanum og halda henni frá umferð innanlands, en taka svo þeim mun meiri erlend lán í staðinn til íbúðabygginga og til þess að koma upp framleiðslutækjum í landinu? Er það kannske meiningin? Er það hugsunin?

Það *væri hægt að nefna ýmis dæmi*, þótt ég skuli ekki fara út í það núna, til þess að sýna, hversu fáránlegir hlutir gerast, þegar haldið er á peningamálunum á þá lund, sem nú er gert, eins og t. d. að á sama tíma, sem sparifjáraukningin er lokuð inni í seðlabankakerfinu og þetta innilokaða fé er nú komið nokkuð á 5. hundrað millj. og nálgast vafalaust mjög 500 millj., — að á sama tíma er lagður sérstakur skattur á launatekjur bænda, persónulegur skattur á bændurna, til þess að draga saman nokkrar millj. á ári í lánasjóði landbúnaðarins. Og það er sagt, að þetta sé gert vegna fjárskorts, vegna þess að það séu engin tiltækileg önnur úrræði til að afla fjár í lánasjóði landbúnaðarins.

Á sama tíma og þetta er gert, er verið að klípa af sparifjáraukningunni og koma því fyrir í frystihólfum Landsbankans, til þess að halda því fjármagni úr umferð, sem vitaskuld væri hægt að nota til að lána í skynsamlega uppbyggingu, ef menn vildu aðhyllast þá skoðun, sem áður hafði verið viðurkennd. Og hún væri sú, að það væri ekki verðbólguaukandi að lána út sparifjáraukninguna, enda veit ég sannast að segja ekki, hvernig hefði farið fyrir íslenzku þjóðinni á síðustu áratugum, ef þessi innilokunar- eða frystingarpólitík á því fjármagni, sem myndazt hefur í landinu sjálfu, hefði verið rekin. Ég held, að það hefði farið eitthvað einkennilega. Þetta er líka algerlega komið í strand eins og aðrir þættir þessarar stefnu og aðrir liðir í viðreisn hæstv. ríkisstj. Það hlýtur að verða undan að láta í þessu. Það er ekki hægt að halda þessu áfram. Þegar litið er á fjármagnsþörfina, eins og hún er orðin, miðað við þennan nýja stofnkostnað, sem ég tók dæmi um áðan, þá getur þetta ekki staðizt. Annaðhvort verður að láta af þessari pólitík og fara að nota sparifjáraukninguna í landinu til þess að ýta undir uppbygginguna í landinu sjálfu eða þá að taka í vaxandi mæli erlend lán í því sambandi, og er það kannske ætlunin, eins og ég sagði, að taka bara erlend lán, en halda svo á sama tíma áfram að taka úr umferð verulegan hluta af því fjármagni, sem myndast í landinu sjálfu. Að sumu leyti hefur þetta verið gert nú undanfarið, vegna þess að nokkuð hefur þó verið tekið af erlendum lánum á sama tíma, sem þetta fjármagn hefur verið dregið inn.

Ég minntist á það áðan, hvernig dýrtíðin hefði vaxið og launakerfið væri algerlega brostið í landinu, og er ekkert um það að villast. Það er engum blöðum um það að fletta og ég vil ekki vera að eyða tíma manna til þess að rekja hér dæmi um svo augljósan hlut. Það þarf ekkert annað en renna huganum að því, hvað fram undan er í launamálum opinberra starfsmanna og hvað gerzt hefur undanfarið í launamálum annarra stétta. Og það er alveg augljóst mál, ef litið er á þau atriði, að fram undan eru enn, eins og ég sagði, verulegar hækkanir, miklar hækkanir í öllum greinum. Það er allt á uppleið, og ég býst við því, að það séu kannske skiptar skoðanir um, hvernig eigi að mæta þeim dýrtíðarskriðum, sem enn eiga áreiðanlega eftir að falla, í framhaldi af því, sem búið er að gera.

Það er alveg gefið mál, að það hlýtur að hækka allt á næstunni, enda vita það allir, að þannig hlýtur að fara. Hæstv. ríkisstj. veit það ákaflega vel einnig. En ágreiningur er um, hvaða leið skuli fara. Það getur vel verið, að hæstv. ríkisstj., ef hún getur komið því við eftir næstu alþingiskosningar, mæti þessum nýju hækkunum, sem sýnilega eru fram undan, hækkunarbylgjunum, sem enn eiga eftir að brotna, með nýjum viðreisnarráðstöfunum, sem hæstv. ríkisstj. kallar, þ. e. a. s. nýjum samdráttarráðstöfunum. Það getur vel verið, að í þeim herbúðum verði þá enn uppi sú skoðun, að það skuli mæta þessari þróun, sem sýnilega er fram undan, með nýjum samdráttarráðstöfunum, með samdráttarráðstöfunum í lánapólitíkinni, jafnvel enn hækkuðum vöxtum frá því, sem nú er, og öðrum slíkum ráðstöfunum til þess að skapa jafnvægi eftir þeirri leið. En ég segi, að ef þær aðferðir yrðu við hafðar, þá sækir áreiðanlega aftur í sama horfið og sams konar óefni og nú er í komið. Það er

alveg víst, að það sækir aftur í það sama óefni, sem nú er orðið.

Ég held því, að það eigi að reyna að rífa sig út úr þeim vanda, sem fyrir liggur og fram undan er, fyrst og fremst með því að tjalda öllu því, sem til er í landinu af fjármagni, til að auka framleiðsluna í öllum greinum, reyna þannig að komast út úr þeim erfiðleikum, sem búið er að skapa, reyna þannig að mæta þeim hækkunum, sem fyrirsjáanlega eru fram undan, með aukinni framleiðslu og aukinni vélvæðingu í öllum greinum, til þess að betur verði hægt að standa undir þeim hækkunum á kaupi og verðlagi, sem sýnilega eru óhjákvæmilegar og hljóta að verða. Eins og þetta er allt í pottinn búið, eigi að tjalda öllu því, sem til er, til að auka framleiðsluna í öllum greinum og auka vélvæðinguna og þá ekki síst að auka framleiðnina, sem kölluð er, þ. e. a. s. að reyna að búa sem bezt í haginn, þannig að afköstin verði sem mest og afraksturinn af framleiðslunni, þannig að hægt verði að mæta á þá lund þeim miklu hækkunum, sem fram undan eru.

Ég álít, að til þess að nokkur von sé um, að hægt sé að ná verulegum árangri í þessum greinum, verði að breyta um stefnu í lánamálunum á þá lund, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, sem sé að nota hiklaust sparifé til lána. Það er ekki verið að stinga upp á verðbólguútlánum, því fer alls fjarri. Ég legg áherzlu á, að það er ekki verið að stinga upp á neinum verðbólguútlánum, en að hætta þeirri pólitík að draga úr umferð hluta af sparifjáraukningunni, en nota það fjármagn, sem raunverulega myndast í landinu, til að lána það út og reyna með öllu hugsanlegu móti að stuðla að aukinni framleiðslu og aukinni vélvæðingu, aukinni tækni og aukinni framleiðni, og reyna á þann hátt að ná jafnvægi í þjóðarbúskapnum í stað þeirrar upplausnar og þess jafnvægisleysis, sem nú ríkir.

Það vottar að vísu stundum örlítið fyrir því, að hæstv. ríkisstj. hugsi sér eitthvert undanhald í þessari fjármagnsfrystingarpólitík og hafi jafnvel stundum í hyggju að setja eitthvað af því fé, sem inn er kallað, í umferð. En enn sem komið er, hefur þetta verið ákaflega lítið og óákveðið og full ástæða til þess að gruna, að ef eitthvað verði gert í þessa átt, þá sé það meira af ótta við þær alþingiskosningar, sem fram undan eru, og til þess að reyna að mæta eitthvað dálítið um stundarsakir þeirri miklu gagnrýni, sem mjög almennt ríkir á þessari lánapólitík núv. ríkisstj., heldur en þar sé raunverulega um nokkra stefnubreytingu að ræða af hendi stjórnarinnar eða stjórnarflokkanna.

Þess vegna höfum við miðað okkar tillögur við að nema brott úr seðlabankalögunum ákvæðið um, að draga mætti fé inn úr sparisjóðunum, innlánsdeildunum og viðskiptabönkunum. Sú tillaga er miðuð við þessar kringumstæður, að þessi mál eru í höndum þessarar hæstv. ríkisstj. og þingmeirihl., sem hefur misnotað þetta ákvæði að okkar dómi eða notað það á mjög skaðlegan hátt.

En í raun og veru þyrfti að gera í staðinn ráðstafanir til að tryggja, að hæfilegur hluti af sparifjáraukningunni rynni sem lánsfé til stuðnings þýðingarmestu fjárfestingarframkvæmdum í landinu. Það eru ekki till. um það í þessu frv. að setja slík ákvæði beint í staðinn fyrir bindingarákvæðin, sem við viljum afnema og hæstv. ríkisstj. hefur notað á þessa lund, enda þyrftu tillögur um slíkt rækilegan undirbúning, og enn fremur þarf þá að gera sér grein fyrir því, að hve miklu leyti þarna þyrfti að vera um beina löggjöf að ræða og að hve miklu leyti gæti verið um samning að ræða á milli ríkisvaldsins og bankanna. En við leggjum til, að bindingarákvæðin verði numin úr seðlabankalögunum með þessum rökstuðningi, sem ég nú hef haft, og viljum með því móta þá stefnu okkar, að það skuli tafarlaust hætta sparifjárfrystingunni í Seðlabankanum.

Þá er það hinn aðalþáttur frv., að breyta vöxtunum í það horf, sem þeir voru 1960. Núv. hæstv. ríkisstj. segir, að það hafi þurft að hækka vextina stórkostlega af tveimur ástæðum: Til þess að draga úr eftirspurn eftir lánsfé. Það var haft mjög á oddi, þegar vextirnir voru hækkaðir, að vaxtahækkunin ætti að verða tæki til þess að draga úr eftirspurn eftir lánsfé, m. ö. o. gera óaðgengilegra að taka lán. Og það átti að vera vafalaust einn liður í því að draga úr fjárfestingarframkvæmdum í landinu. En reynslan sýnir, að eftirspurn eftir lánsfé hefur ekki minnkað, og eftirspurn eftir lánsfé hefur kannske aldrei verið meiri en nú. Þetta stafar fyrst og fremst af því, hversu aðþrengdir menn og fyrirtæki eru af þeim ráðstöfunum, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert, einnig að öðru leyti. Fyrirtæki og einstaklingar hafa verið og eru það aðþrengdir, að menn hafa orðið að leita og leita á með sífellt meiri krafti eftir auknu lánsfé, þannig að því fer alls fjarri, að eftirspurnin eftir lánsfé hafi minnkað. T. d. stappar mjög nærri, að margir missi eignir sínar og komist í óviðráðanleg vanskil vegna þeirrar gífurlegu verðhækkunar, sem orðið hefur. Þessi fyrirtæki hafa orðið að leita eftir auknu lánsfé til að reyna að bjarga staðfestu sinni, og hefur þó ekki einu sinni öllum tekizt það og orðið ýmsir að hrekjast frá eignum sínum, vegna þess að þeir hafa ekki getað fengið lánsfé til þess að bjarga eignum sínum, þótt þeir hafi haft góðar tryggingar í boði, og þetta vegna þeirrar lánastefnu, sem hæstv. ríkisstj. hefur rekið. Það er því alveg víst, að þó að hærri vextir hafi gert óaðgengilegra en áður fyrir menn að taka lán, þá hafa aðrar ráðstafanir hæstv. ríkisstj. þjarmað svo að mönnum, að menn hafa samt sem áður, þrátt fyrir óaðgengileg lánskjör, gengið jafnvel fastar að en nokkru sinni fyrr að fá lán. Það má í þessu sambandi einnig minnast á, hvernig ástatt er fyrir þeim, sem eru að byggja, og í því sambandi vísa til þeirra talna um stofnkostnað og lánsmöguleika, sem ég gat um áðan.

Þá var hin ástæðan, að það væri nauðsynlegt að hækka vextina til hagsbóta fyrir sparifjáreigendur í landinu. Var því þá einnig haldið á lofti, að þessi nýja lánastefna og vaxtastefna væri liður í því að skapa hér stöðugt verðlag og jafnvægi í peningagengi og verðlagi og ætti að tryggja verðgildi sparifjár, eins og ég gat um áðan. Sparifé í landinu hefur aukizt á undanförnum missirum. Að vísu hefur það aldrei verið gert upp, hvað sparifé hefur raunverulega auk-

izt mikið, því að það er ekkert að marka, þó að sparifé hafi aukizt mjög í krónutölu, vegna þess, hversu dýrtíðin hefur vaxið gífurlega og þar með krónufjöldi í öllum viðskiptum, einnig sparifjárviðskiptum. En sparifé hefur aukizt. Má víst alveg fullyrða, að það er fyrst og fremst vegna þeirrar framleiðsluaukningar, sem orðið hefur í landinu, sem sparifé hefur aukizt, og einnig fyrir það, að fólk hefur að nokkru leyti brotizt út úr kjaraskerðingarhring hæstv. ríkisstj. Það er víst alveg óhætt að fullyrða, að sparifjáraukningin á mest og fyrst og fremst rætur sínar að rekja til framleiðsluaukningarinnar, sem orðið hefur og grundvallast á þeirri uppbyggingu, sem búið var að gera, áður en núv. hæstv. ríkisstj. komst að með sína stefnu í efnahagsmálum. Og það er víst alveg óhætt að fullyrða, að þau áhrif, sem stefna núv. hæstv. ríkisstj. hefur haft á verðlag í landinu, hafa ekki laðað fólk til þess að auka sparifjárinnlög. Það hefur ekki laðað fólk til þess, að dýrtíðin hefur vaxið gífurlega og verðgildi sparifjár minnkað óðfluga með hverjum degi, síðan hæstv. ríkisstj. tók upp sína stefnu. Því fer svo alls fjarri, að stefna hæstv. ríkisstj. hafi orðið hagfelld fyrir sparifjáreigendur, að verðrýrnun sparifjár hefur sennilega sjaldan, ef nokkurn tíma, orðið meiri á jafnstuttum tíma en hún hefur orðið síðan farið var að framkvæma þessa nýju stefnu. Það gefur líka auga leið, þar sem gengi hefur verið fellt tvisvar sinnum á tveimur árum og það mjög verulega í bæði skiptin og álögur á neyzluvarning hafa hækkað gífurlega og dýrtíðin vaxið af þessum ástæðum, eins og ég gat um áðan, um 32 stig, þ. e. a. s. vöru- og þjónustuþáttur vísitölunnar hefur vaxið um 32 stig — og þó miklu meira, ef við hefðum fyrir framan okkur vísitöluna, eins og hún raunverulega er í dag.

Hæstv. ríkisstj. hélt því mjög fram, að vaxtahækkunin væri ákaflega hagfelld fyrir sparifjáreigendur í landinu og til einhliða ávinnings fyrir þá, en það hefur verið bent á, að þessi gífurlega vaxtahækkun, sem hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir, hefur átt mjög stóran þátt í vexti dýrtíðarinnar og þannig verið tekið aftur af sparifjáreigendum með annarri hendinni það, sem þeim var rétt með hinni í hækkun vaxtanna. Það er ekki gott að rekja það til nokkurrar hlítar, hversu mikill þáttur vaxtahækkunarinnar er í vexti dýrtíðarinnar, en hann er áreiðanlega mjög verulegur.

Ég man eftir því, að í fyrravetur var tækifæri til að athuga sérstaklega áhrif vaxtahækkunarinnar á rekstur fiskiðnaðarins í sambandi við þær deilur, sem þá urðu um kauphækkun í landinu, og þá kom það í ljós í áætlun, sem ég hafði í höndum frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, að þar var gert ráð fyrir því, að vaxtakostnaður frystihúsanna mundi vera frá 40—45% af launakostnaði húsanna. Það er því ekki neinn smáræðisliður, sem þarna er um að ræða í rekstri útflutningsframleiðslunnar. Og það gefur auga leið, að eftir því sem vextirnir voru hækkaðir meira, eftir því þurfti að fá hærra verð fyrir útflutninginn, jafnhliða því sem verðið hækkaði innanlands, og eftir því urðu gengislækkanirnar, sem hæstv. ríkisstj. taldi nauðsynlegt að gera, að vera ríflegri að hennar dómi. Og er þess m. a. skemmst að minnast, að sumarið 1961 greip ríkisstj. til að lækka gengið í annað sinn og hafði það að málamyndaástæðu, að kaupið hefði verið hækkað nokkuð um sumarið. En þá hefði t. d. verið í lófa lagið að bæta útflutningsiðnaðinum, frystihúsunum, upp mjög verulegan hluta af kauphækkuninni með því að færa vextina í sama horf og þeir voru áður.

Þessi dæmi eru alveg nægileg til að sýna, að vaxtahækkunin er ekki einhliða ávinningur fyrir sparifjáreigendurna og allra sízt ef hún er liður í pólitík eins og þeirri, sem hæstv. ríkisstj. hefur rekið, því að ef litið er á ráðstafanir ríkisstj. í heild, þá hafa þær verið alveg sérstaklega óhagfelldar fyrir sparifjáreigendur í landinu og rýrt verðgildi sparifjár.

Ég held, að þeir vextir, sem voru hér almennt á innlánum og útlánum, hafi verið mjög hóflegir og skynsamlegir miðað við allar aðstæður, og þess vegna stingum við nú upp á því í þessu frv. eða það er stefna þessa frv., að vextirnir gætu orðið aftur það, sem þeir voru. Ég mundi vilja álíta, að það gæti orðið liður í því að efna hér til meira jafnvægis í efnahagsmálum en orðið hefur nú um skeið, og þá gæti það orðið hagfellt sparifjáreigendum.

Það eru ekki aðeins vextirnir, sem þarna skipta máli fyrir sparifjáreigendurna, heldur kannske fyrst og fremst, hvort hægt er að koma á í landinu jafnvægi í efnahagsmálum, þ. e. a. s. komast hjá gengislækkunum og stórfelldri verðhækkun, en þetta hvort tveggja rýrir auðvitað sparifé stórkostlega. Ég held, að það sé alveg ljóst varðandi þessar ráðstafanir, sem ég hef verið að rekja, að það er svo fjarri því, að þær hafi náð að stuðla hér að jafnvægi í efnahagsmálum, að í þeim efnum ríkir nú hin sorglegasta upplausn.

Og það leysir ekki vandann, þó að hægt sé að benda á, að nokkur gjaldeyrir sé til staðar á reikningum bankanna. Það er ekki nema einn þáttur í þessum málum, og það mætti fyrr vera, ef það sæist ekkert á gjaldeyrisreikningum bankanna, þegar önnur eins höpp koma fyrir og síldveiðin nú þetta ár. Ég hugsa, að það fari að nálgast 4 millj. mála og tunna, sem veitt hefur verið af síld á þessu ári, og eru engin dæmi til annars eins og ekki neitt í námunda við það.

Þá er það einn liður í þessu vaxtamáli, að við leggjum til, að vextir af stofnlánum til sjávarútvegsins, þ. e. fiskveiðasjóðs, til landbúnaðarins, þ. e. stofnlánadeildar landbúnaðarins, og í íbúðalánakerfinu og einnig í raforkusjóði, að þessir vextir og lánstími í þessum stofnunum verði færðir til þess, sem áður var. En eins og kunnugt er, hækkaði hæstv. ríkisstj. vextina í öllum þessum stofnunum nokkuð, sums staðar verulega, og stytti lánstímann einnig. En síðan var aftur leiðréttur lánstíminn á ræktunarsjóðslánunum til landbúnaðarins. En vextirnir hafa verið hækkaðir stórlega og lánstíminn styttur í öllum þessum stofnunum. Við teljum þá stefnu skynsamlega, sem framkvæmd hafði verið hér áður áratugum saman, að þjóðfélagið legði nokkuð fram til þess að hafa sem lægsta vexti á

stofnlánum til uppbyggingar í landbúnaði og sjávarútvegi og einnig þegar menn voru að reyna að byggja eigin íbúðir.

Framsóknarmenn hafa ætíð verið miklir talsmenn þeirrar stefnu að hafa vextina sem lægsta á stofnlánum til þessara framkvæmda, og það hefur verið byggt á þeirri hugsun, að það væri þjóðfélaginu hollast og bezt, að sem allra flestir gætu komið undir sig fótum fjárhagslega og verið fjárhagslega sjálfstæðir. En það gefur auga leið, að eftir því sem menn eiga kost á hagfelldari lánum í því sambandi, eftir því eru meiri líkur til, að menn treysti sér að leggja í að eignast eigin íbúð eða eignast t. d. fiskiskip eða koma undir sig fótunum í búskap. En eftir því sem vextirnir eru hærri og lánin styttri, eftir því eru minni líkur til þess, að almenningur treystist til þess að fást við þessi verkefni.

Það hefur verið brennandi áhugamál framsóknarmanna að byggja þjóðfélagið þannig upp, að sem allra flestir einstaklingar treystust til þess að fást við framleiðslu bæði til sjávar og sveita og gætu eignazt eigin heimili. Og á þessari meginstefnu hefur sú lána- og vaxtapólitík verið byggð, sem Framsfl. beitti sér svo mjög fyrir fram að 1960, að núverandi stjórn breytti til. Og við viljum vinna að því, að það verði aftur gengið inn á þessa braut, vegna þess að við höfum ótrú á því, að almenningi verði gert illkleift eða jafnvel ókleift að ráðast í þessar framkvæmdir og treyst svo að segja eingöngu á þá efnameiri í þjóðfélaginu til að fást við þessi verkefni. Við viljum ekki eiga hlut í því, að hér verði komið á þjóðfélagi, þar sem þeir efnamestu eigi allt eða svo að segja allt og aðrir verði allt til þeirra að sækja, heldur viljum við reyna að haga löggjöfinni þannig, að sem flestir geti verið efnalega sjálfstæðir. Og á þessari meginhugsun hefur sú stefna verið byggð að brjótast í því að reyna að hafa vexti á stofnlánum sem lægsta og lánakjörin sem hagfelldust.

Sú almenna vaxtalækkun, sem við leggjum til, mundi hjálpa þessum sjóðum eða þessum lánastofnunum, sem hér eiga hlut að máli, til þess að þola lægri vexti á stofnlánunum. En svo viljum við einnig að almannafé sé notað að nokkru til að jafna þá metin, að því leyti sem vextirnir eru hafðir lægri en hinir almennu vextir í landinu, eða þeir vextir, sem kunna að fást á erlendum lánum. Þessi pólitík hefur verið rekin mjög lengi, þangað til blaðinu var að verulegu leyti snúið við með efnahagsmálaráðstöfununum 1960.

Þá er einn þáttur í sambandi við þetta mál, sem ég vil aðeins drepa á, þótt ekki séu ákvæði um þann þátt í frv., en það eru lán Seðlabankans út á afurðir, annars vegar sjávarafurðir og hins vegar landbúnaðarafurðir. Það er mjög gömul venja á Íslandi, að aðalbankinn eða Seðlabankinn endurkaupi afurðavíxla fyrir sjávarútveginn, og var orðin föst venja, að Seðlabankinn endurkeypti þessa afurðavíxla sem svaraði 67% af útflutningsverði sjávarafurða. Á þessum víxlum voru hafðir lágir vextir, 5—5½%, og var þetta mikill stuðningur fyrir útflutningsatvinnuveginn, og þurfti hann ákaflega mikið á þessum stuðningi að halda, vegna þess að keppt er við sjávarútveg í öðrum löndum, þar eru vextir yfirleitt miklu lægri en hér. Þetta urðu mikil hlunnindi fyrir sjávarútveginn í samkeppni á erlendum mörkuðum. Þessu hefur hæstv. ríkisstjórn breytt. Henni hefur víst fundizt, að það væri verðbólguaukandi að halda þessari lánavenju áfram. Er nú búið að minnka verulega endurkaup Seðlabankans á afurðavíxlum sjávarútvegsins, nema þau núna ekki nema 54—56% af andvirði sjávarafurðanna, enn fremur hækka stórkostlega vexti á þessum víxlum, úr 5 og 5½ upp í 7—7½%. Síðan fær sjávarútvegurinn að vísu viðbótarlán í viðskiptabönkunum, þannig að mér skilst, að það sé nokkuð föst regla, að sjávarútvegurinn fái um 70% af andvirði útflutningsvaranna að láni í bönkunum. En Seðlabankinn tekur ekki nema 55% eða þar í kring, en hitt verða menn að fá í viðskiptabönkunum með 9—9½% vöxtum, í staðinn fyrir að áður fengu menn 67% með 5—5½% vöxtum. Þessi pólitík hefur auðvitað leitt til þess, að framleiðslukostnaður sjávarútvegsins hefur hækkað verulega og þar með aukið dýrtíðina og lengt gengislækkunarstökkin, sem hæstv. ríkisstjórn hefur tekið, því að framleiðslukostnaður sjávarútvegsins, að því er manni skilst, á víst að vera tekinn til greina í sambandi við gengislækkunarstökkin, þannig að þetta hefur allt saman verkað í sömu átt og vaxtahækkunin að öðru leyti: að lengja gengislækkunarstökkin. Að mínu viti var engin ástæða til að draga nokkuð úr þeim hlunnindum, sem sjávarútvegurinn hafði að þessu leyti, og því fer alls fjarri, að það væri nokkuð verðbólguaukandi að halda áfram að endurkaupa víxla af sjávarútveginum eftir sömu reglu og áður var, halda þeirri reglu, sem áður var.

Á síðustu árum hefur einnig verið tekin upp sú venja að endurkaupa afurðavíxla af landbúnaðinum. Var orðin sama regla varðandi landbúnaðarafurðir, endurkeypt sem svaraði 67% af heildsöluverði landbúnaðarafurða með sömu kjörum og sjávarútvegurinn naut. En núverandi ríkisstjórn hefur lagt fyrir að breyta um stefnu í þessu og lækka afurðalánin til landbúnaðarins og hefur fyrirskipað þá sérstöku reglu, að það skuli ekki auka útlán út á afurðir landbúnaðarins í heild í krónutölu frá því, sem áður var. Þó að verðlag hafi hækkað, á krónutalan að standa óbreytt, og þó að framleiðslan aukist stórkostlega, skal krónutalan, sem lánað er út á, standa óbreytt samt. Það á að draga saman lánin til landbúnaðarins sem nemur verðhækkununum og framleiðsluaukningunni. Og nú er svo komið, vegna þess að vitanlega hefur verðið hækkað nokkuð og framleiðslan hefur aukizt allverulega, að þessi afurðalán til landbúnaðarins eru dregin stórkostlega saman. Mér skilst, að verði ekkert lát á þessari stefnu stjórnarinnar, þá muni þessi lán komast talsvert langt niður fyrir 50% af heildsöluverði landbúnaðarafurðanna. Þetta verkar svo aftur þannig, að þeir, sem fara með afurðir bændanna, sem eru yfirleitt félög þeirra, verða fyrir stórkostlegum erfiðleikum varðandi útborgun á andvirði afurðanna til bændanna. Eftir því verður erfiðara að skila bændum nægilega snemma andvirðinu fyrir sínar vörur, sem stjórnin skrúfar meira og meira að landbúnaðarafurðalánunum. En það hefur hún gert á þennan hátt, að

halda krónutölunni fastri í heild, enda þótt verð hafi hækkað og framleiðsla aukizt. Nú hefur hæstv. landbrh. á stéttarsamkomu bændanna tekið mjög vel í að kippa þessu algerlega í lag, og eru menn nú að vonast eftir árangri af því hvern daginn. Mundi þá mörgum finnast það sanngjarnt, að þessu yrði komið í sama horf varðandi landbúnaðinn og sjávarútveginn, þ. e. a. s. að landbúnaðurinn yrði ekki fyrir meiri búslfjum frá því, sem áður var, en sjávarútvegurinn. En það, sem bændur hafa farið fram á í þessu sambandi, er þá það, að lánað væri sem næst 70% út á landbúnaðarafurðir, eins og lánað er út á sjávarafurðir. Með því eru þeir þó ekki búnir að fá sambærilega fyrirgreiðslu í þessum málum við það, sem áður var, að öllu leyti, vegna þess að hluti af þessu yrði sjálfsagt eða sennilega með hærri vöxtum en áður. En það væri þó mikil bót, ef hæstv. landbrh. gerði gangskör að því að kippa þessum lánamálum landbúnaðarins að þessu leyti í sama horf og gildir hjá sjávarútveginum og þá í framhaldi af þeirri yfirlýsingu, sem hann gaf um þetta efni á fundi stéttarsambands landbúnaðarins.

Af hálfu framleiðsluatvinnuveganna hefur verið sótt mikið á að fá lagfæringar á vöxtum á afurðalánunum, og m. a. var á fundi Landssambands íslenzkra útvegsmanna í des., ætla ég hafi verið, s. l. vetur lögð ákaflega mikil áherzla á þetta atriði og bent á, að það væri mjög vel hægt fyrir Seðlabankann og ríkisstjórnina að slaka til í þessu efni, og þá var gerð ályktun á landssambandsfundinum um vertíðina, sem fram undan var, og í því sambandi gefin út skýrsla, að eftir því sem þeir hefðu fengið að vita frá hæstv. ríkisstj., mætti búast við vaxtalækkun á afurðalánunum. Í því trausti mundi flotinn hefja veiðar. En þegar til kom, var ekki við neitt af því staðið, sem hafði verið sagt við útgerðarmenn í þessu efni, og vextirnir voru ekkert lækkaðir af afurðalánunum. Mér skilst, að einn af þeim erfiðleikum, sem hafi komið í ljós, þegar farið var að íhuga um möguleika til að lækka vextina af afurðalánunum, hafi verið sá, að Seðlabankinn yrði fyrir svo þungum búsifjum af því að borga vexti af dauða sparifénu, sem þangað væri lagt og lokað inni, að hann mundi tæpast hafa möguleika til að lækka vextina á afurðalánunum. Mér skilst þetta hafi verið einn sá þröskuldur, sem kom í ljós, þegar farið var að skoða þessi mál. M. ö. o. er þetta þá orðið svo vizkulegt allt saman, að hluti af sparifjáraukningunni er lagður inn í Seðlabankann, Seðlabankinn borgar vexti af því og verður fyrir vaxtahalla, sem hækkar afurðalánavextina. Jafnvel þó að bankinn geti ávaxtað eitthvað af því fé, sem hann á erlendis, fást miklu lægri vextir af því en hér gilda. Seðlabankinn verður sem sagt fyrir stórútgjöldum af því að liggja með þetta dauða sparifé, sem má ekki vera í umferð. Sá halli verður svo aftur til þess, að halda verður uppi óeðlilega háum vöxtum á afurðavíxlunum, sem keyptir eru frá sjávarútvegi og landbúnaði. Þannig malar þessi mylla hæstv. ríkisstjórnar. Og allt á þetta að vera, að því er manni skilst, til að minnka dýrtíðina og til að draga úr ofþenslunni, eins og það er kallað, eða eitthvað í þá átt. En í heild hafa allar þessar ráðstafanir í einni kеðju aukið dýrtíðina stórkostlega. Yfir þjóðina hefur skollið hver bylgjan annarri meiri.

Einu sinni á þessu tímabili hafði hæstv. ríkisstjórn möguleika til að laga þessi mál og draga úr þessum bylgjugangi dýrtíðarinnar, og það var sumarið 1961, þegar þrátt fyrir ofboðslega kjaraskerðingu náðist samkomulag á milli verkalýðsfélaganna og samvinnuhreyfingarinnar í landinu um mjög hóflega kauphækkun, — kauphækkun, sem var svo hófleg, að atvinnuvegunum var mjög vel kleift að standa undir henni og með þessu fékk hæstv. ríkisstjórn tækifæri, ef hún hefði haft skapstillingu eða skilning til að nota það, til þess að draga nokkuð úr þessum ofsalega skrúfugangi dýrtíðarinnar. En það gerði hæstv. ríkisstjórn ekki, heldur þaut hún þá til og framkvæmdi aðra gengislækkun, það var gengislækkun númer tvö á 16 mánuðum, og hellti stjórnin með því yfir þjóðina því dýrtíðarflóði, sem nú gengur yfir okkur, og er þó minnst af því séð enn þá. En til að sýna, að hér er ekki um neinar fullyrðingar að ræða, að það hafi verið kleift að notfæra sér þennan samning í þessu skyni, er nægilegt að vitna í eftirfarandi: Í fyrsta lagi, að þessa kauphækkun, sem varð sumarið 1961, var búið að reikna inn í síldariðnaðinn og búið að ákveða verð á síldarafurðum með tilliti til þeirrar kauphækkunar. Í öðru lagi, að það kom í ljós við uppgjör á innlenda iðnaðinum, að hann gat svo að segja undantekningarlaust borið þessa kauphækkun án verðhækkunar, og það var upplýst í stjórnarblöðunum, að iðnaðurinn hefði ekki fengið verðhækkun vegna kauphækkunarinnar, heldur vegna þeirrar hækkunar, sem varð á hráefnunum í sambandi við gengislækkun ríkisstjórnarinnar 1961. Í þriðja lagi var margsannað, að þessi kauphækkun var það hófleg, að sjávarútvegurinn gat vel staðið undir henni, ef slakað hefði verið eitthvað á vaxtaokrinu á móti. Og nú eftir á hefur það komið í ljós, að sjávarútvegurinn hefði mjög vel getað staðið undir þessari kauphækkun, þó að ekkert hefði verið slakað til á vöxtunum þá í bili, þar sem verð á sjávarafurðum fór hækkandi. Og það kom í ljós á eftir, þegar málin voru gerð upp á vegum SH og SÍS og fleiri aðila, að þannig hafði þessi þróun orðið. Þar að auki var framleiðslan í heild óvenjumikil, óvenjumikið af síld, og engin ástæða til gengislækkunar vegna gjaldeyrisstöðu bankanna. Þrátt fyrir þetta skellti hæstv. ríkisstj. á gengislækkun númer tvö. Og svo súpum við seyðið af þessu í dag, ekki sízt hæstv. ríkisstj., eins og henni var strax bent á að hlyti að verða. Hvað gat annað orðið, þegar þannig var hellt benzíni á þann eld, sem áður logaði og var afleiðingar þeirra ráðstafana, sem áður var búið að gera?

Því miður var þetta tækifæri ekki notað. Skal ég ekki fara lengra í þetta nú, en ég taldi ástæðu til að minnast á þetta í sambandi við þessi mál, sem snerta efnahagsstefnu hæstv. ríkisstj. í heild.

Okkur hefur sem sé verið sagt að loka inni hluta af sparifjáraukningunni, draga saman afurðalánin og hækka vextina, þetta yrðu menn allt að þola, því að það væru liðir í efnahags-

málastefnu, sem hlyti og mundi leiða til aukins jafnvægis, stöðugs peningagildis og stöðugs verðlags. Þess vegna yrðu menn að þola þessar búsifjar. En hvað sýnir reynslan núna?

Ég vil að lokum leggja áherzlu á, að ég sé enga leið út úr þeim vanda, sem nú er í komið, og því gífurlega ósamræmi, sem orðið er á milli þeirra tekna, sem menn geta haft fyrir venjulegan vinnudag, og þess kostnaðar, sem orðinn er við að lifa, og eins milli þess kostnaðar, sem orðinn er við að byggja upp, hvort sem við tökum íbúðir, framkvæmdir á vegum landbúnaðar, sjávarútvegs eða iðnaðar eða hvað sem er, — ég sé enga leið út úr þessu öngþveiti aðra en þá að tjalda því, sem til er, til að auka uppbygginguna og framleiðsluna á öllum sviðum. Og þá verðum við að breyta um stefnu í lánamálunum og þora að nota okkar eigið fjármagn í þessu skyni.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er ekki vel samið, og má það undarlegt heita, þegar það er haft í huga, að flm. þess eru hvorki meira né minna en 11 talsins, mikið mannval víðs vegar að af landinu. Aðalefni frv., eins og kom fram í ræðu hv. frsm., er, að útlánsvextir banka og sparisjóða skuli lækka annars vegar og svo hins vegar að gera skuli breytingar á þeim reglum, sem settar hafi verið um bindingu sparifjár í Seðlabankanum. En það vantar grein í frv. og tilsvarandi skýringar í grg. um, að til þess hlýtur að vera ætlazt, að innlánsvextir lækki jafnmikið hlutfallslega við lækkun útlánsvaxta, því að ég læt mér ekki detta í hug, að þeir 11 ágætu alþm., sem frv. flytja, geri ráð fyrir því, að bankar og sparisjóðir lækki útlánsvexti sína um um það bil 2%, en haldi sínum innlánsvöxtum algerlega óbreyttum og efni þannig til stórkostlegs hallarekstrar á öllu banka- og sparisjóðskerfi landsins. Þetta getur ekki verið meiningin. Þó að um það sé vandlega þagað í frv. og grg., þá er það einungis vegna þess, að það hlýtur að hafa gleymzt í einhverju tilteknu skyni að láta koma skýrt fram, að afleiðingin af samþykkt frv. mundi auðvitað einnig hljóta að verða sú, að innlánsvextir mundu lækka hlutfallslega jafnmikið og útlánsvextirnir.

Ég skal gera grein fyrir því, hvaða þýðingu þessi grein, sem í frv. vantar, mundi hafa fyrir íslenzka sparifjáreigendur. Ég hef athugað, hversu miklir vextir hafa verið greiddir af sparifé í bönkum og sparisjóðum síðan 20. febr. 1960 og til loka síðasta mánaðar, en 20. febr. 1960 kom til framkvæmda sú breyting á vöxtum, sem þetta frv. gerir ráð fyrir að nú sé afnumin. Á þessu tímabili, eða starfstíma núv. ríkisstj. nokkurn veginn, hafa verið greiddir vextir af sparifé í bönkum og sparisjóðum að upphæð 476.6 millj. kr., en miðað við vaxtafótinn, sem gilti 20. febr. 1960 og taka á í gildi aftur, ef þetta frv. yrði samþ., hefðu vextirnir orðið 320.6 millj. kr. Nákvæmar tölur eru ekki til um vaxtahækkun í innlánsdeildum kaupfélaganna, en hana mun mega áætla um 15 millj kr., þannig að heildarvaxtahækkunin, sem íslenzkir sparifjáreigendur hafa fengið í sínar hendur í kjölfar hinnar breyttu vaxtastefnu núv. ríkisstj., er 170 millj. kr. Þetta er það fé, sem þessir 11 þm. Framsfl. hér í hv. Nd. telja að sparifjáreigendur hefðu ekki átt að fá og hefðu ekki fengið, ef Framsfl. hefði fengið að ráða stefnunni í þessum málum. En þegar það er haft í huga, hvernig íslenzkir sparifjáreigendur hafa verið leiknir, ekki aðeins undanfarin ár, heldur undanfarna áratugi, þarf ekki mörg orð um það að hafa, hvílíkt réttlætismál það var að rétta hag þeirra einmitt á þann hátt, sem þarna var gert. Þeir eru sannarlega ekki illa komnir að þeim 170 millj., sem þeir hafa fengið á starfstíma núv. ríkisstj.

Það má segja, að þetta snerti fortíðina. Þetta frv. getur að sjálfsögðu ekki svipt sparifjáreigendurna þeim 170 millj., sem þeir hafa fengið síðan í febr. 1960. En þetta frv. mundi minnka þá vexti, sem sparifjáreigendur fá í framtíðinni, og nú skulum við sjá, hvaða upphæð þar er um að ræða. Sparifé var í lok s. l. mánaðar 3501 millj. kr. og hefur aldrei í sögu íslenzku þjóðarinnar verið jafnhátt. Það má gera ráð fyrir því, — og við það er beitt áætlunaraðferðum, sem ég hirði ekki um að gera grein fyrir, því að það mundi lengja málið óeðlilega, — það má gera ráð fyrir því með hliðsjón af reynslu af vexti sparifjár undanfarin ár, að meðalinnstæða í bönkum og sparisjóðum verði á næsta ári 3900 millj. kr. 2% vaxtalækkun af þessari sparifjárinnstæðu mundi svipta sparifjáreigendur 78 millj. kr. á næsta ári. Greinin, sem vantar í þetta frv., áreiðanlega viljandi, en ekki óviljandi, þýðir því, að sparifjáreigendur skuli á næsta ári fá 78 millj. kr. minna í vexti af sparifé sínu en þeir mundu fá, ef núverandi vöxtum yrði haldið óbreyttum. M. ö. o.: þetta frv. er um það að svipta sparifjáreigendur 78 millj. kr. á árinu 1963 og síðan vaxandi upphæðum miðað við óbreytta vexti, eftir því sem sparifjárinnlögin vaxa. Þetta er það, sem þagað er um í grg. En rétt er, að þetta komi skýrt fram, til þess að menn geti myndað sér tæmandi og rétta skoðun á því, hvað í frv. felst í raun og veru. Ég læt þetta nægja um ákvæði frv. um vaxtakjörin.

Hitt atriði frv. er, að afnema skuli þær reglur, sem settar hafa verið um, að bankar og sparisjóðir skuli leggja inn í Seðlabankann nokkurn hluta af þeirri aukningu, sem verður á sparifé hjá þeim. Um þetta atriði sé ég ástæðu til að fara nokkrum orðum.

Ég kemst ekki hjá því að segja það í upphafi þess, sem ég hef um þetta að segja, að mig furðar á málflutningi hv. 1. þm. Austf. (EystJ) um þetta efni, því að það hvarflar ekki eitt andartak að mér, að hann viti ekki miklu betur en kom fram í ræðu hans hér áðan um eðli þess máls, sem hér er um að ræða. Það hvarflar ekki eitt andartak að mér. Ég hef unnið með þessum hv. þm. í ríkisstj. í nokkur ár, og mér er því fullvel kunnugt um það, að hann hefur yfir að ráða mikilli þekkingu á efnahagsmálum, og hann er flestum mönnum glöggskyggnari á þau efni og eldfljótur að átta sig á hinum mesta vanda, sem að hefur borið á þessu sviði. Þess vegna verð ég að segja það, að ég þekki hann ekki fyrir sama mann í ræðustól hér sem leiðtoga annars stjórnarandstöðuflokksins, — þekki hann ekki fyrir sama manninn og við unnum með í ríkisstj. við að fjalla um mál

eins og þessi. Svo mikill er munurinn á því, sem frá honum kemur um þessi efni. Ég skal nú reyna að gera grein fyrir því, hvers vegna ég hef ekki talið mig komast hjá að segja þetta.

Ég ætla að byrja á því að greina frá því, hversu miklum fjárhæðum hér er til að dreifa, hversu mikið bundið sparifé er nú í Seðlabankanum. Ég minnist þess ekki, að frá þeim tölum hafi verið skýrt opinberlega áður nákvæmlega. En í lok s. l. mánaðar nam innborgað sparifé frá bönkum og sparisjóðum samkv. reglum, sem þar um gilda, 489 millj. 108 þús. kr., og það skiptist þannig: Frá bönkum og sparisjóðum í Reykjavík er af þessu fé 341 millj. 961 þús., frá útibúum bankanna utan Reykjavíkur 74 millj. 600 þús., frá sparisjóðum utan Reykjavíkur 65 millj. 719 þús. og frá innlánsdeildum kaupfélaga 6 millj. 828 þús. Samtals, eins og ég sagði áðan, 489 millj. 108 þús. kr.

Nú er eðlilegt, að menn spyrji: Hvers vegna hafa reglur verið settar um það, að hluti af sparifjáraukningu banka og sparisjóða og innlánsdeilda kaupfélaga skuli leggjast í Seðlabankann hér í Reykjavík? Þegar núv. ríkisstj. tók við völdum, átti þjóðin engan gjaldeyrisvarasjóð, heldur skuldaði þvert á móti lausaskuldir erlendis. Slíkan gjaldeyrisvarasjóð varð að byggja upp, og það varð að gera með hluta af sparifjáraukningu landsmanna, það varð að gera með einhvers konar sparnaði innanlands. Það er auðvitað öllum ljóst, að enginn einstaklingur getur eignazt nettóinnstæðu í sparisjóðsbók nema á þann hátt að nota ekki allan hluta tekna sinna. Og nákvæmlega sama máli gegnir að sjálfsögðu um þjóðarbúið í heild. Þjóðarbúið í heild getur ekki eignazt innstæðu í sparisjóðsbók erlendis, þ. e. gjaldeyrisforða, nema með því móti að nota ekki allan tekjuauka sinn, heldur flytja hluta af honum yfir í þessa erlendu sparisjóðsbók, yfir í þennan gjaldeyrisforða. Það má að sjálfsögðu gera með ýmsum hætti. Það mætti gera það með því að hafa mjög mikinn tekjuafgang hjá ríkissjóði. Sú leið, sem valin var hér, var tvímælalaust sú langskynsamlegasta, sem um var að ræða. Það var ákveðið, að bankar og sparisjóðir skyldu leggja til hliðar í Seðlabankanum nokkurn hluta af sparifjáraukningunni til þess að gera Seðlabankanum kleift að koma sér upp þessum gjaldeyrisvarasjóði, því að hvernig átti hann að gera það öðruvísi? Ekki byggir Seðlabankinn upp gjaldeyrisvarasjóð með því að auka seðlaveltuna. Til gjaldeyrisvarasjóðsins varð að svara raunveruleg eignaaukning hér innanlands eða binding á hluta af hinni raunverulegu eignaaukningu innanlands. Þetta var leiðin, sem valin var til þess að reyna að koma gjaldeyrisvarasjóðnum upp. Það hefur tekizt, því að nú á landið gjaldeyrisvarasjóð, sem í lok síðasta mánaðar nam 816 millj. kr. Og það hefur einmitt tekizt m. a. og fyrst og fremst með hjálp þess, að hluti af sparifjáraukningu landsmanna hefur verið bundinn í Seðlabankanum á móti aukningu gjaldeyrisforðans.

Hv. 1. þm. Austf. sagði í ræðu sinni áðan, að það væri ekki undirrót verðbólgu að lána út allt sparifé, þ. e. auka útlánin um alla sparifjáraukninguna. Þetta er auðvitað rétt, ef engin aukning þarf að verða á gjaldeyrisforðanum, ef hann getur haldizt óbreyttur, hvað þá ef honum er eytt. Að sjálfsögðu er ekki verðbólguaukandi að láta allt sparifé vera í útlánum, að auka útlánin jafnmikið og allri sparifjáraukningunni nemur. En það er ekki hægt að gera hvort tveggja í senn, að auka gjaldeyrisforðann og endurlána alla aukningu sparifjárins. Það er að gera tilraun til þess að nota sömu peningana tvisvar. Með hliðsjón af þessum einföldu staðreyndum var það, sem ég sagði m. a., að það hvarflaði ekki eitt andartak að mér, að hv. 1. þm. Austf., sem gegnt hefur embætti fjmrh. lengur en nokkur annar maður hér á Íslandi, séu ekki þessar staðreyndir fullkomlega ljósar. Mér er nær að halda, að mér sé óhætt að segja, að ég viti, að honum séu þær ljósar, og samt sem áður getur hann fengið sig til þess að tala á þann hátt, sem hann gerði áðan í rúmlega klukkutímaræðu sinni.

Hv. 1. þm. Austf. þarf að sjálfsögðu að svara því, ef hann vill láta taka málflutning sinn í ræðu sinni áðan alvarlega, hvernig hann hefði viljað láta mynda gjaldeyrisforðann á annan hátt en gert var, þ. e. með því að festa hluta af sparifjáraukningunni. Vildi hann láta gera það með því að hafa tilsvarandi aukningu á ríkissjóði? Vildi hann láta hækka skatta hér innanlands sem því svaraði? Vildi hann láta auka tolla til þess að skapa aukningu hjá ríkissjóði, sem þessu nam? Eða hefur hann eitthvert leynivopn í hendinni, sem við hin þekkjum ekki, sem hefði getað komið í staðinn fyrir þessa bindingu á sparifénu? Hinu getur hann ekki haldið fram, og því trúi ég ekki, að hann geri, að hægt hefði verið að koma upp 816 millj. kr. gjaldeyrisforða án þess að nota í það nokkurn hluta af tekjum þjóðarinnar.

Til þess að reyna að gera tilraun til að gera þetta dæmi enn gleggra með sem einföldustum hætti er rétt að gera grein fyrir því, yfir hvaða fé Seðlabankinn hefur að ráða og hvernig hann notar fé. Það hygg ég, að megi gera með því að draga reikninga hans saman í nokkur meginatriði. Seðlabankinn hefur yfir að ráða seðlaveltu að upphæð 600 millj. kr. Hann hefur seðlaútgáfuréttinn og hefur seðla í umferð að upphæð 600 millj. kr. Eigið fé hans nemur um 200 millj. kr. Hann hefur yfir að ráða mótvirðisfé svonefndu, — allir hv. þm. vita væntanlega, um hvað þar er að ræða, — að upphæð 350 millj. kr. Og hann hefur yfir að ráða sparifé frá bönkum og sparisjóðum, hinu margumtalaða bundna fé, tæplega 500 millj. kr. Þetta eru samtals um 1650 millj. kr., sem Seðlabankinn hefur yfir að ráða í aðalatriðum. Og hvernig ver hann þessu fé, hvernig notar hann fé? Hann notar það fyrst og fremst til útlána, til endurkaupa á afurðavíxlum sjávarútvegs og landbúnaðar, og bindur það í gjaldeyrisforðanum. Í útlánum hefur Seðlabankinn, miðað við 15. okt. s. l., nýjustu tölur, sem um er að ræða, í landbúnaðarútlánum 258 millj. kr. og í sjávarútvegsútlánum 563 millj. kr., samtals í útlánum 821 millj. kr. Og hann hefur bundið í gjaldeyrisforðanum 816 millj. kr., eins og ég gat um áðan. Samtals 1637 millj. kr. eða um það bil það sama, sem ég nefndi áðan sem það fé, sem hann hefði til ráðstöfunar. Auk þess

er um að ræða í reikningum Seðlabankans hjá Seðlabankanum nokkra aðra liði, verðbréf og stofnlán sjávarútvegs og því um líkt, sem ganga hver á móti öðrum og mundi aðeins rugla þetta dæmi að telja með. En kjarni málsins er þessi: að Seðlabankinn hefur yfir að ráða um það bil 1650 millj. kr., og þar af eru langstærstu liðirnir seðlaveltan annars vegar 600 millj. og bundna spariféð um 500 millj. kr., auk mótvirðisfjárins og eigin fjár. Og þessar 1650 millj. kr. hefur Seðlabankinn sumpart bundið í útlánum í sjávarútvegi og landbúnaði og sumpart í gjaldeyrisforðanum, skiptist um það bil til helminga. Nú vil ég spyrja hv. 1. þm. Austf. og raunar alla hv. dm., sem mál mitt heyra: Ef reglurnar um bindinguna yrðu afnumdar, þ. e. ef Seðlabankinn yrði að skila aftur bönkum og sparisjóðum þessum 500 millj. kr., sem hann hefur frá þeim, hvað á Seðlabankinn þá að gera? Engum dettur í hug, að Seðlabankinn geti skilað þessum 500 millj. kr. og gert ekki neitt. Það er öllum alveg augljóst og áreiðanlega ekki síst hv. 1. þm. Austf., honum ekki síður en öðrum. Hvað á Seðlabankinn þá að gera? Ég spyr. Á hann að draga úr útlánunum til sjávarútvegs og landbúnaðar? Er það ráðið? Á hann að lækka þau um 500 millj. kr.? Eða á hann að eyða gjaldeyrisforðanum? Það þriðja er ekki til. Þriðja leiðin fyrir hann er ekki til, því að ég læt mér ekki detta í hug, að hv. 1. þm. Austf. sé á sömu skoðun og stundum hefur heyrzt frá hv. 3. þm. Reykv. (EOl), að auka megi seðlaveltuna svo að segja endalaust. Það veit ég, að hv. þm. Austf. dettur ekki í hug, og eigið fé verður ekki aukið með neinum töfrabrögðum og þá ekki heldur mótvirðisféð. M. ö. o.: eigi Seðlabankinn að missa sparifé frá bönkum og sparisjóðum, verður hann að gera annað tveggja, minnka endurkaupin á víxlunum frá sjávarútvegi og landbúnaði um sömu upphæð eða láta gjaldeyrisforðann eyðast. Og ég spyr nú: Hver væri bættari, hvaða aðili í landinu, hvaða maður, hvaða fyrirtæki, þótt viðskiptabankar og sparisjóðir fengju til baka þessar 500 millj. kr. og gætu lánað þær út, gætu aukið útlán sín um 500 millj. kr., ef Seðlabankinn drægi saman útlán sín um nákvæmlega sömu upphæð? Hver væri þá bættari? Þetta eru sömu peningarnir. Þetta eru sömu krónurnar, einmitt af því að peningarnir verða ekki notaðir tvisvar. Er það það, sem hv. þm. er að gefa í skyn, að hægt sé að gera, með því að segja: Útlán gætu aukizt í heild um 500 millj. kr., ef við hefðum ekki svo vonda ríkisstj., að hún frysti þessar 500 millj. hér í Seðlabankanum við Austurstræti í Reykjavík? — Allur málflutningur hans og Framsfl. byggist á því að fá menn til að trúa því, að heildarútlán í landinu gætu aukizt um 500 millj. kr., ef bindingarreglurnar væru afnumdar. Þetta er það, sem veifað er framan í atvinnurekendur og þá aðra framkvæmdamenn, sem vantar fé til framkvæmda. Þessu er veifað framan í þá í áróðursskyni: Þarna eru peningarnir, þarna eru peningarnir. Við höfum bara vonda ríkisstjórn og vonda seðlabankastjórn, sem heldur peningunum fyrir ykkur. — En þetta er auðvitað herfileg blekking, og það er þetta, sem ég sagði áðan að væri blekking, sem er fyrrv. hæstv. fjmrh. engan veginn samboðin. Ég segi það aftur: sem er honum engan veginn samboðin. Hitt mætti segja, að það væri hægt fyrir Seðlabankann að losa þetta fé smám saman á árinu án þess að draga úr útlánum, ef Seðlabankinn vildi fylgja þeirri stefnu að eyða gjaldeyrisforðanum. Þá er það í raun og veru ekki þetta fé, sem er tvínotað, heldur er gjaldeyrisforðinn þá tekinn í útlán hér innanlands. Þá er það hann, sem er tekinn í útlán hér innanlands. Nú spyr ég hv. 1. þm. Austf. og bið hann um að svara alveg skýrt: Er það þetta, sem hann meinar? Telur hann gjaldeyrisforðann í raun og veru óþarfan? Telur hann það ranga stefnu að koma gjaldeyrisforðanum upp? Er það það, sem hann meinar, að við eigum að taka gjaldeyrisforðann til útlána hér innanlands? Öðruvísi er ekki hægt að framkvæma það, sem hann veifar framan í þá, sem telja sig fjárþurfa, að þeir geti fengið þessar 500 millj. til útlána. Ef þeir eiga að geta fengið þær án þess að nota nokkurn pening tvisvar, eyðist gjaldeyrisforðinn og þeir fá hann til sinnar ráðstöfunar. Er það þetta, sem hv. þm. meinar? Ég trúi því ekki, því að mér er það fullvel kunnugt af áralöngu samstarfi mínu við hann fyrir nokkrum árum, að hann gerir sér nákvæmlega jafnskýra grein og ég og núv. starfsbræður mínir fyrir því, hversu mikil nauðsyn það er fyrir þjóð eins og Íslendinga að eiga gjaldeyrisforða, a. m. k. þá upphæð, sem okkur hefur nú tekizt að eignast með þeim ráðum, sem beitt hefur verið. Þess vegna læt ég mér ekki heldur detta í hug, að það sé þetta, sem hann meinar. Það, sem hann meinar einfaldlega, er, að hann treystir því, að hér sé um svo flókið mál að ræða, að hægt sé að komast upp með að blekkja almenning til þess að halda, að hægt sé að nota sömu peningana tvisvar. En ég verð að segja, að sú skylda hvílir á formanni þingflokks Framsfl. og manni með fortíð og reynslu hv. 1. þm. Austf. að gera skýra grein fyrir því, fyrst hann stofnar til slíkra umr., með hvaða hætti hann vill gera Seðlabankanum kleift að skila bönkum og sparisjóðum aftur þeim 500 millj. kr., sem hann hefur frá þeim fengið. Þeirri spurningu verður hv. 1. þm. Austf. að svara alveg skýrt og alveg útúrdúralaust, og það mun áreiðanlega verða eftir því tekið, hvort sem hann svarar henni og með hverjum hætti hann svarar henni.

Það kom mjög skýrt fram í ræðu hv. þm. og raunar í málflutningi hans flokks og hins stjórnarandstöðuflokksins, að hér sé um að ræða mikinn samdrátt og einmitt að reglurnar um bindingu innlána banka og sparisjóða í Seðlabankanum eigi verulegan þátt í þessu, m. ö. o. að lánsfé sé haldið fyrir framleiðendum og það geri það að verkum, að framleiðslan sé ekki eins mikil og hún gæti verið. Hér er að sjálfsögðu um að ræða mikinn misskilning, að ég ekki segi beina blekkingu. Vitum við ekki öll, að allt vinnuafl á Íslandi er fullnotað? Það er notað út í yztu æsar. Og vitum við ekki öll, að öll framleiðslutæki á landinu eru notuð út í yztu æsar? Við getum ekki aukið framleiðsluna með því að taka ónotað vinnuafl til vinnu, því að það er ekki til. Og við getum ekki aukið framleiðsluna með því að taka ónotuð tæki til notkunar, því að þau eru ekki til. Aukin peningaútlán mundu ekki

auka vinnuaflið og ekki auka tækin, sem við höfum til ráðstöfunar. Það er því fullkomin blekking, að það, sem á stendur til aukningar á framleiðslunni, sé skortur á peningum, skortur á fjármagni. Það er fullkomin blekking. Það, sem gera þarf til að auka framleiðsluna, er að auka afköst vinnuaflsins og tækjanna, sem við nú eigum. Við þurfum að afla okkur betri og fullkomnari tækja. Með því einu móti getum við vænzt þess að auka afköst þjóðarbúsins. En til þess að geta aukið afköst vinnuaflsins með betri vinnunýtingu og betri skipulagningu og til þess að eignast betri tæki og fullkomnari tæki þarf að vera jafnvægi í efnahagsmálum hér innanlands, og það þarf að vera viðskiptafrelsi gagnvart umheiminum. En til að geta varðveitt jafnvægi í efnahagsmálum innanlands og viðskiptafrelsi út á við er öruggur gjaldeyrisforði ein meginforsendan. Þess vegna var auðvitað rétt að koma gjaldeyrisforðanum upp á þann hátt, sem gert hefur verið, og þess vegna ber enn að stuðla að því að efla hann.

Í þessu sambandi sagði hv. þm. sem eitthvert dæmi um samdráttinn, að það væri mikill samdráttur í bátakaupum til landsins. Hér er um mjög alvarlegan misskilning að ræða, sem líklega á — og vil ég gjarnan trúa því — rót sína að rekja til þess eins, að hv. þm. hafi ekki aflað sér réttra upplýsinga, ekki haft aðstöðu til þess að afla sér réttra upplýsinga um þetta efni. Ég skal af þessu tilefni gefa upplýsingar um þau erlend skipakaup, sem fiskveiðasjóður hefur veitt lán til, en hann lánar til allra skipakaupa frá útlöndum. Á árinu 1958, síðasta ári stjórnar Hermanns Jónassonar, komu aðeins 7 skip frá útlöndum. Það átti sér sérstakar skýringar, sem ég sé ekki ástæðu til að fara út í hér. Á árinu 1959 urðu þau 13. Á árinu 1960 urðu þau 38. Á árinu 1961 urðu þau 23. Á þessu ári er fiskveiðasjóður þegar búinn að veita lán út á 10 skip og lofa lánum út á önnur 20, þannig að fiskveiðasjóður hefur afgreitt lán út á fiskiskip, byggð erlendis, 30 að tölu. Er hér í raun og veru um meiri aukningu að ræða en þessi tala gefur tilefni til að halda, vegna þess að hér er um miklu stærri skip að ræða en að meðaltali á undanförnum árum. Enn fremur liggja fyrir beiðnir hjá fiskveiðasjóði um 20—30 skip byggð erlendis. Þetta er sannleikurinn um svartsýnina, sem ríkir í sjávarútveginum, og samdráttinn, sem þar sé um að ræða.

Þá ætla ég að fara nokkrum orðum um staðhæfingu, sem hv. þm. lét liggja að einu sinni í ræðu sinni áðan, en mjög hefur verið höfð á lofti af aðalmálgögnum flokks hans, Framsfl., varðandi bindingu sparifjárins, að með henni sé verið að draga fé utan af landi til Reykjavíkur, að afleiðingar hennar séu þær, að fé sé sópað utan af landsbyggðinni og sett í frystiklefa hér við Austurstræti í Reykjavík. Þegar ég las upp skiptinguna á bundna sparifénu áðan, kom í ljós, að af þessum 489 millj. kr. voru 342 millj. úr bönkum og sparisjóðum í Reykjavík, en aðeins 147 millj. frá útibúum banka, sparisjóðum og innlánsdeildum kaupfélaga utan Reykjavíkur. En hvað gerir Seðlabankinn við þetta fé? Hann notar það m. a. til endurkaupa á afurðavíxlum sjávarútvegsins og landbúnaðarins, eins og ég gat um áðan, sem nema samtals 821 millj. kr. Því miður er ekki til skipting í Seðlabankanum á því, hvaða aðilar það eru, sem eiga þessa víxla, skipting á milli Reykjavíkur og landsins utan Reykjavíkur. En ég leyfi mér að fullyrða, enda liggur það í augum uppi, að mestur hluti þessa fjár er keyptur af aðilum utan Reykjavíkur. Mesti hluti þessara 821 millj. kr., sem Seðlabankinn hefur í útlánum, er endurkeyptur af aðilum utan Reykjavíkur. M. ö. o.: aðeins ⅓ sparifjárins, sem Seðlabankinn hefur fengið, er frá aðilum utan Reykjavíkur, en ég segi það aftur, mestur hlutinn af útlánum Seðlabankans gengur til aðila utan Reykjavíkur. Þetta er sannleikurinn um atriði, sem endurtekið hefur verið viku eftir viku í málgögnum Framsfl., að Seðlabankinn sjúgi til sín fé utan af landsbyggðinni, haldi fé fyrir mönnum og fyrirtækjum utan af landsbyggðinni.

Ég vil líka vekja alveg sérstaka athygli á því atriði talnanna, sem ég las áðan um skiptingu bundna sparifjárins, að af þessum 480 millj. kr. eru aðeins 6.8 millj. frá innlánsdeildum kaupfélaganna. En það hefur líka hvað eftir annað, viku eftir viku, verið endurtekið í málgögnum Framsfl., að bindingarreglunum hafi kannske hvað helzt verið stefnt gegn innlánsdeildum kaupfélaganna. Hafi það verið meiningin, þá er árangurinn samt ekki meiri en þessi, að þær eiga samtals 6.8 millj. inni í Seðlabankanum.

Sagan um þetta er raunar ekki öll sögð enn, vegna þess að talan, sem ég nefndi áðan, 489 millj. kr., er það, sem þeir aðilar, sem bindingarreglurnar ná til, höfðu borgað í lok september inn í Seðlabankann. En samkv. reglunum eiga þessir aðilar að borga meira. Þeir eru í nokkrum vanskilum við Seðlabankann. Samkv. reglunum áttu þessir aðilar þegar 30. júní s. l. að borga 515 millj. 796 þús. kr. inn í Seðlabankann, en höfðu ekki borgað nema 489 millj. 180 þús., eins og ég gat um áðan. Þessi vanskil dreifast mjög ólíkt á þá aðila, sem hér er um að ræða. Bankar og sparisjóðir í Reykjavík áttu að borga, eins og málin stóðu 30. júní, 351 millj. 381 þús., voru ekki búnir að borga nema 341 millj. 961 þús. kr., skulduðu m. ö. o. í septemberlok um 10 millj. kr. Útibú bankanna utan Reykjavíkur áttu að borga 30. júní 74.6 millj., borguðu 74.6 millj., stóðu alveg í skilum. Sparisjóðir utan Reykjavíkur áttu að borga 30. júní 71 millj. 420 þús. kr., en voru búnir að borga 30. sept. 65 millj. 719 þús., skulduðu 6 millj. kr. Innlánsdeildir kaupfélaga áttu að borga 30. júní 18 millj. 395 þús., en voru búnar að borga 30. sept. 6 millj. 828 þús., vantar m. ö. o. 12 millj. á það, að þær hefðu fullnægt þeim lögum, sem gilda í landinu. Innlánsdeildir kaupfélaganna höfðu m. ö. o. í lok september ekki borgað nema ⅓ af því, sem þær áttu að borga samkvæmt gildandi reglum 30. júní s. l. Þetta er ekki hægt að leggja út á þann hátt, sem margoft hefur verið sagt í blöðum Framsfl., að hér sé um að ræða alveg sérstaka ofsókn á hendur kaupfélögunum eða innlánsdeildum þeirra. Á þessu er þá skýringu að gefa, að samkv. lögum frá síðasta þingi um endurskipulagningu á lánum bænda er gert ráð fyrir því, að Seðlabankinn taki við

hinum svokölluðu bændabréfum sem greiðslu, og má búast við því, að nú á næstunni skili innlánsdeildir kaupfélaganna inn bændabréfum, þannig að greiðslan fari úr 6.8 millj. í rúmar 12 millj. kr. En þrátt fyrir það, að af þeim yrði tekið við bændabréfunum til greiðslu, sem búið er að ákveða að gera, vantar enn um ⅓ hjá þeim, að þær fullnægi þeirri skyldu, sem á þeim hvílir eins og öðrum lánastofnunum í landinu. Þessar upplýsingar þótti mér rétt að kæmu fram, til þess að menn vissu sannleikann um málið. Við hinu er ekki að gera, þó að haldið verði áfram að endurtaka það, sem er ekki satt.

Að síðustu vil ég aðeins segja, að kjarni þessa frv. er annars vegar vaxtalækkunin, sem eins og ég sagði í upphafi máls míns mundi svipta sparifjáreigendur 78 millj. kr. tekjum á næsta ári, og hins vegar ákvæði um afnám bindingarreglnanna. Framsfl. er auðvitað alveg frjálst að hafa þá skoðun, að það sé meira virði, að þeir, sem nota fé, fái það fyrir lágt gjald, heldur en hitt, að sparifjáreigendur fái góða umbun fyrir sitt þjóðnýta starf, að spara fé handa þjóðarbúinu. Um þetta er ekkert að segja. Þannig getum við hvor haft sína skoðun um það. En um hitt aðalatriði frv., að losa um hinar bundnu 5 millj. í Seðlabankanum, er meira að segja en þetta, vegna þess að þarna skulda flutningsmenn frv. skýringu á því, hvernig þeir vilja gera þetta kleift. Um það er ekki orð í frv., um það er ekki orð í grg., en það viljum við hinir fá að vita, hvernig Seðlabankinn á að geta losað þessar 500 millj. Hvaða aðra ráðstöfun á Seðlabankinn að gera? Þeim, sem vit hafa á þessum málum, og það hefur hv. 1. þm. Austf. án efa — (Gripið fram í: Er það nú alveg víst?) Ég vil ekki trúa því að óreyndu, ekki a. m. k. fyrr en ég er búinn að heyra hv. þm. tala aftur. — Þeim er skylt að gera grein fyrir því, hvað Seðlabankinn á að gera samtímis þessu. Engum heilvita manni getur dottið í hug, að Seðlabankinn geti endursent þessar 500 millj. til banka og sparisjóða og gert ekkert annað. Þegar menn hafa sagt a í þessum efnum og ekki sízt í þessum efnum, verða þeir líka að segja b. Og hvar er b, sem hv. flm. vilja láta segja í þessum efnum? Það vilja hinir fá að vita.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það eru nokkur orð út af því, sem hæstv. ráðherra hélt fram.

Hann bendir fyrst á, að við þetta frv. vanti ákvæði um innlánsvextina samsvarandi og um útlánsvextina. Þetta er alveg rangt hjá hæstv. ráðherra. Það má fremur segja, að í þessu frv. séu hvorki bein ákvæði um útlánsvextina né innlánsvextina. Ákvæðin í þessu frv. um útlánsvextina eru þau að breyta okurlögunum aftur í það horf, sem þau voru, áður en ríkisstj. fékk okurlögin afnumin til þess að geta hækkað vextina.

Það varð að fá okurlögin afnumin eða breytt verulega, til þess að ríkisstj. gæti hækkað vextina. Við viljum færa þessi ákvæði aftur í sama horf, og að okkar skilningi þýðir það, að vextirnir megi ekki vera undir neinum kringumstæðum yfir 8%, og það er yfirlýst stefna okkar, að þeir verði færðir aftur í sama horf og þeir voru. Innlánsvextir mundu að sjálfsögðu fylgja með, og fór ég ekkert dult með það í minni framsögu. Ég eyddi miklu af mínum ræðutíma, sem hæstv. ráðherra þykist ekki hafa heyrt, til þess að sýna fram á, að það hafi verið meira en vafasamur gróði fyrir innistæðueigendur í landinu, að ríkisstj. tók upp þessa nýju efnahagspólitík, hvar af vaxtahækkunin var einn liðurinn. Mér heyrðist á því, sem hæstv. ráðherra sagði, að hann hefði alveg lokað að sér, á meðan ég flutti þennan kafla ræðunnar.

Hæstv. ráðherra segir, að sparifjáreigendur hafi grætt 170 millj. á þessari vaxtapólitík ríkisstj. Ég er alveg hissa, að hæstv. ráðherra skuli leyfa sér málflutning eins og þennan. Heldur hæstv. ráðherra, að dýrtíðaráhrif vaxtahækkunarinnar séu engin og þau komi ekkert innistæðueigendunum við? Ætlar hæstv. ráðherra að halda því fram, að hin gífurlega vaxtahækkun hafi engin áhrif haft til aukningar á dýrtíðinni, og vill hæstv. ráðherra líta algerlega fram hjá því, hvílíka gífurlega hækkun á dýrtíðinni efnahagsmálastefna ríkisstj., hvar af vaxtahækkun er einn liðurinn, hefur haft fyrir sparifjáreigendurna? Það er enginn vafi á því, að þeir hafa orðið fyrir tjóni, þegar á heildina er litið, af efnahagsmálastefnu ríkisstj., — alveg tvímælalaust orðið fyrir stórkostlegu tjóni, en engan hagnað haft.

Uppástunga okkar um að taka upp aðra vaxtapólitík er miðuð við, að sú vaxtapólitík gæti orðið liður í efnahagsmálastefnu, sem fremur gæti stuðlað að stöðugu verðlagi og stöðugu verðgildi á sparifé heldur en sú stefna, sem hæstv. ríkisstj. hefur framfylgt og hvar af vaxtahækkunin er einn liðurinn. Það er ekki hægt að líta aðeins á vaxtamálið eitt í þessu sambandi, heldur verður að líta á þær ráðstafanir, sem hér hafa verið gerðar, í heild, sem vaxtapólitíkin er einn liðurinn í. Á þetta vitaskuld alveg eins við bollaleggingar hæstv. ráðherra um hagnað eða tjón innistæðueigenda í framtíðinni í sambandi við vextina.

Þá sagði hæstv. ráðherra, og það var raunverulega aðalkafli ræðu hans, að ég hlyti að vita miklu betur en ég vildi láta koma fram í mínum málflutningi, í sambandi við útlánapólitíkina og efnahagspólitíkina, og hann þekkti mig ekki að þessu leyti fyrir sama mann og ég hefði verið, þegar hann hefði átt sæti með mér í ríkisstj. Ég vil gera þetta örlítið að umtalsefni, að gefnu tilefni frá hæstv. ráðherra. Og ég vil svara þessu að sumu leyti með spurningum.

Við leggjum til hér, að vextirnir verði færðir í það horf, sem þeir voru, áður en núverandi ríkisstj. tók upp nýja efnahagsmálastefnu. Er þessi till. okkar í samræmi eða ósamræmi við það, sem ég hélt fram, þegar ég var í ríkisstj.? Ég spyr hæstv. ráðherra. Við leggjum til, að vextirnir verði færðir í það horf, sem þeir voru langmestan hluta af þeim nærri 20 árum, sem ég hef átt sæti í ríkisstj. En þetta segir hæstv. ráðherra að sé vottur þess, að hann geti ekki þekkt mig fyrir sama mann og ég var þá. Þó legg ég til, að það sé tekinn upp aftur sá sami háttur og var í þá nærri tvo áratugi, sem ég átti sæti í ríkisstj. Þetta er málflutningur hæstv. ráðherra. Hver

hefur breytzt? Ætli það sé ekki fremur hæstv. ráðherra, sem hefur breytzt og hafi nokkuð annan hátt á upp á síðkastið í ýmsum efnum en var, þegar hann var í ríkisstj. áður? (Gripið fram í: Ætlarðu að ræða um bindinguna?) Já, ég er að koma að því með bindinguna.

Kemur þá aftur spurningin: Hvað leggjum við til, ég og Framsfl., í sambandi við sparifjárbindinguna? Að hætta að binda. Og ég spyr enn: Var tekinn hluti af sparifjáraukningu þjóðarinnar og lokaður inni í Seðlabankanum þau nærri 20 ár, sem ég var í ríkisstj.? (Gripið fram í.) Nei, aldrei. Það var aldrei gert. M. ö. o.: ég er að stinga upp á, að í þessu tilliti verði höfð sama stefna og var fylgt í þau nærri 20 ár, sem ég var í ríkisstj. Svo kemur þessi hæstv. ráðherra og segir: Ég þekki ekki þennan fyrir sama mann. Þetta er einhver annar maður. Hann hlýtur að vita betur þessi maður, — hann hlýtur að vita betur. — Þetta er málflutningur hæstv. ráðherra.

Við skulum þá taka afurðalánin í þessu sambandi. Hvað er það, sem við stingum upp á í afurðalánamálinu? Er það eitthvað allt annað en það, sem við héldum fram, þegar við vorum í ríkisstj.? Nei, við erum að stinga upp á, að það sé hafður nákvæmlega sami hátturinn á afurðalánum fyrir sjávarútveginn og var allan þennan tíma. Og í landbúnaðarmálum erum við að leggja til, að það verði tekinn upp sami háttur og hafður var, lánakerfi, sem við vorum búnir að byggja upp, þegar þessi meiri hluti tók við.

Svo kemur rúsínan í pylsuendanum og hún er þessi: Það sé alveg ómögulegt að sjá afkomu landsins út á við borgið með öðru móti en því að taka hluta af sparifjárinneigninni og loka hann inni í Seðlabankanum og halda honum úr umferð, og það hljóti að vera mælt gegn betri vitund, að nokkur maður skuli stinga upp á, að við þetta verði hætt, því að það, sem við stingum upp á, er, að það verði hætt að loka inni. Ég legg áherzlu á, að það verði hætt að loka inni hluta af sparifénu. Við höfum alls ekki lagt til, að það yrðu á einum degi settar út þær 500 millj., sem búið er að loka inni. Það er því ekkert annað en útúrsnúningur hjá hæstv. ráðherra, ef hann vill fá það út úr okkar orðum, að við leggjum til, að það séu á stuttri stundu lánaðar út þær 500 millj., sem búið er að leggja inn. Það mundi verða of mikil röskun. En við leggjum höfuðáherzlu á, að það sé hætt að loka inni sparifjáraukninguna, m. ö. o. tekin upp sú sama pólitík, sem við fylgdum og beittum okkur fyrir allan þann tíma, sem við vorum í ríkisstj.

Og þá kemur spurningin: Hvernig var þá afkoma landsins út á við? Var hún ekki gersamlega botnlaus og alveg óhugsandi að halda þannig áfram? Hvernig var hún?

Í árslok 1958, þegar Framsfl. var síðast í stjórn, allt fram undir árslok 1958, var gjaldeyrisinneign, enda þótt þessi innilokunarpólitík kæmi ekki til greina. Þá var inneign á gjaldeyrisreikningum bankanna, veruleg inneign á gjaldeyrisreikningum bankanna. Ég fullyrði, að þegar á heildina er litið, þegar á heildarafkomu þjóðarbúsins er litið, var aðstaðan þá betri en hún er núna eftir þessi innilokunarúrræði hæstv. ráðh. Þetta liggur í því einfaldlega, að það er hægt að sjá hag landsins út á við borgið með öðrum ráðum fremur en þeim að taka fjármagnið úr umferð á þann hátt, sem nú er gert. Það er líka hægt með þeirri einföldu aðferð, sem notuð hefur verið hér áratugum saman, að nota yfirleitt það fjármagn, sem í landinu safnaðist, til þess að lána mönnum í framleiðsluna og til alls konar starfsemi í landinu í því trausti, að með því aukist útflutningsverðmætin, framleiðsluverðmætin og hag þjóðarinnar sé á þann hátt borgið. Það kann vel að vera, að það verði með því móti minna í kassanum. Ég skal ekki draga dul á, að það verði með því móti stundum minna í kassanum. En ég fullyrði, að með þessu móti, með því að sigla djarflega að þessu leyti og nota fjármagnið á þennan hátt, verða þjóðartekjurnar og framleiðslan meiri, þegar til lengdar lætur, og afkoman betri en með hinni aðferðinni, sem hæstv. ráðh. og hans félagar hafa lagt aðaláherzlu á, þ. e. a. s. að draga fjármagnið inn, draga sig saman og reyna að skapa jafnvægi eftir þeirri leiðinni, þ. á m. með allstórum gjaldeyrissjóði. Með því móti verður framleiðslan minni en hún gæti ella verið, og hæstv. ráðh. getur ekki bjargað sér frá þeirri staðreynd með því að benda á, að framleiðslan hafi verið mikil og nóg atvinna nú undanfarið þrátt fyrir þennan inndrátt á fénu, af þeirri einföldu ástæðu, að til greina hafa komið algerlega óvenjulegar ástæður, svo sem útfærsla landhelginnar og sá stórkostlegi fjörkippur, sem kom í framleiðsluna við sjávarsíðuna vegna þeirrar útfærslu, nærri því bylting í þeim málum, enn fremur alveg óvenjulegur sjávarafli að öðru leyti, eins og síldveiðarnar sýna, og síðast, en ekki sízt, sú uppbygging, þau framleiðslutæki, sem búið var að afla inn í landið, áður en þessi nýja pólitík var tekin upp. Allt þetta varð til þess, að framleiðslan hefur orðið mikil. Og ætli það hefði ekki orðið heldur lítið í gjaldeyrissjóði hæstv. viðskmrh. þrátt fyrir samdráttinn á sparifénu, ef síldveiðarnar hefðu brugðizt í sumar?

Það, sem okkur ber á milli, er og hlýtur að vera það, að ég legg höfuðáherzluna á að sigla djarft í þessum efnum. Það getur vel verið, að gjaldeyrissjóðurinn verði eitthvað minni stundum fyrir það, þá siglingaraðferð, eins og verið hefur á undanförnum áratugum, en ég held því hiklaust fram, að með því verði afkoma þjóðarbúsins í heild bezt, bæði út á við og inn á við, og einstaklinganna og það sé stórtjón að þeirri pólitík, sem hæstv. ríkisstj. virðist enn þá ætla að fylgja, ef maður á að taka fullkomlega með nafnverði yfirlýsingar hæstv. viðskmrh. um, að enn þá verði að halda áfram í sömu stefnu.

Spurning hæstv. ráðh. um, hvernig við hugsum okkur, að þessar 500 millj. séu taldar út í skyndi og hvernig eigi að mæta því, er algerlega út í hött, því að frv. fjallar fyrst og fremst um að hætta að binda hluta af innstæðunum í Seðlabankanum. En það yrði að leysa út í áföngum það fjármagn, sem þarna hefur verið sett inn og bundið, og færi það vafalaust eftir ástæðum í framleiðslulífi og efnahagslífi landsins að öðru leyti, hvað óhætt væri að gera í því. En aðal-

áherzluna leggjum við á að hætta við þessa bindingu, eins og greinilega kemur fram í öllu því, sem ég hef sagt um þetta, og í grg. frv.

Hæstv. ráðh. hélt hér bókhaldstíma, sem út af fyrir sig var ákaflega fróðlegur. En hvernig sem hann veltir fyrir sér bókhaldshlið þessara mála, er algerlega óhugsandi að komast fram hjá því, að hér er um tvær meginstefnur að ræða og er ég talsmaður fyrir annarri, og hún er sú að tjalda öllu, sem til er, til þess að reyna að auka framleiðsluna og leggja meira upp úr því að eignast góð framleiðslutæki og öflug, eins og gert hefur verið og gert var allan þann tíma, sem ég vann að þessum málum, heldur en því að eignast nokkrar gjaldeyriskrónur á reikningum, þó að nauðsynlegt sé að hafa þar eitthvert fé til þess að geta borgað dagleg útgjöld. En á hinn bóginn er svo aftur hæstv. ráðh., sem leggur höfuðáherzluna á, að það verði að draga saman í þessu efni, og vill nota til þess þær aðferðir, sem brúkaðar hafa verið.

Niðurstaðan af framleiðslustefnunni eða uppbyggingarstefnunni í þessu efni lá fyrir í afkomu þjóðarbúsins, eins og hún var í árslok 1958. Þá hafði í raun og veru þessari stefnu, sem ég kalla uppbyggingarstefnu, þ. e. a. s. að tjalda öllu því, sem til var, til að auka framleiðsluna og þjóðartekjurnar, nota allt fjármagnið í því skyni, sem hægt væri að ná saman, verið fylgt eiginlega alveg frá 1927. Og niðurstaðan varð langsamlega glæsilegasta framfaratímabil í sögu íslenzku þjóðarinnar, og afkoma þjóðarinnar út á við var góð og hefur enn aldrei verið betri en hún var í lok þessa tímabils.

En þá vil ég leyfa mér í framhaldi af þessu að biðja hæstv. ráðh., af því að hann vildi fá skýringar hjá mér í þessum efnum, þá vildi ég biðja hæstv. ráðh. að skýra það fyrir mönnum, hvernig hann ætlar að leysa úr þeim hnút, sem efnahagsmálin eru nú í komin, þar sem hann hefur lýst því yfir, að það verði enn að halda áfram þessari pólitík, að loka inni hluta af sparifénu og halda því frá umferð. Hvernig ætlar þá hæstv. ráðh. að útvega allt það gífurlega lánsfé, sem þarf að vera á boðstólum á næstu missirum, miðað við það, hvernig er búið að fara með þessi mál, ef uppbyggingin á ekki að stöðvast í sjávarútvegi, landbúnaði, varðandi uppbyggingu iðnaðarins og íbúðirnar? Hvernig ætlar hann að leysa úr þessu, ef hann ætlar að halda áfram að reka þessa pólitík, að loka inni verulegan hluta af sparifjáraukningunni í landinu? Ég held, að það sé alveg óhugsandi annað en það verði að breyta um stefnu að þessu leyti. En hjá ráðh. kom ekkert fram í þá átt, heldur eingöngu hitt, að það yrði enn að halda áfram í sömu átt. En hvernig ætlar hæstv. ráðh. að leysa þennan hnút?

Hæstv. ráðh. hlýtur að vera það algerlega ljóst, að allar lánveitingar til fjárfestingarlánastarfsemi í landinu eru gersamlega komnar út úr samræmi við kostnaðinn við að koma framkvæmdunum upp. Ef ekki á að verða gífurlegur samdráttur á næstunni, verður annaðhvort að auka lánsfjárveitingar innanlands í þessu skyni til að leysa úr þessum hnút eða taka meira af erlendum lánum, og verður þó að grípa til hvors tveggja. En hvernig ætlar hæstv. ráðh. að auka nægilega lánsfjárframboð innanlands til þess að mæta þessari gífurlegu þörf, sem nú liggur fyrir, ef hann ætlar að halda áfram þessari innilokunarpólitík á sparifénu? Er kannske meiningin, að næsta skrefið í þessum málum verði að taka stórlán erlendis, en loka samhliða áfram í sívaxandi mæli inni sparifjáraukninguna innanlands? Ég spyr.

Þá var hæstv. ráðh. að minnast á, að það væri minna fé bundið utan af landi en menn vildu vera láta, og nefndi margar tölur í því sambandi. Hæstv. ráðh. getur ekkert séð af þeim tölum, sem fyrir liggja, hvaða fé er utan af landi og hvaða fé er annars staðar frá, vegna þess að fólk úti á landi á alveg jöfnum höndum innistæður sínar í Reykjavíkurfjármálastofnunum og fjármálastofnunum annars staðar. Bollaleggingar hæstv. ráðh. í þessu sambandi hafa ekkert gildi. Og varðandi það, að lítið hafi vaxið féð í innlánsdeildunum og það komi fram af því, hversu lág sú fjárhæð er, sem bundin hefur verið af fé innlánsdeildanna, þá er hæstv. ráðh. bezt að minnast þess, að þau rangindi, sem framkvæmd voru, þegar innlánsdeildir kaupfélaganna voru settar á bekk með útlánastofnunum, eru ekkert minni fyrir því, þó að minna hafi komið frá innlánsdeildunum í bindingu en hæstv. ríkisstj. og ýmsir aðrir hafa kannske álitið fyrir fram.

Það hefur sýnilega dregið mikið úr starfsemi innlánsdeildanna undanfarið, sem er vitanlega til stórtjóns fyrir almenning í landinu og þau byggðarlög, sem þarna eiga hlut að máli. Þessi tala, sem nefnd var, sýnir, að það hefur dregið stórkostlega úr starfsemi innlánsdeildanna, en talan réttlætir á engan hátt þau rangindi, sem þarna voru höfð í frammi. En rangindin voru fólgin í því, að innlánsdeildir kaupfélaganna eru ekki útlánastofnanir, en voru settar á bekk með þeim. Það, sem menn leggja í innlánsdeildirnar, er alveg hliðstætt því fé, sem ýmsir leggja inn í einkafyrirtæki og eiga inni í einkafyrirtækjum á reikningum, og ekkert af því fé er háð bindingarskilyrðunum. En innlánsdeildafé var tekið út úr og sett á bekk með fjármagni útlánastofnana. Þetta er fé, sem notað er í rekstri samvinnufélaganna. Ef það ætti að gilda sama fyrir alla í þessu, þá ætti líka að binda hluta af því fé, sem menn eiga inni hjá einkafyrirtækjum, sem starfa í iðnaði og viðskiptum. Engu líku hefur verið stungið upp á, enda er ég ekki að stinga upp á líku, heldur bara að benda á þau rangindi, sem þarna voru lögfest, þar sem innlánsdeildir voru settar á bekk með útlánastofnunum, þar sem þær eiga ekki að vera, en ekki hafðar á bekk með hliðstæðum fyrirtækjum í iðnaði og viðskiptum. Innlánsdeildirnar eru ekkert annað en reikningsform, sem haft er fyrir það fé, sem menn leggja kaupfélögum til sem rekstrarfé.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég geri mér ljóst, að fundartíma er lokið, svo að ég skal ekki reyna á þolinmæði hæstv. forseta nema í örfáar mínútur.

Hv. 1. þm. Austf. vildi ekki við það kannast, að stjórnarandstæðingurinn Eysteinn Jónsson væri ekki enn sami maðurinn og fjmrh. Eysteinn Jónsson fyrir nokkrum árum, og spurði í

því sambandi: Er vaxtalækkun í ósamræmi við stefnu mína áður? Það hafði ég aldrei sagt. Til þess að renna rökum undir þá staðhæfingu mína, að mér fyndist ég sjá annan mann hér í þessum ræðustól nú en ég sá og heyrði í, meðan hann var fjmrh. fyrir nokkrum árum, var málflutningur hans um bindingarféð. Það var sá Eysteinn Jónsson, sem veifar þessum margumtöluðu 500 millj. framan í þá menn, sem þurfa á lánsfé að halda, það var sá Eysteinn Jónsson, sem þetta gerir, sem ég kannast ekki við frá mínum samvinnuárum við hann fyrir nokkrum árum. Og hann spurði í því sambandi: Var sparifjáraukning kannske tekin í minni tíð? Í þessu sambandi vil ég einmitt minna hv. 1. þm. Austf. á það, að það var einmitt í hans tíð, sem lögunum um Seðlabankann var breytt þannig, að heimilað var að binda sparifféð. Það var einmitt í hans tíð. Sú breyting var gerð á árinu 1957, þegar við urðum sammála um það, og einmitt við tveir unnum mest að þeirri breytingu af mönnum í ríkisstj. Bankamálin heyrðu undir ríkisstj. alla, og það var forsrh., Hermann Jónasson, sem með málið fór, en af einstökum ráðh. unnum við tveir, að ég held, — ég segi það ekki okkur til neins hóls, heldur af því, að það er satt. — við unnum mikið að því að endurskipuleggja löggjöfina um bankamálin þá, m. a. setja nýja löggjöf um Seðlabankann, og þar var þetta ákvæði tekið inn, það ákvæði, sem nú er verið að beita. Þetta eru skýr rök fyrir því, að það er ekki hinn sami Eysteinn Jónsson, sem starfaði sem fjmrh. 1957 og 1958, og sá, sem hér stendur nú og talar. Annar var ábyrgur ráðherra, frábærlega vel starfhæfur, hitt er ábyrgðarlaus stjórnarandstæðingur.

Þetta frv. er að sjálfsögðu ekki um að losa hið bundna fé skyndilega, sagði hv. þm. Það er mér algerlega ljóst. En það vantar þó til, að það sé losað smám saman, og þess vegna eiga spurningar mínar, sem ég beindi til hans og hann svaraði ekki, alveg við. Hann á því ósvarað, hvaða liði Seðlabankinn á að draga saman, ef losað er, þótt smám saman sé gert, bundna féð. Á gjaldeyrisforðinn að minnka, eða eiga endurkaupin að minnka? Annaðhvort verður að gerast. Og ef Seðlabankinn á að hætta að fá aukna bindingu, hlýtur annað hvort af tvennu líka að verða að gerast: þá minnka skilyrði Seðlabankans til þess að auka endurkaupin eða skilyrði hans til þess að auka gjaldeyrisforðann minnka. Og hvort vill hv. þm. að gerist? Eða það má snúa málinu alveg við, ef við lítum á fortíðina: Ef Seðlabankinn hefði ekki fengið þetta sparifé, sem nú er bundið hjá honum frá bönkum og sparisjóðum, hefði hann ekki getað gert það, sem hann hefur gert. Hvað hefur hann gert? Hann hefur aukið útlánin, og hann hefur aukið gjaldeyrisforðann. Hvort af þessu tvennu vill hv. þm. að ekki hefði verið gert? Var það kannske óþarfi að auka gjaldeyrisforðann? Ef þm. segir þetta, þá eru það rök, sem ég tek fullkomlega gild, því að þá erum við farnir að tala um sama mál, — ef hann segir: Það var alveg óþarfi að leggja áherzlu á að koma gjaldeyrisforðanum upp í rúmar 800 millj. kr. Þess vegna var bindingarstefnan röng. Ef hann segir þetta, þá skiljum við hvor annan fullkomlega, og þá er hann hættur að beita áróðursblekkingum. En þetta hefur hann aldrei sagt. Eða ef hann segði: Seðlabankinn endurkaupir of mikið, það á að lækka endurkaupin, þess vegna er bindingin óþörf, — ef hann segði þetta, þá tölum við líka um sama mál. En þetta segir hann ekki heldur. Hann segir aðeins: Bindingin var óþörf, og hún er röng, — en sleppir alveg að geta um það, hvað annað, sem hlýtur að fylgja, var rangt, hvort það var aukning gjaldeyrisforðans eða hvort það var aukning endurkaupanna.

Þá sagði hv. þm., að það væri hægt að hafa góða gjaldeyrisafkomu út á við án þess að beita þeim aðferðum, sem núv. ríkisstj. hefur beitt, og tók gjaldeyrisstöðuna í árslok 1958 til sönnunar um þetta. Þótt mjög freistandi væri að fara um þetta mörgum orðum, get ég það ekki tímans vegna, en verð að láta örfáar setningar nægja.

Það er rétt, að afkoma þjóðarbúsins út á við var hagstæð í árslok 1958. Það átti sér tvær orsakir. Fyrst og fremst var árið 1958 mikið góðæri, mesta góðærið, sem yfir landið hafði gengið um langt skeið, líklega nokkurn tíma fram að þeim tíma. Hin ástæðan var sú, að um vorið 1958 gerði þáv. ríkisstj. róttækar ráðstafanir í efnahagsmálum, sem höfðu mjög hagkvæm áhrif á gjaldeyrisstöðuna síðari hluta ársins. Þáv. ríkisstj. lækkaði gengið óbeint með löggjöfinni vorið 1958. Tilgangurinn var m. a. að styrkja gjaldeyrisstöðuna, og það tókst. Þessi bati á gjaldeyrisstöðunni var farinn að koma fram á seinni hluta ársins 1958. En það var bara annað, sem þeirri ríkisstj. mistókst. Henni mistókst að hafa hemil á verðbólgunni innanlands. Það kom í ljós haustið 1958, þá tók verðbólguhjólið nýjan snúning og verðlagið hér innanlands stórhækkaði, og afleiðingarnar af því voru náttúrlega ekki komnar fram árið 1958. Ef ekkert hefði verið að gert, hefði sú gjaldeyriseign, sem við áttum í lok ársins 1958, horfið eins og dögg fyrir sólu á fyrri hluta ársins 1959. Þetta sá hv. þm. þá auðvitað fyrir, þetta sáum við allir fyrir. Þess vegna var það, sem við reyndum að gera nýtt samkomulag í ríkisstj. haustið 1958. Það tókst ekki. Þess vegna fór ríkisstj. frá. Og hún fór frá með þeim ummælum hæstv. forsrh. hér í hinu háa Alþingi, að ekki væri samstaða í ríkisstj. um neinar þær ráðstafanir, sem gætu forðað þjóðarbúinu frá því, að til mikilla vandræða kæmi, og þau vandræði voru m. a. fólgin í því, að gjaldeyrisstaðan hlaut að stórversna á næstu mánuðum. Það er því algerlega haldlaust að benda á það, að gjaldeyrisstaðan hafi verið sterk í árslok 1958. Gjaldeyrisstaðan var svo ótrygg, að sá gjaldeyrissjóður, sem þá var til, hlaut að hverfa eins og dögg fyrir sólu á næsta ári, ef ekkert væri að gert. Þetta var okkur öllum ljóst. Svo reyndum við að komast að samkomulagi um að gera skynsamlegar ráðstafanir, en það tókst ekki. Það féll í annarra hlut að gera þær ráðstafanir.

Að síðustu, vegna þess að hv. þm. stóðst ekki þá freistingu að veifa enn 500 milljónunum bundnu framan í lánsfjárþurfandi Íslendinga, vil ég aðeins endurtaka og leggja sérstaka áherzlu á, að það, sem vantar í dag til þess að auka þjóðarframleiðsluna, eru ekki peningar, eru ekki aukin útlán, því að hver einasta vinnandi hönd er notuð og hvert einasta tæki, sem til er í landinu,

er svo að segja fullnýtt. Undir þessum kringumstæðum getur aukið peningamagn, geta aukin útlán ekki orðið til þess að auka framleiðsluna. Það eru aðrar ráðstafanir og gagngerðari, sem þarf, eins og ég gat um áðan. Það þarf að auka afköst vinnuaflsins með betri vinnuhagræðingu og betra skipulagi, og það þarf að bæta tæki landsmanna og gera þau nýtízkulegri og fullkomnari frá tæknilegu sjónarmiði séð en nú á sér stað. En þetta skeður ekki eingöngu með útlánaaukningu, svo að þar er um að ræða mikla blekkingu af hálfu hv. þm.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Það er aðeins örstutt, enda hef ég nú aðeins athugasemdartíma.

Hæstv. ráðh. sagði, að gjaldeyrisstaðan í árslok 1958 hefði verið nokkuð góð. Það er nú í fyrsta skipti í langan tíma, sem það hefur fengizt viðurkennt og er út af fyrir sig merkisatburður, sem mætti gjarnan minnast. En hann sagði, að það hefði stafað af ýmsum ástæðum, m. a. góðæri. Ætli það gæti ekki skeð, að gjaldeyrisstaða bankanna núna stafaði að einhverju pínulitlu leyti af því, hvernig árferðið er þetta árið? Ég ætla að geyma mér að íhuga það til næsta dags.

Þá sagði hæstv, ráðh. enn, að það væri ósamræmi í afstöðu minni fyrr og nú, því að ég hefði verið með í því að setja löggjöf um Seðlabankann, þar sem heimild væri fyrir bankann til þess að draga sparifé inn. Það er rétt, að ríkisstj., sem ég sat í, átti frumkvæði að því, að þessi löggjöf var sett um Seðlabankann. En þetta ákvæði er vitanlega hægt að nota á fleiri en einn veg. Það er hægt að nota þetta ákvæði til þess að draga inn fé í Seðlabankann og lána það í lífsnauðsynlegustu framkvæmdir þjóðarinnar. Það er líka hægt að nota það á þann hátt, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur notað það. Ég skal játa, að ég sé eftir því að hafa verið með í því að leggja hæstv. ríkisstj. þetta vopn í hendur í seðlabankalöggjöfinni, þegar ég sé, hvernig hún hefur notað það. En hæstv. ráðh. þarf ekki að halda, að hann geti kennt mig við einhverja innilokunarpólitík á sparifé, þó að ég hafi átt þátt í því að setja inn þessa heimild, af þeirri einföldu ástæðu, að þessi heimild var aldrei notuð á þann hátt, sem hæstv. ráðh. og hans félagar hafa notað hana, á meðan ég gat haft um þau mál að segja.

Það voru gerðar efnahagsmálaráðstafanir 1958, eins og hæstv. ráðh. minntist á, eftir að þessi heimild var komin í löggjöfina, og það kom ekki til mála, að inn í þær ráðstafanir væri tekin frysting á sparifé. Vegna hvers? M. a. vegna þess, að ég fyrir mitt leyti og þeir, sem unnu með mér, við höfum ekki verið inni á því, að það væri heppilegt úrræði, aldrei notað það og aldrei viljað ljá máls á því, eins og allur okkar ferill sýnir. Þess vegna finnst mér óviðkunnanlegt, þegar hæstv. ráðh. er að reyna að halda því fram, að ég hafi aðra skoðun nú en áður hefur verið. Hann ætti ekki að gera það. Hann ætti á hinn bóginn frekar að snúa sér að því að sýna fram á, að mín skoðun sé út af fyrir sig röng, en láta þetta ekki henda sig.

Þá sagði hæstv. ráðh. nú síðast, að það vantaði ekki aukin útlán í landinu núna, því að allir hefðu atvinnu. Ég er hæstv. ráðh. algerlega ósammála um þetta og vil leggja mikla áherzlu á það, eins og komið hefur fram hér í því, sem við höfum rætt. Ég álít nefnilega, að það sé alveg bókstaflega óhugsandi að rífa þjóðina út úr þeirri sjálfheldu, sem hún er komin í, nema með stóraukinni fjárfestingu. Og í þá auknu fjárfestingu þarf stóraukin lán, bæði að nota okkar eigin lánsfé og vafalaust líka einhver erlend lán. En hvernig í ósköpunum á að komast út úr þessu öngþveiti, sem orðið er, t. d. í íbúðamálunum, landbúnaðarmálunum, varðandi stofnkostnað og annað slíkt, sjávarútvegsmálunum, öðruvísi en með því að stórauka útlánin? Þau verða auðvitað að stóraukast, og það verður að finna grundvöll fyrir því. Um þetta er ég hæstv. ráðh. ósammála, einnig um það, að útlánaaukning geti ekki átt rétt á sér, þótt ekki sé atvinnuleysi. Mér skilst á hæstv. ráðh., að engin útlánaaukning eigi rétt á sér, nema það sé atvinnuleysi. Ég er algerlega ósammála því, vegna þess að við þurfum einmitt að reyna að auka tekjurnar hjá einstaklingunum, sem nú eru orðnar allt of litlar, með aukinni framleiðslu og aukinni framleiðni, tækni og auknum vélakosti, og í allt þetta þarf peninga og m. a. lán.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 5. fundi í Nd., 19. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 12., 13., 14., 15., 16., 17., 19., 20. og 21. fundi í Nd., 6., 8., 13., 15., 19., 20., 22. og 26. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., 3. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 9, n. 74, 80 og 82).

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta mál er ekki nýtt af nálinni, en er í öllum meginatriðum samhljóða frv., sem flutt var á síðasta þingi af hv. framsóknarmönnum og snertir meginágreininginn í efnahagsmálapólitík núv. ríkisstj. og stjórnarandstöðu. Meiri hl. fjhn. á síðasta þingi lagði til, að þetta mál yrði fellt, og afstaða okkar er sú sama. Ég sé ekki ástæðu til að hefja rökræður um þetta að svo stöddu, en ítreka það, að meiri hl. leggur til, að málið verði fellt.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. frsm. meiri hl., erum við fjhn.-menn ekki sammála um, hvernig með mál þetta skuli fara í þinginu. Efni frv. er lækkun á vöxtum. Það er lagt til í frv., að vextir af afurðavíxlum, sem endurkeyptir eru af Seðlabankanum, megi ekki vera hærri en þeir voru á árinu 1959, 5—5½%. Aðrir vextir skulu einnig lækka, þannig að þeir verði einnig þeir sömu og þeir voru 1959, og eldri lög um þann við okri o. fl. skulu koma aftur í gildi, þ. e. þau, sem giltu 1959. Þá er lagt til í frv., að burt verði fellt

úr lögum frá 1960 ákvæðið um, að ríkisstj. ákveði vexti og lánstíma hjá stofnlánasjóðum. Og í þriðja lagi er lagt til í frv., að numin verði úr lögum heimild Seðlabanka Íslands til að heimta hluta af sparifé innlánsstofnana inn á bundinn reikning.

Vaxtahækkunin, sem framkvæmd var 1960, var byggð á ákvæði í efnahagslögunum, sem við leggjum til að hér verði breytt. Afleiðingar af þessari vaxtahækkun hafa orðið miklar og margvíslegar. Vaxtahækkunin hefur t. d. átt drjúgan þátt í hinni stórfelldu dýrtíðaraukningu, sem síðar hefur orðið. Vaxtahækkunin hefur leitt af sér hækkun byggingarkostnaðar og stofnkostnaðar atvinnufyrirtækja, hækkun vöruverðs og þar með framfærslukostnaðar. Henni hefur fylgt hækkun framleiðslukostnaðar, þ. e. a. s. rekstrarkostnaðar atvinnufyrirtækja.

Því var haldið fram, þegar vextir voru hækkaðir, að með því mundi draga úr eftirspurn eftir lánsfé. En þetta er þvert á móti, því að vaxtahækkunin ásamt öðrum efnahagsráðstöfunum ríkisstj. hefur aukið mjög lánsfjárþörf framleiðenda, útvegsmanna, iðnaðarmanna og bænda. Vegna aukinnar dýrtíðar þarf meira lánsfé til stofnunar atvinnufyrirtækja en áður var. Vaxtahækkunin ásamt öðrum ráðstöfunum ríkisstj. hefur þó valdið samdrætti á sumum sviðum. t. d. íbúðarhúsabyggingum. Samkv. skýrslum hefur verið hafin bygging færri húsa nú en áður. En sá samdráttur mun auka þörfina fyrir byggingar síðar og hafa þá í för með sér enn meiri eftirspurn eftir lánsfé til þeirra framkvæmda. Þess er að geta, að innlánsvextir voru hækkaðir, um leið og útlánsvextirnir voru hækkaðir. Hækkun innlánsvaxta átti að bæta hag sparifjáreigenda. En þannig hefur farið, að hagur þeirra hefur stórversnað síðustu árin. Íslenzka krónan hefur fallið ákaflega mikið í verði, síðan efnahagslögin frá í febrúar 1960 komu í gildi. Til viðbótar þeirri miklu lækkun krónunnar, sem þá átti sér stað, kom enn ný krónulækkun sumarið 1961, eins og kunnugt er. Reynsla sparifjáreigenda af stefnu núv. ríkisstj. hefur orðið ákaflega ömurleg. Vaxtahækkunin, sem þeir fengu, hefur eyðzt í stórvaxandi logum dýrtíðarinnar. Ekki nóg með það, að þeir hafi tapað þannig vaxtahækkuninni, allir vextirnir, sem þeir hafa fengið, og mikið af höfuðstólnum hefur farið sömu leiðina. Hagsmunir þeirra verða ekki tryggðir með vaxtahækkun út af fyrir sig. Það sýnir reynslan.

Heimild ríkisstj. í 32. gr. efnahagsl. til að ákveða vaxtakjör og lánstíma hjá fiskveiðasjóði, stofnlánadeild sjávarútvegsins, byggingarsjóði sveitabæja, ræktunarsjóði, byggingarsjóði ríkisins og byggingarsjóði verkamanna og raforkusjóði hefur verið notuð þannig, að vextir hafa þar verið hækkaðir af útlánum eins og öðrum og lánstími í sumum tilfellum styttur. Víðast mun það hafa verið 2½%, sem hækkunin nam á vöxtum hjá þessum sjóðum, í einstökum tilfellum 2%. Lánakjörin hjá þessum sjóðum hafa alltaf áður verið ákveðin í lögum frá Alþingi, bæði vextir og lánstími, og þannig teljum við flm. frv., sem hér liggur fyrir, að þetta eigi að vera. Byggingar- og landnámssjóður var stofnaður með lögum 1928. Fáum árum síðar voru sett lögin um verkamannabústaði. Og þá voru ákveðin lán úr þessum sjóðum með lágum vöxtum. Einnig var svo um langan tíma, að menn áttu kost á því að fá lán úr ræktunarsjóði og fiskveiðasjóði með lægri vöxtum en algengir voru á þeim tíma. Það var lagt fram fé úr ríkissjóði til að lækka vexti af lánum þessara sjóða. Þar kom fram stuðningur hins opinbera við uppbygginguna í landinu. Þörfin fyrir þann stuðning er enn fyrir hendi, og möguleikar hins opinbera til að veita slíkan stuðning eru áreiðanlega ekki minni en áður var. Þegar framlögin til byggingar- og landnámssjóðs hófust 1929. voru ríkistekjurnar um 10 millj. kr. Nú eru þær áætlaðar, samkv. fjárlfrv., sem fyrir liggur, yfir 2000 millj. Á þeim tíma, 1929, námu fjárframlögin frá ríkissjóði til byggingar- og landnámssjóðs og ræktunarsjóðs um 2,8% af ríkistekjunum. Við sjáum af því, að það væri há upphæð, sem þessir sjóðir fengju, ef það væri eitthvað í líkingu við það, sem þá var, í hlutfalli við ríkistekjurnar.

Vegna dýrtíðarinnar er nú mjög mikil þörf á að veita fólki aðstoð við að koma upp íbúðarhúsum með hagstæðum lánakjörum, bæði hvað snertir vexti og lánstíma. Einnig þarf að styðja nauðsynlega uppbyggingu í atvinnurekstri með hagkvæmum stofnlánum. Á þann hátt þarf að styðja fjöldann til sjálfsbjargar, og eins og áður er það Alþingi, sem á að ákveða þessa aðstoð. Við teljum ekki rétt, að það sé ríkisstj., sem ákveði þetta. Það á Alþingi að gera, eins og áður var. En þetta er ekki eina dæmið um, að ríkisstj. sú, sem nú starfar, hafi hrifsað til sín vald, sem áður hefur verið hjá þinginu. Má í því sambandi nefna gengisskráninguna, það var deilumál á síðasta þingi.

Þá er, eins og ég sagði áður, lagt til í þessu frv., að afnumin verði heimild Seðlabankans til þess að heimta hluta af sparifé innlánsstofnana inn á bundna reikninga. Hæstv. viðskmrh. gaf þær upplýsingar fyrr á þessu þingi, að bundna sparifé mundi nema þá um 400 millj. kr., ef ég man rétt. Heimild Seðlabankans til bindingar á sparifé hefur verið notuð þannig, að bankinn hefur eigi aðeins krafið viðskiptabanka og aðrar stærri innlánsstofnanir um hluta af sparifjáraukningunni, heldur einnig minni sparisjóði og innlánsdeildir, sem hafa svo lítið sparifé í sínum vörzlum, að binding á hluta af því hefur engin áhrif á þróun peningamálanna í landinu. En þó að þar sé ekki um stórar upphæðir að ræða, miðað við heildarveltu peningastofnana landsins, verður burtflutningur þeirra úr héruðunum, þar sem þessar litlu innlánsstofnanir eiga heima, til þess að auka þá erfiðleika, sem þar eru við að vegna vöntunar á fjármagni. Lánsfjárþörfin er stórum meiri en áður vegna dýrtíðarinnar. Menn vantar fé að láni til að byggja íbúðarhús og atvinnuhúsnæði, til að kaupa framleiðslutæki og einnig til atvinnurekstrar. Hér þarf mikið fé. Sparifé þarf að vera í umferð. Því fylgir engin verðbólguhætta. Það verður áreiðanlega fullerfitt að fullnægja lágmarksþörfinni fyrir lánsfé, þótt sparifé sé notað. Það verður ekki hægt að leggja fram eða útvega nægilegt fé til nauðsynlegustu framkvæmda og atvinnurekstrar, ef haldið verður áfram að binda

hundruð milljóna af sparifénu í Seðlabankanum.

Í máli þessu hefur verið sýnt fram á: Í fyrsta lagi, að háu vextirnir hvíla mjög þungt á öllum þeim fjölda, sem þarf á lánsfé að halda til nauðsynlegrar uppbyggingar, öflunar atvinnutækja og atvinnurekstrar. Vaxtahækkunin hefur ekki tryggt hagsmuni sparifjáreigenda. Hagur þeirra hefur stórversnað, síðan vextirnir voru hækkaðir. Í öðru lagi, að enn þarf sem fyrr að styðja nauðsynlegar framkvæmdir og framleiðslustarfsemi með hagkvæmum stofnlánum til bygginga og til atvinnuveganna, og Alþingi á að ákveða vexti og lánstíma hjá þeim lánasjóðum. Í þriðja lagi, að lánsfé skortir til nauðsynjaframkvæmda, svo sem húsbygginga, kaupa á atvinnutækjum og til atvinnurekstrar, og ekki er sjáanlegt, að fært sé að bæta úr lágmarksþörfinni fyrir lánsfé, ef haldið verður áfram að taka sparifé til bindingar í Seðlabankanum, eins og nú er gert. Heimildina til þess ætti því að nema úr lögum.

Að öðru leyti vísa ég til nál. þess, sem ég gaf út 31. okt. um þetta mál og er á þskj. 74, og ég legg til, herra forseti, að frv. þetta verði samþykkt.

Frsm. 2. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram, var fjhn. d. ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Þrír nm., þ. e. a. s. stuðningsmenn stjórnarflokkanna, vilja láta fella frv., en við tveir viljum láta samþykkja það, hv. 1. þm. Norðurl. v. og ég Ég hef gefið út nál. á þskj. 80 um mína afstöðu.

Meginefni þessa frv. er um það, að lækka skuli vexti niður í það, sem þeir voru, áður en efnahagsmálalögin frá 1960 voru sett. Þessu meginefni frv. er ég samþykkur og við Alþb.-menn. Við höfum flutt hér á þinginu till., sem fara í sömu átt, en ganga þó allmiklu lengra. Ég tel t. d., að það sé full ástæða til þess að gera nokkru meiri lækkun á vöxtum af svonefndum afurðalánum en gert er ráð fyrir í þessu frv. En eigi að síður er ég auðvitað samþykkur því, sem þetta frv. leggur til, þar sem það stefnir þar í rétta átt. Því atriði frv., sem gerir ráð fyrir, að afnumin verði þau ákvæði, að Seðlabankinn geti ákveðið útlánsvexti ýmissa stofnlánasjóða, er ég einnig samþykkur. Eins og kunnugt er, hefur þessi heimild leitt til þess, að vextir af lánum þessara stofnlánasjóða hafa verið hækkaðir allmikið frá því, sem þeir höfðu verið um langan tíma. En við Alþb.-menn höfum einnig flutt hér á þinginu till., sem fara í þá átt að lækka þessa vexti á stofnlánum a. m. k. til samræmis við það, sem áður var, eða áður en efnahagslögin frá í febrúar 1960 voru sett.

Ég sé ekki neina ástæðu til þess að fara að taka hér upp langar umr. um þann ágreining, sem er raunverulega á milli minni hl. og meiri hl. n. um afstöðu til þessara mála. Þessi mál hafa verið rædd hér allmikið og undir fleiri dagskrárliðum en þessum. En sem sagt, afstaða okkar Alþb.-manna er sú, að við styðjum þetta frv., svo langt sem það nær, þótt við hefðum kosið, að það hefði náð nokkru lengra en það gerir í ýmsum efnum.

ATKVGR.
1. gr. felld með 19:15 atkv.
2. gr. felld með 18:13 atkv.
3. gr. felld með 18:15 atkv.
4. gr. felld með 18:13 atkv.
Frv. þar með fallið.

Lagafrumvörp afgreidd með rökstuddri dagskrá.

1. Jafnvægi í byggð landsins.

Á 13. fundi í Nd., 8. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins [84. mál] (þmfrv., A. 104).

Á 17. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Hæstv. forseti. Frv. það á þskj. 104, um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, sem nú er tekið fyrir til 1. umr., er flutt af 5 þm. þessarar hv. d. Þessu frv. fylgir grg., og leyfi ég mér að vísa til hennar.

Í þjóðsögum segir sums staðar frá gullkistum, sem fólgnar voru hér á landi, stundum í jörðu niðri, stundum á ógengum fjallatindum. Þegar leitað var að þessum gullkistum, birtist mönnum venjulega einhver stórkostleg sýn, sem raunar var glapsýn, og urðu frá að hverfa. Vissulega er þetta þjóðsöguefni táknrænt fyrir það, sem nú er fram komið. Tækni vorra tíma er nú í þann veginn að ljúka upp gullkistum þessa lands og sumum hefur hún þegar lokið upp. Það kemur þá líka í ljós, að gullkistur Íslands eru ekki allar fólgnar í einum hól eða uppi á sama fjallstindi, því að um allt Ísland, út til yztu miða og innst til dala, glóir hið rauða gull framtíðarinnar í skini hinna nýju raunvísinda þessarar aldar. Í öllum sveitum eru ræktunarskilyrði, og víðast hvar reynast þau góð, þegar vélarnar og tilbúni áburðurinn koma til sögunnar. Fiskimið okkar vilja og sumir telja hin beztu í heimi, og þau eru á öllum grunnum allt umhverfis landið. Jarðhiti er í flestum eða öllum sýslum landsins. Til dæmis um útbreiðslu þeirra auðlinda skal ég nefna það, að á austanverðu Norðurlandi hefur jarðhitadeild raforkumálaskrifstofunnar skráð jarðhita á rúmlega 90 stöðum, sem dreifðir eru um allt svæðið frá Ólafsfirði til Þistilfjarðar. Langt norður á Ströndum eru heitar lindir, þótt þær séu að litlu gagni nú sakir einangrunar og strjálbýlis. Alls munu nú taldir í landinu 700—800 jarðhitastaðir og geta verið fleiri, því að það mál er ekki að fullu rannsakað, og nú eru Íslendingar byrjaðir að bora eftir jarðhita eins og úti í heimi er borað eftir olíu, sem m. a. er síðar notuð til að hita vatn. Í óbyggðunum milli Norður- og Austurlands bíður Dettifoss þess, að honum verði leyft að „bæta lands og lýðs vors kjör", eins og skáldið komst að orði fyrir hálfri öld, og sagt er, að fallvötn, sem dreifð eru um land allt, geti framleitt um 35 þús. millj. kwst. á meðalári, eftir því sem fróðir menn um þau efni telja.

En einmitt um það leyti, sem tæknin virðist vera í þann veginn að opna gullkistur þessarar þjóðar, gullkistu í hverjum landshluta og jafnvel í hverri byggð, er eins og sjónhverfing þjóðsögunnar hafi endurtekið sig. Þróun undanfarinna ára bendir í þá átt, að Íslendingar séu að flytja saman, a. m. k. að miklu leyti, í eina mikla borgarbyggð á litlu svæði, að börn byggðanna hverfi þaðan, þegar að því kemur, að þau geti notið þeirra fjársjóða, sem þar hafa legið ónotaðir til þessa dags, og má segja, að það séu meinleg örlög.

Í upphafi grg. með frv. því, sem hér liggur fyrir á þskj. 104, eru birtar tölur, sem gefa nokkra hugmynd um þá miklu röskun á jafnvægi í byggð landsins, sem orðið hefur á síðustu áratugum. Þessar tölur eru reiknaðar út samkv. manntalsskýrslum hagstofunnar og sýna þá breytingu, sem orðið hefur á fólksfjölda í einstökum landshlutum á tímabilinu 1941—61. Við þennan útreikning er landinu skipt í sex hluta, og ræður fjórðungaskipun eða landfræðileg sjónarmið þeirri skiptingu. En landshlutarnir eru Kjalarnesþing vestanfjalls, Vesturland sunnan Gilsfjarðar, Vestfirðir, Norðurland, Austurland og Suðurland austanfjalls að meðtöldum Vestmannaeyjum. Það kemur í ljós, að þjóðinni í heild hefur á tímabilinu 1941—61 fjölgað um rúmlega 48%, eða nánar talið, að ég ætla, 48,2%. En í hverjum einstökum landshluta er breytingin sú, sem nú skal verða sagt, eða því sem næst. Á Vestfjörðum hefur íbúum fækkað um 18% á þessu tímabili, á Austurlandi hefur orðið 4% fjölgun, á Norðurlandi 11%, á Suðurlandi 18% og á Vesturlandi sunnan Gilsfjarðar 22%. Í þessum fjórum landshlutum var því um hlutfallslega fólksfækkun að ræða, því að þjóðarfjölgunin var um 48%. En í Kjalarnesþingi fjölgaði á sama tíma um 112%. Í sex samliggjandi sveitarfélögum við innanverðan Faxaflóa hækkaði íbúatalan á þessu tímabili úr um 43400 upp í um 90600. Þar er um að ræða landssvæði, sem ýmsir hagfróðir menn eru farnir að kalla Reykjavíkursvæðið eða Stór-Reykjavík. Þangað liggur straumur fólksflutninganna fyrst og fremst og hefur lengi legið.

Að dómi okkar flm. þessa frv. og margra annarra er sú þróun, sem þarna er um að ræða, mjög varhugaverð fyrir land og þjóð, og ekki aðeins

þá landshluta, sem eiga í vök að verjast, af því að þeir eiga við beina eða hlutfallslega fólksfækkun að stríða, heldur einnig fyrir höfuðborgina og nágrenni hennar, þar sem offjölgunin á sér stað. Hún á erfitt með að valda sumum þeim verkefnum, sem á hana hlaðast vegna of mikils vaxtarhraða, og þar getur af þeim sökum orðið erfiðara en ella að byggja upp nægilega traust atvinnulíf á komandi tímum. Það ætti því að okkar dómi að vera sameiginlegt áhugamál allra landsmanna að stuðla að því, að fólksfjölgunin verði jafnari hlutfallslega í hinum einstöku landshlutum en hún hefur verið undanfarið. En það er það, sem almennt er átt við með jafnvægi í byggð landsins, að íbúum einstakra landshluta fjölgi um svipaðan hundraðshluta og þjóðinni í heild. Og mér virðist eftir atvikum, eins og sakir standa, að þá sé eðlilegt að miða við þá landshluta, sem ég hef áður nefnt, þótt ekki sé beinlínis tekið fram í frv., að svo skuli vera.

Þó að það þyki jafnvel ekki koma þessu máli beinlínis við, get ég ekki stillt mig um að minna á það í þessu sambandi, hvílíkt öryggi og hvílík trygging hefur verið í því fólgin alla tíð fyrir þessa þjóð á ýmsum tímum, að byggð landnemanna af sama stofni dreifðist um landið í öndverðu og hélzt í því horfi síðan. Það er hægt að gera sér ýmislegt í hugarlund, sem af því hefði getað leitt, ef hið forna norræna þjóðríki hefði aðeins tekið yfir hluta af landinu og aðrir landshlutar byggzt öðrum ættstofni. Við vitum það líka á síðari öldum, hvernig landshlutarnir á víxl hafa stundum varizt hallærum og sóttum í mönnum og bústofni og þannig orðið þess umkomnir að veita hinum hjálp beint eða óbeint. Þannig hefur dreifing byggðarinnar dregið úr áhættu þjóðarinnar í heild. En því hefur alltaf fylgt viss áhætta fyrir þjóð, hver sem hún er, að safnast um of saman á einn stað, þótt þéttbýli hafi vissulega einnig sína kosti. Við, sem nú lifum, höfum ekki síður en fyrri kynslóðir ástæðu til þess að gera okkur grein fyrir áhættunni, sem stórri borgarbyggð fylgir í ýmsum tilfellum, og tilsvarandi kostum dreifðrar byggðar.

Alllangt er nú liðið, síðan byrjað var að komast svo að orði hér á Alþingi og víðar, að nauðsyn bæri til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og hefja á vegum ríkisins sérstaka og sjálfstæða starfsemi í því skyni, þótt hingað til sé varla hægt að segja, að af því hafi orðið. En það er ekki aðeins hér á landi, sem mönnum hefur dottið slíkt í hug. Fyrir einum áratug eða svo hófust frændur vorir Norðmenn handa um sérstakar jafnvægisráðstafanir í sínu landi. Þá var það, að hin svonefnda Norður-Noregsáætlun var gerð og lög sett til að stuðla að framgangi hennar. Þessi áætlun og tilheyrandi löggjöf tók til þeirra landshluta í Noregi, sem að fornu nefndust Hálogaland og Finnmörk. Hér mun um að ræða meir en þriðjung alls Noregs að flatarmáli, en íbúatalan nokkuð yfir 400 þús. manns, eða um 12% af íbúatölu landsins. Athyglisvert er það og til samanburðar í þessu, að syðsti hluti Hálogalands er á svipuðu breiddarstigi og Norðurland og Finnmörk miklu norðar, allt norður á 71. breiddarstig. Ekki telja Norðmenn þó, að leggja beri þessar byggðir í eyði, enda er þar mikill náttúruauður eins og hér, m. a. vatnsafl.

Árið 1952 ákvað Stórþingið að sjá jafnvægissjóði Norður-Noregs fyrir fjármagni að upphæð nokkuð mikið á annan milljarð ísl. kr., auk ýmiss konar sérstakra fjárveitinga úr ríkissjóði Noregs, og jafnframt voru með lögum gerðar sérstakar ráðstafanir í skattamálum, sem miðuðu að flutningi fjármagns til Norður-Noregs úr öðrum landshlutum og hafa haft mikil áhrif í þá átt. Alls nemur fjármagnsflutningurinn til Norður-Noregs gegnum sjóðinn og á annan hátt allmörgum milljörðum ísl. kr. nú orðið, samkv. því, sem ráða má af skýrslum. Veitt hafa verið mjög hagstæð lán til framkvæmda í Norður-Noregi, t. d. til 20 ára, sem er algengt, með 2½% eða 3½% í vexti, stundum vaxta- og afborgunarlaust tiltekinn tíma, og sjóðsstjórninni hefur verið heimilað að leggja hlutafé í atvinnufyrirtæki, þegar sérstaklega stóð á. Ég hef haft undir höndum opinberar skýrslur frá Noregi, sem sýna, að á áætlunartímabilinu, sem tók yfir 8 ár, hefur orðið mikill vöxtur og miklar framfarir í öllum helztu atvinnugreinum Norður-Noregs, mest þó í iðnaðinum, enda virðist raforkuframleiðslan hafa nálega þrefaldazt á þessum tíma í þeim landshluta. Ráðamenn Noregs hafa sýnt í verki, að þeim er ljóst mikilvægi þessa máls, og halda nú starfseminni áfram á breiðari grundvelli en fyrr samkv. nýrri löggjöf frá árinu 1961.

Hér á landi hefur á síðasta áratug verið nokkur viðleitni í sömu átt af hálfu löggjafarvaldsins. Má þar m. a. nefna hið svonefnda atvinnuaukningarfé. Í framhaldi af þeim fjárveitingum hefur nú verið stofnaður með lögum svonefndur atvinnubótasjóður, og er nokkuð að því vikið í grg. frv. Skal ég ekki fjölyrða um það hér. Í því sambandi vil ég aðeins taka það fram, að við flm. teljum það verkefni enn óleyst að koma hér upp sjálfstæðri og sérstakri stofnun, sem eigi og hafi til þess viðunandi fjárráð að sinna því hlutverki til frambúðar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 104, er tilraun til að leysa þetta viðfangsefni, og skal ég nú fara um það nokkrum orðum sérstaklega, þ. e. a. s. efni frv.

Stefnan, sem í þessu frv. felst, er mörkuð í 1. gr. þess, en þar segir svo, að tilgangurinn sé að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með rannsóknarstörfum, áætlunargerð og fjárhagslegum stuðningi til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í þeim landshlutum, þar sem bein eða hlutfallsleg fólksfækkun hefur átt sér stað undanfarið eða er talin yfirvofandi. Er svo jafnframt lagt til, að stofnaður verði jafnvægissjóður, sem annist hinn fjárhagslega stuðning samkv. frv., og í hann lagt 1½% af tekjum ríkissjóðs ár hvert, í fyrsta sinn af ríkistekjum ársins 1962, en fyrir það ár mundi þessi hundraðshluti nema um 26 millj. kr., miðað við fjárlög þess árs.

Frv. á þskj. 104 er í tveim köflum. I. kafli er um tilgang l. og störf jafnvægisnefndar, II. kafli um jafnvægissjóð. Gert er ráð fyrir, að Alþingi kjósi 5 manna jafnvægisnefnd í byrjun kjörtímabils, að hún sé jafnframt stjórn sjóðsins, en Framkvæmdabanki Íslands hafi með höndum

daglega afgreiðslu, að n. haldi að jafnaði fund einu sinni í mánuði, en ráði sér starfsmenn með samþykki ráðh. Þarna yrði þá um að ræða sjálfstæða stofnun, sem starfaði að framkvæmd l. og hefði fastan samastað og starfsaðstöðu, sem verið gæti á vegum bankans. Þessari stofnun er ætlað að fylgjast með þróun landshluta og byggðarlaga, afla nauðsynlegra upplýsinga, gera skýrslur og áætlanir um framkvæmdir í einstökum byggðarlögum í því skyni, að með þeim sé stuðlað að jafnvægi í byggð landsins. Við áætlunargerð yrði haft samráð við hreppsnefndir, bæjarstjórnir og sýslunefndir og hliðsjón höfð af þessum áætlunum við ráðstöfun fjár úr sjóðnum. Ákvæði, sem að þessu lúta, í 2., 3., 4., 5., 6. og 7. gr. frv., eru að miklu leyti shlj. tilsvarandi ákvæðum í frv., sem samþ. var í Ed. Alþingis árið 1956.

Í II. kafla frv. eru svo nánari ákvæði um jafnvægissjóðinn og þá fyrst og fremst um fjárráð hans og hvernig fé hans skuli ráðstafað í meginatriðum. Í þessum kafla eru ýmis nýmæli, sem er ekki að finna í frv. þeim, sem áður hafa legið fyrir Alþingi. Er þá fyrst að nefna það nýmælið, að gert er ráð fyrir, að sjóðurinn fái umráð yfir tilteknum hundraðshluta, 1½%, af tekjum ríkisins, eins og þær verða ár hvert. Með þessu á að vera tryggt, að starfsmöguleikar jafnvægisstofnunarinnar rýrni ekki, þó að peningar falli í verði, en af biturri reynslu þekkja menn, hvernig framlög ríkisins til verklegra framkvæmda úti um land hafa farið hlutfallslega lækkandi ár eftir ár, miðað við umsetningu fjárlaga.

Á þessu sviði á slíkt ekki að geta gerzt, ef 9. gr. frv. verður samþ. Starfsemi sjóðsins yrði samkv. frv. einkum fólgin í útlánum og yrðu lánskjör ákveðin af sjóðsstjórn hverju sinni, svo og tryggingar fyrir lánunum. Óafturkræf framlög koma einnig til greina samkv. þessum ákvæðum, þ. e. a. s. ákvæðum 11. gr. frv. Í frv. eru einnig ákvæði, sem eiga að koma í veg fyrir, að lánveitingar annarra stofnana til hlutaðeigandi landshluta verði rýrðar óeðlilega í sambandi við starfsemi jafnvægissjóðsins, þ. e. a. s. honum ætlað að inna af hendi lánveitingar, sem aðrar lánsstofnanir hafa nú með höndum. Heimilað er í 10. gr. frv. að veita sveitarfélögum lán til að koma upp íbúðum, og vísa ég um það efni til þess, sem sagt er í grg. frv. Í 14. gr. er heimilað, að sjóðurinn gerist, ef sérstaklega stendur á, meðeigandi í fyrirtæki, og er þar höfð hliðsjón af norsku lögunum, sem ég minntist á áðan, frá 1952. Ef sjóðurinn veitir sveitarfélögum íbúðalán, er gert ráð fyrir, að hann geti aflað sér lánsfjár til þess, a. m. k. að einhverju leyti, og eru ákvæði um það í 12. gr. frv. Við sumar ákvarðanir er krafizt aukins meiri hl. í jafnvægisnefnd eða sjóðsstjórn, og verður það að teljast eðlilegt.

Um ákvæði 13. gr. frv. er ástæða til að fara nokkrum orðum sérstaklega. Þar er gert ráð fyrir þeim möguleika, að sérstök byggðarlög, eitt eða fleiri saman, kunni að vilja og telja sér fært að stofna sérstakan jafnvægissjóð og taka í sínar hendur á sínu svæði þá starfsemi, sem frv. gerir ráð fyrir. Telja flm. rétt að greiða fyrir því, að svo geti orðið, en þá auðvitað með hliðsjón af þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið samkv. frv.

Í stuttu máli sagt vakir það fyrir þeim, sem að þessu frv. standa, að lögð verði á ráð um margs konar framkvæmdir og framfarir, einkum á sviði atvinnumála, beint eða óbeint, í þeim landshlutum, sem eiga í vök að verjast vegna beinnar eða hlutfallslegrar fólksfækkunar, og inn í þessa landshluta yrði veitt fjármagni, sem þeir mundu ekki fá að öðrum kosti með viðhlítandi kjörum.

Á þessu stigi teljum við ekki gerlegt að setja í lög nákvæmari reglur um starfsemi jafnvægissjóðs eða jafnvægisstofnunarinnar í heild, sem hér er gert ráð fyrir. Við lítum svo á, að þessi starfsemi verði að mótast smám saman af rannsóknum og reynslu og áætlunum þeim, sem væntanlega verða gerðar. Á það vil ég leggja áherzlu, að við erum þess fullvissir, að þær ráðstafanir, sem hér er um að ræða, muni verða allri þjóðinni til hagsbóta og þá ekkert síður þeim landshluta, sem fjölmennastur er eða verður, því að of mikið aðstreymi fólks hefur líka sínar dökku hliðar eins og fólksflóttinn og skapar margs konar erfiðleika og stundum fjárútlát umfram það, sem ella væri. En umfram allt skulum við hafa það í huga sem þjóð, að það er köllun Íslendinga í veröldinni að byggja þetta land. Það er eitt helzta, ef ekki hið helzta sjálfstæðismál þjóðarinnar, að halda landinu í byggð og það af ýmsum ástæðum. Við íhugum það allt of sjaldan, Íslendingar, hvílíkt ævintýri það er og náðargjöf forsjónarinnar, ef svo mætti segja, að við 180 þús. manns skulum eiga einir þetta stóra, góða og gjöfula land með óteljandi möguleika til framfara fyrir miklu stærri þjóð. Og við skulum ekki vera allt of viss um, að okkur haldist uppi skaðlaust að óvirða þá gjöf og láta hana falla í auðn og vanhirðu. Ef einhverjum þykir farið hér fram á of mikla fjármuni úr almannasjóðum til að sýna landinu sóma, þá hafi sá í huga það, sem skáldið sagði í konungsgarði: Það er dýrt að vera Íslendingur, en borgar sig samt, og þjóðin mun taka sín laun, ef hún er köllun sinni trú.

En það er ekki einu sinni ástæða til að ganga út frá því, að hér þurfi endilega að vera um einhvers konar fjárhagslega fórn að ræða, þó að stuðlað sé að jafnvægi í byggð landsins. Það væri þarft verk að koma í veg fyrir þann misskilning, sem stundum ber á, að hin fámennari byggðarlög og atvinnurekstur þeirra sé yfirleitt byrði á þjóðarbúskapnum. Athuganir leiða í ljós, að t. d. í sumum fámennum sjávarplássum skilar hver íbúi að meðaltali svo mikilli gjaldeyrisvöruframleiðslu í þjóðarbúið, að athygli vekur. Sem dæmi skal ég nefna, að í 5 fámennum sjávarplássum á Norður-, Austur- og Vesturlandi, sem höfðu samtals tæplega 1500 íbúa árið 1961, voru á því ári lögð á land nálega 15 þús. tonn sjávarafla og unnið úr honum á þessum stöðum. Víða í sveitum er framleiðslan líka án efa mjög mikil, ef reiknað er á sama hátt. Og talið er, að bændur leggi hlutfallslega mest fram allra stétta af tekjum sínum og vinnu í fjárfestingu til að bæta landið. En þar, sem fjármagn skortir og tækni er af skornum skammti, verður framleiðslan auð-

vitað nokkuð á annan veg. Framleiðslan takmarkast af þeim atvinnutækjum, sem til eru, og þar með að sjálfsögðu fólksfjöldinn. En óhætt mun vera að gera ráð fyrir því, að hagnýt þjóðarframleiðsla minnki ekki, heldur vaxi við aukið jafnvægi í byggð landsins.

Það er hvorki skynsamlegt né framkvæmanlegt að halda því til streitu, að hvergi megi leggjast niður byggt ból eða færa til byggð á þeim stað, sem hún hefur einu sinni staðið á. En slíkt ætti ekki að láta ske nema að vel athuguðu máli. Það er alltaf eitthvert tjón af því að yfirgefa björgulega staði og þau verðmæti, sem þar eru, jafnvel þótt slíkir staðir kunni að vera í afdölum, eyjum eða útnesjum, og illt að slíkt skuli þurfa að eiga sér stað sakir vanrækslu af hálfu þjóðfélagsins. Frá því marki má ekki hvika, að jafnvægi sé milli landshluta. Að því marki ber að stefna á þann hátt, sem framkvæmanlegt reynist. Um leiðir að því marki leyfi ég mér að vísa til þess, sem rætt er í grg. frv. um það efni, en um það mætti að sjálfsögðu margt fleira segja, þó að það verði ekki gert nú.

Ég leyfi mér svo að leggja til, hæstv. forseti, að frv. á þskj. 104 verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 104, n. 363 og 379).

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Um þetta mál hefur ekki orðið samkomulag í fjhn., eins og fram kemur af tveimur nál. á þskj. 363 og 379, en í stórum dráttum var afstaða meiri hl. sú, að í raun og veru væri þetta frv. óþarft, en með löggjöfinni um atvinnubótasjóð frá s. l. þingi hefði í meginatriðum verið lögfest það, sem lagt er til, að hér verði lögfest. Þar af leiðandi leggjum við til, að málinu sé vísað frá með rökst. dagskrá, eins og fram kemur á þskj. 363. Það skal að vísu viðurkennt, að samkv. þessu frv., ef að lögum yrði, væri miklu meira fé til umráða til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og á annan hátt að vinna að tilgangi þessa frv., sem er svipað í meginatriðum og lögin um atvinnubótasjóð, en það út af fyrir sig gefur ekki tilefni til þess að flytja um slíkt mál sérstakt frv. Auðvitað mætti eins afla atvinnubótasjóðnum meiri tekna, enda voru till. fluttar um það á þinginu í fyrra, þegar það mál var afgreitt, um meiri tekjuöflun til atvinnubótasjóðsins.

Það má segja, að það hafi eiginlega sami ágreiningur komið fram við afgreiðslu málsins um atvinnubótasjóð á þinginu, eins og kemur fram í nál. á þskj. 320 frá fjhn. frá s. l. þingi, en þá taldi hv. 1. þm. Norðurl. v., sem mælir nú fyrir frv. og skilar nál. á þskj. 379, að það væri æskilegra, að það kæmi skýrar fram í sjálfu frv. um atvinnubótasjóðinn, að megintilgangur l. væri að vinna að jafnvægi í byggð landsins, og vildi þá láta breyta nafni sjóðsins í jafnvægissjóð í staðinn fyrir atvinnubótasjóð. Aðrir nm. í fjhn. töldu þá hins vegar, að frv. um atvinnubótasjóðinn í heild tryggði að fullu það, sem fram var tekið í þáltill. frá 29. marz 1961, ef samþ. yrðu brtt., sem n. flutti, en það var á grundvelli þessarar þáltill., sem frv. um atvinnubótasjóð var samið, en brtt. n. voru einmitt þær, að það var bætt inn í l. um atvinnubótasjóð að veita lán eða styrki til þess að auka framleiðslu á þeim stöðum í landinu, þar sem þörfin er brýnust, og stuðla þannig að aukinni atvinnu og jafnvægi í byggð landsins.

Í grg. fyrir frv. til l. um atvinnubótasjóðinn var vitnað til þess, að það frv. hefði verið samið af félmrn. samkv. þáltill. frá 29. marz 1961 og við samningu þess hefði verið höfð hliðsjón af hinum ýmsu frv., sem áður hafa verið til meðferðar á Alþingi, svo og af þeirri reynslu, sem fengizt hefur af meðferð atvinnuaukningarfjárins á undanförnum árum, en hér er vitnað til ýmissa frumvarpa, sem áttu að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, og till., sem fram höfðu komið um það efni.

Varðandi svo annan þátt þessa frv. en fjárupphæðina, sem til ráðstöfunar yrði, vildi ég telja um þá áætlunargerð, sem ráðgerð er í I. kafla frv., að það sé að verulegu leyti fyrir henni séð með þeim áætlunum, sem ríkisstj. hefur beitt sér fyrir í sambandi við samningu framkvæmdaáætlunarinnar, og einnig af þeim sökum sé ekki sérstök ástæða til þess að samþykkja þetta frv.

Nú vil ég ekki segja, að það mætti ekki margt betur fara í l. um atvinnubótasjóðinn og eitthvað mætti herða á ákvæðum þar, sem lúta að því að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, eins og það er kallað. En ég hefði talið eðlilegt, að það fengist nokkur reynsla af starfsemi sjóðsins og sjóðsstjórnarinnar og breytingar, sem síðar kynnu að verða gerðar og verða sjálfsagt gerðar á þeirri löggjöf, byggðust þá á fenginni reynslu í þessu sambandi.

Með vísun til þess, sem ég nú hef sagt, leggjum við til í meiri hl. fjhn. á þskj. 363, eins og ég sagði áðan, að málið verði afgreitt með eftirfarandi rökst. dagskrá, sem ég vil leyfa mér að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem frv. felur ekki í sér nein nýmæli, sem máli skipta, umfram það, sem þegar hefur verið lögfest í lögum um atvinnubótasjóð frá síðasta þingi, en tilgangur þeirrar löggjafar er fyrst og fremst að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og að hagnýtingu góðra framleiðsluskilyrða í landinu, og einnig þegar séð fyrir þeirri áætlanagerð, sem frv. ráðgerir og úthlutun fjármagns skuli byggjast á, sbr. fyrirhugaða framkvæmdaáætlun ríkisstj., telur d. samþykkt frv. með öllu óþarfa og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Frv., sem hér liggur fyrir, er um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Í I. kafla segir, að tilgangur l. sé að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með rannsóknarstörfum, áætlanagerð og fjárhagslegum stuðningi til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í þeim lands-

hlutum, þar sem bein eða hlutfallsleg fólksfækkun hefur átt sér stað að undanförnu eða er talin vofa yfir. Í frv. er ákvæði um stofnun jafnvægissjóðs, en úr honum á að veita lán til hvers konar framkvæmda, sem að dómi sjóðsstjórnar eru til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, þ. á m. til kaupa á atvinnutækjum. Þá segir einnig, að heimilt sé að veita styrki eða óafturkræf framlög úr sjóðnum, ef sérstaklega stendur á og ef a. m. k. 4 af 5 nm., sem stjórna sjóðnum, samþykkja það. Samkv. frv. er til þess ætlazt, að til jafnvægissjóðs renni árlega 1½% af tekjum ríkissjóðs samkv. ríkisreikningi og síðan vextir af eignum sjóðsins. Til þess er ætlazt, að sameinað Alþingi kjósi að loknum alþingiskosningum hverju sinni 5 manna nefnd, er nefnist jafnvægisnefnd. Það er verk þessarar n. að gera áætlanir um framkvæmdir í einstökum byggðarlögum, enda séu þær við það miðaðar, að með þeim sé stuðlað að jafnvægi í byggð landsins. Þessar áætlanir á n. að jafnaði að gera í samráði við sýslunefnd, bæjarstjórn eða hreppsnefnd, eina eða fleiri, á þeim svæðum, þar sem aðstoð samkv. l. er talin koma til greina. Jafnvægisnefnd á að safna efni til skýrslugerðar og láta árlega gera skýrslur um þau atriði, sem máli þykja skipta í sambandi við verksvið hennar.

Með þessu frv. er að því stefnt, að öll byggð haldist og eflist í landinu, þar sem lífvænleg skilyrði eru á annað borð. Stefnt er að því, að þjóðin haldi áfram að byggja alla slíka staði í landi sínu. Það er skoðun flm., að lífvænlega staði ætti ekki að yfirgefa, heldur stefna að því að gera fólki kleift að koma atvinnurekstri sínum og aðstöðu í samræmi við það, sem hæfilegt má teljast og óhjákvæmilegt á hverjum tíma. Á það er bent í grg. með frv., að ráðið til þess að hindra beina eða hlutfallslega fólksfækkun í einhverjum landshluta geti m. a. verið það að koma þar upp þéttbýlishverfum eða efla kaupstaði og kauptún, sem fyrir eru á þeim landssvæðum. Það gæti verið skynsamlegt að stuðla að því, að upp rísi nýjar viðskipta- og iðnaðarmiðstöðvar í sveitum landsins. Gæti það orðið mjög til eflingar byggðinni í viðkomandi landshlutum. Ef fólksfjöldi ykist á slíkum þéttbýlum stöðum, þótt þangað drægist eitthvað af fólki úr umhverfi þeirra, þá gæti það verið mjög til hagsbóta fyrir hlutaðeigandi landshluta, ef þetta réði úrslitum um það, að hann gæti haldið sínum hlut í þjóðfélaginu. Það er ekki til þess ætlazt, að jafnvægisstarfsemin verði fólgin í atvinnuleysisráðstöfunum, sem svo mætti nefna, eða að örva þjóðhagslega óhagkvæma framleiðslu á vissum stöðum, heldur í hinu, að gera fólki kleift með aðstoð fjármagns og tækni að grundvalla búsetu sína, lífsafkomu og menningu á náttúrugæðum til lands og sjávar, hvar sem þau eru, og að reyna með skynsamlegum ráðum að koma í veg fyrir, að landsbyggðin eyðist eða dragist svo aftur úr, að framtíðarvonir heilla landshluta verði að engu gerðar.

Hv. meiri hl. fjhn. hefur ekki viljað á það fallast að mæla með frv., en leggur til, að það verði afgreitt með rökst. dagskrá. Í dagskránni segir um atvinnubótasjóðinn, sem löggjöf var sett um á síðasta þingi, að tilgangurinn með þeirri löggjöf hafi verið fyrst og fremst að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og að hagnýtingu góðra framleiðsluskilyrða í landinu. Ég verð að gera aths. við þetta hjá hv. meiri hl. Ég tel, að þetta sé ekki rétt, að tilgangur l. um atvinnubótasjóð hafi fyrst og fremst verið þessi, sem nefndur er í dagskrártill., að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Þegar frv. um atvinnubótasjóð var lagt fyrir á síðasta þingi af hæstv. stjórn, var sagt í grg., sem því fylgdi, að höfuðmarkmið með því væri að vinna gegn atvinnuleysi og að aðaltilgangurinn, þ. e. að útrýma atvinnuleysi, ætti jafnan að sitja í fyrirrúmi. Og um þetta eru bein ákvæði í 4. gr. l. um atvinnubótasjóð. Þar segir, að ráðstafanir af hálfu sjóðsstjórnar til að útrýma atvinnuleysi eigi jafnan að sitja í fyrirrúmi fyrir því að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Ég vil einnig benda á það, að starf þeirrar stjórnar, sem hefur atvinnubótasjóðinn í sínum höndum, hefur verið og er við þetta miðað. Það er ekki fyrst og fremst miðað við það að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Það mun vera þannig, að þetta atvinnubótafé, sem nú er 10 millj., mun að langmestu leyti fara til þess að veita einstökum mönnum og fyrirtækjum lán til skipakaupa, þ. e. a. s. viðbótarlán við það, sem þessir aðilar geta fengið frá lánsstofnunum. Þetta er út af fyrir sig gott, því að eins og nú er háttað verðlagi, er erfitt fyrir menn og fyrirtæki að eignast skip og gagnlegt og þarflegt að veita þeim sérstaka aðstoð til þess. En við þessa ráðstöfun á fé atvinnubótasjóðs er ekki hægt að segja, að það sjónarmið ráði mestu að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Þessi n. mun ekki heldur hafa gert neinar heildaráætlanir um slíkar framkvæmdir. Hún úthlutar þessu framlagi úr atvinnubótasjóðnum að mestu í einu til þeirra, sem um aðstoð sækja, án þess að hafa fyrir fram gert nokkra heildaráætlun um ráðstöfun á fénu eða uppbyggingu í landinu yfirleitt.

Þá vil ég enn benda á það, að fjárráð atvinnubótasjóðsins eru allt of lítil, ef hann ætti að sinna hvoru tveggja, bæði að bæta úr atvinnuleysi, sem getur orðið á einstökum stöðum á landinu, og eins hinu, að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Fjárráð hans eru allt of lítil til þess að sinna þessu hvoru tveggja. S. l. áratug hefur verið veitt fé úr ríkissjóði til framleiðslu- og atvinnuaukningar á fjárl. Hæst var þessi fjárveiting árið 1957. Samkv. fjárlögum þess árs var hún 15 millj. kr. 1959 var þetta lækkað við afgreiðslu fjárlaga niður í 10 millj., og þannig hefur þetta verið síðustu árin. En nú er þessi fjárveiting til framleiðslu- og atvinnuaukningar felld niður úr fjárl., en í staðinn sett sama upphæð, 10 millj. kr. framlag til atvinnubótasjóðs samkv. l. frá síðasta þingi. Þannig hefur þá þetta orðið, að fjárveitingin, sem var 15 millj. 1957, hefur síðustu árin verið færð niður í 10 millj. kr. Það liggur í augum uppi, að vegna þeirrar miklu rýrnunar á verðgildi peninganna, sem orðið hefur síðustu árin, er framlagið nú miklu minna en það áður var. Það má raunar telja, að framlagið til atvinnubótasjóðs nú sé ekki nema um það bil ⅓ af þeirri upphæð, sem veitt var til framleiðslu- og atvinnuaukningar í landinu á

árunum 1957—58. Svo mikil hefur rýrnunin orðið á þessu framlagi hins opinbera á þessum tíma.

Í hinni rökst. dagskrá, sem meiri hl. n. leggur fram, er einnig vísað til þess, að fyrirhuguð sé framkvæmdaáætlun frá ríkisstj. Frávísunartill. er m. a. á því byggð. Ég verð að segja, að ég tel ákaflega hæpið að vísa í áætlun, sem þingið hefur ekki enn fengið að sjá og veit ekki, hvað í felst. Mér finnst það nokkuð snemmt að vitna í þá fyrirhuguðu áætlun til rökstuðnings því, að það eigi að vísa þessu máli frá. Ég skal ekkert segja um það, hvað í henni kann að verða, þeirri framkvæmdaáætlun, en ég verð þó að telja hæpið, að hún verði fyrst og fremst við það miðuð að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Frv., sem hér liggur fyrir, er byggt á þeirri skoðun flm., að það megi ekki lengur dragast að koma á fót sjálfstæðri og skipulagðri starfsemi til frambúðar í því skyni að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og það þurfi að veita verulegt fé til framkvæmda, sem stefna í þá átt. Þetta er stórt og umfangsmikið verkefni, sem hér er um að ræða. Og við sjáum enga von til þess, að venjuleg úthlutunarnefnd, sem kemur saman aðeins örsjaldan á ári hverju til þess að úthluta fé úr atvinnubótasjóði á þann hátt, sem kunnugt er og ég hef þegar gert nokkra grein fyrir, geti sinnt þessu verkefni á þann hátt, sem þarf að gera, eða svo að viðhlítandi sé. Og auk þess, eins og ég hef þegar bent á, eru þau fjárráð, sem hún hefur, allt of lítil til þess, að þau komi að gagni til slíkra hluta.

Samkv. frv. er gert ráð fyrir, að jafnvægissjóðurinn fái árlega 1½% af árlegum tekjum ríkissjóðs samkv. ríkisreikningi, eins og ég hef áður gert grein fyrir. Þetta mundu verða nú í ár röskar 30 millj. kr. Við verðum að gera okkur grein fyrir því, að þetta er ekki mikið framlag, eins og nú er komið. Sú fjárupphæð, sem veitt var til framleiðslu- og atvinnuaukningar árið 1957, sem var 15 millj., eins og ég gat um áður, var milli 1.8 og 1.9% af heildartekjum ríkissjóðs það ár. Við förum ekki fram á í þessu frv., að það verði meira en 1½% af ríkistekjunum, sem fari til jafnvægissjóðs, þannig að það er tiltölulega minna en veitt var til þessara hluta árið 1957.

Það er till. mín, herra forseti, eins og fram kemur í nál. á þskj. 379, að frv. þetta verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Hv. fjhn., sem hefur haft frv. á þskj. 104, um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, til meðferðar, hefur, eins og hv. þm. hafa séð og heyrt, klofnað í þessu máli. Meiri hl. birtir nál. sitt á þskj. 363 og leggur til, að málinu verði vísað frá með rökst. dagskrá. Minni hl. n., sem er hv. 1. þm. Norðurl. v., birtir álit sitt á þskj. 379 og leggur til, að frv. verði samþ., en einn nm. virðist ekki hafa skilað áliti, eða a. m. k. liggur það ekki fyrir, svo að ég sjái, hér í skjölum málsins. Hv. frsm. hafa gert grein fyrir nál. sínum, en ég vildi nú með nokkrum orðum taka þátt í þeim umr., sem hér hafa átt sér stað, enda er ég einn af flm. þessa frv.

Hv. meiri hl. n. segir í hinni rökst. dagskrá, sem fyrir liggur, að frv. feli ekki í sér nein nýmæli, sem máli skipta, umfram það, sem þegar hefur verið fest í lögum um atvinnubótasjóð frá síðasta þingi, og með tilliti til þess og til fyrirhugaðrar framkvæmdaáætlunar ríkisstj. telur hv. meiri hl., eins og hann kemst að orði í dagskránni, samþykkt frv. með öllu óþarfa. Ég vil byrja á því að taka undir þau ummæli hv. frsm. minni hl., að mér þykir það undarlegt, að hv. meiri hl. skuli ætlast til þess, að hv. d. rökstyðji dagskrá með því að vitna í fyrirhugaða framkvæmdaáætlun. Varla mætti nú minna vera, ef ætti að rökstyðja mál með þessari framkvæmdaáætlun, heldur en að hún lægi fyrir. Það hefur að vísu heyrzt og er raunar langt síðan því var lýst yfir af hálfu hæstv. ríkisstj., að framkvæmdaáætlun væri í smíðum á hennar vegum. Ég held, að það hafi verið fyrir 1½ ári, sem hæstvirtir ráðherrar létu orð falla um þessa framkvæmdaáætlun. Og það er kunnugt, að hæstv. ríkisstj. hafði í þjónustu sinni erlenda menn fyrir einu eða tveimur árum til þess að vinna að þessari áætlun og hefur síðan enn bætt starfsmönnum við þetta verk, og þrátt fyrir það bólar ekkert á þessari áætlun enn þá. Vera má, að hún eigi eftir að birtast hér, áður en þessu þingi lýkur, en enn þá hefur hún ekki birzt, og þinginu er alls ókunnugt um efni hennar. Þess vegna endurtek ég það, sem ég sagði áðan og hv. frsm. minni hl. vék að, að mér þykir það næsta furðulegt, að hv. meiri hl. skuli ætlast til þess, að Alþingi rökstyðji samþykkt dagskrár með þessu plaggi, sem er ekki til, svo að vitað sé, þó að það kunni að vera væntanlegt og sé sjálfsagt fyrirhugað, eins og komizt er að orði í dagskránni.

Hv. meiri hl. ætlast einnig til þess, að Alþingi samþykki með þessari rökstuddu dagskrá, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, feli ekki í sér nein nýmæli frá þeim lögum, sem nú eru í gildi um atvinnubótasjóð og samþ. voru á síðasta þingi. Ég verð að segja, því miður, að nú þykir mér þessi hv. meiri hl. ósvinnur orðinn, þegar hann setur slíkt á prent, enda var það raunar auðheyrt á ræðu hv. frsm. meiri hl., að hann hefur við nánari athugun á þessu máli, vafalaust síðan nál. var samið, komizt að raun um, að þetta fái ekki staðizt, því að hann vék að því hvað eftir annað, að segja mætti, að lögin frá því í fyrra um atvinnubótasjóð hefðu vissa galla og væru að einhverju leyti öðruvísi en þau ættu að vera og þyrftu umbóta við. Þetta hefur hann við nánari athugun sjálfsagt séð, svo sanngjarn maður sem hann er, að hér hefur verið nokkuð ofmælt. En ég vil leyfa mér í sambandi við þessi ummæli í dagskránni, að frv. feli ekki í sér nein nýmæli, að nefna nokkur atriði í þessu frv., sem ég vil biðja hv. þm. að athuga og hv. nm. í þessum meiri hl., og held ég, að það muni allir, eftir að hafa athugað þessi atriði, gera sér grein fyrir því, hver fjarstæða það er, að þetta frv. feli ekki í sér nýmæli, — fjarstæða, sem ber vott um það, að málið hafi ekki hlotið þá athugun hjá hv. meiri hl., áður en hann gaf út álit sitt, sem það hefði þurft að fá.

Ég vil nefna í þessu sambandi t. d. ákvæði 1. gr. frv., þar sem fram kemur skilgreining á tilgangi l. Slík ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum. Ég vil nefna ákvæði 7. gr. frv. um áætl-

anir þær, sem jafnvægisnefnd er ætlað að gera, og á hvern hátt þær skuli gerðar. Ég vil nefna ákvæðin um tekjuöflun í 9. gr. frv., sem hv. frsm. minni hl. lýsti hér áðan, og í sambandi við þau ákvæði er raunar ástæða til þess að vekja athygli á því, að l. um atvinnubótasjóð frá síðasta þingi er ætlað að gilda áfram, þó að þetta frv. yrði að lögum. Ég vil leyfa mér að nefna ákvæði 10. og 12. gr. frv. um íbúðalán úr jafnvægissjóði. Engin slík ákvæði eru í gildandi lögum. Og ég vil að lokum leyfa mér að nefna ákvæði 13. gr. frv. um sérstakan jafnvægissjóð byggðarlaga. Fleira mætti nefna, en ég vil aðeins drepa á þessi atriði í frv. sem dæmi um þau nýmæli, sem í því eru og hv. meiri hl. hefði getað sannfært sig um að í því voru, ef hann hefði athugað málið nægilega.

Það er rétt, sem hv. meiri hl. segir í nál. sínu, að í grg. stjfrv. um atvinnubótasjóð í fyrra var þess getið, að það væri undirbúið í samræmi við ályktun Alþingis frá 29. marz 1961 um undirbúning frv. En hins minnast hv. þm. sjálfsagt um leið, að um þá þál., sem þarna er vísað til, var verulegur ágreiningur hér í þingi, hvernig hana skyldi orða, vegna þess að ýmsir þm. vildu láta taka það nánar fram í þál., með ákveðnara orðalagi, hvers efnis það frv. ætti að vera, sem ríkisstj. var falið að undirbúa. Brtt. þess efnis komu fram í þinginu á sínum tíma, en voru felldar. Þegar svo frv. kom fram frá hæstv. ríkisstj. í fyrra, hélt þessi ágreiningur áfram, og um efni þess var ágreiningur. Þá voru bornar fram við það brtt., sem hér gengu undir atkv. og voru felldar. Og það er í raun og veru framhald þessa ágreinings frá tveim undanförnum þingum, hvernig snúast skuli við því vandamáli, sem hér er á ferðum, — það er framhald af þeim ágreiningi, sem nú er um að ræða við meðferð þessa máls. Sá ágreiningur, sem verið hefur á tveimur undanförnum þingum um lausn þessara mála og hversu mikilsvert viðfangsefni það væri og hverju til þess kostandi að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, það er sá ágreiningur, sem nú heldur áfram.

Það vill svo til, að í þeim hv. meiri hl., sem nú telur þetta frv. með öllu óþarft og þar með þær ráðstafanir, sem í því felast til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, eru þrír af hv. þm. Reykv. E. t. v. veldur ókunnugleiki þeirra fulltrúa höfuðborgarinnar á þeim viðfangsefnum, sem hér er um að ræða, einhverju um þessa afstöðu þeirra eða eðlilegt annríki við að sinna málefnum hinnar hraðvaxandi höfuðborgar. Þó trúi ég því ekki, ef þessir hv. þm. gefa sér tíma til að íhuga það mikla vandamál, sem hér er um að ræða, að þeir vilji ekki einnig verða því sinnandi. Og hinu vil ég alveg sérstaklega ekki trúa að svo stöddu, að allir samflokksmenn þeirra úr öðrum kjördæmum vilji staðfesta það með atkv. sínu og leggja nafn sitt við það opinberlega í heyranda hljóði hér, að þær ráðstafanir, sem í þessu frv. felast, séu með öllu óþarfar, eins og sagt er í þessari umræddu dagskrártill.

Við 1. umr. þessa máls leyfði ég mér að gera í tölum nokkra grein fyrir þeim gífurlegu fólksflutningum, sem hafa átt sér stað í þessu landi á undanförnum áratugum. Sú athugun, sem ég þar gerði þá grein fyrir, náði þó aðeins til tveggja síðustu áratuga. Ég skal ekki endurtaka þær tölur allar, sem ég þá las hér upp, en ég skal þó nefna það, að aðalmanntalið 1940 og aukamanntalið 1961 sýna, að mannfjöldi í landinu var árið 1940, hinn 1. des., 121474, en hinn 1. des. 1961 var mannfjöldinn 180058. Fjölgunin á 21 ári var 58584, eða 48.2%. Þjóðinni fjölgaði á þessum rúmlega 20 árum um 48.2%, sem er mikil fólksfjölgun. En eins og kunnugt er, hefur fólksfjölgunin hér á landi verið mun meiri nú síðustu 15 árin eða svo heldur en hún áður var. Á sama tíma sem þjóðinni fjölgar þannig í heild um 48.2%, hefur í einum landshluta, þ. e. a. s. á Vestfjörðum, beinlínis orðið fækkun á þessum tíma um 18%. Vestfirðingum hefur fækkað um 18% á þessum rúmlega 20 árum, á sama tíma sem þjóðinni í heild fjölgaði um 48.2%. Í öðrum landshlutum er ekki um beina fækkun að ræða, ekki tölulega fækkun, en í flestum landshlutum er um mikla hlutfallslega fækkun að ræða, þ. e. a. s. fjölgunin er langt undir þeim 48.2%, sem er meðalfjölgun í landinu. Nánar til tekið er þetta þannig, að á Vesturlandi er fjölgunin 22%, en ætti að vera rúmlega 48, á Norðurlandi 11% í stað 48, á Suðurlandi 18% í stað 48 og á Austurlandi 4% — aðeins 4% — í staðinn fyrir 48. Þannig hefur í flestum landshlutum, þ. e. a. s. í meginhluta landsins, orðið fólksfækkun á þessu tímabili, bein fólksfækkun í einum landshluta, þ. e. a. s. á Vestfjörðum, en í hinum landshlutunum hlutfallsleg fólksfækkun. En fólksfjölgunin hefur hins vegar á litlu svæði orðið á þessum tíma miklu meiri en meðaltalið nemur, þannig að ef Kjalarnesþing er tekið í heild, þá hefur á þessum tíma orðið, að ég ætla, 112% fólksfjölgun, á sama tíma sem hún er 48.2% í landinu, og mestur hlutinn af aukningunni, a. m. k. tölulega, kemur að sjálfsögðu á höfuðborgina, Reykjavík, og allra næsta nágrenni hennar.

Þessi þróun er ekki æskileg. Hún er ekki æskileg fyrir landið. Hún er ekki æskileg fyrir landshlutana eða byggðirnar, sem eiga við hið sífellda fólksfækkunarvandamál að stríða og það, sem af því leiðir. Hún er ekki heldur heppileg fyrir þéttbýlið hér syðra, höfuðborgina og næsta nágrenni hennar, þar sem fólksfjölgunin, svo ör sem hún er, skapar og eykur ýmis vandamál, sem verða lítt viðráðanleg af þeim sökum. En það alvarlegasta í þessu efni er auðvitað þó það, að hverju stefnir í vissum landshlutum og raunar mjög víða, þar sem fólkinu fækkar hlutfallslega eða beinlínis, með þeim áhrifum, sem það hefur á ýmsan hátt, lamandi áhrifum, bæði á nútíð og framtíð. Það er þetta vandamál, sem þeim er í huga öllum, sem vilja beita sér fyrir ráðstöfunum eins og þeim, sem í þessu frv. felast. Það, sem kallað er jafnvægi í byggð landsins, er, að landshlutarnir haldi sinni hlutfallslegu fólksfjölgun eða fari sem næst því, ef auðið verður.

Við, sem að þessu frv. stöndum, erum þeirrar skoðunar, að full ástæða sé til þess að koma upp á vegum þjóðfélagsins sérstakri stofnun, sem hafi þetta viðfangsefni, og að sú stofnun eigi ekki minna erindi inn í ríkiskerfið en margar

aðrar, sem fyrir eru, heldur meira, að komið verði á fót jafnvægisstofnun, sem hafi tíma og tækifæri og starfskrafta til þess að sinna þessu sérstaka viðfangsefni, og henni verði fengið til þess fé, sem eitthvað muni um. Eins og hv. frsm. minni hl. tók fram, er hér síður en svo um neinar fjarstæðar kröfur að ræða í okkar frv., þó að farið sé fram á, að jafnvægissjóðurinn fái til umráða 1½% af ríkistekjunum. En í þessu ákvæði felst bæði það, að hér er um þó nokkurt fé að ræða og ákvæðið þannig lagað, að með því er tryggt, að það rýrni ekki í þeirri dýrtíð, sem yfir landið gengur.

Ég vakti athygli á því líka við 1. umr. þessa máls, að það, sem í þessu frv. felst, að koma upp slíkri stofnun með þessu viðfangsefni væri ekki neitt sérstaklega íslenzkt uppátæki eða íslenzk hugmynd. Reyndar ætti það ekki að vera verra fyrir það, þó að hugmyndin væri íslenzk. En það er nú svo, að mönnum finnst oft meira í það varið, sem einhverjar aðrar þjóðir hafa fundið upp á og reynt. Og svo er um þetta mál, að hér höfum við fyrirmyndina, þar sem eru frændur okkar Norðmenn. Þeir hafa fyrir mörgum árum komið á hjá sér löggjöf, sem er ekki ósvipuð þeirri, sem hér er gert ráð fyrir, og á ég þar við hina svonefndu Norður-Noregsáætlun og löggjöfina, sem um hana var sett skömmu eftir 1950. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þá áætlun, ég gerði nokkra grein fyrir henni hér við 1. umr., en m. a. var samkv. þeim lögum um Norður-Noregsáætlunina sett upp sérstök stofnun, eins konar jafnvægisstofnun fyrir Norður-Noreg, svokallaður uppbyggingarsjóður Norður-Noregs, og hefur hann sérstaka stjórn, og þessum sjóði voru fengnar tekjur þá þegar, allmiklar á okkar mælikvarða og raunar á þeirra líka. Jafnframt voru í lögum sett sérstök ákvæði, sem stuðluðu að því, að fjármagn væri veitt úr öðrum hlutum landsins inn í Norður-Noreg. Af skýrslum, sem um þetta mál hafa verið birtar nú á síðustu árum, er auðsætt og kemur glöggt fram, að af þessu hefur orðið mikill árangur. Þar eru birtar tölur, sem bera það með sér, bæði hvað miklu fjármagni hefur verið varið í uppbyggingarsjóðinn og eins hversu mikið fjármagn hefur verið veitt eftir öðrum leiðum inn í þennan landshluta og menn hafa skýrslur um. En þetta dæmi frænda okkar, Norðmanna, og sá árangur, sem af því hefur orðið, ætti að vera okkur hvatning um að fara einmitt þessa leið til þess að stuðla að jafnvægi í byggð okkar lands.

Það er stundum talað um þetta mál eins og þjóðfélagið sé með því að gera slíkar ráðstafanir til að halda við byggðinni í landinu að leggja á sig einhverja fórn, það sé verið að fórna fjármunum frá þjóðfélaginu, og þá gera menn sér stundum í hugarlund, að það sé fjárhagslega óhagkvæmara fyrir þjóðina að hafa byggð sína víðs vegar um landið og stunda þar framleiðslu. Ýmsir standa í þeirri meiningu, að framleiðslan sé alltaf bezt og hagkvæmust í þéttbýlinu, bæ eða borg, og hefur þetta hver eftir öðrum. En reynslan sýnir bara og dæmin sýna það svo glöggt, að það verður ekki um það villzt, enda hefur það hvað eftir annað og þrásinnis legið fyrir hér á borðum okkar þm., að ýmis lítil byggðarlög úti um landið standa þannig, þegar dæmið er gert upp, að framleiðsla þeirra er tiltölulega mjög mikil miðað við hvern íbúa. Alveg glögglega kemur þetta fram í skýrslum um sjávarafla, sem eru gerðar nú orðið um alla útgerðarstaði á landinu, hvað framleiðslan á sjávaraflanum og sjávarvörunni er hlutfallslega mikil, miðað við íbúatölu þessara staða. Og þó að það dæmi hafi ekki verið gert sérstaklega upp, þá veit ég, að dæmi um þetta eru líka fyrir hendi í sveitum landsins, ekki kannske alls staðar, en a. m. k. sums staðar, og geta orðið fleiri, þegar sveitirnar hafa fengið þá aðstöðu til framleiðslu, sem þær þurfa að fá og munu fá í framtíðinni, ef rétt verður stefnt. Það er auðvitað ekki ætlan okkar, sem að þessu máli stöndum, að hvergi á landinu megi leggjast niður byggt ból, en að því þarf að stefna, að jafnvægi megi haldast milli landshlutanna.

Það getur verið, þó að ég eigi bágt með að trúa því, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, verði fellt í þetta sinn. Ég vil ekki trúa því að svo stöddu, að svo verði, og má vel vera, að ýmsir eigi eftir að athuga sinn gang betur, eins og hv. frsm. meiri hl. hefur gert sýnilega, þó að hann kunni nú að greiða atkv. með dagskrá sinni. En þó að þetta mál kunni að verða fellt nú, þá mun það verða tekið upp á ný og að því mun verða unnið, ekki aðeins hér á Alþingi, heldur um allt land. Það kunna margir að reynast tregir og telja eitt og annað óþarft í þessu máli, eins og hv. meiri hl. kemst að orði í nál. sínu. En því skal ekki trúað, að Íslendingum séu svo ill örlög sköpuð að leggja land sitt í eyði að meira eða minna leyti nú á tækniöld, þegar íslenzkir möguleikar eru að komast á það stig að verða miklu meiri en þeir hafa áður verið, enda mundi það þá sannast, að ef landsbyggðin hyrfi, yrði þjóðerninu og sjálfstæðinu hætt, svo að ekki sé meira sagt.

Ég vil, eins og ég sagði, þrátt fyrir afstöðu hv. meiri hl., enn vona, að þetta frv. hljóti nú á þessu þingi fylgi til samþykktar. En verði það ekki, veit ég, að það verður samþ. síðar, kannske í enn breyttri og bættri mynd, í þessum sal, og þá kannske af einhverjum þeirra sömu manna, sem nú kunna að telja slíkar jafnvægisráðstafanir óþarfar, ef þeir þá eiga hér sæti, því að það, hvort byggja skuli landið og hvernig það skuli gert, verður í náinni framtíð mál málanna í þessu landi.

Umr. frestað.

Á 55. og 56. fundi í Nd., 18. og 19. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Nd., 21. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þegar frv. þetta á þskj. 104 var hér til umr. fyrir allmörgum dögum, lét hv. 1. flm. frv. orð falla eitthvað á þessa leið: Við, sem að þessu frv. stöndum, lítum svo á, að koma eigi á fót jafnvægisstofnun til þess að sinna þessu vandamáli. — Hv. þm. sagði enn fremur: Ég vil ekki trúa því, að þetta frv. verði

fellt. En þó að svo verði, verður hafin um það barátta utan þings og innan til þess að koma því síðar í framkvæmd. — Mér þykir rétt út af þessum ummælum að bregða hér nokkru ljósi yfir gang þessa máls, frá því að því var fyrst hreyft hér á Alþingi.

Frv. um jafnvægi í byggð landsins var fyrst borið fram 1955 á Alþingi á þskj. 496, sem 191. mál. Það var þá borið fram sem stjfrv., og í aths. um frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hinn 4. febr. 1953 var samþ. þál. um undirbúning heildaráætlunar í þeim tilgangi að skapa og viðhalda jafnvægi í byggð landsins. Atvmrh. fól alþm. Gísla Jónssyni og Gísla Guðmundssyni að vinna að undirbúningi þessa máls í samræmi við téða þáltill. Þá samþ. Alþingi þann 11. maí 1955 þál. um ráðstafanir til atvinnuaukningar. Þar sem þessi síðari þál. fjallaði um hliðstæð málefni og þál. frá 4. febr. 1953, fól atvmrh. téðum alþm. einnig að vinna að rannsókn þeirri, er um ræðir í þál. frá 11. maí f. á.“

Það var því verkefni þessara manna, sem fengu fyrirskipun um það frá Alþingi að athuga þessi mál, að semja frv., sem stuðlaði að því að viðhalda jafnvægi í byggð landsins, og taka þá einnig til athugunar þær till., sem komu fram í síðari þáltill., um atvinnuaukningu í landinu. Á þskj. 496, sem ég hef þegar bent á, er að finna í aths. við lagafrv. ýtarlega grg. og margvíslegar upplýsingar um þetta mál, enda var lagt í þetta mjög mikil vinna á sínum tíma, eins og hv. 3. þm. Norðurl. e. er kunnugt um.

Þegar málið kom til hæstv. ríkisstj., var gerður um það stjórnarsamningur á milli þáv. ríkisstjórnarflokka, Framsfl. og Sjálfstfl., að málið skyldi ná fram að ganga í höfuðatriðum eins og það var lagt fram á Alþingi. Málið var borið fram fyrst í hv. Ed. Þar tók það allmiklum breytingum, þó ekki miklum efnisbreytingum. Einkum fóru breytingarnar í þá átt að kippa út úr frv. ýmsum ákvæðum, sem réttara þótti að hafa í reglugerð heldur en í lögum. Síðan varð fullkomið samkomulag um það á milli stjórnarflokkanna, að frv. skyldi ná fram að ganga með þeim breyt., sem gerðar voru á frv. í Ed.

Þegar frv. síðar kom til hv. Nd. með þeim breyt., sem ég hef þegar bent á og fullkomið samkomulag varð um, þá skeður það í hv. fjhn. d., að n. klofnar og einn af stjórnarstuðningsmönnum, hv. 1. þm. Norðurl. v., Skúli Guðmundsson, flytur brtt. við frv., að vísu mjög meinlausa brtt., ásamt núv. viðskmrh., sem þá var í stjórnarandstöðu, sem ekki varð séð að væri gerð til neins annars en að koma frv. fyrir kattarnef, því að það var ljóst, að ef gerð yrði nokkur breyt. á frv. á því stigi, þá mundi það falla, því að það var enginn tími til þess að taka frv. á ný fyrir í Ed. til afgreiðslu, vegna þess að þetta var á síðustu dögum þingsins, og það var sýnilegt, að þá mundi frv. ekki ná fram að ganga. En auk þess fluttu þá þm. Sósfl. eða Alþb., sem nú er, — 1. flm. var Karl Guðjónsson, — mjög víðtækar brtt. við frv., þar sem lagt var til, að tekin væru inn mörg verkefni, sem voru mjög ólík því, sem hafði verið samið um, og m. a. hlutu að kosta ríkissjóð stórkostlega fjárfúlgu. Það var vitanlegt, að ef þetta yrði sett inn í frv., næði frv. ekki fram að ganga, og þeir menn, sem studdu að því á þeim tíma, áttu sök á því einir, að frv. náði ekki fram að ganga, eins og um hafði verið samið. Þegar svo frv. kom til atkv. í Nd., var svo og svo mikið af till. þeirra sósíalistanna samþ. með aðstoð Framsfl. og einnig till. frá hv. 1. þm. Norðurl. v., Skúla Guðmundssyni, og þar með var raunverulega frv. stöðvað, því að það var útilokað að geta fengið frv. afgreitt aftur í Ed., vegna þess að komið var að þingslitum. Þeir einir, sem stóðu að samþykkt þessara tillagna, áttu því sök á því, að frv. náði ekki fram að ganga 1955.

Það var sterk andstaða frá þm. Alþb. á því þingi í sambandi við málið. M. a. sagði hv. 4. landsk. á þeim tíma, að þetta væri „litla gula hænan“, sem væri ekki mikils virði fyrir þjóðina að fá samþykkta. En þrátt fyrir þessi ummæli fór svo, að á hverju þingi síðan hefur þetta mál verið til meðferðar, og því lengra sem liðið hefur, því þyngri orð hafa fallið um það, að þetta væri afar nauðsynlegt mál.

Á stjórnmálafundi, sem ég var á vestur í Barðastrandarsýslu rétt fyrir kosningarnar vorið 1956, bar þetta mál á góma, og ég lýsti því þá, sem ég er að lýsa hér, að Framsfl. ætti einn sök á, að frv. náði eigi fram að ganga. Á þeim fundi var hv. núv. 1. þm. Austf., sem þá var ráðh. í ríkisstj., og lýsti hann þar því yfir, að menn skyldu ekki vera neitt hryggir yfir því, það væri nokkurn veginn sama, hvort svona lagað frv. yrði samþ. með vorinu á síðasta þingi eða það kæmi aftur fyrir og yrði samþ. á haustþinginu, og beinlínis lofaði því á þeim fundi, að þegar Framsfl. fengi aðstöðu til þess að ráða nokkru í ríkisstj., þá skyldi hann sjá um, að þetta frv. yrði samþ. eins og samið var um það í ríkisstj. En meginástæðan fyrir því, að Framsfl. sveik þetta mál um vorið 1956, var sú, að stjórnarandstöðuflokkarnir voru andvígir frv. eins og stjórnarflokkarnir gengu frá því, en þáverandi stjórnarandstöðuflokkar og Framsfl. stóðu þá í samningum um að mynda ríkisstj., sem þeir og gerðu eftir kosningarnar. En það var sett að skilyrði, bæði frá Alþfl. og frá Sósfl., að það skyldi verða úti um alla samninga í sambandi við stjórnarmyndun, ef þetta frv. yrði samþ. eins og þáv. ríkisstjórnarmeirihl. hafði samið um. Ég skal ekki segja um það, hver í Framsfl. átti mestan þátt í því, en ég hygg þó, að þar hafi átt langmestan þátt í þáv. formaður flokksins, hv. 2. þm. Vestf., Hermann Jónasson. Hann vildi allt til vinna til að ná þeim samningum, sem tókust eftir kosningarnar, og þótti þá ekki mikið að fórna svona lítilli hænu til þess að ná þeim samningum. Hins vegar mætti mjög mikilli andúð hjá núv. hv. 1. þm. Austf. það ákvæði í frv., að stjórn sjóðsins skyldi kosin með hlutfallskosningu á Alþingi. Þá var hann svo logandi hræddur við Lúðvík Jósefsson, að hann vildi ekki með nokkru móti, að hann fengi það blóm í hnappagatið fyrir kosningarnar að vera kosinn fulltrúi síns flokks í stjórn sjóðsins, eins og sýnt var að yrði, ef frv. væri samþ. Þeir tóku sig því saman um það, formenn Framsfl., Hermann Jónasson og Eysteinn Jónsson, að slátra þessari „litlu gulu hænu“ fyrir kosningarnar 1956.

En hvað skeður svo eftir kosningarnar 1956, þegar þingið kemur saman? Þá er borið fram frv. á mjög líkum grundvelli og þetta frv. var. Frv. var borið fram af Magnúsi Jónssyni, Kjartani J. Jóhannssyni, Sigurði Ágústssyni og Jóni Sigurðssyni. Þar var tekið upp í meginatriðum allt það, sem hafði verið samið um. En hvernig er farið með þetta mál? Það er þá farið með málið þannig, að fjhn., sem hv. 1. þm. Norðurl. v., Skúli Guðmundsson, var formaður fyrir, klofnar og gefur út í tvennu lagi nál. Minni hl., Jóhann Hafstein og Ólafur Björnsson, mælir með því, að frv. verði samþ., en meiri hl., Skúli Guðmundsson, Pétur Pétursson og Eðvarð Sigurðsson, leggur til að vísa málinu til ríkisstj., og það er gert. Hvað gerir svo hæstv. ríkisstj. í því máli? Hún gerir ekkert í málinu, bókstaflega ekki neitt, svíkur þá málið í annað skipti, en tekur upp í staðinn fyrir þetta samkv. fyrirskipun frá Alþb. að leggja fram til atvinnuaukningar ákveðnar millj., en hverfur alveg frá þeirri stefnuskrá og því loforði, sem Framsfl. hafði gefið um jafnvægi í byggð landsins. Og þó að nokkuð af nýjum atvinnutækjum hafi verið keypt fyrir þær millj., sem þá voru lagðar fram, voru þær ekki til þess að þoka í þá átt að stöðva flóttann úr sveitum landsins, nema síður væri. Mikið af því fé, sem hefur verið veitt þá og síðan, hefur farið jafnt til Faxaflóa og annarra staða, sem fólkið streymdi til, og varð til þess að ýta undir fólksflóttann úr sveitunum, en ekki til þess að stöðva hann. Síðan er málið borið enn fram, 1957, af sömu mönnum. Þá er það sent til hv. fjhn., sömu mannanna í hv. Nd., og þá hirða þeir ekki svo mikið um að vilja vísa því til ríkisstj., heldur svæfa það. Það er enn borið fram 1958, og þá er enn meðferðin sú sama og öll árin undir stjórn hv. 1. þm. Norðurl. v., Skúla Guðmundssonar. Þetta er saga málsins.

Þegar svo þing kemur saman enn eftir kosningarnar 1959, vaknar Framsfl. og fer að athuga þetta mál. Þá veit hann, hvaða svik hann er búinn að hafa í frammi, kúgaður af samstarfsmönnum sínum í vinstri stjórninni, til þess að drepa þetta mál, sem hann virkilega hafði áhuga á, en þá vaknaði hann og fer nú að hugsa um, hvort ekki sé hægt að bæta um, og ber þá fram í Ed. svo að segja nákvæmlega sams konar frv. og við vildum koma fram 1955 og hann hafði lofað að standa óskiptur að. Það er svo fellt hvað eftir annað í þinginu, en í staðinn fyrir það er samþ. frv. það um atvinnubótasjóð, sem samþ. var hér á Alþingi 10. apríl 1962 og fer raunverulega mjög í áttina til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, þó að ég viðurkenni, að þar sé ekki gengið eins langt og gengið var 1956 og það er vegna þess, að enn voru eftir leifar af andúð hjá Alþfl. frá samvinnu hans við vinstri stjórnina 1956—58. Þó fékkst því svo um þokað hér, að setja skyldi það fé í þennan sjóð, sem veitt hafði verið áður, sem voru um 100 millj. kr., það skyldi innheimt, að svo miklu leyti sem hægt væri, og það skyldi sett í sérstakan sjóð, og hann átti að veita lán eða styrki til þess að auka framleiðslu á þeim stöðum í landinu, þar sem þörfin væri brýnust, og stuðla þannig að aukinni atvinnu og jafnvægi í byggð landsins. Með þessu lagaákvæði er það að sjálfsögðu mjög undir framkvæmdum sjóðsstjórnarinnar komið, hversu miklu fé er varið beinlínis til jafnvægis í byggð landsins. En það fékkst ekki um það samkomulag, að því skyldi eingöngu verja til þess og ekki til neins annars. Og svo er sagt hér, að veita skuli lán til þess að stuðla að hagnýtingu góðra framleiðsluskilyrða í landinu. Þetta er það, sem er verkefni sjóðsins.

Þegar þetta mál kom til umr., risu þeir upp, sem frakkastir voru að fella frv. og svíkja öll loforðin 1956, þá risu þeir upp, heimtuðu, að nafni sjóðsins yrði breytt, það yrðu kölluð lög um jafnvægissjóð, heimtuðu einnig, að miklu meira framlag yrði sett í sjóðinn en tiltekið var í frv., þ. e. 10 millj. kr. á ári, sem ætlað er að ganga í sjóðinn, og kröfðust þess, að tekin yrðu upp svo að segja öll ákvæði frv. frá 1956, sem þeir á þeim árum sviku. Og síðan hafa þeir barizt fyrir því, að frv. frá 1956 yrði lögfest, og það er það, sem liggur fyrir hér til umr.

Þegar maður þekkir þessa sorgarsögu Framsfl.-þm. í mjög veigamiklu máli, sem snertir dreifbýli landsins og þeir þykjast alltaf vera að bera fyrir brjósti, þá verður maður undrandi yfir því, að þeir skuli enn halda út að vera að hrópa um það bæði utan þings og innan, að það séu þeir, sem vilji vinna að því, að lög séu sett um jafnvægi í byggð landsins. Þeir hafa óskað þess eindregið, að það frv., sem hér liggur fyrir, sé samþ., þrátt fyrir það þó að í yfirlýsingu meiri hl. n. komi fram það, sem þeir hafa alltaf viljað fá fram og við vildum fá fram, sem stóðum að þessu máli, og kemur beinlínis fram í hinni rökst. dagskrá, en þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem frv. felur ekki í sér nein nýmæli, sem máli skipta, umfram það, sem þegar hefur verið lögfest í l. um atvinnubótasjóð frá síðasta þingi, en tilgangur þeirrar löggjafar er fyrst og fremst að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og að hagnýtingu góðra framleiðsluskilyrða í landinu, og einnig þegar séð fyrir þeirri áætlanagerð, sem frv. ráðgerir og úthlutun fjármagns skuli byggjast á, sbr. fyrirhugaða framkvæmdaáætlun ríkisstj., telur d. samþykkt frv. með öllu óþarfa og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Ég fagna því einmitt, að meiri hl. fjhn. skuli enn viðurkenna og það betur og örugglegar en hann hefur gert áður, að atvinnubótasjóðurinn skuli fyrst og fremst sinna því verkefni, sem lýtur að því að viðhalda jafnvægi í byggð landsins. Hér er komin ný sönnun fyrir því, að þetta er ætlun sjóðsins, þetta er hans verkefni og að þeir menn, sem hafa áhuga á því, að að því verði unnið, eiga kröfu á því við þá menn, sem stjórna sjóðnum, að það sé fyrsta og æðsta sjónarmið sjóðsins að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Með tilvísun til þess og með tilvísun til þeirrar lýsingar, sem er sönn og rétt, sem ég hef gefið á gangi þessa máls undanfarið, mun ég greiða atkv. á móti frv. því, sem fyrir liggur, sem sýnilegt er að hefur ekki verið borið fram til neins annars en í auglýsingaskyni og í trausti þess, að íslenzk alþýða hafi gleymt öllu því, sem

Framsfl. sagði um þessi mál á árunum 1955—56, og öllu því, sem Framsfl. hefur svikið í þessu máli frá því, að fyrst var farið að vinna að því.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil á þessu stigi segja það eitt við hv. þm., sem var að setjast niður, að hann forðaðist eins og heitan eldinn að ræða um þetta frv., sem hér liggur fyrir, en var á hinn bóginn að segja ýmsar sögur um gang frv. á hv. Alþingi fyrir mörgum árum, sem ekkert snerta þetta mál, sem hér liggur fyrir, og mun sú saga hans verða endurskoðuð og tekin til meðferðar, áður en langt um líður. En ég mun snúa mér að því að ræða þetta frv. og efni þessa máls, og munu menn þá í leiðinni komast að raun um, hversu mikið er til í gífuryrðum hv. þm. um ótrúmennsku Framsfl. við þá hugmynd að verja fé til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Enn fremur mun það koma fram í því, sem ég segi hér á eftir, hvernig flokkur hans hefur staðið að því máli, síðan hann fékk tækifæri til þess að ráða.

Ég hika ekki við að fullyrða, að þetta mál, sem hér liggur fyrir, er eitt merkasta mál, sem fyrir þessu Alþingi liggur, en frv. er, eins og gerð hefur verið grein fyrir, um ráðstafanir til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og þá fyrst og fremst um það að auka stórkostlega fjárveitingar í þessu skyni frá því, sem þær eru nú, og enn fremur að lögfesta, að ríkið leggi fram fé, ekki bara í þá staði, þar sem atvinnuleysi herjar, heldur einnig í þau byggðarlög, sem hafa góð náttúruskilyrði, en vantar fjármagn til þess að þau nýtist.

Það er ekki aðeins, að þetta frv. gerir ráð fyrir því að stórauka framlög til þess að efla jafnvægi í byggð landsins, heldur er því einmitt slegið föstu með þessu frv., að það skuli ekki aðeins vera um atvinnubótaráðstöfun að ræða, sem miðuð sé við, að atvinnuleysi sé fyrir hendi, eins og er meginstefna þeirra laga, sem Sjálfstfl. beitti sér fyrir, heldur eigi að gera ráðstafanir til þess að stuðla að því, að þau byggðarlög, sem hafa góð náttúruskilyrði, en vantar fjármagn, séu studd til þess að nýta þau.

Hér er um algeran stefnumun að ræða, sem einkennir afskipti Framsfl. af þessum málum annars vegar og stjórnarflokkanna hins vegar, og stefnunni mætti lýsa þannig í tveimur eða þremur setningum: Framsfl. vill stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að styðja þau byggðarlög, sem eiga góð náttúruskilyrði, en vantar fjármagn til að þau nýtist. Framsfl. vill styðja einstaklinga til framkvæmda og stuðla að því, að einstaklingsframtak hinna mörgu fái notið sín, einnig þeirra, sem eiga mikinn dug og framkvæmdahug, en hafa ekki fullar hendur fjár. Þessi er stefna Framsfl. í uppbyggingu atvinnulífsins. En stefna núv. stjórnarflokka, sem sker sig algerlega frá þessari meginhugsun og meginstefnu, er á hinn bóginn sú varðandi uppbyggingu í atvinnurekstri, að sú ein fjárfesting í atvinnurekstri eigi fullan rétt á sér, sem byggist á nægilegu eigin fjármagni, á nægilegum eigin framlögum, eins og það er oft orðað, og þetta eigi bæði við einstaklinga og byggðarlög.

Í fullu samræmi við þessa meginstefnu stjórnarflokkanna, sem er margyfirlýst og kölluð hefur verið á þeirra máli stefna hinnar efnahagslegu fjárfestingar, — í fullu samræmi við hana hafa núv. stjórnarflokkar unnið markvisst að því að gera að engu í framkvæmdinni þær ráðstafanir, sem búið var að byggja upp til stuðnings atvinnuaukningunni í byggðarlögunum víðs vegar úti um landið, sem hafa yfir litlu fjármagni að ráða. Ég mun sýna fram á, hvernig þeir hafa farið að þessu.

Áður en núv. stjórnarmeirihl. tók við þessum málum, var búið að koma framlögunum til atvinnuaukningar upp í 14½ millj. kr. Þessa fjárveitingu hafa núv. stjórnarflokkar lækkað í 10 millj. kr. Á sama tíma hefur kostnaður við framkvæmdir, bátakaup, byggingar á verksmiðjum og aðrar framkvæmdir hækkað í mörgum dæmum allt að því um helming, þ. e. a. s. allt að því tvöfaldazt, og í sumum dæmum meira. En framlagið í þessu skyni hefur verið lækkað úr 14½ millj. niður í 10 millj. Ef nú ætti að verja álíka miklu fé og Framsfl. beitti sér fyrir að varið væri í þessu skyni, meðan hann réð verulega hér um, ætti fjárveitingin að vera a. m. k. 25—30 millj. á ári, en er 10 millj. M. ö. o.: atvinnuaukningarféð hefur verið fært niður í allt að því ⅓ af því, sem það áður var. Það er verið að gera þessa starfrækslu að engu, og það er alveg markvisst gert og skipulega.

Þá sagði hv. þm., sem talaði hér áðan, að það hefði verið mikill misbrestur á því, þegar framsóknarmenn höfðu stjórn á þessum málum, að þessu fé væri raunverulega varið til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Þangað til núv. stjórnarflokkar tóku við, var þetta fjármagn notað til jafnvægis í byggð landsins. Því var veitt í þau byggðarlög, þar sem minna var um fjármagn. En síðan núv. stjórnarflokkar tóku við þessum málum, hefur þessum litlu leifum, sem enn eru eftir af þessu fé, verið ráðstafað í öll byggðarlög landsins. Þetta er orðið hreinlega að engu, enda gefur auga leið, ef litið er yfir úthlutunarlistana á þessu fé nú annars vegar og hins vegar á meðan einhverjar fjárveitingar voru í þessu skyni og þeim var varið til jöfnunar, þá sjáum við, að framlögin til byggðarlaganna víðs vegar um landið, sem lítið fjármagn hafa, eru ekki aðeins komin niður í ⅓ af því, sem áður var, heldur í mörgum dæmum miklu, miklu lengra niður. Svo kemur hér þm. úr liði ríkisstj. og deilir á Framsfl. fyrir að hafa staðið linlega að þessu máli og heldur því fram, að því er manni helzt virðist, að hér hafi orðið endurbætur síðan áhrif Framsfl. urðu minni og aðrir tóku við stjórn þessara mála. Það eru blygðunarlaust höfð alger endaskipti á sannleikanum.

Ég sagði áðan, að ég áliti, að þetta væri eitt af stærstu málum á þinginu, og þetta er eitt af þeim málum, sem marka stefnu, ekki aðeins í því, hvort menn vilja stuðla að jafnvægi í byggð landsins, heldur einnig kemur þetta inn á, hvort menn vilja raunverulega styðja einstaklingsframtak þeirra, sem hafa ekki fullar hendur fjár, eða ekki. Það er annar þátturinn í þessu máli. Og flokkurinn, sem þykist vilja byggja á einstaklingsframtakinu, þ. e. a. s. Sjálfstfl., gengur alveg markvisst fram í því — ekki aðeins að draga

úr framlögunum til byggðarlaganna í þessu skyni, heldur einnig að draga úr framlögunum til einstaklinganna, til stuðnings einstaklingsframtakinu í landinu.

Og núv. stjórnarflokkar hafa haldið því fram, að þær ráðstafanir, sem Framsfl. beitti sér fyrir að samþ. yrðu og settar í lög um ýmiss konar stuðning einstaklingunum til handa til að létta þeim uppbyggingu atvinnurekstrar á sínum vegum, væru ráðstafanir, sem ætti að kalla einu nafni pólitíska fjárfestingu. Það var nafnið, sem núv. stjórnarflokkar völdu þeirri stefnu Framsfl. í atvinnumálum, að ríkisvaldið ætti að styðja einstaklingana, ef þeir væru ekki alls megnugir af eigin fé og eigin framlögum. En í staðinn fyrir þessa pólitísku fjárfestingu sögðust þeir vera að innleiða hina efnahagslegu. Og hún er m. a. fólgin í því að gera atvinnuaukningarféð að engu og að draga einnig með margvíslegu öðru móti úr stuðningi við uppbyggingu einstaklinganna, eins og t. d. með okurvöxtum, sem innleiddir hafa verið á stofnlánum, bæði í landbúnaði og sjávarútvegi.

Hvað er svo verið að vinna með þessu, með því að misþyrma á þennan hátt þeim ráðstöfunum, sem í gildi voru til að stuðla að atvinnuuppbyggingunni, t. d. í sjávarplássunum, því að þetta fé fór að langmestu leyti í sjávarplássin, þetta atvinnuaukningarfé, sem var komið upp í nærri 15 millj. og mundi samsvara nú 25—30 millj., en eru orðnar aðeins 10 millj.? Hvaða gagn gerði þetta í sjávarplássunum? Og var hér skakkt stefnt eða var rétt stefnt?

Það væri hægt að fara með þingheim úr einu sjávarplássinu í annað umhverfis allt landið og benda á skipin og bátana og vinnslustöðvarnar og aðra uppbyggingu, sem var framkvæmd vegna þess, að þessi framlög áttu sér stað. Það er hægt að telja þau dæmi hundruðum saman upp, þar sem stóð þannig á, að það var hægt að fá venjuleg stofnlán og menn gátu reytt saman einhverja peninga í byggðarlögunum til að hefjast handa um að kaupa skip eða koma upp fiskiðjuveri eða gera aðra slíka framkvæmd, en það vantaði nokkur hundruð þús. kr. eða kannske milljón til að ná endunum saman. Og hvar átti að taka þetta fé? Einstaklingarnir höfðu það ekki sjálfir. Byggðarlögin höfðu það ekki heldur. Skilyrðin voru góð. Það var ekki hægt að fá þetta fé úr venjulegum lánasjóðum atvinnuveganna og ekki úr bönkunum. Hvaðan átti það að koma, og hvaðan kom það? Það kom af atvinnuaukningarfénu, sem núv. stjórnarflokkar eru raunverulega búnir að gera að engu.

Þaðan kom þetta fé á árunum 1956—58 alveg sérstaklega. Þannig var milljónatugum varið í uppbygginguna í sjávarplássunum. Dugmiklir sjómenn, sem gátu ekki einu sinni látið sig dreyma um að eignast báta með öðru móti, fengu þannig sérstök stuðningslán af atvinnuaukningarfénu til þess að eignast skip og báta, og ég efast um, að nokkurt fjármagn hafi stuðlað meira að þeirri aukningu framleiðslunnar, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur dregið líf sitt fram á, en einmitt þetta atvinnuaukningarfé, sem Framsfl. beitti sér fyrir að varið væri víðs vegar um landið, en núv. stjórnarflokkar hafa verið önnum kafnir að skera niður og eru á góðum vegi með að gera að engu.

Þar að auki er þannig komið nú með raunverulegum niðurskurði atvinnuaukningarframlaganna, t. d. til skipa- og bátakaupa, miðað við stofnkostnað skipanna, með endurteknum gengislækkunum, okurvöxtum og öðrum ráðstöfunum ríkisstj., að t. d. ungir, dugmiklir fiskimenn geta tæpast látið sig dreyma um það lengur að eignast stór fiskiskip. Það er áberandi, að það eru að langmestu leyti þeir, sem áttu skip áður en ráðstafanir núv. ríkisstj. komu til og hafa getað selt þau, — það eru að langmestu þeir, sem núna geta komizt yfir stór og góð og vönduð fiskiskip. Ungu sjómennirnir geta ekki komizt yfir þau skip. Það gera ráðstafanir núv. hæstv. ríkisstj. og m. a. hvernig farið hefur verið með atvinnuaukningarféð. Þetta vita allir, sem koma nálægt þessum málum.

Ég fullyrði því alveg hiklaust, að eitt hið allra stærsta mál er að stórauka það fjármagn, sem varið verður á næstu árum til uppbyggingar í sjávarplássunum og hægt væri að leggja fram sem sérstök áhættulán umfram það fjármagn, sem hægt er að fá í stofnlánadeildunum og í bönkunum. En það er einmitt slíkur stuðningur, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég er alveg sannfærður um, að það hefur ekkert fé borgað sig betur en það fé, sem ríkissjóður lagði fram sem atvinnuaukningarfé, á meðan sú starfsemi var og hét, — ég fullyrði það, — auk þess sem þetta fé hefur hjálpað mjög mörgum dugmiklum mönnum til þess að gerast atvinnurekendur og stuðlað þannig að heilbrigðu einstaklingsframtaki þeirra, sem ekki höfðu allir fullar hendur fjár, og er það ekki þýðingarminnst í sambandi við þessa starfsemi.

Þetta vildi ég segja um meginstefnu þessa frv. og um það, sem raunverulega skilur á milli, og hvernig núv. hæstv. ríkisstj. er búin að grafa undan þessari merku starfrækslu. Og það er svo sem ekki eins og það sé gert með hreinskilni, heldur er það gert á lævísan hátt, því að um leið og fjármagnið er minnkað, sem varið er í þessu skyni, þá er hv. stjórnarmeirihl. sífellt með yfirlýsingar á vörunum um, að hann sé að gera ráðstafanir til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Það er ekki því að heilsa, að það sé hreinskilni að mæta í þessu sambandi. En staðreyndirnar tala sínu máli, það er ekki hægt að komast fram hjá þeim. Framlögin hafa verið skorin niður úr 14½ millj. niður í 10, á sama tíma sem kostnaður við að koma upp framkvæmdum hefur aukizt stórkostlega, í sumum dæmum tvöfaldazt.

Þá vil ég aðeins segja örfá orð að lokum um þá rökst. dagskrá, sem hér er flutt og er alveg í stíl við aðra framkomu hv. stjórnarmeirihl. í þessu máli, En þar er þetta nýstárlega ákvæði, með leyfi hæstv. forseta: „... og einnig þegar séð fyrir þeirri áætlanagerð, sem frv. ráðgerir og úthlutun fjármagns skuli byggjast á, sbr. fyrirhugaða framkvæmdaáætlun ríkisstj., telur d. samþykkt frv. með öllu óþarfa og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Eins og annar hv. þm. hefur bent á hér á undan mér, er stungið upp á því við hv. þm., að þeir

vísi þessu máli frá með tilvísun til fyrirhugaðrar, — ég bið menn að taka eftir orðalaginu: með tilvísun til fyrirhugaðrar framkvæmdaáætlunar ríkisstj. Þetta verð ég að kalla nýstárlegt viðhorf, og ég minnist ekki þess að hafa séð nokkuð þessu líkt áður á hv. Alþingi, að stungið sé upp á því við þm., að þeir vísi máli frá með tilliti til framkvæmdaáætlunar, sem sé fyrirhuguð, sem þeir hafa aldrei séð og vita þar af leiðandi ekkert, hvað er.

En það er annars um þessa framkvæmdaáætlun að segja, að í árslokin 1960, þegar ríkisstj. hafði starfað í nokkra mánuði, lýsti hæstv. forsrh. yfir, að þessi framkvæmdaáætlun kæmi þá fljótlega og yrði starfað eftir henni síðari hluta þessa kjörtímabils. En hvað mundi nú geta verið langt til kosninga núna? Ég veit það ekki upp á dag, því að það er ekki enn búið að gefa upp kosningadaginn, en það eru ekki margir mánuðir, sem eru eftir af kjörtímabilinu, og þessi framkvæmdaáætlun er ekki komin fram enn, hvað þá að það hafi verið starfað eftir henni síðari hluta kjörtímabilsins. Seint á árinu 1961 gengu sterkar yfirlýsingar um, að þessi framkvæmdaáætlun væri þá alveg að koma, en það hefur auðvitað allt farið á sömu leið, hún er ekki komin enn. Og enginn veit, hvað verið er að fara í því efni.

Það er þess vegna algerlega augljóst mál, að þessi framkvæmdaáætlun, þó að hún kannske eigi eftir að koma fram einhvern tíma á næstu vikum einhvers staðar, þá er hún ekki ætluð til þess að starfa eftir henni á þessu kjörtímabili. Og hún er áreiðanlega ekki heldur ætluð frekar en verkast vill til þess að starfa með henni. Ef hún kemur, þá kemur hún sem kosningaplagg á vegum núv. hæstv. ríkisstj. og stjórnarmeirihl., og það verður ekki meira að marka, hvað í þessari framkvæmdaáætlun stendur, en stóð í kosningapésunum þeirra fyrir síðustu alþingiskosningar. Og það væri gott fyrir þjóðina að kynna sér, hvað þar stóð, og bera það svo saman við framkvæmdaáætlunina, þegar hún kemur. Þá geta menn svona hér um bil gert sér í hugarlund, hvers virði hún muni vera, jafnvel þó að hún væri til, og hversu álitlegt það mundi vera fyrir þm. að vísa málum frá með tilliti til þess plaggs, sem á þennan hátt er undir komið.

Ég býst við, að núv. hv. stjórnarflokkum hafi þótt vissara að láta ekki líða langt, frá því að framkvæmdaáætlunin kæmi fram og þangað til atkv. yrðu sett í kjörkassana, vegna þess að þá yrði minna búið að svíkja fyrir kosningar af því, sem í framkvæmdaáætluninni væri. Þess vegna munu þeir hafa talið hagfelldast að hafa sem stytztan frest, frá því að framkvæmdaáætlunin kæmi fram og þangað til kosningarnar sjálfar ættu sér stað. En nú er mönnum spurn: Er nú ekki bráðum þessi frestur orðinn nógu stuttur? Er nokkur ástæða til þess að vera að draga þetta lengur? Já, er þetta ekki alveg nógu stuttur frestur orðinn? Þetta eru ekki orðnar nema nokkrar vikur. Ykkur er því alveg óhætt að fara að koma með framkvæmdaáætlunina.

Ég skal svo láta máli mínu lokið um þetta, þar sem líka fundartíminn í dag er búinn.

Umr. frestað.

Á 58., 59. og 60. fundi í Nd., 22., 25. og 26. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., 28. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að gera aths. út af þeirri ræðu, sem hv. 1. þm. Vestf. flutti, þegar mál þetta var hér síðast til umr. Hann þóttist vera að segja sögu af máli, sem fjallað var um á þingi fyrir 7 árum, en það kom þar greinilega fram, að hann reyndist mjög óábyggilegur sögumaður. Hann var þar að tala um stjfrv. um jafnvægi í byggð landsins, sem lagt var fram í Ed. Alþingis af þáv. ríkisstj. 20. marz 1956, en þetta var aðeins 8 dögum fyrir þingslit. Það var þáv. forsrh., Ólafur Thors, sem hafði framsögu af hálfu stjórnarinnar um þetta mál. Það var tekið til 1. umr. með afbrigðum þann sama dag, sem það var lagt fyrir hv. Ed., og vísað til 2. umr. og fjhn. Hv. þm. Barð. þáv. og nú 1. þm. Vestf. átti þá sæti í fjhn. Ed., og hann var frsm. hennar í málinu. Við 2. umr. bar n. fram 7 brtt. við 7 greinar frv. og fékk þær allar samþykktar. Við 3. umr. flutti fjhn. enn 3 brtt. og fékk þær samþykktar. Aðrir fluttu ekki brtt. við frv. í hv. Ed. Frv. með áorðnum breytingum var útbýtt hér í Nd. 26. marz og var tekið til umr. sama dag með afbrigðum og vísað til fjhn. Strax hinn næsta dag var frv. tekið á dagskrá til 2. umr., áður en fjhn. hafði unnizt tími til þess að halda fund um málið og skila áliti. Nokkurt hlé varð á þeirri umr., en henni var fram haldið fyrir hádegið 28. marz, og þá lá fyrir álit frá fjhn. Ég bar fram eina brtt. við frv. og fékk hana samþykkta. Aðrir dm. báru fram brtt., og voru tvær þeirra samþykktar. Það var ekki nafnakall um þessar till., sem samþ. voru, og því ekki hægt að sjá, hvernig atkv. féllu. En það er augljóst, að það var ekki mikil andstaða gegn brtt., því að ekki komu fram nema 4—8 mótatkv. gegn þeim í d., þar sem áttu 35 þm. sæti. Frv. með áorðnum breytingum var svo vísað til 3. umr., en það var ekki tekið á dagskrá framar, enda þinglausnir þann sama dag, 28. marz. Forseti d. var Sjálfstæðisflokksmaður og hefði að sjálfsögðu getað tekið málið á dagskrá til 3. umr., ef mikill áhugi hefði verið hjá honum og flokksbræðrum hans á að koma málinu fram. Og það hefði verið ákaflega auðvelt fyrir hæstv. forsrh. þáv., sem var formaður Sjálfstfl., að fresta þinglausnum um einn dag, ef nauðsynlegt var, til þess að koma málinu í höfn.

Hvað sést af því, sem hér hefur verið rakið samkv. þingtíðindum? Það, að frv. var lagt fyrir þingið aðeins átta dögum áður en þinginu lauk, en þingið stóð alls í 155 daga. Er það þá ekki fyrst og fremst þáv. ríkisstj. að kenna, að frv. dagaði uppi, en forsrh. hennar var formaður Sjálfstfl., eins og ég hef áður bent á? Hvers vegna lagði hann málið ekki fram fyrr en á allra síðustu dögum þingsins?

Hv. 1. þm. Vestf. var með ásakanir á mig í sambandi við þetta mál. Ég get alls ekki viður-

kennt, að ég sé ámælisverður fyrir að bera fram eina brtt. við frv. Eða hvað mætti þá segja um hv. 1. þm. Vestf. sjálfan, sem bar fram ásamt öðrum fjhn.-mönnum í Ed. 10 brtt. við frv. á síðustu dögum þingsins og fékk þær samþykktar, og þó var hann annar af tveimur aðalhöfundum frv.? Hv. þm. hefði átt að spara svikatal sitt um okkur framsóknarmenn, en það hefur ekki við rök að styðjast, og þeim ummælum hans vísa ég heim til föðurhúsanna sem ómerkum orðum.

Þá nefndi hv. 1. þm. Vestf. frv. um þetta mál, sem sjálfstæðismenn báru fram á þinginu 1956, þegar þeir voru komnir í stjórnarandstöðu. Í því frv., sem var um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, var lagt til, að ríkið legði til 15 millj. á ári næstu fimm árin. En þetta var sama upphæð sem þáv. stjórnarflokkar, sem stóðu að vinstri stjórninni, tóku inn á fjárl. 1957, 15 millj. til atvinnuaukningar. Framlagið hefði ekkert aukizt á því ári, þótt frv. sjálfstæðismanna hefði verið samþykkt. Þeir endurfluttu þetta síðan á næsta þingi og ég held í þriðja sinn einnig óbreytt.

Árið 1957 var fjárveitingin til þessara mála, þ. e. a. s. til atvinnuaukningar, 15 millj., eins og ég hef áður vikið að. Og þá var, eins og kunnugt er, vinstri stjórnin við völd. Næsta ár, 1958, síðasta ár vinstri stjórnarinnar, var fjárveitingin á fjárl. til atvinnuaukningar 13½ millj. En á næsta ári, 1959, þegar núv. stjórnarflokkar eru komnir til valda, er upphæðin strax lækkuð í 10 millj. og hefur svo haldizt síðan þrátt fyrir stórkostlega skert verðgildi peninganna.

Viðhorf stjórnmálaflokkanna til þessa máls, jafnvægis í byggð landsins, sést bezt á því, hve mikið þeir leggja fram til þeirra mála, þegar þeir eru við völd. Árið 1956 var Sjálfstfl. í stjórn með framsóknarmönnum. Þá voru aðeins veittar 5 millj. til að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu. 1957 eru sjálfstæðismenn farnir úr stjórn, og þá er fjárupphæðin þrefölduð, þá er hún hækkuð í 15 millj. En þegar þeir fara að hafa áhrif á gang mála aftur og stjórn landsins 1959, þá er þetta lækkað í 10 millj., eins og ég hef þegar bent á. Og þannig hefur upphæðin verið. Hún er aðeins 10 millj., fer nú í atvinnubótasjóð og það eru langtum verðlægri krónur en áður. Það mun láta nærri, að fjárveitingin til þessara mála sé nú að verðgildi aðeins um ⅓ af því, sem var fyrir daga núv. rikisstj. Það mun láta mjög nærri.

Framkoma Sjálfstfl. í þessu máli hefur verið þannig frá upphafi, eins og hér hefur nokkuð verið rakið, að hann hefur engin efni á því að beina ásökun til annarra fyrir þeirra þátt í málinu.

Hv. 1. þm. Vestf. hefur talið sig áhugamann um jafnvægi í byggð landsins. Hann hefur nú tækifæri, hann hefur enn tækifæri til að sýna þann áhuga í verki með því að herða sig upp og greiða atkv. gegn frávísunartill. flokksbræðra sinna, sem þeir telja rökstudda, en er órökstudd, og styðja frv. okkar framsóknarmanna.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það mál, sem raunverulega er hér til umr., er vandamál dreifbýlisins, og ég held, að það sé ákaflega nauðsynlegt fyrir okkur að reyna að taka þetta vandamál ekki bara sem spurningu um eina dálitla ráðstöfun til þess að vernda og efla dreifbýlið, heldur sé nauðsynlegt fyrir okkur, þegar við erum að ræða þetta mál, að reyna að kryfja það alvarlega til mergjar, gera okkur sjálfum ljóst, hvernig á þeirri þróun í landinu stendur, sem flm. þessa frv. eru að reyna að ofur litlu leyti að ráða við. 1901, þ. e. a. s. í byrjun þessarar aldar, vorum við Íslendingar 78 þús. Síðan hefur þróunin orðið sú, að við munum nú 1961 vera um 180 þús. Það hafa bætzt, það sem af er öldinni, um 100 þús. manns við íslenzku þjóðina. Þessar 100 þús. eru allar í Kjalarnesþingi, eins og þær leggja sig. Á öllum hinum hluta landsins er sami mannfjöldi og var fyrir 60 árum, í upphafi aldarinnar. Og þegar verið er að ræða það vandamál, sem fylgir þessari þróun byggðarlagsins á Íslandi, þá er alveg nauðsynlegt fyrir okkur að athuga, hver sé orsökin. Næstu tvær aldirnar á undan, frá 1703—1901, hafði byggðin í landinu haldizt svo að segja óbreytt. Það hefur fækkað ofur lítið fólki 1700—1800, en ekki nema um 3000, og það hafði jafnvel fækkað hlutfallslega mest á Suðvesturlandi. Norðurland, Vestfirðir og Austurland allt að því héldu sér, þannig að þróunin á Íslandi fram að 1901 var þannig, að þetta vandamál kom ekki til um þessa miklu fólksflutninga á einn ákveðinn stað á landinu.

Hver er orsökin til þess, að sú gerbylting verður, sem einkennir þessa öld, þessi byggðabylting á Íslandi, sem einkennir þessi síðustu 60 ár? Orsökin liggur í þeim eiginleikum þess auðvaldsskipulags, sem verið hefur að vaxa hér upp á þessum tíma og hefur sett sitt mark á þróun þessarar aldar, að atvinnutækin hafa þjappazt saman á örfáum eða svo að segja einum stað. Það er lögmál í allri þróun auðvaldsskipulags, að byggðin þjappast saman á tiltölulega þrönga bletti, vegna þess að það er frá hreinu hagsmunalegu, hreinu peningalegu sjónarmiði séð tiltölulega ódýrast fyrir allan rekstur að hranna tækjunum saman á litlu svæði. M. ö. o.: ef það lögmál, sem býr í því þjóðfélagi, sem við köllum venjulega auðvaldsskipulag, fær að njóta sín óhindrað, það lögmál, að peningarnir og peningavaldið ráði þessu eitt saman, þá hrannast þetta saman á tiltölulega lítið svæði. Þetta er lögmál, sem hefur verið að verki í öllum auðvaldsþjóðfélögum, jafnt Englandi sem Tékkóslóvakíu, hvar sem auðvaldsskipulag þróaðist, var þetta einkenni þess. Hér eru náttúrlegar orsakir að verki líka. Það þarf alltaf að vera undirstaða í líku. Gullkista Faxaflóa á líka sinn þátt þarna í. Samt hefur hún verið til allan tímann, en ekki samt haft þau áhrif hér fyrr á öldum, fyrr en þetta þjóðfélag peninganna kemur til. Ég held, að þetta sé það, sem við fyrst og fremst verðum að gera okkur ljóst, þegar við ætlum að ræða þetta vandamál dreifbýlisins eða vandamál þess, að öll byggð landsins skuli hrúgast saman á einn litinn blett, — þá held ég, að við verðum fyrst af öllu að gera okkur ljóst, að þetta er orsökin. Það er sjálft peningavaldið, lögmál peninganna, sem gerir það að verkum, að hverjum einum, sem er að leggja í atvinnutæki, þykir svo praktískt að leggja í það á þeim stað, þar

sem svo að segja allt er til fyrir: mannfjöldinn, göturnar og, ef um bát er að ræða og útgerð, frystihúsin, þ. e. þar sem öll þægindin eru, allar forsendurnar eru og bankavaldið á næsta leiti. M. ö. o.: það er þarna lögmál að verki, sem, ef það fær að ráða blint, seiðir til sín atvinnutækin og seiðir þar af leiðandi til sín byggðina. Ég held, að þetta sé það, sem við verðum að horfast í augu við, þegar við ræðum um þetta. Við sjáum, að ýmislegt hefur verið gert á þessum 60 árum til þess að hafa áhrif í aðra átt, en hver er samt sem áður afleiðingin? Á Vestfjörðum hefur fækkað frá 1901 úr 12 þús. niður í rúm 10 þús. Á Norðurlandi hefur ofur lítið fjölgað, úr 20 upp í 30 þús. Það er allt saman, meira að segja með hinni tiltölulega stóru Akureyri og þeirri þróun, sem þar er. Á Austurlandi hefur svo að segja alveg staðið í stað, 10600 árið 1901, 10500 árið 1961. Á Suðurlandi, þegar Reykjaneskjördæmi er ekki talið þar með, þá voru þar 1901 rúm 13 þús., en nú 1961 16 þús. M. ö. o.: byggðin í landinu stendur í stað. Á Vesturlandi verður það sama uppi. Það er bara Kjalarnesþingið eitt, sem breytist. Og það er ekki nokkurt spursmál um það, að orsökin til þess er, að menn hafa flykkzt hingað til þess að njóta þeirra atvinnutækja, sem hér hefur verið komið upp. Og því, að atvinnutækjunum hefur verið komið hér upp, veldur að vísu sá náttúrlegi grundvöllur, sem gullkista Faxaflóa er, en ofan á það hrannast svo allt hitt, öll verzlunin, allt embættisbáknið, bankarnir, allt saman er staðsett hér, meginið af öllum æðri skólum landsins, allt saman verður til að skapa þessa samþjöppun. Undirstraumurinn er peningarnir og þeirra lögmál, en allt hitt dinglar á eftir, embættisskipulagið og allt annað þess háttar, allt saman fylgir í kjölfarið, og fólkið leitar eðlilega til þessa, stundum vegna atvinnu, stundum vegna gróðamöguleika, stundum vegna menntunar, en það er þetta lögmál, sem þarna er að verki. Og það, sem við verðum að gera okkur ljóst, ef okkur finnst þetta vera vandamál, sem ég býst við að við séum allir sammála um, og ef okkur finnst, að þetta sé atriði, sem við eigum að ráða við, þá verðum við að skilja þessa orsök. Þá verðum við að skilja, að það er sjálft þetta lögmál þessa peningaþjóðfélags, sem þarna er að verki, og þá verðum við að taka ráðin af þessu lögmáli, þá verðum við að stöðva það, að þetta lögmál fái að njóta sín, fái að hafa áhrif. Það þýðir m. ö. o., að við mennirnir sem hugsandi verur verðum að kryfja þetta til mergjar, og þá munum við komast að þeirri niðurstöðu, að við getum breytt þessari þróun, og það er það, sem við verðum vitandi vits að gera. Við verðum að horfast í augu við það, að við viljum ekki láta þessa þróun gerast áfram. Við álítum, að landið eigi að vera jafnar byggt, a. m. k. hvað fjórðungana snertir, að það sé ekki heppilegt fyrir okkar þjóðlíf, að um árið 2000, ef svona héldi áfram, þá yrðu 300—400 þús. á Íslandi og þá yrðu kannske 300 þús. af þeim hér í Kjalarnesþinginu.

Ef við viljum ekki láta þessa þróun halda áfram, verðum við að grípa þarna inn í. Og hvað þýðir það, á hvern hátt verðum við að grípa þarna inn í? Við verðum sjálfir, mennirnir, að taka að okkur að stjórna þessari þróun, og það þýðir fyrst af öllu að stjórna sjálfri þróun atvinnulífsins. Það þýðir m. ö. o. að taka ákvarðanir um, hvar atvinnutæki þjóðarinnar skuli staðsett, ráða því sjálfir, hvernig byggðarlagið þróast, en taka auðvitað tillit til náttúrlegra skilyrða. Við færum ekki að staðsetja atvinnutækin, t. d. hraðfrystihúsin og bátana, þar, sem enginn fiskur væri. Það hefur svo sem ekki vantað fiskinn, hvorki fram undan Snæfellsnesi né Vestfjörðum, og vantar hann ekki heldur yfirleitt fyrir norðan núna. En engu að síður hrannast öll útgerðarfyrirtækin hér, og meira að segja á útgerðarstöðum, þar sem jafnvel beztu fiskimiðin eru í grennd, þar verða menn jafnvel að flýja með bátana, vegna þess að það vantar í landi aðstöðu til þess að taka á móti auknum bátaflota. Þetta þýðir, að þjóðfélagið sjálft verður að ákveða þessa þróun, en láta ekki peningana sem vald í þjóðfélaginu ákveða þetta blint. Það þýðir, að hér á Alþingi verður að taka ákvarðanir um, á hvern hátt þróunin skuli gerast í byggðum landsins, og það þýðir í fyrsta lagi að ákveða, hvar atvinnutækin skuli vera staðsett með réttu tilliti til fiskimiða og allrar aðstöðu, en með tilliti til þessa líka að þjappa ekki byggðinni allri saman á einn einasta blett.

Þá þurfum við að koma okkur niður á það, hvernig við viljum hafa þessa þróun. Það var fyrir 18 árum mín till., þegar um þessi mál var rætt, að það yrði reynt að koma upp í hverjum af fjórðungum landsins allstórum bæjum, t. d. á Snæfellsnesi yrði stefnt beint að því að koma upp einum bæ, sem væri með — skulum við segja — 5—10 þús. íbúa og ætti fyrir sér að vaxa. Á Vestfjörðum yrði líka einbeitt þannig að einum af litlu bæjunum, sem þar eru. Á Norðurlandi og Austurlandi yrði farið að á sama máta. Við einbeittum okkur að því að skapa allstóra bæi, sem síðan hnoða utan um sig. Einn slíkur bær þýðir, þegar það er orðinn bær upp á ein 10 þús., að þar er hægt að hafa — við skulum segja bara í sambandi við sjávarútveginn sem okkar atvinnugrundvöll, — þar er hægt að hafa flestallar þær tegundir af fiskverkunarstöðvum, sem við þurfum á að halda, ekki aðeins hraðfrystihús, saltfiskverkun, skreið og annað slíkt, heldur líka fiskimjölsverksmiðjur og annað þess háttar, og skipuleggja þetta þannig, að það væri frá upphafi sem allra praktískast. Eins og menn vita, hefur það stundum gerzt svo hrapallega, þegar menn hafa verið að reyna að koma upp einhverju slíku, að menn hafa kannske farið í smábæ eins og Ólafsvík að koma jafnvel upp tveimur fiskimjölsverksmiðjum. Menn hafa deilt og rifizt um það, hverjir ættu að eiga þetta og reka þetta, og jafnvel endað með því, að það var á endanum ekki til einu sinni aðstaða til þess að geta tekið á móti svo stórum bátum þar, að þeir gætu almennilega lagzt þar að bryggju, að þeir gætu fengið þar nóg af fólki, og jafnvel tilhneiging komin upp til að flýja burt með stærstu og nýjustu bátana, vegna þess að það var ekki skipulagt fyrir fram af stórhug og framsýni, að hverju skyldi stefnt í þessu, en einhver smáhreppapólitík í hvert skipti eða smáhagsmuna-

mótsetningar stundum, t. d. kannske á milli kaupfélaga og einstakra atvinnurekenda og annarra slíkra um, hver fengi valdið yfir viðkomandi tæki. Ef við hefðum stefnt að því fyrir tveimur áratugum að koma upp a. m. k. einum stórum bæ á hverju af þessum svæðum, sem ég nefndi, bæ, sem hefði 5—10 þús. manns og ætti fyrir sér að vaxa, þá hefði slíkur bær hnoðað utan um sig sjálfur. Við sjáum það t. d. með Akureyri, sem er eini bærinn, sem hefur ofur lítið getað þróazt í þessa átt og átt samt erfitt. En hvernig var líka búið að Akureyri? Eftir að Akureyri fékk sína 4 nýsköpunartogara, liðu 10 ár, þangað til búið var að koma upp hraðfrystihúsi á Akureyri. Það kostaði sífellda baráttu, það sem átti að koma undireins, samtímis. Og þannig hefur alltaf skort á þetta hjá okkur. Jafnvel þó að á þetta hafi verið bent og fyrir þessu barizt, þá hefur skort heildarstjórnina á þessari þróun, en það er hún ein, sem getur afstýrt því, að þetta blinda lögmál peninganna fái að ráða svona áfram, fái að umróta svona áfram þjóðfélaginu eins og það hefur gert fram að þessu, svona blint, með þeim afleiðingum, sem allir eru svo hálfhræddir við, þegar að þessu kemur, þegar í ljós kemur, hvað orðið er.

Eina ráðið til að koma í veg fyrir þetta er, að þjóðfélagið sem slíkt setji sér ákveðna áætlun um, hvernig það ætlar að byggja þetta upp, hvernig það ætlar að byggja upp atvinnulífið, marki þetta til alllangs tíma, til 5 ára, til 10 ára og jafnvel lengri tíma, til þess þannig að ráða alveg við og stjórna því, hvernig þessi þróun skuli gerast. Það þýðir, að mennirnir sem slíkir taki valdið af peningunum, að mannsvitið taki við af því blinda lögmáli, sem þarna er að valda vandræðum. Við sósialistar köllum þetta áætlunarbúskap. Við höfum reynt hvað eftir annað að sannfæra menn um, að þetta væri eina leiðin til þess að ráða við þessa blindu þróun, sem við horfum þarna upp á. Ef farið hefði verið að okkar till., mundu slíkir bæir hafa verið komnir upp nú þegar, í staðinn fyrir að skapa hjá okkur hér í Reykjavík og hér í grenndinni raunverulega nýjan 3—4 þús. manna bæ á hverju ári, sem er bara byggður við hina bæina. Hver einstaklingur í þjóðfélaginu, hver einstakur atvinnurekandi, sem byrjar, tekur ákvörðun út frá sínum hagsmunum, út frá því, sem hann heldur að komi sér að gagni peningalega séð. Ég veit, að það voru meira að segja freistingar, sem til allrar hamingju viðkomandi atvinnurekendur réðu þó við, — það voru freistingar hjá einu af stærstu fyrirtækjunum á Akureyri, súkkulaðiverksmiðjunni Lindu, til að flytja allt saman hingað suður. Í staðinn hafa þeir ráðizt í stóra byggingu á Akureyri, og það er ákaflega gott út af fyrir sig. En ég nefni þetta bara sem dæmi, hvað tilhneigingin er mikil. Við vitum það, að fyrir mann, sem framleiðir súkkulaði, er helmingurinn af öllum hans markaði hér í Reykjavík og í grennd. Það sparar honum svo og svo mikinn flutningskostnað, ef hann væri hér, í stað þess að byggja norður á Akureyri. Öll þessi svokölluðu hagrænu lögmál ýta undir þetta, ef hver einstaklingur ákveður þetta frá sínu einkahagsmunasjónarmiði. En svo framarlega sem þjóðfélagið grípur þarna inn í og stuðlar að annarri skynsamlegri þróun og skynsamlegri þróun en þessari, þá er hægt líka að fullnægja þessum hagsmunasjónarmiðum, en bara ekki gera það blint.

Ég held, að það, sem við þyrftum einmitt að taka ákvarðanir um, væri stórfelld þjóðaráætlun um slíka uppbyggingu, þar sem við gengjum út frá því að stjórna þróuninni í þá átt, að atvinnutækin skuli staðsett mjög fjölbreytt, allt frá togurum og stórum bátum upp í hraðfrystihús og fiskiðjuver, niðursuðuverksmiðjur, fiskimjölsverksmiðjur og annað slíkt og menningarmiðstöðvar. Ég segi þetta ekki eingöngu með tilliti til þess, hvernig sveitirnar eru að tæmast hjá okkur vegna þessarar þróunar. Litlu kauptúnin og þorpin fara að fara sömu leiðina og hafa sums staðar farið hana þegar. Það er dreifbýlið sem slíkt, sem er allt í hættu. Bæir, sem voru eins og fjórði eða fimmti hlutinn úr Reykjavík um aldamótin, hafa dregizt þannig aftur úr, að þeir eru nú kannske ekki nema fertugasti hluti hennar. Þetta er heildarþjóðfélagslegt vandamál, sem við verðum að glíma við. Og ég veit um ágæta útgerðarbæi, eins og t. d. Ólafsvík og aðra slíka, að þeir eiga í baráttu upp á líf og dauða út af þessum málum. Nú þegar bátarnir eru að stækka upp í það að verða yfirleitt 100—200 tonn, þegar þeir útheimta þess vegna miklu betri aðstöðu og allt slíkt, þá er þetta orðið svo brýnt, að tilhneigingarnar til þess að flýja hingað suður verða gífurlega sterkar, ef það er ekki ráðizt af hálfu þjóðfélagsins í stórfelldar ráðstafanir, sem gerbreyta þessari þróun, ef við tökum ekki völdin af peningunum og þeirri þróun, sem peningarnir skapa, og stjórnum út frá vilja mannanna sjálfra og hvernig við viljum hafa þetta, hvernig við, þjóðfélagið í heild, viljum hafa þetta, en ekki láta bara þá blindu peninga stjórna okkur og ráða því, hvernig við byggjum landið.

Þetta er vandamál, eins og ég gat um, sem hefur einkennt alla þessa öld. Þetta er ekki bara síðan í styrjöldinni, þó að þeir taki réttilega hér upp, þeir framsóknarmenn, sem þetta flytja, í sinni grg. samanburð 1940—1961. Það er alveg sama þróunin 1901—1940, hún bara gerist heldur hægar. Það er samsvarandi þróun, sem gerist þá á 40 árum, sem síðan hefur gerzt á 20 árum. En þróunin er alveg sú sama, tilhneigingin alveg sú sama, stöðvunin í fjórðungunum utan Kjalarnesþings sú sama. Á þessari öld hafa verið gerðar ýmsar ráðstafanir til þess að reyna að ýmsu leyti að sporna við þessu. Menn hafa fundið snemma til þessa og verið ýmislegt að reyna að gera. Framsfl. hefur sjálfur verið meira eða minna í stjórn helminginn af öllu þessu tímabili, og ég veit, að hann hefur verið fullur af vilja til þess að reyna að viðhalda þessu dreifbýli. Og það eru fleiri en hann. Það hafa verið gerðar af því opinbera, líka þegar Framsfl. hefur verið í stjórnarandstöðu, stórfelldar ráðstafanir til þess einmitt að gera þetta, en þetta hefur allt saman ekkert dugað. Það voru af hálfu Framsfl. t. d., þegar hann var hvað valdamestur hér á fjórða tug aldarinnar, gerðar miklar endurbætur viðvíkjandi vegum og símum og

öllu öðru slíku í landinu til þess að reyna að gera sveitina miklu byggilegri, sem þá var samsvarandi því, sem síðan hefur verið reynt að gera með rafmagninu. Engu að síður hefur þróunin orðið sú, að sveitafólkið, sem var meiri hlutinn í okkar landi í upphafi þessarar aldar, er nú líklega að komast niður í það að vera 12—13%. Þessi borgabylting, þessi byggðabylting gerist hjá okkur hraðar en í nokkru öðru þjóðfélagi í kringum okkur.

Af hálfu nýsköpunarstjórnarinnar, þegar hún var, voru gerðar tilraunir til þess að ráða á vissan máta við þetta. Það voru teknar þær ráðstafanir í samráði við bæjarfélög víða úti um land að reyna að koma upp togaraútgerð. Áður hafði togaraútgerð aðeins verið í Reykjavík, Hafnarfirði og Patreksfirði. Það voru gerðar alveg sérstakar ráðstafanir til þess að gera svo og svo mörgum bæjarfélögum og áhugasömum og duglegum og efnuðum mönnum úti um allt land mögulegt að eignast togara. Það voru alveg sérstaklega frjálslyndar fjárhagslegar ráðstafanir, og það voru staðsettir togarar á Vestfjörðum, á Austurlandi, Norðurlandi og líka í bæjum syðra utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Hver hefur orðið samt sem áður þróunin? Þróunin hefur orðið sú, að svo að segja aðeins á Akureyri eru þessir togarar enn eftir, aðeins örlitið eftir annars staðar. Ég man eftir því, að einn af stórkapítalistunum í Reykjavík sagði, þegar þessar ráðstafanir voru gerðar þá: Þeir skulu að lokum allir koma til okkar, togararnir. — Hann þekkti svo sem það lögmál, sem að verki er í því þjóðfélagi, þar sem peningarnir eru látnir drottna, og þegar peningarnir voru síðan látnir vera það eina, sem drottnaði, nokkru síðar, þá varð þróunin þessi. Þessi hrakspá rættist.

Á tímum vinstri stjórnarinnar var ráðstafað ákaflega miklu af vélbátum út um allt land og ýtt undir það að reyna að efla þar sjávarútveginn, ekki aðeins með bátum, heldur líka með ýmiss konar fiskiðjuverum. Og það tókst að stöðva þá eða afnema það hættulega ástand, sem þá hafði ríkt, meðan helmingaskiptastjórnin sællar minningar, íhaldið og Framsókn, hafði setið að völdum í 6 ár, sem þýddi, að það var að verða atvinnuleysi úti um allt land og fólkið að flýja þaðan. Það tókst að stöðva þá hörmulegu þróun og blása nokkru lífi aftur í dreifbýlið úti um allt land. Og þegar síðan sú ráðstöfun, sem vinstri stjórnin gerði viðvíkjandi landhelginni, útfærsla landhelginnar, hjálpaði til að auka aflann úti um allt land aftur, hefur þetta nú orðið grundvöllur að því, að afkoman úti um allt land er betri en hún var á tímum helmingaskiptastjórnarinnar. Engu að síður heldur sama þróunin áfram. Meira að segja á Siglufirði, þar sem verið hefur ágætis atvinna undanfarin ár og líka að vetrinum nokkurn veginn sæmilegt, þá flytur fólkið burt. Af þeim stöðum, sem hafa yfir að ráða a. m. k. að sumrinu til einhverjum mestu auðæfum Íslands, þaðan flýr fólkið. Þessi þróun er svo harðvítug, svo ásækin, að það er alveg greinilegt, að þarna þarf til að koma heildarstjórn á þjóðarbúskapnum sjálfum, ef við eigum nokkuð að ráða við þetta.

Það er lagt til í þessu frv., að stofnaður skuli jöfnunarsjóður, hann skuli fá vissar tekjur og hann skuli leggja fram til lána og til slíks ákveðnar upphæðir á ári. Það er hægt skv. þessu að fá kannske 20—30 millj. á ári til ráðstöfunar. Hvernig er hins vegar sjálfur aðbúnaðurinn í þjóðfélaginu, ef við lítum á það sem heild? Ég þori að vísu ekki að taka neinar tölur um okkar þjóðartekjur nú í augnablikinu, þetta er svo afskaplega misjafnt útreiknað, en ef við bara förum nokkur ár aftur í tímann, 5 ár, þá var seinast reiknað með 7000 millj. kr., og af þeim 7000 millj. kr. fóru í fjárfestingu 2300 millj. kr. eða þriðji parturinn. M. ö. o.: þjóðin ráðstafar á hverju ári um 2300 millj. kr. í fjárfestingu: í atvinnutæki, í íbúðarhús, í samgöngutæki, bíla og annað slíkt.

Það er þessi ráðstöfun, sem stjórnar því, hvernig landið er byggt. Það er þessi staðsetning þessara tækja og húsa, sem keypt eru fyrir 2300 millj. kr., miðað við verðlag 1957 eða 1958, — það er þetta, sem ræður því, hvernig þróunin í landinu verður. Ef við ætlum að ráða við vandamál dreifbýlisins, verðum við að ráða við það, hvernig þessari fjárfestingu er varið, hvernig þessum þriðjungi þjóðarteknanna, hvernig þessum 2300 millj. kr. er varið, a. m. k. í höfuðatriðum. Þetta er vandamálið, sem við stöndum frammi fyrir. Ef við þorum ekki að taka þetta vandamál fyrir og reynum að hafa heildarstjórn á þessari þróun af hendi þjóðfélagsins sjálfs, þá höldum við áfram að horfa upp á þetta. Þá gerum við kannske á næstu árum og áratugum smáráðstafanir, við samþykkjum kannske svona frv. og segjum: Þarna hafið þið 20—30 millj., þarna hafið þið 1% til þess að ráða fjárfestingu. — Við skellum kannske nokkrum stórum vélbátum einhvers staðar úti á landi og lögum kannske hafnaraðstæður fyrir þá. En þetta segir allt saman ekki neitt. Þetta er ósköp gott út af fyrir sig og fallegt o. s. frv., en það er bara engin lausn á vandanum, sem liggur fyrir okkur. Annaðhvort verðum við að ráða við þetta eða við verðum eins og leiksoppar í höndum þessarar þróunar, eins og við höfum verið í 60 ár.

Þetta er ekki vandamál, sem við einir reynum. Það verður tilfinnanlegra fyrir okkur, vegna þess að það gerist hraðar hjá okkur en annars staðar. Það verður líka tilfinnanlegra fyrir okkur vegna þess, að við erum sérkennilegri þjóð en nokkur önnur þjóð jafnvel í Evrópu, og það er tilfinnanlegra, að slíkri þjóð sé kippt upp með rótum og hent hér á útnesin. En aðrar þjóðir hafa sama vandamálið. Ég hef ofur lítið kynnt mér þetta vandamál í Tékkóslóvakíu. Í Tékkóslóvakíu var með þróun kapítalismans þar nákvæmlega sama upp á teningnum. Í Bæheimi hrannaðist saman á 19. öldinni og framan af 20. öldinni svo að segja allur stóriðnaður landsins, meginið af öllu því, sem byggt var af nýjum verksmiðjum og öllu öðru slíku, var þarna, og Bæheimur var ágætt iðnaðarland. Slóvakía aftur á móti, þ. e. a. s. eystri hluti Tékkóslóvakíu, var dreifbýli. Það varð sífellt fámennara og fámennara. Þar bjuggu menn í sveitunum, og unga fólkið tíndist burt til Bæheims og Mæris, og smám saman var Slóvakía að tæmast, en Bæ-

heimur að verða því þéttbyggðari og kolarykið yfir námubæjunum því svartara.

Þegar sósialisminn komst á í Tékkóslóvakíu, var það eitt hið fyrsta, sem tekið var fyrir, að gerbreyta þessari þróun. Í Slóvakíu er t. d. meginið af öllum beztu fallvötnum Tékkóslóvakíu. Það var ráðizt í stórkostleg raforkuver í Slóvakíu. Það voru byggð í sambandi við raforkuverin gífurleg iðjuver, sem þyddi, að mannfjöldinn hélzt í Slóvakíu og tók að fjölga þar, m. ö. o.: með því, að þjóðfélagið sjálft gegnum sitt þing og sína stjórn tekur þau völd í sínar hendur af peningunum að ráða, hvar atvinnutækin í landinu séu staðsett, og ráða þar með þróun byggðarlagsins. Og nú hefur þessari þróun verið snúið við. Nú hafa í dreifbýlinu, sem áður var, verið skapaðar stórar iðnaðarmiðstöðvar, vegna þess að þarna er þjóðarbúskapur, sem er rekinn samkv. áætlun með sósialistísku sniði.

Þetta er það eina, sem við getum gert til þess að ráða við þessa þróun. Við þurfum ekki hér á Íslandi endilega að koma á sósialisma til þess, vegna þess að ef við tökum slíka heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, þá hefur íslenzka ríkið án þess að afnema með öllu kapítalisma eða koma á sósialisma það mikil tök á okkar atvinnulífi, bankarnir eru hér ríkisbankar og afskipti þjóðfélagsins og ríkisins af atvinnulífinu meiri en í nokkru öðru kapitalistísku landi Evrópu, þannig að við getum ráðið við þessa þróun, ef við aðeins gerum okkur ljóst, hverjar orsakir hennar eru, og ráðumst á orsakirnar sjálfar, látum ekki peningalögmálið stjórna þessu alveg blint, heldur búum til okkar áætlanir um það, hvernig við viljum þróa byggðina í landinu, og undirstaðan að byggðinni eru sjálf atvinnutækin.

Það hefði verið ánægjulegt, fyrst maður á annað borð er að ræða svona hluti hér, að sjá þá framkvæmdaáætlun, sem hæstv. ríkisstj. hefur boðað mjög mikið og við nú þegar erum að heyra um að eigi að gera einhverjar ákveðnar ráðstafanir, — nokkur hundruð milljónum króna, þ. á m. erlendum lánum, sem tekin eru, skuli varið til þess að byggja upp okkar atvinnulíf og þjóðlíf á vissum svæðum, og þar með meina ég: vissum þjóðlífssvæðum, en ekki landfræðilega séð. Það hefði verið gaman að geta rætt slíkt og tekið það nokkuð til meðferðar, að hve miklu leyti slík framkvæmdaáætlun slíkrar ríkisstj. kæmi eitthvað inn á að ráða við þessi vandamál, sem hér eru fyrir. Ég er því miður hræddur um, að það felist ekki í slíkri framkvæmdaáætlun. Ég er því miður hræddur um, að þar felist aðeins í, að það skuli kannske reyna á næsta ári að setja svona marga milljónatugi í hús, svona marga milljónatugi í vegi, svona marga milljónatugi í hafnir. En að það sé búin út nákvæm áætlun um, hvar þetta skuli gert, það veit ég ekki til enn þá, hefur okkur ekki enn þá verið sagt, en það er einmitt það, sem hefði átt að leggja hér fyrir Alþingi, ef það var ætlunin að koma með einhverja slíka áætlun. Hér var einmitt ástæðan til þess að stjórna þróun þessarar byggðar.

Mönnum finnst kannske einkennilegt, að ég, sem er þm. Reykv., skuli ræða þetta mál svona. En ég vil greinilega taka það fram, að ég álít, að þetta vandamál dreifbýlisins sé ekki síður vandamál fyrir Reykvíkinga og þá, sem búa hér í þéttbýlinu. Það er eitt af því, sem veldur ákaflega miklu um allt braskið, dýrtíðina og öll þau vandræði í Reykjavík og hér í kringum okkur, það er einmitt, hvað allt hrannast hingað suður. Það yrði miklu auðveldara að ráða við þá hluti, ef ekki væri slík öfugþróun sem því miður er í okkar þjóðfélagi. Þess vegna álít ég, að í sambandi við þetta vandamál dreifbýlisins sé um heildarþjóðfélagslegt vandamál að ræða, sem verði ekki ráðið við, svo að vel sé, nema gripið sé fyrir orsakirnar að því og við sameinumst sjálfir um, að mennirnir taki í sínar hendur, þjóðfélagið taki í sínar hendur stjórnina á þjóðarbúskapnum og þar með á þróun byggðarlagsins, en láti þetta ekki ráðast af þeirri tilviljun, hvernig peningalögmálið verkar á hverjum tíma.

Það frv., sem hér er um að ræða, er út af fyrir sig góðra gjalda vert, það sem það nær. En það ræður ekki við það vandamál, sem við erum að ræða um, og það er slæmt, að þeir einmitt, sem að því standa, skuli ekki á sínum tíma hafa notað þau tækifæri, sem voru, til þess að ráða við þetta vandamál, til þess að taka það róttækt, því að öðruvísi er ekki hægt að ræða það.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er ekki í fyrsta sinn, sem við sjáum hér á hv. Alþingi frv. til l. um jafnvægi í byggð landsins. Það eru mörg ár síðan við sáum slík frv. hér fyrst, og oft hafa þau komið aftur. Og á síðasta þingi var að lokum lögfest að verja því fé, sem áður hafði verið varið til atvinnubóta frá ári til árs, til sjóðsstofnunar, sett yfir þennan sjóð stjórn og aðalhlutverk þess sjóðs skyldi vera, að manni skildist, að auka jafnvægi í byggð landsins. Nú er til þess vitnað af stjórnarsinnum, að vegna þessarar lagasetningar á síðasta þingi sé alveg óþarft að bera fram frv. á hv. Alþingi nú um þetta efni. Ég held, að þetta sé alveg röng afstaða, af því að hitt frv., sem samþ. var á síðasta þingi, var sniðið af slíkri smámunasemi, að sú löggjöf er alls ófær um að skapa jafnvægi í byggð landsins. Þess vegna er það mín skoðun, að það sé vissulega þörf nýrrar og stórbrotnari löggjafar til að mæta þessum þjóðlífsvanda. Ég stóð þó ekki aðeins upp til þess að tjá þessa afstöðu mína til þess frv., sem hér liggur fyrir, — ég fellst ekki á röksemdir hv. stjórnarflokka um það, að löggjafar sé ekki þörf, — heldur til hins, að leiðrétta nokkur atriði úr ræðu hv. 1. þm. Vestf., því að þar var farið rangt með margt. Ég tók eftir því, að hv. 1. þm. Norðurl. v. fór hér í ræðustól í dag til að leiðrétta nokkrar missagnir, og var ekki vanþörf á því, en það eru nokkrar missagnir, sem sérstaklega snúa að Alþb. í sambandi við þetta mál, sem ég vil leyfa mér að leiðrétta.

Hv. þm. hefur mörg undanfarin ár sagt söguna af „litlu, gulu hænunni“, þ. e. a. s. frv., sem flutt var hér ár eftir ár og átti að heita frv. til l. um jafnvægi í byggð landsins. Það er rétt, að ég skopaðist dálítið að þessu frumv., og það situr alltaf í hv. þm. og getur aldrei yfir það fyrnt, hve ég taldi það vera smátt í sniðum og lítt til þess fallið að valda því mikla verkefni, sem því

var ætlað að valda, og þá kallaði ég það einu sinni í umr. í mesta sakleysi „litlu, gulu hænuna“.

Það er og rétt, sem hv. þm. sagði, að í sambandi við þetta frv. fluttum við þm. Alþb. nokkrir allmargar brtt. við þetta frv., og voru þær síður en svo til að spilla málinu. Þær voru til þess fluttar, að frv., ef till. væru samþykktar, yrði miklu stórbrotnara frv. til aukins jafnvægis í byggð landsins. Og það fór svo, eins og hv. þm. einnig sagði, að þessar brtt. Alþb. fengu þingfylgi, höfðu meirihlutafylgi á Alþingi aldrei þessu vant. Okkar till. voru samþ. En þá var frv. orðið svo innihaldsríkt og stórbrotið, að þáv. stjórnarflokkar gátu ekki við það unað og létu frv. veslast upp, það fékk ekki afgreiðslu. Þeim ofbauð alveg, hvað þá átti að gera mikið samkv. þessu endurbætta frv. til jafnvægis í byggð landsins, og spyrntu við fótum og komu þannig í veg fyrir, að frv., svo breytt, yrði samþykkt. Hv. þm. harmaði mjög, að þessar brtt. skyldu hafa verið samþ. En þær voru til stórbóta á málinu, og ef það hefði náð fram að ganga þannig, hefði það komið að einhverju verulegu gagni.

Þegar svo þetta frv. loks var samþykkt á s. l. ári, var ákveðið, að það skyldi árlega leggja 10 millj. kr. til þessa verkefnis. En þær 10 millj. kr. voru ekki jafnvirði 4 millj. kr., miðað við verðlag, þegar frv. var fyrst flutt, svo að alltaf hafði vesalings „litla, gula hænan“ verið að minnka. Nú hefði þurft ekki aðeins 10 millj., ekki aðeins 15 millj., eins og atvinnubótafé var þó orðið á árunum, þegar vinstri stjórnin svokallaða sat við völd, heldur hefðu nú þurft að vera 30—50 millj. kr. ætlaðar til þessa hlutverks. 30 millj. kr. eru sízt verðmeiri nú en 15 millj. 1957 og 1958. En það voru látnar nægja 10 millj.

Það er alrangt hjá hv. þm., að það hafi verið gerður samningur, þegar vinstri stjórnin var mynduð, um að láta frv. ekki koma til framkvæmda. Það var enginn samningur um það gerður. En hins vegar var atvinnubótafé á vinstristjórnarárunum hækkað, þannig að það hefur aldrei jafnhátt orðið. Það hefur hækkað upp í 15 millj. kr., sem nú mundi svara til um 30 millj. kr.

Þá sagði hv. þm., að á þeim árum hefði þetta ekki verið til aukins jafnvægis í byggð landsins, því að féð hefði þá alveg eins farið á Faxaflóasvæðið og annars staðar. Þetta er eitt af mörgu alröngu, sem hv. þm. sagði. Það var einmitt ákveðið þá, að úthlutun atvinnubótafjár skyldi hagað þannig, að það mætti verja því til byggðanna á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum, en ekki til Vestmannaeyja og Faxaflóasvæðisins, af því að þá var sæmilegt atvinnulíf þar, en byggðir að eyðast norðanlands og vestan og austan og atvinnutækjaskortur þar og ástæða til að veita þangað fé með ríkisatbeina, og það var gert. En þá fékk enginn maður, sem ætlaði að kaupa bát á Faxaflóasvæðið eða til Vestmannaeyja, neitt af atvinnubótafé. En þegar búið var að lögfesta atvinnubótasjóðinn, var fé veitt til bátakaupa um allt landið, sama upphæð til manns, sem ætlar að kaupa bát á Faxaflóasvæðið og til Vestmannaeyja, eins og til Austfjarða og Vestfjarða, þar sem byggðin stendur höllustum fæti, og þar með er þetta fé ekki lengur til jafnvægis í byggð landsins. En það var það vissulega. Það voru fastar reglur um það, að enginn gæti fengið atvinnubótafé til bátakaupa við Faxaflóa eða í Vestmannaeyjum.

Hv. þm. sagði, að það hefðu verið um 100 millj. kr., sem hefðu verið lagðar fram sem stofnfé, þ. e. a. s. hin áður veittu atvinnubótalán hefðu nú verið lögð til sjóðsins og þetta væri hinn mikli styrkur sjóðsins. Það verður þá víst einhvern tíma í framtíðinni. Það er ekki orðið nú. Ég spyr hv. þm.: Hvað er mikið búið að innheimta af þessum 100 millj. kr. sjóði og hvað mikið er komið til úthlutunar af því nú til jafnvægis í byggð landsins? Það er enginn eyrir, svo vítt ég veit. Og það er ekkert búið að innheimta og víst engar ráðstafanir gerðar hérna megin við kosningar til þess að innheimta neitt af því. Það getur verið, að þetta verði gert eftir kosningar.

Þegar menn eru að rökstyðja það, að þessu frv. beri að vísa frá, vegna þess að þess sé ekki þörf sökum þeirrar löggjafar, sem sett hafi verið á síðasta þingi, þá hefðu þeir menn, sem slík rök bera fram, haft gott af því að heyra hljóðið í fulltrúum sinna flokka í sjóðsstjórninni nú fyrir nokkrum dögum, þegar þeir voru að úthluta atvinnubótafénu. Þeir komu saman á fyrsta fund, áttu að úthluta 10 millj. kr. Og það, sem við þeim blasti, var það, að ef þeir ætluðu að úthluta þeim, sem voru að kaupa báta og skip núna, sömu upphæð að krónutölu og ákveðið hafði verið 1956, 1957 og 1958, 200 þús. kr. á skip, þá var nærri því öll upphæðin farin í þennan eina lið. Og þá hefðu þeir ekki nema 2—3 millj. til alls annars til úthlutunar, og þyrfti vitanlega enga úthlutunarnefnd, það mætti alveg eins fela bönkunum að ákveða hverjum skipskaupanda 200 þús. kr., þegar það á að ganga alveg jafnt yfir allt landið og til sérhvers manns, sem kaupir slíkt skip. Það þarf enga úthlutunarstjórn til þess. En svona stóðu þeir að vígi. Og þeir sögðu: Okkur er ekki fært að starfa, þetta er svo lítið fé, að fara að úthluta einum 3 millj. kr., sem eftir eru, til allra annarra þarfa, samkv. öllum þeim umsóknum, sem fyrir liggja, einmitt úr hinum dreifðu byggðum. — Hvað var gert? Jú, það var farið krjúpandi á hnjánum til hæstv. ríkisstj., sem talið er að hafi alls staðar yfirfulla sjóði, og hún beðin um í lífsnauðsyn að bæta 5 millj. við, svo að það yrðu þó 7—8 millj. kr., sem hægt væri að hafa til úthlutunar, þegar búið væri að láta hvern skipskaupanda hafa 200 þús. kr., sem er ekki helmingur þess fjár, sem þeir áður fengu til styrktar við skipakaup. Krónutalið nú hið sama þýðir helmingi minna verðmæti og vel það. Það, sem nú átti samkv. löggjöfinni frá í fyrra að verja til jafnvægis í byggð landsins, varð, þegar á átti að herða og úthlutunin til skipakaupanna var fráskrifuð, 2—3 millj. Varð að biðja um 5 millj. í viðbót, svo að n. treysti sér til að gefa þessu nafn. Það var sem sé eins og dropi í haf. Með minna en 7—8 millj. kr. treystu þeir sér ekki til þess að starfa. Og svo segja menn: Það er ekki þörf vegna þessarar ágætu löggjafar frá því í fyrra. Þar er búið að ráða þessu máli til lykta, bæta úr því til fulls, meira

er ekki þörf. — Og það er einmitt aðalfaðir „litlu, gulu hænunnar“, sem heldur þessari röksemd fram, segir, að nú sé búið að setja slíka ágætislöggjöf, að hér sé ekki þörf á meira. Nei, það er sannarlega svo mikið jafnvægisleysi nú, einmitt nú, í byggð landsins, að það er stórra átaka þörf til að auka það jafnvægi.

Ég flutti á þessu þingi þáltill. um aðstoð þjóðfélagsins til eins lítils sveitarfélags á Vestfjörðum, og sú aðstoð, sem þar hefði þurft, hefði numið sjálfsagt einum 2 millj. kr., ef myndarlega hefði verið við brugðið og þessu sveitarfélagi veitt sú aðstoð, sem enginn getur deilt um að var fullkomlega þörf á til þess að tryggja byggðina í því sveitarfélagi. Þessi till. fór til umsagnar Sambands ísl. sveitarfélaga, og formaður Sambands ísl. sveitarfélaga, Jónas Guðmundsson, hefur tjáð mér, að hann hafi ritað umsögn um þessa till., viðurkennt fyllilega, að þörf væri þeirrar aðstoðar, sem þarna væri farið fram á við þetta litla sveitarfélag, en hann hefur ekki komizt hjá að benda á, að það væru fjölmörg sveitarfélög á Norðurlandi, sem væru að leggjast í auðn, og hann nafngreindi þau ein 4—5 á Austfjörðum, sem væru að leggjast í auðn, og þau eru til meira að segja hér á Suðvesturlandinu. Það var einn þm. í upphafi þessa þingfundar að nefna Selvogsbyggðina hér á Suðvesturlandinu, sem sé að eyðast og væri full þörf á að hið opingera reyndi að bjarga. Ég hygg, að þessi dæmi nægi til að sannfæra menn um, að það eru ekki réttar röksemdir, sem eru í frammi hafðar, þegar sagt er: Löggjöfin frá því í fyrra, þegar frv. um „litlu, gulu hænuna“ var gert að lögum, leysir allan vanda hinna dreifðu byggða. Hún tryggir jafnvægi í byggð landsins. Það er alveg óþarft að fara að bera fram frv. til l. um slíkt ofan á þá ágætu löggjöf.

Ég fellst á það, það er rétt, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði hér rétt áðan, þetta frv. er ekki nægilega stórt í sniðum til þess að taka af myndarskap á þessu máli. En með flutningi þess er viðurkennt, að enn þá sé full þörf til aðgerða, að lagasetningin frá í fyrra hafi ekki nægt, rísi ekki undir sínu verkefni og hér þurfi úr að bæta með annaðhvort breytingu á þeirri löggjöf ellegar nýrri löggjöf, og ég álít, að þar sé mikilla úrbóta þörf. Þrátt fyrir það er þetta frv. góðra gjalda vert, og ég mun því fylgja því.

Umr. frestað.

Á 62. fundi í Nd., 29. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Síðan ég talaði hér síðast í máli því, sem nú er til umr. hér, sýndi fram á með rökum, sem verða ekki hrakin, að Framsfl. sveik samninga, sem gerðir voru um framgang jafnvægisfrv. 1956, beinlínis knúinn til þess af Alþb., sem setti það skilyrði fyrir samningum um stjórnarsamvinnu eftir kosningar vorið 1956, hafa fjórir hv. þm. talað í málinu og þrír þeirra reynt af veikum mætti að afsanna ummæli mín hér að lútandi. Það út af fyrir sig að deila um orðinn hlut og hverjum séu að kenna mistökin leysir ekki þann vanda, sem hér er að etja við, þ. e. að stöðva flóttann frá landsbyggðinni til fjölbýlisins. En fyrir því má þó ekki loka augum, að frá þeim mönnum, sem tala flátt um málið, en hafa engan vilja til þess að koma því fram, er þeir hafa til þess völd og tækifæri, en telja sig hafa allan vilja til þess, er þeir hafa engin völd, og nota það í áróðursskyni einu, er ekki að vænta neinna raunhæfra aðgerða. En það er það, sem hefur átt sér stað, bæði hjá Framsfl. og Alþb., í máli því, sem hér er til umr. í dag. Skylt er þó að viðurkenna, að einstaka menn innan Framsfl. hafa til þessa máls allt annan og betri hug en það, sem ofan á hefur orðið í flokkunum, svo sem hv. 3. þm. Norðurl. e. (GíslG), þótt hér hafi verið bornir ofurliði í meðferð málsins.

Hv. 1. þm. Austf. (EystJ) reyndi ekki í ræðu sinni að afsanna eitt eða neitt af því, sem ég sagði um afskipti hans af þessu máli, enda átti hann þyngsta sök á því, að málið náði ekki fram að ganga á þinginu 1955—56. Hafi það eitt valdið áhugaleysi þáv. stjórnarandstöðu, eins og hv. 4. landsk. þm. (HV) hefur jafnan haldið fram, að framlag til jafnvægissjóðsins væri í því frv. of lítið, þá var það á einskis annars manns valdi meir en hv. 1. þm. Austf. að fá það framlag hækkað. Hann var þá fjmrh. og gat þá ráðið því, hversu hátt árlegt framlag skyldi vera tekið upp á fjárl. til sjóðsins. En enginn var þá tregari til að hækka það framlag en einmitt núv. hv. 1. þm. Austf.

Hv. 1. þm. Austf. lagði á það megináherzlu í ræðu sinni, að vinstri stjórnin hefði varið á stjórnarárum sínum til atvinnubóta þrefalt hærri upphæð á ári í krónutali en sú upphæð var, sem ákveðin var í frv. um jafnvægi í byggð landsins 1956, og með tilliti til verðbreytinganna síðar margfalt verðmætari upphæð, og varði síðan mestöllum ræðutíma sínum til að endurtaka enn einu sinni ásakanir sínar á núv. hæstv. ríkisstj. fyrir að eiga sök á því, að gengi krónu hafi fallið og dýrtíðin aukizt, og allt þetta átti að réttlæta það, að hann hélt ekki gerða samninga og gefin loforð um stofnun jafnvægissjóðsins, sem hann hafði þó gefið loforð um og samið um 1955—56. Ég skal ekki taka hér upp í sambandi við þetta umr. um efnahagsmál almennt, aðeins benda á, að hvað sem hv. 1. þm. Austf. segir um það, þá er það raunverulegt, að sárafáir menn í landinu óska nú eftir því, að það ástand, sem ríkti hér í stjórnartíð vinstri stjórnarinnar í efnahagsmálum, endurtaki sig, með öllum þeim höftum og glundroða, sem þá ríkti hér í þeim málum almennt. En úr því að hv. þm. lítur svo á þær aðgerðir, sem vinstri stjórnin viðhafði á árunum 1956—58 í sambandi við að leysa þann vanda, sem frv. það, sem hér er til umr., er ætlað að leysa, þ. á m. að veita jafnháa upphæð til atvinnubóta í landinu og gert var á árunum 1956—58, hvers vegna lætur hann og hans flokkur ásamt þeim öðrum, sem stóðu að þeim fjárveitingum, sér ekki nægja, að sett voru lög um atvinnubótafé, sem þó tryggðu miklu betur það verkefni, sem snertir jafnvægi í byggð landsins, en fjárveitingar þær til atvinnubóta, sem veittar voru á árunum 1956—58, heldur tekur nú upp baráttu fyrir því að koma upp annarri stofn-

un, sem ætlað er að hafa sama verkefni að annast og atvinnubótasjóðurinn, og hvers vegna setti vinstri stjórnin ekki lög um jafnvægi í byggð landsins á haustþinginu 1956 á grundvelli frv., eins og þeir gengu frá því hér í hv. Nd. um vorið 1956 rétt fyrir þinglokin, sem Framsfl. stóð alveg að ásamt þeim flokkum, er hann seinna á árinu myndaði stjórn með? Er það ekki beinlínis sönnun þess, sem ég hef haldið fram, að Framsfl. hefði engan áhuga fyrir málinu, hvorki fyrr né síðar, og að samstarfsflokkur hans í ríkisstj. 1956—58 var því fullkomlega andvígur? Ég held, að það sé ekki hægt að færa sterkari rök að þessu en ég hef þegar fært.

Um aths. hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG) vildi ég aðeins segja hér nokkur orð. Hann ræddi ekkert efnislega um frv., en vildi kenna hæstv. núverandi og þáverandi forsrh. um, að það hafi verið hans sök, að frv. náði ekki fram að ganga á vorinu 1956, hann hefði ekki borið málið fram fyrr en 8 dögum fyrir þinglok, og þá hefði ekki verið betur gengið frá því en svo, að þeir menn, sem sömdu frv., hefðu komið sér saman um að gera 10 brtt. við frv. í Ed. og skila því þannig til Nd. Ég tók það fram í ræðu minni síðast, að allar þær breytingar, sem gerðar voru við frv. í Ed., voru samkomulagsatriði og snertu langmest ekkert efni frv., heldur þótti eðlilegra, að þau ákvæði, sem þá voru felld úr frv., væru tekin upp í reglugerð, og það út af fyrir sig torveldaði ekkert framgang málsins. Það var fullt samkomulag á því stigi, er frv. fór til Nd., að láta það ganga hér fram óbreytt, og hver af þeim stjórnarstuðningsmönnum, sem skarst þá úr leik, vissi, að með því var hann að torvelda framgang frv. eða fella frv., því að það var enginn tími til þess að láta málið ganga aftur til Ed. og síðan aftur kannske til Nd. og til Sþ. til að fá endanlega afgreiðslu málsins á þinglegan hátt. Brtt., sem hv. 1. þm. Norðurl. v. bar þá fram, þó að hún væri ákaflega meinlaus, var beinlínis gerð til að koma fótum fyrir frv., til að fella frv. í Nd., — beinlínis til að rjúfa þá samninga, sem gerðir höfðu verið. Hitt var svo allt annað atriði, að miklu stærri og viðameiri brtt. voru samþ. í Nd., bornar fram af hv. þm. Alþb. og studdar og samþ. af þeim mönnum úr Framsfl., sem höfðu lofað því, að þetta frv. skyldi ná fram að ganga. Þess vegna er það enn meir undarlegt, að þessir menn, eftir að þingið kom saman 1956, skyldu þá ekki taka frv. upp, eins og gengið var frá því um vorið og þeir höfðu samþ. Hvers vegna tóku þeir þá ekki þetta frv. upp og fengu það samþ. í þinginu og gert að lögum? Það er vegna þess, eins og ég hef sagt áður, að þeir höfðu engan áhuga á því, að málið næði fram að ganga.

Hv. þm. sagði, að á næsta ári hefðu 15 millj. kr. verið teknar á fjárl. til atvinnuaukningar í landinu. Ég hef lýst því hér áður, hvers vegna ekki var sett þá löggjöf um fjárveitingu, og sýnt fram á, að það var af sama toga spunnið, að Framsfl. hafði engan áhuga á málinu. Hv. þm. sagði einnig, að það hefði verið á valdi hæstv. forsrh. þá að halda þingi svo og svo lengi, þar til þetta mál hefði náð fram að ganga. Ég þarf ekki að svara slíkum athugasemdum, því að vitanlega var það ógerlegt, eftir að búið var að samþ. og koma sér saman um það af þáverandi stjórnarflokkum, hvenær þingi skyldi ljúka, að fara að stöðva þingslit eingöngu fyrir þetta mál og vita, að það mundi ekki einu sinni leysa málið vegna þeirra svika, sem á bak við lágu hjá Framsfl.

Um aths. frá hv. 4. landsk. skal ég ekki vera margorður. Hann áleit 1956, að málið væri þannig, að það þyrfti að gera stórkostlegar breytingar á frv., svo sem var gert í Nd., en síðan hljóp hann frá vandanum, eins og ég hef þegar lýst, vegna þess að hann hafði ekki einungis engan áhuga á málinu, heldur sýndi því fullan fjandskap og hefur gert alla tíð þar til nú, að hann hefur lýst fylgi sínu við það frv., sem hér er, sjálfsagt af sömu ástæðum og hann var á móti því 1956, þ. e. að hafa von um að geta myndað stjórn eftir kosningarnar nú með Framsfl. til þess enn að svæfa þetta mál, eins og gert var á árunum 1956—58.

Út af ummælum hv. 3. þm. Reykv. (EOl), þá fór hann efnislega inn á umræðu um frv. Hann lýsti því hér, hversu það væri nauðsynlegt að gera sér ljóst, hvað það væri, sem orsakaði flóttann frá sveitunum, og ræddi efnislega um málið. Hann taldi, að það væri afl peninganna, sem drægi fólkið til borganna, það er að vísu rétt, og að Alþingi og ríkisstj. ættu að gera sér það ljóst, hvaða viðbrögð þau vildu hafa til að stöðva slíkan flótta. Það er einnig alveg rétt. En hann vildi gera það á þann hátt, að ríki og ríkissjóður hefðu allar framkvæmdir í landinu, en ekki einstaklingarnir. Það er stefna, sem hann hefur lýst oft áður hér í þinginu og ég skal ekki ræða frekar um. Ég lít hins vegar svo á, að Alþingi og ríkisstj. geti stöðvað þennan flótta, án þess að það séu settar á ríkisframkvæmdir eða ríkiseinokun hér á öllum sviðum, og þess vegna hafa tillögur okkar sjálfstæðismanna farið í þá átt að stofna sjóð eins og atvinnubótasjóðinn, sem hefur þetta verkefni með höndum og þarf að vísu miklu meira fé en hann hefur ráð yfir í dag til þess að geta veitt svo sterka viðspyrnu sem þarf í þessu máli. Það er svo allt annað atriði. En það bætir á engan hátt úr málinu að fara að koma upp annarri stofnun til að vinna að þessu sama verkefni, heldur ættu þeir menn, sem raunverulega vilja styðja þetta mál, að taka saman höndum og styrkja atvinnubótasjóðinn, eftir því sem frekast er hægt á hverjum tíma, og láta hann svo taka að sér það verkefni, sem honum fyrst og fremst ber, en það er að hlúa að jafnvægi í byggð landsins. Ég vildi því vænta þess, að það tækist um þetta samkomulag í framtíðinni, því að það er öllum ljóst, að hér er um mikinn vanda að ræða.

Hv. 4. landsk. kom inn á það atriði hér, að því fé, sem veitt hefur verið til atvinnubóta nú tvö síðustu árin, hefði ekki verið úthlutað til að styðja jafnvægi í byggð landsins. Ég hef ekki lista yfir úthlutun þá, sem fram hefur farið, eða yfir það fé, sem veitt hefur verið á þessu ári, og veit ekki heldur einu sinni, hvort búið er að úthluta því fé. En ég hef fengið lista yfir það fé, sem veitt hefur verið á s. l. ári, af þeim 10 millj., sem þá voru veittar til atvinnubóta, en

þó aðeins í Vestfirðingafjórðungi, og mér er það fullkomlega ljóst, að mest af því fé, sem þangað hefur verið greitt, hefur verið veitt eftir þeirri reglu, sem ákveðin er í atvinnubótasjóðslögunum, þ. e. að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Sé hitt hins vegar rétt, sem hv. 4. landsk. þm. hélt fram, að það væri nú verið að veita milljónir af þessu fé til að kaupa fyrir mótorbáta hér í þéttbýlinu, þá er það algerlega gagnstætt ákvörðun laganna. Og þá er ekki svarið við því að bera fram nýtt frv. í þessu máli, heldur að kæra það til Alþingis, að fénu sé ekki varið eins og Alþingi hefur ákveðið, því að það hefur aldrei verið hugsað og er ekki ákveðið í þeim lögum, sem hér liggja fyrir frá 21. apríl 1962, að það eigi að veita fé til að auka atvinnu með mótorbátakaupum eða skipakaupum í þeim landshlutum, sem fólkið er að streyma til og miklu meiri eftirspurn er eftir fólki en hægt sé að fullnægja. Það er bein misnotkun á meðferð fjárins og kemur ekkert því við að þurfa að setja upp nýja stofnun til að bæta úr þeim málum. Í 1. gr. í lögunum um atvinnubótasjóð segir alveg skýrt, að veita skuli lán eða styrki til að auka framleiðslu á þeim stöðum í landinu, þar sem þörfin er brýnust, og stuðla þannig að aukinni atvinnu og jafnvægi í byggð landsins. Þörfin getur ekki verið brýnust við Faxaflóa, við Reykjaneshafnir eða á þeim stöðum, þar sem nóg er af atvinnutækjum, og er þá hæstv. ráðh., sem er formaður þeirrar n., sem hér um ræðir, og þá menn, sem eru fulltrúar í þessari nefnd, sem úthlutar þessu fé, að saka um brot á lögunum. Og þá á að sækja þá til ábyrgðar, en ekki að bera fram frv. um að mynda nýja stofnun til þess kannske þá einnig að úthluta ranglega því fé, sem sú stofnun kemur til með að ráða yfir. Ég gleðst einmitt yfir því, að í þeirri rökstuddu dagskrá, sem borin er fram hér í sambandi við þetta mál, er það enn undirstrikað, að þetta fé skuli notað fyrst og fremst til að viðhalda jafnvægi í byggð landsins, og það er þess vegna, sem ég get ekki orðið við tilmælum hv. 1. þm. Norðurl. v. að greiða atkv. á móti rökstuddu dagskránni. Ég þarf hvorki að herða mig upp til að greiða atkv. með henni né móti. Ég er fullkomlega sammála um það, að eins og rökstudda dagskráin er orðuð, styður hún þann málstað, sem ég hef alltaf verið að berjast fyrir, að þessu fé eigi fyrst og fremst að verja til að viðhalda og auka atvinnu og jafnvægi í byggð landsins, svo sem lögin um atvinnubótasjóð mæla fyrir um. Og með þeirri röksemdafærslu greiði ég atkv. með rökstuddu dagskránni.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Síðan ég tók til máls við þessa umr. er orðið nokkuð langt liðið. 2. umr. hófst 14. marz. Nú mun í dag vera 29. marz, þannig að við erum nú í þessari hv. d. á 15. degi með 2. umr. þessa frv. En þennan dag, 14. marz, var það, sem ég tók til máls um þetta frv., og hefur ýmislegt komið fram í málinu síðan og ræður verið haldnar af ýmsum hv. þm., en þó er það svo, að 2. umr. er ekki lokið. Nú vildi ég nota tækifærið til þess að beina því til hæstv. ríkisstj. og hæstv. forseta, hvort ekki sé ástæða til að fara að nota tímann betur til fundarhalda, þegar svo langt er liðið á þing sem nú er raun á, t. d. að haldnir verði fundir síðari hluta dags, eins og oft hefur tíðkazt á þingum fyrr, því að fjöldi mála er enn óafgreiddur, sem ýmsir þm. hafa flutt, en hæstv. ríkisstj. hefur nú nýlega lagt fram stór mál, sem munu taka langan tíma. Ég vildi nota tækifærið til þess að beina þessu til þeirra, sem hér ráða fyrir dagskrá og fundarhöldum.

Það, sem nú liggur fyrir til umr. og hefur legið þessa 15 daga, sem liðnir eru síðan málið kom til 2. umr., er frv. á þskj. 104, um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, og till. sú til rökstuddrar dagskrár, sem hv. meiri hl. fjhn. lagði fram. Og það er þessi till. um rökstudda dagskrá, sem hér mun koma fyrst undir atkvæði að lokinni umr., og þess vegna vil ég enn, eftir að hafa hlýtt á þær umr., sem fram hafa farið, fara nokkrum orðum um hana og ýmislegt í því sambandi.

Það er athyglisvert um þessa dæmalausu dagskrártill., að þeir, sem að henni standa og hana hafa samið, hafa eiginlega mjög lítið lagt til þessarar umr. og ekki staðið fyrir máli sínu. Það er að vísu skýring á því um hv. frsm. n., því að hann mun hafa verið forfallaður, ég ætla vegna veikinda, nokkurn hluta af tímanum. Um aðra hv. þm. úr meiri hl. er mér ekki kunnugt, hvað því veldur, að þeir eru svo fáorðir um þessa till. sína og fáorðir um málið í heild, nema það sé þá það, að þeir hafi á eftir gert sér grein fyrir, hve fráleit þessi dagskrártill. er, eins og hv. frsm. meiri hl., sem er í rauninni sanngjarn maður, raunar viðurkenndi í sinni örstuttu framsöguræðu, sem hann flutti hér í upphafi umr. Í stað þess að þeir, sem að dagskránni standa úr meiri hl. fjhn., stæðu hér fyrir máli sínu og væru til andsvara, þegar sýnt hefur verið fram á, hversu fráleit þessi dagskrártill. er og óhæfileg, hefur hv. 1. þm. Vestf. orðið hér til andsvara af hálfu stjórnarflokkanna í þessu máli. Hann er ekki vanur að víkjast undan sinni skyldu, og honum hefur fundizt það sjálfsagt í þessu efni, að úr því að aðrir urðu ekki til þess, þá yrði hann að gera það fyrir flokk sinn og ríkisstj., sem hv. meiri hl. hefði borið að gera. En ég verð að segja, að það, sem hann hefur haft fram að færa til varnar þessari rökstuddu dagskrá, hefur verið veigaminna en þau rök, sem þessi hv. þm. oft færir fyrir sínu máli, því að hann er vanur að kynna sér vel mál hér í þingi, og vil ég gjarnan láta það koma fram, þó að við séum, eins og gefur að skilja, stundum ósammála, enda þótt við höfum kannske ekki verið það svo mjög í raun og veru í þessu máli, sem hér er um að ræða.

Ég hafði satt að segja vonazt eftir því, þegar hv. 1. þm. Vestf. tók hér til máls fyrir nokkuð mörgum dögum, að erindi hans í ræðustólinn mundi vera það að bera fram brtt. við dagskrána, sem fyrir liggur frá meiri hl. En það varð nú ekki. Og þegar hann fór að mæla með þessu plaggi, sem hann að vísu tók engan þátt í að semja, þá kom mér í hug hið fornkveðna: Heggur sá, er hlífa skyldi. — Og ræða hv. 1. þm. Vestf. hér fyrr í umr., fyrir nokkrum dögum, sem hann að sumu leyti endurtók í ræðu sinni hér áðan, fór mikið í þá átt að deila á Framsfl.

fyrir afstöðu hans til mála á þingi fyrir mörgum árum, auk þess sem hann reyndi að mæla dagskránni bót með því að leggja inn í hana einkennilegan skilning, sem ég ætla ekki að gera að umtalsefni. Ég ætla ekki heldur að gera að umtalsefni sögu hans um meðferð frv. um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, sem flutt var hér á Alþingi fyrir 8 árum. Hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur gert nokkra grein fyrir þeirri meðferð mála, sem þá átti sér stað, og ætla ég ekki að bæta neinu þar við, enda verð ég að segja það, að mér finnst það ekki öllu máli skipta í sambandi við þetta frv., sem nú liggur fyrir, hvernig atkv. hafa fallið á Alþingi um eitt mál eða annað í þessu sambandi fyrir 8 árum. Það hefur að vísu fræðilega þýðingu, eins og önnur saga, þ. á m. þingsaga, en mér virðist það ekki skipta höfuðmáli nú, heldur það mál, sem hér liggur fyrir, og sú afstaða, sem menn vilja til þess taka.

En svo að ég víki aftur að dagskránni, þessari dæmalausu dagskrá á þskj. 363, þar sem svo margt er ranglega staðhæft í stuttu plaggi, þá fjallar hún um það m. a., að í þessu frv. séu ekki nein nýmæli, að sett hafi verið lög um atvinnubótasjóð á síðasta Alþingi og þau lög eigi að nægja. Og þetta vill hv. 1. þm. Vestf. staðfesta með atkv. sínu, að því er virðist. Þó var það svo, að sömu dagana, sem hv. 1. þm. Vestf. var að lýsa því yfir hér, að hann væri samþykkur dagskránni, sem lýsir yfir því, að lögin frá 1962 um atvinnubótasjóð séu fullnægjandi, lagði hann fram hér í hv. sameinuðu þingi till. til þál. ásamt samþm. sínum og samflokksmanni, 3. þm. Vestf. Þegar þeir voru að semja þá till., virðast þeir ekki hafa verið þeirrar skoðunar, að lögin um atvinnubótasjóð væru fullnægjandi, a. m. k. fyrir Vestfirði, því að þar er, með leyfi hæstv. forseta, gerð till. um að skora á ríkisstj. að fela Framkvæmdabanka Íslands að semja 5 ára framkvæmdaáætlun til stöðvunar fólksflóttanum úr Vestfjarðakjördæmi. Þar segir, að áætlunina skuli við það miða, að framkvæmdirnar verði liður í uppbyggingu þeirra staða, sem fólksfækkunin gerir illkleift að halda í byggð, o. s. frv., og í lokin stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Skal áætluninni lokið fyrir lok þessa árs og hún þá lögð fyrir Alþingi ásamt till. um fjáröflun."

Með því að bera fram þessa till. eru þessir hv. þm. Vestf. að lýsa yfir því alveg réttilega, að lögin um atvinnubótasjóð séu ófullnægjandi til þess, að samkv. þeim sé hægt að gera ráðstafanir til stöðvunar fólksflóttanum úr Vestfjarðakjördæmi, og að ný leið til fjáröflunar þurfi að koma til, og það er óskað eftir till. um þessa fjáröflunarleið.

Og það er þá líka bezt að koma að því, sem vikið hefur verið að áður af öðrum þm.: Hvernig gengur framkvæmd þessara laga frá í fyrra um atvinnubótasjóð? Hvernig gengur hún? Hvaða sögu er af því að segja? Hv. 1. þm. Vestf. sagðist ekki hafa frétt um úthlutunina síðustu úr atvinnubótasjóði, sem fram fór fyrir nokkrum dögum, enda mun ekki almennt vera kunnugt enn þá, hvernig sú úthlutun fór fram og hvað þar gerðist. En ég held, að ýmsir hv. þm. viti nú, að það var rétt, sem einn hv. þm. sagði hér á síðasta fundi d., að þegar atvinnubótasjóðsnefndin var búin að reikna út, hversu mikið fé þyrfti til viðbótarlána út á ný fiskiskip, þá var eftir nálægt 1 millj. af þeim 10, sem sjóðnum voru ætlaðar í tekjur á árinu. Þá voru góð ráð dýr, og var nú farið að reikna á ný, og þá kom það í ljós eða var talið koma í ljós, að nokkur af þessum skipum, sem búið var að reikna viðbótarlán út á, mundu ekki koma til landsins á árinu, ekki koma til landsins fyrr en á árinu 1964, og þá var hægt að lækka þessa upphæð, sem er ætluð til viðbótarlána út á fiskiskip, þannig að eftir voru, að ég ætla, 2 eða 3 millj. í allt annað. Og þá var það, eftir því sem mér hefur verið tjáð, — og þetta er víst ekkert launungarmál, þar sem hér er um opinbera stofnun að ræða, sem starfar samkvæmt lögum, — að gripið var til þess ráðs að leita til ríkisstj. og fengið leyfi til þess að úthluta 5 millj. í viðbót eða réttara sagt, að mér skilst, fengið lán hjá ríkissjóði, 5 millj. í viðbót, sem mér hefur verið tjáð að talað sé um að draga frá tekjum sjóðsins á næsta ári. Ég vona, að sú verði ekki reyndin á. En ef það yrði, ef það ætti að draga þessar 5 millj. frá tekjum sjóðsins á næsta ári, þá held ég, að sjóðsstjórninni muni koma til með að þykja þröngt fyrir dyrum.

Hv. 1. þm. Vestf. ræddi um það sjónarmið í þessu sambandi, að því fé, sem hér er um að ræða, ætti í rauninni ekki að úthluta til alls landsins, og þá sá landshluti þar að mæta afgangi, sem bezt stendur að vígi í atvinnumálum. Þetta er sjónarmið, sem í raun og veru hefur legið til grundvallar jafnvægisstarfseminni. Hann sagðist ekki hafa fengið upplýsingar enn þá um úthlutun, sem fram fór nú fyrir nokkrum dögum, en ég get upplýst það nú, og það getur verið fróðlegt fyrir hann og aðra, að af þessu fé, sem úthlutað var úr atvinnubótasjóðnum núna, fór nálega 1 millj. kr. í Reykjavík t. d. Það hefur sjálfsagt verið full þörf á því. En ef atvinnubótasjóðurinn stuðlar að jafnvægi í byggð landsins á þennan hátt, þá er það a. m. k. ekki sú aðferð, sem hv. 1. þm. Vestf. taldi áðan að ætti að vera viðhöfð þar.

Og þá er ég kominn að því atriði, sem hv. 1. þm. Vestf. gerði að umræðuefni síðast í sinni ræðu áðan og er þess eðlis, að það er ástæða til að ræða það sérstaklega, því að hann sagði eitthvað á þessa leið: Því að vera að flytja nýtt frv. um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins? Því ekki að gera till. um breyt. á þeim lögum, sem fyrir eru? — Þetta er alveg réttmæt spurning. Ég get sagt hv. 1. þm. Vestf. það, að þegar við, sem að þessu frv. stöndum á þskj. 104, vorum að vinna að undirbúningi þess, og við lögðum í hann allmikla vinnu, þá kom það mjög til greina í öndverðu að flytja brtt. við gildandi lög um atvinnubótasjóð, og auðvitað var hægt að gera það. En ég vil segja það fyrir mitt leyti, að mér virtist starfsemi atvinnubótasjóðsins komin í það horf og búið að skapa þar þær venjur, að það væri heppilegra, ef ætti að gera nýtt átak í þessum málum, að það væri gert sjálfstætt og ekki í sambandi við þennan sjóð. Hins vegar er í frv. ekkert hróflað við lögunum um atvinnubótasjóð. Hann er að sjálfsögðu gagnleg stofnun

og gott, að hann starfi áfram. En hann er ekki með þeim lögum, sem um hann hafa verið sett, og með þeim reglum, sem þar hafa skapazt, það, sem fyrir okkur flm. þessa máls hefur vakað og ég veit líka að hefur vakað fyrir hv. 1. þm. Vestf. Hann er ekki sú stofnun, sem fyrir okkur hefur vakað. Hann er ekki sú stofnun, sem við getum treyst á til að vinna að jafnvægi í byggð landsins á þann hátt, sem við viljum gera.

Það er margt, sem freistandi væri að ræða um, úr þeim umr., sem hér hafa farið fram um málið, en ég skal ekki lengja mál mitt mjög.

Hv. 1. þm. Vestf. er það nokkuð minnisstætt, það vekur hjá honum óþægilegar endurminningar, að hv. 4. landsk., sem nú er, skyldi kalla frv., sem við hv. 1. þm. Vestf. sömdum árið 1956, „litlu, gulu hænuna", en hann gerði það í umr. þá. Hann kallaði þetta frv. okkar „litlu, gulu hænuna" og vildi með því gera lítið úr því. Hv. 1. þm. Vestf. getur ekki gleymt þessu. En ég leit dálítið öðruvísi á þetta, sem þarna gerðist. Mér þótti mjög vænt um, það lá við, að ég fagnaði því, þegar hv. 4. landsk. þm. kallaði þetta, sem við lögðum til, jafnvægissjóðinn og það, sem við hann var tengt árið 1956, „litlu, gulu hænuna" í lítilsvirðingarskyni. Mér þykir alltaf vænt um það, ef einhver vill verða til þess hér á hv. Alþingi, ef ég ber fram eitthvert mál, sem mér þykir horfa til góðs, að kalla það litla, gula hænu í lítilsvirðingarskyni, því að í því felst fyrirheit frá þeim manni eða þeim aðilum, sem að því standa, að gera betur. Og ef maður vill gera vel, þá getur maður aldrei annað en glaðzt yfir því að fá einhvers konar fyrirheit um það, að aðrir ætli að gera betur, því að það er það, sem máli skiptir. Og ef einhver vildi gera svo vel hér í þingsalnum að kalla þetta frv., sem nú er flutt hér, litla, gula hænu, þá skal það engan gleðja meir en mig, þá tek ég það líka sem fyrirheit um það, sem sá, sem það segir, ætli sér einhvern tíma að gera betur, og þá er vel. Það skiptir ekki máli, hver gerir hlutina, hver kemur því fram, sem rétt horfir, heldur að það sé gert.

Ég vildi, að hv. 4. landsk. þm. hefði verið hér staddur á fundinum, en hann er það því miður ekki. En ég held, að ég verði samt að tala svolítið meira um þessa litlu, gulu hænu. Það átti nú eiginlega að verða honum til umþenkingar.

Þessi hv. þm. hefur verið kennari og skólastjóri mikinn hluta af sinni ævi, mjög fróður um uppeldismál. Hann veit, hvað þessi litla, gula hæna er, sem ég var að tala um. Litla, gula hænan er byrjendakennslubók í lestri. Á því að lesa litlu, gulu hænuna hafa íslenzk börn a. m. k. víða um landið lært að lesa. Hún er við það miðuð að gera börnunum auðvelt að læra þessa miklu list allra lista, að lesa móðurmálið. Það þýðir ekki að fá þeim, sem eru að læra að lesa móðurmálið, í hendur — við skulum segja hina ágætu tollskrá, sem hæstv. fjmrh. lagði fyrir Alþingi í fyrradag. Það væri ekki talið heppilegt. En barnið, sem byrjar á Litlu, gulu hænunni, kemst einhvern tíma svo langt, að það verður fært um að komast fram úr tollskránni og ýmsu öðru af því tagi. Og það er svo stundum, að þegar vinna skal að stórmáli, þegar vinna skal að því, sem á að rætast í framtíðinni, þegar vinna skal að hugsjón, þá er stundum bezt að byrja smátt, eins og börnin okkar byrja á Litlu, gulu hænunni, og ég held, að okkur hafi sýnzt þetta, okkur hv. 1. þm. Vestf., þegar við vorum að semja okkar litlu, gulu hænu fyrir átta árum, að það væri kannske ekki rétt að leggja miklu meira til að svo stöddu, þótt við hefðum kannske viljað gera það. En síðan eru liðin átta ár, og ég held, að á þessum átta árum hafi bæði menn og flokkar lært að lesa ýmislegt í íslenzkum þjóðmálum, sem þeir kunnu ekki að lesa fyrir átta árum, og þó alveg sérstaklega í sambandi við það, hvað það sé, sem mestu máli skiptir fyrir íslenzka þjóð um þessar mundir, sem er það að gleyma því ekki, að hún á þetta land og að það er henni ómetanlega mikils virði að eiga þetta land og að hún getur ekki átt það, getur ekki haldið áfram að eiga það, nema hún haldi áfram að helga sér það með byggð sinni, eins og aðrir hafa áður gert, fyrri kynslóðir á undan þeim, sem nú lifa.

Já, menn geta talað um hana með lítilsvirðingu, litlu, gulu hænuna frá 1956. En ég heyrði það a. m. k. í gær, þegar hv. 3. þm. Reykv. var að tala, að hann er orðinn bara sæmilega stautandi á þessu sviði, svo að ég segi nú ekki meira. Hann hefur vaknað til góðs skilnings á þessu máli, þó að ýmislegt, sem hann segði, væri þannig, að ég kæri mig ekki um að gera það að mínum orðum. Hann var þar með ýmsar kenningar, sem eru hans kenningar og hans litla, gula hæna, sem hann er alltaf að kynna fyrir okkur hér. En hann ætlar að styðja þetta frv. Ég gat ekki betur skilið en hann ætlaði að styðja þetta frv., sem hér liggur fyrir. Og ég er ekki alveg viss um, að hann hefði lýst því yfir, ef hann hefði ekki byrjað á því að lesa litlu, gulu hænuna frá okkur hv. 1. þm. Vestf. fyrir 8 árum. Það er rétt, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði hér í gær, að það er lögmál peninganna, sem miklu ræður um það, að fólkið þjappast saman og yfirgefur landsbyggðina. Og það er rétt, að þetta lögmál er svo máttugt, að hér mun ekki verða nema einn endir á, nema því aðeins að þjóðin eða mennirnir, eins og hv. þm. orðaði það, í landinu taki í sínar hendur að ráða því, hvernig byggðin þróast. Það er rétt, að þjóðfélagið sjálft verður að ákveða þessa þróun og láta ekki peningana gera það blint, eins og þessi hv. þm. sagði. Það er rétt, að í þessu efni verða mennirnir að taka valdið af peningunum og þeirra lögmáli. Það er rétt, að í þessu, í því að vinna að jafnvægi í byggð landsins, felst það að ákveða á einn eða annan hátt, hvar atvinnutækin verði staðsett, atvinnutækin og það hið annað, sem mannlegt líf byggist á.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að ýmsum mundi þykja það einkennilegt, að þm. hér í Reykjavík gerðist til þess að fylgja máli eins og þessu, sem hér er fram borið, eða yfirleitt hefði auga fyrir hinu hættulega ójafnvægi í byggð landsins. En þetta er ekkert einkennilegt. Það er ekkert einkennilegt við það. Mér virðist, að þm. Reykv. og þeirra fulltrúar, þeir sem eiga að gæta hagsmuna höfuðborgarinnar, hafi kannske engu minni ástæðu til þess að bera þetta mál fyrir brjósti heldur en fulltrúar hinnar dreifðu landsbyggðar, vegna þess að Reykvíkingar, rétt eins og aðrir, vilja halda áfram að vera Íslendingar. Reykvíkingar

rétt eins og aðrir vilja, að Íslendingar haldi áfram að vera sjálfstæð þjóð. En ef okkur tekst ekki að byggja áfram landið og þjóðin safnast saman öll í eina borg, sem verður eins konar borgríki með fáeinum seljum hér og þar úti um landið, þá verður okkar sjálfstæði ekki langvarandi. Reykvíkingar hafa því ekki síður en aðrir ástæðu til þess að styðja að jafnvægi í byggð landsins, og fulltrúar Reykvíkinga eiga að gera sér það ljóst, því fyrr, því betra.

Hv. þm. fórust svo orð, þegar hann var að ræða málið, að það væri gullkistan við Faxaflóa, sem væri undirstaðan að þessari miklu samanþjöppun fólksins hér á litlum stað. Svo kom hið annað, sem þjóðfélagið setti ofan á þessa gullkistu: stjórnarvöldin, ríkisstofnanirnar og bankarnir, allt það, og þannig hefur þetta þróazt. Þetta er rétt mynd, sem hv. þm. hefur dregið upp, að öðru leyti en því, að ég efast um, að það sé gullkistan við Faxaflóa, sem fyrst og fremst hefur skapað Reykjavík. Ég held, að það sé annað, sem hefur lagt grundvöllinn að Reykjavík. Þegar Jón Sigurðsson var að hefja útgáfu Nýrra félagsrita um 1840, tók hann til meðferðar á hverju ári eitthvert stórt mál, sem hann taldi framtíðarmál þessarar þjóðar. Og eitt árið ræddi hann um nauðsynina á því fyrir sérhvert land að eiga sína höfuðborg. Hvert land, sagði hann, þyrfti að eiga sína höfuðborg, og Íslendingar þyrftu að eiga það einnig. Og hann sagði, sem rétt var, að Ísland ætti þá enn engan höfuðstað. Íbúar Reykjavíkur voru þá um 900 manns, álíka og þeir eru núna í Dalvík eða Ólafsfirði, en bærinn miklu fátæklegri. Þá voru hér hús úr höggnum steini, eitt eða tvö kannske, og byggðin var yfirleitt lágreist hérna í bænum þá. Við, sem höfum séð myndir, sem til eru af Reykjavík 18. aldarinnar, t. d. í ferðabókum, við vitum, hvernig þessi núv. borg leit út þá. Hún var engin höfuðborg. Hún var bara ofur lítið sjávarþorp á ströndinni með lítið atvinnulíf. En Jón Sigurðsson sagði: Til að skapa höfuðborg þurfið þið í Reykjavík að fá skútur, seglskútur, sem tíðkuðust þá meðal Frakka, Englendinga og Hollendinga og annarra þjóða til þess að sækja á miðin. Hann sagði: Aðalráðið til þess að koma hér upp höfuðborg er að setja þar á stofn þjóðstofnanir, stofnanir, sem þjóðfélagið setur á fót, þ. á m. Alþingi. Þá mun höfuðborgin koma. Og þetta held ég, að sé undirstaðan að vexti Reykjavíkur. Það er kannske ekki í fyrstu röð gullkistan í Faxaflóa, heldur það, sem þjóðfélagið hefur gert til þess, að hér yrði höfuðborg, og að sumu leyti stjórnin úti í Kaupmannahöfn, sem var farin að setja sína embættismenn niður hér í nágrenninu, því að gullkistur Íslands eru margar. Þær eru ekki aðeins við Faxaflóa, þær eru úti um allt land, þær eru í öllum landshlutum. Það er gullkista í hverjum landshluta. Það er hið mikla ræktanlega land, og það eru miðin, það eru fallvötnin, það er jarðhitinn, og það er margt annað. Og ég vil því segja við hv. 3. þm. Reykv. og aðra, sem eru að tala um þetta á þennan hátt: Ef þið viljið styðja að jafnvægi í byggð landsins, og ef þið viljið gera það í stærri stíl og stíga ákveðnari og stærri skref en gert er með því frv., sem hér liggur fyrir, þá hjálpið þið okkur til þess að opna gullkistur landshlutanna, sem þar eru til staðar. Það er ekki hægt að gera það, nema þjóðfélagið hjálpi til þess. Hjálpið okkur til að virkja Jökulsá á Fjöllum, til að virkja Dettifoss, og svo skulum við sjá, hvaða áhrif það hefur fyrir Norður- og Austurland. Þannig er hægt að sýna í verki, að menn vilji jafnvægi í byggð landsins.

Þetta vildi ég segja við hv. 3. þm. Reykv., sem ætlar að styðja þetta mál. En honum finnst, að ekki sé með þessu frv. stigið nógu stórt skref. Það er rétt, það ætti að vera stærra. En þegar hv. þm. er að tala um hin stóru skref, sem þurfi að stíga í þessu efni, þá dvelur auga hans einkum við áætlanir. Hann er ákaflega gefinn fyrir áætlanir og hefur borið fram hér á Alþingi þing eftir þing frv. um áætlunarráð ríkisins, sem á að leysa mikinn vanda. En einmitt í þessu frv. er gert ráð fyrir áætlunum um þær jafnvægisráðstafanir, sem því er ætlað að stuðla að. Þar segir, að það skuli vera eitt aðalhlutverk jafnvægisnefndarinnar að gera áætlanir um framkvæmdir í einstökum byggðarlögum, enda séu þær við það miðaðar, að með þeim sé stuðlað að jafnvægi í byggð landsins, og áætlun um þetta sé að jafnaði gerð í samráði við sýslunefnd, bæjarstjórn eða hreppsnefnd, eina eða fleiri. Lán og framlög úr jafnvægissjóði skulu ákveðin með hliðsjón af slíkum áætlunum, séu þær fyrir hendi. Það vantar ekki ákvæðin um áætlanir í þetta frv. En hv. 3. þm. Reykv. var eitthvað að tala um áætlun, sem hann sjálfur hefði gert fyrir 18 árum og vildi koma hér á framfæri. Hún byggðist aðallega á því, eftir því sem mér skildist, að í hverjum landsfjórðungi væri einn stór bær, og þá mundi allt annað koma af sjálfu sér. Ég er því alveg sammála, og það er sjálfsagt rétt stefna og mun verða til bóta að efla til fjölmennis og framkvæmda eina höfuðmiðstöð í hverjum landsfjórðungi, þar sem svo hagar til. Norðurland er vel á vegi með að efla sinn höfuðstað, Akureyri. Austfirðir eru að koma sér upp, að því er virðist, höfuðstað við Lagarfljót, á Egilsstöðum. Þótt sá höfuðstaður sé að vísu enn fámennari en ýmsir staðir, sem fyrir eru, þá virðist hann stefna að því og hefur skilyrði til þess að verða slíkur höfuðstaður. Vestfirðingar hafa Ísafjörð, og Sunnlendingar austanfjalls hafa Selfoss. Selfoss er vaxandi nýr bær og hefur ýmis skilyrði til þess að vera höfuðstaður. Það kann að vera, að það verði ekki hann, heldur einhver annar. En þarna er þróun í þessa átt, og kann að vera, að hún eigi ekki að vera alveg fastbundin við landsfjórðungana gömlu, heldur einhverja aðra landshluta. En ég geri ráð fyrir, að það sé alveg rétt, að það sé eðlilegt og það hafi verið stefnan, að í hverjum landsfjórðungi eða landshluta verði ein aðalhöfuðmiðstöð fyrir landshlutann, hún muni veita honum orku. En það er ekki nóg að hugsa um þetta, og það er mjög vanhugsað að minni hyggju, og ég vil, að það komi skýrt fram, að ég tel það mjög vanhugsað, ef það væri t. d. ætlun hv. 3. þm. Reykv. að stefna að því að flytja burt fólkið úr litlu þorpunum við sjávarsíðuna í þessum landshlutum í þennan eina bæ, t. d. að fólkið væri flutt frá Húsavík, Raufarhöfn, Þórshöfn, Dalvík, Ólafsfirði, allt til Akur-

eyrar, og svo væri stefnt að því að gera allt, sem gert er á hinum stöðunum, á Akureyri. Eða ef slíkt væri gert fyrir austan, við skulum segja t. d. í Neskaupstað, að allt væri flutt í Neskaupstað, Seyðisfjörður, Búðir í Fáskrúðsfirði, Reyðarfjörður o. s. frv., og allt það gert í Neskaupstað, sem annars væri gert á hinum stöðunum, það vil ég taka fram mjög greinilega, að það teldi ég mjög vanhugsað að gera slíkt. Og menn verða að gera sér grein fyrir því, að það er ekki hægt að leggja niður þessar byggðir, hvorki hægt né rétt að leggja niður þessi þorp við sjávarsíðuna, sem út af fyrir sig, það sem það nær, byggjast á traustum grunni, sem eru fiskimiðin þar úti fyrir, hin nálægu fiskimið á hverjum stað, og einmitt þessi tiltölulega litlu þorp á ströndinni eru bráðnauðsynleg, nokkuð dreifð, til þess að fiskimiðin notist sem bezt og það þurfi sem minnst fé að leggja í það að ná til miðanna, svo að það sé hægt að nota hér svo lítil fiskiskip sem unnt er o. s. frv. og eyða svo litlu í ferðir fiskiflotans á miðin sem unnt er. Þetta er bezt tryggt með því að hafa verstöðvarnar sem víðast á ströndinni. Þess vegna er það, að þessi fjögurra stórbæja hugsun, sem hv. 3. þm. Reykv. var að fitla hér við og ég hef orðið var við hjá sumum hagfróðum mönnum, hún styðst ekki við raunveruleika, og ég vil vona, að hv. þm. átti sig á því, að þetta er ekki hægt, ef þetta hefur verið meining hans, sem ég vil ekki fullyrða um. En það er rétt að gera þetta að umtalsefni hér, því að ég veit, að víða er tekið eftir því, sem hér er sagt, svo sem vera ber, í þessum sal, að því er varðar slík mál sem þessi, skipulagningu byggðarinnar, og má ekki komast að misskilningur um ætlan manna í þeim málum. Ég tel, að það komi ekki til neinna mála að sameina í örfáa bæi alla sjávarbyggðina, öll fiskiþorpin á ströndum landsins. Þau verða að þróast hvert um sig, þó að hitt geti verið alveg rétt og hárrétt, sem hv. þm. sagði, að efla sem höfuðstað einn bæ í fjórðungi hverjum.

Ég skal nú senn ljúka máli mínu og geri ekki ráð fyrir, að ég þurfi að taka til máls aftur við þessa umr. Það er rétt, sem einhver sagði hér í umr. í dag, að sú starfsemi, sem að því á að miða að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, er ekki bara fólgin í því, sem kallað er þessu nafni. Hún er ekki bara í því fólgin að setja upp jafnvægisnefnd eða stofna jafnvægissjóð, samþykkja lög um jafnvægi í byggð landsins. Sú sama viðleitni, sem í þessu frv. felst og höfundar hinnar dæmalausu rökstuddu dagskrár, sem hér liggur fyrir, vilja nú vægðarlaust drepa við atkvgr., hún kemur fram á margan annan hátt, kemur fram í mörgum öðrum málum. Hún kom fram í máli, sem var hér til umr. áðan á þessum fundi, og fékk þar reyndar sömu örlög og þessu frv. eru ætluð. Hún kemur m. a. fram í því, þegar menn eru að beita sér fyrir því, að ýmsar stofnanir, sem þjóðfélagið hefur sett á fót og starfandi eru hér í Reykjavík, í borginni, sem er að vaxa á kostnað þjóðarinnar, kostnað landsbyggðarinnar, verði fluttar eitthvað til, þegar þær þurfa ekki nauðsynlega að vera í höfuðborginni. Fyrir þessu hafa menn viljað beita sér og verið það ljóst, hverja þýðingu það hefði, minnugir orða Jóns Sigurðssonar fyrir 120 árum. Þeir menn vita, að það, sem þá gilti, sem hann vakti athygli á, þegar um það var að ræða að koma fótum undir höfuðborg, sem sé setja þar upp þjóðstofnanirnar, það gildir einnig fyrir byggðirnar, þegar um er að ræða að efla þær. Það hefur gildi fyrir hverja byggð, ef þjóðfélagið setur þar upp slíka stofnun, og ýmsum hefur dottið í hug, að eitt af því, sem beinast lægi fyrir að gera, væri að mæla svo fyrir, að biskupinn yfir Íslandi, sem var fluttur hingað til Reykjavíkur eftir móðuharðindin, í bágindunum þá, honum yrði aftur fengið aðsetur á hinum forna biskupsstól í Skálholti í Biskupstungum og þar með skapað veglegt menningarsetur í þeim landshluta. Og menn hefur líka dreymt um það, að í fyllingu tímans eða þegar tími væri til þess kominn fengju Norðlendingar einnig sinn biskupsstól á Hólum. Þetta mega sumir ekki heyra nefnt. En fyrir Reykjavík, höfuðborgina, þar sem eru þúsundir manna, sem eiginlega verða aldrei varir við það, að biskupinn sé hér í bænum, vita ekki, hvar hann á heima, vita ekki, hvar hann hefur skrifstofu, og hafa ekkert að segja af þessu embætti, á það nú að vera alveg ófært að gera þetta, að flytja þennan embættismann austur, nema þá a. m. k. að annar kæmi í hans stað, og hér yrðu þá þrír biskupar og sá mestur, sem í höfuðborginni væri, væntanlega. Þetta er bara eitt lítið dæmi um þau átök, sem eiga sér stað á ýmsum vettvangi um þetta, hvort menn vilja í raun og veru gera eitthvað til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. En slík dæmi munu sýna sig mörg á komandi árum. Og í sumum þeim tilfellum er e. t. v. meira undir úrslitum komið en í því máli, sem ég nefndi áðan, þó að ég líti á það sem mikilsvert mál í þessum efnum.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð. Ég mótmæli því, sem fram kom hjá hinum mæta 1. þm. Vestf. fyrir nokkrum dögum, að þetta mál, sem hér liggur fyrir, sé fram borið í einhvers konar auglýsingaskyni. Hv. þm. eða aðrir hafa engan rétt til þess að láta sér slíkt um munn fara, og ég vil ekki láta því ómótmælt, þótt slík mótmæli séu raunar óþörf. Við Framsfl.-menn höfum þing eftir þing flutt frv. hér á Alþingi um þetta mál. Og ég hef fyrir mitt leyti reynt á ýmsum vettvangi að leggja því lið. Þess vegna eru svona ummæli um, að mál sé borið fram í auglýsingaskyni, ekki á sínum stað og betur ósögð, og ég geri varla ráð fyrir, að þau séu þannig meint, sem þau virtust bera vott um. Ég held satt að segja, að hv. 1. þm. Vestf. sé í þessu máli miklu gramari við sína eigin flokksmenn og samstarfsmenn í stjórnarliðinu heldur en okkur og að þær sendingar, sem hann sendi okkur, hafi kannske í raun og veru verið öðrum ætlaðar.

Svo skal ég ekki hafa um þetta mál fleiri orð.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil aðeins með örfáum orðum gera aths. við síðustu ræðu hv. 1. þm. Vestf. Hann var enn að rifja upp gamlar minningar um stjfrv., sem lagt var fyrir hér í marzmánuði 1956, um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Hann hélt því enn fram, að það hefði

verið sök framsóknarmanna, að það hefði ekki hlotið fullnaðarafgreiðslu þá á þingi. Ég hef áður svarað þessu og sýnt fram á, að svo var ekki. Hv. þm. segir nú, að það muni hafa verið fyrir áhrif frá Alþb., sem hafi sett það skilyrði fyrir stjórnarsamvinnu eftir kosningar. Nú er það öllum kunnugt, að umr. um stjórnarmyndun með þátttöku Alþb. hófust ekki fyrr en eftir kosningarnar 1956, og má því ljóst vera, að þetta er ekki rétt.

Þá segir hv. þm., að ég hafi flutt brtt. til að rjúfa samninga um málið og fella frv. Ég bar fram eina brtt. um atriði, sem að mínum dómi var þýðingarmikið, og fékk hana samþykkta. En ég var vitanlega ekki að rjúfa neina samninga með þessu. Það var aldrei um það samið milli stjórnarflokkanna, að ekki mætti breyta stafkrók í frv. Og þetta sést bezt á því, að hv. 1. þm. Vestf. sjálfur, þáv. þm. Barð., bar fram 10 brtt. í Ed., eins og ég hef áður bent á.

Þá sagði hv. 1. þm. Vestf., að Framsfl. hefði engan áhuga fyrir málinu og hefði ekki haft fyrr eða síðar. Þetta hefði hann ekki átt að segja, því að þetta er vitanlega alrangt. Áhugi flokkanna í málinu sést á því, hve miklu þeir verja til þessara mála af fjármunum, þegar þeir eru í stjórn. Ég hef áður í þessum umr. vakið athygli á því, að framlögin nú hjá núv. stjórnarflokkum til atvinnubótasjóðs eru ekki að verðgildi nema um það bil ⅓ af þeirri fjárhæð, sem veitt var til atvinnuaukningar á tímum vinstri stjórnarinnar 1957—58. Af þessu geta menn markað áhuga flokkanna fyrir þessum málum.

Meiri hl. hv. fjhn. vill vísa þessu máli frá og hefur borið fram till. um það. E. t. v. verður dagskrártill. samþykkt af stuðningsmönnum stjórnarinnar, þó að órökstudd sé. En málið verður tekið upp á ný og borið fram til sigurs, þó að svo kunni að fara á þessu þingi, að því verði vísað frá. Það verður tekið upp á ný og borið fram til sigurs, vegna þess að þjóðin hefur þörf fyrir þær ráðstafanir, sem um ræðir í frv., ef hún ætlar að verða frjáls og fullvalda á komandi tímum.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði hér í ræðu sinni áðan, að þetta mál væri búið að vera til 2. umr. hér í þessari hv. d. í 15 daga, að mig minnir, eða réttara sagt frá því að það kom fyrst til þessarar 2. umr. Ég hef ekki til þessa tekið neinn þátt í þessum umr., en vil þó ekki láta alveg hjá líða að segja nokkur orð út af þessu máli. Umr. hafa fallið að ýmsu leyti á þann veg eða um þau fyrirbæri í okkar þjóðfélagi, sem mér eru hugstæð, og enda þótt það sé sjálfsagt nokkur meiningamunur á milli mín og flm. þessa frv., að hvað miklu leyti slíkt er rétt að tengja við þetta mál, þá vil ég þó ekki láta hjá líða að segja nokkur orð.

Þetta mál er nýtt frv. um jafnvægissjóð til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Ég vil minna á það hér strax, að fyrir tæpu ári eru afgreidd hér á Alþingi lögin um atvinnubótasjóð. Það mun hafa verið í apríl 1962. Það má vafalaust deila um nafnið, og það mun hafa verið gert, þegar þau lög voru hér til meðferðar. Var þá deilt um m. a., hvort það ætti að kalla þann sjóð atvinnubótasjóð eða jafnvægissjóð, en það nafn er notað í því frv., sem hér liggur fyrir. En ég fæ ekki annað séð en hér sé í verulegum atriðum um mjög skyld mál að ræða, og það raunar svo skyld, að mér finnst það væri nærri því að segja allskringilegt, ef sama Alþingi, sem fyrir tæpu ári afgreiddi lögin um atvinnubótasjóð, færi nú að samþ. það frv., sem hér liggur fyrir. Það væri vegur, ef í niðurlagi þessa frv. væri gert ráð fyrir, að lögin um atvinnubótasjóð væru þá numin úr gildi. Þetta vildi ég nú segja og alveg sérstaklega út af því, að hv. 3. þm. Norðurl. e. var að tala hér um áðan, að sú rökstudda dagskrá, sem meiri hl. fjhn. hefur borið fram út af þessu máli, væri í hæsta máta óþingleg og hið furðulegasta plagg. Ég held, að það megi ekki síður heimfæra það upp á þetta frv. sjálft, þegar athugað er, hvað gert var hér í þessu máli fyrir tæpu ári. Ég skal ekki fara langt út í að rekja hin helztu atriði, en ég vil þó minna á, að í lögunum um atvinnubótasjóð stendur m. a. um hlutverk sjóðsins, að það sé að auka framleiðslu á þeim stöðum í landinu, þar sem þörfin er brýnust, og stuðla þannig að aukinni atvinnu og jafnvægi í byggð landsins. Ég er ekki að lesa þetta upp, hvernig þetta er orðað í þessu frv., sem hér liggur fyrir, en það er mjög á sömu lund. En þó þykir mér rétt að vekja athygli á því, að það er þó dálítill munur á þessum tveimur málum, þegar nánar er að gætt. Lögin um atvinnubótasjóð ganga beint að því að setja ramma um fjármagnið, sem þessi sjóður á að hafa, en frv. um jafnvægissjóðinn byrjar á því að setja upp ramma um heilmikla yfirstjórn, sem á að vinna að rannsóknarstörfum, áætlunargerð o. s. frv. Þetta virðist vera það, sem þarna er lögð megináherzla á, og sem afleiðing koma svo ákvæðin um fjármagn. En þetta, hvað snertir stjórn þessa sjóðs, það er allt saman miklu einfaldara og brotaminna í lögunum, sem samþ. voru í fyrra. Og ég vil nú vekja athygli á því, að ef til vill felst í þessu einmitt sá munur, sem ég vildi segja að væri á framsóknarandanum og hinum sanna sjálfstæðisanda. Í frv. þeirra framsóknarmanna gera þeir ráð fyrir, að þetta komi allt saman ofan frá. Það þarf að hugsa fyrir fólkið. Í lögunum um atvinnubótasjóðinn er veittur þessi stuðningur til þeirra, sem vilja sækja eftir. Þarna er byggt á trúnni á fólkið sjálft, að það finni, hvað þarf að framkvæma, en í frv. þeirra framsóknarmanna er aftur á móti reiknað með, að fyrir það þurfi að hugsa, — fólkið á að bíða. Það er í báðum tilfellum að vísu gert ráð fyrir 5 manna þingkjörinni stjórn eða nefnd, en í frv. þeirra framsóknarmanna er þetta hins vegar, eins og ég hef áður lýst, mikla viðtækara og stjórnin á að vera bundin í sínum störfum allt árið.

Það hefur oft verið rætt hér um þá miklu tilflutninga fólks, sem orðið hafa í landinu á síðustu 20 árum. Ég býst við, að það séu fjölmargar orsakir, sem til þess liggja, en ég held, að það, sem mestu hafi valdið, hafi þó verið hernámið eða tilkoma hins erlenda hers hér á stríðsárunum, því að það er augljóst, þegar manntalsskýrslur eru athugaðar, að upp úr því kemur þessi

algera sporðreising, ef svo mætti segja, sem orðið hefur á íbúatölu landsins, og mér finnst, að þetta hafi að mörgu leyti ekki verið nægilega dregið fram, að þarna er um utanaðkomandi ástæður að ræða, sem við Íslendingar réðum ekki við, þegar allt í einu fjölgar kannske um helming á ákveðnu svæði á landinu og þegar öll sú atvinna, sem því fylgdi, hlaut að soga að sér fólk annars staðar að.

Mér þykir rétt að fara fáeinum orðum um ræðu hv. 1. þm. Austf., sem hann flutti hér áður við þessa umr. Hann var mjög að hafa á orði gagnið, sem orðið hefði í sjávarplássunum úti á landi af þessu fé, sem hefði verið veitt til atvinnubóta, og ég tala nú ekki um á vinstristjórnarárunum, þegar það var hækkað úr 10 upp í 15 millj. Mér dettur í hug aðeins að benda á það í þessu sambandi hvað Austurland snertir, að það var nú ekki svo ákaflega mikið gagn að öllu þessu atvinnubótafé. Á þeim árum voru gerðir út togarar fyrir Austurland, og allmikið af atvinnuaukningarfénu fór í það að greiða rekstrarhalla á þessum togurum. Út af fyrir sig gat þetta verið til atvinnuaukningar, jafnvel til uppbyggingar, ef þeir hefðu verið gerðir út á Austurlandi. Það var nú ekki einu sinni svo. Þeir voru ekki einu sinni mannaðir áhöfnum að austan, og ekki heldur að þeir sigldu með þennan afla til vinnslu í frystihúsunum austanlands, heldur munu þeir hafa lagt yfirleitt upp við frystihúsin hér við Faxaflóa, þannig að þó að ætti að láta líta svo út, að það væri verið að veita þetta fé til atvinnuaukningar á Austurlandi, þá var það í reyndinni þannig, að það mun hafa lent hér við Faxaflóa. Ég vil ekki fara með neinar tölur í þessu sambandi, í hvað stórum stíl þetta hafi verið, en þó mun hafa verið um allverulegar fjárhæðir að ræða af því atvinnuaukningarfé, sem átti annars að renna til Austurlandsins. Það kannast allir við sögu Seyðisfjarðar. Það má segja, að það var framsóknarandinn, sem átti að rétta hann við hér á árunum. Hvernig fór það? Þar átti sem sagt að hugsa fyrir fólkið. En nú er Seyðisfjörður í uppgangi, og hann hefur líka um skeið verið laus við þann anda.

Það er þess vegna ýmislegt, sem ber að hafa í huga í sambandi við þetta tal framsóknarmanna í þessum jafnvægismálum. Ég hef verið að virða fyrir mér íbúatölu á Austurlandi nú síðustu árin. Það mætti ætla, að ef það væri svo í raun og veru, sem þeir halda fram, þá horfði þar mjög til auðnar. Þeir segja: Atvinnuaukningarfé er ekki orðið meir en ⅓ af því, sem það var á þessum ágætu vinstristjórnarárum. — Það mætti því ætla, að nú væri frekar fækkun í þessum sjávarplássum eystra, sem hv. 1. þm. Austf. lagði svo mikið upp úr, að þetta atvinnuaukningarfé hefði hjálpað hér áður og ætti raunar að gera enn. Og ég vil náttúrlega taka undir það, að það er hugsað til þess að veita aðstoð til uppbyggingar atvinnulífi, ekki síst í sjávarplássum víðs vegar um landið. En þeir segja, framsóknarmenn, að þetta sé nú orðið svo lítið, að það sé ekki orð á því gerandi nú orðið, a. m. k. ekki í samanburði við það, sem var á vinstristjórnarárunum. Ég vil aðeins minna í þessu sambandi á nokkrar staðreyndir. Við skulum taka íbúatölu t. d. í Vopnafirði. Þar hefur fjölgað um 50 manns á síðustu 2 árum, 1960—62. Ef við tökum Höfn í Hornafirði, þá hefur á sama tíma fjölgað þar um 60 manns. Ef við tökum Eskifjörð, þá hefur á þessum 2 árum fjölgað um 90 manns. Og þetta gerist á þeim árum, sem þeir góðu menn segja, að viðreisnarstjórnin hafi svikizt um að hjálpa til með atvinnuaukningarfé. Nei, það er fleira, sem styður að því að byggja upp atvinnulíf í landshlutunum, heldur en þetta atvinnuaukningarfé. Og ég held, að það, sem hefur orðið drýgst til að breyta þessari þróun, sem kemur m. a. fram í þessum tölum, sem ég var hér að nefna um íbúatölu í nokkrum byggðum á Austurlandi, það er það, að við þær ráðstafanir, sem gerðar voru í efnahagsmálum, og þá stefnubreytingu, sem varð 1960, sköpuðust nýir möguleikar fyrir þetta fólk. Það hefur fengið nýja trú, og það sýnir, að það er óhætt að trúa á fólkið. Það þarf að skapa möguleikana til þess, að það fái að njóta sín. Það þarf ekki fyrst og fremst að hugsa fyrir það, hvað eigi að gera á þessum og þessum stað, með einhverjum ráðum eða nefndum eða stjórnum, það þarf að skapa skilyrði í þjóðfélaginu, sem gefa þessum krafti möguleika til þess að njóta sín. Og mér finnst, að þessar tölur um íbúa í þessum plássum á Austurlandi bendi til þess, að ekki sé á rökum byggður allur sá hrunstefnusöngur, sem framsóknarmenn hafa nú uppi um landsbyggðina. Ég verð þess vegna að segja, að ég get af hjartans einlægni tekið undir þau orð *Gísla Guðmundssonar alþm.*, sem hann sagði hér í lok sinnar framsöguræðu um þetta mál og hljóðuðu svo, með leyfi hæstv. forseta: „Því skal ekki trúað, að Íslendingum séu svo ill örlög sköpuð nú á tækniöld að leggja land sitt í eyði.“ Undir þessi orð get ég tekið af hjartans sannfæringu, en ég held aðeins, að hann sjái ekki alveg rétt, hvernig þurfi að starfa til þess að fyrirbyggja, að þessi örlög bíði okkar. Ég held, að ef við höfum trúna á fólkið og veitum því möguleikana, m. a. með því að hafa hér sjóð, hvort sem við köllum hann jafnvægissjóð eða eitthvað annað, ásamt öðrum lánsstofnunum í landinu, þá gerum við þessu framtaki og þessari trú einstaklinganna mögulegt að njóta sín. Ég get alveg tekið undir það, að ég vildi gjarnan, að þessi atvinnubótasjóður væri stærri en hann er nú, og það er mál, sem jafnan er möguleiki að breyta. Það er jafnan möguleiki að efla þennan sjóð. En ég held, að það séu ekki nein rök fyrir því nú að fara að breyta um til þess að samþ. frv. þeirra framsóknarmanna. Ég sé ekki, að það taki í neinu fram þeim lögum, sem nú eru í gildi, nema síður sé, eins og ég hef hér áður lýst. En hvað stærð sjóðsins snertir, vil ég aðeins endurtaka það, að það er vitanlega æskilegt, að hann sé sem stærstur, og ég held, að það hefði verið miklu eðlilegri og skynsamlegri afstaða hjá þeim framsóknarmönnum, ef þeir vildu sýna einhverjar till. í þessu máli, að þeir hefðu þá lagt til, að hann væri eitthvað efldur. Ég fæ ekki séð, að það væri nokkur glóra í þeirri afgreiðslu hér á hv. Alþingi, ef það samþ. nú þetta frv. þeirra framsóknarmanna ofan á lögin um atvinnubótasjóð. Og þó að það megi kannske deila um orðalag og annað í þessari rökstuddu dagskrá, sem

meiri hl. fjhn. hefur borið fram í þessu máli, þá virðist mér, að hún sé mjög eðlileg afgreiðsla á þessu máli.

Ég vona, að ég hafi aðeins gert skiljanlegt, hvað fyrir mér vakir. Það er ekki háttur okkar stuðningsmanna ríkisstj. að vera hér oft í ræðustóli á Alþingi. En ég taldi ekki rétt, af því að umræður hafa hnigið í þá átt, sem þær hafa gert, að láta það með öllu ógert að segja hér nokkur orð. Og ég vil að lokum undirstrika það, að ég mun áreiðanlega ekki vera minni áhugamaður um það að halda landinu byggðu og nýta gæði þess bæði til lands og sjávar heldur en aðrir þeir ræðumenn, sem hér hafa talað í þessu máli.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki misnota leyfi hæstv. forseta til þess að gera aths., en ég hef þegar talað tvisvar í málinu. Tilefni til þess, að ég geri þessa aths., er ræða sú, er flutt var nú síðast af hv. 3. þm. Austf. (JP). Þeim kafla ræðu hans, sem fjallaði um það, að við framsóknarmenn hefðum átt að flytja frv. okkar sem breytingu á l. um atvinnubótasjóð, þarf ég ekki að svara, því að ég hef þegar svarað því í minni fyrri ræðu í alllöngu máli. Má vera, að hv. þm. hafi ekki verið í salnum þá stundina, sem ég gerði grein fyrir því. En ég þóttist hafa gert fyllilega glögga grein fyrir því, hvers vegna við völdum þá leið að flytja sérstakt frv. í stað þess að flytja frv. um breytingar á þeim lögum, sem nú gilda.

Ég mun ekki heldur svara því, sem hv. þm. ræddi hér um atvinnulífið á Austfjörðum, en hann virtist gera lítið úr þeirri starfsemi, sem þar átti sér stað á þeim tíma, þegar þar var togaraútgerð í því skyni að koma í veg fyrir fólksflutninga úr fjórðungnum. Ég gæti nú samt trúað, að Austfirðingar margir væru honum ekki sammála um það, sem þar eiga hlut að máli, að sú útgerð hafi ekkert gagn gert. A. m. k. var það svo, því var ég vel kunnugur á þeim tíma, að af hálfu Austfirðinga sjálfra var lögð mikil áherzla á, að þessari togaraútgerð væri þá uppi haldið. Ég ætla ekki að ræða um það. Ég ætla ekki heldur að ræða um skilgreiningu hans á því, sem hann nefndi framsóknaranda og sjálfstæðisanda. Það fannst mér nú satt að segja vera hálfgert pex og ætla ekki að taka þátt í samanburði á þessum tveimur öndum. En ég vildi, um leið og ég þakka hv. þm. fyrir þá yfirlýsingu, að hann sé áhugamaður um að nýta gæði landsins, sem ég hefði að vísu kosið að hann hefði lagt áherzlu á með því að greiða atkv. með þessu frv., endurgjalda honum þá yfirlýsingu með því að leiðrétta misskilning, sem mér virðist gæta hjá honum á þessu frv., og það var erindi mitt með því að biðja um þessa aths. En hv. þm. virðist eins og fleiri, sem að dagskránni standa, ekki hafa gert sér fulla grein fyrir því, hvað í frv. felst. Hann sagði t. d., að frv. byrjaði á ákvörðun um stjórn sjóðs og nefnd þá, sem á að standa fyrir áætlunum, og væri að því leyti frábrugðið l., að það byrjaði á ákvæði um þessa stjórn. En það gerir frv. alls ekki. Frv. byrjar á því að skilgreina tilgang hinna væntanlegu laga, og 1. gr. þess hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Tilgangur þessara laga er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með rannsóknarstörfum, áætlanagerð og fjárhagslegum stuðningi til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í þeim landshlutum, þar sem bein eða hlutfallsleg fólksfækkun hefur átt sér stað undanfarið eða er talin yfirvofandi."

Á þessu hefst frv., en ekki á ákvæðum um stjórn. Og sú skilgreining, sem þarna er gerð á þeim tilgangi l., er allt önnur og gleggri en sú, sem felst í l. um atvinnubótasjóð.

Þá sagði hv. þm., að það væri m. a. munurinn á þessum tveim öndum, sem hann nefndi, framsóknarandanum og sjálfstæðisandanum, að framsóknarmenn vildu láta allt koma ofan frá, vildu hafa einhverja yfirstjórn, sem hugsaði fyrir fólkið í byggðum landsins, en það vildu sjálfstæðismenn ekki, og virtist hann draga þá ályktun af þessu frv. Þetta virðist mér einnig bera vott um það, að hv. þm. hafi ekki kynnt sér frv. sem skyldi, því að einmitt í þessu frv. er sérstakt ákvæði, sem er nýmæli, að mínum dómi mjög merkilegt nýmæli, og felst í 13. gr. þess. Þar er einmitt gert ráð fyrir því, að hreppsnefnd, bæjarstjórn eða sýslunefnd, ein eða fleiri saman, geti ákveðið að koma sér upp sérstökum jafnvægissjóði á sínu svæði og þá eigi þessi sérstaki jafnvægissjóður fólksins í þessu byggðarlagi, sem það sjálft ræður yfir, að njóta stuðnings úr þeim allsherjar jafnvægissjóði, sem frv. gerir ráð fyrir, þannig að þetta er slíkt öfugmæli hjá hv. þm., sjálfsagt ekki viljandi fram borið, — það er slíkt öfugmæli, að einmitt í þessu frv. eru sérstök ákvæði um það, að fólkið í byggðarlögunum, í landshlutunum, það geti rekið sjálfstæða starfsemi í þessu efni, ef það óskar að gera það. Þennan misskilning vildi ég leiðrétta.

Og svo held ég, að það sé ekki fleira, sem ég tel ástæðu til að taka fram út af þessari ræðu, og þakka hæstv. forseta fyrir að hafa leyft aths. mína.

Eysteinn Jónsson: Ég hafði ekki ætlað að bæta miklu við það, sem ég sagði varðandi þetta mikla mál um daginn, en tel þó rétt að bæta nokkru við, vegna þess sérstaklega, sem hv. 3. þm. Austf. (JP) lagði til málanna, en hann vék nokkuð að mínum málflutningi í sambandi við það, sem hann sagði hér áðan. En áður en ég kem að því, vil ég mótmæla þeim staðhæfingum, sem hafa komið fram af hendi hv. 1. þm. Vestf. (GíslJ) í þá stefnu, að ég hafi brugðizt í einhverjum samningum varðandi lögfestingu laga eða frv. um jafnvægi í byggð landsins. Þetta eru allt hugarórar hv. þm., sem virðast koma upp hjá honum, þegar hann fer að ræða þessi mál og aftur og aftur, enda þótt þetta hafi verið leiðrétt rækilega, eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG) gerði m. a. nú í þessum umr. Virðist vera alveg þýðingarlaust að reyna að fá hv. þm. til að öðlast á þessu réttan skilning.

Þessar ásakanir hans í minn garð eru gersamlega úr lausu lofti gripnar, eins og ég held nú raunar að hv. þm. hljóti að vera algerlega ljóst og eins og sést af málsmeðferðinni, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. rakti hér í þessum umr. Hv. 1. þm. Vestf. átti m. a. sinn þátt í því að tefja og flækja það mál með því að flytja við það margar

brtt., eins og þráfaldlega hefur verið upplýst, og það voru forráðamenn hans flokks, sem vildu ekki láta frv. ganga fram, eins og það var, þegar þingviljinn hafði komið fram í málinu. Þegar það var komið í ljós, hver þingviljinn raunverulega var í málinu og hvernig Alþingi vildi hafa málið, þá vildu forráðamenn hans flokks málið feigt og létu það daga uppi, því að þeir höfðu aðstöðu til þess í samráði við þá forseta, sem þeir þá höfðu samband við. Þannig er þetta rétt, og það er satt að segja hart að búa undir brigzlum hv. þm. í sambandi við þetta.

Þá voru það nokkur orð út af því, sem hv. 3. þm. Austf. sagði. Það er kannske ekkert einkennilegt, þó að þessi hv. þm. hafi nokkuð óvenjulegar skoðanir á þessu frv., þegar tekið er tillit til ýmislegs, sem frá honum hefur komið um önnur mál. Þá er heldur ekkert einkennilegt, þó að hann líti nokkuð öðrum augum á málin en framsóknarmenn, m. a. þetta mál. T. d. rekur mig minni til þess, að þessi hv. þm. hefur lýst því mjög skilmerkilega yfir hér á Alþingi, að það hafi orðið bændastétt landsins til mikils tjóns, að vextir af lánum til landbúnaðarins skuli ekki fyrir löngu hafa hækkað frá því, sem þeir lengi voru, og lánstíminn styttur. Maður, sem hefur svona skoðanir og heldur þeim fram, — það þarf náttúrlega enginn að kippa sér upp við, þó að hann hafi sérkennilegar skoðanir á fleira, enda kom það mjög í ljós í sambandi við þetta frv., því að honum fannst þetta vera skringilegt mál, það væri skringilegt, ef Alþingi aðhylltist þetta frv., vegna þess að Alþingi hefði fyrir nokkru sett löggjöf um atvinnubótasjóð, þar sem gert væri ráð fyrir 10 millj. til atvinnubótastarfsemi í landinu.

Hv. þm. finnst það sem sé skringilegt, ef Alþingi skyldi finna upp á því að samþ. fjárveitingu upp á á að gizka 33 millj., sem gengi til stuðnings uppbyggingu atvinnulífsins úti um land, til viðbótar þeim 10, sem gert er ráð fyrir að ráðstafa á þá staði, þar sem sérstakt atvinnuleysi á sér stað. Það væri sannarlega skringilegt, — eða hitt þó heldur, — ef Alþingi fyndi nú upp á því að samþ. slíka löggjöf. Sennilega mundi þessum hv. þm. þykja mikil ofrausn að bæta þeirri fjárhæð við þær 10 millj., sem stjórnarflokkarnir af sínum stórhug, sem hv. þm. var að lýsa, hafa komið sér saman um að væri mátulegt til þess að stuðla að uppbyggingu atvinnulífsins í landinu og þeir kalla atvinnubótasjóð.

En hv. þm. virðist alls ekki hafa skilið, að hér er um annað mál að ræða en hitt. Hér er ekki aðeins um að ræða að veita nokkurt fé í þau pláss, þar sem atvinnuleysi er, eins og er meginstefna laganna um atvinnubótasjóð, heldur er hér gert ráð fyrir því, að fram eigi að fara skipulegur stuðningur við uppbyggingu byggðarlaga, þar sem skilyrði eru góð, en fjármagn vantar. Og það alveg jafnt fyrir því, þó að í þessum byggðarlögum kunni að vera nægileg atvinna fyrir það fólk, sem þar er nú.

Það er ekki stefna þessa frv., að það eigi að halda að sér höndum í öllum þeim byggðarlögum, þar sem atvinna er nóg. Nei, það er hugsað miklu hærra og lengra. Það er hugsað til þess að styðja að vexti þessara byggðarlaga, ef skilyrði eru góð, enda þótt fólkið kunni að vera fátt og ekki megnugt þess sjálft að leggja fram nægilegt fjármagn. Það er þetta, sem er meginstefna þessa frv., og í þessu tilliti sker það sig frá meginstefnu löggjafarinnar um atvinnubótasjóðinn, fyrir nú utan það, að hér er gert ráð fyrir miklu stórfelldari fjármálastarfsemi en í þeim lögum.

Ég hygg, að hv. þm. muni fáa finna, sem mundu telja það skringilegt, að Alþingi samþ. þetta frv. Ég held, að það muni ekki margir vera hv. þm. sammála um, að það væri eitthvað skringilegt við að auka stuðninginn við uppbygginguna víðs vegar um landið á þessa lund.

Þá fór hv. þm. að ræða um, að þetta frv. væri mjög sérkennilegt og sérkennandi fyrir framsóknarmenn og framsóknarandann, eins og hann orðaði það, og allt væri það mjög ólíkt hinum sanna sjálfstæðisanda, eins og hv. þm. komst að orði. Það var heldur óljóst hjá hv. þm., hvað hann var að fara, eða hugsunin í þessu. En þó kom þar eitt atriði greinilega fram, og hann nefndi það beinlínis til þess að sýna, hvað þessi hugsunarháttur allur væri gerólíkur og þessir „andar“ ólíkir, og það var, að í þessu frv. væri gert ráð fyrir stjórn í þessum málum og áætlunargerð og skýrslusöfnun til þess að komast eftir því, hvernig ástatt væri. Og svo sagði hann, að það væri stefnan, að það þyrfti að hugsa, sagði hv. þm., — á því virtist hann vera mjög hissa, — að hugsa og fólkið ætti að bíða. Hv. þm. fordæmir sem sé, að það sé sett upp heildarforusta fyrir þessi mál, sem reyni að kynna sér ástandið í byggðarlögunum með rannsókn og skýrslusöfnun og reyni síðan í samráði við forráðamenn byggðarlaganna að gera áætlanir um, hvað hyggilegt sé að gera. Þetta finnst hv. þm. fyrirlitlegt og í framsóknaranda, sem hann telur mjög svo frábrugðinn sjálfstæðisandanum. Ég efast um það, að margir séu hv. þm. sammála um, að þetta séu óskynsamleg vinnubrögð, og ég býst sannast að segja við því, að það yrðu fleiri, ef til kemur, sem aðhyllast einmitt þennan framsóknaranda, sem þarna kemur fram, telja skynsamlegt að hafa þetta einmitt á þá lund, sem gert er ráð fyrir í frv.

En það er annað líka í þessu, sem mig langar til að minnast á, þó að þetta sýni náttúrlega, hvað þetta skraf hv. þm. er í raun og veru mikil fjarstæða, og það er samkvæmnin í þessu öllu saman — eða hitt þó heldur, því að hv. þm. lýsti því yfir, að hann væri sérstaklega ánægður með hina rökstuddu dagskrá, sem fjallaði um að vísa frv. frá, hann væri alveg sérstaklega ánægður með hana og teldi hana eðlilega. En hvað er aðalatriðið í þessari rökstuddu dagskrá? Aðalatriðið í þessari rökstuddu dagskrá er það, að stjórnin sé búin að búa til framkvæmdaáætlun, og einmitt vegna þess, að það sé til þessi áætlun og væntanlega öll sú skýrslusöfnun, sem þar liggur á bak við, þá sé ástæða til og raunar sjálfsagt að vísa þessu máli frá. M. ö. o.: hv. þm. fordæmir þá stefnu frv. að láta fara fram rannsóknir, skýrslugerðir og athuganir og gera áætlanir, en vill svo vísa frv. frá með tilliti til þess, að það hafi verið gerð — ekki nein smááætlun, skilst manni, heldur áætlun mörg ár fram í

tímann. Sennilega hafa þar átt sér stað einhverjar skýrslusafnanir og einhverjar rannsóknir og einhver vinna verið lögð í það, og einhverjir hafa beðið á meðan o. s. frv. En það er svo að heyra, að hv. þm. virðist þetta ákaflega eðlilegt, og allt í einu orðinn sjálfstæðisandi að láta gera rannsóknir og skýrslur og áætlanir. Mér skilst, að í því málefnalega klæðleysi, sem bagar stjórnarflokkana um þessar mundir, ætli þeir helzt að skýla sinni málefnalegu nekt með þessari framkvæmdaáætlun, sem sagt hefur verið að unnið sé að, en enginn hefur séð enn þá.

Þetta er ákaflega einkennilegur hugsunarháttur og einkennilegur talsmáti yfirleitt hjá hv. þm. En þetta styður þó það, sem í raun og veru allir vita, að stjórnarflokkarnir muni ekkert meina með þessari framkvæmdaáætlun. Þeir hafa sjálfsagt sett eitthvað á blað, og kannske kemur það, þegar hæfilega stutt er orðið eftir til kosninganna, eins og ég sagði um daginn, til þess að ekki sé hægt að gera ráð fyrir því, að það verði staðið við mikið af því hvort sem er á þeim tíma, sem líður, þangað til menn setja atkvæðaseðlana ofan í kjörkassana. Og sannarlega styður þetta skraf hv. þm. og þessi fyrirlitningartónn hans, þegar stungið er upp á að hafa skipuleg vinnubrögð og gera áætlanir, hugboð manna um það, hversu mikið muni vera að marka þessi áætlunarstörf, sem stjórnarflokkarnir telja að verið sé að vinna að á þeirra vegum og þeir ætla að láta gefa út í vor sem kosningaloforð.

Eftir að hv. þm. var búinn að lýsa meginstefnu frv. og fordæma hana á þessa lund, tók hann sér fyrir hendur að ræða um atvinnuaukningarféð yfirleitt. Og það var auðheyrt, að honum var mikið niðri fyrir í þessu sambandi að gera sem allra minnst úr því gagni, sem atvinnuaukningarféð hefði gert, t. d. á Austurlandi. Og hugsunin er auðvitað sú, að vegna þess að atvinnuaukningarféð gerði í raun og veru ekki svo mikið, þá er það náttúrlega meinlaust, þó að það sé skorið niður, eins og gert hefur verið. Þetta er rödd eins af þeim mönnum, sem vita það upp á sig, að þeir hafa dregið stórkostlega úr þessari starfsemi, og það þvingar þá. Þá kemur þetta út á þennan hátt, að þó að þeir í öðru orðinu séu að játa, hvað þessi starfsemi er þýðingarmikil, þá játa þeir sekt sína óbeint í hinu orðinu með því að taka sér fyrir hendur að lýsa því, hvað atvinnuaukningarstarfsemin hafi í raun og veru orðið að litlu gagni.

En nú vil ég alls ekki álíta, að það, sem hv. þm. sagði um gagnsemina af atvinnuaukningarfénu á Austurlandi, stafi af því, að hann vilji segja ósatt um það, alls ekki, ég vil ekki leggja það þannig út, heldur stafar það sumpart af þeirri sektartilfinningu, sem hv. þm. hefur og ég var að lýsa áðan, en aðallega stafar það af því, að hv. þm. er þessu gersamlega ókunnugur, þekkir ekkert til þessara mála. Hann er gersamlega ókunnugur því, hvaða áhrif atvinnuaukningarféð hafði í sjávarplássunum á Austurlandi, og hefur því engin skilyrði til að dæma um það. Ég vil hiklaust halda því fram, að hann hefði alls ekki lagt út í að gera svo lítið úr þýðingu atvinnuaukningarfjárins fyrir Austurland, ef hann hefði vitað betur. Hann tók eitt dæmi sérstaklega um þessi efni, og það var, að það hefði talsvert atvinnuaukningarfé farið til þess að styðja togaraútgerðina, eftir að orðið var á henni verulegt rekstrartap. Þetta er alveg rétt hjá hv. þm. En ég býst við því, að hv. þm. sé gersamlega ókunnugur því, að togaraútgerðin varð stórkostleg lyftistöng fyrir Austurland. Það var mikið fjármagn, sem fluttist inn í byggðarlögin á Austurlandi vegna starfsemi togaraútgerðarinnar bæði í Neskaupstað, á Eskifirði og Fáskrúðsfirði, stórfellt fjármagn, og breytti mjög verulega til bóta viðhorfinu í þessum plássum. Hitt er svo annað mál, að þegar rekstrarafkoma togara fór stórversnandi, þá gáfust þessi byggðarlög upp á togaraútgerðinni, en þessi starfsemi skildi eftir stórkostlega fjármuni í þessum byggðarlögum í þeim tekjum, sem fólkið hafði haft, og breytti grundvellinum í þessum plássum verulega til bóta. Og í framhaldi af togaraútgerðinni var byggður upp annar atvinnurekstur, þar sem voru stórir bátar og stór fiskiskip, og sá atvinnurekstur var byggður upp með verulegum stuðningi af atvinnuaukningarfé, á meðan eitthvað munaði um þau framlög, sem þar var að fá til uppbyggingar í atvinnurekstrinum, en ekki eins og núna, þegar þetta er allt það klipið við nögl, að sáralitlu munar til eða frá. Ég gæti farið með hv. þm. og skal reyna að gera það í vor, ef við verðum samferða eitthvað á Austurlandi, og bent honum á tugi dæma. Ég skal benda honum á tugi atvinnufyrirtækja á Austurlandi, sem eru upp komin m. a. fyrir stuðning af atvinnuaukningarfé og annan þann stuðning, sem veittur var til þessarar uppbyggingar, áður en núverandi stjórnarstefna var tekin til framkvæmda. Það eru t. d. ófáir ungir sjómenn á Austurlandi, sem hafa eignazt góð skip og báta vegna atvinnuaukningarstarfseminnar, eins og hún var, og treystu sér út í útgerð, meðan vaxtapólitíkin og lánapólitíkin var ólík því, sem hún er nú. Það er bæði um að ræða, eins og ég sagði, skip og báta og ýmiss konar framkvæmdir aðrar í þessum byggðarlögum. Og þar væri ólíkt um að litast nú í dag, ef atvinnuaukningarfjárins hefði ekki notið við og annarrar fyrirgreiðslu, sem þá tíðkaðist.

Hv. þm. nefndi líka Seyðisfjörð í þessu sambandi og sagði, að þar hefði átt að byggja upp, svo að um munaði, en þar hefði samt ýmislegt gengið stirt, en nú væri þar allt í blóma. Á því gætu menn séð, að atvinnuaukningarféð væri lítils virði. En það er eins á Seyðisfirði og öðrum sjávarþorpum á Austurlandi, að áður en síldin fór að aukast þar úti fyrir í stórum mæli, var uppbyggingin þar byrjuð, m. a. með stuðningi af atvinnuaukningarfé, og það er hægt að benda núna á blómlega útgerð á Seyðisfirði, sem var byggð upp m. a. með stuðningi af atvinnuaukningarfé, útgerð, sem hefur orðið stórkostleg lyftistöng fyrir byggðarlagið, og þannig er raunar ástatt um þann heimarekstur, sem bezta raun gefur einmitt nú á þeim stað. En hv. þm. veit þetta bara ekki. Hann er svo ókunnugur í þessum byggðarlögum. Hann veit þetta ekki og þekkir ekki. En þá ætti hann heldur ekki að vera að færa fram fullyrðingar um þessi mál.

Hann sagði svo, að núna væri blómlegt at-

vinnulíf í sjávarplássunum á Austurlandi, og þá var undanskilið í hans málflutningi: jafnvel þótt dregið hefði verið úr atvinnuaukningarfénu, og þess vegna væri allt í lagi, að því er manni virtist, og það væru rök fyrir því, að þetta frv. væri með öllu óþarft.

En hvers vegna er blómlegt atvinnulíf þessi missirin í sjávarplássunum á Austurlandi? Ég held það væri ákaflega hyggilegt fyrir þm. að leiða einmitt hugann að því. Það er náttúrlega í fyrsta lagi vegna þess, að síldin hefur í vaxandi mæli lagt leið sína á miðin fyrir Austurlandi. Þar hefur orðið stórkostleg síldveiði síðustu missirin og langt umfram það, sem áður hafði þekkzt um langa hríð. Kannske hv. þm. ætli að taka sér fyrir hendur að halda því fram, að það sé stjórnarstefnan, sem sé undirrót þess, að síldartorfurnar hafa lagt leið sína meira en áður á miðin fyrir Austurlandi. Ég veit það ekki, en maður hefur séð í aðalmálgagni stjórnarinnar upphrópanir um, að góðærið væri ríkisstjórninni að þakka. Ég veit ekki, hvort hv. þm. meinar það í raun og veru með þessu tali.

Ég vil í leiðinni geta þess, að Austfirðingar hafa getað tekið á móti dálitlu magni af síld, náttúrlega aðeins örlitlu broti af því, sem hefði þurft að vera, nú undanfarið til eflingar sínu atvinnulífi og bjargað þannig nokkuð miklum verðmætum líka fyrir aðra. Og það hefur verið tekið á móti þessari síld í verksmiðjum á Austurlandi, sem forráðamenn Sjálfstfl. hafa tekið sem dæmi um alveg sérstaka pólitíska spillingu á undanförnum árum. Og einu sinni var því lýst yfir í útvarpsumræðum í sambandi við bæjarstjórnarkosningar, þar sem talið barst nokkuð almennt að pólitík, að það væri þó alveg víst, að ef sjálfstæðismenn kæmust til valda, þá skyldu ekki verða byggðar síldarverksmiðjur á hverri vík á Austurlandi, eins og verið væri að gera á vegum Eysteins Jónssonar. Sem sagt, þessar síldarverksmiðjur á Austurlandi, sem fólkið í byggðarlögunum var að reyna að koma sér upp með ríkisábyrgðarstuðningi einum saman og með því að reyta saman lánsfé, — þessar síldarverksmiðjur voru nefndar til dæmis um pólitíska spillingu. En það eru nú samt þær, sem ásamt hinum miklu síldargöngum hafa orðið að verulegri undirstöðu í atvinnulífi þessa fjórðungs og valda því, að þar er nú atvinnulíf með talsverðum blóma.

Það er víst alveg óhætt að fullyrða, að hvorki síldargöngurnar sjálfar né þessar verksmiðjur, sem hafa lyft undir, eru verk sjálfstæðismanna eða núverandi stjórnar.

Það væri líka ástæða til í þessu sambandi að minna á, hvernig gengið hefur að fá stjórnarvöldin núna til að opna augun fyrir því, hvað raunverulega þarf að gera á Austurlandi, til þess að hægt sé að taka þar á móti meiri síld og notfæra sér þau gífurlegu verðmæti, sem þar eru úti fyrir í síldargöngunum. Það gæti verið kapítuli út af fyrir sig, hvernig hefur orðið að toga það litla, sem gert hefur verið, út með töngum.

Ástæðan fyrir aukinni velmegun í þessum sjávarplássum er sem sagt í fyrsta lagi stóraukning síldveiðar og svo útfærsla landhelginnar og stóraukin fiskigengd. Kannske hv. þm. ætli að halda því fram, að útfærsla landhelginnar hafi verið verk núv. þingmeirihl. eða núv. ríkisstj. og sé þáttur í viðreisninni. Ég veit ekki, hvort hann vill halda slíku fram. Ég held, að hann treysti sér ekki til þess.

Landhelgin var færð út sumarið 1958, og flokkur hv. þm., stærsti flokkur landsins, neitaði að eiga þátt í útfærslunni og bera ábyrgð á henni með hinum flokkunum. Og hann valdi sér það hlutskipti sumarið 1958 að gera landhelgisútfærsluna tortryggilega með öllu hugsanlegu móti, einmitt það örlagasumar, þegar Bretarnir voru að gera það upp við sig, hvort þeir ættu að ráðast inn í landhelgina og reyna að brjóta útfærsluna niður með herskipavaldi eða ekki. Á þessum örlagaríku mánuðum mætti t. d. formaður Sjálfstfl. á fundi á Austurlandi og lét hafa það eftir sér með gleiðletraðri fyrirsögn í blöðum Sjálfstfl., að útfærslan væri fyrst og fremst málefni kommúnista. Það var stuðningurinn. Það átti víst að sýna Bretunum, þegar þeir voru að gera þetta upp við sig um sumarið, að það mundi ekki vera erfitt að brjóta þessar ráðstafanir niður. Sams konar yfirlýsingar voru látnar dynja í Morgunblaðinu dag eftir dag, og aðalritstjóri blaðsins var Bjarni Benediktsson, sem nú er formaður Sjálfstfl. og dómsmrh. Síðar varð það, þegar Bretarnir réðust inn og almenningsálitið varð sterkt og andúðin reis í móti því, að þá þorðu forráðamenn Sjálfstfl. ekki annað en láta undan síga og sneru við blaðinu, en ekki fyrr. Þá fóru þeir að sverja, að þeir væru ekki verri en aðrir í stuðningi við þetta merka mál, mundu standa sig fullkomlega til móts við aðra, og kæmi aldrei til greina nein tilslökun í nokkra átt.

Síðan var kosið tvisvar, og þessar yfirlýsingar stóðu á meðan. En þegar búið var að kjósa, þá var einfaldlega gerður samningur um að hleypa Bretunum inn í landhelgina aftur, og er af því mikil saga, sem ég skal ekki rekja hér.

En nú er ekkert líklegra en sama sagan endurtaki sig, ef þjóðin lætur þá hafa hreinan meiri hl. nú við þessar kosningar. Þá gæti innfærsla landhelginnar vegna Breta orðið framlengd og íslenzku togurunum sennilega hleypt inn á bátamiðin í leiðinni. A. m. k. væri það í fullu samræmi við þær bollaleggingar, sem áttu sér stað hér í heyranda hljóði á Alþingi um það efni í fyrravetur og ekki voru látnar niður falla, fyrr en samþykktaralda reis um allt landið gegn því. Þá var það látið í skúffuna í bili. Sem sagt, önnur aðalástæðan fyrir aukinni velmegun í byggðarlögum Austurlands er útfærsla landhelginnar.

Þriðja ástæðan fyrir aukinni velmegun í þessum plássum er sú uppbygging á skipaflotanum og bátaflotanum á Austurlandi, sem orðin var, áður en núv. stjórnarflokkar komu til og byrjuðu að gera sínar ráðstafanir með því að innleiða okurvexti, óðadýrtíð þá, sem menn eiga nú við að búa með hverri gengislækkuninni á fætur annarri, lánasamdrátt og alveg sérstakar ráðstafanir til þess að draga úr öllu því, sem átti að ganga til að auka uppbygginguna í þeim byggðarlögum, þar sem fjármagn var lítið og menn höfðu ekki fullar hendur fjár. M. ö. o.: þetta var gert, áður en þeir tóku upp þessa stefnu, sem þeir kalla efnahagslega fjárfestingu. En það er sú stefna að draga úr öllum stuðningi við þá,

sem hafa minna fé, sem áður var látinn í té með atvinnuaukningarstarfsemi, með lágum vöxtum og öðru sliku. Þessu hefur öllu verið breytt, og afleiðingin er sú, að það er tæpast hugsanlegt núna, að ungir sjómenn geti komizt yfir báta og skip af sæmilegri stærð. Það eru orðnir svo gífurlegir fjármunir, sem menn þurfa að leggja fram úr eigin vasa til að komast yfir þessi tæki, og búið að skera svo stórkostlega niður þann stuðning, sem áður var veittur, m. a. með framlögum af atvinnuaukningarfé, að það er tæpast hugsanlegt, að ungir og dugmiklir sjómenn geti komizt inn í útgerðina sjálfa.

Þannig er búið að fara með þessi mál. Svo kemur þessi hv. þm. og segir, að uppgangur á Austurlandi muni eiga rætur sínar að rekja til þeirrar skynsamlegu efnahagsmálastefnu, sem hafi verið tekin upp.

Ég hafði hér í fyrra dæmi um þessi mál, sem sýndi, hvernig það er orðið nú fyrir vinnandi fólk að komast inn í framleiðsluna. Ég tók dæmi af skipi, hvað það kostar nú og hver lán fást og hver vaxtakjörin eru og hvað fæst af atvinnuaukningarfé, og bar það saman við, hvernig ástatt var um þessi mál, áður en breytt var um efnahagsmálastefnuna. Og það duldist engum, sem það dæmi sá, að þar voru sýndir tveir heimar: annars vegar sá heimur, sem menn lifðu í, áður en yfir skall að þessu leyti, og þannig voru þessi mál vaxin þá, að vinnandi fólk gat komizt inn í framleiðsluna til lands og sjávar, dugmikið fólk. En nú er þetta orðið í raun og veru alveg óhugsandi. Og það er þessi uppbygging, sem varð úti um landið, m. a. á Austfjörðum, áður en þessum skilyrðum var breytt á þessa lund, — það er sú uppbygging, sem nú er mest undirrót þess, að það hefur þó verið hægt að notfæra sér nokkuð aukna síldargengd og aukna fiskigengd vegna landhelgisútfærslunnar. En það er ómögulegt að vita, hvernig þetta fer í framtíðinni, ef ekki tekst að hnika þessum málum neitt til frá því, sem þau eru nú, og það horfir sannarlega ekki vel.

Ég vil í þessu sambandi einnig minnast á einn þátt þessara mála, sem ég hafði hugsað mér að minnast á, ef ég tæki til máls aftur. Það stendur í sambandi við framtíð sjávarplássanna í landinu yfirleitt og uppbyggingu þeirra, og það er íbúðavandamálið. Ég er alveg sannfærður um, að fólksflutningarnir úr þessum byggðarlögum, — ýmsum þeirra þrátt fyrir miklar tekjur, sem fólkið hefur haft síðan síldargengdin jókst svona og fiskigengdin, — að þessir fólksflutningar eiga að þó nokkru leyti rætur sínar að rekja til þess, hvernig ástatt er um íbúðamálin í þessum plássum. Það er sem sagt svo lítið um íbúðarhúsnæði, að menn geta ekki fengið húsnæði á leigu, yfirleitt ekki. Það þýðir, að fjöldinn allur af ungu fólki, sem er að setja niður bú, getur ekki tekið sér staðfestu í þessum byggðarlögum, nema það sé reiðubúið til þess að byggja. Og eins og nú er orðið erfitt að koma upp eigin húsnæði, eins og þeim málum er nú komið, þá verkar þetta þannig, að fjöldinn allur af fólki, sem mundi setjast að í þessum plássum, ef það gæti fengið leiguhúsnæði, fer í þá staði, þar sem leiguhúsnæði er hægt að fá, jafnvel lélegt leiguhúsnæði. Og það er oftast nær hægt að fá einhverja íbúð leigða hér í Reykjavík eða í stóru byggðunum hér við Faxaflóa. Og þangað fer fólkið, fjöldi fólks, sem mundi nú um þessar mundir, síðan landhelgin var færð út og fiskigengdin hefur aukizt og síldargengdin, setjast að í sjávarplássunum við vegar um landið, ef það gæti fengið leiguhúsnæði.

Og einn þáttur í þessu frv., sem hv. 3. þm. Austf. finnst svo skringilegt og svo mikil fjarstæða að samþykkja, er einmitt um, að heimilt sé að nota fjármagn atvinnuaukningarsjóðs að einhverju leyti til þess að greiða fyrir byggingu íbúða í þorpunum og kaupstöðunum, sem gæti þá, ef mönnum þætti ástæða til, verið komið upp á vegum bæjarstjórnanna eða sveitarstjórnanna, reyna þannig að skapa grundvöll að því, að unga fólkið, sem hefur ekki tök á því að ráðast strax í byggingu íbúðar, gæti fengið leiguhúsnæði á þessum stöðum.

Það er annað í þessu líka, sem er geysilega þýðingarmikið mál, og það er, að margt fólk vill kynnast plássunum, áður en það ákveður endanlega, hvort það sezt að til frambúðar, og kinokar sér við að leggja strax í byggingu íbúðar, þótt það sé til með að reyna aðsetur í byggðarlaginu. Það er því lífsnauðsyn að reyna að snúa þannig við gangi þessara mála, að fólk, sem þannig er ástatt um, gæti átt kost á því að fá húsnæði á leigu í þessum byggðarlögum. Og einmitt í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að þessi þáttur geti komið inn í atvinnuaukningarstarfsemina.

Hv. 3. þm. Austf. vildi ekki gera mikið úr því, að það hefði verið minnkað atvinnuaukningarféð eða sú starfsemi hefði verið mikið dregin saman. Hann vildi fara mjög létt yfir það. Það hefur verið sýnt svo rækilega fram á það, að það er ekki ástæða til þess fyrir mig að endurtaka það. Ég vil aðeins segja að lokum um þetta atriði, sem er meginatriði málsins, að framlagið til atvinnuaukningar var komið upp í nálega 15 millj. kr. Þegar tillit er tekið til þeirra breytinga, sem orðið hafa á verðgildi peninganna og notagildi þeirra til framkvæmda, a. m. k. báta- og skipakaupa og fleiri slíkra, þá er víst alveg óhætt að segja það, að atvinnuaukningarféð mætti ekki vera núna undir 30 millj., til þess að um hliðstæða starfsemi væri að ræða og áður var. En skammtaðar eru 10 millj. Þetta er í raun og veru orðið að engu, og er vitandi vits verið að gera það að engu. Og í staðinn fyrir þennan stuðning, sem veittur hefur verið, eiga menn svo að fá viðreisnina, eins og hv. þm. í raun og veru sagði: Menn hefðu fengið svo ljómandi góða stefnu í staðinn og skynsamlega efnahagspólitík. Tónninn í hans ræðu var sá, að þar með væri í raun og veru þessi aukastarfsemi, sem verið hefði og raunar hefði litla þýðingu haft, orðin ástæðuminni og ekki yfir neinu að kvarta.

En ég er á því, að meginþorri manna í landinu sé allt annarrar skoðunar, eða réttara sagt, ég veit það, því að viðreisnin hefur ekki gert þessar ráðstafanir að minni nauðsyn, heldur hefur hún margfaldað þörfina fyrir atvinnuaukningarstarfsemina. Það sjáum við bara á því, hvernig það er orðið að koma upp framleiðslu-

fyrirtækjum, íbúðum og öðru, miðað við það, sem áður var. Eða ætlar hv. þm. að halda því fram, að það sé léttara nú að byggja upp úti um landið en áður var, — er það meiningin, — og þess vegna geti menn verið rólegir?

Ætli það sé léttara en áður að koma upp íbúðum, að byggja frystihús, að kaupa skip og báta og þess vegna minni nauðsyn á tilsvarandi atvinnuaukningarstarfi? Nei, öðru nær. Það held ég, að við ættum öll að geta verið sammála um, að það er öðru nær. Það er margfalt erfiðara en áður var.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki misnota þann tíma, sem hæstv. forseti hefur gefið mér hér til þess að gera stutta aths. út af ummælum hv. 1. þm. Austf. (EystJ). Hann hóf ræðu sína hér með því að mótmæla harðlega þeim ummælum, sem ég hefði haft um afstöðu Framsfl. til þessa máls, og ásakaði fyrst Sjálfstfl. og síðan mig persónulega fyrir að hafa stöðvað það mál vorið 1956, og það eingöngu vegna þess, að ég hefði borið fram 10 brtt. í Ed. Nú er það vitað, að það er þekkt regla hér á Alþingi, þegar er komið undir þinglok, að unnið sé að málum í annarri deild og það svo, að báðar deildir sætti sig við málið, eins og það kemur þá frá þeirri d., sem fyrr hefur haft málið til meðferðar. Og það var það, sem var gert hér. Það var haft fullt samkomulag við stjórnarmeirihl. í hv. Nd. um málið, að það skyldi ná fram að ganga, eins og gengið var frá því í Ed. á þeim tíma. Og það voru þau svik, sem Framsfl. sýndi í málinu. Hv. þm. segir þetta nú í trausti þess, að menn hafi alveg gleymt, hvernig Framsfl. kom fram í þessu máli, alveg eins og hann, eftir að hann sneri baki við samvinnu við Sjálfstfl. og tók upp samvinnu við kommúnistana, sneri við þeim ummælum, sem hann hafði haft um kommúnistaflokkinn, í trausti þess, að menn hefðu gleymt því, hvernig hann gagnrýndi alla þeirra starfsemi áður. En enginn hefur rennt niður öllum sínum eigin ummælum eins lystilega og hv. 1. þm. Austf. gerði um það mál.

Ég skal ekki ræða málið meira, en skal aðeins ljúka mínu máli hér með því að spyrja hv. 1. þm. Austf.: Vill hv. 1. þm. Austf. lýsa því hér yfir, að ef Framsfl. kemst í þá aðstöðu eftir næstu kosningar að geta myndað ríkisstj., þá skuli það gert að ófrávíkjanlegu skilyrði, að frv. á þskj. 104 verði gert að lögum á n. k. Alþingi og málið síðan framkvæmt í samræmi við þau lagaákvæði og að Framsfl. taki ekki sæti í neinni ríkisstj., sem fallist ekki á að skipa þeim málum þannig? Það fer eftir svari hans við þessu, hvort það er rétt, sem ég hef haldið fram, að hér hafi Framsfl. hugsað sér að koma málinu fram með einlægni eða ekki. Svari hann þessari fsp. ekki eða neitandi, þá er það staðfesting á því, sem ég hef sagt hér um flokkinn í sambandi við þetta mál.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Ég mun ekki eyða löngum tíma í að svara hinni löngu ræðu hv. 1. þm. Austf., en ég vil aðeins drepa hér á nokkur höfuðatriði. Það, sem mér finnst nú koma mjög greinilega í ljós, er það að framsóknarmenn eru að reyna að búa til ágreining eða búa til einhvern mismun á milli þessara tveggja mála, þeirra laga, sem samþ. voru hér fyrir ári um atvinnubótasjóð, og þess frv., sem þeir eru að bera fram nú, að öðru leyti en því, sem ég benti á í ræðu minni áðan, að ég tel vera meginmuninn. Það er um það, að í l. er lögð áherzla á það fjármagn, sem til þessa er veitt, en í frv., sem nú liggur fyrir, er meginkaflinn um stjórn málanna. Hann vildi, hv. 1. þm. Austf., telja það furðulegt, ef ég teldi nú allar áætlanir fyrir fram fánýtar eða einskis virði. Það voru ekki mín orð, og ég vildi benda á það, að einmitt í l. um atvinnubótasjóðinn segir m. a. þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar sjóðsstjórninni þykir ástæða til, skal hún leita umsagnar sveitarstjórna, Fiskifélags Íslands, Alþýðusambands Íslands, Búnaðarfélags Íslands, Iðnaðarmálastofnunar Íslands, eftir því sem við á, áður en umsókn er afgreidd."

Það er gert ráð fyrir því, að þegar stjórn atvinnubótasjóðs þykir ástæða til, leiti hún sér upplýsinga um þær framkvæmdir, sem verið er að leita eftir láni til. En það er nokkur og verulegur munur á þessu eða hvort það á að gera allar þessar áætlanir fyrir fram, eins og raunar virðist vera meginhugsun í því frv., sem liggur fyrir frá hálfu framsóknarmanna. En sem sagt, það kom náttúrlega fram hjá hv. 1. þm. Austf., að auðvitað er það, sem máli skiptir, það fjármagn, sem er til umráða. Það er það, sem máli skiptir, og það lagði ég áherzlu á í minni fyrri ræðu, þó að honum þætti nú hentugra að reyna að láta í það skína, að ég hefði ekki gert mikið úr því, teldi vel fyrir þessum málum séð með þeim 10 millj., sem nú væru veittar, og hann vildi sem sagt telja, að þarna væri um mikinn ágreining að ræða á milli okkar. En ég tók það einmitt skýrt fram, að ég teldi æskilegt, að þetta fjármagn væri meira, og það verður vitanlega á hverjum tíma til athugunar að auka þetta, eftir því sem nauðsyn krefur.

Hv. þm. var að hafa eftir mér, að ég hefði talið, að þetta væri skringilegt. Ég man nú ekki, hvort þetta er rétt eftir haft, en það skiptir ekki miklu máli. En hitt mun ég hafa sagt, og ég er þeirrar skoðunar, að það sé ekki þinglegt, við skulum hafa það orð, að afgreiða núna frv. framsóknarmanna vitandi það, að frv. um atvinnubótasjóðinn var afgreitt á þessu sama þingi fyrir tæpu ári.

Ég má til að minnast aðeins á vextina, sem hv. þm. drap á, að ég væri frægur fyrir að hafa látið uppi um einhverja þá vitlausustu skoðun, skildist mér, sem nokkurn tíma hefði komið fram, að það væri vinningur að því eða hefði verið, eins og ég orðaði það, yfirsjón fyrir nokkrum árum með vextina af stofnlánum til landbúnaðarins, að þeir hefðu ekki verið hækkaðir. En hann sagði einnig: „og lánstíminn styttur". En þetta hef ég aldrei sagt. Það er reginmunur á því, hver vaxtahæðin er og aftur með lánstímann, og það er vitanlega nauðsynlegt alltaf að geta haft lánstímann sem lengstan af framkvæmdalánunum, — það er nauðsynlegt. En hinu verður maður að gera sér grein fyrir, að fjármagnið, sem er til, og fjármagnsþörfin, — það er þetta tvennt, sem skapar það, hvað hægt er að ganga langt í því

efni. En út af þessu tali um vextina þykir mér rétt að vekja athygli á því í sambandi við verðlagsgrundvöll landbúnaðarvara, að það hefur mikið verið talað um einmitt þennan lið, vexti af eigin fé bændanna, sem þeir hafa lagt í búreksturinn, og það segja margir og það með réttu: Það er ekki von, að menn fáist til þess að leggja fé í landbúnað, þegar þeim eru ekki ætlaðir nema mjög lágir vextir, við skulum segja 3½%, eins og var ákveðið í verðlagsgrundvellinum næstsíðasta. Það var að vísu hækkað upp í 5% á síðasta ári. En ég vil bara vekja athygli á því, að auðvitað hljóta þeir að hafa veruleg áhrif á það, hvaða vextir eru ákveðnir af eigin fé, þeir vextir, sem ætlaðir eru af stofnlánum, sem veitt eru til landbúnaðar, og því lægri vextir sem eru af stofnlánum, sem veitt eru til landbúnaðar, þá liggur auðvitað í hlutarins eðli, að því lægri verða vextirnir af eigin fé bændanna, sem þeir eiga í búskapnum. Það er þess vegna alls ekki svo einfalt mál, og það hefur líka sína ókosti, eins og ég einmitt var að reyna að leiða fram og benda á, að hafa vexti mjög lága. Þetta hefur m. a. háð landbúnaðinum um langa hríð, að vegna þess að það var talið, að hann gæti ekki greitt nema mjög lága vexti af sínum stofnlánum, þá leiddi það af því, að eigið kapital bóndans var lítils metið og það var ekki talið bera nema litla vexti eða njóta nema lítilla vaxta í búrekstrinum.

Hv. þm. sagði, að ég hefði verið að reyna að gera sem allra minnst úr árangri af því atvinnuaukningarfé, sem farið hefur til Austurlandsins. Það lá alls ekki í mínum orðum, það er mikill misskilningur. En hitt fannst mér óþarfa dryldni, ef svo mætti segja, sem kom fram í ræðum þeirra framsóknarmanna, og ég gat ekki stillt mig um að benda á það, að nokkuð af þessu fé fór, eins og ég nefndi, til þess að greiða halla af togaraútgerð á Austurlandi, — togaraútgerð, sem var þannig ástatt um, að togararnir hvorki lögðu upp afla sinn á Austurlandi, heldur gerðu það við Faxaflóa, og skipin voru ekki einu sinni mönnuð að austan. Það felst ekki í þessu, að þetta fé gæti ekki komið að notum, en því var bara ekki varið þannig, að það kæmi að notum.

Ég ætla ekki að fara út í síldarverksmiðjumálin. Það gefst vafalaust tækifæri til þess síðar, en þá er ég illa svikinn, ef hv. 1. þm. Austf. fær marga til að trúa því, að þar hafi ekki orðið mjög mikil breyting á í tíð þessarar ríkisstj.

Hv. 1. þm. Austf. spurði, hvort það væri léttara nú en áður var að byggja og kaupa skip, t. d. heldur en var í tíð vinstri stjórnarinnar, og yfirleitt að vinna að framkvæmdum. Ég skal ekki halda því fram, en ég vil þá bara spyrja hv. þm.: Hvers vegna hélt þá ekki vinstri stjórnin áfram að starfa og lofa þjóðinni að búa áfram við þessi góðu kjör? Þetta er spurning, sem ákaflega æskilegt væri að fá svör við. Eða var það kannske þannig, að þetta var sjónhverfing, þessi góðu kjör? Var það kannske þannig, að framkvæmdirnar kostuðu meira en fram var talið, og það varð seinni tíminn, sem þetta kom niður á?

Ég skal líka sleppa að ræða hér um landhelgismálið. Ég býst við, að það verði erfitt fyrir hæstv. stjórnarandstæðinga að klína því á Sjálfstfl., að hann hafi verið andstæður útfærslu landhelginnar. Ég get alveg leitt hjá mér að svara slíku?

Ég ætla ekki að vera að skattyrðast meira út af þessu máli. Það var að vísu margt, sem kom fram í ræðu hv. þm., sem vafalaust gefst tækifæri síðar til þess að ræða um, en eins og ég sagði áðan, fannst mér ekki rétt að láta það með öllu ógert að tala nokkur orð út af þessu máli. Svo skal ég láta máli mínu lokið.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki níðast á þolinmæði hæstv. forseta. Fyrst ætla ég að segja það út af því, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði, ef honum skyldi verða eitthvað hugarhægra þá, að Framsfl. mun leggja mikla áherzlu á að fá aukna atvinnuaukningarstarfsemina í landinu. Ef til greina kæmi, að hann semdi um ríkisstjórn, mundi hann leggja mjög mikla áherzlu á það mál og leiðrétta þann skakka í því efni, sem orðið hefur, síðan núv. stjórnarflokkar tóku við þeim málum, eins og hér hefur verið upplýst.

Ég þarf ekki að brjóta neitt af mér við hæstv. forseta til þess að svara hv. 3. þm. Austf., m. a. vegna þess, að hv. þm. var önnum kafinn við að taka til baka það, sem hann hélt fram í sinni fyrri ræðu. M. a. sagði hann, að hann vildi alls ekki kannast við, að hann teldi áætlanir fyrir fram fánýtar eða rannsóknir, og tók því kirfilega aftur það, sem hann efnislega hafði sagt um það. En þó var þetta grundvöllur hans að því að sýna fram á, að þetta frv. væri í þessum óheppilega framsóknaranda. Nú tók hv. þm. það allt til baka, og er það út af fyrir sig gott. Enn fremur vildi hann ekki lengur halda því fram, að frv. væri skringilegt, þó að hann gerði það að aðalatriði áðan. Ég tók það orðrétt eftir honum.

Nú er hann aftur á móti búinn að finna það upp, að það sé ekki þinglegt að samþ. frv. En rökin fyrir því eru heldur dauf, þegar þess er gætt, að hér er um viðbótarráðstafanir að ræða við þær, sem áður hafa verið samþ. í öðrum lagabálki. Hér er starfsemi, sem er á ýmsan hátt frábrugðin hinni, og aukið fjármagn.

Nú hafði hv. þm. breytt nokkuð orðalagi á vaxtakenningu sinni. Nú er hún orðin þannig að efni til, að það sé um að gera fyrir bændur að hafa sem hæsta vexti, borga sem hæsta vexti af lánum til þess að fá sem hæsta vexti inn í verðlagsgrundvöllinn af sínu eigin fé. Það er sannast að segja ekki ofsögum sagt af því, að hv. þm. hefur nokkuð sérkennilegar skoðanir á þessu, þegar þess er gætt, hversu gífurlegt lánsfé bændur þurfa að nota til þess að byggja upp sinn búskap. Og sennilega er það eitt allra þýðingarmesta málið fyrir landbúnaðinn að hafa einmitt lága vexti. Við sjáum, hvernig gengur að koma afskriftunum og vöxtunum inn í verðlagsgrundvöllinn. Hvað ætli það sé mikið af þeim vöxtum, sem nú þarf að borga af nýju búi, sem væri byggt upp með því verðlagi, sem nú er, sem kemst inn í verðlagsgrundvöllinn? Hvað ætli það sé mikið? Á því sjáum við svona hér um bil, hvernig bændur fara út úr pólitík hinna háu vaxta. Ég held,

að það sé flestum, sem þekkja nokkuð til þessara mála, ljóst, að ein sú leið, sem verður að fara, til þess að hægt sé að halda áfram að byggja upp íslenzkan landbúnað, er, að hægt sé að fá aðgang að vaxtalægri lánum en nú er mögulegt, ásamt því að leiðrétta verðlagsgrundvöllinn og fleira, sem kemur til greina.

Ég get líka látið mér vel líka, að hv. þm. sagði nú, að það hefði alls ekki legið í sínum orðum, að hann vildi gera lítið úr árangri atvinnuaukningarfjárins á Austurlandi. Hann tók það því allt aftur, sem hann hafði sagt um það. Hann sagðist alls ekki vilja gera það. Ég var einmitt að gefnu tilefni frá honum að sýna fram á, hversu geysiþýðingarmikið atvinnuaukningarféð hefði verið fyrir Austurland. En ef hv. þm. viðurkennir það nú allt í einu, að atvinnuaukningarféð hafi verið svo þýðingarmikið fyrir Austurland, og vill ekki láta skilja sig svo, að hann hafi gert lítið úr því, hefur hann þá gert sér grein fyrir, hvað hann hefur verið að gera og stjórnarmeirihl. með því að setja atvinnuaukningarféð ofan í sama sem ekki neitt? Veit hv. þm. það t. d., að núna þegar úthlutað var úr þessum atvinnubótasjóði, varð að úthluta hálfs annars árs framlagi? Það varð að úthluta þessa árs fé og fyrir hálft ár fram í tímann til að geta sýnt pínulítinn lit á því að sinna þeim umsóknum, sem fyrir lágu, og var þó ekki nema auvirðilegur píringur samanborið við það, sem áður var? Ef hv. þm. er nú horfinn frá því að gera lítið úr atvinnuaukningarstarfinu og áhrifum þess, t. d. á Austurlandi, hefur hann þá gert sér grein fyrir því, hvað hann raunverulega hefur verið að gera og hans félagar?

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 63. fundi í Nd., 1. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá á þskj. 363 samþ. með 17:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngJ, BÞ, MÁM, PS, RH, SÁ, SI, BGr, BK, BBen, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GunnG, GÞG, JóhH.

nei: HÁ, HS, HV, IG, KGuðj, LJós, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÓskJ, EðS, EOl, EystJ, GeirG, GíslG.

8. þm. (JSk, JP, ÓTh, AGb, BF, BP, GÍG, GJóh) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Gísli Jónsson: Herra forseti. Í trausti þess, að stjórn atvinnubótasjóðs verji því fé, sem sjóðurinn hefur yfir að ráða á hverjum tíma, til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, svo sem lögin mæla fyrir um og lögð er áherzla á í rökstuddu dagskránni að beri að gera, segi ég já.

2. Stofnlánadeild landbúnaðarins (frv. PÞ o. fl.).

Á 28. fundi í Sþ., 6. febr., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum [132. mál] (þmfrv., A 237).

Á 39. fundi í Ed., 11. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Allir þm. Framsfl., þeir er sæti eiga í þessari hv. d., eru flm. að frv. því, sem nú er hér til umr. og ég mun gera nokkra grein fyrir.

Landbúnaðurinn er einn af aðalatvinnuvegum þjóðarinnar, og hann er hinn elzti atvinnuvegur í þessu landi, sá atvinnuvegur, sem lífskjör þjóðarinnar hafa á liðnum öldum verið frekar bundin við en nokkra aðra starfsemi. Það munu allir sammála um, að það er mikilvægt hverri þjóð að framleiða fæðu í eigin landi. Þetta á við um allar þjóðir og í öllum löndum, en þó einkum í landi eins og Íslandi, sem er eyja í reginhafi. En landbúnaðurinn hefur einnig menningarlegu hlutverki að gegna. Íslenzk þjóðmenning á rætur í sveitum þessa lands, og sú bæjarmenning, sem hér er að skapast, er enn þá mjög í mótun, og þó að þar megi greina ýmislegt ágætt, þá fylgja henni vissulega annmarkar og þjóðfélagið má ekki við að missa þá menningarlegu kjölfestu, sem sveitirnar veita enn í dag. Byggðin helgar fyrst og fremst rétt þjóðarinnar til landsins. Hin dreifða byggð úti um sveitirnar styrkir þennan rétt þjóðarinnar.

Hagstofa Íslands hefur um langt árabil gert skýrslur um mannfjölda og atvinnuskiptingu þjóðarinnar. Sérstaklega gerir hún nákvæmar skýrslur um atvinnuskiptinguna á 10 ára fresti, þegar svokölluð aðalmanntöl fara fram. Það er sjálfsagt nokkrum annmörkum bundið að draga þarna glögga markalínu, því að ýmsir vinna að fleiri störfum en einu samtímis og fleira fólk er í sveitum en það, sem eingöngu starfar að landbúnaði. En samkv. þessum skýrslum hagstofunnar hefur fólksfjöldinn við landbúnaðarstörf á ýmsum tímum verið sá, sem hér segir: Um síðustu aldamót er talið, að 66.5% af þjóðinni hafi stundað landbúnað, 1920 42.9%, 1940 30.6%, 1950 19.9%. Það mun ekki fyllilega búið að vinna úr manntali 1960 að þessu leyti, en samkv. bráðabirgðatölum starfa nú ekki að landbúnaði nema 14—15% af þjóðinni. En framleiðslan hefur stóraukizt þrátt fyrir þessa breytingu á skiptingu þjóðarinnar milli atvinnugreina. Og þessi fámenni hópur, þ. e. innan við 20% af þjóðinni, framleiðir í flestum greinum nægilegt magn af afurðum til nota innanlands fyrir hinn stóra og sístækkandi neytendahóp, og í sumum greinum landbúnaðarins er framleiðslan nokkru meiri en innanlandsþörfin krefur.

Þetta hefur tekizt vegna þess, að gerbreytingar hafa átt sér stað í landbúnaðinum á tiltölulega mjög skömmum tíma. Vélar hafa verið teknar til nota við svo að segja stórt og smátt í landbúnaðarstörfum, ræktunin hefur aukizt og gert

það fært að beita vélaaflinu við framleiðsluna, byggingar hafa færzt í betra horf og bætt alla aðstöðu við að hagnýta jarðargróðann, og með ræktun búfjárstofnanna hefur afurðamagn búfjárins stóraukizt frá því, sem áður var.

Það þarf enginn að furða sig á því, þó að gerbreyting eins og þessi, sem gerist á svo skömmum tíma, hafi kostað mikil átök og mikið fjármagn, meðan þessi uppbygging átti sér stað. Og sem betur fer, er slíkri uppbyggingu engan veginn lokið, enda þarf slík þróun að halda áfram sí og æ. Þessi átök í landbúnaðinum hefur ekki verið hægt að gera öðruvísi en með allmikilli lánastarfsemi. Og það er alls ekki óeðlilegt, þegar á þetta er litið, þó að bændurnir eigi fullörðugt með að standa straum af þeim byrðum, sem þeir hafa tekizt á herðar í þessu sambandi. Bændastéttin hefur að sönnu notið stuðnings við þessar framkvæmdir af hálfu þjóðfélagsins fyrir forgöngu ríkisvaldsins, bæði með lagasetningu og stjórnarathöfnum ýmsum. Það má telja jarðræktarframlög, sem greidd eru á ræktun og útihúsabyggingar í sveitum, en hitt vegur þó að mínum dómi meira, sú lánastarfsemi, sem bændurnir hafa átt aðgang að á síðustu áratugum. Og sú lánastarfsemi, þ. e. stofnlánasjóðir landbúnaðarins, hefur ekki a. m. k. fram til þessa tíma verið rekin út frá kaldrænu bankasjónarmiði eða fjármagnssjónarmiði, þannig að markmiðið hafi fyrst og fremst verið það að ávaxta fé í landbúnaðinum, heldur hefur hitt sjónarmiðið setið í fyrirrúmi, að veita landbúnaðinum stuðning með lánastarfsemi. Og vegna þess að það sjónarmið hefur verið lagt til grundvallar, hefur verið svo um hnúta búið um langt skeið, að það var Alþingi sjálft, sem ákvað lánakjörin, þ. e. vaxtahæðina á stofnlánum landbúnaðarins, og í megindráttum lánstímann líka. En á þessu var gerð breyting með efnahagslögunum nr. 4/1960, eins og kunnugt er, og þetta vald er nú lagt í hendur Seðlabankans og ríkisstjórnarinnar.

Af þeirri efnahagsstefnu, sem hófst 1960 og núverandi hæstv. ríkisstjórn hefur fylgt, hefur leitt gífurlegar verðhækkanir í landinu. Þær verðhækkanir bitna á landbúnaðinum og bændastéttinni áreiðanlega eigi síður en öðrum stéttum þjóðfélagsins. Og þessar öru og miklu verðhækkanir hafa það í för með sér, að aðstaða bændanna verður af þeim sökum enn þá misjafnari en áður var. Þeir bændur, sem voru búnir að búa þannig í haginn, áður en verðhækkanirnar fóru að segja til sín, að þeir gátu um skeið komizt hjá því að leggja í byggingarkostnað eða kaupa vélar, standa vitanlega miklum mun betur að vígi en hinir, sem voru skammt á veg komnir í framkvæmdum og hafa nú á síðustu árum þurft að ráðast í framkvæmdir, sem kosta mjög mikið fé, eða kaupa vélar, til þess að auðið sé að halda búskapnum í sæmilegu horfi. Og þetta hefur það í för með sér, að það er enn þá örðugra en áður var fyrir ungt fólk að hefja búskap, því að stofnkostnaðurinn nemur svo háum fjárhæðum, eða að koma búrekstri í það form, sem talið er hæfa nútímabúskap. Landbúnaðurinn sem atvinnugrein stendur því nú höllum fæti og vissulega á nokkrum vegamótum. Um þetta vitna samþykktir félagssamtaka bændastéttarinnar, sem gerðar hafa verið nú að undanförnu, enda er það á allra vitorði, að viðreisnin er sveitafólkinu mjög þung í skauti. Þessa ályktun má einnig draga af því, að dregið hefur úr stofnun nýbýla nú að undanförnu. Og landbúnaðurinn sem heild nýtur ekki þess góðæris, sem þjóðin vissulega hefur átt við að búa undanfarin 2 ár frá náttúrunnar hendi með hinum aukna sjávarafla og sæmilega hagstæðu verði á sjávarafurðum, því að nú hin síðustu ár hefur landbúnaðurinn, a. m. k. í sumum héruðum, átt við verulega erfiðleika að stríða, í sambandi við kal í túnum og tíðarfar, sem hefur reynzt fremur áfallasamt, a. m. k. í sumum landshlutum. Það er því vissulega svo komið nú, að það er allmikið los á byggðinni í sveitum þessa lands. Og ríkisvaldið — hv. Alþ., ríkisstjórn og ríkisstofnanir — má ekki láta þetta fram hjá sér fara án þess að gefa því gaum. Það verður að líta á þetta með fullu raunsæi og koma í veg fyrir, að fólksflótti örvist eða skapist að nýju úr sveitunum og frá landbúnaðinum, og það ríður á miklu, að ekki falli undan, að þessu sé gefinn gaumur, því að enn eru í gildi þau orð, að „öllum hafís verri er hjartans ís, sem heltekur skyldunnar þor".

Þetta verður að mínum dómi og okkar flutningsmanna að gera eftir ýmsum leiðum. Það þarf að auka jarðræktarframlögin frá því, sem nú er, enda er svo komið, að hlutur þjóðfélagsins af stofnkostnaði ræktunar er miklu lægri en hann var t. d. 1955 hjá öllum, sem komnir eru yfir markið um 10 hektara túnstærð, en þeir, sem eru undir því marki í ræktuninni, njóta sérstakrar fyrirgreiðslu af löggjafans hálfu, eins og kunnugt er. Þetta þarf einnig að gera með aukinni lánastarfsemi og bættri aðstöðu til handa sveitafólkinu í því efni. Og vitanlega þarf í sambandi við þetta einnig að endurskoða afurðasölulögin og gæta réttar bændastéttarinnar í því efni, enda er það nú mjög á dagskrá hjá félagssamtökum bændanna, að þau mál þurfi endurskoðunar við.

Þó að ég hafi í upphafi máls míns gert þetta almenna yfirlit, þá er í þessu frv., sem hér liggur fyrir, einungis fjallað um einn þátt þessara mála.

Með lögum, sem sett voru í fyrra um stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, var að því stefnt að efla stofnlánasjóði landbúnaðarins frá því, sem orðið var, og gera þeim fært að losna við fjárhagsbyrðar, sem á þá voru fallnar. En leiðin, sem farin var að þessu marki með löggjöfinni í fyrra, er sú að láta bændastéttina sjálfa í stórkostlega vaxandi mæli byggja upp sína eigin stofnlánasjóði. En eins og viðhorfið er nú í landbúnaði og ég hef lauslega drepið á, þá er ráðið til þess að koma í veg fyrir aukinn flótta fólks úr sveitunum og frá landbúnaði ekki það að skattleggja bændurna sjálfa til þeirrar lánastarfsemi, sem þeim er nauðsynleg.

Með 1. gr. þessa frv. er lagt til, að á þessu verði gerð breyting. Og sú stefnubreyting, sem fyrir okkur flm. vakir að þessu leyti, er sú, að stofnlánasjóðir landbúnaðarins njóti eftirleiðis fjármagns af því veltufé, sem til umráða er og útlána í þjóðfélaginu, en að álagt ríkisframlag verði ákveðið 30 millj. kr., og er það fyrst og

fremst miðað við að greiða vaxtamismun, sem af starfsemi stofnlánadeildarinnar leiðir, samkv. þeirri stefnu, sem við setjum fram í þessu frv.

Rétt er að gera sér grein fyrir því, hvað hér er raunverulega um stórt viðfangsefni að ræða. Skv. Hagtíðindum eru heildarútlán í bankakerfinu 4—5 milljarðar, og það þykir mjög frétt-næmt um þessar mundir, að sparifé landsmanna aukist hröðum skrefum. En að sama skapi vex umráðafé bankanna, og það á að auðvelda þeim að hlaupa undir bagga í því efni, sem hér um ræðir, eins og raunar á fleiri sviðum.

Í skýrslu frá Búnaðarbanka Íslands, sem gerð var heyrinkunn nú eftir síðustu áramót, segir, að sparifé sparisjóðsdeildar Búnaðarbankans hafi á árinu 1962 vaxið um 98.2 millj. kr. og að innstæður á hlaupareikningi hækkuðu á sama tíma um 38.9 millj. kr. En á undanförnum árum hafa útlán úr stofnlánasjóðum landbúnaðarins numið því, er hér segir, samkv. opinberum tölum um það efni: 1959 42.7 millj. kr., 1960 63 millj. kr., 1961 49.5 millj., og í skýrslu Búnaðarbankans, þeirri er ég vitnaði til, segir, að á árinu 1962 hafi verið lánað úr stofnlánadeild 834 lán, samtals 70.4 millj. kr. Af þessu er auðsætt, að hér er ekki um stærra viðfangsefni að ræða en svo, að það er aðeins örlítið brot af því fjármagni, sem í umferð er í bankakerfinu, sem stofnlánadeild landbúnaðarins þarf á að halda, og á árinu 1962 jókst sparifé sparisjóðsdeildar Búnaðarbankans eins, þó að ekkert annað sé talið, um 28 millj. kr. hærri fjárhæð en öll útlán stofnlánadeildarinnar námu á sama ári.

2. gr. þessa frv. fjallar um það, að ríkið skuli hér eftir standa straum af þeim gengishalla, sem á byggingarsjóð sveitanna og ræktunarsjóð hefur fallið vegna breytingar á verðgildi ísl. krónu á undanförnum árum.

Þegar þetta mál um stofnlánadeild landbúnaðarins var hér til umræðu á síðasta þingi, var leitað upplýsinga um, hve miklu þessi fjárhæð nemur. Þá lágu ekki fyrir opinberar tölur um þetta, en eftir þeim upplýsingum, sem þá voru lagðar fram, var það látið koma fram í umræðum, hvað hér væri um mikla fjárhæð að ræða. En síðan hefur það gerzt, að nú liggja fyrir um þetta opinberar tölur, og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, vitna til þeirra. Í tímariti bændasamtakanna, Árbók landbúnaðarins, skrifar ritstjóri Árbókarinnar, Arnór Sigurjónsson, ritgerð um þessi mál, og þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta, um byggingarsjóð sveitabæja og ræktunarsjóð Íslands:

„Þessir sjóðir námu vaxa og vel dafna fram til ársloka 1957, en þá var hrein eign ræktunarsjóðs 65.2 millj. kr., en byggingarsjóðs 44.1 millj. kr. En svo komu bjargráð og viðreisn stjórnmálamannanna með dulbúinni gengisfellingu 1958 og opinberum gengisfellingum 1960 og 1961, er kostuðu sjóði þessa alla eign og nokkru meira þó. Ef reiknað er frá erlendum skuldum í árslok 1959, en önnur gögn hefur ritstjóri Árbókarinnar ekki í hendi, hafa bjargráðin og hinar opinberu gengisfellingar kostað ræktunarsjóð 103.4 millj. kr., en byggingarsjóð 27.7 millj. kr., eða báða sjóðina 131.1 millj. kr., þar af bjargráðin 31.7 millj. kr., en gengisfellingarnar 99.4 millj. kr.“

Það er staðreynd, sem hér er dregin glögglega fram í Árbók landbúnaðarins, að fram til ársloka 1957 stóð hagur þessara sjóða með blóma, þeir námu vaxa og vel dafna, eins og hér segir og gripið til gamals máls. Allur vandi þessara sjóða stafar af gengisbreytingunum, við skulum segja bæði hinni dulbúnu, eins og hér er sagt, 1958, og hinum opinberu gengisfellingum 1960 og 1961, og hlutföllin eru þessi samkv. opinberum tölum, að 31.7 millj. kr. af hallanum eru vegna bjargráðanna svokölluðu 1958, en 99.4 millj. kr. vegna gengisfellinganna 1960 og 1961. Þetta er allur vandi sjóðanna, og viðfangsefnið er það, hvernig eigi að snúast við þessum vanda eða hvernig hafi átt að snúast við þessum vanda og leysa þessi mál. Og ég leyfi mér enn, hæstv. forseti, að vitna hér til umsagnar ritstjóra Árbókar landbúnaðarins um þetta efni. Hann segir svo:

„Ritstjóri Árbókarinnar lítur svo á, svo sem hann hefur áður lýst yfir hér í Árbókinni, að byggingarsjóður og ræktunarsjóður hafi frá upphafi til endaloka starfað samkv. fyrirmælum ríkisvaldsins, en verið einskis ráðandi um þau bjargráð og viðreisn, er ríkisvaldið bjó þjóðinni, og því hafi ríkisvaldið borið síðferðilega og fjárhagslega ábyrgð á sjóðunum og þá einnig verið skylt að taka á sig skakkaföll þeirra við bjargráðin og viðreisnina, þ. e. tap þeirra við gengisfellinguna. Ef ríkisvaldið hefði viljað viðurkenna þetta drengilega og opinskátt, hefði ekki þurft neina nýja löggjöf, heldur hefðu sjóðirnir haldið áfram í sama horfi og áður, haldið nöfnum sínum, sem vinsæl voru orðin af starfi þeirra, aðeins hefði þurft að hækka framlag ríkisins í öfugu hlutfalli við verðgildi ísl. kr. og ef til vill hækka útlánsvexti sjóðanna. Þetta hefði einnig verið viðurkenning á því, sem ritstjóri Árbókarinnar álítur réttast, að bændastétt landsins, sem sjóðanna hefur notið, eigi allra atvinnustétta minnst sök á verðfellingu íslenzkra peninga, og henni eigi því sízt allra að refsa fyrir þá verðfellingu.“

Ég tilfæri þessi orð hér úr tímariti bændasamtakanna vegna þess, að ég ætla það mála sannast, að þau séu í fullu samræmi við skoðanir alls þorra bændastéttarinnar sjálfrar á þessu máli. Og ég tilfæri þau einnig hér til þess að sýna það hér ótvírætt, að það eru fleiri, sem um landbúnað hugsa af gaumgæfni og fullri alvöru og velvild í garð þess atvinnuvegar, heldur en við flm. þessa frv., sem líta þannig á, að sú stefna, sem við setjum fram í 2. gr. þessa frv., sé fyllilega réttmæt.

Það er ríkisvaldið, sem ákvað gengisfellingarnar, sem skapað hafa allan vanda þessara sjóða. Og ríkisvaldið ákvað þessar gengisfellingar, að því er talið er, vegna atvinnuveganna og þá fyrst og fremst útflutningsframleiðslunnar. En um leið og ríkisvaldið taldi þetta nauðsynlegt vegna útflutningsframleiðslunnar, þá ber því sama ríkisvaldi skylda til að líta þannig til hins annars aðalatvinnuvegar þjóðarinnar, að hann og þeir menn, sem við hann starfa, þurfi ekki að mæta sérstökum skakkaföllum vegna þessarar ákvörðunar.

Næst vil ég leyfa mér að fara nokkrum orðum um vextina af stofnlánum landbúnaðarins. Í 3.

gr. þessa frv. er svo mælt, að vextir af lánum til íbúðarhúsa í sveitum skuli vera 3½% og af öðrum lánum stofnlánadeildar 4%. Þetta er sami vaxtafótur á þessum stofnlánum og í gildi var, áður en viðreisnin var sett á laggirnar á árinu 1960. Ég vek enn athygli á því, sem ég drap á fyrr í ræðu minni, að um áratugaskeið var það löggjafaratriði, hverjir vextir væru ákveðnir af stofnlánum í landbúnaði, og í meginatriðum um lánstímann einnig. Þetta var löggjafaratriði vegna þess, hve þýðingarmikið þetta er fyrir alla afkomu bændastéttarinnar, og löggjafinn vildi áreiðanlega búa svo um hnúta, að hin fyllsta sanngirni gagnvart bændunum væri sýnd við framkvæmd þessa máls.

Landbúnaðurinn er þannig atvinnugrein, að það er ekki auðið að safna stórfelldum gróða, a. m. k. ekki á skömmum tíma, í þeim atvinnurekstri. En í þeim atvinnurekstri gerast á hinn bóginn miklu minni sveiflur en í ýmsum öðrum atvinnugreinum þessarar þjóðar. Landbúnaðurinn er því ekki fær um að bera mjög þunga vaxtabyrði af þeim stofnlánum, sem honum eru veitt. En í þessu efni kemur fleira til en það, sem snýr að bændastéttinni sjálfri. Þetta mál er miklu víðtækara og hefur áhrif út í fjárhagskerfi þjóðfélagsins, eins og ég skal nú með nokkrum orðum gera grein fyrir.

Vextir þeir, sem færðir eru inn í verðlagsgrundvöll landbúnaðarafurða, greinast í þrjá liði. Einn liðurinn eru vextir af lausaskuldum bænda. Þar er vaxtafóturinn 9%, og miðað er við almenna útlánsvexti í bönkum landsins. Annar liðurinn eru vextir af stofnlánum í landbúnaði. Aðferðin til þess að ákveða þann lið er sú, að það er leitað eftir meðaltali vaxtahæðarinnar, sem bændastéttin raunverulega greiðir af stofnlánum sínum í Búnaðarbankanum. Enn er allmikið af stofnlánum í Búnaðarbankanum með lágu vöxtunum, sem giltu, áður en viðreisnin kom til sögu. Og þeir vextir lækka enn sem komið er þetta meðaltal. En eftir því sem lengur líður, greiðast eldri lánin upp, en nýjum er bætt við með viðreisnarvöxtunum, svo að óðar en varir hlýtur þetta að fara þannig, að það verði viðreisnarvextirnir, sem munu verða einráðir um þennan lið í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða. Þriðji liðurinn eru svo vextir af eigin fé bóndans í búinu. Á undanförnum árum hefur sá liður verið miðaður við að greiða 3½% vexti af því fé, sem talið er að bóndinn eigi sjálfur í meðalbúi. Og þetta 3½% eru þeir allra lægstu stofnlánavextir, sem landbúnaðurinn hefur búið við. En í verðlagsgrundvellinum, sem nú er í gildi, var þessu þokað upp í 5% og fjármunir bóndans í meðalbúinu þá metnir, að mig minnir, um 370 þús. kr. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að um þennan lið verðlagsgrundvallarins ríkir mikill ágreiningur og fulltrúum bændanna finnst, að eigin fjármunir í búinu séu of lágt metnir og vaxtafóturinn af því of lágur, svo að bændurnir hljóta að einbeita sér að því að fá þennan lið leiðréttan þannig, að þessi liður vaxtanna hækki, að almennum útlánsvöxtum í landinu óbreyttum. Þetta hnígur því allt að því, að vaxtaliðurinn í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurðanna hlýtur að hækka og hafa áhrif á verðlag landbúnaðarafurðanna í æ ríkara mæli, ef ekkert er að gert til breytinga á stofnlánavöxtunum. Hærri vextir kalla á hærra afurðaverð, en hærra afurðaverð kallar á hærri greiðslur til útflutningsuppbóta, svo framarlega sem eitthvað af landbúnaðarvörum er selt úr landi. Og hærra landbúnaðarverð innanlands kallar á annaðhvort hærri niðurgreiðslur eða ýtir undir kröfur um hærra kaupgjald, þar sem landbúnaðarafurðirnar eru mjög ríkur þáttur í vísitöluútreikningnum og í því verðlagi, sem miðað er við, þegar metinn er kostnaður fjölskyldu vegna lífsframfæris hennar. Kerfið er svo þannig, að þessu er mætt að nokkru leyti með fjölskyldubótum, en talið er, að greiðsla fjölskyldubóta með 1. og 2. barni í fjölskyldu kosti ríkissjóð nú yfir 120 millj. kr. á ári, og þessu er svo enn fremur mætt með niðurgreiðslum, og þær fjárhæðir, sem til þess fara af fjárl., eru nú ekki takmarkaðar við milljónatugi, heldur milljónahundruð. Samkv. fjárl. undanfarinna ára hafa fjárveitingar á fjárl. til niðurgreiðslu og útflutningsuppbóta numið 1960 307.9 millj., 1961 314.9 millj., 1962 300 millj., 1963 430 millj. kr. Og mikill hluti af þessu fé er svo dreginn saman með álögum á almennt vöruverð í landinu. Þannig er þá þetta kerfi, að það er mynduð þessi hringrás. Vaxtaliðurinn í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins verður æ áhrifaríkari um landbúnaðarvöruverðið, dýrtíðarmyllan, sem hrundið er af stað með hinum háu vöxtum, — stofnlánavöxtum í landbúnaði, — verður sjálfvirk, og hún malar þeim mun örar, því meiri framkvæmdir sem verða í landbúnaðinum og því meiri sem fjármunamyndunin er í þeim atvinnuvegi. Þannig er þetta gert. Með því að verja nokkru af ríkisfé, eins og hér er lagt til, til þess að jafna vaxtamismun vegna stofnlána í landbúnaði, er verið að snúa við á þessari braut, það er verið að draga úr áhrifum þessarar sjálfvirku myllu.

Samkv. ákvæðum frv. er því lagt til, að vaxtafóturinn verði lögbundinn eins og áður var lengst af um stofnlán til landbúnaðarins. Það er verið að leggja til að létta vaxtabyrði bændanna, og jafnframt miðar þetta að því að draga úr vexti einnar þeirrar kvíslar, sem myndar hina miklu dýrtíðarelfu viðreisnarinnar, sem nú hefur raunar brotizt yfir alla bakka og flæðir um svið þjóðlífsins.

Þá er í þessu frv. ákvæði um að efla fjárþörf veðdeildar Búnaðarbankans allverulega frá því, sem nú er. Þó að við flm. þessa frv. viljum, að sem allra mest kjölfesta sé í landbúnaðinum og búsetu fólksins í sveitum, og stefna þessa frv. miði að því að stuðla að því, að svo verði, þá eru það aðeins eðlilegir viðskiptahættir, að jarðeignir eða fasteignir í sveitum gangi kaupum og sölum við og við, einkum þegar eldri kynslóðin hverfur frá atvinnurekstri fyrir aldurs sakir eða verður af öðrum ástæðum að hverfa frá störfum og hinir yngri eiga að taka við. Veðdeild landbúnaðarins á að gegna því hlutverki að veita lán til þess að greiða fyrir viðskiptum af þessu tagi, en um langt skeið hefur veðdeildina skort tilfinnanlega fjármagn til þess að geta gegnt þessu hlutverki, svo sem til er ætlazt og þörf krefur. Með þessu frv. er lagt til, að Seðlabankanum verði

gert skylt að lána veðdeildinni 50 millj. kr. til 20 ára með 5% vöxtum. Enn fremur er gert ráð fyrir, að veðdeildinni veitist heimild til að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa, er notuð verði til þess að greiða fyrir viðskiptum með fasteignir í sveitum landsins. Verði þetta samþykkt, verða tekjustofnar veðdeildarinnar þannig, að í fyrsta lagi heldur hún því, sem hún hefur nú samkv. heimildargrein í stofnlánadeildarlögunum, og eldri tekjustofnum, og til viðbótar fær hún þá fjárhagslegu aðstoð, sem við gerum ráð fyrir með þessu frv.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir því, að sett verði á fót nefnd, sem hafi með höndum byggingarrannsóknir. Þessa nefnd hefur skort mjög fé til þess að geta sinnt þessu starfi, og við gerum ráð fyrir í þessu frv., að ákveðið verði fast framlag í þessu skyni, eigi minna en 350 þús. kr. á ári. Hér er áreiðanlega um mjög gagnlega starfsemi að ræða, sem á, þegar fram í sækir, að geta leitt af sér sparnað og hagkvæmni við byggingu húsa, einkum útihúsa í sveitum, en það er einn þáttur þessara mála, sem vissulega er þörf að gefa gaum, bæði vegna bændanna sjálfra, sem í framkvæmdunum standa, og vegna þeirrar lánsstofnunar, sem veitir fé til stuðnings þessari uppbyggingu. Ég vil enn fremur taka það fram, að við flm. þessa frv. teljum, að fleiri breytingar þurfi að gera á l. um stofnlánadeild, landnám, ræktun og byggingar í sveitum heldur en fram koma í þessu frv., sérstaklega sé brýn þörf á að breyta ákvæðunum um stuðning við ræktun á jörðum, sem hafa minna en 10 hektara tún, og færa það mark upp sem verulegu nemur. En með tilliti til þess, að sérstakt frv. liggur fyrir þessu þingi um þann þátt mála, vildum við ekki blanda því inn í þetta frv., en munum taka afstöðu til þeirra atriða, þegar það frv., sem flutt hefur verið og um þetta fjallar, kemur til kasta þessarar hv. deildar.

Ég vil að lokum segja, að okkur er það vitanlega ljóst, að með flutningi þessa frv., þótt að lögum yrði, leysist ekki allur sá vandi, sem að bændastéttinni steðjar um þessar mundir. En það er skoðun okkar, að með samþykkt þessa frv. yrði lánamálum bændanna komið í betra horf en þau eru nú, og við væntum þess, að þetta mál verði skoðað allt saman með fullri sanngirni og alvöru, þannig að hlutur bændanna geti orðið sem allra beztur.

Ég legg svo til, að þegar þessari umr. lýkur, verði málinu vísað til landbn.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég vil taka undir lokaorð hv. 1. flm. þessa frv., að þess ber vissulega að vænta, að þau mál, sem hér eru til umr. og vakið er máls á í þessu frv., verði rædd af fullkominni alvöru og með það í huga, að þau komi landbúnaðinum og bændastétt landsins að sem mestu gagni. Hitt er svo aftur annað mál, hvort það frv., sem hér liggur fyrir, ber þau einkenni, að menn hafi lagt sérstaka áherzlu á að líta á málið með sama raunsæi og ábyrgðartilfinningu og þessi hv. 1. flm. taldi höfuðnauðsyn. Áður en ég hafði séð þessu frv. útbýtt í þessari hv. d., sá ég stóra fyrirsögn í aðalmálgagni Framsfl., þar sem boðað var frv., sem mundi, að því er manni skildist, marka mikil tímamót í lánamálum landbúnaðarins, og áður en lestrinum var lengra komið, taldi ég sennilegt, að þarna væri um að ræða einhverjar nýjar hugmyndir og því væri fýsilegt að kynna sér, hvað þarna væri á ferðinni. Reyndin er hins vegar sú, eins og hv. þm. sjá, að í þessu frv. er ekkert nýtt, ekki nokkur till. Það eru allt endurteknar till., sem fluttar voru við afgreiðslu l. um stofnlánadeild landbúnaðarins hér á síðasta þingi. En það út af fyrir sig þarf ekki að sanna neitt um það, að till. geti ekki haft nokkuð til síns máls. En það er a. m. k. ljóst af þessu, að hér er ekki um neinar nýjungar að ræða, þannig að hv. flm. virðast eftir þessa löngu íhugun hafa komizt að raun um, að ekki væri hægt að leysa þessi mál með öðrum raunhæfari hætti en þeim, sem þessar eldri till. þeirra báru með sér.

Því miður verð ég að segja það, að eins og hv. 1. flm. málsins túlkaði sitt mál og gerði grein fyrir þessu frv., þá sýnist mér í raun og veru, að með frv. þessu sé verið að grafa undan stofnlánadeild landbúnaðarins, því að það er gert ráð fyrir því í senn að taka af deildinni mikilsverða tekjustofna og að nota þær tekjur, sem hér er lagt til að varið verði til deildarinnar, á þann hátt, sem hv. flm. gerði grein fyrir, að þær mundu ekki á neinn hátt eða a. m. k. að mjög litlu leyti koma stofnlánadeildinni að haldi, því að hann gerði ráð fyrir því, að þótt hér væri lagt til að stórauka framlag ríkissjóðs og fella um leið niður þá gjaldstofna til stofnlánadeildarinnar, sem lögfestir eru í lögum um stofnlánadeild landbúnaðarins, þá yrði þetta fé að verulegu leyti notað til þess að greiða vaxtahalla hjá stofnlánadeildinni, þannig að með þessu móti væri sáralítið fé fengið til þess að byggja stofnlánadeildina upp, heldur ætti að byggja hana upp á þann veg einan, að það ætti að nota til þess lánsfé, og eyddi hv. þm. allmiklum tíma í að útskýra, hve geysileg sparifjármyndun væri í bönkum og það væri þar af leiðandi af nógu fé að taka til þess að leysa vandamál stofnlánadeildarinnar að þessu leyti.

Nú kann þetta allt að vera góðra gjalda vert. En manni verður að spyrja: Er hægt að ábyrgjast, að Framsfl. verði ekki í stjórn næstu áratugi? Það vill svo til, og byggi ég það á þessum ummælum hv. þm. sjálfra, að þeir telja, að nú hafi skapazt á þessum voðalegu viðreisnartímum alveg sérstakur grundvöllur undir það að fá bæði stórhækkuð framlög úr ríkissjóði og stórhækkuð lán til allra framkvæmda, vegna þess að allir sjóðir séu að springa af fé. Þessa stefnu telja þeir ákaflega ógiftusamlega fyrir þjóðina og það þurfi að hverfa að þeim gamla tíma, þegar hvergi var til peningur. Og hvernig á þá að leysa vandamál stofnlánadeildarinnar, nema svo heppilega vilji til fyrir þjóðina, að þeir komist ekki í stjórn? Það kann vel að vera, að það verði séð um það. En þetta er þó engan veginn alveg öruggt, en á því byggist í rauninni hugsun sú, sem liggur að baki kenningu hv. flm. þessa frv.

Það hefur áður verið á það bent oft og mörgum sinnum, hvað það hafi verið mikið óhapp, að það hafi þurft að taka erlend lán til stofnlána í landbúnaði og það sé í rauninni ógerlegt að

byggja upp stofnlán í landbúnaði með erlendum lánum, því að það er ekki hægt að endurlána til almennra framkvæmda bænda erlent lánsfé. Meðan hv. framsóknarmenn réðu hér allmiklu, varð að leysa vegna lánsfjárskorts innanlands vandamál stofnlánadeildarinnar með erlendu lánsfé. Við sjáum alveg augljóslega, að ef þeirri stefnu yrði fylgt, sem hér er lagt til að marka, að leysa vandamál stofnlánadeildarinnar alltaf með lánsfé, þá byggist það algerlega á því, hvernig lánsfjármarkaðurinn er hverju sinni. Ef innlent lánsfé þrýtur, þá verður að grípa aftur til erlendra lána. Og hvar er þá stofnlánadeildin stödd?

Hv. flm. sagði, að öll ógæfa og allur vandi stofnlánadeildarinnar stafaði af hinum erlendu lánum. En það er auðvitað ekki rétt, að allur vandinn stafi af þeim, en það er að mjög miklu leyti, sem vandinn stafar af þeim. Hann sneri að vísu málinu þannig, að þessi vandi væri fyrir hendi vegna þess, að gengisbreyting hefði orðið. Hver getur ábyrgzt, að það verði ekki aftur gengisbreyting? Mér er ekki kunnugt um annað en það standi ómótmælt, að hv. framsóknarmenn hafi í tíð vinstri stjórnarinnar talið heppilegast að framkvæma gengisbreytingu. Það var þá framkvæmd, eins og hv. frsm. sagði, dulbúin gengisbreyting, sem er nú sannarlega ekki betri en opinber gengisbreyting, heldur aðeins verið að villa fyrir fólki um staðreyndir. Slíkt getur auðvitað hent aftur, og er auðvitað engum stjórnmálaflokki eða ríkisstj. um að kenna, heldur er það þróun fjármálalífsins á hverjum tíma, sem veldur því, hvort óumflýjanlegt er að grípa til gengisbreytingar eða ekki. Við skulum vona, að til þess þurfi ekki að koma, en það er að sjálfsögðu engin vissa. Og ef svo færi og væri á ný tekið að leysa þetta með erlendum lánum, þá sjáum við, hvílíkt kviksyndi væri út í stefnt. Þessa stefnu verð ég mjög að harma, og ég álít, að hún leiði ekki til neinnar hagsældar fyrir íslenzka bændastétt og horfi alls ekki til þess, sem ég vil taka undir með hv. 1. flm. að er hin mesta nauðsyn, að efla sem mest uppbyggingu í íslenzkum landbúnaði. Þetta er áreiðanlega ekki leiðin til þess, og þetta er ekki leiðin til þess að horfa með raunsæi á hlutina. Hitt er svo aftur annað mál, að það er auðvitað aldrei vinsælt að leggja á skatt, og hv. framsóknarmenn hafa komizt að raun um það, að það mundi vera mjög heppilegt og hyggilegt að snúast öndverðir gegn þeirri lausn, sem fundin var á uppbyggingu stofnlánadeildarinnar, og vera á móti því, að bændur borguðu framlag til hennar, og jafnframt á móti því, að neytendur borguðu sitt framlag til hennar, þetta skyldi heldur allt takast á þann einfalda hátt að láta ríkissjóðinn, eins og hér er lagt til, leggja fram 30 millj. kr. á ári. Þetta er ákaflega einföld lausn, ef er horft á það eitt út af fyrir sig. Og ég er ekkert fjarri því, að miðað við fjármálastjórn hæstv. núv. fjmrh., munaði hann kannske ekkert óskaplega mikið um 30 millj. á ári, muni kannske ekki meira um það en á sínum tíma var a. m. k. látið sig muna um, meðan 4 millj. kr. framlagið var, sem aldrei fékkst hækkað, þó að það væri sýnilegt, að það nægði engan veginn til þess að standa undir vaxtahalla á ræktunarsjóði og byggingarsjóði, meðan hv. framsóknarmenn fóru bæði með landbúnaðarmál og fjármál, af hvaða ástæðu sem það hefur verið. En þeir aðilar, sem þá réðu, hafa vafalaust haft sín rök fyrir því.

En það eru líka fleiri hliðar á þessu máli, og ég verð mjög að harma það, að jafnmætir menn og hér eiga hlut að máli skuli ekki hafa tekið höndum saman við þá, sem stóðu að þessari löggjöf, um að byggja upp stofnlánasjóðina eins og þar er lagt til, því að ég lýsi því sem minni bjargföstu skoðun, að hér hafi verið mjög skynsamlega að farið og hyggilega og það muni eiga eftir að verða til mikillar giftu fyrir íslenzka bændastétt, þegar árin líða og þegar þessi stofnlánadeild er orðin voldugur stofnsjóður, sem er þess umkominn, eins og vissulega er þörf, að stórauka lánveitingar í íslenzkum landbúnaði. Þetta hika ég ekki við að segja, þótt hitt kunni vafalaust hjá ýmsum að vera vinsælla, að menn vilji ekki skattleggja bændur, þótt að vísu sömu aðilar geti skattlagt bændur til að byggja hótel í Reykjavík, en það er önnur saga.

En með þeirri leið, sem nú er farin, að það sé í senn framlag frá bændum, framlag frá neytendum og framlag frá öllum almenningi í gegnum fjárlög, þá er hér farin hyggileg leið og sú eina leið, sem hægt var að fara, án þess að hún drægi annan dilk á eftir sér, því að það er það, sem þessum hv. þm. láist oft að líta á, að það eru til fleiri stofnsjóðir og það eru til fleiri atvinnugreinar í þessu landi en landbúnaður, sem líka telja sig eiga sinn rétt. Og ég geri ráð fyrir, að það yrði ekkert einfalt mál að flytja till. um það, að án allra mótframlaga legði ríkissjóður fram 30 millj. á ári í stofnframlag til stofnlánadeildar landbúnaðarins. Hvað um aðra sjóði? Iðnlánasjóður fær 2 millj. á ári. Hér er frv., sem var nýlega útbýtt hér á hinu háa Alþingi um nýja löggjöf um iðnlánasjóð, þar sem ekki er lögð til nein hækkun á því gjaldi. Fiskveiðasjóður fær 2 millj. á ári frá ríkissjóði, og að öðru leyti eru allar hans tekjur greiddar af sjómönnum og útvegsmönnum. Og ef við lítum með alvöru á þessi mál, þá sjáum við í hendi okkar, að möguleikinn til þess að fá stórhækkað framlag ríkissjóðs, eins og reyndin var, þegar l. um stofnlánadeildina voru sett, byggðist ekki sízt á því, að það var hægt að benda hér á, að aðrir aðilar legðu fram á móti. Það voru auðvitað mjög sterk rök í málinu. Og með þessu móti er tryggt stóraukið framlag ríkissjóðs, sem fer vaxandi ár frá ári með aukinni framleiðslu landbúnaðarvara, og jafnframt tekjustofnar bæði frá bændum og neytendum, sem einnig hljóta að fara hækkandi með aukinni sölu, framleiðslu og hærra verði varanna, þannig að með þessu móti er stofnlánadeildin byggð upp á þann hátt, að það er ekki ástæða til að halda annað en hún geti eflzt á þann veg, sem bent hefur verið á í sambandi við þetta mál, þegar það var hér til meðferðar.

Tvö önnur atriði þessa frv., önnur en að fella niður framlagið til stofnlánadeildarinnar og að festa framlag ríkissjóðs, eins og hér er gert ráð fyrir, eru þau, sem áður hafa að vísu margoft verið rædd og komið fram till. um, bæði í sambandi við frv. um stofnlánadeild og í ýmsu öðru sambandi varðandi vextina, að ríkisábyrgðasjóð-

ur eða ríkissjóður taki á sig gengishalla af hinum erlendu lánum, og hins vegar, að vextir af þessum lánum verði lækkaðir. Það þarf ekki að eyða mörgum orðum að fyrra atriðinu, varðandi yfirtöku þessara lána. Vissulega er það hárrétt, að það hefði verið stórkostlega mikið atriði fyrir ræktunar- og byggingarsjóð, ef það hefði verið létt af þeim þessum gengishalla. En ég verð hins vegar ákveðið að segja það, að ég álít, að það hefði að því leyti verið til tjóns, að það eru litlar líkur til, að það hefði þá verið gerð jafnviðtæk breyting og endurskipulagning á allri lánastarfsemi landbúnaðarins og gerð var. En á hitt er svo einnig að líta, að hv. framsóknarmenn gerðu 1958 engar ráðstafanir til að létta þessum vanda af, sem varð til með yfirfærslugjaldinu. Í annan stað er mér ekki kunnugt um, að þeir hafi flutt nokkra till. í sambandi við l. um efnahagsmál um, að þessum gjöldum væri þá létt af sjóðunum. Það skiptir ekki meginmáli, heldur er það kjarni málsins, að hér er um að ræða skuldir, sem eru allt annars eðlis en þær, sem létt var af í sambandi við gengistap bankanna. Þá var eingöngu um að ræða viðskiptaskuldir bankanna, það sem var í gangi þá hjá gjaldeyrisbönkunum á hinum almenna viðskiptareikningi þeirra og hjá Seðlabankanum. Niðurstaðan í því uppgjöri öllu var sú, að viðskiptabankarnir báðir urðu að skila allverulegum gengishagnaði, en á Seðlabankanum varð gengishalli mikill, og þessi gengishalli stafaði eingöngu af því hjá Seðlabankanum, að hann hafði tekið bráðabirgðalán, hvar sem hægt var höndum undir að koma, til þess að geta flutt nauðsynjar til landsins, og það var í sambandi við þessar skuldir einar, sem í rauninni voru engar venjulegar skuldir, heldur aðeins bráðabirgðayfirdrættir, sem þessi jöfnuður gengishalla og hagnaðar fór fram. En mér er ekki kunnugt um, að það hafi verið nokkur föst lán hjá nokkrum aðilum, sem hafi komið þarna undir. Þetta held ég, eftir því sem ég bezt veit, að sé alveg rétt. Það kann vel að vera, að það hafi mátt hugsa sér að láta þetta á einhvern hátt ná til annarra lána, en mér er ekki kunnugt um, að á því hafi sérstaklega verið imprað þá, og þetta er alveg í samræmi við það, sem gert hefur verið áður, þegar gengisbreytingar hafa orðið. Það er ekki látið ná til annarra en þessara gangandi viðskiptaskulda bankanna, sem hafa þannig verið jafnaðar í gegnum þennan reikning.

Ég held því, þegar þetta er efnislega skoðað niður í kjölinn og menn vilja viðurkenna staðreyndir málsins, þá sé ekki beinlínis hægt að segja, að það hafi verið neitt eðlilegt við það að taka þennan gengismun, og raunverulega ekki aðeins, að það hafi ekki verið eðlilegt, heldur að það hefði hlotið að draga á eftir sér fleiri dilka, því að það eru fleiri aðilar, sem hafa tekið erlend lán og hlutu þá einnig að hafa komið þarna undir, ef hefði átt að fara út á þessa braut, og er þá kannske vandséð, hver hefði að lokum átt að bera allan þann halla.

Þá kem ég loksins að vöxtunum. Hv. flm. sló dálitið úr og í með vextina: annars vegar væri þetta mál, sem væri bændanna mál, og hins vegar kannske væri það ekki síður mál, sem snerti allan almenning í landinu. Auðvitað snertir vaxtapólitík yfirleitt allan almenning í landinu, og því lægri vextir sem eru, þá má segja, að það sé á margan hátt þægilegra um allar framkvæmdir og það gæti þá komið til lækkunar á verði vara, alveg nákvæmlega eins og það, að afnám tolla verkar auðvitað í sömu átt. Hv. framsóknarmenn hafa nú mjög tekið upp þá stefnu hér í þinginu að flytja í senn till. um lækkun vaxta og jafnframt afnám tolla til þess að lækka vöruverð. Mér hefði þótt ákaflega fróðlegt og lærdómsríkt, ef þannig hefði staðið á, að þessar till. yrðu fluttar einhvern tíma seinna, og ef svo kynni einhvern tíma að fara, sem vonandi verður ekki í náinni framtíð, að hv. formaður Framsfl. yrði fjmrh., að heyra rökstuðning hans og svör við slíkum kenningum og hversu skynsamlegar þær þjóðhagslega væru. Það liggur auðvitað í augum uppi, að þessi mál er ekki hægt að taka svona einfaldlega og líta á þetta frá þeim bæjardyrum einum, að það sé vinsælt að lækka tolla á vissum vörum og það sé vinsælt að lækka vexti. Þetta er auðvitað meginþáttur efnahagspólitíkur á hverjum tíma. Og það vill svo til, að vaxtamálin í dag, — ég ætla ekki að fara út í þá sálma almennt, en vextirnir í dag eru einn meginþátturinn í sambandi við það fjármálakerfi og þær fjármálaráðstafanir, sem við nú búum við. Og það er alveg ljóst, enda veit ég, að það er ákaflega vel ljóst jafnglöggum manni og hv. frsm. þessa máls, að það er auðvitað engin leið að lækka stofnlánavexti í landbúnaði, eins og hér er gert ráð fyrir, á annan hátt en lækka þá líka stofnlánavexti í öðrum atvinnugreinum, það gefur auga leið. Það er ekki hægt að taka þetta mál út af fyrir sig. Hann vitnaði hér áðan í grein, sem var mjög skynsamlega rituð af Arnóri Sigurjónssyni, og það vildi svo til, að í þeirri grein sagði hann, ef ég tók rétt eftir, að það væri tvennt, sem hefði þurft að gera til þess að leggja grundvöll að starfsemi búnaðarsjóðanna: það var annars vegar að létta af gengishallanum og hins vegar að hækka útlánsvexti. Þetta er mjög skynsamlega athugað af þeim glögga manni, að það er auðvitað engin leið til þess, á meðan lánamarkaður er þannig, að það þarf að taka lánsfé fyrir þessa sjóði eða fyrir stofnlánadeildina með miklu hærri vöxtum, jafnvel ef þessir vextir yrðu lögfestir með tvöfalt hærri vöxtum en stofnlánadeildin lánar út fé, þá gefur auga leið, að það er um að ræða slíkan vaxtamismun, að það mundi væntanlega éta upp að verulegu leyti, eins og hv. frsm. sagði, það framlag, sem frá ríkissjóði er ætlað til deildarinnar, þannig að við héldum þá áfram á þeirri braut, sem átti líka sinn þátt í að grafa undan sjóðunum, að lána út fé með stórfelldum vaxtahalla. Hitt er svo aftur hárrétt hjá hv. frsm., að það auðvitað þarf að hafa vexti stofnlána í landbúnaði svo lága sem mögulega er auðið á hverjum tíma. En það, sem leggur grundvöll að því, að hægt sé að lækka slíka vexti, er fyrst og fremst, að stofnlánadeildin eigi nægilegt eigið fé, til þess að hún sé ekki algerlega háð lánsfjármörkuðum. Og það er ekki hvað sízt þetta, sem bent var á í sambandi við myndun stofnlánadeildarinnar og fjárhagsgrundvöll hennar, að með þeim till. væri gert ráð fyrir því að afla mikils eigin fjár til stofn-

lánadeildarinnar og þá væri verið að leggja traustan grundvöll að því, að það væri hægt að lækka vexti verulega án þess um leið að tefla fjárhagsafkomu deildarinnar í voða.

Þegar þessi þrjú meginatriði þessa frv. eru athuguð, í fyrsta lagi að afnema hina föstu tekjustofna að undanskildu framlagi ríkissjóðs, sem fyrst og fremst mundi þurfa að fara til þess að greiða vaxtahalla, í öðru lagi að létta af gengishallanum, sem ég út af fyrir sig væri ákaflega ásáttur með, ef að því fengist málefnalegur grundvöllur, og í þriðja lagi að lögfesta, svo sem hér er gert, þá vexti, sem hér er um að ræða, þá fæ ég ekki séð, að sé verið að vinna í þá átt, sem hv. flm. taldi að nú væri brýnast. Og ég sé ekki, að það sé grundvöllur undir því að auglýsa mál sem þetta fyrir bændum sem einhver sérstök bjargráð til lausnar þeirra fjárhagslegu vandamálum. Það er vissulega margt ógert í sambandi við lánamál landbúnaðarins, stofnlánamál hans. Það þarf að auka enn verulega lánin til stofnframkvæmda, þannig að ekki þurfi að myndast miklar lausaskuldir hjá bændum vegna framkvæmda. Af hálfu hæstv. núv. ríkisstj. og hæstv. landbrh. var höfð forganga um það að breyta lausaskuldum bænda í föst lán, og það eru 65 millj. kr., sem þannig hefur verið breytt í gegnum veðdeild Búnaðarbankans í 20 ára lán. Þetta var mjög merkileg ráðstöfun, en kemur vitanlega ekki að gagni fyrir framtíðina, nema jafnframt séu aukin útlán stofnlánadeildar og hækkuð lánin, til þess að koma í veg fyrir, að óeðlilegar lausaskuldir myndist. Og það er þess vegna vissulega þörf á því, að allir, sem eru bændastéttinni velviljaðir, reyni af einlægni að kryfja til mergjar, hvernig þetta verður bezt gert. Ég held, að það verði ekki gert heppilega með því að reyna að skapa úlfúð til þeirra ráðstafana, sem nú hafa verið gerðar til þess að leggja grundvöll að stofnlánasjóði landbúnaðarins. Ég held, að það leiði ekki til farsældar fyrir bændastéttina og uppbyggingu sveitanna að reyna að hafa slíkt mál sérstaklega að kosninga- og áróðursmáli. Hitt er annað mál, að í hópi hv. framsóknarmanna, þegar flokksblærinn er burt tekinn, eru margir hinna ágætustu manna, sem eru margir velviljaðir landbúnaði og uppbyggingu hans, og það væri áreiðanlega hægt að hafa samstarf um marga hluti, ef menn geta horft á þau án þess að líta fyrst í gegnum pólitísk flokksgleraugu. Það væri vissulega til mikilla hagsbóta fyrir landbúnaðinn og alla uppbyggingu í sveitum landsins.

Þetta vildi ég sagt hafa varðandi stofnlánadeildina og það, sem hér er um hana sagt.

En varðandi svo aftur síðasta lið þessa frv., veðdeildina, þá vildi ég fyrst benda hv. flm. á, að það er auðvitað ekki eðlilegt og í rauninni ekki hægt að setja ákvæði um veðdeild bankans inn í lögin um stofnlánadeild, vegna þess að stofnlánadeildin og veðdeildin eru aðskildar deildir og um veðdeildina eru ákvæði í lögum bankans. Þetta er auðvitað fyrst og fremst formsatriði, sem skiptir kannske ekki meginmáli og væri hægt að laga í meðferð máls. En það væri óeðlilegt að hafa bein ákvæði um veðdeildina í lögum um stofnlánadeild.

Það er auðvitað mjög góðra gjalda vert, og það er alveg rétt hjá hv. frsm., að vandamál veðdeildarinnar eru mjög alvarlegs eðlis, og það ber brýna nauðsyn til þess að auka fjárráð hennar. Í sambandi við stofnlánadeildarlögin var gert ráð fyrir því, að stofnlánadeildinni yrði heimilað að kaupa allt að 10 millj. kr. á ári í veðdeildarbréfum, þegar henni yxi fiskur um hrygg. Það verður væntanlega erfitt á þessu ári, því að þetta er fyrsta árið, sem skilar þeim tekjum, sem stofnlánadeildin á að fá, en ætti í framtíðinni að vera auðið að koma því við. Hitt er mér kunnugt um, að það er í senn að sjálfsögðu mikið áhugamál bankans og áhugamál hæstv. landbrh. að reyna að efla veðdeildina með einhverjum ráðum, og ég er ákaflega hræddur um það, þótt það sé góðra gjalda vert, eins og ég sagði, að fá aðstoð til þess að koma því máli fram með einhverjum skynsamlegum ráðum, þá sé þetta engin lausn í því máli, sem hér er bent á, einfaldlega vegna þess, að það hefur verið í lögum síðan 1954, að Landsbanki Íslands ætti að kaupa árlega rúmlega 1 millj., — það var nú ekki meira en það, — 1 millj. í bréfum veðdeildarinnar, sem notað yrði svo sérstaklega til að lána til jarðakaupa. Úr þessu hefur ekkert orðið, þó að þessi lagaheimild væri til staðar. Og það hefur aldrei fengizt neitt samkomulag við Landsbankann um, að þetta fé yrði látið, og ég er ákaflega dauftrúaður á það og tel enda, að bankalega séð sé ekki heppilegt að fara að lögfesta, að einhverjum banka skuli skylt að lána til ákveðinna hluta, það hljóti að verða samningsmál milli viðkomandi ríkisstj. hverju sinni við höfuðbanka landsins, eins og hér er gert ráð fyrir, hvað hann treysti sér til að lána í þessu efni eða öðru. Það vita allir hv. þm., að ríkisstj. þarf á hverjum tíma að leita til Seðlabankans með fjölda mála. Og ég held, að það mundi sannarlega ekki greiða neitt fyrir málefnum veðdeildarinnar eða leysa neitt öngþveiti, þó að sú leið yrði farin að ætla að festa í lögum skyldu Seðlabanka Íslands til að veita lán, eins og hér er gert. Ég hef ekki trú á því.

Það, sem er höfuðnauðsyn fyrir veðdeildina, er að fá fastan tekjustofn á einhvern hátt árlega, ekki svo háa fjárhæð sem hér er gert ráð fyrir í einu, enda mun það sennilega ekki vera tilgangur flm., heldur væri það mikil nauðsyn, að hún gæti fengið jafnvel þótt ekki væri meira en 10 millj. kr. á ári, og væri það mikil stoð, því að það er mjög tilfinnanlegt og það finnur enginn betur en þeir, sem eiga að standa andspænis þeim beiðnum bænda, að hafa ekki fé til þess að lána bændum, sem eru að kaupa sér jarðir. Að vísu er það í mörgum tilfellum orðið svo, að það hvíla svo há lán á jörðum, að eignayfirfærsla á þeim yrði ekki mjög erfið, og jafnvel ekki auðið að veita veðdeildarlán út á það til viðbótar. En hins vegar er auðvitað fjöldi jarða, sem lítið hvílir á, og það er mikil nauðsyn, að viðkomandi aðili geti fengið lán til að borga útborgun í þeim jörðum. Ég skal því mjög taka undir með hv. frsm. um nauðsyn þess, að það verði úrræði fundin til að leysa þetta mál. En miðað við reynsluna af því að lögfesta skyldu til að kaupa 1 millj. kr. á ári, hef ég ekki ákaflega mikla trú á, að það verði betri niðurstaða úr því að ætla

að fara að fyrirskipa Seðlabankanum að lána í þessu sambandi 50 millj. kr. og jafnframt að ákveða, með hvaða vöxtum hann skuli lána sitt fé í einu tilteknu tilviki. Það held ég, að sé ekki mjög heppilegt og ekki líklegt til að þjóna þeim tilgangi, sem ég veit að hv. flm. hafa í huga.

Varðandi svo síðasta atriðið í þessu frv., um sérstakan fjárstyrk, sem segir í 6. gr., þá er ég hv. flm. algerlega sammála um, að það er mikil nauðsyn að sinna því efni, og það er mjög slæmt, að það skuli ekki hafa fengizt fjárveiting í þessu skyni. Það er ekki nýtt mál, það er búið að þrefa árum saman um fjárveitingu til þessarar sérstöku nefndar til að leiðbeina bændum um gerð bygginga, og það væri vissulega æskilegt, að það gæti orðið samkomulag um, að fjárveiting fengist í þetta sérstaka viðfangsefni, svo sem gert er ráð fyrir í lögum.

Herra forseti. Ég skal ekki eyða að sinni fleiri orðum um þetta mál, en taldi rétt, að þessi atriði kæmu hér fram við 1. umr. málsins.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Þegar ég í fyrri ræðu minni ræddi um þá grein frv., sem fjallar um vextina, gerði ég að umtalsefni annars vegar þá hliðina, sem snýr að bændastéttinni, og hins vegar þau áhrif, sem vaxtapólitíkin hefur. þ. e. a. s. stofnlánavextir landbúnaðarins hafa á verðlagsþróunina í landinu. Þetta kallaði hv. 6. þm. Norðurl. e. að slá úr og í. Ég vík að þessu nú í upphafi þessarar ræðu, því að mér finnst ræða hans, hv. 6. þm. Norðurl. e., vera mótuð þessum einkennum að slá úr og í. Það er sumt gott af þessu, en þetta er bara ekki hægt. Og það er ekki eðlilegt form á því að setja ákvæði um veðdeildina inn í lög um stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, segir hv. þm. En ég vil nú minna á, að við flm. þessa frv. höfum fordæmi fyrir því að breyta mörgum lögum með einni löggjöf, — eða hvað er að segja um sjálft testamenti ríkisstj., viðreisnarlöggjöfina? Er ekki hún byggð þannig upp, að þar er breytt mörgum lögum, vaxtaákvæðum í búnaðarbankalögum og fjöldamörgum ákvæðum á víð og dreif í íslenzkri löggjöf, svo að það má segja, að hv. 6. þm. Norðurl. e. komist seint að raun um það, að þetta form á lagasetningu sé ekki heppilegt. Ég skal ekki fara lengra út í þetta, en snúa mér að einstökum efnisatriðum þessa máls.

Það kemur fram nú eins og á fyrri þingum í umr. um þessi mál, að það er sagt af hálfu stuðningsmanna ríkisstj., að Framsfl. hafi ekkert gert fyrir stofnlánasjóði landbúnaðarins, meðan hann var í stjórn. Ég hef satt að segja enga ánægju af að vera að rekja þessa sögu, því að hún hefur verið rakin hér áður. En svona ummælum er þó ekki hægt að taka án þess að gera við þau aths., og hið sanna er, að þessir stofnlánasjóðir landbúnaðarins eru í öndverðu stofnaðir fyrir baráttu Framsfl. gegn andmælum íhaldsmannanna, sem voru fyrirrennarar Sjálfstfl., sem nú er, á stjórnmálasviðinu. Og Framsfl. hefur alla tíð borið hag þessara sjóða mjög fyrir brjósti. Hann hefur árum saman haft yfirstjórn þeirra, bæði í sambandi við landbúnaðarmálin og fjármálin, og hefur ávallt haft fullan hug á að sjá fjárhag þeirra borgið. Það hefur verið birt opinberlega, hvað þessir sjóðir hafa lánað frá fyrstu tíð. Ég ætla ekki í þessari ræðu að fara að rekja það með dæmum og samanburði um einstök stjórnartímabil, en ef hv. 6. þm. Norðurl. e. langar að leiða umr. út á þann grundvöll, þá verður tækifæri til þess síðar.

Það liggur einnig fyrir, svo að langt mál sé gert stutt, að í árslok 1957 var hagur stofnlánasjóða landbúnaðarins með blóma. Þeir áttu þá höfuðstól, sem nam á 2. hundrað millj. kr. samtals, eins og ég sýndi fram á með tilvitnun í opinberar tölur í fyrri ræðu minni. Á árinu 1958 var að sönnu lögfest yfirfærslugjald, sem hafði áhrif á stöðu þessara sjóða, þegar frá leið, en þetta var ekki lögfest fyrr en í maí, að mig minnir, vorið 1958, og kom ekki til framkvæmda gagnvart stofnlánasjóðunum fyrr en frá leið, þannig að þegar vinstri stjórnin fór frá völdum hinn 4. des. 1958, var áhrifa af þessari ráðstöfun mjög lítið farið að gæta á stöðu sjóðanna, og þá munu ekki hafa verið komnar til útborgunar af þessum sökum nema tæpar 2 millj. kr. af sjóðanna hendi. Þegar vinstri stjórnin sagði af sér 4. des. 1958, hlaut hún vitanlega að draga við sig að koma með tillögur um úrræði í þessu efni, því að þá færðist öll starfsemi stjórnmálanna inn á nýtt svið að því leyti, að það var ný valdasamsteypa, sem kom til, og kjördæmamálið var sett í fyrirrúm og stjórnmálaþróunin og stjórnmálabaráttan á næstu mánuðum snerist um það, þannig að minni tími en ella gafst þá til athugunar á ýmsum fjárhagsvandamálum þjóðfélagsins, bæði þessu og öðrum.

Þegar kosningarnar voru svo um garð gengnar haustið 1959, er núv. ríkisstj. mynduð, skömmu eftir að kosningunum er lokið, og fyrsta daginn, sem hún sýnir sig hér á hv. Alþingi, birtir hún þá yfirlýsingu í stjórnarboðskap sínum, að eitt af þeim viðfangsefnum, sem hún taki að sér að leysa, sé að koma stofnlánasjóðum landbúnaðarins á réttan kjöl eða rétta halla þeirra. Þar með var þá þegar komin yfirlýsing um það frá ríkisstj., að hún hefði tekið að sér þetta verkefni, og þá var það vitanlega Framsfl. að bíða eftir því, hver úrræði kæmu frá hendi ríkisstj. Þau úrræði komu svo fram með frv., sem lögfest var í fyrra um stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Áður en ég vík nánar að því, vil ég sérstaklega minnast þeirra orða hv. síðasta ræðumanns, hv. 6. þm. Norðurl. e., að möguleikarnir til að fá hækkað framlag ríkissjóðs í fyrra, byggðust á því, að lagt var fé á móti. Ég leyfi mér að spyrja: Hver ræður þessu? Er það ekki löggjafarvaldið? Og hver var hemillinn á það, að ekki var hægt að þoka málinu í betra horf en gert var í fyrra? Var það viljaleysi Sjálfstfl. eða annarra stjórnarliða, eða hvað annað var hér í vegi? Ég veit ekki betur en það sé algerlega á valdi Alþingis, hvernig um hnúta er búið að þessu leyti. Og þegar á að meta það, hvað er hægt að setja í lög og hvað ekki, þá verður vitanlega að skoða það í ljósi þess hugarfars og þess vilja, sem til staðar er hjá þeim, sem meirihlutavaldið hefur hér á hv. Alþ. hverju sinni.

En þá vil ég þessu næst víkja nánar að þeirri

leið, sem farin var með lagasetningunni í fyrra. Frv. þá fylgdu töflur og útreikningar, sem eiga að sýna efnahagsafkomu, rekstrarafkomu og uppbyggingu stofnlánadeildarinnar um 14 ára skeið, frá 1962 til 1975. Ef við lítum nú á þessar töflur og gerum okkur grein fyrir, hvaðan þetta fé á að koma, sem til stofnlánadeildarinnar á að renna þennan tíma, þá lítur þetta þannig út, — ég ætla að taka hér árið 1975, því að þá á þróunin að vera búin að ná hámarki og löggjöfin að sýna, hvað hún hefur að bjóða bændunum til handa: Þá eiga samkv. þessum reikningum heildartekjur stofnlánadeildarinnar á því ári að nema 94 millj. 531 þús. kr., og þessar tekjur fást þannig, að 59 millj. 194 þús. kr. greiða bændurnir sjálfir í vöxtum inn í stofnlánadeildina, framlag bændanna og mótframlag ríkissjóðs er í einum lið 23 millj. 496 þús. kr., og af þessu greiða bændurnir einnig helminginn, þannig að bændurnir eiga sjálfir að greiða yfir 70 millj. af þeim 94, sem stofnlánadeildin á að fá í tekjur á árinu 1975. Við skulum taka annað dæmi: Allar tekjur stofnlánadeildarinnar á tímabilinu 1962—1975 eiga samkv. þessum útreikningum að nema 953 millj. kr. Og þessar tekjur á að draga saman á þennan hátt samkv. löggjöfinni: Stofnfé í eitt skipti fyrir öll samkv. 3. gr. l. samtals 60.5 millj. kr. Framlag ríkissjóðs á móti 1% frá bændum samtals á tímabilinu 132.7 millj. kr. Árlegt framlag ríkissjóðs á tímabilinu 4 millj. á ári í 14 ár, 56 millj. kr. Neytendagjaldið á tímabilinu 85.5 millj. kr. Þessir tekjustofnar skila inn í stofnlánadeildina samtals á tímabilinu 335 millj. kr. Hitt eiga bændur að greiða sjálfir í vöxtum, viðreisnarvöxtunum, og með 1% gjaldinu, og það er á tímabilinu 618 millj. kr., eða m. ö. o.: bændurnir eiga sjálfir að greiða inn í sinn stofnlánasjóð á 14 ára tímabili allt að því ⅔ hluta alls fjárins, sem stofnlánadeildin á að fá. Þetta kalla svo sjálfstæðismenn, að verið sé að byggja upp lánasjóði landbúnaðarins.

Sannleikurinn er sá, að í þessu felst hinn mikli stefnumunur. Meðan Framsfl. stjórnaði þessum málum, voru lánasjóðir landbúnaðarins byggðir upp vegna landbúnaðarins fyrst og fremst. En nú á landbúnaðurinn að fara að byggja upp lánasjóðina með fé, sem dregið er úr höndum bændanna sjálfra, og öll uppbyggingin er miðuð við það, að viðreisnarvextirnir haldist allt tímabilið til 1975, og vaxtaliðurinn, eins og ég greindi áðan, er langsamlega hæsti tekjuliður stofnlánadeildarinnar, einkum þegar frá líður, en sá vaxtaliður er miðaður við, að viðreisnarvextirnir haldist til 1975. Þetta er hornsteinn byggingarinnar, sem reist var í fyrra að þessu leyti, og sá hornsteinn er þess eðlis, að það þarf ekki að efnagreina hann nánar en ég hef þegar gert. En ef vöxtunum verður breytt til lækkunar og hornsteinninn springur, þá riðlast öll byggingin, skekkist eða riðar til falls. Þetta er nú smíðin, sem gengið var frá á síðasta þingi. Þetta eru tölur teknar beint upp úr þeim skýrslum, sem lagðar eru til grundvallar fyrir lagasetningunni, og fram hjá þessu verður ekki komizt.

Ég held, að það séu ekki fleiri atriði að svo stöddu, sem ég tel ástæðu til að bæta við þetta mál, en mun þó notfæra mér ræðumannsrétt minn og gera aths. síðar, ef mér þykir þörf á.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég hef ekki hugsað mér að gera lánamál landbúnaðarins að sérstöku umræðuefni hér, enda hefur hv. 6. þm. Norðurl. e., sem meiri þekkingu hefur til að bera á þeirri hlið málanna heldur en ég, þegar gert því skil. En þar sem þetta frv. er að mínu áliti aðeins einn angi af mjög víðtækri tillögugerð hv. framsóknarmanna um lánamál í heild, þá tel ég fullt tilefni gefið til þess, m. a. í framsöguræðu hv. 1. flm., sem ræddi nokkuð vaxtapólitíkina almennt, að örfáar ábendingar séu gerðar í þessu efni.

Bæði á þessu þingi og á undanförnum þingum *hefur rignt yfir margvíslegum till. frá hv. fram*sóknarmönnum um það að útvega aukið fjármagn til alls konar framkvæmda og með mun hagstæðari kjörum en hægt er að fá með núverandi vaxtafæti. Ég ætla ekki að lesa hér upp neinn lista yfir þetta og hef ekki tekið hann saman, en ég hygg, að það verði auðvelt að gera þann lista alllangan, ef blaðað er, þótt ekki sé nema í þingskjölum þessa þings, hvað þá undanfarinna þinga. Það hafa auk þess frv., sem hér liggur fyrir um meiri fjárframlög til stofnlána landbúnaðarins og með hagstæðari kjörum en nú er, verið bornar fram þáltill. og frv. um aukin framlög til raforkuframkvæmda, vegaframkvæmda, til húsnæðismála, jafnvel til rekstrarlána til handa einstökum atvinnugreinum, og þannig mætti lengi telja. Ef aðeins væri um að ræða nokkra tugi milljóna, t. d. til aukinna stofnlána landbúnaðarins eða raforkuframkvæmda eða hvað það nú væri, þá mætti segja, að þetta væri auðvelt að leysa á þann hátt, að lánastofnunum yrði gert skylt að leggja fram fé til þessara framkvæmda og draga saman útlán sín til annars. Hitt er öllum ljóst, og ég veit, að hv. framsóknarmönnum er það ekki síður en öðrum, að ef á í einu að auka framlög til allrar hugsanlegrar fjárfestingar í landinu og rekstrarlána líka, þá verður það ekki gert, nema aflað sé aukins fjármagns í heild. Ég veit, að hv. flm. þessa frv. er það líka ljóst, að samþykktir, sem gerðar eru á Alþingi um það, að veita skuli svo og svo mikil lán til ákveðinna framkvæmda og með ákveðnum vaxtakjörum, skapa ekkert fjármagn, því að Alþingi getur aðeins á óbeinan hátt haft áhrif á fjármagnsmyndunina í landinu í heild. Hvað hún er mikil, er hins vegar komið undir þeim ákvörðunum, sem almenningur tekur um skiptingu teknanna milli þess, sem notað er til neyzlu, og þess, sem lagt er fyrir. Það ætti því að vera ljóst, að lánsfjárvandamálið í heild verður ekki leyst nema með aukinni fjármagnsmyndun í landinu. Í því efni eru vissulega til tveir möguleikar. Það væri hægt að taka erlend lán, og það væri hægt að gera ráðstafanir til þess að auka sparifjármyndun í landinu. Hvað fyrri leiðina snertir, hygg ég, að ekki sé ágreiningur um það á hv. Alþingi, að þeir möguleikar, sem þar eru fyrir hendi, eru mjög takmarkaðir. Það var einmitt hv. formaður Framsfl., sem við fjárlagaumr. á síðasta þingi benti réttilega á

það, að hvað sem líði þýðingu erlendra lántaka í fjárfestingunni hér innanlands, þá hefði hún aldrei numið nema litlu broti af þeirri fjárfestingu, sem átt hefði sér stað og það jafnvel ekki á þeim tíma, þegar lántökur voru einna mestar. Enginn ágreiningur mun heldur vera um það, að skuldasöfnun Íslendinga erlendis er þegar meiri en góðu hófi gegnir, og sízt hafa hv. stjórnarandstæðingar viljað í seinni tíð gera minna úr því en efni stóðu til. Vandamálið liggur því í þessu, hvaða möguleikar eru á því að útvega aukið fjármagn og fyrst og fremst á aukinni fjármagnsmyndun innanlands, til þess að hægt sé að leggja meira í fjárfestingu, hvort sem er í landbúnaði eða á öllum þeim öðrum sviðum, þar sem hv. framsóknarmenn hafa borið till. fram um aukin fjárframlög. Það þýðir ekki í þessu efni að setja lög um það, að Seðlabankanum sé ætlað að leggja fram þetta fé, því að í Seðlabankanum myndast ekki fjármagn nema að mjög takmörkuðu leyti. Hins vegar geta stjórnarvöld auðvitað falið Seðlabankanum að ráðstafa fjármagni til ákveðinna hluta, en þá verður auðvitað um leið að sjá Seðlabankanum á einn eða annan hátt fyrir því fé, sem þarna er um að ræða.

Ef litið er hins vegar á hag hinna mörgu, sem í sjálfu sér vantar lánsfé sem heild, þá er það sýnt, að hann verður ekki bættur með því einu að setja lög um það, að fé skuli útvega með svo og svo lágum vöxtum. Við höfum ótal dæmi um það, að slík löggjöf hefur verið sett, en árangurinn af henni hefur orðið lítill. Ég held, að ég hafi einhvern tíma fyrr í umr. um þessi mál nefnt það sem dæmi, að fyrir allmörgum árum, — ég held, að það hafi verið á árum hinnar ágætu nýsköpunarstjórnar, — voru sett ákvæði um það í lög, að leggja skyldi fram fé til nýbýla á óræktuðu landi. Af því fé átti ekki að greiða neina vexti, en borga lánið upp með jöfnum afborgunum á 50 árum. Þetta voru glæsileg lánskjör. En ég fékk fyrir ekki alllöngu upplýsingar um það í Búnaðarbankanum, að á öllu því árabili, sem síðan er liðið, hefur aðeins verið hægt að útvega fé að upphæð 82 þús. kr. með þessum kjörum, og sýnt er, að jafnvel þótt miðað væri við það verðlag, sem var í stríðslok, þá hafa varla mörg nýbýli verið byggð fyrir þessa fjárhæð, þannig að þeir, sem áhuga hafa haft á stofnun þessara nýbýla, hafa því miður verið litlu bættari, þótt lög væru sett um þessi glæsilegu lánskjör.

En þá kem ég að því, sem var aðalástæðan til þess, að ég stóð hér upp. Spurningin er þessi. Hvaða till. hafa hv. framsóknarmenn að gera til þess að greiða fyrir aukinni fjármagnsmyndun hér í landinu? Nú er það ekki svo, að það hafa verið bornar fram till. í þessu efni, en því miður er það svo, að þessar till. eru yfirleitt algerlega neikvæðar. Þó er skylt að geta þess, að frá því er ein undantekning. Á fyrstu þingum þessa kjörtímabils var borin fram þáltill. af nokkrum hv. framsóknarmönnum, og held ég, að það sé rétt með farið hjá mér, að hv. 3. þm. Norðurl. v., sem sæti á í þessari hv. d., var 1. flm. hennar. Þessi till. fjallaði um athugun á því að taka upp víðtækari verðtryggingu sparifjár en nú er. Þó að framkvæmdaörðugleikar á slíku séu miklir, er hér vissulega um jákvæða till. að ræða. En þessari till. hefur ákaflega lítið verið hampað í seinni tíð, og mér vitanlega hefur hún ekki séð dagsins ljós á tveim síðustu þingum. En það eru aðrar till., sem hafa verið bornar fram í þessu efni af hv. framsóknarmönnum, og þeim hefur meira verið slegið upp. Frv. um það liggur fyrir hv. Nd. nú að lækka alla innlánsvexti mjög verulega frá því, sem nú er. Ef um almenna vexti er að ræða, mun lækkunin nema um 25%, og hvað veltiinnlán snertir, þá mundi sú lækkun innlánsvaxta, sem hv. framsóknarmenn leggja til, nema um 50%. Hvaða áhrif hefur þetta á fjármagnsmyndun í landinu? Ég held, að um það geti ekki verið nokkur ágreiningur, að þetta hlýtur að draga úr fjármagnsmynduninni, bæði beinlínis vegna þess, að vaxtatekjur eru öðrum tekjum fremur sparaðar, og auk þess er það sýnt, að þeim mun lægri laun sem sparifjáreigendur fá fyrir að leggja fé sitt fyrir, þeim mun minni sparnað inna þeir af hendi.

Þegar litið er því á till. Framsfl. í lánamálunum almennt, er auðsýnt, að ef þær eru betur skoðaðar, þá eru þær ekki spor í þá átt að auka lánsfjárframboðið og ráða bót á lánsfjárskortinum, þó að svo kunni að virðast við mjög yfirborðslega athugun. Þær eru spor í alveg gagnstæða átt. Jafnframt því, að krafizt er stórkostlega aukinna fjárframlaga til nærri hvers sem vera skal, eru bornar fram till., sem alveg ótvírætt hljóta að minnka fjármagnsmyndunina í landinu, þannig að ef þessar till. væru samþykktar, mundi það breikka bilið milli þeirra krafna og óska, sem nú eru um aukin lán og fjárframlög, annars vegar og möguleikanna á því að koma til móts við óskir þessar og kröfur hins vegar.

Ég tel rétt, að þetta komi fram. Að öðru leyti er fundartími nær því búinn, og ég mun ekki lengja mál mitt fram yfir það, sem þegar er orðið. En það er aðeins eitt atriði í framsöguræðu hv. 1. flm., sem ég vildi leyfa mér að gera aths. við, en það var, þegar hann talaði um það sem sérstaka dýrtíðarráðstöfun, að ríkissjóður stæði straum af mismuninum á almennum útlánsvöxtum og vöxtum af stofnlánum til landbúnaðarins. Hann benti á það, sem rétt er út af fyrir sig, að vextirnir eru auðvitað liður í kostnaðargrundvelli landbúnaðarins, og það er hugsanlegt og líklegt, að um einhverja smávægilega lækkun á landbúnaðarafurðaverðinu væri að ræða, ef þessi kostnaðarliður væri lækkaður. En það ber bara að hafa hugfast, að málið hefur tvær hliðar. Til þess að ríkissjóður geti greitt þetta, verður að afla honum fjár með einhverju móti, og það er erfitt að gera það, án þess að það hafi þá áhrif á dýrtíðina til aukningar á móti. Hér er aðeins um niðurgreiðslur að ræða, og þess vænti ég, að hv. þm. sé mér sammála um það, sem virtist vera hans skoðun, er hann talaði áðan, að niðurgreiðslurnar væru þegar orðnar meiri en góðu hófi gegndi og vafasamt, að það sé lausn á efnahagsmálum okkar að auka þær meira. En slíkt mundi í rauninni vera gert með því að fara inn á þessa braut.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, því að fundartími er að verða liðinn.

Ég vil fyrst taka það fram, að það var misskilningur hjá hv. frsm., að ég hefði sagt, að Framsfl. hefði ekkert gert fyrir stofnlánasjóði landbúnaðarins. Ég minntist ekki einu orði á það. Ég var aðeins að ræða um, hvaða óhöpp hefði leitt af gengishallamálinu og þeim erlendu lánum, sem tekin voru. Ég vék ekki einu orði að því, að Framsfl. hefði ekkert gert fyrir þessa sjóði, enda er það vitanlega ekki rétt, því að hann hefur átt hlut að því ásamt öðrum, að það væri varið til þeirra allmiklu fé á undanförnum árum. Hitt var svo nokkru hæpnara hjá hv. þm., að hann sagði, að Framsfl. hefði lagt grundvöllinn að allri þessari starfsemi. Það er að visu rétt í upphafi, en þá fyrst fór að muna nokkuð verulega um starfsemi þessara sjóða, þegar löggjöfin um það var endurskoðuð í tíð nýsköpunarstjórnarinnar.

Þá vil ég aðeins benda á það, án þess að fara út í þá hluti nánar, að ef það hefði verið ætlunin 1958 að létta af þeim bagga, sem þá þegar var kominn á stofnlánasjóðina, var ákaflega handhægt að gera það í sambandi við fjárlfrv. og hefði að sjálfsögðu verið eðlilegast, ef það hefði verið hugsunin. Þegar það var samið, mun ekki hafa verið reiknað með því, að vinstri stjórnin væri að fara frá völdum.

Það, sem ég þó sérstaklega vildi minnast á hér, var í sambandi við vextina. Ég veit, að hv. flm. sér sjálfur, hversu fráleitir þeir reikningar eru, þegar hann er að tala um framlög bænda til stofnlánadeildarinnar, að reikna þá með framlögum bænda vextina af lánunum. Það liggur auðvitað í augum uppi, að sá, sem fær lán, hlýtur alltaf að borga vexti. En að vera að tala um það sem sérstakt framlag bænda í þessu sambandi, það er auðvitað algerlega óeðlilegt.

Ég vildi sérstaklega láta það koma fram hér í sambandi við vextina, sem ég gleymdi áðan í ræðu minni, að þótt vextirnir hafi hækkað á þessu tímabili, eins og við vitum, þá er ekki þar með sagt, að af því hafi leitt stórauknar álögur á bændur. Það kemur ljósast fram í því, þegar athugaður er verðlagsgrundvöllur landbúnaðarvara. Og ég tel rétt að láta það koma hér fram við þessar umr., sem raunar mörgum hv. þm. mun vera kunnugt, að 1958 eru vextir í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara reiknaðir 8188 kr. En nú, haustið 1962, eru hinir greiddu vextir bóndans áætlaðir 24792 kr., og mér skilst, að þá hafi verið tekin til greina að fullu sú krafa, sem af hálfu bænda var haldið fram í þessu efni. Af þessu verður ljóst, að það er að sjálfsögðu mjög verulegur hluti af þessum vöxtum og hlutfallslega miklu meiri hluti en áður var, sem kemur fram í landbúnaðarverði, sem sýnir, að bændur hafa fengið upp borna hina háu vexti.

Ég vil að lokum segja, að þegar hv. 5. þm. Austf. var að tala um þá bágbornu smíð ríkisstj., að hún mundi hrynja, ef vextir lækkuðu, þá fer því vissulega fjarri, en vaxtatekjur mundu minnka. Ef litið er á viðbrögð framsóknarmanna til þessarar lélegu smíðar, þá sé ég ekki betur en verið sé að grafa gersamlega undan löggjöfinni um stofnlánadeildina. Það er það, sem ég harma, — ég efast ekki um góðan vilja ýmissa framsóknarmanna, en frv. stefnir í þá átt.

Umr. frestað.

Á 40. fundi í Ed., 12. febr., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Ed., s. d., var fram haldið 1. umr. um frv.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Hv. 11. þm. Reykv. (ÓB) ræddi hér í gær um þetta mál og m. a. um vaxtakjör stofnlánadeildar landbúnaðarins. Mér skildist á ræðu hv. þm., að honum þættu vextir stofnlánadeildarinnar sízt of háir. Hv. 11. þm. Reykv. ræddi um þessa hluti aftur á bak og áfram. Og þar sem ég fékk aldrei úr því skorið, hvað hann teldi hagfræðilega rétt að vextirnir væru, þá vildi ég mega varpa fram þeirri spurningu til hans, hvar hann telur, að vaxtamörkin eigi að vera, og hvað hann telur, að atvinnuvegir þjóðarinnar þoli háa vaxtabyrði. Ég er þeirrar skoðunar, að sú vaxtabyrði, sem atvinnuvegirnir búa nú við, sé allt of mikil. Og þetta hefur m. a. núv. hæstv. ríkisstj. viðurkennt. Hún hefur viðurkennt það á tvennan hátt, að mér finnst: Í fyrsta lagi með því að lækka vextina frá því, sem þeir voru í febrúar 1960 til áramótanna 1960 og 1961. Það sýndi sig þá þegar, að þeir vextir og sú vaxtabyrði, sem hæstv. ríkisstj. ætlaði atvinnuvegunum að bera, ásamt hækkuðum vöxtum af öllum stofnlánum, var þeim um megn. Þess vegna neyddist hæstv. ríkisstj. til að lækka vexti af lánum í ársbyrjun 1961. Og í annan stað hefur hæstv. ríkisstj. gert annað, sem er viðurkenning á þessu ástandi varðandi vextina og atvinnuvegina. Hún hefur gagnvart báðum höfuðatvinnuvegum þjóðarinnar, sjávarútvegi og landbúnaði, gripið til sérstakra aðgerða til þess að festa lausaskuldir til margra ára, vegna þess að það sýndi sig, að sú vaxtabyrði, sem atvinnuvegirnir greiddu af þessum lausaskuldum, voru svo háir, að það var útilokað, að til lengdar gætu atvinnuvegirnir þolað þá byrði. Þess vegna voru þessi lausaskuldalán lengd hjá þeim aðilum, sem höfðu lánað þau, hvort heldur voru kaupfélög, bankar, sparisjóðir eða aðrir aðilar. Þessi lán voru fest til 20 ára á nokkru lægri vöxtum en almennir víxlavextir voru á þeim tíma og eru nú.

Þetta tvennt, lækkun vaxtanna frá og með ársbyrjun 1961 ásamt því að grípa til sérstakra ráðstafana gagnvart lausaskuldum, er viðurkenning hæstv. ríkisstj. á því, að atvinnuvegirnir þoldu ekki þessa vaxtabyrði. Og ég efast ekki um, að hv. 11. þm. Reykv., sem er hagfróður maður og réttlátur, ef pólitíkin blindar hann ekki um of, geti gefið þær skýringar á þessu, sem við getum sætt okkur við.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. (MJ) er ekki hér viðstaddur nú, en eigi að síður vil ég ræða nokkuð þau sjónarmið, sem komu fram hjá hv. þm. í ræðu hans hér í gær, ekki sízt vegna þess, að hv. þm. er bankastjóri þess banka landsins, sem hefur með að gera útlán úr stofnlánasjóðum

landbúnaðarins, sem frv. þetta fjallar um, sem hér er til umr., auk þess sem þessi bankastjóri á að gæta þess, að bændastétt landsins finni hag sínum borgið gagnvart Búnaðarbankanum fremur en hjá öðrum lánastofnunum í landinu. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé meiri skylda Búnaðarbanka Íslands að veita bændum landsins fyrirgreiðslu umfram það, sem stofnlánasjóðirnir veita, en öðrum bönkum landsins, því að bankinn er fyrst og fremst stofnaður með það fyrir augum, að hann geti greitt úr fjárhagsörðugleikum bændastéttarinnar, hvernig svo sem þau vandamál eru vaxin.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði og það með réttu, — þar viðurkenndi hann það, sem við framsóknarmenn héldum fram fyrir ári, — að stofnlánadeild landbúnaðarins væri ekki þess megnug að veita svo há lán út á framkvæmdir bænda, að þeir slyppu við lausaskuldasöfnun. Hann sagði, að því miður hefði stofnlánadeildin ekki orðið þess megnug. En hæstv. ríkisstj. og hv. þm., sem tilheyra henni, héldu því hiklaust fram í fyrra, að þegar búið væri að lögfesta stofnlánadeildina og hún væri tekin til starfa, þá væri um leið fyrirbyggð lausaskuldasöfnun hjá bændum landsins. En bankastjórinn, hv. 6. þm. Norðurl. e., sem mjög er kunnugur þessum málum, viðurkenndi í ræðu sinni í gær, að slíkt hefði ekki tekizt. Og þó er svo komið hjá bændastétt landsins, að fjárfesting, einkum í byggingum, hefur minnkað verulega frá því, sem hefur verið á undanförnum árum. Ráðstafanir hæstv. ríkisstj. og viðreisnin svonefnda hafa haft þau áhrif á uppbyggingu sveitanna almennt í landinu. Og ef maður lítur á nokkrar tölur, sem teknar eru úr upplýsingum frá Efnahagsstofnun ríkisins, þá kemur þetta m. a. mjög greinilega í ljós. Varðandi útihús í sveitum og allt samkv. verðlagi, sem gilti árið 1954, þá voru það ár byggð útihús í sveitum fyrir 50.6 millj. kr., árið 1955 fyrir 55.3 millj., 1956 fyrir 48 millj., 1957 fyrir 54 millj., 1958 fyrir 54.4 millj. og 1959 fyrir 53.2 millj. Svo koma þáttaskilin: 1960 er byggt fyrir 44.7 millj. og 1961 fyrir 41.1 millj. Þessar tölur tala sínu máli. Þær sýna þróun byggingarmála sveitanna hin síðari ár, og það eru 2 ár — takið eftir því — það eru 2 ár, sem skera sig mjög úr, árin 1960 og 1961, því að þá fer bygging útihúsa lækkandi úr 54.4 millj. kr. árið 1958 og niður í 41.1 millj. árið 1961, eða lækkunin er því sem næst 25%. Þarna hefur viðreisnin verið að verki og valdið því, að þær framfarir, sem átt hafa sér stað í sveitum landsins hin síðari ár, hafa gengið mjög til baka, síðan ráðstafanir núv. hæstv. ríkisstj. komu til framkvæmda.

Við getum litið á ýmsar aðrar hliðar þessa máls. Því hefur verið haldið fram og var haldið fram í umr. um stofnlánadeild landbúnaðarins í fyrra, að sú lánastofnun mundi einnig verulega bæta úr fyrir þeim, sem væru að hefja búskap í landinu, vegna þess að það ætti að veita fjölþættari lán úr þessum sjóðum eða stofnlánadeildinni en verið hafði áður hjá deildum Búnaðarbankans. En hefur tekizt með þessum ráðstöfunum og stofnun stofnlánadeildarinnar að glæða áhuga unga fólksins fyrir framkvæmdum og fyrir uppbyggingu í sveitum og fyrir því, að það vildi hefja búskap í sveitum? Ég held, að allar þær tölur, sem við höfum yfir slíkt, sýni hið gagnstæða. Og jafnvel þessi stofnlán eru svo óhagstæð, að unga fólkið hugsar sig áreiðanlega tvisvar um, áður en það hefur búskap, og það engu síður þótt það fái nú lán til 6 ára, sem nema 30% af kaupverði þeirra véla eða tækja, sem þarf að kaupa, þegar hefja skal búskap. En þetta er það eina, sem gert hefur verið af hálfu stofnlánadeildarinnar umfram það, sem áður þekktist hjá deildum Búnaðarbankans. Viðreisnin var fyrst og fremst fólgin í því að hækka verðlag mikið í landinu, og landbúnaðurinn hefur ekki síst farið varhluta af þeim verðhækkunum, þar sem öll tæki til landbúnaðarins hafa hækkað um rúmlega 100% og það þrátt fyrir loforð og fyrirheit frá 1958 frá hæstv. landbrh. um það, að hann skyldi sjá til þess, að þeir skattar, sem þá væru á tækjum landbúnaðarins, skyldu fljótlega afnumdir, eftir að Sjálfstfl. kæmist til valda.

Við skulum bregða upp ofur lítilli mynd af ungum hjónum, sem eru að hefja búskap. Þau eiga, eins og að líkum lætur, sjálf ákaflega litla fjármuni til að leggja fram við bústofnsmyndunina. Segjum, að þau kaupi þann bústofn, sem gert er ráð fyrir í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða og verðlagið er miðað við. Þá þarf að kaupa 10 nautgripi, sem mundu kosta ca. 60 þús. kr., og 140 ær, sem mundu kosta að haustlagi 84 þús. kr., og nýtízku dráttarvél með tækjum mundi vart kosta undir 156 þús. kr., þannig að þarna er fjárfesting strax í upphafi eingöngu varðandi bústofn og vélakaup upp á 300 þús. kr.

Hvernig bætir stofnlánadeild landbúnaðarins úr fyrir þessum hjónum? Jú, þau geta fengið út á vélarnar kannske 40 þús. kr. lán til 6 ára, og vextir af því láni mundu verða 2600 kr. Þá eru eftir 260 þús. kr., sem vart mundu fást með vöxtum undir sem næst 10%, eða eins og víxlavextir eru með stimpilgjaldi og öllum tilheyrandi kostnaði. Og vextir af þessum 260 þús. mundu verða 26 þús. kr. Þarna er þá strax komin vaxtagreiðsla upp á 28600 kr., eingöngu vegna bústofns- og vélakaupa. Eftir er þá jarðnæðið með tilheyrandi húsakynnum og öllu öðru, sem til búrekstrar þarf, og mundi vaxtagreiðsla, ef um kaup á jarðnæði væri að ræða, verða allmikil. En jafnvel þó að þessi ungu hjón væru svo heppin, að þau fengju jarðnæði með húsakynnum gefins eða leigt með mjög vægu verði, væru þau hreint ekki vel sett eftir sem áður. Það hefur verið um það rætt, að þetta væri nú ekki svo mikið, vegna þess að það væri gert ráð fyrir miklum vaxtagreiðslum í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins og neytendurnir, sem keyptu afurðirnar, mundu þar af leiðandi taka á sig verulegan hluta af vaxtagreiðslunum. En hvað er það há upphæð í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða, sem gert er ráð fyrir að fari til greiðslu vaxta af skuldum? Það eru 6200 kr. Aðrir vextir, sem reiknað er með í verðlagsgrundvellinum, eru vextir af eigin fé í búinu.

Þetta sýnir bezt, hvað það er mikil fjarstæða að halda því fram, að það sé með verðlagsgrundvellinum nokkur leið til að rétta þessu fólki þá hjálparhönd, sem verður að gera, ef landið á

að byggjast í framtíðinni. Það verður að grípa til annarra ráða, ef slíkt á að takast. Og ég held, að það verði seint, sem hægt verður að koma öllum vaxtagreiðslum og ekki sízt fyrir þá, sem eru að hefja búskap, inn í verðlagsgrundvallarverðið, vegna þess að það er svo mikið af skuldum enn þá í landbúnaðinum, sem er á lægri vöxtum en þeir vextir, sem gilda nú í dag. Það hefði kannske verið einhver möguleiki, ef vaxtafóturinn hefði ekki breytzt svo ýkja mikið frá því, sem var, þegar vextirnir voru lægri. En þróun þessara mála hefur verið sú hjá hæstv. ríkisstj., að allir vextir, bæði af stofnlánum og af almennum lánum, hafa stórhækkað og gert þar af leiðandi öllum, sem þurfa að fjárfesta, mjög þungt fyrir fæti, og á það ekki sízt við um einstaklinga.

Það er nú enginn hæstv. ráðherra hér inni, en eigi að síður vil ég minnast nokkuð á gerðir ríkisstj. í sambandi við þessi mál, vegna þess að hæstv. ríkisstj. hefur keppzt við og hennar fylgdarlið að hæla viðreisninni. Ég vil segja: Það þarf bæði kjark og þor til þess, ekki sízt þegar gömlu loforðin eru hugleidd, þau að afnema alla þá skatta, sem kallaðir voru framsóknarskattar, á vélum og tækjum til landbúnaðarins. En í staðinn fyrir að standa við þau gefnu fyrirheit hafa þessi tæki hækkað um 100% rúmlega í tíð núv. hæstv. ríkisstj. Þetta finnst mér sannast að segja vera mjög vítaverð framkoma. Síðan kemur hæstv. ríkisstj. ásamt sínu fríða föruneyti og lögfestir það að taka af bændum á árunum 1962—1975 hvorki meira né minna en 618 millj. kr., eða sem næst 1 kr. á móti hverri 1 kr., sem kemur annars staðar að, ekki frá ríkinu eingöngu, heldur einnig frá neytendum. Og þetta heitir að byggja sjóði landbúnaðarins upp af ríkisins hálfu. Slíkt hefur ekki þekkzt fyrr, enda sér það á, að bændur landsins eru mjög tvístigandi nú um það, hvort þeir eigi að halda áfram búskap eða ekki, og mundu margir hætta, ef þeir eygðu einhverja möguleika á því að sjá fram á, að þeir fengju eitthvað fyrir sínar eignir í sveitunum. En eins og kom fram berlega í gær í þessum umr. og ekki sízt hjá hv. 6. þm. Norðurl. e., bankastjóra Búnaðarbankans, þá er mjög illa fyrir þeim málum séð og hefur á engan hátt verið leiðrétt í tíð hæstv. núverandi ríkisstjórnar.

Það er enginn vafi á því, að þessi nýja stefna, sem tekin hefur verið upp í landbúnaðarmálum af hæstv. núv. ríkisstj., veldur bændum landsins þungum búsifjum, — mjög þungum. Og ég efast ekki um, að hæstv. ríkisstj. og hennar lið fær sinn dóm fyllilega frá bændum landsins í þessu máli á komandi vori, enda ekki seinna vænna að sýna, hvert stefnir í þessum málum. Það er útilokað mál með 6½% vöxtum að ætlast til þess, að lánsupphæðin ein fari í vaxtagreiðslur á 15 árum. Búskapurinn er ekki svo arðvænlegur, að hann geti risið undir slíku. Og það er líka útilokað að ætla landbúnaðinum að greiða enn þá hærri vexti af öllum þeim lausaskuldum, sem kunna að safnast vegna framkvæmdanna. Látum vera, þegar til slíkra ráða er gripið að safna í svona sjóði frá bændanna hálfu, eins og þessum 618 millj., ef bændurnir hefðu sjálfir haft einhverja íhlutun um ráðstöfun á þessu fjármagni, en það hafa þeir alls ekki. Þarna er bankastjórn, sem er óháð bændum og bændasjónarmiðum, sem ræður um útlánastarfsemi þess fjár, sem kemur frá bændunum sjálfum. Þessi stefna er algerlega gagnstæð því, sem ríkt hefur í þessum málum, vegna þess að það voru áður ríkið og almenningur í landinu, sem byggðu upp sjóði Búnaðarbankans og studdu að eflingu landbúnaðarins í landinu, en ekki eingöngu bændastéttin sjálf, eins og henni er nú ætlað, jafnframt því sem mjög er að henni þrengt á ýmsum öðrum sviðum, þar sem þátttaka hins opinbera hefur á margan hátt farið mjög rýrnandi í því, er styður að landbúnaðinum hin síðari ár.

Það, sem ég tel að mundi mjög bæta um fyrir bændastéttinni, er fyrst og fremst það að lækka vexti stofnlána og einnig lækka vexti af öðrum lánum, samhliða því sem lánstíminn yrði lengdur, og einnig, að létt yrði af 1% gjaldinu til stofnlánadeildarinnar. Þetta allt til samans mundi nema nokkrum tugum og hundruðum milljóna til bændastéttarinnar á komandi árum. Og verði þetta gert, efast ég ekki um, að það rofi eitthvað til hjá bændastéttinni á næstunni, samhliða því sem leiðrétt yrðu og færð í fyrra horf þau framlög, sem ríkið hefur greitt vegna umbóta í landinu samkv. jarðræktarlögum, og verðlag landbúnaðarafurða fengist leiðrétt frá því, sem nú er. En ef þessu heldur áfram, sem verið hefur nú hin síðustu ár, þá ber ég mikinn kvíðboga fyrir því, að allt of miklar eyður kunni að skapast í byggingu sveitanna, og öll uppbygging er það dýr og kostnaðarsöm, að ég veit ekki, hvort við mundum nokkurn tíma megnugir þess að rétta við eftir þá eyðileggingu, sem af því mundi hljótast. Af þeim sökum höfum við framsóknarmenn lagt þetta frv. hér fram, til þess að reyna að létta þær þungu byrðar á bændastéttinni, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur á þær lagt með viðreisninni og viðreisnarráðstöfununum á undanförnum árum.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég hef að því leyti ekki ástæðu til þess að lengja þessar umr. sem neinu nemur, að því hefur ekki verið haggað, sem var aðalatriðið í því, sem ég sagði hér við umr. í gær. Ég benti á það ósamræmi, sem kæmi fram hjá hv. framsóknarmönnum í því, að annars vegar bera þeir fram margvíslegar till. og kröfur um fjárframlög til allra mögulegra hluta, en hins vegar hafa þeir ekkert nema neikvætt til þeirra mála að leggja, hvernig eigi að auka það fjármagn, sem til ráðstöfunar er, til þess að koma á móts við óskirnar um lánakröfur, ef sleppt er, eins og ég tók líka fram í ræðu minni, athyglisverðri till., sem að vísu kom fram á fyrstu þingum þessa kjörtímabils, um verðtryggingu sparifjár. Ég benti á það, að ef fullnægja ætti þessum kröfum, sem engan veginn ber á móti að æskilegt sé, því að vissulega vantar fjármagn, bæði til landbúnaðar og annarra atvinnuvega og ýmiss konar verklegra framkvæmda annarra, þá yrði það ekki gert nema með aukinni fjármagnsmyndun í landinu, og væri það komið undir árangrinum í þá átt, hvað hægt væri að gera til

þess að bæta úr lánsfjárskortinum. En megintill., sem hv. framsóknarmenn hafa borið fram í því efni, hefur verið sú að lækka innlánsvexti, sem ótvírætt hlýtur að draga úr sparifjármyndun inni og þess vegna verða spor í gagnstæða átt við það, að hægt sé að auka fjárframlög til atvinnuveganna og verklegra framkvæmda.

Hv. 1. þm. Vesturl. (ÁB), sem talaði hér áðan, gerði enga aths. við þetta, en fór hins vegar, þegar hann vék að ræðu minni, út í nokkuð aðra sálma, sem ég skal þó viðurkenna að engan veginn eru óviðkomandi því máli, sem hér er til umr. Hann spurði mig um álit mitt á því, hvaða vexti íslenzkir atvinnuvegir gætu þolað, að mér skildist miðað við núv. ástand í efnahagsmálum þjóðarinnar. Þetta er stærri spurning en svo, að henni verði svarað í stuttu máli. En í þessu sambandi vil ég leyfa mér að vitna í blað hv. þm., Tímann, sem bæði að undanförnu og um langt skeið hefur gert vaxtamálin að sérstöku umræðuefni. Þar hefur verið á það bent, að það sé í rauninni rangt, þegar því sé haldið fram, að svo vel hafi verið gert til sparifjáreigenda að undanförnu, sem stjórnarblöðin að áliti þessa blaðs gera, vegna þess að þá sé ekki tekið tillit til þeirrar verðrýrnunar sparifjárins, sem orðið hefur að undanförnu. Það er sá sannleikskjarni í þessu, að spurningu hv. þm. verður ekki svarað nema með tilliti til þeirrar verðlagsþróunar, sem er á hverjum tíma. Þegar gera skal grein fyrir því, hver séu þau raunverulegu vaxtakjör, sem lántakendur og lánveitendur njóta á hverjum tíma, þá verður ekki hjá því komizt að taka tillit til þróunar verðlagsins. En þá er ekki hægt að gera það á þann hátt, sem þetta heiðraða blað gerir, að líta eingöngu á verðrýrnunina, þegar málin eru rædd frá sjónarmiði sparifjáreigenda. Auðvitað verður að gera það sama, þegar þetta er rætt frá sjónarmiði lántakenda, því að það, sem sparifjáreigendurnir tapa vegna verðrýrnunarinnar, hlýtur auðvitað að verða hagnaður þeirra, sem peningana taka að láni. Ef ég hef fengið lán til eins árs, jafnvel þó að það sé með 10% vöxtum, og verðlagið hækkar um 10% á þessu ári, sem ég hef peningana til umráða, þá þýðir það, að ég endurgreiði lánið í 10% verðminni peningum en þeir voru, þegar ég tók það, og það verður auðvitað minn hagnaður. Þetta ber auðvitað líka að hafa í huga, þegar lán eru tekin til atvinnuveganna. Það má segja, að það færi lántakanda að vísu ekki beinlínis pening í vasann, þó að skuld hans rýrni að verðmæti. En með flesta er það þannig, að þegar verðlagsþróunin almennt fer upp á við, þá hækka tekjur manna, bæði þeirra, sem taka kaup, afurðir bændanna hækka o. s. frv., svo að einnig á þann hátt kemur það fram, að skuldabyrðin verður léttari, þar sem um fastákveðnar krónuupphæðir er að ræða, þegar lán er borgað niður, fyrir þann, sem fær hækkaðar tekjur. Ef svara á því, hvaða vextir séu hæfilegir í þjóðfélaginu, þá hlýtur svarið auðvitað að verða komið undir því að verulegu leyti, hvort maður gengur út frá því, að verðlagið sé stöðugt, eða að það sé á stöðugri hreyfingu, annaðhvort upp á við eða niður á við.

Hv. þm. minntist á það, að ríkisstj. hefði viðurkennt, að þeir vextir, sem voru ákveðnir með efnahagsmálalöggjöfinni í febr. 1960, væru of háir, þar sem þeir hefðu verið lækkaðir síðar og auk þess hefðu verið gerðar sérstakar vaxtaráðstafanir gagnvart lausaskuldum bænda o. s. frv. Ég man nú ekki betur en það væri beinlínis tekið fram, að þeir háu vextir, sem ákveðnir voru í febrúar 1960, ættu aðeins að standa til bráðabirgða og þeir yrðu lækkaðir svo fljótt sem efnahagsástandið í þjóðfélaginu í heild leyfði slíkt. Það var líka tekið verulegt spor í þá átt ári síðar, og hefði tekizt að halda verðlagi stöðugu þann tíma, sem liðinn er frá því, að efnahagsmálaráðstafanirnar voru gerðar, þá tel ég mjög miklar líkur á því, að hægt hefði verið að lækka vextina meira. Hinu má ekki loka augunum fyrir, að í þjóðfélagi eins og okkar hlýtur vaxtafóturinn alltaf að verða tiltölulega hár. Það stafar bæði af þeirri miklu eftirspurn, sem er eftir lánsfé til alls konar framkvæmda, og svo því, að sparifjármyndun hefur verið minni en æskilegt er, og auðvitað á sú verðbólga, sem við höfum átt við að etja, sinn þátt í því. En hitt vil ég að lokum undirstrika sérstaklega, og það var aðalatriðið í því, sem ég sagði í fyrri ræðu minni, að það þýðir ekki með lögum eða á annan hátt að ætla sér að lækka vextina til hvers sem vera skal, nema möguleikar séu fyrir því að útvega fjármagn á þessum hagstæðu vöxtum, ef ekki er séð fyrir því, þá eru þeir, sem njóta eiga góðs af hinum lágu vöxtum, hvort sem það eru bændur eða aðrir, litlu bættari. Felst þó ekki í þessum orðum það, að ég telji það óverjandi, sem viðurkennt hefur verið af öllum að átt geti við, að lækka vexti til tiltekinna framkvæmda og í þágu tiltekinna atvinnuvega, enda er það, eins og kunnugt er, þannig, að enda þótt æskilegt kynni að vera að skapa skilyrði fyrir því, að vextir yrðu almennt lækkaðir, þá eru stofnlán og afurðalán til landbúnaðar á lægri vöxtum en hinir almennu vextir í þjóðfélaginu. Við því er í sjálfu sér ekkert að segja. En frá hagsmunasjónarmiði landbúnaðarins væri vitanlega æskilegt, að framleiðni hans gæti aukizt svo mikið, að hann yrði fyllilega samkeppnisfær við aðra atvinnuvegi og aðra, sem á lánum þurfa að halda, þannig að hann geti greitt þá vexti, sem almennir eru í þjóðfélaginu. Ef þessu skilyrði er ekki fullnægt, þá er mjög hætt við því, að erfitt verði að útvega nægilegt fjármagn til landbúnaðarins á hinum hagstæðu vaxtakjörum. Reynslan hefur og sýnt, og ekki sízt hér á landi, að viðleitni til þess að útvega fé með sérstaklega lágum vöxtum hefur strandað á því, að vegna hins mikla fjármagnsskorts í þjóðfélaginu almennt hefur ekki verið hægt að útvega fjármagnið með þessum kjörum.

Bjartmar Guðmundsson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að blanda mér í umr. um þetta frv., sem hér er til umr., um breyt. á l. um stofnlánasjóð landbúnaðarins, því að ég leit svo á, að það væri fyrst og fremst flutt, eins og mörg mál hér í hv. Alþingi, sem sýndarfrumvarp.

En það var ein setning eða tvær í ræðu hv. 1. þm. Vesturl. (ÁB), sem snertu mig á þann hátt, sem málflutningur yfirleitt snertir mig einna verst. Þar var sagt mjög villandi frá. Þingmað-

urinn sagði, að bændur væru látnir greiða til stofnlánadeildarinnar 2 kr. eftir lögum, á móti einni, sem ríkið legði fram. Því miður hafði ég ekki búið mig hér út með tölur, af því að ég ætlaði ekki að taka til máls í málinu, en ég held ég muni það rétt upp úr lögunum, að ríkið leggi fram 4.1 millj. í fyrsta lagi, í öðru lagi ca. 8 millj. á móti því, sem bændur leggja fram, og í þriðja lagi það, sem má í þessu tilfelli vel nefna ríkið, það er alþjóð, það sem neytendur greiða, ca. 5 millj., eða í kringum 17 millj. á móti 8 millj., sem bændur leggja fram. Auk þess held ég, að ég muni það rétt, að áfturkræft framlag hafi verið 60.5 millj., sem sumir vilja deila á 10 ár, og mundi þetta þá verða í kringum 27 millj., þegar vextir eru meðtaldir, á móti 8 millj., sem bændur leggja fram á ári.

Ég veit að vísu, hvað fyrir ræðumanni, hv. 1. þm. Vesturl., vakti, þegar hann sagði, að bændur legðu fram til stofnlánadeildarinnar 2 kr., þar sem ríkið legði eina. Hann reiknar með lánavöxtunum. En það er svo algerlega blekkjandi málflutningur, að ég get tæplega hlustað á það ómótmælt. Svona málflutningur tíðkast mjög í blöðum og á pólitískum fundum, en hann ætti sem mest að víkja, því að ég held, að þegar til lengdar lætur, geti enginn á því grætt. Það er auðvitað hægt að slá því upp í blaðagrein, að bændur leggi 2 kr. á móti hverri einni, sem ríkið leggur fram til búnaðarmálasjóðanna, og kannske trúa þessu einhverjir, þegar þeir sjá það í blaðagrein, en þetta er málsmeðferð, sem ég vil mótmæla.

En ég vil taka það fram, að ég efast ekki um einlægan vilja og góðan hjá þeim hv. þm. Framsfl., sem hafa talað fyrir þessu máli, að þeir vilji sveitunum vel. Það kannske þykjast einhverjir fleiri vilja það einnig. En þegar litið er á þetta búnaðarmálasjóðsmál í heild, þá held ég, að það fari ekki á milli mála, að þau lög, sem gerð voru í fyrra um stofnlánadeildina, hafa þó bjargað þessu máli það, að hægt hefur verið að lána út á þær framkvæmdir, sem unnar voru á síðasta ári, eins og lögin gera ráð fyrir. Hins er aftur ekki að vænta, að stofnlánadeildin sé þegar í stað búin að byggja sig svo upp, að hún geti sinnt öllum þeim hlutverkum, sem henni er ætlað að sinna. Og þegar maður er að hugsa um þetta og þá miklu gagnrýni, sem komið hefur fram við þessi lög, þá verður manni að velta því fyrir sér, hvernig stóð á því, þegar yfirfærslugjaldið var lagt á sællar minningar, að þá skyldi ekki vera neitt fé ætlað sérstaklega til stofnlánasjóða landbúnaðarins fram yfir það, sem áður hafði verið, en það hafði verið lengi 4 millj. Auðvitað er ástæðan fyrir þessu sú, að það er ekki hlaupið að því að grípa upp peninga í stórum stíl allt í einu, og þegar núv. ríkisstj. tók við 1959, þá lýsti hún því yfir, að hún mundi gera tilraun til að endurreisa stofnlánasjóðina. Það tók töluverðan tíma, þangað til þau lög, sem samþ. voru hér í fyrra, voru tilbúin og búið að fá niðurstöðu um það, hvernig fjár yrði aflað til þeirra. Það vita allir, sem við fjármál fást, og ekki síður hv. alþm. en aðrir, að það er ekki hægt að gera allt í einu og grípa fé til hvers sem er alveg upp úr götunni.

Ég hef svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta. Það var þetta eina atriði, sem ég vildi sérstaklega vekja athygli á, sem er svo villandi málflutningur, að ég skil ekki, að hann geti gert gagn nema um takmarkaðan tíma.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Hv. 10. landsk. þm. hefur rætt nokkuð þetta mál, og ég get þakkað honum fyrir það, að hann hefur í ræðu sinni upplýst mig um atriði, sem mér voru ekki áður kunn, að það hefði tekið hæstv. ríkisstj. tvö ár að sýna einhvern lit á því, að hún gæti staðið við gefin fyrirheit um að endurreisa stofnlánasjóðina, sem hún kallaði.

Annars hef ég aldrei skilið þetta málfar hjá hv. stjórnarsinnum, þegar þeir eru að tala um endurreisn. Þegar Framsfl. fer frá völdum, er skuldlaus eign stofnlánasjóða landbúnaðarins 100 millj. kr. En hvers vegna varð að endurreisa þessa sjóði, og hverjir voru við völd á því tímabili, sem sjóðþurrðin verður? Hverjir voru það, sem báru ábyrgðina á þeim málum? Hverjir voru það? Var það ekki Alþfl., og var það ekki Sjálfstfl.? Það er ekkert gert til að afla þessum sjóðum fjár, fyrr en leitað er í vasa bændanna sjálfra nú fyrir ári. Framsfl. er kennt um ástand sjóðanna, eins og það er í ársbyrjun 1962, en framsóknarmenn fóru frá völdum í árslok 1958. Þetta er blekking, og þetta er ekki betri blekking en hv. þm. vildi vera láta, að ég hefði hér viðhaft áðan. Annars gat hv. þm. aldrei sannað það, hvaðan peningarnir kæmu í stofnlánadeildina. Hann vissi ósköp vel, sem var, að 2 kr. af hverjum 3 koma úr vasa bændanna sjálfra, og það er ekki svo mikið, að það komi ein króna á móti þremur frá ríkinu, vegna þess að í þessari einu krónu er sá hlutinn, sem kemur frá neytendunum og leggst á verðlagið til þeirra, svo að mér finnst, að orðin um þessa miklu endurreisn, sem hv. þm. talaði um í þessu sambandi, hefði hann gjarnan mátt spara sér, því að það er engin endurreisn að hverfa frá því að sjá sjóðum Búnaðarbankans fyrir nægjanlegu fé og að ríkið greiði þann vaxtamismun, sem kann að skapast, eins og verið hefur föst regla frá stofnun sjóðanna allt þangað til hin nýja landbúnaðarstefna öðlaðist gildi fyrir þátttöku hv. 10. landsk. og annarra stjórnarsinna.

Ég held, að hv. þm. eigi ekki að vera að tala um blekkingar, því að það væri hægt að nefna dæmi hér, þar sem hv. 10. landsk. hefur blekkt íslenzka bændur ekki minna heldur en hann vildi vera láta, að ég hefði gert í minni ræðu, því að í minni ræðu stenzt það fullkomlega, að það koma 2 kr. í þessa sjóði á móti einni krónu annars staðar að. En hv. þm. gæti minnzt þess, að hann lofaði því í ræðu hér á hv. Alþingi að létta byrðar á bændum landsins, en guggnaði við að standa við það, þegar á átti að herða, svo að ég held, að hann megi gjarnan hugleiða þetta. (BGuðm: Dæmi?) Já, ég get nefnt dæmi. Það var þegar verið var að ræða um tollskrárbreytingu, að þá lofaði hv. þm. því við 1. umr. hér í þessari hv. d., að hann mundi styðja það, að landbúnaðinum yrðu léttar byrðar í sambandi við skatta og aðflutningsgjöld af vélum og tækj-

um, en þegar til atkvgr. kom, gat hv. þm. ekki staðið við sín orð.

Þá minntist hv. 11. þm. Reykv. (ÓB) hér á nokkur atriði, sem ég vil gjarnan minnast nokkuð á. Ég spurði hv. þm. einnar spurningar, hvað hann teldi, að atvinnuvegirnir í landinu þyldu háa vexti, vegna þess að ég var búinn að færa sönnur á það, að atvinnuvegirnir þola hvorki stofnlánavaxtagreiðslurnar né aðra vexti, sem þeir verða að greiða af sínum skuldum. Og þetta hefur m. a. verið viðurkennt af hæstv. ríkisstj. á tvennan hátt: í fyrsta lagi með vaxtalækkuninni í ársbyjun 1961 og í öðru lagi með því að setja sérstök lög um lausaskuldalán á lægri vöxtum en giltu af sjálfum lausaskuldunum. Þetta tel ég nægar sannanir fyrir því, að hæstv. ríkisstj. telur, að vextirnir séu of þung byrði á atvinnuvegunum.

Þá sagði hv. þm., að það væri ósköp þægilegt að bera fram frv. um afnám skatta og hækkun gjalda án þess að þurfa að gera nokkra grein fyrir tekjuöflun, sem ætti að mæta þeim útgjöldum, sem ríkissjóður yrði fyrir. Ég vil benda hv. þm. á það, að Framsfl. hefur tekizt að halda við hinni eðlilegu uppbyggingu í landbúnaðinum með því að afla almennra skatta í landinu til þeirra hluta, án þess að fara eingöngu í vasa bændanna sjálfra. Og ég get nefnt dæmi um þetta, að þegar lög um byggingar- og landnámssjóð eru sett 1929, þá er í fjárl. þess árs 2.4% af heildartekjum fjárl. varið til byggingar- og landnámssjóðs. En hvað voru þessi gjöld há á fjárl. ársins sem leið, 1962? Fjárl. voru hátt á annan milljarð, og gjöldin á fjárl. til stofnlánadeildar landbúnaðarins voru um það bil jafnhá af hverjum 1000 kr. fjárl. og þau voru af hverjum 100 kr. fjárl. 1929. Þetta er nú reisnin. Og mér finnst það koma úr hörðustu átt, þegar um það er talað, að þetta frv. sé sýndarmennska ein, þegar horft er fram á það, að unga fólkið í þessu landi og fjöldi annarra getur ekki þrátt fyrir góðan vilja hafið búskap og haldið byggðinni við.

Bjartmar Guðmundsson: Herra forseti. Klukkan er nú orðin fjögur, og ég skal því ekki lengja umr., en ég vildi aðeins segja það út af ræðu hv. 1. þm. Vesturl. (ÁB) áðan, að þar sem hann sagði, að ég hefði einhvern tíma lofað því að létta tollum af landbúnaðarvélum, þá er það svo fjarri sannleika, sem nokkuð getur verið. Ég talaði í því máli, þegar breyting á tollafrv. var gerð í fyrra, og það þá n., sem fengi frv. til umræðu og afgreiðslu, að taka það sérstaklega til athugunar, hvort ekki væri hægt að lækka tolla á landbúnaðarvélum. Þetta var það eina, sem ég sagði um það, og þetta er það eina loforð, sem ég hef gefið, og sjá allir, að mikil rangtúlkun er að kalla slíkt loforð og tala um svik af minni hálfu í því máli.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hv. 10. landsk. (BGuðm) er að rifja upp atburð, sem gerðist hér, þegar tollskránni var breytt, og vill mótmæla því, að það sé rétt hjá hv. 1. þm. Vesturl., að hann hafi ekki staðið við það, sem hann var búinn að segja í ræðu hér á Alþingi. Ég vil minna hv. þm. á, hvernig þetta gekk fyrir sig. Þegar frv. var komið fram, talaði hann fyrstur eftir frummælanda og lýsti því sem skoðun sinni, að það bæri nauðsyn til að lækka tolla og innflutningsgjöld á landbúnaðarvélum, og krafðist í þeirri ræðu sinni, að þetta yrði gert við afgreiðslu málsins. Við vorum alveg sömu skoðunar, framsóknarmenn, um þetta og hv. 10. landsk., og það var hv. 1. þm. Vesturl. og ég, sem fluttum um það brtt. við frv., að það skyldu felldir niður tollar af landbúnaðarvélum. Hvernig fór svo, þegar málið kom til atkvgr.? Þá stóð svo á, að það vantaði einn stjórnarliðann hér í hv. Ed. Hvernig fór svo um tillöguna okkar? Við reiknuðum auðvitað með því, að hv. þm. stæði við það, sem hann var nýbúinn að segja, en hann sat hjá við atkvgr. og sagðist ekki vilja notfæra sér það, að einn þm. væri veikur. M. ö. o.: hann vildi ekki samþykkja tillöguna.

Umr. frestað.

Á 44. fundi í Ed., 14. febr., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Á 72. og 73. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 74. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A 237, n. 510 og 626).

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Ég kem hér í ræðustól vegna fjarveru hv. 10. landsk. þm., en hann hafði tekið að sér að hafa framsögu fyrir meiri hl. landbn. í þessu máli.

Frv. það, er hér liggur fyrir og flutt er af hv. framsóknarmönnum í þessari d., er um það að gerbreyta l. um stofnlánadeild landbúnaðarins, l. frá 1962. Með þeim lögum var á raunhæfan hátt lagður grundvöllur að viðunandi lausn stofnlánaþarfar landbúnaðarins.

Landbn. hefur haft þetta mál til meðferðar, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Leggur minni hl. til, að frv. verði samþ. óbreytt. Meiri hl. lítur aftur á móti svo á, að með samþykkt frv. væri afkomu stofnlánadeildarinnar stefnt í hættu, og er því lagt til, að frv. verði afgreitt með rökst. dagskrá, sem prentuð er með nál. meiri hl. á þskj. 626, en hin rökst. dagskrá hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með lögum um stofnlánadeild landbúnaðarins frá 1962 er á raunhæfan hátt lagður grundvöllur að viðunandi lausn stofnlánaþarfar landbúnaðarins. Þar eð frv. teflir í hættu afkomu stofnlánadeildarinnar og í trausti þess, að ríkisstj. afli samkv. gildandi lántökuheimildum fjár til eflingar veðdeildar Búnaðarbankans, telur n. ekki rétt að samþykkja frv. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Frsm. minni hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls var frv. rætt allmikið og gerð grein fyrir þeim breytingum, sem það felur í sér frá gildandi lögum. Mál þetta hef-

ur einnig borið á góma í sambandi við annað frv., sem nýlega hefur verið afgreitt, og er þar af leiðandi minni ástæða til en ella væri að fjölyrða mjög um þetta mál nú við þessa umr. Ég vil þó gera örstutta grein fyrir afstöðu okkar, sem skipum minni hl. landbn., og nál., sem prentað er á þskj. 510.

Aðalefni þessa frv. er það, að afnuminn verði skattur sá, sem bændum er nú gert að greiða til stofnlánadeildar landbúnaðarins, og enn fremur gjald á söluvörum landbúnaðarins, en árlegt framlag ríkissjóðs til stofnlánadeildarinnar verði í þess stað hækkað í 30 millj. kr., að ríkissjóður taki á sig halla stofnlánasjóða landbúnaðarins vegna gengisfellinganna 1960 og 1961, enn fremur, að vextir af stofnlánum bænda verði lækkaðir og færðir í sama horf og var, áður en efnahagsmálalöggjöfin frá 1960 var sett. Þá leggjum við til, að fellt verði niður úr l., að gengisákvæði skuli vera á vissum lánum til landbúnaðarins, og einnig berum við fram í þessu frv. till. um, að veðdeild Búnaðarbankans verði efld. Loks er ákvæði um það í frv., að lögbundið verði fast, árlegt framlag til rannsókna og leiðbeininga um gerð húsa, en til þeirrar starfsemi hefur ekki verið veitt nægilegt fé að undanförnu að okkar dómi.

Hér er um mikið hagsmunamál bændastéttarinnar að ræða. Það er viðurkennt, að 1% gjald á landbúnaðarvörur, sem rennur til stofnlánadeildarinnar, er í reynd skerðing á tekjum bændanna sjálfra, þar sem ekki er heimilt samkv. gildandi lögum að færa það inn í verðlagið og taka það til greina sem sérstakan kostnað við búreksturinn, þegar verðlagið er ákveðið. Þetta gjald var lögleitt gegn mótmælum félagssamtaka bænda, og það mun vera álit a. m. k. mjög margra í bændastétt og að ég ætla alls þorra bænda, að það sé ekki réttmætt að krefjast þess, að bændur leggi fram þessa fjármuni til stofnlánadeildarinnar. Ríkisvaldið ákvað hinar miklu gengisfellingar, sem röskuðu fjárhagsgrundvelli stofnlánasjóða landbúnaðarins. Hvorki bændastéttin né stjórn Búnaðarbankans hafði neitt ákvörðunarvald í því efni. Er því réttmætt, að ríkissjóður standi straum af þeim útgjöldum stofnlánadeildar, sem af gengisfellingunum leiðir, enda þolir landbúnaðurinn illa, eins og hag hans er nú háttað, að taka á sig byrðar, sem af þessu leiðir, og hann þolir einnig illa að taka á sig gengishalla af lánum, þótt veitt séu til vélakaupa og vinnslustöðva.

Um vextina af stofnlánum bænda hefur verið allmikið rætt að undanförnu og skýr grein gerð fyrir því, hvaða áhrif þeir hafa á þá byrði árlegra afgjalda, sem bændur verða að bera af lánum úr stofnlánadeildinni, og enn fremur hefur verið sýnt fram á það, hvaða áhrif vextirnir hafa á verðlag landbúnaðarafurða og að þeir hafa allrík áhrif í fjárhagskerfinu til dýrtíðaraukningar. Það er því fullkomlega réttmætt og ástæða til að samþykkja það ákvæði þessa frv. að lækka vexti af lánum bændanna í það horf, sem þeir voru, áður en viðreisnarlöggjöfin var sett.

Þá er það kunnara en frá þurfi að segja, að veðdeild Búnaðarbankans hefur um alllangt skeið skort tilfinnanlega fjármagn til þess að sinna því mikilvæga hlutverki, sem henni er ætlað að gegna samkv. lögum. Þær till., sem hér eru bornar fram um veðdeild Búnaðarbankans, miða að því að bæta fjárhagsaðstöðu hennar verulega frá því, sem nú er.

En á samþykkt frv. og þau rök, sem að því hníga, að það verði lögfest, hefur meiri hl. landbn. ekki fallizt. Hann leggur til, meiri hl., eins og frsm. gerði grein fyrir, að afgreiða nú þetta frv. með rökst. dagskrá. Og rök meiri hl. eru þau, að með gildandi lögum um stofnlánadeild landbúnaðarins hafi verið lagður grundvöllur að viðunandi lausn stofnlánaþarfar landbúnaðarins. Þegar l. voru sett um þetta efni á síðasta þingi, var um það talað af hálfu þeirra, sem beittu sér fyrir þeirri löggjöf, að með henni væri tryggð fjárhagsafkoma stofnlánadeildarinnar. En nú er talið, að þetta sé aðeins viðunandi lausn. Reisnin á þeirri löggjöf, sem hér er lagt til að gera breytingar á, er nú ekki orðin meiri en þetta að dómi stjórnarflokkanna, enda er það svo, að samkv. þeim upplýsingum, sem koma fram í hinni nýju þjóðhags- og framkvæmdaáætlun, sem ríkisstj. hefur lagt fyrir Alþingi, fer því fjarri, að séð sé fyrir fjárþörf stofnlánadeildarinnar á fullnægjandi hátt með l., eins og þau voru úr garði gerð á síðasta þingi. Í þessari skýrslu er því lýst, hvernig hagur stofnlánadeildarinnar hafi verið á árinu 1962. Þar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Á árinu 1962 naut þeirra tekjustofna, sem í l. greinir, enn ekki við, þannig að útvega þurfti sjóðnum á því ári 49 millj. kr., til þess að hann gæti fullnægt lánsfjárþörfinni. Fyrir þessari fjáröflun var ekki hægt að sjá á árinu 1962, nema að því leyti, að 19 millj. kr. voru veittar til deildarinnar af PL-480 lánsfé ársins 1962. Þetta fé kom hins vegar ekki til útborgunar fyrr en eftir áramót, og veitti því Seðlabankinn stofnlánadeildinni jafnháa fjárhæð að láni til bráðabirgða, en það lán endurgreiðist af PL-480 láninu á árinu 1963. Þá veitti Seðlabankinn í viðbót við þetta 30 millj. kr. að láni til bráðabirgða, og þarf að afla fjár á árinu 1963 til þess að endurgreiða þetta lán."

Og um framtíðarhorfur stofnlánadeildarinnar segir enn fremur svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á árunum 1963 og 1964 verður fjárþörf stofnlánadeildarinnar talsvert minni en á árinu 1962 vegna þeirra nýju tekjustofna, sem nú eru að koma til sögunnar. Eigi að síður þarf að afla um 30 millj. kr., til þess að hægt sé að fullnægja árlegri lánsfjárþörf bænda, og auk þess 30 millj. kr. á árinu 1963, til þess að hægt sé að endurgreiða Seðlabankanum bráðabirgðalánið frá 1962. Er þá ætlun ríkisstj., að 30 millj. kr. af PL-480 lánsfé gangi til að fullnægja lánsfjárþörfinni á árinu 1963, en 30 millj. kr. af því fé, sem aflað verður innanlands, gangi til endurgreiðslu á bráðabirgðaláni Seðlabankans. Mun þá sjóðurinn hafa 82 millj. kr. til útlána á árinu 1963."

Ég hef gerzt svo fjölorður um þetta af því, að þetta eru nýjar upplýsingar, sem þm. hafa verið látnar í té um fjárhagsaðstöðu stofnlánadeildarinnar, og þær sýna svo ljóslega sem verða má, að sá grundvöllur, sem lagður var í fyrra, er

engan veginn svo traustur sem þá var látið í veðri vaka af þeim, er beittu sér fyrir setningu löggjafarinnar, og að enn þá þarf, — og fyrirhugað er, að svo verði á næstunni, — að sjá borgið fjárþörf stofnlánadeildarinnar með lánum til stutts eða langs tíma. M. ö. o.: þrátt fyrir setningu löggjafarinnar í fyrra er enn miðað við að fara svipaða leið og gert hefur verið að undanförnu að allmiklu leyti um að afla fjár til stofnlánadeildarinnar til útlána, og er þá ekki ástæða til að finna till. okkar í þessu frv. það til foráttu, að við gerum ráð fyrir, að stofnlánadeildinni verði útvegað fé af því fjármagni, sem til ráðstöfunar er hverju sinni í þjóðarbúinu. Og það er á engan hátt hægt að fullyrða, að þær till., sem við berum fram og eru byggðar á því, að árlegt framlag ríkissjóðs til stofnlánadeildarinnar nemi 30 millj. kr., séu óraunhæfari en þær reglur, sem nú gilda um þessi efni.

Hér segir, að þetta mál hafi verið leyst að dómi meiri hl. landbn. og væntanlega stjórnarflokkanna á viðunandi hátt. Þá mun vera átt við, að þetta sé leyst á viðunandi hátt, ef horft er á málið frá sjónarmiði bankans eða stofnlánadeildarinnar. En það er annar aðili, sem hér kemur einnig til greina, og það er bændastéttin sjálf, sem byrðarnar ber af 1% gjaldinu og einnig á að njóta fyrirgreiðslu af hálfu stofnlánadeildarinnar. Og eins og ég gat um áðan, er það svo, að mikill hluti bændastéttarinnar, svo að ekki sé meira sagt, telur ekki viðunandi þá lausn, sem gerð var á þessu á síðasta þingi.

Eitt atriði við meðferð þessa máls er þess eðlis, að ég vil nú við þessa umr. vekja sérstaka athygli á því. Á þessu þingi hefur verið lögfest frv. um eflingu iðnlánasjóðs. Þar er lagt út á svipaða braut um fjáröflun og gert var með löggjöfinni í fyrra um fjáröflun til stofnlánadeildarinnar, þannig að iðnaðurinn á að bera 0.4% gjald, sem rennur til iðnlánasjóðs. En við meðferð þess máls var það afstaða Framsfl., að í stað þess að leggja þetta sérstaka gjald á iðnaðinn, yrði iðnlánasjóði greitt árlegt framlag úr ríkissjóði. Sú afstaða var ekki tekin til greina, því að meiri hl. ákvað að fylgja þeim ákvæðum, sem upphaflega voru sett í frv. En það er sérstaklega eftirtektarvert, að þegar það frv. var til umr. í þessari hv. d., gefur iðnmrh., þegar hann mælir fyrir frv., yfirlýsingu á þessa leið.

„Sú nefnd, sem undirbjó frv., hafði um það samráð við samtök iðnaðarmanna, bæði Landssamband iðnaðarmanna og Félag íslenzkra iðnrekenda, um, að þetta gjald yrði á lagt, og eru þeir því eindregið fylgjandi.“

Og frsm. n., hv. 10. þm. Reykv. (EggÞ), komst svo að orði í sambandi við þennan skatt, sem lagður er á iðnaðinn, með leyfi hæstv. forseta:

„Sú skattlagning, sem gert er ráð fyrir, nemur 0.4%. Um það varð samkomulag í þeirri mþn., sem undirbjó frv., að þýðingarlaust væri að setja þar aðra tölu en þá, sem aðilar samþykktu, þ. e. a. s. þeir aðilar, sem áttu að standa skil á þessari greiðslu til sjóðsins. Og svo er þessi tala sett með fullu samþykki þeirra og að þeirra eigin sameiginlegu till.“

Þannig er farið að, þegar iðnaðurinn á í hlut. En þegar skattleggja á bændastéttina, er farið allt öðruvísi að. Þá er ekki leitað til félagssamtaka bændanna fyrir fram, og þó að þau mótmæli eftir á, þegar frv. er komið fram, þá eru þau mótmæli að engu höfð. „Hátt skal það rísa og heitt skal það brenna,“ sagði Pétur Gautur. Það má segja, að það sé svipuð hugsun, sem hafi komið fram hjá meiri hl., þegar hann ákveður að leggja þennan skatt á bændastéttina gegn mótmælum félagssamtaka þeirra og án þess að leita eftir fylgi bændastéttarinnar fyrir fram við málið, eins og yfirlýst er að gert hefur verið, þegar iðnaðurinn á í hlut.

Það er þó viðurkennt í hinni rökst. dagskrá meiri hl., að veðdeild Búnaðarbankans þurfi að efla. En þrátt fyrir það virðist meiri hl. ekki vilja fallast á þá till., sem við gerum í þessu frv. um fjáröflun til veðdeildarinnar. En það er vitnað til þess, að fyrir hendi séu lántökuheimildir og meiri hl. treysti ríkisstj. til þess að nota þær lántökuheimildir þannig, að um stuðning við veðdeild Búnaðarbankans verði að ræða. Ég veit, að í l. um stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum er heimild til þess, að fengnu samþykki ráðh. hverju sinni, að verja árlega allt að 10 millj. kr. af fé stofnlánadeildarinnar til að kaupa bankavaxtabréf veðdeildar Búnaðarbankans, enda sé það auðið án þess að skerða nauðsynleg útlán deildarinnar. Vitanlega er ekki haggað við þessari gr. í frv. okkar, þannig að þessi heimild er í fullu gildi, þótt frv. yrði lögfest. Mér er það enn fremur ljóst, að í l. um Búnaðarbankann frá 1941 hefur ríkisstj. heimild til samkv. 39. gr. l. að taka allt að 5 millj. kr. lán innanlands eða utan á ábyrgð ríkisins til kaupa á bankavaxtabréfum veðdeildarinnar og með þeim kjörum, að ríkissjóður verði að líkindum skaðlaus af. Ég vildi gjarnan, að það kæmi fram í þessum umr. til skýringar á málinu, hvort það eru þessar tvær lagaheimildir, sem hv. meiri hl. landbn. miðar við í hinni rökstuddu dagskrá, eða hvort fyrir hendi eru einhverjar aðrar heimildir, sem ég hef ekki að svo stöddu komið auga á, og þá væri fróðlegt að heyra, hvað heimilt er að taka háar fjárhæðir í þessu skyni samkv. þeim ákvæðum. Þá kemur einnig til greina í þessu sambandi, hvort búið er áður að nota lagaheimildina frá 1941 eða hvort hún er enn þá ónotuð. En væri svo, þá hef ég ekki komið auga á aðrar heimildir í þessu efni en eru nú í l. um stofnlánadeild og ég drap á, að er um 10 millj. kr. fjárhæð árlega. Ég vek athygli á þessu vegna þess, að það skýrir málið, að það komi greinilega fram í umr., hvaða lagaheimildir hér er átt við.

Ég mun svo ekki, nema ástæða gefist til, fara fleiri orðum um þetta mál. Það er öllum hv. þdm. ljóst, að hvaða breytingu er stefnt með frv. okkar, og við, sem skipum minni hl. landbn., leggjum til, að það verði samþykkt óbreytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 75. fundi í Ed., 18. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá á þskj. 626 samþ. með 7:6 atkv.

3. Gatnagerð bæjar- og sveitarfélaga.

Á 11. fundi í Nd., 5. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um opinbera aðstoð við varanlega gatnagerð á vegum bæjar- og sveitarfélaga [73. mál] (þmfrv., A. 88).

Á 12., 13., 14., 15. og 16. fundi í Nd., 6., 8., 13., 15. og 19. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Geir Gunnarsson): Hæstv. forseti. Frv. það, sem hér er til umr., fluttu nokkrir þm. Alþb. í þessari hv. d. á síðasta þingi, en það náði þá ekki fram að ganga og er því endurflutt nú.

Bifreiðaeign Íslendinga er orðin mjög mikil og fer stöðugt vaxandi. Munu nú vera hlutfallslega fleiri bifreiðar á Íslandi en í flestum löndum öðrum. Hins vegar stöndum við færri löndum jafnfætis um vegagerð, og aðalumferðarvegir og götur í bæjum eru ófullkomnari en víðast gerist. Því fer mjög fjarri, að á sama tíma og Íslendingar hafa eignazt allar þessar bifreiðar, hafi vegakerfið tekið samsvarandi endurbótum.

Vegna erfiðleika við vegagerð í svo strjálli byggð sem hér er og af þeim sökum, að Íslendingar hafa orðið að byggja upp svo til alla hluti í landinu á tiltölulega mjög skömmum tíma, er naumast við því að búast, að við höfum getað staðið öðrum þjóðum jafnfætis á þessum sviðum. Þó held ég, að óhætt sé að fullyrða, að ósamræmið á milli hins mikla bifreiðakosts þjóðarinnar og slæmra vega sé orðið svo óviðunandi og dýrt, að að því hljóti nú að reka, að gera verði sérstakt átak til úrbóta. Sjást þess og nokkur merki, að sá tími sé að hefjast, að á fjölförnustu umferðarvegi milli bæja verði lagt varanlegt slitlag. Á síðustu árum hefur aukizt mjög áhugi manna á því, að götur í kaupstöðum og kauptúnum verði endurbættar, svo að það verði ekki enn um langt skeið undantekning, að fullgerð gata sjáist í kaupstöðum og mikill meiri hluti gatna jafnt í Reykjavík sem í öðrum bæjum sé malargötur, sem ýmist eru forarefja eða rykkóf. Þarf ekki orðum að því að eyða, hversu mikil óþægindi og óhollusta stafar af ástandi gatnanna. Fullgerðir vegir í bæjum eru ekki aðeins bifreiðaeigendum til hagsbóta, heldur gerbreytist aðbúnaður allra íbúanna við það, að vegir eru lagðir varanlegu slitlagi. Bifreiðaeigendur, sem væntanlega verða æ stærri hluti þjóðarinnar, verða fyrir ómælanlegu fjárhagstjóni af því, hversu akvegir okkar eru skeinuhættir tækjunum, sem um þá aka. Sú eyðilegging, sem allar hinar mörgu bifreiðar Íslendinga eru daglega undirorpnar, er gífurleg. Hjólbarðar og flestir hlutar bifreiðanna endast mörgum sinnum skemur en ef ekið er á sléttum, steyptum eða malbikuðum vegum. Ég hef séð þess getið, að erlendar rannsóknir hafi leitt í ljós, að sé bifreið ekið á malarvegi, endist hjólbarðar aðeins ⅓ hluta af þeim tíma, sem þeir mundu endast við akstur á malbikuðum vegi, ending sé aðeins 20% á malarvegi. Hið sama gildir eflaust um endingu margra annarra hluta í bifreiðunum. Hjólbarðar voru fluttir inn til landsins árið 1961 fyrir um 29 millj. kr. á cif-verði, svo að í krónum reiknað munu þau 80%, sem ætla má að spænist upp af hjólbörðunum við akstur á malarvegum fram yfir hjólbarðaslit við akstur á malbikuðum vegum, nema um 23 millj. kr. á ári, miðað við það, að allir vegir væru malarvegir. Samsvarandi sóun verðmæta á sér stað varðandi marga aðra hluti bifreiðanna, svo að hér er um óhemju sóun verðmæta að ræða.

Þótt ekki sé miðað við annað en hið óeðlilega slit á hjólbörðum einum, má ætla, að það muni nema verulegum hluta af þeirri upphæð, sem lagt er til í frv. þessu að renni í gatnagerðarsjóð af innflutningsskatti af benzíni. Þegar þessa er gætt, er sýnilegt, að ekki aðeins bifreiðaeigendur, heldur þjóðfélagið í heild verður fyrir stórfelldu fjárhagstjóni af þeirri sífelldu eyðileggingu, sem af því hlýzt að kaupa til landsins dýr ökutæki og aka þeim síðan á ófullkomnum vegum. Jafnframt leiðir misþyrmingin á tækjunum til þess, að með aukinni bifreiðaeign þarf sífellt fleiri og fleiri menn til starfa á viðgerðarverkstæðum, á sama tíma og þjóðin þarfnast fólks til framleiðslustarfa. Fjármagn, sem varið er til framkvæmda við lagningu varanlegs slitlags á vegi, er því ekki eyðsla, heldur sparnaður. Það fé, sem til þeirra framkvæmda fer, fær þjóðin aftur í minnkandi endurnýjunar- og viðhaldskostnaði ökutækja og vega, auk þess sem aðbúnaður allra í bæjum gerbreytist, þar sem vegir eru lagðir varanlegu slitlagi og menn losna við rykið og eðjuna.

Eins og ég áður gat um, hafa bæjar- og sveitarfélög að undanförnu sýnt vaxandi áhuga á varanlegri gatnagerð, en fjárskortur hefur hamlað, og sumir aðilar hafa stofnað til verulegra skulda vegna framkvæmdanna. Við því er ekki að búast, að bæjar- og sveitarfélög geti með útsvarstekjum einum gert það átak, sem þörf er á í þessum efnum, og ef við það á að búa framvegis sem hingað til, að ekkert komi í hlut bæjarfélaga af þeim sköttum, sem bifreiðaeigendur greiða vegna ökutækja sinna, er hætt við, að hægt miði framkvæmdunum. Þess vegna er lagt til í frv. þessu, að nokkrum hluta af sköttum þessum og gjöldum verði varið til að styrkja framkvæmdir bæjar- og sveitarfélaga við varanlega gatnagerð.

Eigendur ökutækja greiða í ríkissjóð milljónatugi eða fremur milljónahundruð króna af bifreiða- og benzínskatti og í tolla af innflutningi ökutækja og varahluta. Um skeið var því fé að mestu eða öllu leyti varið til þess að bæta vegakerfið, en hin síðari ár hefur þróunin orðið sú, að stærri og stærri hluti þess fjár hefur verið tekinn til annars rekstrar í ríkisbúinu, og nú mun svo komið, að naumast helmingi af skattlagningu ökutækja er varið til vegamála.

Þegar innflutningsgjald af benzíni var hækkað um 116 aura með lögum nr. 4 1960, var aðeins 28 aurum af þeirri hækkun varið til vegamála, en 88 aurar teknir til ótiltekinna nota. Vegna fjárhagslegs getuleysis bæjar- og sveitarfélaga til að sinna lagningu gatna úr varanlegu efni er hætt við, að eigendur ökutækja verði enn um langt skeið að búa við óeðlilegt slit á ökutækjum, á

sama tíma og vaxandi hluti af sköttum þeim, sem þeir greiða af ökutækjunum, verður tekinn til annars en vegabóta, ef ekki verða gerðar sérstakar ráðstafanir til aðstoðar bæjar- og sveitarfélögum. Í þeim tilgangi er í 1. gr. frv. þessa lagt til, að stofnaður verði sjóður er nefnist gatnagerðarsjóður. Tilgangur sjóðsins verði að stuðla að varanlegri gatnagerð í kaupstöðum og kauptúnum með því að veita sveitarfélögum styrk til þeirra framkvæmda. Í frumvarpsgreininni er varanleg gatnagerð skilgreind á þann hátt, að þar sé um að ræða lagningu nýrra vega og gangstétta með slitlagi úr steinsteypu eða hverju öðru efni, sem metið er jafngildi hennar, svo og lagningu varanlegs slitlags á eldri götur og gangstéttir.

Í 2. gr. eru tekjur sjóðsins ákveðnar þær, að í hann renni 40 aurar af þeirri 116 aura hækkun, sem ákveðin var á innflutningsgjaldi á benzíni með lögum um efnahagsmál árið 1960, svo og 20% af þungaskatti bifreiða. Miðað við benzínnotkun má reikna með, að tekjur sjóðsins af innflutningsgjaldi geti numið um 20 millj. kr. á ári og tekjur af þungaskatti um 5 millj. kr. Vitaskuld er álitamál, hve miklar tekjur er rétt að ætla sjóðnum, og viðbúið, að sitt sýnist hverjum í þeim efnum. Um það, hvernig framlög sjóðsins skuli ákvarðast, segir svo í 3. gr. frv., að þau skuli miðast við fermetra slitlags og ákvarðast af sjóðsstjórn í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga og þó ekki nema meira en helmingi af heildarkostnaði við gatnagerðina, nema um sérstaklega erfiðar aðstæður við framkvæmdir sé að ræða, þá megi framlögin nema 60%.

Í 4. gr. er gert ráð fyrir, að fimm manna stjórn gatnagerðarsjóðs sé kosin af Alþingi hlutbundinni kosningu til 4 ára. Viðskipti bæjar- og sveitarstjórna við sjóðinn eru ætluð á þann veg, að þeir aðilar, sem hyggjast njóta framlaga úr sjóðnum, skuli fyrir 1. des. senda sjóðsstjórn umsóknir ásamt áætlunum um gatnagerðarframkvæmdir næsta árs, síðan skuli sjóðsstjórnin, eftir að hafa metið undirbúning framkvæmdanna, ákveða framlögin og tilkynna viðkomandi aðilum ákvörðun sína fyrir 1. febr. varðandi yfirstandandi ár. Framlögin verði síðan greidd eftir því, sem framkvæmdum miðar áfram skv. staðfestingu trúnaðarmanns sjóðsins.

Í 7. gr. er gert ráð fyrir, að heimilt sé, ef fjárhagur sjóðsins leyfir, að lána bæjar- og sveitarfélögum fé úr sjóðnum til greiðslu á þeirra hluta við gatnagerðarframkvæmdir.

Í 8. gr. er heimilað að veita fé úr gatnagerðarsjóði til rannsókna í sambandi við gatnagerð, en til þeirra hluta hefur allt of litlu fé verið varið til þessa.

Í frv. er ákveðið, að vegamálastjóri sé framkvæmdastjóri gatnagerðarsjóðs og sjái um vörzlu sjóðsins, bókhald og fjárreiður. Ég tel, að ekki verði lengur dregið að gera ráðstafanir til að tryggja auknar framkvæmdir við gatnagerð í bæjum og kauptúnum og eðlilegt megi telja, að til þeirra framkvæmda sé varið sérstaklega hluta af þeim sköttum, sem greiddir eru af ökutækjum til ríkissjóðs.

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 68. og 71. fundi í Nd., 9. og 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 88, n. 571 og 611).

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir hönd meiri hl. fjhn., sem var ekki sammála um afgreiðslu málsins, en meiri hl. leggur til á þskj. 571, að málið sé afgr. með rökstuddri dagskrá, og færir þau rök fyrir þeirri afgreiðslu, að það lágu fyrir n. upplýsingar um, að það vandamál, sem hér er um að ræða og frv. tekur til, sé tekið til meðferðar í till. frá vegamálanefnd, sem einnig lágu fyrir upplýsingar um og vitað er að hefur skilað áliti sínu, og því líklegt, að vegalög í heild verði tekin til endurskoðunar, væntanlega á næsta þingi, og því eðlilegra, að þetta mál verði þá tekið til athugunar, því enda þótt við séum að vissu leyti efnislega sammála ýmsu því, sem fram kemur í frv., þá er það þó í ýmsum atriðum öðruvísi en við vildum hafa kosið og ef til vill gæti orðið samkomulag um, þegar málið væri athugað í heild í sambandi við endurskoðun vegalaganna. Á þetta benti einnig vegamálastjóri í áliti, sem hann lét n. í té, og taldi sig af þeim ástæðum ekki geta stutt eða mælt með samþykkt þessa frv. nú. Við leggjum því til, að málið sé afgr. með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Þar sem væntanlega verður lagt fyrir næsta Alþingi frv. til nýrra vegalaga og fyrir liggja upplýsingar um, að það vandamál, sem frv. þetta fjallar um, verði þar tekið til meðferðar, þykir ekki ástæða til að afgreiða þetta mál nú, og tekur d. því fyrir næsta mál á dagskrá.“

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. frá fjhn., hefur hún ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. n. vill afgreiða málið með rökstuddri dagskrá, eins og segir á þskj. 571. En ég hef lagt til í nál. á þskj. 611, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Í nál. mínu eða með því eru prentaðar sem fylgiskjöl umsagnir um málið, sem fjhn. bárust frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, frá borgarverkfræðingi í Reykjavík og frá vegamálastjóra. Eins og fram kemur í þessum umsögnum, er ljóst, að Samband ísl. sveitarfélaga er fylgjandi því, að löggjöf verði sett um það, sem frv. fjallar um, og segja má, að þær samþykktir, sem samtök sveitarstjórnarmanna hafa gert áður um þetta efni, þræði í öllum meginatriðum efni frv. Svipað má í rauninni segja um umsögn borgarverkfræðingsins í Reykjavík. Hann er sammála því, að það eigi að setja lög um það, sem frv. fjallar um, um gatnagerðarsjóð og sérstakan stuðning

við bæjar- og sveitarfélög til þess að gera varanlega vegi í þorpum og kaupstöðum. Og hann vitnar til þess, að samþykkt hafi verið gerð í borgarstjórn Reykjavíkur, sem fari í sömu átt og þetta frv. En borgarverkfræðingurinn leggur þó til, að gerðar verði á frv. lítils háttar breytingar. M. a. telur hann, að æskilegt væri, að þessum sjóði, sem gert er ráð fyrir að stofna, verði ætlaðar meiri tekjur en ráðgert er í frv. En vegamálastjóri telur hins vegar í umsögn sinni, að hann sé ekki tilbúinn til þess að gefa umsögn um þetta frv., vegna þess að honum sé kunnugt um það, að endurskoðun hafi farið fram á vegalögunum almennt og hafi í þeirri endurskoðun verið fjallað um það efni, sem frv. fjallar um, en till. séu ekki komnar fram frá rikisstj. um málið, og því telji hann ekki rétt, að hann ræði málið á þessu stigi.

Það er ekki þörf á því, að ég hafi hér langt mál um efni frv. og réttmæti þess, að löggjöf sé sett um það efni, sem það fjallar um. Þetta er kunnugt öllum hv. þm. Hér er um það að ræða í stuttu máli, að allverulegur hluti af þeim benzínskatti, sem á er lagður nú, og þungaskatti, sem er lagður á bifreiðar, sé látinn renna í sérstakan gatnagerðarsjóð og á þann hátt sé skapaður grundvöllur til þess að styðja bæjar- og sveitarfélög til varanlegrar gatnagerðar. Þörfin á því að gera varanlegar götur í þorpum og kaupstöðum er öllum kunn. Það er orðið um brýna nauðsyn að ræða, og auðvitað er réttmætt, að nokkur hluti af þeim miklu gjöldum, sem nú eru innheimt á beinan og óbeinan hátt af umferðinni, renni einmitt í sérstakan gatnagerðarsjóð, til þess að standa undir slíkum framkvæmdum.

Þó að sú endurskoðun, sem fram hefur farið að undanförnu á vegalögunum almennt, hafi komið inn á þetta mál og þar sé gert ráð fyrir því, að reynt verði að leysa það að einhverju leyti, þá sé ég ekki, að það geti verið fullnægjandi rök til þess að stöðva afgreiðslu málsins hér á þessu þingi, fyrst það liggur fyrir, að endurskoðun vegalaganna telst ekki að fullu lokið og enn er málið þar í athugun, og verða till. ekki lagðar fram skv. þeirri athugun fyrir þetta þing, og í rauninni veit enginn um það, hvort till. verða lagðar fram á næsta þingi heldur í samræmi við þá athugun. Ég tel því, að till. meiri hl. n. um rökstudda dagskrá sé að verulegu leyti út í hött. Það er ekkert öryggi fyrir því, að till. um þetta mál verði lagðar fyrir næsta þing, en hins vegar liggur aðeins fyrir að gera það upp við sig nú, hvort mönnum þykir hér stefnt í rétta átt eða ekki. Fari till. vegalaganefndarinnar að verulegu leyti inn á það, sem hv. alþm. nú þykir rétt að gera í þessum efnum, þá er ekki skaði skeður, þá er þegar búið að verða við því og engin ástæða til þess að draga málið.

Það, sem hér skiptir því höfuðmáli, er það, hvort meiri hl. Alþingis geti fallizt á það, sem sveitarstjórnarmenn hafa lagt til í nokkur undanfarin ár og almennt mun vera viðurkennt í landinu, að það sé réttmætt, að nokkur hluti af þeim háu gjöldum, sem nú eru innheimt af umferðinni, renni í slíkan sjóð, sem um ræðir í þessu frumv., og til þeirra framkvæmda, sem þar eru ráðgerðar. Um það er spurningin.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Ég veit, að það er hér um tæpan tíma að ræða. En sem sagt, ég legg til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Þetta frv. var til athugunar hjá okkur í fjhn. Það liggur ekki fyrir prentað nál. frá mér, en ég vildi gera nokkra grein fyrir afstöðu minni til málsins.

Í þeirri rökstuddu dagskrá, sem meiri hl. n. hefur lagt fram, er vitnað í væntanlega vegalagabreytingu. Þar er talað um, að væntanlega verði lagt fyrir næsta Alþingi frv. til nýrra vegalaga og þar muni verða fjallað um það vandamál, sem er hreyft við í þessu frv., og þess vegna vill meiri hl. vísa málinu frá. En hvenær verður það, sem við fáum að sjá þetta nýja vegalagafrv.? Menn höfðu búizt við því, að það yrði lagt fyrir þetta þing. Það hefur sem sagt verið væntanlegt áður og fyrr en á næsta þingi. Menn byggðu þetta m. a. á ummælum ýmissa manna í stjórnarliðinu, og það var mikil þörf fyrir breytingar, hefði þurft að vera búið að gera breytingar á vegalögunum og taka nýja vegi ýmsa í þjóðvegatölu. Þetta hefur dregizt óhæfilega lengi, og enn bólar ekki á Barða. Það má segja, að þar hafi verið illa rekin tryppin hjá ríkisstj. Ég held líka, að þarna hafi ekki verið skynsamlega til stofnað við endurskoðun vegalaganna. Til þess var skipuð 5 manna nefnd. Voru þar 2 embættismenn, ráðuneytisstjórinn í samgmrn. og vegamálastjóri. Við það geri ég ekki athugasemdir. Það verður að teljast eðlilegt, að þeir séu til kvaddir að undirbúa slíkt mál. En að þeim tveim frátöldum fataðist stjórninni illa við skipun n. Hún gekk alveg fram hjá stjórnarandstæðingum við nefndarskipunina. Hún hefur farið þannig að í fleiri stórum málum, og þetta tel ég að sé óskynsamlegt. Mér þykir mjög trúlegt, að betur hefði miðað áfram málinu, ef þessi háttur hefði ekki verið á hafður, og ekki víst, að ráðh. hefði þá séð sig til neyddan að vísa málinu aftur til n., eftir að hún hafði skilað áliti. Það kom fram hér á þingi fyrir nokkru, að þetta hafi verið gert. Þetta eru sem sagt óheppileg vinnubrögð hjá hæstv. stjórn.

Hér er lagt til, að hluti af innflutningsgjaldi af benzíni og nokkuð af þungaskatti bifreiða renni í gatnagerðarsjóð. En þarna er lagt til að ráðstafa aðeins hluta af benzínskattinum, sem nú fer í ríkissjóð. Það var þannig með þennan benzínskatt, að fyrir árið 1958 var hann 51 eyrir á lítra samtals. 1958 var hann hækkaður um 62 aura og af þeim fóru 50 aurar til útflutningssjóðs. Þannig var skatturinn í árslok 1959 samtals 113 aurar, og af því fóru 50 aurar í útflutningssjóð. En með lögunum um efnahagsráðstafanir nr. 4/1960 var hætt að afla tekna til útflutningssjóðs, því að hans verkefni átti að vera lokið. Þá var með þeim lögum benzínskatturinn enn hækkaður um 34 aura, þrátt fyrir það, að ekki væri þörf fyrir neinn skatt til útflutningssjóðs. Nú skyldi maður ætla, að þessir 50 aurar, sem áður fóru til útflutningssjóðs, hefðu fallið niður. En því var ekki að heilsa. Stjórnin var ekki á því. Hún gerði sér lítið fyrir og tók þessa 50 aura í ríkissjóðinn og þangað hafa þeir farið síðan, þannig að síðan fær ríkissjóður alls 1,14 kr. af hverjum

benzínlítra. Hún tók að vísu fleiri tekjustofna útflutningssjóðs og innbyrti þá í ríkissjóðinn. Það lætur nærri, að sá benzínskattur, sem fer í ríkissjóð, hafi þrefaldazt síðan fyrir 1958. Nú vilja flm. frv. aðeins taka 40 aura af þessu til gatnagerðar í kauptúnum og kaupstöðum. Þetta tel ég ófullnægjandi, að ráðstafa þannig aðeins rúmlega ⅓ af benzínskattinum, sem ríkið fær. Ég tel eðlilegt, að tekjum ríkisins af benzínskatti og bifreiðaskatti verði varið til samgöngumála. En þá kemur auðvitað fleira til athugunar en að styðja gatnagerð í kaupstöðum og kauptúnum. Jafnframt þarf að létta útgjöldum af hreppum og sýslufélögum vegna þeirra vega, sem hreppar og sýslufélög eiga að sjá um. Það þarf því að minni hyggju að gera verulegar breytingar á þessu frv. Ég hef ekki enn lagt fram slíkar brtt., en það mun verða tekið til athugunar síðar, ef frv. kemst lengra áleiðis.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 75. fundi í Nd., 18. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá á þskj. 571 samþ. með 14:10 atkv.

Lagafrumvörp, vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Vegagerð á Vestfjörðum og Austurlandi.

Á 7. fundi í Ed., 25. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um auknar framkvæmdir í vegagerð á Vestfjörðum og Austurlandi [56. mál] (þmfrv., A. 56).

Á 9. fundi í Ed., 30. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Við flm. þessa frv. höfum flutt það á þrem undanförnum þingum. Í tvö skiptin hlaut það ekki afgreiðslu, en á síðasta þingi var því vísað til ríkisstj. með þeim röksemdum, að nefnd væri starfandi á vegum ríkisstj. til þess að rannsaka vegalögin og endurskoða vegakerfið og mundi hún taka lausn þessa máls, sem hér liggur fyrir, einnig til athugunar. Heyrzt hefur, að umrædd nefnd hafi skilað einhverju áliti, en ekki er flm. þessa frv. kunnugt, að hún bendi á neinar leiðir til þess að leiðrétta það ranglæti, sem með frv. þessu er ætlunin að reyna að ráða bót á. Þess vegna er frv. flutt, til þess að gera enn eina tilraun til að koma því fram, enda er hér um ótvírætt réttlætismál að ræða, og það verður áreiðanlega flutt oftar, ef það nær ekki framgangi á þessu þingi.

Það er viðurkennd réttlætisregla, að þeim gæðum og þægindum, sem veitt eru af almannafé víðs vegar um landið, eigi að vera sem jafnast skipt milli landshluta, enda mun það reynast farsælast í öllu stjórnarfari. Á þessu vill þó verða misbrestur í framkvæmd, og liggja til þess ýmsar ástæður, sumpart lítt viðráðanlegar, en sumpart eru ástæðurnar þær einar, að þess hefur ekki verið gætt nægilega að skipta gæðunum réttlátlega. Þegar vegir eru teknir í þjóðvegatölu, ef það er gert með sanngirni, verður að telja það viðurkenningu þess, að vegurinn sé byggðarlaginu, sem hann liggur um, frá eða til, nauðsynlegur og það sem fyrst. Skv. þessu ætti lagningu þjóðveganna að miða hlutfallslega sem jafnast áleiðis um allt land.

Það var 1958, að vegamálastjóri lét gera skýrslu um vegakerfi landsins, og sést á henni, að mikið misrétti á sér stað í framkvæmd vegamálanna. Í þessari skýrslu vegamálastjóra um þjóðvegina í landinu er þeim skipt í 3 flokka. Fyrst eru lagðir vegir, þ. e. fullgerðir, annar flokkur ruddir vegir, þ. e. bráðabirgðavegir, og þriðji flokkur óbílfærir vegir, þ. e. vegalaust. Þó að hv. þd. séu þær tölur kunnar, sem ég ætla að nefna lítils háttar, þá held ég, að menn hafi alltaf gott af því að rifja þær upp, því að þær sýna mjög greinilega, hvað þessi kjördæmi, sem rætt er um hér í frv., hafa orðið herfilega út undan.

Af þjóðvegunum í Vestfjarðakjördæmi voru 22.2% óbílfærir, í Austfjarðakjördæmi 10%, en í öðrum kjördæmum voru ófærir bílvegir aðeins 1.9%—5.9%. Sem sagt, það eru flestir þjóðvegir fulllagðir í öðrum kjördæmum en þessum tveimur.

Af þjóðvegum í Austfjarðakjördæmi voru 37.2% fullgerðir, í Vestfjarðakjördæmi 46.6%, ekki helmingur, í öðrum kjördæmum er þetta 67.4—87.9%. Óbílfærir þjóðvegir í Vestfjarðakjördæmi og Austfjarðakjördæmi eru næstum helmingi lengri en í öllum hinum kjördæmunum til samans utan Reykjavíkur. Ruddir þjóðvegir eru einnig mun lengri í þessum tveim kjördæmum, þ. e. a. s. hálfgerðir vegir, en í öllum hinum kjördæmunum samanlagt.

Af þessari skýrslu er það þegar auðsætt, að tvö kjördæmi hafa orðið langt á eftir í vegamálum, og ástæðurnar eru augljósar. Til vega og brúa er veitt í fjárlögum árlega sem líkust fjárhæð í hin mismunandi kjördæmi. Þetta hefur verið þannig, að þm. eiga mjög erfitt með að sætta sig við, að þeirra kjördæmi fái minna en önnur kjördæmi. En nú háttar svo til, að kjördæmin eru mismunandi stór og mismunandi að landslagi. Lengd nauðsynlegrar vegagerðar við hið vogskorna Austurland og Vestfirði er miklu meiri en annars staðar í landinu, en auk þess er vegarstæði í þessum landshlutum víða yfir há fjöll og brattar hlíðar, meira en víðast annars staðar, og vegagerðin því mjög dýr um þessi landssvæði. Þótt veittar hafi verið til þessara kjördæma hærri fjárveitingar til vega en til annarra kjördæma, hefur það af augljósum ástæðum ekki nægt til þess að koma í veg fyrir ranglæti, það sanna skýrslur vegamálastjóra augljóslega. Það er alveg ljóst mál, að væri sú leið valin til þess að jafna metin að stórhækka fjárveitingar til vega í þessum tveimur kjördæmum á kostnað hinna kjördæmanna, þá yrði sú aðferð aldrei þoluð af þingmönnum þeirra og það að vonum. Til þess að leiðrétta þetta misrétti er aðeins ein leið, þ. e. að taka lán, eins og bent er á í þessu frv.

Aðferð sú, sem notuð hefur verið til þess að afla fjár til stórbrúa, er mjög svipuð þeirri leið, sem lagt er til í þessu frv. að farin verði. Auðsætt var, að með hinum jöfnu fjárveitingum til

brúargerða í kjördæmin var lítt vinnandi vegur að brúa ýmis stórfljót. Þau voru því tekin út úr og til þeirra aflað fjár sérstaklega í brúasjóð með benzínskatti, sem auðvitað lagðist jafnt á alla landsmenn. Það þótti ekki réttlátt og var það ekki heldur að láta þau landssvæði, sem stórfljótin renna um, gjalda þess, að landslagi var þar þannig háttað. Þessi regla ætti einnig að gilda um hinar miklu vegalengdir og fjallgarðana á Vest- og Austfjörðum. Það liggur sama þar til grundvallar. Það hefur að vísu verið regla hér á landi, að ríkissjóður taki ekki lán til vegagerðar, en nú hefur þetta verið gert. Stórlán hefur verið tekið — að vísu án heimildar — til þess að steypa nýjan veg til Keflavíkur. Ég efast ekki um, að umferðin um gamla malarveginn er orðin meiri en malarvegur þolir. Þess vegna er nýja vegarins full þörf. En hitt er alveg fordæmanlegt, að taka þetta lán án lagaheimildar, og verður ekki annað séð en sneitt sé fram hjá lögboðinni og þinglegri afgreiðslu málsins til þess að koma í veg fyrir, að brtt. komi fram frá þm. um lán til fleiri vegaframkvæmda, sem eiga sama rétt á sér og erfitt er að neita um.

Um þetta frv. vil ég segja að lokum, að það er engan sérstakan um það að saka, að Vestfirðir og Austfirðir hafa orðið fyrir misrétti í vegamálum. En skýrslur vegamálastjóra sýna okkur, að þetta misrétti er staðreynd. Fyrir þá, sem á annað borð vilja leiðrétta þetta misrétti, er ekki til nema ein leið, og það er að samþ. efnislega það, sem felst í þessu frv., með þeim breytingum, sem þeir kunna vilja gera á formi þess og við flm. erum fúsir til að taka til athugunar, ef óskað er.

Ég legg svo til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til samgmn. með 16 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 3. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 56, n. 138 og 146).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 56, er sams konar frv. og var hér til umr. á síðasta þingi. Það er frv. um lántöku til vegagerða í tveim kjördæmum, Vestfjarða- og Austfjarðakjördæmi. Þetta frv. var flutt þá, ef ég man rétt, af sömu mönnum, 2. þm. Vestf., 4. þm. sama kjördæmis og 5. þm. Austf. Afgreiðsla þessa máls var þá með þeim hætti, að frv. var vísað til ríkisstj. Rökstuðningur fyrir því var sá þá, að í endurskoðun væru öll ákvæði í lögum um vegi og að búizt væri við, að frv. frá endurskoðunarnefnd vegalaga kæmi fram á því þingi, sem nú situr. Og samkv. þáltill., sem samþ. var 1961, átti nefndin m. a. að gera till. um öflun fjár til vegagerða í heild.

Á því þingi, sem nú situr, og á undanförnum þingum hafa komið fram fjöldamargar brtt. við vegalög, sem allar ganga að sjálfsögðu í þá átt að reyna að auka framkvæmdir í vegagerð um allt land, ekki aðeins á Vestfjörðum og Austfjörðum, heldur einnig í öðrum kjördæmum. Það er að sjálfsögðu óumdeilanlegt, að mikil þörf er á vegagerð á Vestfjörðum og Austfjörðum, en það er einnig óumdeilanlegt, að mikil þörf er á auknum vegagerðum og bættum samgöngum í öllum kjördæmum landsins. Að athuguðu máli í fyrra þótti einboðið að reyna að gera tilraun að leysa öll þessi mál í einu lagi, en ekki eitt og eitt fyrir sig, og að á þann hátt næðist bezt skipulag um framkvæmd vegamála í landinu og skipulag, sem væri til frambúðar. Þetta var m. a. eindregið álit vegamálastjóra, sem er þessum málum allra manna kunnugastur. Nú er það af þessu að segja, að milliþn. sú, sem talað var um í fyrra og enn nú, hefur að mestu lokið störfum og skilað áliti til ríkisstj. og frv. til nýrra vegalaga, sem fela í sér margar mjög mikilsverðar breytingar frá því, sem verið hefur, m. a. breytingar um öflun fjár til vegaframkvæmda í auknum mæli.

Samgmn. varð ekki sammála um afgreiðslu þessa máls nú frekar en í fyrra. Meiri hl. getur ekki lagt til, eins og á stendur, að samþ. þetta frv. Það væri að taka einn þátt þessa yfirgripsmikla máls út úr samhengi við aðra þætti þess og afgreiða hann út af fyrir sig á undan öðrum. Er þetta þó sagt án þess, að á það sé lagður dómur, hvort þær till., sem hér eru fram fluttar í frumvarpsformi, séu við hóf eða ekki að því er upphæðir snertir til framkvæmda í vegamálum. Það verður sjálfsagt að metast við samanburð á þörf og ástandi vega í öðrum landshlutum. En rökrétt framhald af afgreiðslu, sem þetta mál fékk hér í fyrra af meiri hl. deildarinnar, er það, að því sé nú öðru sinni vísað til ríkisstj., meðan hún hefur til athugunar þær till., sem fram hafa komið í mþn. í vegamálum.

Ég get ekki um það sagt á þessari stundu, hvaða afgreiðslu það vegalagafrv., sem þegar hefur verið samið að mestu leyti, muni fá hér á Alþingi. En eins og ég sagði, þá tel ég ógerlegt á þessu stigi málsins að taka þetta eina mál út úr samhengi við önnur aðkallandi mál á þessum vettvangi. Og með tilvísun til þess, sem fram kemur í nál. meiri hl., sem hér liggur fyrir og útbýtt hefur verið nú rétt áðan, legg ég til, að málinu verði vísað til ríkisstj.

Frsm. minni hl. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Það var á árinu 1958, sem fjvn. þáverandi flutti till. til þál. um það, að fram skyldi fara allsherjarathugun á ástandi vegakerfisins í landinu. Allir nm. fjvn. þá stóðu að þeirri till. Sú till. var síðan samþ. á Alþingi samhljóða. Síðan hófst vegamálastjóri handa um að láta þessa athugun fara fram, og hann skilaði skýrslu til samgmn. Alþingis á næsta þingi á eftir um ástand allra vega í landinu. Sú skýrsla er næsta fróðleg og mun hafa komið ýmsum fremur á óvart hvað það snertir, hve einstakir landshlutar voru misjafnlega settir í vegamálum. Þegar þetta kom svona rækilega í ljós, sem menn að vísu höfðu nokkra vitneskju um áður, var það, að við flm. þessa frv. fluttum sams konar frv. á því þingi, 1959, um úrbætur í vegamálum

hvað snertir Vestfirði og Austurland, en þessir tveir landshlutar skáru sig alveg úr, hvað snerti ástand veganna.

Við sáum, að það var ekki þess að vænta, að leiðrétt yrði hlutfallið milli landshlutanna með venjulegum fjárveitingum. Jafnvel þó að aukið væri eitthvað það fjármagn, sem til veganna færi, þá mundu alþm. halda í sinn hlut, sem er ekki óeðlilegt, og ástandið ekki batna hvað það snertir, að áfram yrðu þessir landshlutar miklu verr settir en aðrir. Því var það, að við fluttum þá frv. um það, að ríkisstj. skyldi heimilað að taka lán til þess að bæta úr brýnustu þörfinni í þessum 2 landshlutum. Því frv. var illa tekið af fulltrúum stjórnarflokkanna. Var því helzt borið við í umr., áður en það kom fyrir þessa hv. deild, að það mætti ekki fara að leggja vegi á Íslandi fyrir lánsfé. Frv. var svo svæft í nefnd að tilhlutan stjórnarflokkanna og kom því ekki til afgreiðslu í þessari hv. deild.

Við fluttum frv. aftur á næsta þingi, og útkoman varð sú sama. Stjórnarflokkarnir hindruðu framgang þess, svo að málið varð ekki útrætt. Við fluttum málið í þriðja sinn á þinginu í fyrra, en þá var nokkur breyting á afstöðu fulltrúa stjórnarflokkanna í samgmn. Nú var ekkert imprað á því, að ekki mætti leggja vegi á Íslandi fyrir lánsfé, því að það hafði nefnilega gerzt í millitíðinni, að ríkisstj. var sjálf farin að leggja vegi fyrir lánsfé. Því þurfti að finna aðra ástæðu til að koma frv. fyrir kattarnef, og hún var auðfundin.

Stjórnarflokkarnir höfðu flutt þáltill. um að láta nú fara að endurskoða vegalögin. Við hinir höfðum ekkert á móti því, en við lögðum til, að það væri nefnd kosin af Alþingi, sem framkvæmdi þá endurskoðun. Nei, það vildu ekki stjórnarflokkarnir. Þeir máttu ekki koma nálægt endurskoðuninni, þessir stjórnarandstæðingar, og sú till. var felld. Auðvitað var till. samþ. um nefndina með atkv. stjórnarsinna, og ríkisstj. skipaði síðan menn í þessa nefnd.

Frv. okkar í fyrra var svo vísað til ríkisstj. á þeim forsendum, að það væri verið að endurskoða vegalög og það dygði ekki að fara að samþ. þetta frv. á meðan. Þannig fór um frv. í það sinnið.

Nú er komið fjórða þingið, og við flytjum auðvitað frv. enn. En enn þá kom babb í bátinn með rökstuðning fyrir því að vísa frv. frá. Nú var ekki einu sinni hægt að vitna í endurskoðun vegalaganna, af því að endurskoðuninni var lokið. Ja, hvað er það þá, sem er í veginum? Jú, hv. frsm. segir í framsöguræðu sinni og er reyndar nefnt í nál. meiri hl., að það dugi ekki að fara að taka eitt mál út úr og samþ. það, það þurfi að taka öll þau mál, sem af þessu tagi hafa verið flutt á Alþingi, og afgreiða allt saman í einu lagi.

Nú vil ég spyrja hv. frsm.: Hvað kom til, að það var hægt að fara að steypa veg milli Reykjavíkur og Keflavíkur fyrir lánsfé án þess að afgreiða málin öll í einu lagi, eins og hann var að tala um hér áðan? Hvað kemur til, að ríkisstj. og flokkar hennar taka eitt mál út úr og fara að leggja þennan mikla og dýra veg fyrir lánsfé? Eftir orðum hv. frsm. að dæma hlýtur það bara að vera hreinasta hneyksli að bíða ekki með þennan Keflavíkurveg eins og aðra vegi eftir þessari heildarafgreiðslu á vegamálum á Alþingi. En stjórnarflokkarnir gera það nú ekki. Þeir tóku þennan veg út úr, og þeir tóku til hans lán, að vísu ekki með neinni heimild frá Alþingi, en þeir tóku lán til hans samt og eru nú farnir að steypa þennan veg. Og það er ekkert smáfyrirtæki. Mér er tjáð, að það muni kosta 4—5 millj. hver km í þessum Keflavíkurvegi, og eftir því að dæma mun hann kosta svona 180—200 millj. Ég vil spyrja hv. frsm.: Gerir hann ráð fyrir, að þetta verði allt tekið að láni, eða á að leita nokkurrar heimildar Alþingis til þess að gera þetta fyrir lánsfé? Samt veit ég ekki til þess, að nokkur andstaða sé hér á hv. Alþingi gegn því, að vegurinn sé lagður og lagður fyrir lánsfé. En ef hægt er að leggja í svona mikið fyrirtæki án lagaheimildar og án þess að nokkur önnur mál séu afgreidd hér á hæstv. Alþingi um vegamál, þá fer að fölna mesti blóminn á röksemdafærslunni fyrir því, að ekki megi afgreiða þetta frv.

Hv. frsm. sagði í framsöguræðu sinni, að með þáltill. frá 1961, sem samþ. var á Alþingi um endurskoðun á vegalögum, hafi þeirri nefnd verið falið að gera tillögur um aukið fjármagn í vegakerfi landsins. Í fyrsta lagi var till. alls ekki um neina nefnd. Hún er bara um það, að ríkisstj. láti endurskoða lögin. Og í öðru lagi sé ég ekki, að í till. sé neitt talað um, að það eigi að fara að leggja meira fé í vegina. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fram fara athugun og endurskoðun á gildandi lögum um opinbera vegi og brýr og láta jafnframt athuga möguleika á öflun fastra tekjustofna til vega- og brúargerða.“

Það þarf ekki þar með að auka fjármagnið, þótt það sé fenginn fastur tekjustofn. En gott er það, ef nefndin hefur leitað eftir auknu fjármagni til samgöngumálanna, en betra þó, ef hún hefur fundið það, en við vitum ekkert um það.

Hv. frsm. eða hv. meiri hl. n. segir í nál. sínu, að búizt sé við, að frv. til nýrra vegalaga komi fyrir Alþingi í vetur. Ég veit ekki betur en þessi stjórnskipaða nefnd hafi skilað till. sínum til hæstv. ríkisstj. 9. okt. í haust. Síðan eru tæpir 2 mánuðir, og það bólar ekki á neinu frv. Og mér hefur verið tjáð af einum hv. þm. úr stjórnarliðinu, að það sé mjög vafasamt, að það verði nokkurt frv. lagt fyrir þetta þing um ný vegalög. Sjálfsagt eiga þá öll þau mál, sem snerta vegi, að bíða eitt árið enn, ef svo reynist, að frv. verði frestað. En ég vil spyrja hv. frsm.: Hvað er í þessu frv., hvað er í þessum till., sem n. gerir til hæstv. ríkisstj.? Er það nokkurt leyndarmál? Geta þm. ekki fengið að vita eitthvað um þetta? Ef við fengjum nú t. d. vitneskju um það, að þarna ætti að auka stórlega fjárframlög til vega á Vestfjörðum og Austurlandi, þá gat vel komið til mála, að við hefðum hreinlega tekið þetta frv. til baka. En það er nú ekki aldeilis svo, að imprað sé á þess háttar. Ég ætla, að þm. innan stjórnarflokkanna hafi ekki hugmynd um, hvað er í þessum till. nefndarinnar eða í því frv., sem hv. frsm. segir að nefndin hafi samið,

enda mun nefndin líta svo á sitt starf, að Alþingi komi það ekkert við, því að það sé ríkisstj., sem hafi skipað hana, hún sé bara að vinna fyrir hana. Ef hv. frsm., sem átti sæti í þessari nefnd, telur hins vegar, að það sé fremur viðeigandi, að hann skýri þm. eitthvað frá því, hvað er í þessum till., þá vænti ég, að hann geri það. Ef hann hins vegar telur, að okkur komi þetta ekkert við, hvaða till. þeir gera, þá gerir hann það sjálfsagt ekki.

Þá segja hv. frsm. og meðnefndarmenn hans í meiri hl. nefndarinnar, að fjöldi brtt. um vegalög hafi verið fluttur á undanförnum árum af mönnum úr öllum þingflokkum. Þetta er alveg rétt. Það hefur verið flutt till. til þál. í Sþ. af þm. úr Vestfjarðakjördæmi um áætlun um vegi á Vestfjörðum, þ. e. a. s. sú till. er flutt af stjórnarsinnum meðal þm. Vestfjarða. Og þar segir einnig, að við, sem stöndum að þessu frv., höfum flutt brtt. við þá þáltill. Þetta er allt saman rétt. En allt þetta vill hv. frsm. taka til einnar afgreiðslu og með einu frv. M. ö. o.: allar till. um nýja þjóðvegi, till. um áætlanagerð um vegi og frv. þetta um lán til vega, allt á að afgreiða í þessu eina frv. Ég veit, að hv. frsm. hlýtur að skilja, að það veltur ekki á litlu fyrir okkur, sem erum að berjast fyrir þessum málum, að fá að vita, hvaða till. eru komnar til hæstv. ríkisstj. frá nefndinni um þessi mál. Það getur verið, að hann geti ekki svarað hinu, hvernig hæstv. ríkisstj. muni taka þessum till., en hitt hlýtur hann þó að geta sagt okkur, í hverju þessar till. felast.

Á þessum málflutningi er till. meiri hl. n. byggð að vísa þessu frv. frá, að það verði að bíða eftir afgreiðslu á þessu öllu í einu lagi. Ég hef að vísu sýnt fram á, að þetta er ekki í neinu samræmi við það, sem stjórnarflokkarnir hafa gert og eru að gera við Keflavíkurveg. Hvaða ástæður lágu til þess, að það þurfti að taka hann út úr? Voru nokkrar sveitir á þeirri leið að falla í auðn vegna vegaleysis, eins og er á Vestfjörðum? Eða skiptir það minna máli að dómi þessara hv. þm., ef um afskekkt byggðarlag er að ræða?

Í nál. meiri hl. n. segir, að enginn ágreiningur muni vera um það, að mikil þörf sé á auknum framkvæmdum í vegagerð á Vestfjörðum og Austurlandi, en sú þörf sé líka brýn í öllum öðrum landshlutum. Það er ekki hægt að skilja þetta á annan veg en þann, að meiri hl. n. líti svo á, að það sé ekkert meiri þörf á Vestfjörðum og Austurlandi heldur en í öðrum landshlutum. Og það litla, sem hann sagði um störf mþn., var einnig á þá leið, að það þyrfti að afla meira fjár til vegagerðar í landinu yfirleitt. Ég býst því við, að það sé rétt til getið hjá mér, að mþn. sé ekki með neinar till. um að leysa vanda eins héraðs frekar en annars, og að það byggist á þeirri skoðun þeirra, að það sé ekkert undan vegaástandinu á Vestfjörðum og Austurlandi að kvarta frekar en annars staðar, a. m. k. ekki sem neinu nemur. Nú vil ég segja það, ef þessi skoðun væri á rökum reist, að Vestfirðir og Austurland þurfi ekki undan neinu að kvarta frekar en önnur héruð, þá finnst mér, að þeir hafi mikið til síns máls, að þessu frv. liggi ekkert á, ekki frekar en till. um vegabætur í öðrum landshlutum. Vestfirðingar og Austfirðingar þurfa þá ekki undan neinu að kvarta í vegamálum frekar en aðrir menn í þessu landi!

Ég ætla nú ekki að rekja margt úr hinni fróðlegu skýrslu vegamálastjórans frá 1958 til þess að sýna fram á, hversu réttmætt þetta er. En á þessu er flutningur frv. byggður hjá okkur, að ástandið er svo gerólíkt í þessum tveim landshlutum, að við teljum, að ekki komi til mála að bíða lengur með að gera verulegar umbætur, það eigi ekki að bíða eftir því, að fleiri sveitir fari í eyði.

Ég ætla aðeins að nefna hér eitt dæmi um það, hvernig ástandið var 1958 í þessum tveimur landshlutum samanborið við aðra staði. Það eru til fjöldamörg dæmi, sem unnt er að nefna úr skýrslu vegamálastjóra, sem sýna þetta. Og þó að liðin séu 4 ár síðan, hafa hlutföllin milli landshlutanna ekkert breytzt hvað snertir ástand veganna. Það sést á hinum árlegu fjárveitingum til nýbyggingar vega.

1958 voru ógerðir þjóðvegir, með öllu ólagðir þjóðvegir alls í landinu 730½ km. Þetta voru þjóðvegir, sem voru á pappírnum, en ekki var farið að hreyfa við. En af þessari vegalengd, af þessum 730½ km eru 433.3 km aðeins í 5 sýslum. Þessar sýslur eru: Barðastrandarsýsla með 63.2 km ólagða þjóðvegi, Norður-Ísafjarðarsýsla með 151.2, Strandasýsla með 89.5, Norður-Múlasýsla með 63.5 og Suður-Múlasýsla með 65.9. Það eru nálægt því ⅗ hlutar af öllum ólögðu þjóðvegunum í landinu, sem eru aðeins í þessum 5 sýslum. Allar þessar 5 sýslur eru í þessum tveimur kjördæmum og 2 þeirra svo nálægt hv. 10 landsk. þm., að hann ætti sannarlega að vita, hvernig ástandið er þarna. En í hinum sýslum landsins, í öllum 17 sýslunum hinum, eru ekki nema ⅖ hlutar af þessum ólögðu þjóðvegum. Ég get svo sem minnt hv. frsm. á annað dæmi, að í Vestfjarðakjördæmi voru þá 29.9% af öllum vegum, þjóðvegum, sýsluvegum og hreppavegum, ólagðir í þeim landshluta. En í öðrum kjördæmum voru ekki nema örfá prósent og hæst upp í 10—11. Það er hægt að rekja dæmin úr þessari skýrslu, sem sýna það, að þessir tveir landshlutar eru svo margfalt verr settir en nokkrir aðrir, að það ætti varla að vera þörf á að nefna þá, en ekki skal standa á mér að gera það, ef þetta verður vefengt. Þetta eru meginrök okkar fyrir því að fá þetta frv. samþykkt.

Hv. frsm. gat þess, og það er tekið fram í nál. meiri hl., að í samgmn. hafi verið farið fram á það af þeirra hálfu, að við féllumst á að fresta þessu frv., þangað til vegalög yrðu væntanlega afgreidd á þessu þingi. Þetta er rétt hjá honum, þetta er nefnt. En við gátum ekki fallizt á það, af því að við viljum ekki bíða lengur með málið og höfum enga tryggingu fyrir neinni lausn á því, sem felst í þessu frv., þó að beðið væri. En vildi þá ekki meiri hl. bíða með málið? Ekki ráðum við tveir störfum samgmn. Ef þeir hefðu viljað það, þessir þrír, sem skipa meiri hl., þá gátu þeir frestað málinu. En þeir vildu það bara ekki sjálfir. Þeir vildu koma frv. fyrir kattarnef strax. Auðvitað gátu þeir sjálfir ráðið því að fresta málinu og bíða með það og bíða. Kannske þeir hafi séð, að það væri ekki til neins að bíða, það fengist aldrei sú lausn á þessu máli, sem við

ætlumst til, eins og nú er skipað flokkum í þinginu. Geri ég ráð fyrir, að sú sé ástæðan. Þeir hefðu sannarlega getað frestað þessu máli, hefðu þeir viljað. En þeir gerðu það bara ekki. Þeim er ekki áhugamál, að þetta frv. nái samþykki. Þeim er hins vegar aðaláhugamál, að það sé drepið — og drepið sem fyrst. Hitt skal ég viðurkenna, að þarna er hreinlega gengið til verks, og það er miklu betri aðferð en aðferðin, sem þeir höfðu fyrstu tvö árin, að vera að svæfa frv. í nefnd.

Ég endurtek svo þá till. okkar, sem skipum minni hl. n., að frv. verði samþykkt.

Frsm. meiri hl. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Hv. frsm. minni hl. samgmn. hefur nú gert grein fyrir sínu máli. Það er í sjálfu sér ekki margt, sem hann vék beint að mér sem frsm. meiri hl., sem ég þarf að svara, en viðvíkjandi einni spurningu, sem hann lagði beint fyrir mig um það, hvað væri í því frv., sem vegamálanefnd, mþn. í vegamálum, leggi til. Hann spyr um það, hvað sé í þessu frv. Það er vitanlega algerlega ómögulegt að gera grein fyrir því á þessari stund, svo yfirgripsmikið mál sem það er, og þó sérstaklega tel ég það ekki tímabært, meðan veigamikil atriði í því frv. eru enn í endurskoðun, og ég tel alls ekki rétt að fara með neitt úr því, fyrr en það hefur verið formað þannig, að það sé lagt fyrir Alþingi. Hann vék einnig að því, að það hefði þótt vel frambærilegt að taka lán til Keflavíkurvegar á sínum tíma. Það er mál, sem var búið að afgreiða, áður en vegamálanefndin tók til starfa og áður en hún formaði sínar till. Þess vegna er það mál, sem liggur utan við þessa umr., því að það er eldra. Það er aðeins framtíðin í vegamálum, sem vegamálanefndin hefur hugsað sér og lagt sig í framkróka með að reyna að leysa sem haganlegast með till. á breiðum grundvelli.

Þá vil ég vekja athygli á því, sem lauslega er að vikið í nál. meiri hl. og frsm. minni hl. talaði hér nokkuð um áðan, og það var, að það kom uppástunga um það í n. að geyma að afgreiða þetta mál úr nefnd, þar til betur væri séð um afdrif vegalagafrv. Á þetta vildi frsm. minni hl., sem hér talaði áðan, alls ekki fallast í nefnd. Það er satt hjá honum, að þetta var ekki borið undir atkv. í n., það hefði verið hægt sennilega að fá þessa afgreiðslu á málinu, en hann lagði svo mikla áherzlu á, að þetta væri einmitt afgreitt úr nefnd, að meiri hl. sá ekki ástæðu til að leggjast beinlínis á móti því. Það er algerlega rangt hjá honum, að það hafi vakað fyrir meiri hl. að drepa þetta mál strax. Hitt mun vera sanni nær, að það hafi vakað fyrir þessum hv. frsm., að málið væri drepið strax. Þess vegna lagði hann áherzlu á, að málið væri afgr. úr nefnd strax.

Ég er reiðubúinn — og hef líka verið það áður — að viðurkenna, að mikil þörf sé á vegaframkvæmdum á Vestfjörðum og Austfjörðum. En ég fullyrði einnig það, sem ég áður sagði, að sú þörf er mjög mikil í öllum öðrum kjördæmum einnig. Ég vil aðeins nefna t. d. Norðurlandskjördæmi vestra, Siglufjarðarveg, sem mikil áherzla er lögð á að sé þokað fram eða fullgerður sem allra fyrst með lántöku, og ég man ekki betur en það hafi verið lögð sérstök áherzla á þennan veg í blaðagrein nú nýlega í öðru stjórnarandstöðublaðinu og talað um allt að 20 millj., sem þar þyrfti að leggja fram helzt í einu lagi. Ég vil einnig minna á mjög aðkallandi veg í Norðurlandskjördæmi eystra. Það er vegur út á Ólafsfjörð, sem mjög mikil áherzla er lögð á að sé flýtt og það helzt með lántökum. Ég vil einnig nefna, að það er talin mjög brýn þörf á mjög kostnaðarsamri vegalagningu í Vesturlandskjördæmi, í Snæfellsnessýslu. Og ég gæti talið upp fjölda af vegum og vegaframkvæmdum og brúargerðum og því, sem tilheyrir vegagerðinni yfirleitt, sem er mjög aðkallandi að leysa. Ef eitt atriði eða tvö af þeim, sem mest kalla á, væru leyst með því að samþykkja eitt frv., þá hlýtur annað og margt annað að kalla á um leið að leysa. Þess vegna get ég ekki skilið annað en það séu algerlega eðlileg vinnubrögð að reyna að leysa þetta í einu lagi. Og ef þær till., sem nú eru til umr. og athugunar í ríkisstj. frá vegamálanefnd, ná fram að ganga og fjárframlög til vega vaxa verulega, máske eitthvað í áttina við það, sem fram kemur í þessu frv., þá er það að mínu áliti ekki lakari lausn en þótt þetta frv. verði samþykkt. En eftir því, að þetta kæmi betur í ljós, vildi frsm. minni hl. alls ekki bíða, þegar málið var rætt í samgmn., heldur lagði áherzlu á, að *málið væri afgreitt strax.*

Annars er það dálítið einkennilegt við umr. um þetta mál, bæði í fyrra og nú, hversu mikla áherzlu flm. frv. eða þeir, sem tala fyrir þeirra hönd, leggja á það að sýna fram á, að Vestfirðir og Austfirðir hafi orðið á eftir í vegagerð á undangengnum tíma. Á þessu kjörtímabili, þ. e. a. s. frá 1959, hafa þessi kjördæmi alls ekki verið sett hjá að því er snertir skiptingu á vegafé. Þvert á móti virðist mér, að þau hafi fyllilega haldið sínum hlut, miðað við önnur byggðarlög. Ef þessi byggðarlög hafa orðið á eftir með vegagerð á undangengnum tíma, þá er það frá eldri tíð, og ég minnist þess ekki sérstaklega, að fram hafi komið frá þessum flm. né öðrum till. um að auka verulega vegafjárframlög til þessara byggðarlaga fyrr en nú. Manni virðist, að meðan þessir hv. þm. höfðu stjórnaraðstöðu á Alþingi, hefðu þeir átt að flytja till., sem gengju í þessa átt, meðan þeir réðu og gátu að sjálfsögðu komið sínum málum fram, en bíða ekki eftir því, að þeir væru komnir í stjórnarandstöðu og hefðu þar af leiðandi miklu verri aðstöðu til að koma fram sínum áhugamálum heldur en áður. Þetta finnst mér vera dráttur, sem sé undarlegt að þessir menn skuli leggja eins mikla áherzlu á nú og þeir gera að sýna fram á að hefur orðið, á meðan þeir sjálfir réðu í landinu og áttu þá að sjálfsögðu auðvelt með að lagfæra, ef þeir hefðu haft áhuga á því þá.

Frsm. minni hl. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Það er ekki margt í þessari síðari ræðu hv. frsm., sem ég þarf að gera að umtalsefni. Hann leggur enn áherzlu á, að það sé ekki tímabært að samþykkja frv. Það hefur ekki verið tímabært að hans dómi í 4 ár. Ég gæti svo sem vel trúað, að honum fyndist það ekki tímabært næstu 4 árin. Ég held, að hann álíti, að það sé aldrei *tímabært að samþykkja þetta frv. Hann er and-*

vígur því og berst gegn því og hans félagar í meiri hl. samgmn. Það þýðir ekkert að fara í kringum hlutina hvað þetta snertir. Ég vil ekki vera að minna á ummæli, sem féllu í n., sem þýddu þetta. En ég get svo sem gjarnan gert það, ef með þarf. (**BGuðm:** Það er velkomið af minni hálfu.) Það er von, því að það var ekki þessi hv. þm., 10. landsk., sem lét þau orð falla, *það skal ég taka fram.* (**JÞ:** *Ef þau eru frá mér,* þá er velkomið að hafa þau eftir.) Þá segir hv. þm., þegar hann fer að afsaka Keflavíkurveginn, að hann var lagður fyrir lánsfé, alveg eins og við viljum nú fá lán til annarra vega, að það hafi verið búið að taka lán til vegarins, þegar þáltill. var samþ. um endurskoðun vegalaga. Ég sé enga afsökun í því, hvort sem búið var að samþ. þessa þáltill. um endurskoðun vegalaga eða ekki. Ef það var óviðeigandi að fara að leggja veginn fyrir lánsfé, þá var það alveg eins á undan till. og eftir. En ég vil nú benda hv. frsm. á, að þetta út af fyrir sig eru nokkrar upplýsingar, að hæstv. ríkisstj. hafi verið búin að taka lán til Keflavíkurvegar 22. marz 1961. Er hann nú alveg viss um, að þetta sé rétt? Það var nefnilega byrjað á þessum vegi sumarið 1961. Og ég hef litið svo á, að lán til vegarins hafi ekki verið tekið fyrr en það sumar. En nú segir hann, að það hafi verið búið að taka það 22. marz. En hvort heldur er, þá er það engin afsökun. Ef réttmætt er að bæta úr brýnni þörf í vegamálum með lánsfé, þá á að gera það, ef menn eru á móti því, þá á ekki að gera það. En þeir töldu réttmætt að gera það, þegar Keflavíkurvegur átti í hlut, en voru búnir að fella í tvö ár á undan að gera hliðstæðar ráðstafanir við aðra landshluta. Fram hjá þessu verður ekki komizt. *Þannig vilja þeir mismuna héruðum, og var þó* þetta hérað, Reykjanesskaginn, ekki neitt svipað sett og flest byggðarlög í þessum tveimur landshlutum, Vestfjörðum og Austurlandi. Það var þar vegur og er þar enn og þætti vandaður vegur og skemmtilegur og góður, ef hann væri á Vestfjörðum og Austurlandi. Þrátt fyrir það held ég, að það sé rétt ráðstöfun að steypa veg til Keflavíkur, og hef ekki á móti því, að tekið sé til hans lán. En ég krefst þess, að aðrir landshlutar fái að njóta jafnréttis, og það er á móti þessu jafnrétti, sem meiri hl. n. er að berjast.

Hv. frsm. minnir mann á það, að þeir, stjórnarsinnarnir í n., hafi farið fram á, að við féllumst á að fresta málinu. Og það er rétt haft eftir hjá honum, að ég var andvígur því. En hann segir, að við hefðum viljað hraða málinu, til þess að það yrði drepið. *Þetta er einhver sú nýstárlegasta kenning á Alþingi,* sem ég hef heyrt: þegar verið er að leggja áherzlu á að koma málum fljótt fram, þá er það til þess að þau séu drepin! Svo að ég taki dæmi: Þegar hæstv. fjmrh. lagði fram frv. hér um lántökuheimild í Bretlandi upp á 240 millj., þá hefur hann líklega verið að hraða því, til þess að málið væri drepið. Ég held, að hv. frsm. ætti ekki að koma með meira af svona rökum. En það, sem hann meinar, er þetta: að þeir geti ekki annað en drepið svona mál. Þegar verið er að berjast fyrir því, að landshlutar, fjarlæg byggðarlög, fái það sama og verið er að gera fyrir þéttbýlið hér á Reykjanesskaga, þá verður að drepa þetta frv. Þetta er hugsjónin hjá honum, ef hugsjón skyldi kalla.

Þá drap hv. frsm. á það, að ef þessir tveir landshlutar hafi verið settir hjá að undanförnu, þá sé ekki hægt að saka núv. stjórnarflokka um það. Það er nokkuð til í þessu hjá hv. frsm., og ég er ekki að saka neinn flokk um það, sem gerzt hefur á undanförnum áratugum. Það vita allir ástæðuna til þess, af hverju þetta er. Landslagið er þannig í þessum héruðum, að það þarf miklu meiri fjárhagsleg átök til þess að koma samgöngum þar í viðunandi horf heldur en í öðrum héruðum. Þetta er öllum ljóst og hefur alltaf verið ljóst. En þegar svo er komið, að heilar sveitir eru að leggjast í auðn vegna vegaleysis, þá er ekki hægt að bíða með þetta, þá verður að gera átak. Og eftir skýrslu vegamálastjóra, sem kom út árið 1958, kemur þetta í ljós, að það er voði fyrir dyrum í þessum landshlutum, ef ekki er bætt úr ástandinu. En það er það, sem þessir hv. þm., sem skipa meiri hl. n., vilja ekki. Þeir vilja ekki bæta úr ástandinu þarna. Þeir vilja bara bæta úr því í Reykjaneskjördæmi. Þeirri ráðstöfun eru þeir samþykkir. Hv. frsm. segir, að á undanförnum þingum, þessum 3—4 undanförnum þingum, *hafi þessi kjördæmi ekki fengið* minna fé en önnur kjördæmi. Það er að vísu rétt, en við höfum alltaf bent á, að það er ekki hægt og verður aldrei hægt að bæta úr þessu misrétti með þessum venjulegu fjárframlögum á fjárlögum. Það þarf að gera átak með lántöku, eins og verið er að gera á Reykjanesskaga.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta meira. Ég held, að það liggi nokkurn veginn ljóst fyrir, hvað ber á milli hjá mér og hv. frsm. Ég vil láta bæta úr þessari brýnu þörf og gera það strax, og það veit ég að verður ekki gert nema með lánsfé. Það vill hann ekki. Þetta er munurinn. Hann bendir á vegi, sem þurfi að leggja í öðrum kjördæmum. Hann nefnir Siglufjarðarveg, þ. e. a. s. Strákaveginn. Það er víst óhætt að nefna hann, því að það hefur verið farið eins að þar að koma í veg fyrir, að þar yrði gert átak til þess að koma veginum á með sama hætti og verið er að gera í Reykjaneskjördæmi. Það er bara ein sagan enn um afstöðu þessara manna. Hann nefnir Ólafsfjarðarveg, þar sé óskað eftir láni til þess að koma vegi áfram. Og af hverju fæst það ekki? Af hverju fæst það ekki til Siglufjarðarvegar, ekki til Ólafsfjarðarvegar, ekkert í Vestfjarðavegi og ekkert í Austurlandsvegi, þar sem þarfirnar eru brýnastar? En þó er þetta gert með lántökum í milljónatali og ég býst við innan *skamms í tugmilljónatali í* öðrum landshluta. Hvernig á að verja þetta?

Ég sé alls ekki eftir því, að ég hef ýtt á eftir þessu máli, til þess að það fengi afgreiðslu hér, og meiri hl. n. sá enga ástæðu til þess að fresta því. Þótt það væri imprað á þessu, þá var engin alvara í því, því að meiri hl. n. gat frestað málinu, ef hann vildi. Ef á að drepa málið, þá má gjarnan gera það strax. Ég hef ekkert á móti því. Ég tel það hreinlegra, miklu hreinlegra. Eða heldur hv. frsm., að mér hafi fundizt aðferðin, sem var notuð fyrstu tvö árin, eitthvað betri, að svæfa málið í nefnd? Nei, alls ekki betri. Ég er ekkert að ásaka hv. frsm. fyrir það, að hann leggur nú

lið sitt til þess að drepa þetta frv. núna. Það hefði ekkert verið betra, þótt hann hefði seigdrepið það á nokkrum mánuðum.

Frsm. meiri hl. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. neitt teljandi.

Um þann illvilja, sem hv. frsm. minni hl. varð svo tíðrætt um að væri hjá mér og meiri hl. samgmn. í garð þeirra byggðarlaga, sem illa eru sett með samgöngur, skal ég ekki ræða. Þar verður hver og einn að mynda sér skoðun um, eftir því sem honum finnst efni standa til, og draga sínar ályktanir út frá einhverju öðru en orðum þessa hv. þm. En það var aðeins eitt atriði, sem kom mér til að segja örfá orð, og það var, að hann sagði, að ég hefði sagt, að það hefði verið búið að ákveða lántöku til Keflavíkurvegar, þegar þáltill. sú um endurskoðun vegalaga, sem talað hefur verið um, var samþykkt 1961. Það, sem ég sagði, var það, að þegar vegamálanefndin starfaði og gerði sínar till., hefði þetta mál verið afgreitt fyrir alllöngu og þess vegna væri það fyrir utan umr. þessa máls. Hann fór ekki rétt með það, sem hann sagði um orð min hér í ræðu áðan, og ég vildi leiðrétta það.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls gerði 1. flm. þess, hv. 2. þm. Vestf., skýra grein fyrir málinu, tilgangi þess og orsökum fyrir því, að það er nú enn að nýju fram borið. Hann færði fyrir málinu gild rök, sem hefur ekki verið hnekkt. Og nú við þessa umr. hefur 2. flm. þessa máls, sem jafnframt er frsm. minni hl. samgmn., enn fært fram gild rök fyrir þessu máli, jafnframt því að hann hefur skýrt afstöðu minni hl. samgmn. til þess. Það er því í sjálfu sér litlu við þetta að bæta og ekki ástæða til þess fyrir mig að fjölyrða um málið, en ég vil þó leyfa mér við þessa umr. að bæta fáum orðum við það, sem þegar hefur fram komið.

Ég vil þá fyrst vekja eftirtekt á því, að þetta frv. er flutt að mjög vel athuguðu máli og að það er byggt á grunni, sem ekki er vefengdur. Grundvöllur þessa máls er athugun, sem gerð er af vegamálaskrifstofunni á vegakerfi í hinum ýmsu landshlutum. Og sú athugun var gerð, eins og fram hefur komið í þessum umr., samkv. ályktun frá Alþingi, sem þáv. fjvn. beitti sér fyrir einróma að samþ. yrði. Þær tölur, sem koma fram í þessari álitsgerð vegamálastjórnarinnar um vegakerfið í ýmsum landshlutum, hafa ekki verið vefengdar, hvorki í sambandi við þetta mál og umr. um það né í sambandi við till., sem þingmenn úr stjórnarflokkunum, sem eru þm. fyrir Vestfirði, hafa flutt í Sþ. Grundvöllurinn, sem þetta mál byggist á, er því óumdeilanlegur. Og það er þegar orðið alllangt síðan þessi grg. vegamálastjórnarinnar kom fram, og það er einnig orðið alllangt síðan þm. af Vestfjörðum og Austurlandi komu auga á og tóku að vinna að því, að hér þyrfti að gera breytingu á, og stefnir þetta frv. að því, að svo verði. En eins og fram hefur komið, er þetta nú í fjórða sinn, að þetta mál er fram borið hér á hv. Alþingi.

En það er fleira, sem sýnir, að þetta mál er ekki að ófyrirsynju flutt, heldur en tölur þær, sem birtar eru með grg. þessa frv. Í þskj., sem liggur nú fyrir hv. Alþingi um ráðstafanir til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, kemur það fram, að á 20 ára tímabili hefur þjóðinni í heild fjölgað að ég ætla um rúm 48%, en dreifing þjóðarfjölgunarinnar hefur orðið svo misjöfn, að á þessu tímabili, þegar þjóðinni fjölgar svona ört, fækkar fólki í heild á Vestfjörðum um 18%. Og fólksfjölgunin á Austurlandi á þessu tímabili nemur aðeins 4%, sem sýnilega er langt fyrir neðan meðaltal, þannig að dreifing þjóðarfjölgunarinnar á þessu tímabili er engan veginn í eðlilegu hlutfalli við íbúafjölda héraðanna, eins og hann var fyrir 20 árum. Það er vitanlega ýmislegt, sem veldur þessu, og ég vil ekki segja, að á þessu yrði ráðin allsherjarbót, þótt frv. það, sem hér liggur fyrir, yrði samþykkt. En það er áreiðanlega spor í rétta átt að þessu leyti. Það er þáttur í þeirri viðleitni að halda við jafnvægi í byggð landsins eða a. m. k. sporna gegn svo mikilli röskun í því efni, sem við borð liggur, ef ekki eru sérstakar ráðstafanir gerðar af hálfu ríkisvaldsins að þessu leyti. Og enn til viðbótar þessu sé ég, að nú á þessum fundi er útbýtt þskj. frá þm., sem er mjög kunnugur á Vestfjörðum, sem er till. til þál. um aðstoð við Snæfjallahrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu til varnar eyðingu byggðar. Þar er bent á, að Sléttuhreppur hafi lagzt í eyði fyrir nokkru, Grunnavíkurhreppur sé einnig orðinn mannlaus, því að á liðnu hausti gerðist það, að seinustu íbúar Grunnavíkur neyddust til að yfirgefa byggð sína, og nú sé röðin komin að Snæfjallahreppi og þurfi nú að bregðast við að veita aðstoð því fólki, sem þar heldur uppi starfsemi og heldur uppi byggð á þessum slóðum. Og það, sem bent er á í þessu efni, er m. a. bætt vegasamband með brú á jökulvatnið Mórillu og ferjubryggju á Mýri, þannig að þegar menn af alvöru hugleiða þessi mál, þá komast menn að þeirri niðurstöðu, að samgöngumálin séu mjög ríkur þáttur í þeirri viðleitni að halda við byggð í landinu og fram hjá því megi löggjafarvaldið ekki líta.

Ég hef miklu meiri kunnugleika af högum manna á Austurlandi heldur en á Vestfjörðum. Og ég gat um það áðan, að fólksfjölgun á Austurlandi um 20 ára tímabil væri langt fyrir neðan meðaltal fólksfjölgunar í landinu, þó að þar hafi ekki orðið um beina fólksfækkun að ræða á þessu tímabili. En á Austurlandi er þannig háttað, að þar eru einstök byggðarlög, sem fram eftir þessari öld voru blómleg og allfjölmenn, — það liggur alveg við borð, að þau leggist í eyði. Ég nefni Loðmundarfjörð í því sambandi og Mjóafjörð. Loðmundarfjörður var fram eftir þessari öld svo fjölmennt byggðarlag, að hann var sérstakt prestakall. Og Mjóifjörður hafði einnig fram eftir þessari öld — líklega á þriðja hundrað íbúa. En nú er þannig komið, að í Loðmundarfirði eru aðeins tvær fjölskyldur eftir, og byggðin í Mjóafirði hefur dregizt mjög ört saman. En báða þessa staði, sem bjóða að ýmsu leyti góð skilyrði til atvinnurekstrar, vantar vegasamband, Loðmundarfjörð algerlega og Mjóifjörður hefur svo ótryggt vegasamband, að það er aðeins slarkfært á léttum bílum, jeppabílum, yfir sumarmánuðina, en er algerlega lokað að öðru leyti.

Nú kann mönnum kannske að finnast í fljótu bragði, að það sé ekki mikið í húfi, þótt svona fámenn byggðarlög fari í eyði, og vissulega getur þetta fáa fólk, t. d. þær tvær fjölskyldur, sem eftir eru í Loðmundarfirði, séð sér farborða og sínum högum annars staðar á landinu en á þessum stað. En þó að þær breyttu til og byggðin legðist í eyði, þá koma bara upp önnur vandamál. Og ég vil í þessu sambandi benda á það, að einmitt nú á þessu þingi hefur okkur þm. Austurlandskjördæmis borizt sérstakt erindi út af þessu, hve fámennt er orðið í Loðmundarfirði, frá nærliggjandi hreppum, og í því erindi felast upplýsingar um það, að þessar tvær fjölskyldur í Loðmundarfirði veiti nærliggjandi hreppum svo ómetanlega fyrirgreiðslu og aðstoð við hirðingu sauðfjár langt fram eftir öllu hausti og það komi jafnvel fyrir, að það fóðri vetrarlangt fé, sem kemur seint að úr fjöllunum, og það valdi alveg stórkostlegum erfiðleikum fyrir eina 3—4 nálæga hreppa á Fljótsdalshéraði, ef þessar tvær fjölskyldur hverfi frá búsetu í Loðmundarfirði. Af þessu getum við bara séð, hvað í húfi er, jafnvel á stórum svæðum, ef ekki er í tíma gerð gangskör að því að styðja það fáa fólk, sem heldur uppi lífsbaráttunni á svona stöðum. Og með þessu frv. er einmitt stefnt að því, að svo geti orðið.

Þá er á það að líta, hvort hér er um mjög stórt fjárhagsmál að ræða. Í þessu frv. er gert ráð fyrir 10 millj. kr. framlagi umfram fjárveitingar á fjárlögum til nýbyggingar þjóðvega á Vestfjörðum og Austurlandi, — 10 millj. kr., — og gert er ráð fyrir, að þetta fé verði tekið að láni, í frv. er heimild til þess. Ef þessi tala er borin saman t. d. annars vegar við fjárlagafrv., sem nú er fjallað um og er að heildarupphæð yfir 2 milljarða kr., og hins vegar borið saman við ýmislegt, sem gert er utan fjárlaga, en fyrir lánsfé, t. d. við þær 240 millj. kr., sem nú er verið að taka að láni í Bretlandi, og er það þó ekki nema einn þáttur af allri lánsfjárstarfsemi ríkisins, þá er auðséð við slíkan samanburð, að hér er alls ekki um svo stórt fjárhagsmál að ræða, að það sé óviðráðanlegt af þeim sökum.

Það kom fram í ræðu hv. frsm. meiri hl. samgmn., að það hefði ekki verið gengið á rétt Vestfjarða og Austurlands í sambandi við skiptingu vegafjár samkv. fjárlögum nú undanfarin 2—3 ár og að flm. þessa frv. ættu að gefa því gætur, hvað þeir hefðu sjálfir gert í þessu efni, meðan þeir voru í stjórnaraðstöðu. Út af þessu vil ég aðeins minna á það, að samanburður um fjárveitingar til vega, miðað við heildarupphæð fjárlaga, verður ekki hagstæður núv. stjórnarflokkum, því að raunin er sú, að miðað við heildarupphæð fjárlaga og miðað við þá verðlagshækkun, sem orðið hefur í landinu síðan 1960, hafa framlög til vega stórkostlega dregizt saman frá því, sem áður var, þó að krónutalan hafi nokkurn veginn staðið í stað. En vegna gildisrýrnunar krónunnar verða framkvæmdir miklu minni en áður fyrir sömu krónutölu. Ég held því, að stjórnarflokkarnir ættu ekki að hefja þann leik að byrja á slíkum samanburði, því að hann verður þeim aldrei hagstæður.

Þá er á það að líta, hvort þeir, sem standa að þessu frv., hafi eitthvað vanrækt, meðan þeir voru í stjórnaraðstöðu á þingi og höfðu að því leyti sterkari aðstöðu til að koma sínum málum fram en þegar þeir eru í stjórnarandstöðu. Ég held, að stjórnarflokkunum henti bezt að fara einnig varlega í slíkan samanburð. Þess má geta, að fram til ársins 1959 voru einmenningskjördæmi víðast hvar á landinu og að þá vann hver þm. að því að fá fjárveitingu í sitt kjördæmi sérstaklega. Og það vill nú þannig til, að í þeim sýslum, sem áður voru einmenningskjördæmi á Vestfjörðum og harðast hafa orðið úti í þessu efni, eins og Norður-Ísafjarðarsýsla, og þar sem eiginlega helzt liggur við borð, að hver hreppurinn af öðrum fari í eyði, þar hefur um langt skeið verið þm. úr Sjálfstfl. Og hið sama má segja, að í mörg ár var einnig þm. úr Sjálfstfl. fyrir Barðastrandarsýslu. Ég tel mig hafa kunnugleika á því, að þessir hv. þm. hafi haft opin augu fyrir því vandamáli, sem hér blasir við, og ég tel mig hafa kunnugleika á því, að þeir hafi lagt sig fram og sýnt í því mikinn dugnað að fá þar úrbætur á, svo að vandamálið, sem nú liggur fyrir, verður alls ekki rakið til þessarar rótar, að einn eða annar þm. hafi vanrækt eitthvað fyrir sitt kjördæmi á liðnum tíma. Vandamálið liggur í því, að í heild hafa fjárveitingar til vegagerðar raunverulega verið minni en þær þurftu að vera til þess að mæta þörfinni, sem kallar að. Og það hefur náttúrlega öllum þm. verið ljóst að meira eða minna leyti. Vandamálið liggur að öðru leyti í því, að á Austurlandi og Vestfjörðum eru skilyrði til vegagerðar að ýmsu leyti óhagkvæm, fjallvegir milli byggða og það vinnst þar af leiðandi minna fyrir hverja fjárhæðina, sem veitt er, heldur en þar, sem skilyrði til vegagerðar eru betri. Og í þriðja lagi hafa þm., hver svo sem hefur verið í stjórnaraðstöðu eða stjórnarandstöðu hverju sinni, yfirleitt við skiptingu vegafjár, eins og þent hefur verið rækilega á í sambandi við þetta mál, verið mjög fastheldnir við þá hefð eða þá reglu, sem skapazt hefur hér í þinginu um skiptingu árlega í hinum einstöku sýslum, að það hafa ekki verið teknar stórar sveiflur að lækka eina sýsluna og hækka aðra, heldur þróunin verið látin vera nokkurn veginn samfelld um allt landið. Og þegar þessa er gætt, þá komum við enn að því, að það eru eiginlega litlar líkur til, að hlutur Vestfjarða og Austurlands verði réttur eins og þörf er á að þessu leyti nema með sérstökum aðgerðum, eins og stefnt er að með samþykkt þessa frv.

Í sambandi við þetta mál er mjög til þess vitnað, að undanfarið hafi starfað nefnd til að endurskoða vegalögin í heild. Og meiri hl. samgmn. leggur á það áherzlu í nál. sínu, að þau vinnubrögð séu eðlilegust, að leitazt sé við að afgreiða allar till. um vegamál í heild með einu frv., og vill meiri hl. n. vænta þess, að það megi takast á þessu þingi. Út af þessu þykir mér ástæða til að láta það koma fram, að fram að þessu hefur það ekki staðið í vegalögunum sjálfum, hve miklu fé skuli varið til vegagerða í einum og öðrum landshluta. Gildandi vegalög fela í sér ákvæði um, hvaða vegir séu þjóðvegir, og auk þess almenn ákvæði um gerð veganna, um bætur fyrir land, sem fengið er undir vegi, og girðingar meðfram vegum og annað því um líkt. Þetta er það, sem er í gildandi vegalögum og hefur verið efni þeirra

fram að þessu. Í þessu frv. er ekki farið fram á neina nýja þjóðvegi eða breytingar á því á Vesturlandi eða Austurlandi. Hér er eingöngu um afmarkað fjárhagsmál að ræða. Ef þetta mál á að falla undir almenn vegalög, hlýtur það að vera ætlunin að taka eitthvað fleira og það mikilvæg ákvæði upp í vegalög eftirleiðis heldur en hingað til hefur staðið í vegalögum. Og þegar það er nú upplýst, að stjórnskipuð nefnd hafi unnið að þessu máli og skilað till. til ríkisstj., þá finnst mér sannarlega ekki til of mikils mælzt, þó að þess sé óskað og jafnvel krafizt af hv. þm., að í sambandi við þetta mál komi fram upplýsingar um það, hvort stefnt sé að stórfelldri skipulagsbreytingu í sambandi við setningu vegalaga frá því, sem verið hefur. Þó að slíkar upplýsingar komi fram, þarf það ekki að vera í því formi, að þar séu rakin einstök ákvæði eða einstakar greinar slíks frv., heldur um þá meginstefnu eða skipulagsbreytingu, sem fyrirhuguð er í sambandi við það mál. Ég vil því taka eindregið undir þau tilmæli frsm. minni hl. samgmn., að hv. frsm. meiri hl. n., sem er þessum hnútum mjög kunnugur, því að hann mun hafa átt sæti í vegamálanefndinni, gefi gleggri upplýsingar um þetta mál en enn hafa komið fram hér í deildinni.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara öllu fleiri orðum um þetta mál. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram til viðbótar og til áréttingar þeim rökum, sem meðflm. mínir hafa fært fram fyrir þessu máli og ekki hafa verið vefengd.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, en það voru þrjú atriði í ræðu hv. síðasta ræðumanns, sem valda því, að ég stíg hér upp í ræðustólinn. Án þess að ég ætli að orðlengja um þau atriði, vil ég aðeins vekja athygli á þeim.

Hv. þm. lauk ræðu sinni með því að skora á frsm. hv. meiri hl. samgmn., að hann upplýsti um störf nefndar þeirrar, sem starfað hefur að endurskoðun laga um vegi. Ég er nú sannast sagna dálítið hissa á þeim hv. þm., sem þessar kröfur hafa borið fram, ekki vegna þess, að þeir óski eftir að fá upplýsingar um þetta mál, það er ekki nema eðlilegt, en að ætlast til þess af nm. í n., sem starfað hefur eftir skipun ríkisstj. til að vinna að undirbúningi frv., sem að sjálfsögðu fer til hennar og kemur svo væntanlega upp, þegar kemur til kasta þingsins, það finnst mér í hæsta máta óeðlilegt, og í rauninni væri það í alla staði óviðeigandi, að nm., hvort sem það er í þessari nefnd eða annarri, færu á því stigi málsins, sem þetta mál er nú, að upplýsa opinberlega, hvað hefði staðið í slíkum álitsgerðum. Það kemur auðvitað á daginn, hvað þar er, og það kann vel að vera, að það væri eðlilegt að beina tilmælum um það til hæstv. ráðh., sem þau mál heyra undir, en mér sýnist hvorki sanngjarnt né eðlilegt að ætlast til þess af nm. í slíkri nefnd, að þeir gefi upplýsingar á þingi um slíkt.

Það voru svo tvö atriði önnur í ræðu hv. þm., sem mér fundust þess eðlis, að það væri vert að benda á þau. Annað var það, sem oft kemur fyrir og hv. stjórnarandstæðingar birta stundum útreikninga um, þ. e. hvað ýmiss konar framlög hafi hlutfallslega lækkað í tíð núv. hæstv. ríkisstj. Og nú síðast var það hv. 5. þm. Austf., sem taldi það vera sönnun þess, hve illa hefði verið á málum haldið af hæstv. núv. ríkisstj., vegamálum, að það hefði stórum lækkað hlutfallstala þess fjár, sem varið er til vega. Auðvitað er hér ekki um nein rök að ræða og staðhæfing sem þessi gersamlega út í hött, vegna þess að ástæðan til þess, að hækkanir hafa orðið á fjárlögum miklu meiri en nemur hlutfallshækkunum á framkvæmdaliðum og mörgum öðrum liðum fjárlaga, er fyrst og fremst sú, að það hafa verið teknir upp nýir starfshættir eða aukizt stórlega við þá þætti, sem áður voru. Má þar til nefna t. d. tryggingalögin, en allir vita, að stærsti útgjaldaliðurinn er til aukningar á tryggingunum. Og ýmsar aðrar stórfjárhæðir eru í fjárlögum, sem voru þar ekki áður eða miklu lægri og varið hefur verið til ýmissa hluta, m. a. í sambandi við þær ráðstafanir, sem gerðar voru í efnahagsmálum, svo sem tryggingarnar, niðurgreiðslur o. fl. til þess að mæta þeim vandkvæðum, sem af þessum ráðstöfunum yrðu fyrir almenning, og létta byrðar þeirra. Og það gefur nokkurn veginn auga leið, að ef það hefði átt að hækka alla aðra útgjaldaliði fjárlaga, væri það náttúrlega orðin ein hringavitleysa. Og það er jafnframt ljóst, þegar við förum að skoða þessi mál lengra aftur í tímann, að það hafa stöðugt verið að koma inn í fjárlög á hinum ýmsu tímum nýjar og nýjar starfsgreinar, nýjar og nýjar fjárveitingar, sem hefur ekki áður verið veitt fé til, og ef jafnan hefði átt að hækka hlutfallslega öll framlög í fjárlögum, sem til annarra hluta hafa staðið, hvað svo sem það heitir, þá hefði það auðvitað verið gersamlega útilokað. Og það vill nú svo til, og það vita allir hv. þm., að áður hafa verið gerðar ráðstafanir, bæði gengisbreyting og aðrar hliðstæðar ráðstafanir þeim, sem nú hafa verið gerðar, og það án þess að gera nokkra tilraun til þess að hækka útgjaldaliði í fjárlögum til opinberra framkvæmda. Þetta er ekki ný bóla. M. a. var það í gengisbreytingunni 1950, og þegar yfirfærslugjaldið var lagt á 1958 eða stórhækkað, þá voru engar slíkar breytingar gerðar til hækkunar á fjárframlögum í þessu sambandi. Ég er ekki með þessu að saka neitt þær ríkisstj., sem þá voru, heldur aðeins að benda á, að það er ekki eðlilegt, þegar slíkar breytingar verða á fjárlögum af ýmsum ástæðum, að það endilega þurfi að leiða til þess, að hækkun verði á öðrum liðum einnig. Þetta veit ég, að jafnglöggur maður og hv. 5. þm. Austf. gerir sér fullkomlega ljóst, og það er því engin ástæða til þess að byrsta sig yfir því, að það hitti illa núv. stjórnarflokka, að það hafi ekki orðið meiri hækkanir á fjárframlögum til vega heldur en reynzt hafa, og ég er ekki alveg viss um, ef á að taka hlutfallstölur um það, hvernig sú útkoma yrði á síðustu 10 árum, skulum við segja, með þær hækkanir.

Svo var annað atriði, sem má kannske segja að sé smáatriði, en átti að vera svar við því, að það hefur verið talið óeðlilegt að flytja þetta frv. nú, þar sem hv. flm. frv. væru ekki í stjórnaraðstöðu, og spurzt hefur verið fyrir um, af hverju þeir hefðu ekki flutt þetta frv., þegar þeir hefðu ráðið. Mér fannst það, sem helzt varð lesið út úr svari hv. þm., vera mjög eftirtektarvert, því að

það varð naumast annað út úr því fengið en að það væri kjördæmabreytingin, sem hefði gert það að verkum, að nú væri hafizt handa um að reyna að lagfæra þetta misrétti. Áður hefði það í rauninni ekki verið hægt. Og það er út af fyrir sig mjög eftirtektarvert fyrir þá, sem stóðu að kjördæmabreytingunni, ef það er virkilega svo, að þetta hafi opnað möguleika til þess að bera fram mál eins og þetta, sem hv. flm. telja mikið réttlætismál og ég vil alls ekkert úr draga. Það er margt, sem ógert er í vegum í þessum landshlutum. En það kemur manni dálítið einkennilega fyrir eyru að heyra, að það hafi í rauninni ekki verið skilyrði til þess áður hjá hv. flm. að hreyfa þessu máli á þessum grundvelli og því sé það fyrst nú eða á síðasta þingi, sem hafi verið möguleiki til þess að koma þessu umbótamáli í það horf, sem þeir flytja það.

Ég skal svo ekki á neinn hátt metast um það, hvað þeir hver um sig, þessir hv. þm., hafa reynt fer auðvitað víðs fjarri, að endilega þurfi að vera, að *vegalög verði framvegis í sama horfi* og þau hafa verið til þessa. Það er fullkomin ástæða til þess að ætla, að það væri jafnvel heppilegt að gera á þeirri tilhögun ýmsar breytingar, sem ég skal ekki segja, hver niðurstaða verður um. En mér sýnist ekki vera ástæða a. m. k. til þess að ganga út frá því sem gefnu, að vegalög verði endilega í því formi, sem þau hafa verið til þessa. Mér sýnist öll rök mæla með því, að sá háttur verði á hafður, sem meiri hl. samgmn. leggur hér til. Það hefði kannske verið heppilegast, að frv. hefði ekki verið afgreitt, og ég er satt að segja næsta hissa á því, að hv. flm. skyldu ekki heldur velja þann kostinn að láta afgreiðslu frv. eitthvað bíða, til þess að, — hvað sagði hv. þm.? (**SE**: Ekki taldi meiri hl., að ætti að láta það bíða.) Mér skilst, eftir því sem hann segir í nál., að hann hafi viljað gefa kost á því, en aðrir hafi óskað eftir því, og það er af virðingu fyrir óskum minni hl. hv. þm., að þetta er gert. Og ég efast a. m. k. ekkert um það, að ef flm. hefðu óskað eftir því, að það yrði þá fremur beðið en málið afgreitt formlega, þá hefði það verið gert. að fá í vegafé í sín kjördæmi. Ég efast ekkert um það, að þeir hafa allir, þm. þessara fjórðunga, lagt sig fram um það, svo sem þeir hafa megnað, að afla fjár í sín kjördæmi. Þeir hafa sennilega staðið þar nokkuð vel að vígi, því að þeir menn, sem lengst hafa gegnt embættum samgmrh. og fjmrh., hafa verið þm. þessara landshluta, þ. e. a. s. einstakra héraða að vísu, þannig að þeir hafa kannske ekki þess vegna getað látið fólkið njóta sín eins og þeir ella hefðu gert, ef þessi ágæta kjördæmaskipun hefði verið komin á, meðan þeir réðu.

Varðandi svo loksins eitt atriði enn, að það sé ekki óeðlilegt, að þetta frv. nái fram að ganga, hvað sem líður endurskoðun vegalaga, þá er það að því leyti misskilningur, að það hefði ekki verið gert ráð fyrir því, að í endurskoðun vegalaganna yrði jafnframt till. um það, hvernig ætti að afla fjár til þeirra framkvæmda, sem gert er ráð fyrir. Það hlýtur óneitanlega að vera þáttur í þessu máli, sem hér hefur verið til rannsóknar, að það komi till. um það einnig frá vegalagan. Og því En eins og sakir standa nú, þá sé ég ekki, að það sé nokkur möguleiki til þess að afgreiða frv. á annan veg en hér er lagt til.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Þetta frv. er ekki nýtt af nálinni. Það hefur verið flutt á öllum þingum þessa kjörtímabils, og hefur þá að sjálfsögðu komið til kasta samgmn. í þessari hv. d. að afgreiða málið. Við í meiri hl. höfum alltaf verið svo frjálslyndir, að við höfum eiginlega leyft minni hl. að ráða því, hvaða dauðdaga þetta frv. fengi. Við höfum látið þá vita, að við værum andvígir þessu frv. En hvort frv. heldur yrði svæft eða því væri vísað til ríkisstj., því hefur minni hl. yfirleitt fengið að ráða, og þess vegna, eins og síðasti ræðumaður tók fram, var það af tillitssemi við óskir minni hl., að við vísuðum þessu frv. til ríkisstj., af því að flutningsmenn heimtuðu afgreiðslu á því. Við töldum, að það gæti vel verið skynsamlegt að bíða með afgreiðsluna, þangað til séð væri til um það, hvort fram kæmi frv. til vegalaga á þessu þingi. En minni hl. óskaði eftir því, að frv. væri afgreitt, og ég verð að viðurkenna það sem formaður nefndarinnar, að þeir, sem flytja frv., eiga rétt á því, að frv. fái yfirleitt skjóta afgreiðslu.

Þetta frv. er byggt á því, að Vestfirðir og Austurland hafi á undanförnu löngu tímabili eða undanförnum áratugum orðið mjög út undan um fjárveitingar til nýbyggingar vega. Ég er í raun og veru þeirrar skoðunar, að það sé gert allt of mikið úr þessu hér í þessu frv. En ef þetta væri rétt, að þessir fjórðungar hefðu orðið svo mjög út undan, þá væri rétt að velta því fyrir sér, af hvaða orsökum það væri og hver ætti sökina á því. Hv. frsm. minni hl. og fleiri, sem hafa talað hér fyrir frv., hafa getið þess, að fyrir því lægju landfræðilegar ástæður, það væri miklu erfiðara um alla vegagerð á Austfjörðum og Vestfjörðum en öðrum landshlutum og af þessu mundi þetta fyrst og fremst stafa, að þessir landshlutar væru langt á eftir.

Mér dettur ekki í hug að halda annað en 1958, þegar vegamálastjóri lét framkvæma athugun á vegakerfi í landinu og ástandi þess, þá hafi allir menn vitað þetta um landslagið á Austfjörðum og Vestfjörðum og löngu fyrir þá skýrslugerð, þannig að auðvitað átti það þá að vera þannig, að það væri veitt meira fé í þessa staði á undanförnum áratugum, til þess að það skapaðist ekki misrétti, eins og hv. flm. þessa frv. álíta og rökstyðja það með. Ef þeirra rök væru tekin gild, þá gæti þetta naumast stafað af öðru en því, að á fyrri árum, þegar Framsfl. fór með fjármálin og samgöngumálin, hafi hann vanrækt þessa staði, og það hlýtur þá að vera úr þeirri vanrækslu, sem hv. flm. þessa frv. eru að bæta, því að mér dettur ekki í hug að halda, að mönnum hafi ekki verið ljóst, hvað mikið var ógert eða hvernig ástandið var í þessum málum, fyrr en vegamálastjóri tók saman skýrslu um það árið 1958. Hitt vita svo allir, að a. m. k. frá því, að þessi ríkisstj. tók við völdum, hafa hærri fjárveitingar verið veittar á Vestfirði og Austfirði en í önnur kjördæmi. Ég man t. d. eftir bæði 1960 og 1961, þegar 4 millj. kr. voru veittar sérstaklega á fjárlögum til sam-

göngubóta á landi, þá fengu þessi tvö kjördæmi bróðurpartinn af því. Og ég hygg, að á hverju ári hafi í fjárlögum þessir staðir fengið 1—1½ millj. kr. umfram aðra, þannig að misréttið hefur væntanlega minnkað í tíð þessarar ríkisstj.

Hitt er svo annað mál, að ég er persónulega þeirrar skoðunar, að flm. þessa frv. geri allt of mikið úr því, hvað Vestfirðir og Austfirðir séu út undan í samgöngumálum. Það er alls ekki fullnægjandi að leggja fram þessar tölur frá vegamálastjóra 1958, þó að það hafi sjálfsagt orðið breyting til batnaðar fyrir þessa staði síðan, því að í fyrsta lagi er enginn kominn til að segja um, að þeir þjóðvegir og þau hlutföll milli þjóðvega í einstökum kjördæmum, sem þá voru og eru reyndar óbreytt enn í dag, eigi að gilda í framtíðinni. Það kann vel að vera, að þjóðvegakerfinu verði raskað. Það verði teknir inn nýir þjóðvegir og það verði felldir úr þjóðvegir, þannig að enginn veit, hvort þessi hlutföll milli kjördæmanna frá 1958 séu í sjálfu sér þau hlutföll, sem eðlilegt er að gildi í framtíðinni.

Í öðru lagi, þó að teiknaður hafi verið vegur og tekinn inn á vegalög sem þjóðvegur, þá þarf það raunverulega ekki alltaf að sýna ríka nauðsyn þess, að sá vegur sé lagður. Það getur vel verið, að þm. þessara staða hafi hér áður fyrr verið duglegri en aðrir við það að fá þjóðvegi teiknaða og tekna inn á vegalög, og það verður líka að taka það með í reikninginn, þegar á þetta er litið.

Ég lít svo á, að þegar þarf að taka ákvörðun um það, hvar fyrst og fremst eigi að verja fé til samgöngubóta, þá verði aðallega að leggja áherzlu á, hvað það kemur mörgum landsmönnum að gagni. Það er fyrst og fremst fólksfjöldinn, sem þarf að leggja áherzlu á, þegar teknar eru ákvarðanir um, hvar eigi að leggja áherzlu á nýjar vegaframkvæmdir. Það er ekki endilega vegalengdin, heldur fólksfjöldinn. Mér skilst um þessar vegaframkvæmdir, sem þarna eru fyrirhugaðar, — það er að vísu ekki tekið fram, hvaða ákveðnu framkvæmdir eigi að gera, — að þetta séu ákaflega fámenn byggðarlög. Ég er auðvitað ekki á móti því, að allir komist í vegasamband, og það er út af fyrir sig nauðsynlegt að auka vegaframkvæmdir alls staðar á landinu. Fjármagnið er hins vegar ekki nægilegt til þess að verða við óskum allra, og þá verðum við auðvitað að velja og hafna. Og ég tel, að langmestu áherzluna verði að leggja á þær vegaframkvæmdir, sem koma sem flestum að notum. Og þá mun ég t. d. taka fram yfir aðrar vegaframkvæmdir, eins og borið hefur á góma, og það er Siglufjarðarvegur, þar sem fjölmennur kaupstaður er samgöngulaus á landi meiri hluta ársins. Það verður líka að taka tillit til annarra atriða, við skulum segja eins og t. d. um Siglufjörð, að hann nýtur engra flugsamgangna. Það geta aðrir staðir, sem hafa slæmar samgöngur á landi, haft góðar flugsamgöngur. Þá er ýmislegt, sem verður að taka tillit til. Ég tel því, að ef maður hefur það sjónarmið í huga, fólksfjöldann, sem á að njóta þeirra framkvæmda, þá séu ekki eins sterk rök fyrir því að styðja að þessum auknu vegaframkvæmdum á Austfjörðum og Vestfjörðum og hv. flm. þessa frv. vilja vera láta.

Það hefur borið hér lítillega á góma erlendar lántökur til vegaframkvæmda. Yfirleitt tel ég, að það sé allvarhugavert að leggja vegi fyrir erlent fé. En hvort það á að gera eða ekki, hlýtur þó að fara talsvert eftir fjárhagsástandinu og gjaldeyrisástandinu á hverjum tíma. Og þó að það hafi ekki verið talið ráðlegt á fyrstu árum viðreisnarinnar, hefur viðreisnarstefnan þó borið þann árangur, að það mætti vissulega endurskoða þá afstöðu, sem þá var tekin.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég hef gert í þessari hv. d. nokkuð ýtarlega grein fyrir þeim rökum, sem ég tel liggja til þess, að þetta frv. eigi fram að ganga, og ég skal reyna að endurtaka lítið eða ekkert af því. En út af því, sem hér hefur fram komið, vildi ég segja örfá orð.

Því er ekki mótmælt, að jöfnun milli kjördæmanna hafi verið sú meginregla, sem farið hefur verið eftir, hvaða ríkisstj. sem hér hefur setið við völd og hvaða meiri hluti sem hér hefur setið á Alþingi. Og við, sem erum búnir að vera lengi hér á Alþingi, munum skilja, að það hefur verið erfitt að breyta þeirri reglu. Það hefur komið hér fram, að það misrétti, sem sýnt hefur verið fram á að Vestfirðir og Austfirðir búa við, hljóti að stafa af því, að ódugnaður hafi átt sér stað hjá þeim þingmönnum, sem hafa gegnt störfum fyrir þessa landshluta. Ég skal ekki fjölyrða hér um aðgerðir minar í minni sýslu, en æði oft hafa andstæðingarnir látið það fylgja sem skýringu á kjörfylgi minu í sýslunni, hve mikið hafi verið gert í vegamálum þar og hve mjög ég hafi dregið fram hlut minnar sýslu í átökunum um vegaféð. En látum þar við sitja. Ég býst við, að fáir haldi því fram, a. m. k. af hv. andstæðingum, að sá maður, sem hefur lengi verið þm. fyrir Barðastrandarsýslu, Gísli Jónsson, hafi ekki verið útréttingasamur í fjárveitingum til sýslunnar. Og ég a. m. k. hef séð, ekki einu sinni, heldur tugum sinnum skýrslur í Morgunbl. um það, hve mikið fjárveitingar til vega þar færu fram úr því venjulega, sem veitt væri til annarra kjördæma í landinu. Og ég geri ráð fyrir, ef hv. varaþm. Sigurður Bjarnason hlustaði á þessar umr., þætti honum það einkennilegt, ef hv. flokksmenn hans hér á Alþingi færu að bera honum það á brýn, að hann hafi ekki sýnt fullan dugnað í því að útvega fé til Norður-Ísafjarðarsýslu. Þeir menn, sem þannig tala, skilja ekki eðli málsins.

Eðli málsins er það, að það er erfiðara að leggja vegi á Austfjörðum og Vestfjörðum en í öðrum kjördæmum landsins, og hefur verið margtekið fram, að þetta stafar af landslagi, þar sem miklu minna vinnst í vegalagningu um erfið landssvæði en þau, sem betur eru til vegalagningar fallin. En eins og menn vita, hafa ekki verið, hvaða stjórnir sem setið hafa, tök á því að leiðrétta þetta, vegna þess að það vitum við öll, sem höfum setið hér á þingi um langt skeið, að lán í vegi hefur verið bannorð hér á Alþingi, — lán í vegi hefur blátt áfram verið bannorð hér á Alþingi. En ég hef ekki séð, að aðrar leiðir séu færar í málinu heldur en lánaleiðin. Og reynslan þessi 3 ár, sem liðin eru, síðan núverandi stjórn tók við og stjórnarflokkar, sýnir það, að þó að þeir í öðru orðinu lái þeim, sem áður hafa verið við

völd, að hafa ekki leiðrétt þetta mál, þá veitist þeim það þungt eins og öðrum stjórnum. Ég býst við, að erfitt verði að koma því fram í fjvn. að veita stórfé fram yfir þær fjárveitingar, sem venjulegar eru í önnur kjördæmi, til Austfjarða og Vestfjarða, og ég lái þeim það ekki, þó að þeir komi því ekki fram. Það er þess vegna upplýst mál, að það var ekki önnur leið til í málinu en lánaleiðin, sérstök fjárveiting til þess að laga það misrétti, sem þarna er orðið.

Það er vitanlega alveg rétt, sem hér hefur fram komið í ræðum hv. þm., sem mótmæla þessu frv., að það er þörf fyrir vegi annars staðar, — mjög aðkallandi þörf fyrir vegalagningu annars staðar. En hér er talað um að leiðrétta það misrétti, sem þessir fjórðungar landsins hafa sérstaklega orðið fyrir, og það er mál, sem ætti ekki að þurfa að þola bið. Þessir fjórðungar hafa orðið sérstaklega út undan. Þeir hafa orðið fyrir misrétti, og það er þetta misrétti, sem við förum fram á að verði leiðrétt og að þeim leiðum, sem við bendum á.

En ég hefði ekki tekið hér til máls til að endurtaka að sumu leyti það, sem ég hef áður sagt, ef það væri ekki eitt atriði í ræðu eins þm., sem ég vildi sérstaklega benda á, þar sem kom fram kannske allur sannleikurinn í þessu máli, — sannleikurinn í mótstöðunni gegn því. Það var hv. 9. landsk. þm., sem sagði: Það á að leggja áherzlu á vegi, sem koma nógu mörgum til góða. Það er fyrst og fremst sjónarmiðið, sem hafa verður í vegalagningunni, sagði hann. Ég veit ekki betur en á Vestfjörðum, sagði hann, sé mjög fámennt og sú vegalagning á þar af leiðandi ekki rétt á sér. — Þetta er skýrt talað. Fólkinu hefur nú fækkað á Vestfjörðum, eins og rakið hefur verið hér og skýrslur sýna. M. a. hefur bændum fækkað um 4% seinasta ár. Það heldur því enginn fram, sennilega, að það eigi að leggja veg um Sléttuhrepp og eyðihreppana í Norður-Ísafjarðarsýslu. Og það getur orðið stutt, þangað til verður svo fátt fólk á Vestfjörðum með áframhaldandi fækkun, að það þurfi ekki að leggja þar neina vegi. En hér birtist það, sem er raunverulega aðalatriði málsins. Hafa menn trú á því, að það eigi að vera byggð á Vestfjörðum? Hafa menn trú á því, þó að það sé fámennasta kjördæmið á landinu, að það eigi að leggja þar vegi? Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að það sé af illvilja til Vestfirðinga, að þeir vilja ekki leggja vegi á Vestfjörðum. En það er þetta sjónarmið, sem kom fram í ræðu hv. 9. landsk. þm., sem ræður í þessu máli. Menn hafa ekki trú á því, að það séu gerandi framkvæmdir eins og vegalagning fyrir hin fámennu héruð. Hér kemur fram málið allt, og það var gott, að það kom fram.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Þetta verða aðeins örfá orð til að leiðrétta eitt atriði, sem fram kom hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. (MJ), og þykir mér miður, að hann hefur vikið af fundi í bili. En þar sem umr. er að ljúka, vil ég ekki láta það undan falla að láta þessa leiðréttingu koma fram.

Hv. þm. dró þá ályktun af ummælum mínum hér áðan, að við flm. þessa máls teldum, að ekki hefði verið hægt að vinna að þessu máli fyrr en eftir að núv. kjördæmaskipun var lögleidd. Þetta er röng túlkun á ummælum mínum. Og ég hygg, að þessi misskilningur stafi af því, að hv. 6. þm. Norðurl. e. hafi ekki verið viðstaddur fyrri hluta þessarar umr. í dag. Jafnglöggur maður og hann er gat naumast skilið orð mín á þennan veg, hefði hann hlustað á allt það, sem hér hefur fram komið.

Það hafði komið fram í umr., áður en ég tók til máls, að það hefði áður verið vanrækt af þeim, sem áttu að vera málsvarar fyrir Austurland og Vestfirði, að halda nógu vel fram hlut þessara landssvæða í sambandi við skiptingu vegafjár, og var vitnað til þess, hvað þeir, sem nú væru í stjórnarandstöðu, hefðu gert, meðan þeir höfðu meiri völd á þingi og studdu þá ríkisstj., sem þá sat. Ummæli mín voru einungis sögð til þess að svara þessu og benda á, að eðli málsins væri ekki það, að einn eða neinn hefði vanrækt að beita sér fyrir leiðréttingu í þessum efnum, og það væri ekki réttmætt eða sanngjarnt að gera þar upp á milli þm. eftir því, í hvaða flokkum þeir væru, því að meðan einmenningskjördæmi voru í landinu, hefðu sum þau sýslufélög, sem í hlut ættu, notið forustu sjálfstæðismanna. Af þessu leiðir það, að það eru ekki rétt túlkuð mín orð á þann hátt, að að þessu hefði ekki verið hægt að vinna, fyrr en eftir að núv. kjördæmaskipun var lögleidd, heldur ber að skilja orð mín þannig, að eðli málsins er það, eins og m. a. síðasti ræðumaður vék að, að þarna er um erfitt viðfangsefni að ræða og að við setningu fjárlaga um langt skeið hefur mjög verið fylgt þeirri reglu að gera ekki stórbreytingar á fjárframlögum til hinna einstöku héraða frá því, sem gilt hefur að undanförnu. Og í því ljósi verðum við fyrst og fremst að skoða þetta mál, sem hér er til umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 26. fundi í Ed., 4. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Till. frá meiri hl. samgmn. á þskj. 146 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 10:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BGuðm, EggÞ, FS, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, SÓÓ.

nei: BjörnJ, HermJ, KK, JK, PÞ, SE, AGI, ÁB.

2 þm. (FRV, AuA) fjarstaddir.

2. Félagsheimili.

Á 5. fundi í Sþ., 23. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili [49. mál] (þmfrv., A. 49).

Á 8. og 9. fundi í Nd., 29. og 30. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Við þm. Austfirðingakjördæmis í þessari hv. þd. höf-

um leyft okkur að endurflytja frv. það um breyt. á félagsheimilalögunum frá 1947, sem við lögðum fyrir hv. deild á síðasta þingi. Sökum þess, hve frv. var þá seint fram komið, vannst ekki tími til afgreiðslu þess, en nál. frá hv. menntmn. kom fram, þar sem einróma var lagt til, að frv. yrði samþ. óbreytt.

Þegar frv. var lagt fyrir á síðasta þingi, var í framsögu og grg. gerð allýtarleg grein fyrir málinu, og fylgir sama grg. frv. nú. Þar sem svo stutt er síðan málið lá fyrir hv. þd., verður að ætla, að hv. þdm. sé það enn nokkuð í fersku minni og því ekki nú ástæða til að hafa um það mörg orð. En ég vil aðeins minna á, að tildrögin eru þau, að öll sveitarfélög Fljótsdalshéraðs, 10 að tölu, hafa bundizt samtökum um að byggja sameiginlegt félagsheimili, þ. e. héraðsheimili, í Egilsstaðakauptúni, og hafa sveitarstjórnirnar mælzt til þess við okkur þm. Austf., að við flyttum þessa brtt. við félagsheimilalögin, sem miðar að því að létta lítils háttar það mikla og nauðsynlega átak, sem sveitarfélög þessi ætla að ráðast í.

Aðalatriðið í brtt. okkar er, að félagsheimilasjóði sé gert heimilt að greiða allt að 50% af stofnkostnaði héraðsheimilis, ef innanhéraðssamtök eru mynduð um byggingu þess og að þeim samtökum standa a. m. k. 80% af sveitarfélögum héraðsins og minnst þrjú.

Jafnframt leggjum við til, að síðasta málsgr. 2. gr. félagsheimilalaganna falli niður. En þar er fram tekið, að ef félagsheimili nýtur sérstaks byggingarstyrks frá ríkissjóði, þá skuli þó sá styrkur og framlag félagsheimilasjóðs aldrei nema meiru samtals en 40% af byggingarkostnaði. Þetta ákvæði hefur að sögn í nokkrum tilfellum reynzt óheppilegt. Komið hefur fyrir, að ríkið hafi séð sér verulegan hag í að öðlast viss réttindi í félagsheimilum, og veit ég þess dæmi, að það hefur með sérstöku fjárframlagi tryggt barna- og unglingaskóla frambúðarrétt til leikfimiskennslu í félagsheimili og þannig sparað byggingu leikfimishúss. Þótt þetta umrædda ákvæði laganna sé fellt niður, veldur það ekki aukinni fjárhagsbyrði fyrir félagsheimilasjóð, en opnar aðeins eðlilega leið fyrir hið opinbera, þegar það telur sér það hagkvæmt.

Herra forseti. Ég vil mælast til þess, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 49, n. 172).

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Frv. þetta um breyt. á l. um félagsheimili er flutt af öllum þm. Austurlands, sem sæti eiga í þessari hv. d. Það var flutt á síðasta þingi og fékk afgreiðslu í menntmn., sem lagði einróma til þá, að frv. yrði samþ. En málið kom svo seint fram á því þingi, að ekki vannst tími til að ljúka afgreiðslu þess úr d., og er málið því flutt öðru sinni nú. Og enn hefur menntmn. samþ. einróma, að frv. verði samþ.

Þetta frv. gerir ráð fyrir nokkrum breyt. á l. um félagsheimili frá 1947. Eins og kunnugt er, tóku þau lög gildi 1. jan. 1948, og hafa félagsheimili verið reist samkv. þeim víðs vegar um land, bæði stór og smá. Hafa þau verið byggð af ýmsum einstökum félögum, svo sem ungmennafélögum, íþróttafélögum og kvenfélögum og fleiri slíkum innan sama sveitarfélags, og svo hefur sveitarfélagið sjálft oftast nær eða ætíð verið einn stærsti þátttakandi ásamt slíkum félögum. Hefur hið opinbera eða ríkissjóður veitt styrk nokkurn til slíkra bygginga, og er heimild til þess að veita styrk að fjárhæð allt að 40% af byggingarkostnaði.

Nú hefur það komið í ljós, að sums staðar háttar svo, að nauðsyn ber til, að sveitarfélög fleiri í senn geti haft tök á sameiginlegu samkomuhúsi til félagslegra starfa og mannfagnaðar. Eru þá félagsheimili einstakra sveitarfélaga ekki til staðar eða þá þannig staðsett og óhentug, að þau geta alls ekki átt við, svo að vel fari. Þegar svo ber við, hljóta samtök fleiri sveitarfélaga og ýmiss konar félaga innan þeirra að koma til og reisa sameiginlegt héraðsheimili á hentugum stað innan héraðsins. Eðlilega yrði þá um stærri byggingu að ræða, sem fullnægði betur sameiginlegri þörf hins stóra svæðis. Þetta frv. gerir ráð fyrir því, að félagsheimilasjóði — og það er höfuðatriði þessa frv. — sé heimilt að veita styrk, þar sem um félagsheimili er að ræða, sem mörg sveitarfélög standa að og félög innan sama héraðs. Það skilyrði er sett, að 80% af sveitarfélögum héraðsins og eigi færri en 3 hafi gert með sér samning um að reisa og reka slíkt heimili. Og má styrkurinn, þegar svo stendur á, nema allt að 50% af byggingarkostnaði. Það sýnist eðlilegt, að styrkur af opinberri hálfu sé nokkru hærri til slíks heimilis, héraðsheimilis, m. a. vegna þess, að um verulega stærra átak ræðir en venjulegt er um félagsheimili, og auk þess mætti hugsa sér, að þörf einstakra sveitarfélaga til stærri félagsheimila minnkaði að sama skapi og félagsheimilasjóði sparaðist þar af leiðandi hlutfallslega fé. Og það má enn fremur alveg hiklaust telja, og það er álit nm., að héraðsheimili geti orðið enn notadrýgra til félagslegra samtaka og traustara samkomuhalds og svo auðveldara í rekstri á ýmsa lund heldur en hin minni félagsheimili.

Ég tel ekki þörf að ræða málið nánar, en leyfi mér að vísa til grg., sem fylgir frv., og enn fremur til ýtarlegrar ræðu 1. flm. frv. Legg ég svo til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Ég stend ekki upp til þess að andmæla þessu frv. Ég mundi fagna því, ef þetta ákvæði í frv., að styrkurinn, sem félagsheimilasjóður greiðir til félagsheimilanna, hækkaði, yrði til þess að þjappa sveitarfélögunum saman um byggingu þessara heimila, því að mér sýnist lítið vit í því, að hvert sveitarfélag í landinu sé að reisa milljónahús til þessarar starfsemi, þegar auðvelt er, eins og víða er í landi okkar, ekki sízt síðan samgöngur hafa

allar batnað, að sveitarfélögin sameinist um byggingu þessara félagsheimila. En ég vil aðeins nota þetta tækifæri til þess að benda á, að það er nú svo komið fyrir félagsheimilasjóði, að hann er alls ómegnugur að standa undir þeim verkefnum, sem honum er ætlað að styrkja. Hann mun nú skulda ýmsum félagsheimilum í landinu margar millj. Mér er nær að halda, að það séu um 15 millj., sem hann skuldar þeim félagsheimilum, sem er verið að byggja, og þegar svo er, þá sýnist raunar ekki mikið gagn í því að leggja til, að honum sé ætlað að greiða 50% í stað 40% byggingarkostnaðar, sem nú er. Ég bendi á þetta og vil leyfa mér að beina því til hæstv. menntmrh., sem hefur með þessi mál að gera, og raunar til ríkisstj. allrar að athuga vel, hvernig leysa má úr þessum vandkvæðum félagsheimilasjóðs.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil mjög taka undir orð hv. síðasta ræðumanns í sambandi við skuldir félagsheimilasjóðs og greiðslu á byggingarstyrkjum. Mér finnst það vera raunverulega mjög athyglisvert, að hv. menntmn. segir um þetta mál ekki eitt einasta orð í sínu nál. Að gefnu því tilefni vildi ég mega óska þess, að hæstv. forseti frestaði þessari umr. og n. aflaði sér upplýsinga um þær ógreiddar kvaðir, sem á félagsheimilasjóðnum hvíla í dag, og gerði hv. Alþingi fullkomna grein fyrir málinu, áður en gengið er til atkv. um málið. Ég vænti þess, að hv. frsm. fallist á þessa beiðni og hæstv. forseti verði við henni. Verði því neitað, mun ég ekki sjá mér fært að greiða atkv. með málinu.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég vil gefa þá skýringu á því, sem hv. síðasti ræðumaður nefndi, að menntmn. lét ekki fylgja máli þessu ýtarlega prentaða grg. Í fyrsta lagi var flutt allýtarleg munnleg grg. af hálfu frsm. n. og í öðru lagi var þetta mál afgreitt frá n. á síðasta þingi.

Ef n. liti svo á, að með þeirri breyt., sem hún mælir með á þessu frv., væri hún fyrst og fremst að auka útgjöld félagsheimilasjóðs, teldi ég eðlilegt, að hún mælti ekki með slíku, áður en hún fengi ýtarlega grg. um ástand sjóðsins, hvaða getu hann hafi til þess að taka slík útgjöld á sig. N. lítur hins vegar svo á, að þetta frv. eigi, áður en mörg ár líða, ekki að auka, heldur að draga úr útgjöldum sjóðsins. Það er viðurkennt, að félagsheimili hafa sums staðar verið stór og of nærri hvert öðru miðað við byggðina. Hugmyndin á bak við þetta frv., a. m. k. hugmyndin á bak við minn stuðning við þetta mál, er, að frv. eigi að hafa þau áhrif, að skipulagning heimilanna yrði skynsamlegri og í meira samræmi við þörfina og að með því að fleiri sveitarfélög sameinuðust um félagsheimili, þar sem það er hægt vegna samgangna, yrði niðurstaðan sú, að ekki aðeins fengist betri hagnýting, heldur mundu, þegar frá líður, útgjöld sjóðsins verða minni en ella. Ég hef út af fyrir sig ekkert á móti því, ef hv. þm. óska eftir, að nota þetta frv. sem tilefni til að fá inn í þingið ýtarlega skýrslu um það, hvernig félagsheimilasjóðurinn stendur. Það er búið að nefna áður í umr., að hann er orðinn langt á eftir í greiðslum, og það er mikið vandamál, sem mér er kunnugt um að viðkomandi ráðh. hefur íhugað.

Ég vildi gefa þessa skýringu á stuðningi og afgreiðslu n. við frv. Ég sé í þessu frv. leið til að fá skipulegri og hagkvæmari byggingu félagsheimila, sem mundi draga úr útgjöldum heldur en hitt, að þetta mundi auka verulega útgjöld umræddsjóðs.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. menntmn. fyrir góða afgreiðslu þessa máls og þann rétta skilning, sem formaður n. setti fram í ræðu, sem var nú að ljúka. Ég vil vænta þess, að hæstv. forseti að loknu þinghléi stuðli að því að hraða málinu út úr deildinni.

Ég sé ekki ástæðu til að víkja orðum að því, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði hér áðan í sambandi við það að fresta málinu. Hv. formaður menntmn. gerði grein fyrir, hver eru sjónarmið n. í þessu máli, og þau eru alveg samhljóða því, sem sett hefur verið fram, bæði í grg. með málinu og í framsögu á sínum tíma. En ég er persónulega sannfærður um, að ummæli hv. form. menntmn. eru réttmæt, þau, að ef tekst að hverfa að því fyrirkomulagi, sem hugsað er í málunum samkv. breytingunni, sem við Austfirðingarnir berum fram, þá sé ástæða til að vænta þess, að það verði frekar sparnaður í framtíðinni fyrir sjóðinn og enn fremur miklu meiri hagkvæmni fyrir þá, sem koma til að njóta félagsheimilanna.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil gjarnan láta það koma fram nú við 2. umr. þessa máls, að málefni félagsheimilanna eða félagsheimilasjóðs eru í sérstakri athugun í menntmrn.

Svo sem öllum hv. dm. er án efa kunnugt, hefur ríkisvaldið til umráða til styrktar byggingu félagsheimila helming af skemmtanaskatti. Hinn helmingur skemmtanaskattsins rennur til þjóðleikhússins til greiðslu á rekstrarhalla þess. Það hefur komið í ljós um mörg undanfarin ár, að þessi helmingur skemmtanaskatts, sem hefur numið 3—3½ millj. kr. á ári, dugir hvergi nærri til að greiða þá hámarksstyrkupphæð, sem gildandi lög um félagsheimili gera ráð fyrir að félagsheimilasjóður greiði, en heimild er til að greiða til að styrkja byggingu félagsheimilis allt að 40% byggingarkostnaðar. Það hefur undanfarin ár vantað mjög mikið á, að helmingur skemmtanaskatts hafi dugað til að greiða 40% byggingarkostnaðar þeirra félagsheimila, sem byggð hafa verið eða í byggingu eru nú, og hefur þess vegna mjög mikið á það skort, að félagsheimilasjóður hafi getað innt af hendi þann hámarksstyrk, sem lögin gera ráð fyrir. En ástæða er til að undirstrika það, að gildandi lög um félagsheimilasjóð leggja ekki skyldu á sjóðinn um að greiða 40% styrk, heldur er þar um hámarksheimild að ræða, og sjóðurinn greiðir að sjálfsögðu ekki meira en helmingur skemmtanaskatts hrekkur til að inna af hendi. En ríkisstj. er algerlega ljóst, að við svo búið má ekki öllu lengur standa, að í fyrsta lagi séu byggð félagsheimili hér þannig, að byggingarkostnaður þeirra sé miklu meiri en nokkur von er til þess, að helmingur skemmtanaskatts geti styrkt með 40%

byggingarkostnaðar, samtímis því sem þessi ákvæði séu í lögum, að heimilt sé að greiða 40% byggingarkostnaðar í styrk. M. ö. o.: annaðhvort verður að gerast, að aflað sé fjár til viðbótar skemmtanaskattinum eða l. um skemmtanaskatt sé breytt, þannig að hann gefi meiri tekjur, ef það á að vera raunhæft, sem nú er í lögum, að félagsheimilasjóður megi styrkja allt að 40% af byggingarkostnaði. Þetta hefur valdið því, að þessi mál eru, eins og ég sagði í upphafi, í sérstakri athugun, og er sú athugun tengd athugun, sem fer samhliða fram á lögunum um skemmtanaskatt.

Um nokkurt skeið undanfarið hafa komið fram hér á Alþingi till. til breyt. á gildandi skemmtanaskattslögum, en aldrei náðst um þær breytingar samstaða. Nú hefur undanfarnar vikur farið fram alveg sérstök athugun á möguleikum þess að auka tekjur af skemmtanaskatti, og ætti þá félagsheimilasjóður að geta notið góðs þar af, ef samkomulag næðist um þær breyt. á skemmtanaskattinum, sem till. verða væntanlega lagðar fyrir Alþingi um, þegar það kemur saman aftur. En það vildi ég þó taka fram, að ekki er nokkur von til þess, að hægt sé að auka tekjur af skemmtanaskatti svo mjög, að það dugi til þess að greiða 40% af byggingarkostnaði þeirra félagsheimila, sem byggð hafa verið undanfarin ár og gera má ráð fyrir að verði byggð á næstu árum, þannig að ég tel Alþingi standa þarna frammi fyrir þeim vanda, þegar það kemur saman aftur nú eftir þinghléið, að gera upp við sig, hvort það er reiðubúið til að finna nýjan tekjustofn, sem félagsheimilasjóður geti fengið til umráða. Ég segi það aftur og undirstrika það, að þó að samkomulag næðist um aukningu, — ekki hækkun á skemmtanaskattinum, heldur aukningu á gjaldsviði hans, — þótt samkomulag næðist um þær breytingar á skemmtanaskattslögunum, sem gætu aukið tekjur af skemmtanaskatti nokkuð, þá tel ég vonlaust, að sú hækkun geti verið svo mikil, að það leysi fjárhagsvandamál félagsheimilasjóðs, þannig að nauðsynlegt mun vera að grípa til annarra ráðstafana til viðbótar, ef Alþingi vill, að ákvæðið um 40% styrk félagsheimilasjóðs af byggingarkostnaði sé annað en dauður bókstafur, svo sem það raunverulega hefur verið undanfarin ár.

Ég vona, að þegar í upphafi starfstíma þingsins eftir þinghléið verði hægt að leggja fram till. um breytingar á skemmtanaskattslögunum, sem leysi hluta af vanda félagsheimilasjóðsins. Í því sambandi er einnig hugsanlegt, að lagðar verði fram till. um breyt. á félagsheimilalögunum, víðtækari en þær, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. En um þetta frv. út af fyrir sig vil ég aðeins segja það, að ég tel meginhugsunina í því stefna í rétta átt, hana út af fyrir sig vera skynsamlega, þar sem með þessu frv. er stefnt í þá átt, að félagsheimilin verði færri og stærri en þau hafa orðið undanfarið. Það er breyting í rétta átt, og ég tek undir með þeim ræðumönnum, sem það hafa sagt, að það mun eflaust verða til sparnaðar í byggingarkostnaði og þá um leið til sparnaðar á styrk félagsheimilasjóðs til bygginganna, að þessi stefna sé tekin. En vera má, að enn lengra þurfi að ganga í þessa átt m. a. heldur en gert er ráð fyrir í þessu frv., og þá verður Alþingi að gera það mál upp við sig þegar eftir þinghléið, því að ég er þeirrar skoðunar, og skulu það vera mín síðustu orð að þessu sinni, að það sé ekki vansalaust, að Alþingi láti árum saman, ef ekki áratugum saman, standa í lögum ákvæði, sem heimila ákveðnum opinberum sjóði, í þessu tilfelli félagsheimilasjóði, að styrkja byggingar að ákveðnum hundraðshluta, en Alþingi sjái sama sjóði ekki fyrir nægilegu fé til að fullnægja þessu ákvæði sinna eigin laga. Annaðhvort verður að gerast, að Alþingi afli fjár, sem geri sjóðnum kleift að standa undir skuldbindingum sínum, eða breyta skuldbindingunum þannig, að það fé, sem Alþingi veitir, sé raunhæf fjárveiting í þessu skyni.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það er nú augljóst af þeim umr., sem hér hafa farið fram um þetta mál, að þetta frv. leysir ekki allan vanda félagsheimilanna. Og ég verð að segja, að ef hv. menntmn. hefur verið ljóst innihald ræðu hæstv. menntmrh., áður en n. afgreiddi þetta mál, þá hefði hún ekki átt að flýta sér að afgreiða málið, eins og hefur verið gert. Hafi henni hins vegar ekki verið ljóst það, sem hæstv. ráðh. hefur sagt hér, þá skilst mér, að það sé alveg sjálfsögð krafa frá hv. Alþingi að biðja n. um að taka málið aftur til athugunar og sjá, hvort ekki sé hægt að samræma þau sjónarmið, sem hæstv. ráðh. lýsti hér, og gera þær breytingar á heildarlögunum, sem hann talaði um að þyrfti að gera til þess að koma þessum málum í sæmilegt horf.

Ég endurtek því ósk mína til hæstv. forseta um, að umr. um þetta mál verði nú frestað, fleiri upplýsingar komi frá n. og nefndin m. a. athugi, hvort ekki sé hægt að samræma þær breytingar, sem hér eru í frv., þeim till., sem hæstv. ráðh. hefur minnzt á, því að hvaða vinnubrögð væru það hér á Alþingi að samþ. þetta frv. og taka svo upp annað nýtt frv. rétt á eftir með þeim úrbótum, sem hæstv. ráðh. hefur bent á í sambandi við lausn málsins í heild?

Ég vil því vænta þess, að hæstv. forseti verði við þessum tilmælum, taki málið út af dagskrá, fresti afgreiðslu til 3. umr. þar til eftir þinghlé. Þá kann að liggja fyrir miklu betur, hvernig hægt sé að bjarga úr þessum vanda fyrir félagsheimilin.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Ég þykist vita það, að flestallir þm. hafi nokkra hugmynd um það, hver hagur félagsheimilasjóðs sé í dag, og ekki síður hv. 1. þm. Vestf. (GíslJ) en við hinir, en hann er mjög bágborinn. Hæstv. menntmrh. hefur lýst yfir, að það sé í athugun að efla hann meir en áður. Og það er sýnt, og m. a. vakti það fyrir okkur í menntmn., að höfuðatriði frv., að hjálpa til að reisa fremur héraðsheimili en einstök félagsheimili, mundi verka til sparnaðar félagsheimilasjóði, og það held ég að hv. þm. öllum hljóti að vera ljóst. Þetta er höfuðatriði frv., sem hér er á ferð. Frekari fjáröflun til félagsheimilasjóðs er svo annað mál, sem sjálfsagt getur tekið langan tíma að finna sæmilegan flöt á, þannig að teljast megi viðunandi úrlausn.

Ég sé út af fyrir sig ekki, að það sé ástæða til að fresta afgreiðslu frv., sem hér liggur fyrir, og geri ekki tillögu um það. En ég vænti þess, að hæstv. menntmrh. geti einhvers staðar á leiðinni komið að sínum till. til úrbóta á hinum bágborna hag félagsheimilasjóðs. En það frv., sem hér liggur fyrir, eða efni þess hlýtur að vera í augum flestra, ef ekki allra þm., mjög nauðsynlegt til þess m. a. að koma hag félagsheimilasjóðs á réttari og betri kjöl.

Forseti (JóhH): Það hefur komið fram ósk frá hv. 1. þm. Vestf. (GíslJ) um að fresta umr. þessa máls. Í sjálfu sér skiptir ekki miklu máli, hvort umr. er frestað nú eða það gengur til 3. umr., þetta er í fyrri deild. Þó er kannske rétt að ganga ekki fram hjá slíkri ósk. En ég vil taka það fram af tilefni þeirra ummæla, sem fram komu frá hv. flm., að forseti mun á engan hátt draga úr því, að málið fái eðlilega og skjóta afgreiðslu að þinghléinu loknu.

Umr. frestað.

Á 33. fundi í Nd., 31. jan., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., 4. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 7. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 38. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 39. fundi í Ed., 11. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Frv. þetta er flutt af samþingismönnum mínum úr Austurlandskjördæmi, en þeir eiga allir sæti í hv. Nd. Samkv. gildandi lögum njóta félagsheimili fjárhagsstuðnings úr félagsheimilasjóði, þannig að heimilað er að greiða allt að 40% byggingarkostnaðar. Með frv. þessu er lagt til að gera þá breyt. á lögunum, að félagsheimili verði flokkuð í tvo flokka: Annars vegar séu hús, sem reist eru í þágu eins sveitarfélags og sveitarfélagið sjálft og önnur félög standa saman að byggingu slíkra húsa. Þegar um þann flokk félagsheimila sé að ræða, verði stuðningur úr félagsheimilasjóði hinn sami og nú er samkv. gildandi lögum. En hinn flokk félagsheimila, sem gert er ráð fyrir að þetta frv. taki til, má kalla héraðsheimili, en það eru hús, sem félög á stóru svæði eða mörg sveitarfélög ákveðins héraðs gera samning um að reisa og reka sameiginlega, enda hafi 80% sveitarfélaga héraðsins og eigi færri en 3 gert með sér slíkan samning. Frv. gerir ráð fyrir, að styrkur til slíkra húsa megi nema allt að 50% byggingarkostnaðar.

Það er augljóst, að það er hagkvæmt fyrir félagsheimilasjóð, að þessi starfsemi færist þannig saman, að sveitarfélög á allstóru svæði myndi með sér samtök um að reisa og reka hús til félagsstarfsemi, ef samgöngur og aðrar ástæður leyfa það eða mæla með, að svo verði. En það, sem hvetur þm. Austurlandskjördæmis til að flytja þetta mál og reyna að koma því fram, er, að Egilsstaðakauptún er orðið miðstöð samgangna, verzlunar og félagsstarfsemi á Fljótsdalshéraði, og þar er í smíðum félagsheimili, sem á að starfa í þágu margra sveitarfélaga í þessum landshluta, og standa þau sameiginlega að byggingu félagsheimilisins.

Þetta frv. hlaut einróma meðmæli menntmn. Nd. og er nú komið hér til 1. umr. í síðari þd. Ég vænti þess, að það eigi góðum skilningi að mæta í þessari hv. d. og fái hér greiða afgreiðslu. Ég tel rétt, að frv. verði vísað að lokinni umr. til menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 49, n. 580 og 587).

Frsm. meiri hl. (Auður Auðuns): Herra forseti. Menntmn. þessarar hv. þd. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þess frv., sem hér er til umr. Hv. 5. þm. Austf. hefur skilað sérnál., en hv. 5. þm. Reykn. var fjarverandi, þegar afstaða var tekin til málsins í n. Meiri hl. n. leggur hins vegar til, að málinu verði vísað til ríkisstj.

Samkv. núgildandi lögum um félagsheimili er hámark styrks úr félagsheimilasjóði til byggingar félagsheimila 40% af byggingarkostnaði. Með frv. er lagt til, að styrkur geti farið upp í 50% af byggingarkostnaði, ef um er að ræða sameiginlegt félagsheimili margra félaga og sveitarfélaga ákveðins héraðs, og eru þessi félagsheimili í frv. nefnd héraðsheimili.

Í grg. með frv. vikja hv. flm. að því, að með byggingu slíkra héraðsheimila vinnist það á, að félagsheimilin í einstökum sveitum verði höfð smærri í sniðum, sniðin eftir heimaþörf að mestu og þannig muni sparast í stofnkostnaði fé fyrir hlutaðeigandi sveitir og þar með fyrir félagsheimilasjóð og um leið verði rekstur þessara heimila hagkvæmari og kostnaðarminni fyrir þá aðila, sem að rekstrinum standa. Hvort það, sem þannig kann að sparast, vegur á móti framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags eða sveitar til byggingar og rekstrar héraðsheimilisins, skal látið ósagt, en af grg virðist mega ráða, að flm. telji, að svo muni ekki verða, enda mætti þá ef til vill segja, að grundvöllur væri hæpinn fyrir hærri byggingarstyrk til héraðsheimila, ef hlutaðeigandi sveitir sæju sér beinlínis fjárhagslegan ávinning að byggingu héraðsheimila vegna lækk-

aðs byggingar- og rekstrarkostnaðar heima fyrir.

Eins og fram kemur í nál. meiri hl. og hv. þm. er reyndar öllum kunnugt, skortir nú í dag milljónatugi á, að félagsheimilasjóður geti staðið undir sínum skuldbindingum. Samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef aflað mér um þetta nýverið í menntmrn., munu skuldir félagsheimilasjóðs vegna framkvæmda, sem þegar hafa farið fram, nema um 23 millj. kr., og fyrirsjáanlegt, að við þetta bætast 24 millj. vegna framkvæmda, sem í gangi eru, þ. e. a. s. með því, sem enn er óunnið við þær framkvæmdir. Þetta gerir samtals milli 47 og 48 millj., sem vantar á, að endarnir nái saman. Að vísu mun það fé, sem félagsheimilasjóður hefur til umráða á næstu árum, ganga til greiðslu á þeim upphæðum, en einnig má búast við, að ráðizt verði í nýjar framkvæmdir, sem félagsheimilasjóður þarf þá jafnframt að standa undir að sínum hluta. Meðan svo horfir, telur meiri hl. menntmn. óeðlilegt að hækka hlutfallslega framlög til einstakra framkvæmda.

Síðan málið var afgr. í n., hefur það gerzt, að lagt hefur verið fram í hv. Nd. Alþingis stjórnarfrv. um breyting á skemmtanaskattslögunum. Í því frv. er lagt til að undanþiggja ýmiss konar samkomuhald skemmtanaskatti, en jafnframt að leggja sérstakan nýjan skemmtanaskatt á gesti vínveitingahúsa. Í grg. með því frv. segir, að erfitt sé að áætla með vissu annars vegar, hve mikið hinar nýju undanþágur muni lækka tekjur af skemmtanaskattinum, og hins vegar, hve mikill tekjuauki verði af hinum nýja skatti á gesti vínveitingahúsanna, en um hið síðarnefnda er gerð lausleg áætlun, sem allur fyrirvari er þó hafður á um að staðizt geti að nákvæmni. Það er þó talið, að frv., ef að lögum verður, sem full ástæða er til að ætla, að það hljóti fullnaðarafgreiðslu nú á þessu þingi, — það er þó talið, að það muni auka heildartekjur af skemmtanaskatti, en hann rennur, svo sem kunnugt er, að helmingi í félagsheimilasjóð. Með tilliti til hinnar erfiðu afkomu félagsheimilasjóðs og þess, að ekki er vitað með neinni vissu, að hve miklu leyti fram komið stjórnarfrv. um breytingar á skemmtanaskattslögunum mundi auka tekjur félagsheimilasjóðsins, telur meiri hl. menntmn. ekki hægt að mæla með samþykkt þess frv., sem hér er til umr., og leggur því til, að því verði vísað til ríkisstj.

Frsm. minni hl. (Páll Þorsteinsson): Þetta frv., sem hér er til umr., er 49. mál þingsins. Það var flutt í hv. Nd. s. l. haust og hefur því verið mjög lengi til athugunar í þinginu. Það felur í sér það nýmæli, að styrk megi veita til félagsheimilis, sem ætlað er að vera samhýsi eða héraðsheimili félaga og sveitarfélaga ákveðins héraðs, þannig að styrkurinn nemi þá 50% af byggingarkostnaði. En til þess að þessu skilyrði sé fullnægt, að húsið teljist héraðsheimili, þurfa 80% sveitarfélaga héraðsins og eigi færri en 3 að hafa gert með sér samning um að reisa og reka félagsheimili.

Það er augljóst, að ef frv. þetta yrði samþ., mundi það leiða til verulegra hagsbóta á vissum stöðum, þar sem verið er að reisa hús, sem fullnægja þeim skilyrðum, sem ákveðin eru í frvgr. að þurfi að vera fyrir hendi, til þess að styrkur geti numið 50%. Hins vegar er jafnaugljóst, að hús, sem fullnægja þessum skilyrðum, eru ekki mjög mörg. Staðhættir hér á landi eru þannig, að það getur aldrei mikill fjöldi félagsheimila fallið undir þau ákvæði, sem í frvgr. segir. Vegna þess er ekki ástæða til að ætla, að af samþykkt frv. mundi leiða stórfelldan útgjaldaauka fyrir félagsheimilasjóð. Það fór og svo, að menntmn. Nd., sem hafði þetta mál til athugunar alllengi á fyrri hl. þessa þings, mælti einróma með samþykkt frv. og gaf út um það nál. 5. des. 1962. En svo virðist á afstöðu hv. meiri hl. menntmn. sem einhver skoðanaskipti hafi orðið síðan fyrir síðustu áramót, því að meiri hl. hv. menntmn. þessarar hv. d. getur ekki fallizt á að mæla með samþykkt frv., en leggur til, að því verði vísað til ríkisstj.

Nú er það rétt, sem hv. frsm. meiri hl. menntmn. tók fram, að fjárhagur félagsheimilasjóðs er ekki traustur, og svo hefur verið um skeið, að félagsheimilasjóð hefur tilfinnanlega vantað fé til að standa straum af þeim gjöldum, sem honum ber að inna af hendi samkv. félagsheimilasjóðslögunum. En þetta er ekki nýtilkomið. Ég sé ekki, að félagsheimilasjóður standi að þessu leyti verr að vígi, svo að teljandi sé, heldur en fyrirsjáanlegt var 5. des. 1962, þegar hv. menntmn. Nd. afgreiddi þetta frv., og svo nokkrum vikum síðar, þegar hv. Nd. samþykkti frv.

Það hefur verið gefið í skyn nú á síðari hluta þessa þings, að von væri á frv. frá hæstv. ríkisstj., sem miðaði að því að efla hag félagsheimilasjóðs, og nú síðustu dagana hefur komið fram frv. um breyt. á l. um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, og munu í því felast þær till., sem hæstv. ríkisstj. hyggst leggja fyrir þetta þing og reyna að koma fram í þessu efni. Ég fæ því ekki séð, að það sé í sjálfu sér eftir neinu að bíða með að lögfesta þau ákvæði, sem í þessu frv. felast, enda er nú komið að lokum þessa þings. En till. meiri hl. um að vísa málinu til ríkisstj. jafngildir að sjálfsögðu því, að þetta frv. sé fellt, vegna þess að ríkisstj. hefur ekki að óbreyttum lögum heimild til að greiða meira en 40% stofnkostnaðar úr félagsheimilasjóði, þótt hún kynni að hafa hug á því eða álíta það réttmætt í vissum tilfellum. Ég legg því til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt, eins og það liggur fyrir á þskj. 49.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 74. fundi í Ed., 17. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Till. frá meiri hl. menntmn. á þskj. 587 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 10:4 atkv.

Lagafrumvörp ekki útrædd.

1. Innlend endurtrygging.

Á 13. fundi í Nd., 8. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 frá 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl. [87. mál] (stjfrv., A. 107).

Á 14. og 15. fundi í Nd., 13. og 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 16. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Hæstv. forseti. Þetta frv. til l. um breyt. á l. um innlenda endurtryggingu ber það eitt í sér, að ábyrgðarsla eða heimild til ábyrgðarsla handa hluthöfum er lítils háttar hækkuð frá því, sem nú er í lögum. Þessi ábyrgðarsla hefur nú verið takmörkuð við 6% og hefur yfirleitt verið það nema um skeið, þegar hún var ákveðin aðeins 5%. Þessar hámarkstölur hafa verið við það miðaðar að vera 1—2% hærri en venjulegir innlánsvextir í sparisjóði Landsbanka Íslands. Breytingin, sem hér er lagt til að gerð verði á lögunum, felur það í sér, að hámarksupphæðinni verði breytt, þannig að það sé jafnan heimild til að hafa ábyrgðarsluna miðaða við innlánsvexti, en allt að 2% hærri. Enn fremur er í þessum breytingum gert ráð fyrir, að ábyrgðarslur megi færa á milli ára, ef ekki er hægt að greiða þær upp samkv. ákvæðum laganna eitthvert árið.

Aðilar að þessari tryggingastarfsemi eru: Ríkissjóður, sem hefur lagt til 1 millj. og 850 þús. kr. í áhættufé, tryggingafélögin, Tryggingastofnun ríkisins 136 þús., Brunabótafélag Íslands 136 þús. og Sjóvátryggingafélag Íslands 136 þús., eða samtals þessi tryggingafélög 408 þús. Enn fremur útgerðarmenn nokkrir, sem samanlagt hafa lagt fram 2 millj. 706 þús. kr. Áhættuábyrgðirnar eru dreifðar á sömu aðila nema útgerðarmennina, þ. e. ríkissjóð og tryggingafélögin þrjú, sem ég nefndi. Það hefur orðið vart óánægju með það, að þessir aðilar, sem eiga hlut að endurtryggingunni, hafa ekki átt kost á að fá sparisjóðsvexti af sínu fé, og frá þeim eru tilmæli um þessa breytingu komin.

Ég vildi leyfa mér að leggja til, að frv. yrði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og sennilega hv. sjútvn.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér þykir rétt við þessa umr. að minnast nokkuð á, hvernig þessi stofnun er til orðin. Fé það, sem hér um ræðir og lagt er fram af þeim aðilum, sem hæstv. ráðh. minntist á, er hreinn ágóði af iðgjöldum til stríðsvátrygginganna á stríðstímunum og stafaði að sjálfsögðu langmest af því, að á því tímabili tóku þessir aðilar allt of há iðgjöld til að standa undir hinum raunverulega kostnaði. Árið 1942 var búið að greiða þessum hluthöfum stórar fjárfúlgur í ágóða. Kom þá fram frv. um það á Alþingi að greiða enn þær upphæðir, sem hefðu grædzt á tryggingunni frá síðustu greiðslu, og var þá borið fram stjfrv. um það atriði, en fyrir baráttu mína og annarra, sem voru þá hér á Alþingi, var þessu breytt þannig, að þetta fé skyldi notað til þess að stofna íslenzka endurtryggingu. Og hún átti fyrst og fremst að vera til þess að lækka, ef mögulegt væri, iðgjöld á fiskiflotanum. Þessir aðilar, sem hér um ræðir, hafa því aldrei, aðrir en útgerðarmennirnir, sem áttu aðeins 10%, lagt einn einasta eyri fram í þessar tryggingar, tekið að vísu ábyrgð á bótum, en skóflað inn til sín stórkostlegu fé af þessari tryggingu. Veit ég, að hæstv. ráðh. mun vera þetta kunnugt.

Ég vil því mega óska þess, að sú nefnd, sem fær þetta mál til athugunar, aflaði sér upplýsinga um þessi mál, m. a. hvernig þessi starfsemi hefur gengið, hvort hún hefur verið fær um að lækka iðgjöld, eins og til var ætlazt, og hvort ekki sé viturlegra að nota þetta fé, sem hér er ætlað að greiða til hluthafa, sem aldrei hafa lagt einn eyri fram, til þess að ná því takmarki, sem upphaflega var ætlazt til, þ. e. að lækka iðgjöldin í landinu.

Ég skal ekki ræða þetta mál nánar á þessu stigi málsins, en vildi aðeins gefa þessar skýringar á, hvernig þessi sjóður er til orðinn og hvaða verkefni hann átti að sinna og á enn að sinna.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

2. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Á 21. fundi í Sþ., 13. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna [118. mál] (stjfrv., A. 187).

Á 29. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., 11. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í frv. þessu er gert ráð fyrir nýskipun á íslenzkum rannsóknum í þágu atvinnuveganna, auk þess sem sett eru ákvæði um sérstaka fjáröflun, til þess að unnt verði að efla rannsóknarstarf á tilteknum sviðum. Áður en ég geri grein fyrir efni frv., tel ég rétt að fara nokkrum orðum um gildi þess og nauðsyn að efla vísindarannsóknir á Íslandi og gera stutta grein fyrir því merka starfi, sem nú er unnið á íslenzkum rannsóknarstofum í þágu atvinnuveganna.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, hvern þátt vísindi og tækni hafa átt í þeim risavöxnu framförum, sem átt hafa sér stað með mannkyni á undanförnum áratugum, og hvílíkt gildi vísindin hafa haft, ekki aðeins fyrir þekkingu mannsins og skilning á umheiminum og sjálfum sér, heldur einnig heilsu hans og lífskjör, velmegun hans og hamingju.

Bandarískar rannsóknir hafa leitt í ljós, að um það bil 80—90% af þeirri aukningu, sem orðið hefur á þjóðarframleiðslu á mann þar í landi á undanförnum áratugum, virðast eiga rót sína að rekja til bættrar tækni, sem nýjar uppgötvanir á sviði vísinda hafa gert mögulega, og bættrar skipulagningar. Athuganir, sem gerðar hafa verið í Svíþjóð, hafa leitt í ljós, að af árlegri aukningu þjóðarframleiðslunnar, sem á síðasta áratug var talin hafa numið 3.7%, má telja, að 2.2% eða um ⅗ hlutar eigi rót sína að rekja til bættrar tækni og skipulagningar. Það er yfirleitt ríkjandi skoðun meðal fræðimanna og stjórnenda fyrirtækja, að bætt tækni og skipulagning hafi á undanförnum áratugum hvarvetna átt miklu meiri þátt í þeirri framleiðsluaukningu, sem orðið hefur, en aukin fjárfesting eða aukinn mannafli við framleiðsluna. En undirstaða tækniframfara er ný þekking, ný tæki, ný efni og nýjar aðferðir, sem eru árangur víðtæks rannsóknarstarfs.

Vísindin hafa og gerbreytt daglegu lífi mannkyns og ekki aðeins gert því kleift að stórauka neyzlu sína, heldur hafa þau jafnframt valdið því, að hún hefur gerbreytzt. Á ráðstefnu þeirri um raunvísindi, sem hér var haldin fyrir hálfu öðru ári, skýrði erlendur fyrirlesari frá því, að kunnur iðnrekandi í Bandaríkjunum hafi fyrir nokkrum árum talið, að helmingur bandarísku þjóðarinnar starfaði að framleiðslu og dreifingu vörutegunda, sem hefðu alls ekki verið til og ekki hefði verið hægt að framleiða fyrir 50 árum. Ályktun iðnrekandans var sú, að eftir 25 ár mundi helmingur bandarísku þjóðarinnar fást við framleiðslu og dreifingu á vörum, sem nú væru óþekktar.

Með þessu er auðvitað ekki verið að staðhæfa, að efling vísinda og aukning rannsóknarstarfa sé bókstaflega hið eina, sem máli skiptir fyrir framfarir og hagsæld mannkyns. Aukin menntun er t. d. forsenda þess, að unnt sé að efla vísindi og rannsóknir til frambúðar. Og efling menntunar og vísinda kemur ekki að notum, ef áranguri nn er ekki hagnýttur skynsamlega og áherzla lögð á bætta stjórn og skipulagningu í framleiðslu og dreifingu. Þess vegna verður maðurinn að sækja fram á mörgum sviðum samhliða. En eitt hið mikilvægasta er áreiðanlega rannsóknarstarfsemin. Allar menningarþjóðir leggja þess vegna á það mikla áherzlu að efla hvers konar rannsóknarstörf, jafnhliða því sem þær keppa að því að bæta menntun sína.

Talið er, að helztu stórveldin verji til rannsóknarstarfa og starfsemi við hagnýtingu á niðurstöðum hreinna og hagnýtra rannsókna í framleiðslu fjárhæð, sem svarar til 2% af þjóðarframleiðslunni. Um það bil helmingur þessa fjár er talið notað í þágu landvarna, og meiri hluti þess gengur ekki til rannsókna í þrengri merkingu orðsins, heldur til þeirrar starfsemi, er miðar að því að hagnýta rannsóknarniðurstöður í sjálfri framleiðslunni. Sé miðað við það, að þjóðarframleiðsla Íslendinga á ári nemi um 8 milljörðum kr., ættu Íslendingar að verja 160 millj. árlega til rannsóknarstarfsemi í víðri merkingu, ef þeir hygðust verja hlutfallslega jafnmiklu fé til rannsóknarmála og talið er að stórveldin geri. Ef tekið er tillit til þess, að þau eru talin nota um helming þess fjár, sem þau verja til rannsóknarmála, í þágu landvarna sinna, þá ætti það fé, sem hér ætti að verja til rannsóknarstarfsemi, að nema um 80 millj. kr. árlega, ef um hlutfallslega jafnmikla rannsóknarstarfsemi að öðru leyti ætti hér að vera að ræða og hjá stórveldunum.

Ekki eru til öruggar upplýsingar um, hversu miklu fé er nú varið hér á landi til rannsóknarstarfsemi í víðri merkingu orðsins. En fullyrða má þó, að því fer víðs fjarri, að varið sé í þessu skyni fé, er nálgast þá upphæð, sem ég nefndi. Miðað við önnur lönd er það, sem hér skortir fyrst og fremst, að fyrirtæki leggi fram fé til eigin rannsóknarstarfsemi. Skýringin á því, að hér kveður nær ekkert að slíku, er að sjálfsögðu sú, hversu lítil íslenzk fyrirtæki eru. Smáþjóðum er þó ekki síður nauðsynlegt en stórveldum að stunda rannsóknarstarfsemi, og hún getur haft jafnmikla þýðingu, bæði almenna þýðingu og hagnýta, hjá smáþjóðum og stórveldum. Ekki ætti að þurfa að vera um það ágreiningur, að brýna nauðsyn beri til þess, að auknu fé sé hér á landi varið til rannsóknarmála.

Spurningar, sem maðurinn leitast við að svara með rannsóknarstörfum, eru í stórum dráttum tvenns konar. Sumar lúta að hagnýtum atriðum, viðleitni mannsins til þess að gera það betur, hraðar og ódýrar, sem hann er að gera. Aðrar eru fræðilegs eðlis, snerta löngun mannsins til þess að vita og skilja heiminn, sem hann lifir í, og sjálfan sig. Sem dæmi um hið fyrra má nefna þær framfarir, sem orðið hafa í siglingum, frá því að maðurinn þekkti aðeins seglskip og þangað til honum lærðist að byggja nýtízku vélskip. Hér

var um hagnýtt reynsluverkefni að ræða, en ekki nauðsyn á skilningi á náttúruöflum eða lögmálum. Til hinna viðfangsefnanna má t. d. telja stjörnufræði, sem átt hefur ríkan þátt í þróun hreinna vísindarannsókna vegna þess, hve auðvelt er að athuga fyrirbærin, sem um er að ræða, og hins, hve tiltölulega einföld þau stærðfræðilögmál eru, sem skýra fyrirbærið. En smám saman fór að kveða æ meir að þriðju tegund viðfangsefna, þ. e. a. s. þeim, sem lutu að tilraunum til þess að hagnýta þá fræðilegu þekkingu, sem aflað hafði verið í hreinum eða tilgangslausum rannsóknum, í því skyni að búa til nýja hluti og bæta tækni. Þær rannsóknir, sem fást við slík viðfangsefni, hafa verið nefndar hagnýtar rannsóknir. Þýðing slíkra hagnýtra rannsókna hefur farið stórvaxandi á síðari árum. Hefur aukning þeirra jafnvel verið svo mikil, að stundum hefur virzt hætta á, að fyrir þær sakir drægi úr hinum hreinu eða tilgangslausu rannsóknum.

Svo hefur þó, sem betur fer, ekki orðið. Svokölluð ný ríki helga þó rannsóknarstörf sín að langmestu leyti hagnýtum rannsóknum, en eldri menningarríki hafa varðveitt áhuga sinn á hreinum eða tilgangslausum rannsóknum. Í sérhverju landi, einkum smáríkjum, er þó jafnan mikill vandi að finna hæfilegt jafnvægi milli þessara tveggja tegunda rannsókna. Nú á tímum verður hins vegar æ erfiðara að greina skýrt á milli hreinna vísindarannsókna og hagnýtra. Er því nú á tímum oft tekið að greina rannsóknarstörf í ferns konar starfsemi.

Í fyrsta lagi er um að ræða frjálsar undirstöðurannsóknir eða hreinar rannsóknir. Þær eru venjulega stundaðar af einstaklingi eða þá einstaklingur gegnir forustuhlutverki í því starfi, sem um er að ræða. Tilgangurinn er að auka þekkingu og bæta skilning á lögmálum alheimsins.

Í öðru lagi er um að ræða það, sem nefna mætti afmarkaðar undirstöðurannsóknir. Þar leitast rannsóknarmaðurinn við að leysa viðfangsefni, sem náttúran hefur skapað, og auka þekkingu og skilning mannsins, án þess að tilgangurinn sé að leiða í ljós nokkuð, sem hefur hagnýtt gildi. En rannsóknarmaðurinn hefur þó ljóslega afmarkað rannsóknarsvið sitt innan vísindanna og er því ekki lengur algerlega frjáls í vali markmiða sinna. Þar sem viðfangsefni hefur verið afmarkað og ljóst er, hvert stefna skal, má búast við vissum árangri af hagnýtingu þeirrar tækni, sem beitt er. Hér er brýn nauðsyn á góðri skipulagningu rannsóknarstarfsins og jafnvel samvinnu rannsóknarstofnana. Slíkar rannsóknir geta ekki aðeins leitt til mikilla fræðilegra uppgötvana, heldur geta þær einnig haft mikla hagnýta þýðingu. Hér má t. d. nefna rannsóknir í jarðfræði og veðurfræði og hagnýta þýðingu þeirra fyrir ræktun óræktaðra landssvæða og hafrannsóknir og þýðingu þeirra fyrir fiskveiðar.

Í þriðja lagi er svo um að ræða svonefndar hagnýtar rannsóknir, þar sem tilgangurinn er beinlínis að ná árangri, sem stuðlað getur að því að fullnægja ákveðinni þörf, og mun því gera kleift að framleiða efni eða áhöld, sem eru gagnleg á ýmsum sviðum þjóðlífsins: í iðnaði, sjávarútvegi, flutningum, við heilsugæzlu o. s. frv. Rannsóknarmaðurinn verður þess vegna að einbeita sér að þessu markmiði og má ekki leyfa sér að láta freistast til þess að láta athuganir sínar beinast í aðrar áttir, þótt slíkt gæti leitt til nýrrar þekkingar. Vonin um nytsama niðurstöðu af slíkum rannsóknum er að sjálfsögðu skýringin á því, hversu mjög þær hafa verið efldar á síðari tímum.

Í fjórða og síðasta lagi er um að ræða þá starfsemi, sem miðar að því að beita nýrri þekkingu eða nýjum aðferðum í sjálfri framleiðslunni. Og er þar um að ræða lokastigið í hagnýtingu nýjunganna. Mjög misjafnlega langur tími getur liðið frá því, að ný aðferð er uppgötvuð með hagnýtum rannsóknum, og þangað til efnið eða tækin, sem framleidd eru með þeim nýju aðferðum, koma á markað. En tími þessi hefur stytzt mjög undanfarna áratugi. Í sumum tilfellum var hann nokkur ár, en er nú nokkrir mánuðir. Hér er um það að ræða að beita aðferðum eða tækni, sem uppgötvuð hefur verið við ákveðin rannsóknarskilyrði, að beita henni við tiltekin framleiðsluskilyrði, þar sem t. d. loftslag, hráefni og starfsfólk getur verið ólíkt því, er átti sér stað við rannsóknarskilyrðin. Framleiðslumagnið getur haft mikla þýðingu. Á þessu rannsóknarsviði skipta efnahagssjónarmið meginmáli. Verðlagsbreytingar geta t. d. gert einskis virði árangurinn, sem kostað hafði mikið að ná. Hér er í rauninni um að ræða lokastig rannsóknarstarfsins. Hér gætir að fullu þjóðfélagslegra áhrifa þeirra uppgötvana, sem voru frumstig rannsóknarstarfsins. Þess vegna er nauðsynlegt að gera sér skýra grein fyrir sambandinu á milli hinna einstöku tegunda rannsóknarstarfsins og nauðsyn og samhengi þeirra, þegar mörkuð er stefna í rannsóknarmálum.

Ýmsar athuganir hafa verið gerðar á því erlendis, hversu umfangsmikil hver tegund rannsóknarstarfsins er yfirleitt. Í skýrslu, sem Evrópuráðið hefur gefið út um rannsóknarmál, er talið, að rannsóknarkostnaðurinn við afmarkaðar undirstöðurannsóknir sé þrisvar sinnum meiri en við hreinar undirstöðurannsóknir, rannsóknarkostnaðurinn við hagnýtar rannsóknir sé sex sinnum meiri en við hreinar undirstöðurannsóknir, en kostnaðurinn við hagnýtingu á framleiðslusviðinu sé hvorki meira né minna en hundrað sinnum meiri en kostnaðurinn við hreinu undirstöðurannsóknirnar. Af þessu má ekki draga þá ályktun, að nauðsyn undirstöðurannsókna sé hverfandi lítil í hlutfalli við hagnýtu rannsóknirnar eða störfin við hagnýtingu á framleiðslusviðinu. Undirstöðurannsóknirnar eru, þegar til lengdar lætur, í raun og veru forsenda alls hins rannsóknarstarfsins.

Þá langar mig til að fara nokkrum orðum um þau störf, sem unnin eru af þeim rannsóknarstofnunum hér á landi, sem vinna að hagnýtum rannsóknum í þágu atvinnuveganna, og er það, sem ég segi hér, byggt á upplýsingum frá forstöðumönnum hlutaðeigandi rannsóknarstofnana, en þetta frv. fjallar einmitt um nýskipan á starfi þessara rannsóknarstofnana.

Fyrst vík ég að rannsóknaráði ríkisins, sem stofnað var árið 1939 til aðstoðar atvmrn. við yfirstjórn atvinnudeildar háskólans. Skal rannsóknaráð skipað þrem mönnum eftir tilnefningu þriggja stærstu þingflokkanna. Hlutverk þess er: 1) Að vinna að eflingu rannsókna á náttúru landsins, samræma slíkar rannsóknir og safna niðurstöðum þeirra. 2) Að vera ríkisstj. til aðstoðar við yfirstjórn þeirrar rannsóknarstarfsemi, sem ríkið heldur uppi, og á annan hátt, eftir því sem æskilegt þykir. 3) Að annast eða sjá um tilteknar rannsóknir, eftir því sem ríkisstj. kann að óska og fé er veitt til í fjárl. eða af náttúrufræðideild menningarsjóðs. 4) Að gæta hagsmuna íslenzkra náttúrufræðinga gagnvart útlendingum, sem hingað koma til rannsókna, og koma fram af landsins hálfu við fræðimenn annarra þjóða, að því leyti sem við á.

Meginstarf rannsóknaráðs og framkvæmdastjóra þess hefur verið aðstoð við yfirstjórn atvinnudeildar háskólans í samráði við ráðuneyti og deildarstjóra. Á síðari árum hefur starf rannsóknaráðs í vaxandi mæli beinzt að eflingu raunvísindarannsókna almennt, að því að vinna að bættri aðstöðu rannsóknarstarfseminnar og öflun fjármagns til hennar, sem og samræmingu og skipulagningu rannsóknarstarfsins. Rannsóknaráð fjallar um fjárhagsáætlanir hinna einstöku deilda atvinnudeildarinnar, en dagleg framkvæmd er að mestu í höndum deildarstjóra. Rannsóknaráð kemur fram gagnvart erlendum vísindamönnum, sem stunda rannsóknir á náttúru landsins. Er umsókn um slík leyfi ávallt afgreidd í nánu samráði við þá íslenzku vísindamenn, sem fyrst og fremst annast rannsóknir á því sviði, sem um er að ræða. Jafnframt hefur ráðið haft forgöngu um tilteknar rannsóknir á mögulegri hagnýtingu náttúrugæða, en síðar oft falið verkefnið stofnunum, sem því geta sinnt til frambúðar.

Fyrsta almenna leitin að heitu vatni og gufu með jarðborunum var í höndum rannsóknaráðs og framkvæmdastjóra þess, og svo var til ársins 1945, en síðan hefur raforkumálastjórnin farið með þau mál. Hið sama á við um leit að þangi og þaragróðri. Hún var hafin af rannsóknaráði, en er nú einnig í höndum raforkumálastjórnar. Mórannsóknir og móvinnsla var hafin af ráðinu snemma á styrjaldarárunum, og hefur þeim rannsóknum verið haldið áfram af iðnaðardeild atvinnudeildar háskólans. Þá hefur ráðið stutt ýmsar náttúrurannsóknir, svo sem rannsóknir á fuglalífi og víðtækar jarðefnarannsóknir. Má þar nefna leit að biksteini og athuganir á kísilleir í Mývatni. Ráðið hefur einnig haft afskipti af verksmiðjurannsóknum, svo sem rannsóknum á framleiðslu áburðar og sements, í samvinnu við sérfræðinga atvinnudeildar. Þá kom ráðið á sínum tíma á fót tilraunastöð í meinafræði að Keldum, en hún var síðar afhent læknadeild háskólans. Rannsóknaráðið beitti sér og fyrir feitmetis- og fjörefnarannsóknum, sem síðar voru fluttar á rannsóknastofu Fiskifélags Íslands. Það kom á fót segulmælingastöð í Mosfellssveit, og starfrækti framkvæmdastjóri þess hana. Sú stofnun er nú rekin á vegum eðlisfræðistofnunar háskólans, enda stofnandi hennar nú prófessor við háskólann. Á síðari árum hefur rannsóknaráð stutt grasmjöls- og heyverkunartilraunir og ýmis einstök verkefni atvinnudeildar háskólans. Þá efndi ráðið til athugunar á því, hversu miklu fjármagni væri varið til rannsókna og tilrauna hér á landi árið 1957, og þróun rannsóknarmála á tímabilinu 1950—1960.

Atvinnudeild háskólans tók til starfa árið 1937 og greinist í þrjár deildir: fiskideild, búnaðardeild og iðnaðardeild.

Í fiskideild er fengizt við sjórannsóknir, plöntusvifsrannsóknir, dýrasvifsrannsóknir, fiskseiðarannsóknir, síldarrannsóknir, þorskfiskarannsóknir, flatfiskarannsóknir og karfarannsóknir.

Í fiskideildinni er ekki aðeins lögð stund á hagnýtar rannsóknir, heldur einnig undirstöðurannsóknir, sem þó hafa sumar hverjar haft mikla beina eða óbeina hagnýta þýðingu. Sem dæmi um það má nefna sjórannsóknir þær, sem deildin hefur stundað og varpað hafa ljósi á straumkerfi og eðli sjávar hér við land, einkum úti fyrir Norðurlandi. Þá má nefna rannsóknir deildarinnar á uppruna rauðátunnar hér við land, en þær hafa haft mikla þýðingu fyrir skilning á göngum síldarinnar. Rannsóknir á tímgun karfa hafa og leitt í ljós ýmislegt, sem áður var ekki vitað, og aukið skilning á mörgu í háttum hans.

Fiskideild hefur stundað sjórannsóknir síðan 1947. Rannsóknirnar hafa einkum beinzt að hafsvæðunum vestan- og norðanlands með sérstöku tilliti til síldveiðanna. Þessar rannsóknir hafa leitt í ljós, að straumkerfið í hafinu norður af Íslandi er með töluvert öðrum hætti en menn gerðu áður ráð fyrir. Enn fremur hafa þær leitt í ljós, hvaða sjávartegundir eru fyrir Norðurlandi og í hvað ríkum mæli á hverjum tíma. Enn fremur hafa straumaskil verið staðsett o. s. frv. Þá hafa merkar sjórannsóknir verið stundaðar við aðra landshluta. Nú beinast þær í ríkara mæli en áður að hrygningarsvæðum nytjafiska fyrir Suðvesturlandi, auk þess sem þeim er haldið áfram á öðrum svæðum til að fylgjast með sveiflum, sem þar eiga sér stað.

Í vorleiðöngrum Ægis undanfarin 5 ár hafa verið stundaðar rannsóknir á framleiðni þörungasvifs. Þessar rannsóknir hafa verið auknar á síðustu árum og ná nú til fleiri svæða og tíma en í fyrstu. Þær hafa þegar veitt mikilsverðar upplýsingar um plöntulíf og plöntusnauð svæði umhverfis landið.

Rannsóknir á dýrasvifi hafa einkum beinzt að rauðátu og öðrum svifkrabbadýrum, sem eru mikilvæg fæða fyrir ýmsa nytjafiska á Íslandsmiðum. Þannig hefur mikil áherzla verið lögð á rauðáturannsóknir í sambandi við síldveiðarnar. Rannsóknir þessar hafa m. a. leitt í ljós, að rauðáta á Norðurlandssvæðinu á sumrin á uppruna sinn að rekja til svæða við vestanvert Norðurland, en ekki suðvestur í hafi, eins og áður var haldið. Enn fremur hafa þær veitt mikilvægar upplýsingar um útbreiðslusvæði ýmissa átutegunda, sem hafa mikil áhrif á torfumyndun síldar. Niðurstöður þeirra plöntusvifs- og dýrasvifsrannsókna, sem deildin hefur stundað, eru hinar mikilvægustu fyrir skilning á göngum og hegðun síldarinnar, svo sem torfumyndun o. fl., einkum úti fyrir Norðurlandi á sumrin. Árangur þessara rannsókna hefur og mjög auðveldað síld-

arleit og þannig beinlínis stuðlað að aukinni síldveiði.

Fiskseiðarannsóknir hafa verið stundaðar í fiskideild um nokkurra ára bil, en þó ekki orðið fastur liður í starfseminni fyrr en síðustu tvö árin. Nú þegar liggur fyrir margvíslegur árangur þessara rannsókna, svo sem vitneskja um útbreiðslu og rek seiða ýmissa fisktegunda hér við land. Enn fremur hefur nú tekizt að staðsetja útbreiðslu á karfagotssvæðum í Grænlandshafi, og er þar um að ræða hinar mikilvægustu upplýsingar til skilnings á háttum þessa fisks.

Rannsóknir á þorskfiskum, einkum þorski og ýsu, hafa lengst af verið fastur og umfangsmikill þáttur í rannsóknum fiskideildar. Hin síðari ár hafa þær einkum beinzt að rannsókn á styrkleika stofna, árgangaskipun og áhrifum veiða á stofninn. Grundvallast þessar rannsóknir á gögnum, sem safnað er í leiðöngrum og helztu verstöðvum. Á grundvelli þessara rannsókna hefur verið unnt að reikna út væntanlegt aflamagn frá ári til árs, og hafa þær spár, sem gerðar hafa verið, komið vel heim við raunveruleg aflabrögð bátanna.

Rannsóknir á möskvastærð hafa verið framkvæmdar í samvinnu við aðrar þjóðir. Árangur þeirra hefur verið notaður við ákvarðanir um breytingar á möskvastærð botnvarpa til frekari tryggingar á skynsamlegri hagnýtingu fiskstofna.

Síldarrannsóknir hafa verið og eru veigamikill þáttur í starfsemi fiskideildar. Um síldveiðitímann eru stöðugt framkvæmdar rannsóknir á afla, bæði norðanlands og suðvestanlands. Þessar rannsóknir beinast m. a. að því að greina að hina ýmsu síldarstofna, gera sér grein fyrir aldurssamsetningu o. s. frv. Þessum rannsóknum er ætlað að leiða í ljós, af hvaða uppruna síldin er, og um leið árgangaskipun, og má þá oft gera sér nokkra grein fyrir, hvað í vændum er af íslenzkum síldarstofnum. Þá hefur síldarleitin verið snar þáttur í síldarrannsóknum. Þessar rannsóknir hafa m. a. veitt mikilsverðar upplýsingar um göngur og hegðun síldarstofna og torfumyndun. Öllum mun nú ljós hin ómetanlega þýðing, sem síldarrannsóknirnar og síldarleitin hafa haft fyrir síldveiðarnar undanfarið og komið hefur fram í stórauknu aflamagni.

Síðan 1955 hafa karfarannsóknir verið fastur liður í starfsemi fiskideildar. Rannsóknir á tímgun karfans hafa leitt til athyglisverðrar niðurstöðu, sem varpað hefur ljósi á ýmsa þætti í hegðun hans. Karfarannsóknir hafa verið framkvæmdar í fiskileitarleiðöngrum og á karfa í vinnslustöðvum. Með þeim hafa fengizt mikilsverðar upplýsingar um útbreiðslu og stærð karfa á ýmsum svæðum og kynsamsetningu hans. Enn fremur hafa þær varpað ljósi á sambandið milli hita sjávar og útbreiðslu karfans. Í karfaleitarleiðöngrum hefur verið stuðzt við árangur þessara rannsókna, en í þeim hafa fundizt hin auðugu karfamið við Austur-Grænland og Nýfundnaland, en þau höfðu og hafa enn mikla þýðingu fyrir karfaveiðar í Norður-Atlantshafi.

Þá hafa fiskmerkingar verið snar þáttur í rannsóknum fiskideildar. Mikið hefur verið merkt af þorski, síld og skarkola, en minna af öðrum tegundum. Tilraunir hafa einnig verið gerðar til merkingar á karfa, en án árangurs. Merkingar þessara fisktegunda hafa þegar veitt mikilsverðar upplýsingar um göngur þeirra. Þannig hefur tekizt að færa sönnur á göngur síldar milli Noregs og Íslands, á þorskgöngur milli Íslands og Grænlands, svo og göngur þorsks, ýsu og skarkola hér við land, t. d. göngur skarkola af uppvaxtarsvæðunum í flóum og fjörðum á hrygningarsvæðin, einkum við Suðvesturland og vesturströndina á vetrum. Þá er farið að nota árangur síldarmerkinganna við útreikninga á stofnstærð síldarinnar, og unnið er að því, að unnt verði að gera sams konar útreikninga fyrir aðrar tegundir.

Síðustu árin hafa rannsóknir á rækju á Vestfjörðum verið framkvæmdar á vegum fiskideildar. Þær hófust því miður of seint, til þess að unnt yrði að forða rækjunni í Ísafjarðardjúpi frá ofveiði. Á grundvelli þessara rannsókna hefur nú verið ákveðinn hámarksafli, sem landa má árlega. Með því hefur vonandi tekizt að forða rækjustofninum í Arnarfirði, og vonir standa til, að rækjustofninn í Ísafjarðardjúpi rétti við.

Á sínum tíma voru gerðar allviðtækar rannsóknir í Faxaflóa í því skyni að leiða í ljós þýðingu þessa svæðis sem uppeldisstöðvar fyrir ýmsa nytjafiska. Að þessum rannsóknum loknum voru vísindamenn sammála um, að loka bæri Faxaflóa fyrir togveiðum í tilraunaskyni. Í samræmi við þessa niðurstöðu var sett reglugerð um vísindalega friðun fiskimiðanna árið 1952. Árangur þessara ráðstafana hefur nú fyrir löngu komið í ljós í stórauknu aflamagni af ýsu og skarkola. Reglubundnar rannsóknir eru nú framkvæmdar umhverfis landið allt til þess að fylgjast með áhrifum friðunar.

Rannsóknir fiskideildar eru nú ekki einvörðungu bundnar við hafsvæði umhverfis landið. Íslenzk fiskiskip hafa haslað sér völl á fjarlægum slóðum, að miklu leyti vegna árangurs rannsóknarstarfsemi, sem stunduð hefur verið á vegum deildarinnar. Af þessu hefur m. a. leitt, að Íslendingar hafa í æ ríkara mæli gerzt aðilar að samvinnu við aðrar þjóðir um rannsókn á hafsvæðum, sem eru svo víðáttumikil, að ekki er hægt að ætlast til þess með sanngirni, að eitt land annist þær. Í þessu sambandi má nefna samvinnu um sameiginlegar rannsóknir á hafinu milli Íslands og Færeyja og Grænlandshafi. Náin samvinna er milli fiskideildar og skozkrar rannsóknarstofnunar um svifrannsóknir á Norður-Atlantshafi. Rannsóknir þessar hafa m. a. leitt í ljós mikilsverðar upplýsingar um magn og útbreiðslu karfasvæða á þessari leið. Skip Eimskipafélagsins annast söfnun gagna með þar til gerðum tækjum í Ameríkuferðum sínum. Gullfoss er búinn tæki, sem gefur til kynna magn þörungasvifs á leiðinni milli Íslands og Skotlands, en í þeim ferðum sínum fer hann yfir mikilsverð hrygningarsvæði nytjafiska.

Þá skal ég geta helztu verkefna, sem unnið er að í landbúnaðardeild atvinnudeildar háskólans.

Í jarðvegsrannsóknum hefur undanfarin ár mest áherzla verið lögð á rannsóknir í sambandi við áburðarnotkun og þá fyrst og fremst, hvernig auka megi hagkvæmnina á því sviði, en bændur nota nú árlega tilbúinn áburð fyrir um 100 millj.

kr. Eru þessar tilraunir sumpart gerðar í samvinnu við tilraunastöðvar jarðræktar. Á s. l. hausti voru nokkuð á þriðja hundrað bændum veittar ráðleggingar um áburðarnotkun að undangenginni rannsókn jarðvegssýnishorna. Greinilegt var, að sums staðar var áburðarnotkun komin fram úr því, sem talizt getur svara raunverulegum kostnaði. Annars staðar virtist mega auka hagkvæmni með því að breyta magni áburðartegunda innbyrðis. Enn fremur hafa verið framkvæmdar efnagreiningar í sambandi við flokkun og kortlagningu íslenzks jarðvegs og gefin út yfirlitskort og rit um hann. Á vegum búnaðardeildar eru og framkvæmdar mjög viðtækar rannsóknir á nytjagróðri. Eru skipulagðar ræktunartilraunir einkum gerðar á tilraunastöð deildarinnar í landi Korpúlfsstaða. Auk þess eru gerðar tilraunir víða um land til þess að rannsaka sérstök viðfangsefni. Stofnunin hefur samstarf við tilraunabúin og bændaskólana, þannig að hún annast grundvallarathuganir á ræktun og vali nytjajurta, en tilraunabúin reyna síðan nánar almennt notkunargildi þeirra í ýmsum byggðarlögum. Sem dæmi má nefna grasræktartilraunir, sem mikil áherzla er lögð á. Árlega eru gerðar samanburðartilraunir á ræktun fjölda grasastofna. Að fengnum upplýsingum um ágæti einhvers stofns er hann sendur á tilraunabúin til frekari rannsókna, og að þeim loknum er unnt að gefa innkaupastofnunum upplýsingar um, hvar kaupa beri útsæði. Þannig er og farið að hvað snertir úrval annarra fóðurjurta, korn og grænmeti.

Reynt er að stuðla að ræktun nýrra nytjajurta og leitað að leiðum til hagkvæmari nýtingar. Má t. d. nefna fóðurkálsræktun, sem tekin var upp á vegum deildarinnar og er nú stunduð af bændum til mikilla búbóta. Rannsakað er, hvernig hentugast sé að rækta beitiland og hvernig haga skuli meðferð þess. Þá eru og gerðar viðtækar rannsóknir á því, hvernig auka megi beitiland með uppgræðslu örfoka lands. Hafa athuganir þessar leitt í ljós, að græða má beitiland í allt að 600 m hæð á afréttum.

Þá hefur verið hafin tilraun með kornrækt í stórum stíl á ólíkum jarðvegi, sandjörð, móa- og mýrajarðvegi, og gerðar samanburðartilraunir með mismunandi tegundir og afbrigði af korni. Val bænda á afbrigðum til kornræktar er nú að langmestu leyti byggt á niðurstöðum þessara tilrauna. Tekin hefur verið upp notkun stórvaxinna kartöfluafbrigða, jarðarberja o. fl. Búnaðardeild annast frærækt af íslenzku gulrótaafbrigði og sér landinu fyrir nægu gulrófnafræi.

Unnið er að kynbótum á íslenzkum grastegundum, sem væntanlega verða þolmeiri hinum erlendu tegundum. Er ræktun þessi liður í baráttunni gegn kali í túnum, sem leitazt hefur verið við að rannsaka og vinna bug á. Þá er innflytjendum fræs og fræsölum veitt sú þjónusta að ákvarða spírunarhæfni fræs og gæði þess og ráðleggingar veittar um grasfræblöndun, sáðmagn og valin sáðlönd.

Þá starfar búnaðardeild að gróðurrannsóknum og gróðurkortagerð til þess að ákveða beitarþol landsins, einkum afréttarlanda. Hefur það mikið hagnýtt gildi í sambandi við vænleika sauðfjárins að þekkja beitarþol afréttarlanda, og er fyrirhugað að ljúka þessum rannsóknum fyrir land allt á næstu 8—10 árum.

Gerðar hafa verið viðtækar tilraunir til þess að auka gróður beitilands á láglendi og hálendi, og hafa þær leitt til mikilvægrar niðurstöðu.

Á sviði jurtasjúkdóma og meindýrarannsókna hefur verið unnið að rannsóknum á gróðursjúkdómum og útbreiðslu þeirra og veittar leiðbeiningar um varnir gegn þeim. Einnig hafa verið rannsökuð skaðleg skordýr og fleiri lægri dýr í húsum og gróðri. Gefin hafa verið út leiðbeiningarrit um varnir og eyðingu meindýra, unnið er að vöruskoðun, einkum með tilliti til nothæfni matvæla vegna meindýra og til varnar því, að skaðleg erlend skordýr taki sér bólfestu hér á landi. Rannsóknir á ám og vötnum hafa verið framkvæmdar með tilliti til gagnsemi skordýra sem átu fyrir vatnafiska. Einnig hafa verið stundaðar rannsóknir á skaðsemi vatnadýra, sem ásækja fólk og búfé, svo sem mývargsins.

Á sviði búfjárræktar hafa verið gerðar umfangsmiklar rannsóknir á vaxtarlífeðlisfræði, kjötgæðum, frjósemi og ullargæðum fjárins og hvernig hægt sé að bæta og auka afurðir þess með ræktun stofna, sem byggðir eru á úrvali eftir ætterni og útlitsgervi. Unnið hefur verið að samanburði á sauðfjárstofnum, m. a. á kynblendingum af skozkum kynjum og íslenzku fé. Þá hafa verið gerðar rannsóknir á því, hvernig sauðalitir og ullar- og gærugæði erfast. Einnig hafa verið stundaðar rannsóknir á öðrum hagnýtum eiginleikum sauðfjár, svo sem vaxtarhraða lamba, afurðasemi áa o. fl.

Á sviði fóðurrannsókna og fóðurtilrauna hefur verið unnið að rannsóknum á ýmsum fóðurtegundum, einkum meltanleikarannsóknum og steinefnarannsóknum á innlendum fóðurtegundum. Gerðar hafa verið fjölmargar fóðrunartilraunir til þess að finna, hvernig hagkvæmast er að fóðra sauðfé. Einnig hafa verið gerðar tilraunir með fitun sláturlamba að haustinu á túnbeit og ýmiss konar grænfóðri. Framkvæmdar hafa verið tilraunir með nautgripi, bæði í sambandi við mjólkurframleiðslu og kálfauppeldi. Einnig hafa verið gerðar beitartilraunir með mjólkurkýr á ræktuðu landi. Hafa þessar tilraunir að mestu leyti farið fram við tilraunabúið í Laugardælum og í samvinnu við ráðamenn Laugardælabúsins. Þá er starf búnaðardeildar að verulegu leyti fólgið í leiðbeiningastarfsemi, sem er grundvöllur að hagnýtum árangri tilraunastarfseminnar.

Iðnaðardeild atvinnudeildar háskólans tók við stofnun atvinnudeildarinnar við störfum efnarannsóknarstofu ríkisins, sem komið hafði verið á fót 1906, en var lögð niður, um leið og atvinnudeild háskólans tók til starfa. Helztu verksvið iðnaðardeildar eru þessi:

1) Almennar efnarannsóknir, þ. e. a. s. efnagreining aðsendra sýnishorna af ýmsu tagi. Slík þjónusta er ekki veitt annars staðar og er því mjög nauðsynleg, en erfitt er hins vegar að sinna henni nú um sinn, vegna þess að efnafræðingar deildarinnar hafa verið ráðnir til sérstakra verkefna.

2) Iðnaðardeild efnagreinir sýnishorn af fóðurblöndum, grasi, heyi o. fl., einkum fyrir bún-

aðardeild. Þá eru og efnagreind sýnishorn frá borgarlækni í sambandi við matvælaeftirlit.

3) Stundaðar eru iðnaðartilraunir. Efnafræðingur vinnur að tilraunum með framleiðslu á þilplötum úr hálmi og hefur þegar tekizt að búa til smáar plötur, bæði úr hefilspónum og hálmi. En hugmyndin er, að hráefnið verði hálmur, sem til mun falla við kornrækt. Lím, sem notað er við framleiðsluna, verður einnig búið til hérlendis.

4) Unnið hefur verið að jarðvegsrannsóknum fyrir raforkumálaskrifstofuna vegna undirbúnings virkjana á ýmsum stöðum.

5) Rannsóknarstarfsemi á sviði jarðefnafræði hefur aukizt mjög á undanförnum tveimur árum. Þær rannsóknir hafa nær eingöngu verið gerðar í samvinnu við þá, sem annast jarðhitarannsóknir raforkumálaskrifstofunnar. Er hér um að ræða bergfræðirannsóknir, einkum rannsóknir á borkjörnum, t. d. úr 2200 m djúpri holu á Reykjavíkursvæðinu. Enn fremur er hér um að ræða rannsóknir á heitu vatni og hveralofti frá borholum í Hverageröi og víðar. Gerðar hafa verið efnagreiningar á vatnasvæði Mýrdalsjökuls í sambandi við Jöklarannsóknafélagið með það fyrir augum að rekja breytingar, sem kynnu að verða á efnainnihaldi jökulánna sem undanfari Kötlugoss.

6) Stundaðar eru byggingarefnarannsóknir, svo sem prófun steypuefna og styrkleikaprófun steyputeninga. Unnið er að rannsóknaprófunum á steypuefni og sementi, malbiki, asfalti, tjöru, ofaníburði í vegi, einangrunarefnum, plastefnum o. fl. Unnið var fyrir ýmsa aðila, svo sem húsameistara Reykjavíkur, borgarverkfræðing, Hitaveitu Reykjavíkur, ýmis byggingarfélög og vegagerð ríkissjóðs.

7) Þá stundar deildin leit að ofaníburðarefni og steypuefni, og hefur einn jarðfræðingur unnið að þessu verkefni í nokkur ár. Rannsóknir þessar eru að talsverðu leyti kostaðar af vegagerð ríkissjóðs og ræktunarsjóði í sameiningu.

Af sjálfstæðum verkefnum, sem unnið hefur verið að á rannsóknarstofu iðnaðardeildar, má nefna rannsóknir á einangrunargildi byggingarefna, rannsókn á síldarolíu og öðrum fituefnum, rannsóknir á skyrgerð og votheysgerð, rannsóknir á jarðfræði og jarðefnum, rannsóknir á vatnsbólum í flestum kaupstöðum og kauptúnum, rannsóknir á verkun súrheys með íblöndunarefni, rannsóknir á mómýrum og rannsóknir í sambandi við Heklugos og Öskjugos.

Á sviði jarðfræði og jarðefnafræði hefur deildin unnið að rannsóknum, sem liggja nú niðri um skeið, og má þar nefna rannsóknir á kísilleir í Mývatni og víðar, rannsóknir á biksteini, rannsóknir á frauðgrýti á Snæfellsnesi, rannsóknir á surtarbrandi og mó og rannsókn á neyzluvatni og vatnsrannsóknir vegna fiskeldis, sem og leit að málmum.

Ástæða er til að vekja athygli á því, að enn þá hefur nær ekkert að því kveðið, að iðnaðardeild tæki að sér stærri rannsóknarverkefni fyrir einstakar verksmiðjur eða iðnfyrirtæki. Eftir því hefur ekki verið leitað, enda má segja, að aðstaða hafi þar verið ófullkomin til slíkra rannsókna, sérstaklega til að gera tæknilegar tilraunir.

Rannsóknarstofa Fiskifélags Íslands hefur undanfarið starfað í tveim deildum: efnafræði- og efnaverkfræðideild og gerlafræði- og niðursuðudeild. Starfsemi efnafræði- og efnaverkfræðideildar skiptist í sýnishornarannsóknir eða eftirlit með hráefnum, framleiðslu og útflutningsafurðum fiskiðnaðarins annars vegar og sjálfstæðar rannsóknir hins vegar. Um helmingur starfsliðsins er að staðaldri bundinn við rannsóknir á sýnishornum, aðallega á sýnishornum af mjöli, lýsi og nýrri, saltaðri eða frystri síld. Á árinu 1961 bárust deildinni um 1800 sýnishorn til rannsóknar. Af sjálfstæðum rannsóknum, sem nú standa yfir, má nefna tilraunir með mismunandi verkun saltsíldar úr Suðurlandssíld. Er gerlafræðideildin aðili að þessum rannsóknum, en þær eru unnar að tilhlutan og í samvinnu við síldarútvegsnefnd.

Annað verkefni, sem unnið er að, er rotvörn bræðslusíldar, og er það starf að nokkru unnið í samvinnu við síldarverksmiðjur ríkisins. Í sambandi við þetta rannsóknarstarf hefur rannsóknarstofan tekið upp eftirlit með nítrit-innihaldi í útfluttu síldarmjöli, en það fer nú mjög í vöxt, að bræðslusíld sé rotvarin með natrium-nítrit, sem er baneitrað efni. Verður því framleiðslan að vera undir eftirliti, ef forðast á alvarleg skakkaföll.

Þá má og nefna rannsóknir á innihaldi fisk- og síldarmjölsframleiðslunnar af nýtanlegu lycini. Innihald mjöls af nýtanlegu lycini er mælikvarði á næringargildi þess og gefur ótvírætt til kynna, hvort mjöl hefur skemmzt í framleiðslu eða við slæm geymsluskilyrði. Það er útbreidd skoðun meðal fræðimanna og framleiðenda, að þess verði skammt að bíða, að söluverð fisk- og síldarmjöls verði miðað við það magn af nýtanlegu lycini, sem í því reynist vera.

Af öðrum verkefnum, sem efnafræði- og efnaverkfræðideildin hefur haft með höndum, má nefna þessi:

1) Árið 1955 hóf rannsóknarstofan skipulegar rannsóknir á leiðum til þess að hagnýta fiskslóg. Síðar tók hún upp samvinnu við nokkrar verksmiðjur á Suður- og Suðvesturlandi um lausn vandamálsins með þeim árangri, að nú er allt slóg hirt og framleitt úr því fiskimjöl, en áður fóru um 10 þús. lestir forgörðum á ári, og samsvarar það um 2000 lestum af fiskimjöli.

2) Rannsóknarstofan hefur frá fyrstu tíð haft náin tengsl við þorskalýsisiðnað landsmanna og hefur lagt sitthvað af mörkum til hagsbóta fyrir hann. Má í því sambandi nefna, að nú er í notkun í fjölmörgum lifrarbræðslum eftirvinnsluaðferð, sem rannsóknarstofan skipulagði. Kostir þessarar aðferðar eru þeir, að hún er mjög einföld í framkvæmd og þarf ekki neinar dýrar eða margbrotnar vélar við framleiðsluna, en lýsistap er minna en áður hefur þekkzt, þegar henni er beitt.

3) Árið 1953 var yfirborðsgula á saltfiski mikið vandamál hér á landi. Er talið, að hún hafi þá á fáum mánuðum valdið tjóni, er nam milljónum króna. Vandamál þetta var leyst á rannsóknarstofunni, en það kom í ljós, að gulan stafaði af kopar í saltinu. Rétt þykir að benda á, að saltguluvandamálið var ekki einskorðað við Ísland, heldur áttu allar þjóðir, er framleiða saltfisk, við

sömu erfiðleika að etja. Var leitað að lausn á þessum vanda á rannsóknarstofum fiskiðnaðarins í Halifax, Bergen og Aberdeen. En yngsta og minnsta rannsóknarstofnunin leysti vandann, og var sannarlega ánægjulegt til þess að vita. Síðan þetta gerðist, hefur saltgula nokkrum sinnum gert vart við sig, en tjónið hefur jafnan orðið lítið, þar sem orsakirnar eru kunnar.

4) Tekizt hefur á rannsóknarstofunni að framleiða þurrkolíu úr vissum tegundum lýsis, og stendur hún venjulegri fernisolíu ekki að baki hvað gæði snertir. Horfur eru á, að innan skamms verði farið að framleiða þessa olíu hér á landi til innanlandsnotkunar.

Aðalverkefni gerlafræði- og niðursuðudeildar hafa verið:

1) Rannsóknir á niðursuðuvörum, sem ætlaðar eru til útflutnings.

2) Gerlarannsóknir á fiski, nýjum og frystum og á ýmsum stigum verkunar.

3) Gerlarannsóknir á drykkjarvatni og vatni úr sjó, sem notaður er til þrifa í fiskverkunarhúsum og fiskiskipum.

4) Gerlarannsóknir á alls konar matvælum, aðallega mjólkurvörum, fyrir heilbrigðisyfirvöld.

Enn fremur stunda báðar deildirnar víðtæka leiðbeiningastarfsemi í flestum greinum fiskiðnaðar.

Þetta stutta yfirlit yfir rannsóknarstörf þau, sem stunduð eru í þeim rannsóknarstofnunum, sem nú fjalla um hagnýtar rannsóknir í þágu atvinnuveganna og þetta frv. tekur til, leiðir ótvírætt í ljós, að á þessu sviði hefur á undanförnum árum verið stunduð stórmerk starfsemi, sem hefur haft geysimikla hagnýta þýðingu fyrir íslenzka atvinnuvegi, auk þess sem hún hefur mjög bætt þekkingu okkar á mikilvægum atriðum í sambandi við þjóðarbúskapinn. Ég hika ekki við að fullyrða, að rannsóknarstarfsemin hafi stuðlað svo mjög að auknum afköstum íslenzkra atvinnuvega og þá um leið að svo mikilli aukningu þjóðarframleiðslunnar, að þar sé um að ræða margfaldar þær fjárhæðir, sem rannsóknarstarfsemin hefur kostað. Má því áreiðanlega með sanni segja, að fé það, sem varið hefur verið á undanförnum áratugum til íslenzkrar rannsóknarstarfsemi í þágu atvinnuveganna, hafi borið margfaldan ávöxt og vafasamt, að nokkru opinberu fé á Íslandi hafi verið betur varið en því, sem veitt hefur verið til íslenzkra rannsóknarstofnana.

Íslenzk rannsóknarstarfsemi er að sjálfsögðu miklu víðtækari en þau störf, sem ég hef nú rætt. Hér eru í öðrum stofnunum stundaðar mikilvægar undirstöðurannsóknir, sem svo jafnframt hafa beina eða óbeina hagnýta þýðingu. Á ég þar t. d. við rannsóknarstöð háskólans í meinafræði að Keldum, rannsóknarstofu háskólans hér í Reykjavík, eðlisfræðistofnun háskólans, rannsóknir þær, sem stundaðar eru á vegum Náttúrugripasafns Íslands og sjálfstætt frv. er nú einnig flutt um, jarðhitadeild raforkumálastjórnar, verkfæranefnd ríkisins og síðast, en ekki síst, rannsóknir einstakra háskólakennara, hvers á sínu sviði, en þær eru margar veigamiklar og mikilvægar. En þar sem þessar rannsóknir teljast fyrst og fremst til undirstöðurannsókna, en þetta frv. fjallar fyrst og fremst um hagnýtar rannsóknir í þágu atvinnuveganna, mun ég ekki fjölyrða frekar um þessa rannsóknarstarfsemi. Ég vil þó láta þess getið, að í undirbúningi er að koma á fót raunvísindadeild við háskólann, þar sem fyrst og fremst verði sinnt undirstöðurannsóknum í raunvísindum.

Þá skal ég víkja að efni þessa frv. og þeim breytingum á ríkjandi skipulagi rannsóknarmála, sem það gerir ráð fyrir.

Árið 1957 var þáverandi framkvæmdastjóri rannsóknaráðs ríkisins, Þorbjörn Sigurgeirsson, skipaður prófessor við verkfræðideild háskólans. Var Steingrímur Hermannsson verkfræðingur þá skipaður eftirmaður hans sem framkvæmdastjóri rannsóknaráðs ríkisins. Skömmu eftir að hann tók við starfi sínu, ræddi ég við hann um nauðsyn nýskipunar íslenzkra rannsóknarmála, en hann er jafnframt framkvæmdastjóri nefndar, sem Alþingi hafði kosið vorið 1955 og hlaut nafnið atvinnumálanefnd ríkisins. Þeirri nefnd hafði Alþingi m. a. falið að gera till. um, hvernig bezt yrði til frambúðar skipulögð og samræmd starfsemi þeirra rannsóknastofnana, sem nú vinna að rannsóknum á náttúruauði landsins, en hún hafði fram að þeim tíma fyrst og fremst sinnt öðrum verkefnum sínum, en nær ekkert fjallað um skipulagsmálin. Hafði ég látið mér til hugar koma að fela tilteknum mönnum að gera till. um nýskipan rannsóknarmálanna, en framkvæmdastjóri atvinnumálanefndar tjáði mér þá, að nefndin hefði áhuga á og væri reiðubúin til að hefja þetta starf þegar í stað.

Í framhaldi af þessu hóf n. síðan árið 1958 að endurskoða gildandi lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, og unnu einkum að þeirri endurskoðun ásamt framkvæmdastjóra nefndarinnar, Steingrími Hermannssyni, þeir Jóhann Jakobsson efnafræðingur, Már Elísson hagfræðingur, Runólfur Þórðarson verkfræðingur og Þorbjörn Sigurgeirsson prófessor.

Í maímánuði 1960 afhenti atvmn. ríkisstj. frv. til laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, og stóðu að því allir nm. nema Einar Olgeirsson, sem afhenti síðar annað frv. Eru bæði þessi frv. prentuð sem fskj. með þessu frv.

Síðan hefur mál þetta verið til rækilegrar athugunar hjá ríkisstj. og ýmsum öðrum aðilum. Í ljós kom, að talsvert skiptar skoðanir voru meðal íslenzkra vísindamanna á ýmsum mikilvægum atriðum í skipulagi rannsóknarmálanna. Þótti mér því rétt að efna til sem víðtækastra umræðna um málið, áður en ríkisstj. markaði endanlega stefnu sína á þessu sviði. Var þess vegna efnt til sérstakrar ráðstefnu um framtíðarskipun raunvísindarannsókna á Íslandi, og var hún haldin í Háskóla Íslands í ágústmánuði 1961. Sátu þá ráðstefnu nær allir íslenzkir raunvísindamenn og ýmsir embættismenn, sem um þessi mál fjalla. Var frv. meiri hl. atvmn. rætt þar mjög ýtarlega sem og rannsóknarmálin almennt, og hefur í frv. því, sem hér liggur fyrir, verið reynt að hafa hliðsjón af þeim sjónarmiðum, sem þar komu fram og menn voru yfirleitt sammála um.

Þá hefur málið verið ýtarlega rætt við einstaka vísindamenn og fulltrúa atvinnuvega.

Þetta frv. er í höfuðatriðum í samræmi við frv. meiri hl. atvmn. Í nokkrum atriðum er þó um frávik að ræða, og mun ég geta þeirra síðar, en helztu breytingarnar, sem gerðar eru á ríkjandi skipulagi, eru þessar:

Nú er rannsóknaráð skipað þrem mönnum, og eiga þeir að vera tilnefndir af þrem stærstu þingflokkunum. Auk þess að stunda sjálfstæðar rannsóknir á rannsóknaráð að aðstoða við yfirstjórn einstakra deilda atvinnudeildar háskólans. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að rannsóknaráð ríkisins verði ráðgjafarstofnun, sem vinni að eflingu hagnýtra rannsókna í landinu, en einnig að eflingu undirstöðurannsókna, að því leyti sem þau verkefni eru eigi í höndum Háskóla Íslands og þá jafnan í fullu samráði við hann.

Aðalverkefni rannsóknaráðs ríkisins eiga að vera efling og samræming hagnýtra rannsókna og undirstöðurannsókna í landinu. Það á að hafa samráð við hinar ýmsu rannsóknarstofnanir og fá sem gleggsta yfirsýn yfir alla rannsóknarstarfsemi í landinu og gera tillögur til úrbóta, ef það telur rannsóknarstarfsemina ófullnægjandi, rannsóknarskilyrði ófullkomin eða markvert rannsóknarverkefni vænlegt.

Þá á ráðið að hafa með höndum athuganir á nýtingu náttúruauðæfa landsins til nýrra atvinnuvega og atvinnugreina, gera tillögur um framlög ríkisins til rannsóknarmála og fylgjast með ráðstöfun opinberra fjárframlaga til þeirra rannsóknarstofnana, sem lögin taka til. Það á að hafa með höndum öflun fjármagns til rannsóknarstarfseminnar almennt til viðbótar framlagi ríkisins og tillögugerð um skiptingu þess milli rannsóknarstofnana og rannsóknarverkefna. Það á að hafa í sínum vörzlum skýrslur um rannsóknir á sviði raunvísinda, sem kostaðar eru af opinberu fé, semja árlega skýrslu um rannsóknarstarfsemi í landinu og enn fremur stuðla að söfnun erlendra rita og annarra upplýsinga um vísindastörf, rannsóknarstörf og tækni og úrvinnslu þeirra til hagnýtingar fyrir atvinnuvegi landsins. Enn fremur á það að beita sér fyrir skjótri hagnýtingu tæknilegra nýjunga í atvinnuvegunum með kynningarstarfsemi og upplýsingaþjónustu.

Verkefni rannsóknaráðs á þannig samkvæmt þessu frv. fyrst og fremst að vera í því fólgið að vera ráðgjafi ríkisstj. og Alþingis í rannsóknarmálum. Það á að aðstoða hið opinbera við mótun stefnu í rannsóknarmálum. Ráðið á hins vegar ekki að hafa með höndum yfirstjórn rannsóknarstofnana, svo sem nú á sér stað, og er það *meginbreytingin frá ríkjandi skipulagi.*

Gert er ráð fyrir því, að í rannsóknaráði eigi sæti 17 menn, og eru þeir fulltrúar atvinnuvega, Seðlabankans, háskólans og Alþingis. Ráðið skal vera ólaunað, en kjósa úr sínum hópi 5 manna framkvæmdanefnd. Þá er gert ráð fyrir því, að rannsóknaráð heyri undir menntmrh., sem skipar formann þess og framkvæmdastjóra.

Í frv. meiri hl. atvmn. var gert ráð fyrir, að verkefni rannsóknaráðs *væru nokkru meiri en* lagt er til í þessu frv. Það var t. d. gert ráð fyrir því, að stofnanir og einstaklingar, sem fá framlag úr ríkissjóði til rannsókna, skuli láta rannsóknaráði í té upplýsingar og hafa samstarf við það, þegar þess væri óskað og við yrði komið. Þar var og gert ráð fyrir því, að rannsóknaráð skyldi hafa yfirumsjón með landssvæðum, framkvæmdum og sameiginlegum byggingum og tækjum, sem ríkið reisti handa rannsóknarstofnunum.

Meiri hl. atvmn. lagði til, að rannsóknaráð heyrði undir forsrh. og væri hann formaður ráðsins. Það tíðkast hins vegar ekki á Íslandi, að forsrh. fari sem slíkur með ákveðin stjórnarmálefni, nema þá f. h. ríkisstj. í heild, og ekki heldur, að hann sé formaður í opinberum nefndum. Í nágrannalöndunum er sami háttur á í þessum efnum. Eðlilegast hefur því þótt, að rannsóknaráð heyri undir þann ráðh., sem fer almennt með málefni, sem skyldust eru verkefnum rannsóknaráðs, hliðstætt því, að gert er ráð fyrir, að hinar einstöku rannsóknarstofnanir heyri undir þá ráðh., sem fara með mál þess atvinnuvegar, sem rannsóknarstofnununum er ætlað að vinna fyrir. Þar eð menntmrh. fer með mál, er varða vísindi, og þær stofnanir, sem telja verður miðstöðvar undirstöðurannsókna á Íslandi, þ. e. háskólinn og náttúrugripasafnið, heyra undir hann, er í frv. gert ráð fyrir, að rannsóknaráð heyri undir menntmrh.

Í frv. er gert ráð fyrir, að á vegum ríkisins skuli starfræktar þessar rannsóknarstofnanir: hafrannsóknarstofnun, rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins, rannsóknarstofnun landbúnaðarins, rannsóknarstofnun iðnaðarins og rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins.

Meginbreyting frá ríkjandi skipulagi er sú, að atvinnudeild háskólans verður lögð niður. Hafrannsóknarstofnunin kemur í stað fiskideildar og rannsóknarstofnun landbúnaðarins í stað búnaðardeildar, en í stað iðnaðardeildar koma tvær stofnanir: rannsóknarstofnun iðnaðarins og rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins. Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins kemur í stað rannsóknarstofu Fiskifélags Íslands.

Nú lýtur hver deild atvinnudeildar háskólans stjórn deildarstjóra undir yfirstjórn rannsóknaráðs og atvmrn. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að hver rannsóknarstofnun verði sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyri undir hlutaðeigandi fagráðuneyti. Rannsóknaráð á engin afskipti að hafa af stjórn rannsóknarstofnananna. Hins vegar er hverri þeirra fengin sérstök stjórn, og auk þess er gert ráð fyrir skipun ráðgjafarnefndar við stofnanirnar. Í stjórn hafrannsóknarstofnunarinnar skulu vera þrír menn: forstjóri stofnunarinnar, fiskimálastjóri og maður tilnefndur af ráðgjafarnefndinni. Stjórn rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins skal skipuð með sama hætti, þannig að þar eigi sæti forstjóri stofnunarinnar, fiskimálastjóri og maður tilnefndur af ráðgjafarnefndinni. Í stjórn rannsóknarstofnunar landbúnaðarins skulu eiga sæti forstjóri stofnunarinnar, búnaðarmálastjóri og maður tilnefndur af tilraunaráði rannsóknarstofnunarinnar, en það er ráðgjafarnefnd hennar. Í stjórn rannsóknarstofnunar iðnaðarins skulu hins vegar eiga sæti fimm menn: forstjóri rannsóknarstofnunarinnar, einn tilnefndur af Félagi íslenzkra iðnrekenda, einn af Sambandi íslenzkra samvinnufélaga og tveir menn, sem ráðherra

skipar án tilnefningar. Í stjórn rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins eiga hins vegar sæti þrír menn: forstjórinn, einn tilnefndur af Landssambandi iðnaðarmanna og einn, sem ráðh. skipar án tilnefningar.

Við allar stofnanirnar er gert ráð fyrir því, að skipa megi ráðgjafarnefndir, sem skipaðar eru fulltrúum ýmissa samtaka atvinnuveganna, ýmissa félagssamtaka, ef ósk kemur fram um það frá einum eða fleiri af þeim aðilum, sem gert er ráð fyrir að gefinn sé kostur á að tilnefna fulltrúa í ráðgjafarnefndina. En tilgangurinn með heimildinni til skipunar ráðgjafarnefnda er að skapa tengsl milli rannsóknarstofnananna og hlutaðeigandi atvinnuvega, sem þeim er ætlað að vinna fyrir. Við rannsóknarstofnun landbúnaðarins er ráðgjafarnefndin nefnd tilraunaráð.

Í frv. meiri hl. atvmn. var gert ráð fyrir því, að fiskideild atvinnudeildar háskólans og rannsóknarstofa Fiskifélags Íslands yrðu sameinaðar í eina stofnun, rannsóknarstofnun sjávarútvegsins, sem skiptast skyldi í hafrannsóknadeild og fiskiðnaðardeild. Að vandlega athuguðu máli var ekki talið rétt að leggja til, að þessar tvær rannsóknarstofnanir yrðu sameinaðar, enda lögðu stofnanirnar báðar mjög eindregið gegn því.

Þá var í frv. meiri hl. atvmn. gert ráð fyrir talsvert annarri skipan á stjórnum rannsóknarstofnananna en gert er í þessu frv. Í stjórn rannsóknarstofnunar sjávarútvegsins skyldu vera þrír menn: einn tilnefndur af stjórn Fiskifélags Íslands, annar af ráðgjafarnefnd hafrannsóknadeildar og þriðji af ráðgjafarnefnd fiskiðnaðardeildar. Í stjórn rannsóknarstofnunar landbúnaðarins skyldu vera þrír: einn skipaður af ráðh. og skyldi hann vera formaður, en einn af stjórn Búnaðarfélags Íslands og einn af framleiðsluráði landbúnaðarins. Í stjórn rannsóknarstofnunar iðnaðarins skyldu einnig vera þrír menn, einn skipaður af ráðh. og skyldi hann vera formaður, einn af Félagi ísl. iðnrekenda og einn af Sambandi íslenzkra samvinnufélaga. Í stjórn rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins skyldi og einn skipaður af ráðh. sem formaður stjórnarinnar, en tveir eftir tilnefningu ráðgjafarnefndar stofnunarinnar.

Í frv. meiri hl. atvmn. var m. ö. o. ekki gert ráð fyrir því, að meiri hl. stjórnar stofnananna væri fulltrúar ríkisvaldsins, skipaðir af ráðh. Í þessu frv. er lagt til, að meiri hl. stjórnar sé jafnan opinberir starfsmenn, sem skipaðir hafa verið til starfa sinna af ráðh. Þá er og alls staðar gert ráð fyrir því, að forstjóri stofnunarinnar eigi sæti í stjórninni og sé jafnframt formaður hennar. Er það gert til þess að tryggja, að nauðsynleg sérþekking sé jafnan fyrir hendi í stjórn stofnananna, stuðli að festu í framkvæmdastjórn og í því skyni að efla samstarf stjórnar og þeirra, sem í stofnuninni vinna.

Í þessu frv. er lagt til, að í stjórnum allra rannsóknarstofnananna séu 3 menn, nema í stjórn rannsóknarstofnunar iðnaðarins. Þar er gert ráð fyrir 5 mönnum. Er alls staðar gert ráð fyrir því, að forstjóri rannsóknarstofnunarinnar eigi sæti í stjórninni og sé formaður hennar, eins og ég gat um áðan. Hinir stjórnarmennirnir skulu skipaðir eins og hér segir: Í stjórn hafrannsóknarstofnunarinnar og rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins skal fiskimálastjóri eiga sæti og enn fremur maður tilnefndur af ráðgjafarnefnd hlutaðeigandi rannsóknarstofnunar. Í stjórn rannsóknarstofnunar landbúnaðarins skal búnaðarmálastjóri eiga sæti og maður tilnefndur af tilraunaráði stofnunarinnar. Í stjórn rannsóknarstofnunar iðnaðarins skulu eiga sæti tveir menn tilnefndir af Félagi ísl. iðnrekenda og Sambandi ísl. samvinnufélaga og aðrir tveir tilnefndir af iðnmrh., m. a. vegna opinberra iðnfyrirtækja og þeirra iðnrekenda, sem standa utan fyrrnefndra samtaka. Í stjórn rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins skulu eiga sæti maður tilnefndur af Landssambandi iðnaðarmanna og maður tilnefndur af iðnmrh.

Í frv. atvmn. er gert ráð fyrir því, að ráðgjafarnefndir skuli skipaðar við allar rannsóknarstofnanir. Þessu hefur verið breytt á þann veg, að ráðherra hafi heimild til að koma þessum ráðgjafarnefndum á fót, ef þeir aðilar eða þau samtök, sem eiga að tilnefna fulltrúa í þær, æskja þess.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á skipan ráðgjafarnefnda frá því, sem gert er ráð fyrir í frv. atvmn., en þar er ekki um mikilvæg atriði að ræða. Í þessu frv. er og gert ráð fyrir því, að hlutaðeigandi ráðherra skipi helztu starfsmenn, þ. e. framkvæmdastjóra rannsóknaráðs, forstjóra einstakra rannsóknarstofnana og alla sérfræðinga, en annað starfsfólk ráði hlutaðeigandi stjórnarnefnd. Er þetta í samræmi við þá venju, er hér tíðkast. Í frv. meiri hl. atvmn. er hins vegar ekki gert ráð fyrir því, að ráðherra skipi þessa aðila, heldur á rannsóknaráð að ráða framkvæmdastjóra sinn og stjórnir stofnananna framkvæmdastjórn þeirra og annað starfslið. Meginhluti rekstrarfjár og stofnkostnaður þessara rannsóknarstofnana er greiddur úr ríkissjóði, og hlutaðeigandi ráðherra ber stjórnskipulega ábyrgð á þeim eins og öðrum ríkisfyrirtækjum. Þykir því sjálfsagt að ráðherra skipi helztu starfsmenn á þessu sviði.

Í frv. eru mikilvæg nýmæli um sérstaka fjáröflun til tveggja rannsóknarstofnana, þ. e. rannsóknarstofnunar iðnaðarins og rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins. Gert er ráð fyrir því, að iðnfyrirtæki, verksmiðjur og verkstæði greiði gjald, er nemur 2‰ af kaupi verkafólks og fagmanna, til að standa straum af hluta af kostnaði rannsóknarstofnunar iðnaðarins. Undanþegin eru fyrirtæki, sem vinna úr sjófangi og landbúnaðarafurðum, svo og sements- og áburðarframleiðsla. Vinnulaun þessa starfsfólks námu árið 1959 464 millj. kr., og hefði þetta gjald þá numið 928 þús. kr. Ber brýna nauðsyn til þess að stórefla hér rannsóknir í þágu iðnaðar landsmanna, og má telja, að hér sé um hóflegt gjald að ræða, miðað við þann mikla ávinning, sem öflug rannsóknarstofnun gæti veitt iðnaðinum. Þá er og gert ráð fyrir því, að af öllu innfluttu timbri, sementi og steypustyrktarjárni skuli greiða ½% aðflutningsgjald og ½% framleiðslugjald af sementi, sem framleitt er hér á landi, og skuli gjöld þessi renna til rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins

Miðað við innflutning og framleiðslu á árinu 1961 hefði gjaldið þá numið 860—900 þús. kr. Til samanburðar má geta þess, að framlag sjávarútvegsins til fiskideildar rannsóknarstofu Fiskifélagsins og byggingar rannsóknarskips var um 3 millj. kr. á árinu 1961.

Þá vil ég vekja sérstaka athygli á því nýmæli í frv., að gera skuli í fjárlögum ráð fyrir fjárveitingu til hverrar rannsóknarstofnunar, er nemi 15% af árslaunum sérfræðinga við stofnunina, og megi verja þessu fé til þess að verðlauna afburðaframmistöðu sérfræðinga við störf sín. Ætti þetta að geta orðið vísindamönnum hvatning til að leggja fram krafta sína til lausnar viðfangsefninu og veita þeim verðskuldaða viðurkenningu fyrir vel unnið starf.

Um frv. minni hl. atvmn., Einars Olgeirssonar, er það að segja, að það gerir ráð fyrir talsvert annarri skipan rannsóknaráðs en gert er í frv. meiri hl. og þessu frv. Þar er og ekki gert ráð fyrir sérstökum stjórnum í hinum einstöku rannsóknarstofnunum. Aftur á móti er þar einnig lagt til, að ráðgjafarnefndir séu við stofnanirnar. Ætlazt er hins vegar til, að ráðherra skipi forstjóra rannsóknarstofnananna.

Að síðustu vil ég taka fram, að ég álít, að sú nýskipan, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. á íslenzkum rannsóknum í þágu atvinnuveganna, mundi verða rannsóknunum til mikillar eflingar og vísindamönnunum til nýrrar hvatningar. Með hliðsjón af því, að fátt eða ekkert er íslenzku þjóðfélagi nauðsynlegra en að efla rannsóknir sínar, tel ég, að samþykkt þessa frv. muni horfa til heilla og framfara.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil nota þetta tækifæri, sem verður við 1. umr. þessa frv., til þess að lýsa þeirri skoðun minni, að eitt hið allra nauðsynlegasta í okkar þjóðarbúskap sé að stórauka rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Það þarf ekki annað en kynnast lítillega þeim glæsilega árangri, sem orðið hefur af því, sem gert hefur verið í þessa átt, til að sannfærast um þetta. Og alltaf verður þessi nauðsyn ríkari og ríkari og alltaf kemur það betur og betur í ljós, hversu glæsilegum árangri er hægt að ná með nægilegri þekkingu.

Það er skemmst að minnast þeirra stóratburða, sem gerzt hafa í sambandi við sjávarútveginn, til að sannfærast um þetta, og hefur þó vafalaust margt gerzt í sambandi við aðrar atvinnugreinar, sem minna ber á í sjálfu sér, en hefur allt að einu gífurlega þýðingu.

Ég mun ekki ræða þetta frv. í einstökum atriðum, en það má segja, að það sé tvíþætt. Annars vegar er að breyta nokkuð skipulagi því, sem er á yfirstjórn rannsóknanna og hvernig þeim er raðað niður í stofnanir, og um þetta er ég ekki reiðubúinn að segja mína skoðun, enda verður þetta vafalaust íhugað, eins og frv. allt, í þeirri n., sem fær það til meðferðar. Ég get ekki heldur gert mér grein fyrir, hvort þær breytingar, sem stungið er upp á í þessu frv., eru í sjálfu sér sérstaklega veigamiklar eða líklegar til að verða að gagni. En þó heyri ég það á því, sem hæstv. ráðh. segir, og sé það á þeim upplýsingum, sem frv. fylgja, að margir mætir menn eiga hlut að því að gera þessar tillögur um breytingar á skipulaginu. Finnst mér því, að gera mætti sér von um, að þær gætu orðið til bóta.

En síðan er hinn þáttur málsins, sem ég vildi leyfa mér að fara um örfáum orðum, og hann er sá, sem lýtur að rannsóknunum sjálfum og sérstaklega hversu mikið fjármagn er veitt til rannsóknanna. Og ég vil segja það hiklaust, að ég álít, að ríkið sjálft verði að leggja meira til þessara rannsókna en gert hefur verið á fjárlögum og heldur en gert er ráð fyrir í þessu frv. Ég skal ekki leggja dóm á það á þessu stigi málsins, hvort rétt muni vera að eltast við nýja skatta, eins og t. d. að leggja nýtt aðflutningsgjald á timbur og söluskatt á sement í þessu sambandi, eða hvort rétt er eða ekki að innheimta af iðnaðarfyrirtækjum gjald á útborgað kaup, en það er gert ráð fyrir þessu í frv., til að auka nokkuð fjárráð til rannsóknanna. Ég skal ekki fara út í að ræða þetta atriði við þessa umr. Þetta verður að sjálfsögðu athugað í n. En hitt vil ég segja, að jafnvel þó að gert sé þarna ráð fyrir annars vegar, þ. e. til byggingarannsóknanna, að fá með þessu móti 860—900 þús. kr. af nýju fé, og til iðnaðarrannsóknanna almennt 928 þús. kr. með því að reyta á þessa lund saman, — að þótt gert sé ráð fyrir að fá þarna með nýjum álögum dálítið fé inn í þessa starfsemi, þá er ég alveg hiklaust þeirrar skoðunar, að það þurfi að veita mun meira fé í þessar rannsóknir í heild en gert hefur verið á fjárlögum nú og gert er ráð fyrir í þessu frv. Það er að vísu víðast hvar vísað til þess, sem gert muni verða á fjárlögum. Og vil ég í þessu sambandi leyfa mér að minna á, að af hálfu framsóknarmanna hefur nú nokkur þing verið gerð tilraun til þess að fá fjárveitingar til ýmissa rannsókna á fjárlögum hækkaðar stórlega, en árangurslaust. Við munum halda þeim tilraunum áfram, hvað sem þessu frv. líður. Það er atriði út af fyrir sig, hvort flytja eigi brtt. við þetta frv. um að lögbjóða hærri framlög í þessu skyni en verið hafa eða hvort á að gera þessi mál upp eingöngu í sambandi við fjárlögin. En ég vildi ekki láta þetta tækifæri hjá líða án þess að lýsa yfir þeirri skoðun minni, að ég tel alveg lífsnauðsyn að veita meira fjármagni, svo að verulegu nemur, inn í rannsóknirnar en verið hefur gert. Þó að ég sé ekki reiðubúinn að nefna tölur í þessu sambandi, er alveg víst, að það þarf að stórauka framlögin í þessu skyni. Og ég get ekki látið hjá líða að lýsa vonbrigðum mínum yfir því, að fyrst hæstv. ríkisstj. gekk í að gera nýjan lagabálk og láta endurskoða frá grunni alla rannsóknarstarfsemina, þá skuli ekki vera í leiðinni gerðar skörulegri ráðstafanir en í þessu frv. felast til að veita eða ákveða meira fé en verið hefur til hennar.

Eins og komið hefur fram af því, sem hæstv. ráðh. sagði og ég vænti að ekki sé misskilningur, þá er þar fyrst og fremst um að ræða þessi nýju gjöld, sem ég gat um áðan. Og þó að það sé sjálfsagt skynsamleg stefna, að fyrirtæki, einstaklingar

og ýmsir greiði eitthvað fyrir þá þjónustu, sem fæst á vegum rannsóknarstarfsemi ríkisins, þá álít ég, að ríkið sjálft verði að stórauka sín framlög.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir það, sem hæstv. menntmrh. sagði hér í sinni ýtarlegu og yfirgripsmiklu framsöguræðu, hve nauðsynlegt það er, að matið á vísindunum og þeirra starfi fyrir þjóðfélagið breytist. Og ég tel, að það frv., sem hér liggur fyrir, sé mjög veigamikið spor í þá átt. Ég skal á þessu stigi málsins aðeins til þess að gera nokkra grein fyrir, um hvað höfuðágreiningurinn var í atvinnumálanefnd, sem vann að undirbúningi þess, koma stutt inn á það.

Höfuðágreiningurinn stóð um stjórnir þessara fyrirtækja, þessara rannsóknarstofnana. Álit meiri hl. atvmn. var, að þessar stjórnir skyldu vera samansettar af fulltrúum atvinnurekenda í landinu og að þessar stjórnir skyldu sjálfar ráða forstöðumenn þessara vísindastofnana, þannig að rannsóknarstofnanirnar yrðu stofnanir, sem væru raunverulega undir stjórn atvinnurekenda í landinu og forstjóra, sem þeir réðu, en þjóðfélagið og ríkið borguðu raunverulega höfuðkostnaðinn af því.

Ég var á þeirri skoðun og var með það einnig í minni hl., að það ætti að hafa það svo með þessa rannsóknarstofnun eins og aðrar rannsóknarstofnanir og vísindastofnanir, sem hefur gefizt vel, — við skulum segja t. d. raforkumálastofnunina, — að ríkisstj. útnefndi sjálf framkvæmdastjóra eða forstjóra þessarar stofnunar og þá t. d. hver ráðh. á því sviði, sem stofnunin vinnur á. Ég lagði þess vegna til í mínu minnihlutaáliti, að ríkisstj. eða hinir ýmsu ráðh. útnefndu þessa forstöðumenn eða þessa forstjóra. Mér þykir þess vegna mjög vænt um, að einmitt hæstv. ríkisstj. skuli hafa haft þann hátt á, að hún skuli útnefna sjálf eða hinir einstöku ráðh. forstöðumenn þessara stofnana. Ég álít, að með því móti sé bezt komið fyrir í senn ábyrgð og valdi yfir þessum stofnunum, og þrátt fyrir ýmislegt, sem menn geta fundið að ýmsum forstöðumönnum stofnana, þá held ég, að þetta skipulag sé þó það, sem bezt gefst í þessu efni. Og fyrir ríkið, sem í þessu tilfelli er fulltrúi almennings eða þjóðfélagsins, er eðlilegt, að það verði að bera höfuðábyrgðina í þessum efnum. Ég álít hins vegar, að þær stjórnir, — það þykist ég vita að hæstv. ríkisstj. muni hafa gert sem samkomulagsatriði, kannske bæði við meiri hl. og við atvinnurekendurna í landinu, — þessar stjórnir, sem haldið er enn þá í þessu frv. fyrir hinar ýmsu rannsóknarstofnanir, séu í raun og veru bara óþörf skriffinnska. Og ég mundi eindregið gera það að minni till., að þessar stjórnir séu burrkaðar út. Ég held, að þær hafi þarna ekkert að gera. Það er greinilegt, að það, sem lagt er til um hinar svokölluðu ráðgjafarnefndir, ólaunaðar ráðgjafarnefndir, þá er það út af fyrir sig gott atriði, og hæstv. ríkisstj. tekur upp í þetta frv. það sem möguleika, að ráðgjafarnefndir geti verið skipaðar af hinum ýmsu samböndum og starfsviðum, félagssamtökum og öðrum slíkum, bæði atvinnurekenda, verkamanna og sérfræðinga. Þessar ráðgjafarnefndir eru að mínu áliti mjög heppilegar hvað það snertir, að það gefur forstjóra viðkomandi stofnunar svo að segja jarðsamband við atvinnurekendurna, við áhugahópa, við verkalýðssamtökin, við bændasamtökin og við alla þá aðila, sem hafa sérstakan áhuga á þessum ýmsu sviðum, hvort sem það er fiskiðnaður, landbúnaður eða annað slíkt. Og þessar ráðgjafarnefndir er hægt að kalla saman bæði til að segja þeim frá þeim hugmyndum, sem forstöðumaðurinn og vísindamennirnir eru með, ráðgast við þær um það og heyra þeirra tillögur, gefa sem sagt þeim mönnum, sem eru í hinu praktíska lífi og hafa áhuga á þessu, alla möguleika til að koma fram með sínar breytingartillögur, sínar hugmyndir í þessu og ræða þetta. Og þetta álít ég vera ákaflega heppilegt og ákaflega giftusamlegt fyrir stjórn slíkrar ríkisstofnunar. En ef við þurfum svo að segja að hafa þarna hverja silkihúfuna upp af annarri, ráðgjafarnefndina, stjórnina og svo forstöðumanninn, þá verður þetta allt of mikil skriffinnska. Og stundum er þetta þannig, eins og hæstv. ráðh. skýrði frá áðan, að það er kannske sjálfur forstöðumaðurinn, sem er einn maðurinn í þessari 3 manna stjórnarnefnd, annar er annar embættismaður ríkisins og þriðji útnefndur af atvinnurekstrinum. Ég álít þess vegna, að þessar stjórnir séu alveg óþarfur millilíður. Það var skiljanlegt, þegar meiri hl. atvmn. vildi fá í hendur atvinnurekstrarins í landinu eða atvinnurekendanna yfirráð yfir öllum rannsóknarstofnunum ríkisins, að þá vildu þeir hafa þessar stjórnir, til þess að þær réðu þannig, væru toppurinn á öllu saman og þær réðu framkvæmdastjórann sem sinn undirmann. En þegar búið er að breyta þessu þannig, að ríkisstj. skipar á sama hátt og embættismenn eru skipaðir forstjóra stofnunarinnar, þá er þessi stjórn orðin óþörf. Það er gengið út frá því, að þessi stjórn sé launuð. Ég held, að það sé alger óþarfi að bæta þeim kostnaði þarna ofan á. Og þó að mikill vilji sé og vonandi verði að leggja fram fé til þessara rannsóknarstofnana, þá efast ég samt ekki um, að það muni vera nauðsynlegt að reyna þó frekar að spara þann kostnað, sem maður gæti losað sig við. M. ö. o.: ég held, að maður verði að treysta þarna á fyrst og fremst, að ríkisstj. og ráðh. hafi sem mestan áhuga að tryggja þarna sem bezta vísindamenn að þessum stofnunum, bæði sem framkvæmdastjóra og starfsmenn. Í öðru lagi, að þessir forstjórar og starfsmenn, þessir vísindamenn, sem þarna vinna, fái sem allra mest sjálfræði, þeir fái að vinna þarna sjálfir út frá sínum vísindahagsmunum, en það séu ekki einhverjar stjórnir, sem geta meira eða minna sagt þeim fyrir verkum og gripið inn í þeirra verk. Hins vegar geti þeir haft í gegnum ráðgjafarnefndirnar það góða samband, sem nauðsynlegt er, við bæði atvinnurekendur, verkalýðssambönd, áhugamenn og önnur samtök í landinu, sem geta hjálpað þeim til að gera þessa vísindastarfsemi enn hagnýtari og betri. Ég vil eindregið vonast til þess, að hv. menntmn., sem fær þetta frv. til athugunar, athugi þetta mjög gaumgæfilega í samráði við hæstv. ríkisstj., hvort ekki sé hægt enn að gera breyt. á frv. einmitt í þessa átt, að draga úr því, sem ég er hræddur

um, að yrði þarna bara skriffinnska, en efla að sama skapi vald vísindamannanna og forstjóranna, sem þarna eru, eins og ríkisstj. hefur unnið réttilega að.

Ég álít líka mjög rétt það, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert, að í staðinn fyrir að hafa eina rannsóknardeild viðvíkjandi öllum sjávarútveginum, þá hafi hún þar tvær rannsóknardeildir, rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins og hafrannsóknarstofnunina sem sjálfstæða deild. Ég er einmitt mjög sammála þessari skiptingu og veit líka, að hún er mjög í samræmi við það, sem okkar vísindamenn á þessum sviðum hafa lagt til og álíta heppilegast. Og sviðið, sem þarna er, er svo gífurlegt fyrir þjóð eins og okkur, að það mun ekki af veita, að byggð sé sjálfstæð starfsemi á þessum tveimur mikilvægu sviðum.

Þá held ég enn fremur, að það væri rétt við athugun þessa máls í n. að framkvæma það helzt alls staðar að gera kröfu til vísindalegrar menntunar, háskólamenntunar, í sambandi við þá menn, sem eiga að skipa þessi ábyrgðarmiklu störf, og reyna að framkvæma það alls staðar, því að það er nauðsynlegt fyrir okkur að gera hvort tveggja í senn, þegar við förum að meta það gildi, sem vísindin hafa nú, að meta um leið menntun þeirra manna, sem í þessu eru, og gefa þeim tækifæri, sem menntunar hafa aflað sér, til þess frá upphafi að móta þetta og taka þátt í því. Ég held, að það megi ekki annarleg sjónarmið komast þar að.

Það var mjög rétt og mjög tímabært, sem hæstv. menntmrh. undirstrikaði í sinni ræðu, að vísindin eru orðin svo þýðingarmikið — mér liggur við að segja: framleiðsluafl í þjóðfélaginu, að þau eru raunverulega alveg komin við hliðina á því, sem við hingað til höfum kallað framleiðsluöfl, þ. e. verkamönnunum og starfsmönnunum sjálfum og framleiðslutækjunum. Vísindin eru beinlínis að verða eitt mikilvægasta framleiðsluafl nútímans, og þess vegna verður, ef okkar þjóð ætlar að fylgjast með og vinna í samræmi við þann háa standard, sem verið er að skapa um allt það starf nú á tímum, þá verða bæði kröfurnar til vísindalegrar menntunar og aðbúnaðurinn að þeim vísindalegu stofnunum að verða í samræmi við það. Þarna dugir ekki lengur nein þröngsýni hjá okkur. Þarna verður að verða alger breyting á.

Í því sambandi er eðlilegt, að menn komi inn á fjármálin og hvað þar skuli gert, og það er mjög á það bent einmitt af þeim stofnunum, sem atvmn. hafði samstarf við, m. a. Efnahagssamvinnustofnun Evrópu, hve gífurlegar fjárhæðir það eru orðnar, sem nú eru lagðar fram til vísindalegrar starfsemi, ekki hvað sízt af tveim fremstu ríkjum í þeim efnum í heiminum, Sovétríkjunum og Bandaríkjunum, og er talið, að það geti jafnvel verið svo, enda á það minnzt hér í grg. á bls. 29, að jafnvel 2% af þjóðarframleiðslunni séu lágmark í slíkum efnum. Það mundi þýða hér heima hjá okkur líklega hvorki meira né minna en um 140 millj. kr., svo að menn mega nú fara að íhuga ýmislegt, þegar slíkar tölur eru nefndar. Og ég vil í því sambandi minna bæði hæstv. menntmrh. og eins þá n., sem þetta fer til, á, að það var gerð tillaga af hálfu atvmn. allrar um fjáröflun í þessu skyni, sem ég vil vonast til að hæstv. ríkisstj. hafi fengið, og samkvæmt þeirri till. höfðu verið útvegaðar nokkrar milljónir í þennan byggingarkostnað árlega, og það fé, sem ég held að væri ekkert tjón að taka frá því, sem það nú er veitt í, a. m. k. urðu allir í atvmn. sammála um það, og ég vildi eindregið mælast til þess, að það yrði mjög vel athugað, hvort það væri ekki hægt að gera samkomulag um það í menntmn. að setja ýtarlegri tillögur um fjáröflun inn í frv. en hér er gert. Það, sem er fyrir allar greinarnar, er raunverulega bara, að einkaleyfisgjaldið fyrir happdrættið, sem hingað til hefur verið greitt til ríkissjóðs, eigi nú að fara til þessa, en ekki neitt meira, og ég vildi gjarnan, að hæstv. ríkisstj. athugaði þá till. betur, sem atvmn. í heild gerði í þessum efnum.

Þá vildi ég að síðustu mælast til þess, að hv. menntmn. kalli á sinn fund sérfræðingana, sem hafa komið mjög nærri samningunum um þetta og látið í ljós ýmsar sínar skoðanir, til þess að hún fái tækifæri til þess að setja sig sem bezt inn í hugmyndir vísindamannanna sjálfra um þetta mikla mál og geti þá um leið líka gert þær breytingar á frv., sem hún kynni að geta orðið sammála um. En alveg sérstaklega vil ég skjóta því til hæstv. menntmrh., hvort hæstv. ríkisstj. hefur athugað þá till., sem atvmn. sameiginlega gerði um fjáröflun í þessu skyni og hefði tryggt og mundi tryggja þarna nokkrar milljónir á ári, og álít ég mjög heppilegt, ef hæstv. ráðh. vildi athuga það við menntmn., hvort ekki væri hægt að gera einhverjar ráðstafanir í slíku efni. Það er engum efa bundið, að það þarf að vinda að því bráðan bug að koma þessum stofnunum upp. Það þarf að byggja yfir þær, það er allmikill byrjunarkostnaður, og þar að auki er viðbúið, að ef það eigi að gera sómasamlega við þá menn, sem þarna starfa, þá muni rekstrarkostnaður verða að vera þarna allmikill. Ég tók eftir því, eins og vitað er, að það er meira að segja svo nú í sumum þeim stofnunum, sem nú starfa við atvinnudeild háskólans, að meginið af sérfræðingunum er að fara í burtu. Það þýðir náttúrlega lítið fyrir okkur að fara að hagnýta vísindin sem framleiðsluafl í þjóðfélaginu og hafa svo um leið slíka skipun á þessum málum, að við getum ekki einu sinni haldið þeim sérfræðingum, sem við höfum. Það er mál, sem verður að breytast og breytast fljótt.

Að öðru leyti vil ég taka undir það í ræðu hæstv. ráðh., er hann undirstrikaði nauðsynina á því að gera þá miklu breytingu, sem hér er lagt til á þessu sviði okkar vísindalegu rannsóknarstarfsemi, og um leið láta í ljós ánægju mína yfir þeim breyt., sem ríkisstj. gerði á þessu frv. hvað snertir einmitt sérstaklega skipun forstöðumannanna og hvað snertir það að hafa tvær sjálfstæðar deildir í sjávarútveginum, annars vegar fiskiðnaðinum og hins vegar hafrannsóknunum, sem ég álít hvort tveggja hafa verið til mikilla bóta frá því, sem var í frv. meiri hl.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil aðeins þakka þeim málsvörum stjórnarandstöðuflokkanna, sem látið hafa í ljós skoðanir

sínar um þetta frv., fyrir góðar undirtektir undir meginefni þess og þá meginstefnu, sem í frv. er mörkuð. Í því sambandi vil ég auk þess undirstrika, sem raunar er ljóst af efni málsins, að þetta frv. fjallar að sjálfsögðu fyrst og fremst um skipulagsmál rannsóknarstofnananna og rannsóknarmálanna.

Við erum allir sammála um, að brýna nauðsyn beri til þess að veita stóraukð fé til rannsóknarstarfseminnar, bæði frá hinu opinbera og frá íslenzkum atvinnuvegum. Í frv. eru nokkur nýmæli um það, að iðnaðurinn skuli greiða upp undir 2 millj. kr. á ári til eflingar rannsóknarstarfsemi í þágu iðnaðarins til viðbótar þeim 3 millj., sem sjávarútvegurinn greiðir nú árlega.

Um hitt atriðið, hversu mikið fé ríkið sjálft skuli láta hverju sinni til rannsóknarmálanna, sem við erum allir sammála um að auka þurfi mjög verulega, um það ber að sjálfsögðu að fjalla í sambandi við afgreiðslu fjárl. hverju sinni.

Hvað það snertir, sem hv. síðasti ræðumaður sagði um skipun stjórna rannsóknarstofnananna, skal ég láta þess getið hér, að það var eitt þeirra mála, sem lengst og ýtarlegast var rætt við aðila í atvmn., við rannsóknarmennina sjálfa, við embættismenn og innan ríkisstj. Og það skal fúslega játað, að það má teljast mikið álitamál, hvort rétt sé að hafa slíkar stjórnir yfir hinum einstöku rannsóknarstofnunum eða ekki. Ástæðan til þess, að ríkisstj. að vandlega athuguðu máli kaus þann kostinn að hafa stjórnirnar, var fyrst og fremst sú, að ríkisstj. taldi, að með öðrum hætti yrðu ekki sköpuð nægileg tengsl við atvinnuvegina, þ. e. skipun ráðgjafarnefndanna, sem margar hverjar eða flestar eru allstórar, skapaði ein út af fyrir sig ekki nægileg tengsl við atvinnuvegina og sé nauðsynlegt, að einhver, sem lítur á sig sem fulltrúa atvinnuveganna eða atvinnuvegir líta á sem fulltrúa sinn, sé í nánari tengslum við rannsóknarstofnanirnar en ráðgjafarnefndirnar veita. Þetta var höfuðröksemdin fyrir því að taka upp þá skipan, sem gert er ráð fyrir varðandi stjórn stofnananna. Auk þess þótti það og mundi geta orðið gagnlegt að tengja æðstu embættismenn ríkisins á þeim sviðum, sem um er að ræða, t. d. fiskimálastjóra og búnaðarmálastjóra, þessum rannsóknarstofnunum með þeim hætti, að þeir eigi samkvæmt embætti sínu sæti í hlutaðeigandi stjórnum. Okkur var fullkomlega ljós sá annmarki, sem hv. þm. benti á í þessu sambandi, að varhugavert getur verið, að við slíkar stofnanir og raunar allar sé hver silkihúfan ofan á annarri. Til þess að koma í veg fyrir, að slíkt gerðist, til þess að koma í veg fyrir, að stjórnirnar yrðu skriffinnskustofnanir, var einmitt gert ráð fyrir því, að forstjóri stofnunarinnar sjálfrar sé í stjórninni og sé formaður hennar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

3. Náttúrurannsóknir.

Á 22. fundi í Sþ., 14. des., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands [119. mál] (stjfrv., A. 193).

Á 29. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., 11. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Flutningur þessa frv. stendur í sambandi við flutning frv. um endurskipulagningu rannsóknarmálanna, sem ég lagði fyrir hv. d. áðan. Þetta frv. er samið af atvinnumálanefnd ríkisins í samráði við starfsmenn Náttúrugripasafns Íslands. Menntmrn. sendi háskólanum frv. til umsagnar og hefur verið tekið tillit til ábendinga hans. Um málið almennt er þetta að segja:

Með lögum nr. 68 1940, um náttúrurannsóknir, var sett heildarlöggjöf hér á landi, bæði um undirstöðurannsóknir og hagnýtar rannsóknir. Þegar þessi lög voru sett, var engin stofnun til í landinu, sem annazt gæti undirstöðurannsóknir á náttúru Íslands og haft umsjón með þeim. Það var því eðlilegt, að rannsóknaráði væri falið að gegna því hlutverki, sem slík stofnun hefði átt að hafa með höndum, ef til hefði verið. Í ársbyrjun 1947 var náttúrugripasafnið hins vegar gert að ríkisstofnun, og jafnframt voru ráðnir að safninu fastir starfsmenn. Með þeirri ráðstöfun var komið á fót opinberri stofnun, sem að sjálfsögðu ber, eins og ríkisstofnun í öðrum löndum, að annast um og hafa forustu um almennar rannsóknir eða undirstöðurannsóknir á sviði dýrafræði, grasafræði, jarðfræði og landafræði. Í framhaldi af þessari ráðstöfun hefði átt að endurskoða lögin frá 1940 og breyta þeim til samræmis við breyttar aðstæður. Þetta var þó ekki gert og hefur ekki verið gert enn, þó að nú séu liðin 15 ár, frá því að náttúrugripasafn tók til starfa sem ríkisstofnun. 1951 voru sett lög um Náttúrugripasafn Íslands. Við undirbúning þeirrar lagasetningar kom í ljós, að erfitt mundi reynast að ákveða verkefni náttúrugripasafnsins með skynsamlegum hætti, þar eð sum af sjálfsögðum hlutverkum þess voru þá þegar með lögum falin öðrum aðila, þ. e. a. s. rannsóknaráði ríkisins. Kom þá til tals að endurskoða lögin um náttúrurannsóknir frá 1940 og koma þannig á gleggri verkaskiptingu milli rannsóknaráðs og náttúrugripasafns. Úr því varð þó ekki, og frv. til l. um Náttúrugripasafn Íslands var lagt fyrir Alþingi og síðan samþykkt, eftir að felld höfðu verið úr frv. ýmis ákvæði varðandi verkefni, er ekki þótti fært að falin væru bæði safninu og rannsóknaráði. En ekki varð hjá því komizt, að hlutverk beggja þessara aðila, eins og þau eru nú ákveðin í l., væru að nokkru leyti hin sömu. Úr þessum annmörkum er reynt að bæta með flutningi þessa frv.

Í frv. til l. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna er gert ráð fyrir því að fella úr gildi l.

frá 1940 og þar með einnig gildandi lagaákvæði um almennar náttúrurannsóknir, og er því nauðsynlegt að setja einnig ný lög um Náttúrugripasafn Íslands.

Helztu breytingar, sem þetta frv. gerir ráð fyrir á gildandi lögum um Náttúrugripasafn Íslands, eru þessar: Nafninu er breytt úr Náttúrugripasafn Íslands í Náttúrufræðistofnun Íslands. Nafn stofnunarinnar nú hefur valdið töluverðum misskilningi. Margir hafa álitið, að verkefni safnsins eða stofnunarinnar séu fyrst og fremst og jafnvel eingöngu að safna náttúrugripum til sýnis fyrir almenning. Því er lagt til, að nafninu verði breytt og áherzla lögð á meginverkefni stofnunarinnar, sem eru vísindalegar rannsóknir á náttúru landsins. Þá eru felld inn í þetta frv. ýmis ákvæði úr l. frá 1940 um náttúrurannsóknir og gert ráð fyrir því, að náttúrufræðistofnunin taki við verkefnum, sem áður voru í verkahring rannsóknaráðs ríkisins. Með þessu móti eru almenn ákvæði um náttúrurannsóknir innlendra og erlendra manna tengd Náttúrufræðistofnun Íslands og stofnuninni falið eftirlit með almennum rannsóknum erlendra náttúrufræðinga. Þess má geta, að Náttúrugripasafn Íslands hefur undanfarin ár að meira eða minna leyti annazt þessi verkefni samkv. ósk rannsóknaráðs ríkisins.

Í gildandi lögum um Náttúrugripasafn Íslands er það talið fremst meðal aðalhlutverka safnsins að safna náttúrugripum og varðveita þá. Í þessu frv. er þessu breytt og fyrst talið það mikilvæga verkefni stofnunarinnar að vera miðstöð almennra vísindalegra rannsókna á náttúru Íslands.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Á 50., 51. og 52. fundi í Nd., 7., 11. og 12. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 57. fundi í Nd., 21. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 193, n. 346).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Atvinnumálanefnd ríkisins hefur fyrir nokkru samið a. m. k. tvö frv. varðandi vísindi og rannsóknarmál. Tvö þessara frv. hafa verið lögð fyrir þingið, annað það, sem hér er til umr., frv. um almennar náttúrurannsóknir og náttúrufræðistofnun, og hitt stærra og víðtækara frv. um hagnýtar rannsóknir í þágu atvinnuveganna o. fl.

Enda þótt þessi frv. væru samin af sömu nefnd og hefðu samflot inn í þingið, eru þau ekki svo tengd hvort öðru, að þau þurfi að sigla saman gegnum þing. Um þetta frv. um náttúrurannsóknir og náttúrufræðistofnun er, að því er menntmn. hefur komizt næst, enginn ágreiningur og hefur ekki verið. Fram hafa komið eindregnar óskir frá náttúrugripasafninu, sem nú á að breytast í náttúrufræðistofnun, að frv. verði ekki látið bíða eftir hinu frv., og þess vegna hefur menntmn. afgreitt frv. til 2. umr., enda þótt ekki sé lokið athugun á stærra frv.

Helztu breytingar, sem þetta frv. gerir á skipulagsmálum náttúrurannsókna, eru þessar: Það breytir í fyrsta lagi nafninu Náttúrugripasafn Íslands í Náttúrufræðistofnun Íslands, og um leið er staðfest, að hér er ekki aðeins um safn að ræða, heldur almenna vísindastofnun. Að vísu hefur þetta verið viðurkennt í verki um allmargra ára skeið, því að náttúrugripasafnið varð að ríkisstofnun í ársbyrjun 1947 og hefur síðan í vaxandi mæli haft forustu um hinar almennu rannsóknir á sviði dýrafræði, grasafræði, jarðfræði og landafræði. En sjálfsagt þykir að staðfesta formlega með nafni og lögum hið eiginlega starf og verkefni þessarar stofnunar.

Í öðru lagi er með þessum lögum gerð skýr verkaskipting, eftir því sem hægt er, á milli Náttúrufræðistofnunar Íslands, sem verður, og rannsóknaráðs ríkisins. Mörk hafa verið óljós milli þessara stofnana, og hefur sá vandi verið leystur þannig í raun, að rannsóknaráðið hefur æði oft falið Náttúrugripasafni Íslands að gegna þessu eða hinu hlutverki.

Í 2., 3. og 4. gr. þessa frv. eru ákvæði, sem fjalla um ýmis atriði, sem áður voru í verkahring rannsóknaráðs, en allir aðilar, þ. á m. rannsóknaráð, eru sammála um, að eigi heima hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Þetta eru þær höfuðbreytingar, sem gerðar eru með frv. Frv. hafði, áður en það var flutt, verið borið undir Háskóla Íslands. Háskólinn hafði gert smávægilegar aths., og var tekið tillit til þeirra, áður en frv. var flutt. Síðan hefur verið leitað umsagna náttúrugripasafnsins og rannsóknaráðs, og eru báðir aðilar sammála um, að æskilegt sé, að frv. nái fram að ganga, og engar till. hafa heyrzt um breytingar á því. Í samræmi við þetta mælir menntmn. með, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
7.—9. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
10.—11. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
12.—16. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 60. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 61. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 62. fundi í Ed., 26. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og hlaut þar einróma meðmæli hv. menntmn. og einróma samþykki í deildinni. Ég skal í örfáum orðum gera grein fyrir aðalefni frv.

Árið 1940 voru sett lög um náttúrurannsóknir, og var það heildarlöggjöf um náttúrurannsóknir hér á landi, bæði svonefndar almennar rannsóknir, undirstöðurannsóknir og hagnýtar rannsóknir. Þegar þessi lög voru sett, var engin stofnun til í landinu, sem gæti annazt og haft umsjón með almennu rannsóknunum. Þess vegna var sá kostur tekinn að fela rannsóknaráði að gegna því hlutverki, sem slík stofnun, ef hún hefði verið til, hefði að réttu lagi átt að hafa með höndum.

Í ársbyrjun 1947 var náttúrugripasafnið gert að ríkisstofnun og ráðnir að safninu fastir starfsmenn. Þá var komið á fót opinberri stofnun, sem að sjálfsögðu á að hafa forustu um almennar rannsóknir á sviði dýrafræði, grasafræði, jarðfræði og landafræði. Það hefði verið eðlileg ráðstöfun í framhaldi af því að gera náttúrugripasafnið að ríkisstofnun að fela því það hlutverk að hafa almenna umsjón með náttúrurannsóknum í landinu og breyta þá lögunum frá 1940 í samræmi við hinar breyttu aðstæður. Þetta var hins vegar ekki gert. Annað tækifæri til að koma lögum um þetta efni í viðunandi horf var 1951, þegar lög voru sett um Náttúrugripasafn Íslands. En þá var líka um það rætt, að endurskoða lögin um náttúrurannsóknir frá 1940 og hafa lögin um Náttúrugripasafn Íslands þannig, að safninu yrðu falin þau verkefni ýmis, sem rannsóknaráði höfðu verið falin með lögum frá 1940. Úr þessu varð þó ekki, og voru lögin um náttúrugripasafn afgreidd þannig, að þau fjölluðu einvörðungu um verkefni safnsins, auk þess sem þau kváðu á um það, að náttúrugripasafnið skyldi vera ríkisstofnun.

Í sambandi við almenna endurskoðun, sem undanfarin ár hefur farið fram á skipulagi rannsókna í þágu atvinnuveganna og atvinnumálanefnd ríkisins hefur haft með höndum, þótti einnig rétt að endurskoða lögin um Náttúrugripasafn Íslands, einmitt út frá því sjónarmiði, sem hér er um rætt. Það þótti eðlilegra að fela það verkefni, sem ég gat um áðan að 1940 hefði verið falið rannsóknaráðinu, þ. e. að fylgjast með almennum náttúrurannsóknum hér á landi og leiðbeina þeim útlendingum, sem til þess fengju leyfi að stunda slíkar náttúrurannsóknir, í starfi þeirra, — þá þótti rétt að endurskoða lögin um náttúrugripasafn og fela því þessa starfsemi í staðinn fyrir að hafa hana hjá rannsóknaráði ríkisins. Þetta var einróma niðurstaða atvinnumálanefndar ríkisins, sem síðar samdi það frv., sem hér liggur nú fyrir hinu háa Alþingi. Um þetta frv. hefur einnig verið fjallað í Háskóla Íslands og það fengið meðmæli hans. Sömuleiðis var það rætt á ráðstefnu um rannsóknarmál, sem menntmrn. efndi til í Háskóla Íslands á s. l. hausti, og komu þar engar almennar athugasemdir fram við efni þessa frv.

Þær meginbreytingar, sem í frv. er gert ráð fyrir að efni til, eru þær, að inn í þetta frv. eru felld ýmis ákvæði úr lögunum frá 1940 um náttúrurannsóknir, er kveða svo á, að viss verkefni skuli vera í verkahring rannsóknaráðs ríkisins, en skv. þessu frv. skulu þau flytjast yfir í Náttúrugripasafn Íslands, sem hér er nefnt Náttúrufræðistofnun Íslands. M. ö. o.: aðalbreytingin í þessu frv. er sú, að verði það samþykkt, eru almenn ákvæði um náttúrurannsóknir innlendra og erlendra manna tengdar náttúrufræðistofnuninni og henni falið eftirlit með rannsóknum erlendra náttúrufræðinga, en ekki rannsóknaráði ríkisins. Þá er nafninu og breytt úr náttúrugripasafni í náttúrufræðistofnun. Það hafa allir hlutaðeigandi verið sammála um, að það sé eðlilegra nafn á þeirri stofnun að nota heitið stofnun, en ekki safn. Að öðru leyti felast í frv. aðeins formbreytingar, sem ég hygg þó að megi fullyrða um að allar séu til bóta.

Ég mundi vilja leyfa mér að vænta þess, að hv. menntmn., sem ég vona að fái málið til meðferðar, og hv. Ed. taki þessu máli jafnvel og hv. Nd. gerði og það hljóti einróma samþykki þessarar hv. deildar.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

4. Lækningaleyfi.

Á 52. fundi í Nd., 12. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar [192. mál] (stjfrv., A. 376).

Á 53. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Nd., 15. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta litla frv. er flutt að ósk landlæknis, er telur, að óhjákvæmilegt sé að breyta dagsektarheimildinni, sem er í l. frá 1932, til samræmis við það verðlag, sem nú er og allir vita að er gerólíkt því, sem var fyrir meira en 30 árum. Hann telur, að þessi breyting sé nauðsynleg til þess að greiða fyrir, að skýrslur fáist, sem á þurfi að halda, og vonast ég til þess, að málið gangi ágreiningslaust sína leið. Legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Á 57. og 58. fundi í Nd., 21. og 22. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Nd., 25. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 376, n. 418).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft frv. þetta til athugunar og leggur einróma til, að það verði samþ. Það, sem hér um ræðir, er að gera víðtækari heimildina um sektarákvæði í lögum nr. 47 frá 23. júní 1932 um dagsektir. Með tilliti til þeirra verðbreytinga, sem orðið hafa í landinu síðan, leggur n. einróma til, að þessi breyt., sem hér er farið fram á, verði samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 60. fundi í Nd., 26. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 63. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 65. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta litla frv. hefur þegar hlotið afgreiðslu í hv. Nd. og varð þar ekki að neinu ágreiningsefni. Tilgangur þess er sá að greiða fyrir nauðsynlegri skýrslusöfnun í heilbrigðismálum og á þann veg að færa fjárhæð dagsekta til nútímahorfs, en þær voru orðnar svo lágar, að segja mátti, að þær væru gagnslausar eins og er samkv. núgildandi lögum.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

5. Höfundalög.

Á 52. fundi í Nd., 12. marz, var útbýtt:
Frv. til höfundalaga [193. mál] (stjfrv., A. 377).

Á 53. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Nd. Alþingis samþykkti hinn 12. maí 1959 rökst. dagskrá um endurskoðun á höfundalöggjöfinni. Aðalákvæði um höfundarétt eru nú í lögum um rithöfundarétt og prentrétt, nr. 13 20. okt. 1905, en þau lög eru fyrir löngu orðin á eftir tímanum í mörgum atriðum. Með l. nr. 49 1943 var ákveðið, að l. frá 1905 skyldu einnig taka til hvers konar listgreina, svo sem málaralistar og myndhöggvaralistar, en þess var þá ekki gætt, að vegna þessa viðauka hefði þurft að setja ný efnisákvæði um réttindi listamanna, þar sem reglur l. nr. 13 1905 voru á takmörkuðu sviði og áttu alls ekki við um sumar listgreinar, sem við bættust. Breytingin 1943 var hins vegar óhjákvæmileg, til þess að Ísland gæti fengið inngöngu í Bernarsambandið. En auk þessa eru ákvæði l. nr. 13 frá 1905 orðin úrelt og á eftir tímanum um réttindi rithöfunda og tónskálda. Mun óhætt að fullyrða, að í engu Bernarsambandsríki sé höfundalöggjöf svo áfátt sem hér á landi.

Hinn 2. júlí 1959 fól ég dr. Þórði Eyjólfssyni hæstaréttardómara að semja nýtt frv. til höfundalaga, en hann er sá Íslendingur, sem hefur dýpsta fræðiþekkingu á höfundarétti. Hefur dr. Þórður samið það frv., sem hér er nú lagt fyrir Alþingi, og þá grg., sem fylgir frv. Þar sem hún er mjög ýtarleg, mun ég láta mér nægja að rekja aðalefni málsins.

Hin Norðurlöndin, Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð, höfðu frá því laust fyrir 1950 haft með sér samvinnu um endurskoðun höfundalöggjafar. Settu þau sér öll ný höfundalög á árunum 1960—61. Hefur þessi nýja löggjöf verið lögð til grundvallar við samningu þessa frv., bæði vegna æskilegrar samræmingar á norrænni löggjöf og þess ekki síður, að norrænu lögin eru vandlega yfirveguð og samin. Vikja ákvæði frv. ekki í neinum verulegum atriðum frá efni norrænu laganna, en niðurröðun ákvæðanna er ekki að öllu leyti hin sama. Hliðsjón hefur einnig verið höfð af nýjum frönskum höfundalögum frá 11. marz 1957 og frv. til höfundalaga Vestur-Þýzkalands frá 23. marz 1962.

Í I. kafla frv. eru ákvæði um þau réttindi, sem höfundar hafa á verkum sínum, ef þau verða talin til bókmennta eða lista. Er hér ekki um neina efnisbreytingu að ræða frá núgildandi rétti. Aðalréttindin eru í því fólgin, að höfundar hafa í fyrsta lagi einkarétt til að gera eintök af verkum sínum, svo sem prentun bóka og nótna, upptöku á hljómplötur eða önnur hljóðrit, eftirprentanir málverka, eftirmynd höggmynda o. s. frv. Í öðru lagi hafa höfundar einkarétt til að birta verk sín opinberlega, t. d. að dreifa þeim í söluskyni, leyfa, að leikrit séu leikin, sögur eða ljóð lesin upp á samkomum eða í útvarpi o. s. frv. Loks er höfundum áskilinn persónulegur réttur til að njóta heiðurs af verkum sínum.

Í II. kafla frv. eru gerðar ýmsar takmarkanir á réttindum höfunda samkv. I. kafla. Eru þær flestar hinar sömu, sem nú gilda, beint eða óbeint. Samsvarandi ákvæði í núgildandi lögum taka aðeins til rithöfunda og tónskálda, og hljóta því fyrirmæli frv. að verða miklu ýtarlegri. Um einstakar greinar er rétt að taka þetta fram:

Í 11. gr. er gerð veigamesta takmörkunin á réttindum höfunda. Er mönnum hér heimilað að gera eintök af vernduðum verkum höfunda án samþykkis þeirra, ef eintökin eru höfð til einkanota eingöngu. Er þetta ákvæði óbreytt að efni til frá því, sem nú gildir. Sérstaklega má geta þess, að í frv. eru engin ákvæði, sem hindra frjálsa upptöku á segulbandstæki til einkanota,

t. d. eftir hljómplötu, útvarpi o. s. frv. Er um þetta fylgt fordæmi norrænu laganna. Að vísu er talið, að slíkar upptökur muni draga úr sölu á hljómplötum og skerða þannig að einhverju leyti réttindi höfunda, einkum tónskálda, en ekki kemur til mála að banna upptöku af þeim sökum. Ekki virðist heldur framkvæmanlegt að leggja árleg afnotagjöld á segulbandstæki eða segulbandsupptökur. Annað mál er það, hvort innflutningur segulbandstækja yrði skattlagður til hagsmuna fyrir höfunda, en þá yrði fé það að ganga í sérstakan sjóð, sem úthlutað væri úr eftir tilteknum reglum. Ættu slík ákvæði um skattlagningu og sjóðsstofnun heima í sérlögum, en ekki í almennum höfundalögum.

Í 18. gr. eru nýmæli um heimild skóla til upptöku verndaðra verka til afnota við kennslu. Er þetta í samræmi við ýmsa erlenda höfundalöggjöf.

Í 23. gr. eru tekin upp óbreytt að efni ákvæði 2. gr. l. nr. 49 1943 um réttindi útvarpsstofnunar ríkisins til að flytja verndað efni gegn greiðslu. Er eins og áður gert ráð fyrir, að ríkisútvarpið semji um þetta við stéttasamtök höfunda.

Í 24. gr. er svo ákveðið, að þeir, sem eignast eintök af bókmenntaverki eða tónverki, hafi full eignarumráð á þeim sem hverjum öðrum nýtilegum hlutum. Eru því m. a. heimil útlán bóka til almennings úr bókasöfnum, svo sem verið hefur. Þar sem höfundar telja slík útlán draga úr sölu bóka sinna, hafa þeim í sumum löndum verið ákveðnar greiðslur úr ríkissjóði vegna útlánanna, m. a. í Danmörku og Noregi. Í öðrum löndum mun hafa komið fyrir, að tekin væru lág gjöld af lántökum bókanna og látin renna til höfunda. Úrlausn þessa málefnis á fremur heima í sérlögum um bókasöfn en í almennum höfundalögum. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að á vegum menntmrn. starfar nú n. að athugun á þessum málum, og eiga sæti í henni dr. Þórður Eyjólfsson hæstaréttardómari, sem er formaður hennar, dr. Finnur Sigmundsson landsbókavörður, Guðmundur G. Hagalín bókafulltrúi, Stefán Júlíusson formaður Rithöfundasambands Íslands og Matthías Jóhannessen skáld.

Í III. kafla frv. eru ákvæði um, hvernig höfundaréttur getur flutzt úr hendi höfunda til annarra aðila.

Í IV. kafla eru ákvæði um gildistíma höfundaréttar. Látin er haldast núgildandi regla um vernd höfundaréttar í 50 ár frá láti höfundar, og er tíminn reiknaður frá næstu áramótum eftir lát höfundar. Þessi 50 ára regla gildir nú samkv. Bernarsáttmálanum og langflestum höfundalögum, þ. á m. norrænu höfundalögunum. Á síðustu árum hefur verið nokkur hreyfing innan Bernarsambandsríkja um að lengja verndartímann upp í 80 ár, en það hefur ekki komið til framkvæmda. Mundi Ísland væntanlega fylgja slíkri reglu, ef um hana kæmi alþjóðleg samþykkt. Þess skal getið, að fram hefur komið áskorun frá Tónskáldafélagi Íslands til ríkisstj. og Alþingis, að samþ. verði nú á yfirstandandi Alþingi, að verk þeirra höfunda, sem hafa dáið 1913 og síðar, njóti fullrar verndar, þangað til 80 ár eru liðin frá láti höfunda, miðað við 1. janúar eftir dánardag.

Um vernd bókmenntaverka gagnvart þýðingum gildir nú sú sérregla samkv. l. nr. 11 1956, að verndartíminn er aðeins 25 ár frá því, að rit var gefið út í fyrsta sinn. Þessi undantekning er heimil Bernarsambandsríkjum, sem ekki hafa fullgilt breytingu þá, sem gerð var á Bernarsáttmálanum í Brüssel 1948, og er Ísland í þeirra tölu. Nú munu flest eða öll Bernarsambandsríki önnur en Ísland, þ. á m. Norðurlandaríkin, hafa í höfundalögum sínum áskilið bókmenntaverkum fulla vernd gagnvart þýðingum, þ. e. a. s. 50 ára verndartíma. Er ekki líklegt, að sérstaða Íslands geti haldizt lengi úr þessu. Ef ekki þætti rétt að breyta frá reglum l. nr. 11 1956 í sambandi við setningu höfundalaga nú, mætti annaðhvort láta nefnd lög halda gildi sínu eða hafa sérreglu um þýðingar í bráðabirgðaákvæði, þ. e. a. s. að núgildandi reglur haldist, þar til Ísland hefur staðfest breytingar Bernarsáttmálans frá 1948 eða önnur skipan verður á gerð.

Í V. kafla frv. eru þau fyrirmæli, sem mestu máli skipta fjárhagslega, bæði fyrir ríkisútvarpið og atvinnu- eða skemmtistaði, sem láta flytja tónlist af hljómplötum eða eftir útvarpi til viðskiptamanna eða starfsmanna. Samkv. núgildandi lögum er bæði ríkisútvarpi og atvinnu- eða skemmtistöðum skylt að greiða höfundum þóknun fyrir flutning tónlistar af hljómplötum, sem á markaði eru keyptar. Ef þetta frv. verður að l., bætast við greiðslur til listflytjenda og hljóðritaframleiðenda, og skal þá greiða þóknun til þeirra í einu lagi. Til listflytjenda teljast þeir, sem flytja eða túlka þá list, sem höfundar hafa skapað, svo sem söngvarar, hljóðfæraleikarar, leiksviðsleikarar, upplesarar o. s. frv. Alþjóðasamtök listflytjenda og hljóðritaframleiðenda hafa um áratugi barizt fyrir því, að þeim yrði veittur réttur til þóknunar, þegar hljómplata er leikin í útvarp eða á öðrum stöðum í atvinnu- eða ágóðaskyni. Þessir aðilar hafa haldið því fram, að þegar hljómplata er leikin í útvarp eða annars staðar fyrir almenning, dragi það úr sölu hljómplötunnar á markaði og spilli atvinnu þeirra. Hafa þessir aðilar fært fram hliðstæð rök fyrir kröfum sínum og höfundar gerðu á sínum tíma, áður en þeim var áskilinn réttur til þóknunar. Listflytjendur telja, að eftirspurn og afnot af hljómplötum byggist í raun og veru engu síður á listflutningnum en á tónverkum þeim, sem flutt eru.

Á síðustu áratugum hefur hvert landið af öðru sett í höfundalög sín ákvæði um rétt listflytjenda og hljóðritaframleiðenda til þóknunar. Er auðsætt, að slíkt er að verða alþjóðleg regla. Í ýmsum löndum höfðu og samtök þessara aðila samið við útvarpsstofnanir um greiðslu sér til handa, áður en til nokkurrar lagasetningar kom. Þá er þess og að geta, að árið 1961 var í Róm samþykktur alþjóðasáttmáli um réttindi listflytjenda og hljóðritaframleiðenda. Svarar þessi sáttmáli um vernd þessara aðila til Bernarsáttmálans um vernd höfunda.

Ísland tók þátt í þessari alþjóðaráðstefnu og er samhliða þessu frv. flutt frv. til l. um heimild til þess að staðfesta þennan millirikjasáttmála, sem gerður var í Róm 26. okt. 1961, um vernd listflytjenda o. fl. Mun það frv. koma til umr.

hér á eftir, og mun ég þá gera nánari grein fyrir efni þess.

Í norrænu höfundalögunum eru nú sams konar ákvæði um þetta efni og eru í þessu frv. Þar eð ákvæði norrænu l. eru ekki að öllu leyti samhljóða, skal þess getið, að í þessu frv. er fylgt ákvæðum dönsku laganna.

Þá er í frv. ákvæði um vernd útvarpsstofnana, m. a. gegn endurvarpi og upptöku á útvarpsefni.

Loks eru ákvæði um vernd ljósmynda, sem hafa ekki listrænt gildi og falla því ekki undir ákvæði um réttindi höfunda.

Varðandi VII. kafla frv. er aðeins ástæða til þess að geta 53. gr. Þar er hvers konar bókmenntaverkum og listaverkum veitt refsivernd gegn misþyrmingum og spjöllum og það allt að einu, þótt þau hafi aldrei notið höfundaverndar eða slík vernd sé brott fallin. Hins vegar tekur 53. gr. ekki til verka, sem eru undir höfundavernd. Refsimál skal aðeins höfða eftir kröfu menntmrh., enda telji hann þess þörf vegna almennrar menningarverndar.

Í VIII. kafla eru ákvæði um viðurlög gegn brotum, ákærureglur o. fl. Svipar þeim að efni til núgildandi ákvæða í l. frá 1905. Samkv. frv. geta þau brot varðað varðhaldi allt að 3 mánuðum, en í gildandi lögum liggja aðeins sektir við brotum á höfundarétti.

Ákvæði í VIII. kafla um gildissvið l. eru í samræmi við reglur Bernarsáttmálans að því er höfunda varðar og reglur Rómarsáttmálans um listflytjendur, hljóðritaframleiðendur, útvarpsstofnanir, að því er til þeirra aðila tekur.

Um 62. gr. skal þess getið sérstaklega, að í 2. mgr. er ákveðið, að verndunin nái ekki til listflutnings eða útvarps, sem fram hefur farið fyrir gildistöku l., og ekki til hljóðrita, sem gerð hafa verið fyrir þann tíma, nema slíkt hafi verið ákveðið í reglugerð. Þykir bezt henta, að afstaða til þessara mála verði tekin í sambandi við gildistöku Rómarsáttmálans hér, ef frv. það., sem ég gat um áðan, um heimild til þess að staðfesta Rómarsáttmálann, verður að lögum og ríkisstj. ákveður að staðfesta sáttmálann. En það er nauðsynlegt að hafa í lögum heimild ríkisstj. til handa til að taka ákvarðanir um þetta efni.

Ég vona, að frv. þetta geti orðið að lögum á þessu þingi, enda er hér tvímælalaust um hinn merkasta frumvarpsbálk að ræða. Hlutverk og efni höfundalaga er að veita mönnum réttarvernd á tilteknum andlegum verðmætum, bókmenntum og listum. Með l. er viðurkenndur réttur þess, sem verkið hefur gert, þ. e. höfundarins, til umráða yfir því og er hann ýmist fjárhagslegs eða persónulegs eðlis.

Höfundalög höfðu lengi framan af einungis ákvæði um réttindi og vernd höfunda, þ. e. a. s. þeirra, sem skapað höfðu bókmenntaverk eða listaverk. Eru þá til höfunda einnig taldir þeir, sem aðlöguðu verk tiltekinni notkun, svo sem þýðendur rita, þeir, sem breyttu skáldsögu í leikrit, sömdu kvikmyndahandrit eftir skáldsögu eða leikriti o. s. frv. Hins vegar voru lögin áður yfirleitt ekki látin taka til listflytjenda, þ. e. manna, sem túlkuðu verk höfunda með listflutningi, söngvara, hljóðfæraleikara, leiksviðsleikara, upplesara o. s. frv. En sökum náins sambands slíkra listamanna við höfunda hefur á síðari tímum verið talið haganlegt að hafa ákvæði um réttindi þeirra einnig í höfundalögum. Sama er að segja um réttindi einstaklinga og fyrirtækja, sem framleiða hljómplötur eða önnur hljóðrit, svo og útvarpsstofnana. Eru ákvæði þessa frv. um þetta efni nýmæli og helzta nýmæli frv. Verði frv. að lögum, má hiklaust fullyrða, að Ísland komist í tölu þeirra menningarríkja, sem hafa fullkomnasta og vandaðasta höfundalöggjöf. Ætti það sannarlega að vera Íslendingum keppikefli að hafa jafnan sem bezta og traustasta löggjöf á þessu sviði, svo ríkur þáttur sem íslenzk menning er í íslenzku þjóðlífi og svo traustur hornsteinn sem hún er undir íslenzku þjóðfélagi.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

6. Listflytjendur o. fl.

Á 52. fundi í Nd., 12. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild til að staðfesta milliríkjasáttmála, er gerður var í Róm 26. okt. 1961, um vernd listflytjenda o. fl. [194. mál] (stjfrv., A. 378).

Á 53. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í frv. þessu er lagt til, að ríkisstj. sé heimilað að staðfesta fyrir Íslands hönd milliríkjasáttmála, sem gerður var í Róm 26. okt. 1961, um vernd listflytjenda, hljóðritaframleiðenda og útvarpsstofnana. Gert er þó ráð fyrir, að ríkisstjórnin geti gert fyrirvara um einstök ákvæði, sem heimilt er að hafa fyrirvara um samkv. sáttmálanum. En verði sáttmálinn staðfestur, skulu ákvæði hans, sem Ísland er við bundið, hafa lagagildi hér á landi frá þeim tíma, er ríkisstj. ákveður.

Á síðustu áratugum hafa mörg lönd tekið upp í höfundalög sín ákvæði um réttindi og vernd listflytjenda, hljóðritaframleiðenda og útvarpsstofnana. Um áratugi hafa alþjóðleg samtök listflytjenda og hljóðritaframleiðenda barizt fyrir því, að þeim yrði veittur þóknunarréttur, þegar hljómplata er leikin í útvarp eða á öðrum stöðum í atvinnu- eða ávinningsskyni. Hefur því verið haldið fram, að slík notkun drægi úr markaðssölu á hljómplötum og spillti fyrir atvinnu listflytjendanna. Hafa þeir fært sömu rök fyrir kröfum sínum og höfundar gerðu, áður en þeim var áskilinn þóknunarréttur. Telja listflytjendur, að eftirspurn og afnot af hljómplötum byggist engu síður á listflutningnum en á tónverkum þeim, sem flutt eru.

Á undanförnum áratugum hefur hvert landið

af öðru tekið í höfundalög sín ákvæði um þóknunarrétt listflytjenda og hljóðritaframleiðenda, og er auðsætt, að slíkt er að verða alþjóðleg regla. Í ýmsum löndum höfðu og samtök þessara aðila samið við útvarpsstofnanir í landi sínu um greiðslur, áður en til lagasetningar kæmi. Í norrænu höfundalögunum hafa t. d. verið tekin upp ákvæði um þetta efni. Vernd þessara aðila samkv. einstökum höfundalögum er þó að sjálfsögðu einungis tengd heimalandi þeirra. En þar sem þeir teljast ekki til höfunda, ná ákvæði í höfundaréttarsáttmálum ekki til þeirra.

Nú er listflutningur, útvarp og framleiðsla og sala hljómplatna svo alþjóðlegs eðlis, engu síður en hugverk þau, sem verndar njóta af höfundarétti, að brýn nauðsyn er á millirikjavernd og þá helzt í formi alþjóðasáttmála. Þrjár alþjóðastofnanir hafa sameiginlega tekið þetta málefni upp á arma sína, þ. e. Alþjóðavinnumálastofnunin, Menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna og Bernarsambandið. Boðuðu þessar alþjóðastofnanir til alþjóðaráðstefnu, sem haldin var í Róm 10.—26. okt. 1961. Var þar saminn millirikjasáttmáli sá, sem fylgir þessu frv. í þýðingu, og var hann samþykktur með shlj. atkv. allra ríkja, sem atkvæðisrétt höfðu á ráðstefnunni, en þessi ríki voru Argentína, Ástralía, Austurríki, Bandaríki Norður-Ameríku, Belgía, Brasilía, Bretland, Burma, Chile, Danmörk, Finnland, Frakkland, Holland, Indland, Írland, Ísland, Ísrael, Ítalía, Japan, Júgóslavía, Kambódía, Kongó, Kúba, Lúxembúrg, Máritanía, Mexíkó, Mónakó, Noregur, Pólland, Portúgal, Spánn, Suður-Afríka, Svíþjóð, Sviss, Tékkóslóvakía, Túnis og Sambandslýðveldið Þýzkaland. Af Íslands hálfu sótti dr. Þórður Eyjólfsson hæstaréttardómari ráðstefnuna að beiðni menntmrn., og hefur hann samið þetta frv. og grg., sem því fylgir.

Þótt alþjóðasáttmáli þessi hafi verið samþykktur samhljóða á ráðstefnunni, verður þó að sjálfsögðu ekkert ríki við hann bundið, fyrr en fullgilding af þess hálfu hefur farið fram. Framkvæmd hans skal fara fram á vegum Sameinuðu þjóðanna og er lögð í hendur framkvæmdastjóra þeirra. Í sáttmálanum eru ákvæði um vernd til handa þremur greinum rétthafa, listflytjendum, hljóðritaframleiðendum og útvarpsstofnunum. Til þess að rétthafar njóti verndar eftir sáttmálanum, verða þeir að vera í tilteknum tengslum við eitthvert aðildarríki. Í sáttmálanum er ákveðin tiltekin lágmarksvernd, sem hverju aðildarríki er skylt að veita í samskiptum sínum við önnur aðildarríki. Verður það að haga löggjöf sinni þannig, að fyrirmæli sáttmálans hafi lagagildi, en af því leiðir ekki, að aðildarríkjum sé skylt að veita sínum eigin þegnum þau lágmarksréttindi, sem ákveðin eru í sáttmálanum. Fyrirmæli hans taka einungis til samskipta þjóða á milli, en hagga ekki heimild aðildarríkja til að skipa réttindum og vernd sinna eigin þegna í löggjöf sinni. Samkv. þessu er sérhverju aðildarríki þess vegna skylt í skiptum sínum við önnur aðildarríki að veita þá lágmarksvernd, sem áskilin er í sáttmálanum, og auk þess þá betri vernd, sem þegnum þess kann að vera veitt að innanlandslögum.

Lágmarksvernd listflytjenda nær bæði til eintakagerðar og eftirgerðar og birtingar listflutnings, en þó með miklum takmörkunum. Með eftirgerð er þá bæði átt við frumupptöku listflutnings, hvort heldur mynda eða hljóma, til vélræns endurflutnings og einnig tilbúning eða framleiðslu á eintökum samkv. frumupptökunni eða eintökum, sem eftir henni hafa verið gerð. Með birtingu er átt við það, að listflutningur er gerður heyranlegur eða sjáanlegur eða hvort tveggja í senn. Gilda mismunandi reglur um birtingu eftir því, hvort um beinan listflutning er að ræða, þ. e. listflytjandi er sjálfur á staðnum og flytur framlag sitt persónulega, eða flutningurinn er vélrænn, þ. e. samkv. áður gerðri upptöku. Í sambandi við birtingu, bæði beina og óbeina, koma og sérreglur til greina, þegar listflutningi er dreift til almennings með tækniaðferðum, í útvarpi eða á annan hátt. Vernd gegn eftirgerð er mismunandi eftir því, hvort listflytjandi hefur samþykkt upptökuna eða ekki. Listflytjandi nýtur verndar gegn frumupptöku, sem hann hefur ekki samþykkt, og gegn eftirgerð slíkrar upptöku. Skiptir ekki máli, hvort upptakan er í myndum eða hljómum, og ekki heldur, hvort hún kann að vera notuð til markaðssölu, svo sem hljómplötur í útvarpi, þ. á m. sjónvarpi, í kvikmyndum eða með öðrum hætti. Þegar listflytjandi hefur hins vegar samþ. frumupptöku á listflutningi, er vernd hans miklum mun takmarkaðri. Ef upptakan er í myndum eingöngu eða myndum og hljómum sameiginlega, nýtur hann engrar verndar eftir sáttmálanum gegn eftirgerð af henni. Ef upptakan er í hljómum eingöngu, öðlast hann vernd gegn eftirgerð, sem framkvæmd er í öðrum tilgangi en þeim, sem hann hefur veitt samþykki til. Þeirri vernd getur hann haldið uppi, bæði gegn hljóðritaframleiðanda þeim, sem hann samdi við, eða öðrum aðilum. Ef listflytjandi hefur t. d. samþykkt upptöku listflutnings á hljómplötu til markaðssölu, getur hann hindrað, að framkvæmd sé eftirgerð til notkunar í kvikmynd. Hins vegar gæti hann ekki samkv. ákvæðum sáttmálans komið í veg fyrir eftirgerð af plötunni til markaðssölu, þó að þar væri að verki aðili, sem hvorki hefði leyfi hans né hljóðritaframleiðandans til eftirgerðarinnar. Slíka framleiðslu hefur hljóðritaframleiðandinn einn rétt til að hindra og listflytjanda talin nægja sú óbeina vernd, sem af því leiðir.

Ástæðan til þess, að listflytjendum er ekki veitt vernd í sáttmálanum gegn eftirgerð, þegar þeir hafa samþ. upptöku í myndum eingöngu eða myndum og hljómum sameiginlega, er sú, að ekki þótti rétt að láta ákvæði sáttmálans ná til kvikmyndaframleiðslu.

Um vernd gegn birtingu er það að segja, að greint er á milli beins listflutnings og birtingar samkv. áður gerðri upptöku. Þegar um beinan listflutning er að ræða, er gert ráð fyrir, að hann fari fram með vitund og vilja listflytjanda. Hins vegar kann flutningnum að vera dreift með tækniaðferðum til annarra njótenda, áheyrenda eða áhorfenda, en listflytjandi hafi veitt samþykki til. Er listflytjendum þá áskilin vernd gegn slíkum aðgerðum í tveim tilvikum. Í fyrsta lagi er listflytjanda gert kleift að hindra útvarp, bæði sjónvarp og hljómvarp, á beinum listflutningi

án samþykkis hans. Í öðru lagi nýtur listflytjandi verndar gegn því, sem nefna mætti dreifingu til almennings á beinum listflutningi án samþykkis hans. Er hér átt við dreifingu með öðrum tækniaðferðum en útvarpi frá flutningsstað til annarra tiltekinna staða, sem almenningur á aðgang að. Sem dæmi má nefna, að hljómsveit hafi samið um að skemmta á tilteknum veitingastað og hljómlistinni er dreift um þráð eða þráðlaust til annars veitingastaðar án samþykkis hans.

Um réttindi listflytjenda í sambandi við birtingu listflutnings eftir áður gerðri upptöku hefur sáttmálinn ekki önnur ákvæði að geyma en að notandi skal þá greiða sanngjarna þóknun í einu lagi til listflytjanda eða hljóðritaframleiðanda eða til beggja þessara aðila. Ef aðildarríki notar hins vegar ýtrustu heimild til undanþágu, sem veitt er í sáttmálanum, kemur hér engin vernd til greina samkv. honum. Sáttmálinn hefur engin ákvæði að geyma um vernd gegn birtingu listflutnings samkv. upptöku, sem er í myndum eingöngu eða myndum og hljómum sameiginlega, þ. e. kvikmyndum og sjónvarpi. Þegar hins vegar er um hljóðrita að ræða, getur listflytjandi að vísu ekki samkv. sáttmálanum hindrað birtingu, eftir að hann hefur samþykkt upptökuna. En fari birting fram í markaðssöluskyni, kann hann að eiga rétt til þóknunar af hendi notenda, svo sem ég gat um áðan. Aðildarríki er þó heimilt að undanþiggja sig með öllu þessum skyldum, en neyti það ekki slíks réttar, er því skylt að veita annaðhvort listflytjendum eða hljóðritaframleiðendum eða báðum þessum aðilum rétt til þóknunar. Réttur listflytjenda samkv. þessu er háður því skilyrði, að þeim sé áskilinn hann í innanlandslögum.

Um lágmarksverð hljóðritaframleiðenda er það að segja, að eftir að framleiðandi hefur gert frumupptöku á hljómum, nýtur hann verndar gegn hvers konar eftirgerð á upptökunni. Þegar hljóðrit hefur verið gefið út, er hverjum sem vill heimilt að birta efni þess með hverjum hætti sem er, án þess að leita þurfi samþykkis framleiðanda. En sé hljóðrit notað til birtingar í útvarpi eða efni þess með öðrum hætti dreift til almennings, kann framleiðandi að eiga rétt til þóknunar af hendi notenda.

Útvarps- og sjónvarpsstofnanir njóta verndar gegn upptöku án samþykkis þeirra á útvarps- og sjónvarpssendingum og eftirgerð slíkrar upptöku. Útvarps- og sjónvarpsstofnanir eru og verndaðar fyrir endurvarpi annarra stofnana á útvarpi þeirra. Sjónvarpsstofnanir hafa rétt til að hindra dreifingu til almennings á sjónvarpi þeirra, ef hún fer fram á stöðum, sem almenningur á aðgang að, gegn greiðslu inngangseyris. Aðildarríki geta þó undanþegið sig skyldu til að veita þessi réttindi.

Að endingu skal þess getið, að réttindi þau, sem listflytjendum, hljóðritaframleiðendum og útvarpsstofnunum eru áskilin í sáttmálanum, ganga að flestu leyti skemmra en venja er að setja í höfundalög. Auk þess ber að undirstrika, að aðildarríkjunum er heimilað að undanþiggja sig ýmsum mikilvægum ákvæðum sáttmálans. Mundu þessi atriði öll að sjálfsögðu verða tekin til rækilegrar yfirvegunar, ef frv. þetta yrði að lögum og ríkisstj. ákvæði síðan að fullgilda sáttmálann.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

7. Loftferðir.

Á 38. fundi í Sþ., 13. marz, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um loftferðir [198. mál] (stjfrv., A. 395).

Á 53. og 54. fundi í Nd., 14. og 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Nd., 18. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er samið af n., sem var skipuð af samgmrh. 23. marz 1956 samkv. þál. sama ár. Í n. áttu sæti Gizur Bergsteinsson hæstaréttardómari, Hákon Guðmundsson hæstaréttarritari og Jónas G. Rafnar alþm. Síðan núgildandi loftferðalög voru sett árið 1929, hefur orðið gerbylting á sviði flugmála tæknilega. Hefur hinn mikli vöxtur flugstarfseminnar og sér í lagi flugs milli landa valdið því, að mikil og góð alþjóðleg samvinna hefur tekizt um flugmál, einkum öryggismál.

Ísland er aðili að mörgum alþjóðasamþykktum á sviði flugmála, og hafa sumar þeirra lagagildi hér, en aðrar ekki. Hafa þau mörgu og dreifðu ákvæði, sem þannig gilda um íslenzk flugmál, oft valdið bagalegri óvissu um, hvaða reglum skyldi fara eftir, því að enda þótt alþjóðasamþykkt, sem Ísland er aðili að, en ekki hefur verið lögfest hér, kunni að þoka fyrir eldri lagaákvæðum, eru þó íslenzkir flugmenn erlendis ávallt bundnir af hinum alþjóðlegu ákvæðum.

Í frv. þessu er hinum dreifðu ákvæðum safnað saman í einn bálk, og er efnið að sjálfsögðu í samræmi við alþjóðasamninga þá um flugmál, sem Ísland er aðili að. Við samningu frv. var höfð hliðsjón af nýjum norrænum loftferðalögum, einkum þeim dönsku og norsku. Vegna eðlis flugsins hlýtur löggjöf hvers lands um flugmál að sníðast í verulegum atriðum eftir alþjóðlegum reglum. Í aths. með frv. er að þessu vikið á bls. 31, en þar segir m. a.:

„Loftför eru eðli sínu samkvæmt alþjóðleg samgöngu- og flutningatæki í enn þá ríkara mæli en skip. Skipin verða að halda sig við löginn, en loftförin fara yfir láði og legi á örskömmum tíma. Á einni stundu eru þau yfir yfirráðasvæði ríkisins A, en á annarri stundu yfir úthafinu og þeirri þriðju yfir yfirráðasvæði rík-

isins B og svo koll af kolli. Þótt loftför hafi geysimiklu hlutverki að gegna í sínum heimalöndum sem samgöngutæki og til áburðardreifingar o. s. frv., þá er innanlandsflug einungis takmarkaður þáttur af starfsemi loftfara, ef rétt er á haldið. Af þessu leiðir, að innanlandslög, sem miðuðust aðallega við notkun loftfara innanlands, yrðu mjög ófullkomin og þung í framkvæmd, enda yrðu loftför þá að hlíta síbreytilegum reglum, er þau fljúga yfir landamæri eins ríkis til annars. Markmiðið hlýtur því að vera að skapa alþjóðlegar reglur um loftferðir, bæði stjórnvaldsreglur og einkamálareglur, og samræma síðan innanlandslög hinna einstöku ríkja þessum reglum. Niðurstaðan er því sú, að setja verði milliríkjasáttmála um þau efni, er loftferðir varða, og veita þeim lagagildi í sáttmálaríkjunum. Verða slíkir milliríkjasáttmálar að ganga fyrir annarri innanlandslöggjöf, ef á milli ber. Eyður í sáttmálanum ber síðan að fylla með reglum alþjóðlegs valdstjórnarréttar, alþjóðlegs einkamálaréttar og innanlandslögum samkv. þeim kennisetningum lögvísinda, sem um þau fjalla."

Á bls. 31 er getið um, hvaða sáttmálar það eru, sem Ísland hefur gerzt aðili að, og er óþarfi að vera að telja þá hér upp, þar sem allir hv. þm. hafa frv. fyrir framan sig. En næst því eru taldir upp ýmsir þeir samningar, sem gerðir hafa verið um þessi mál. Ber þar fyrst að nefna svonefndan Chicago-sáttmála um borgaralegar loftferðir, sem undirritaður var m. a. af Íslands hálfu hinn 7. des. 1944. Var samningur þessi fullgiltur af Íslands hálfu 21. marz 1947 og gekk í gildi að því er Ísland varðar 20. apríl 1947. Chicago-sáttmálinn hefur ekki lagagildi, en er birtur sem fskj. með auglýsingu nr. 45 1947. Síðan hefur þessum samningi verið breytt, sbr. auglýsingu nr. 100 1955.

Of langt mál er að rekja ákvæði Chicago-sáttmálans, en óhætt er þó að fullyrða, að hann og ýmsir aðrir alþjóðasamningar varðandi flug hafa verið hin raunverulegu loftferðalög Íslendinga síðustu áratugina í öllu millilandaflugi Íslendinga.

Frv. það. er hér er til umr., er, eins og fyrr var sagt, efnislega að mestu í samræmi við þau mörgu dreifðu ákvæði laga, t. d. loftferðalaganna frá 1929 og flugvallalaga 1945, og þeirra alþjóðasamþykkta, sem Ísland hefur gengizt undir varðandi flug. Enda þótt nýmælin séu mörg, ef miðað er við gildandi loftferðalög, nr. 32 1929, eru nýmæli fá, ef miðað er auk laga við þá alþjóðasamninga um flugmál, sem Ísland er aðili að. Frv. þetta stefnir að því að færa loftferðalög okkar í sem bezt samræmi við alþjóðlegan flugrétt. Er lagt til, að það komi í stað hinna gömlu loftferðalaga og einnig í stað laga um flugvelli, nr. 24 1945, en þau lög verða einnig að teljast algerlega úrelt að undanskilinni heimild til eignarnáms á landi undir flugvelli og önnur mannvirki fyrir flugið, en slík heimild er að sjálfsögðu gert ráð fyrir að verði áfram. Eftir er að semja frv. til l. um réttindi yfir flugvélum svo og kyrrsetningu flugvéla, en um bæði þessi efni gilda sums staðar sérstök lög, þótt önnur lönd hafi fært þau inn í hin almennu loftferðalög.

Mér þykir ekki ástæða til að fjölyrða um einstakar greinar frv., en ég vænti þess, að það þyki nægilega skýrt með hinum ýtarlegu aths., sem Gizur Bergsteinsson hæstaréttardómari hefur samið. Eins og frv. ber með sér, er hér um mikinn lagabálk að ræða og tæknilegar hliðar á því, sem er dálítið erfitt fyrir einstaka þm. að gera sér grein fyrir. Verður því í aðalatriðum að leita til hinna tæknifróðu manna um hin ýmsu ákvæði, og er eðlilegt, að hv. samgmn., sem málið fær til meðferðar, leiti upplýsinga hjá þeim, sem helzt væru færir um að svara til um það, hvort þetta frv. er nægilega vel undirbúið til að verða gildandi loftferðalög fyrir Ísland. Ég leyfi mér að vænta þess, að svo sé. Það hefur verið varið miklum tíma í að semja frv., og það hefur verið leitað eftir upplýsingum um, hvernig loftferðalög eru í öðrum löndum, og eins og segir í grg. frv., er frv. samið með það fyrir augum að samræma okkar loftferðalög við þau lög, sem annars staðar gilda.

Ég vil leyfa mér að óska eftir því, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til samgmn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

8. Meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Á 66. fundi í Nd., 5. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra [238. mál] (stjfrv., A. 538).

Á 67. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta er samið af yfirlæknunum á Kleppi, þeim prófessor Tómasi Helgasyni og Þórði Möller. Það kom frá þeim í ráðuneytið skömmu eftir áramótin, hefur síðan verið til athugunar þar og í fjmrn., varðandi fjárhagsatriði frv. einkanlega, og hefur skýrzt í meðförum ráðuneytanna, eins og gengur, en er nú borið fram í þeirri mynd, sem það er, með fullu samþykki yfirlæknanna tveggja, sem upphaflega sömdu það.

Frá núgildandi löggjöf um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, sem er frá árinu 1949, eru gerðar nokkrar meginbreytingar.

Í I. kafla frv. er sú aðalbreyting, að þar, sem samkv. lögunum frá 1949 var ætlazt til þess, að yfirleitt yrðu þeir menn, sem settir væru í hald vegna ölvunar, fluttir á sjúkrahús eða a. m. k. til læknis, þá er nú ráðgert, að þetta verði einungis gert við ítrekuð brot eða þegar sérstakar ástæður benda til þess, að um yfirvofandi drykkjusýki sé að ræða eða þá um beina drykkjusjúklinga, ef vitneskja er fyrir um, að þannig standi á. Þetta ákvæði um flutning ölvaðra manna á sjúkrahús hefur aldrei verið framkvæmt eins

og lögin segja til um, hefur að minni vitund verið gersamlega dauður bókstafur og með öllu óraunhæft.

Það má deila um, hvort ákvæðin, eins og þau eru ráðgerð í þessu frv., muni að fullu verða framkvæmanleg. Í fyrstu er ljóst, að svo muni ekki verða, en að því ber að sjálfsögðu að stefna. En víst er, að ákvæðin eru miklu framkvæmanlegri en þau, sem nú eru í gildi, og þar með meiri líkur til þess, að þau komi að raunhæfum notum. En aðalvinningurinn við ákvæðin, eins og þau eru ráðgerð í þessu frv., er, að með þeim er efnt til skráningar á öllum þeim mönnum, sem teknir eru fastir sökum ölvunar, þannig að fyrir liggi um þá skýrslur, sem bæði er æskilegt til þess, að hægt sé að gera sér heildarmynd af því vandamáli, sem við er að etja, og eins til þess, að auðveldara verði að hjálpa þessum mönnum hverjum um sig, ef svo kveður að vínhneigð þeirra, að ætla megi, að hún sé sjúkleg eða nálgist það að vera sjúkleg. Það má segja, að slík skráning sé nú þegar í skýrslum lögreglunnar víðs vegar um landið, en þau gögn eru ekki tiltæk og sú umbót gerð með frv., að þessi gögn eigi að berast til áfengisráðunautar, þannig að hann hafi þau handbær og þar geti heilbrigðisyfirvöld að þeim gengið. Það er enginn vafi á því, að þetta gerir allt þetta mál viðráðanlegra eða auðveldara til lausnar, því að eins og í grg. frv. segir, er það að vísu skoðun manna, að áfengisvandamálið hér á landi sé alvarlegt og víðtækt, en vegna þess að engin fullnægjandi gögn eru fyrir hendi, er ekki hægt að gera sér næga grein fyrir, við hvað er að fást, en með þessari skráningu ætti að vera lagður grundvöllur að því. Hins vegar verður einnig að játa, að það er rétt, sem í grg. frv. er tekið fram, að auðvitað eru, því miður, mjög margir fleiri í hættu fyrir drykkjusýki eða drykkjusjúkir en þeir, sem beinlínis lenda í höndum lögreglunnar, svo að fullnægjandi upplýsingar fást ekki með þeirri skráningu, sem samkv. frv. á að lögbjóða. Höfundar frv. víkja að því, að ástæða sé til þess að gera gangskör að því að safna einnig gögnum um þá, sem þessu meini eru haldnir, en lenda ekki undir lögreglunnar höndum, en telja það slíkt vandaverk, að þeir treysta sér ekki til að gera till. um það á þessu stigi málsins. En með samvinnu lækna og heilbrigðisstjórnar ætti þó að vera hægt að fá um þetta betri heimildir en enn eru fyrir hendi.

Ég mundi segja, að það væri ein aðalnýjung í I. kafla frv. þessa, að efnt væri til slíkrar skýrslugerðar, sem að verulegu leyti hlýtur að verða undirstaða frekari aðgerða til lausnar þessu vandamáli.

Þá er í I. kafla frv. einnig sú breyting gerð, að í stað þess, að samkv. núgildandi lögum er til þess ætlazt, að ef sjúkrahús er reist til að taka við sjúklingum samkv. því boði, sem í 1. gr. er sett, þá sé kostnaður við slík sjúkrahús greiddur með sama hætti og um sjúkrahús almennt, þ. e. a. s. kostnaðurinn mundi að verulegu leyti lenda á sveitarfélögunum, en samkv. 4. gr. frv. hins vegar kveðið svo á, að kostnaður við byggingu slíkra sjúkrahúsa og sjúkrahúsdeilda skuli greiðast úr gæzluvistarsjóði eftir ákvörðun heilbrigðisstjórnarinnar. Þarna eru sem sagt tekin á gæzluvistarsjóð, þ. e. ríkið, útgjöld, sem samkv. núgildandi lögum hvíla á sveitarfélaginu.

Í II. kafla frv., um meðferð drykkjusjúkra manna, eru nokkrar meginbreytingar.

Sú er fyrst, að felld er niður sú yfirstjórn, sem yfirlæknir á Kleppi átti að hafa yfir allri starfsemi í þessum efnum. Í grg. eru færð rök að því, að það sé ekki heppilegt, að yfirmaður eða yfirmenn einnar stofnunar, sem eigi að vinna að þessum málum ásamt ýmsum fleiri stofnunum, eigi að hafa einnig yfirstjórn yfir þeim. Slíkt leiðir til ruglings og e. t. v. hugsanlegra árekstra, sem æskilegt sé að komast hjá. Hitt sé eðlilegra, að það sé frjálsræði um rekstur slíkrar starfrækslu. Að vísu sé hún öll undir eftirliti heilbrigðisstjórnarinnar, þ. e. a. s. fyrst og fremst landlæknis, en að því eftirliti áskildu sé fleiri en einum aðila, þ. e. a. s. sveitarfélögum og sjálfboðaliðum, heimil starfræksla í þessu skyni, eftir atvikum einnig einhverjum, ef hann vildi leggja það fyrir sig sem atvinnu að lækna þessa menn eða setja upp fyrir þá sérstakar stofnanir, — að allt þetta sé frjálst, en það sé hins vegar komið undir ákvörðun ríkisvaldsins, að hve miklu leyti það vilji styðja slíka starfrækslu með fjárframlögum, og er það látið opið samkv. 10. gr. frv.

Samhliða þessari frjálsu starfsemi og þó sem aðalaðilinn til að berjast gegn því böli, sem hér um ræðir, er svo sjálft ríkið, og er þá ráðgert, að geðveikraspítali eða geðsjúkrahús ríkisins annist þá starfrækslu og hún verði aðallega með þrennu móti: Þar verði séð fyrir sjúkrahúsvist, ekki ýkjalangri, fyrir hjálparstöð utan sjúkrahússins og loks fyrir hæli, einu eða fleiri, sem tæki við þeim sjúklingum, sem þurfi langrar eða varanlegrar hælisvistar.

Það er sem sé ætlazt til þess, að ríkið annist fullkomna meðferð þeirra sjúklinga, sem til þess leita, en jafnframt gert ráð fyrir, að fleiri aðilum sé heimilt að starfa sjálfstætt að lausn málsins undir yfirstjórn og eftirliti heilbrigðisstjórnarinnar, eins og ég áður sagði.

Greinilegt er, að ef á að koma upp þeim stofnunum, sem í frv. eru ráðgerðar, muni það kosta verulegt fé, og það hlýtur auðvitað ætíð að verða álitamál, hversu miklu fé sé hægt að verja í þessum tilgangi. Höfundar frv. óskuðu eftir því, að ákveðnum hluta af áfengistekjum ríkissjóðs yrði varið í þessu skyni, og varð hlutfallið slíkt, að það hefði orðið allmiklu hærri fjárhæð en að lokum varð samkomulag um að ætla til þessa. En eins og frv. liggur nú fyrir, á að þrefalda framlagið til gæzluvistarsjóðs, hækka það úr 2½ millj. upp í 7½ millj. Ljóst er, að í þessu felst mjög veruleg bót frá því, sem hingað til hefur verið, og ætti á ekki mjög löngum tíma að vera hægt að koma upp þeim stofnunum, sem í þessu skyni eru nauðsynlegar. Lengra þótti hins vegar ekki fært að fara á þessu stigi málsins með hliðsjón af mörgum öðrum aðkallandi þörfum, bæði í sjúkrahúsmálum, þ. á m. aðbúnaði að geðveiku fólki öðru en því, sem hér um ræðir, og ótalmörgum öðrum þörfum ríkisins.

Um þetta er ákvæði í III. kafla frv.

Þá er einnig rétt að vekja athygli á því, að í 14. gr. eru mjög víkkuð refsiákvæði um það, hverj-

um hegna beri fyrir það að láta áfengissjúklingum drykkjarföng í té. Áður var miðað við þá, sem á sjúkrahúsi eða hæli væru. Nú eru þarna undir teknir allir þeir, sem vitanlega þeim, er áfengi lætur í té, eru í meðferð vegna drykkjusýki, þ. e. a. s. þó að þeir séu ekki á hæli.

Þetta eru aðalbreytingar, sem í frv. þessu felast, frá núgildandi löggjöf. Ég tel hiklaust, að frv. stefni í rétta átt. Það er ætlazt til þess, að verulega hærri fjárhæð en áður verði varið til lausnar þessu vandamáli. Það er sett fram ákveðin ráðagerð um þær helztu stofnanir, sem upp þurfi að koma. Það er frjálslegra en áður fyrir starfsemi sveitarfélaga og samtaka annarra, sem að þessum málum gefa sig. Og ákvæðin í I. kafla eru sýnu raunhæfari og framkvæmanlegri en þau, sem nú eru í gildi.

Ég tel þó rétt að taka það fram, að sjálfur efast ég um, hvort ákvæðin, eins og þau jafnvel eru enn skv. frv., um að leggja menn á sjúkrahús eða leiða fyrir lækni við ítrekað ölvunarbrot, verði framkvæmanleg hér á landi, eins og nú háttar til. Úr þessu fær reynslan ein skorið. Aðalatriðið í þessum kafla frv. tel ég vera skráninguna, sem þarna er efnt til og vissulega getur orðið að verulegu gagni.

Mér er það ljóst, að þetta frv. kemur nokkuð seint fram, og það eru ekki vonir til þess, að það geti náð samþykki á þessu þingi, nema allir séu um það sammála og vilji fyrir því greiða. Um það geta auðvitað verið ýmsar hugmyndir, hvað gera eigi í þessu vandamáli. En ég vona þó, að allir séu sammála um, eins og ég sagði, að frv. horfi í rétta átt, og geti því stuðlað að framgangi þess nú, jafnvel þó að þeir, þegar frekari reynsla er fengin, telji, að á þessu þurfi að gera nokkrar breytingar frá þessu frv. og þá fyrst og fremst ef til vill að verja meira fé en hér er ætlað, en það verður auðvitað að skoðast með hliðsjón af því, hvað menn yfirleitt telja sér fært að leggja til sjúkrahúsa og annarra nauðsynja, sem við þurfum að sjá borgið.

Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

9. Þinglýsingar.

Á 3. fundi í Ed., 15. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um þinglýsingar [16. mál] (stjfrv., A. 16).

Á 6. fundi í Ed., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þessi mikli lagabálkur ásamt þeim frv., sem síðar eru á dagskránni og standa í beinu sambandi við hann, er saminn af háskólarektor Ármanni Snævarr og af Ólafi Pálssyni fulltrúa borgarfógetans í Reykjavík. Prófessor Ármann hafði unnið að þessu máli í mörg ár, en fékk síðan til samstarfs við sig við undirbúning þess Ólaf Pálsson, sem er sá embættismaður, sem í daglegu starfi mest allra fjallar um þinglýsingar. En prófessor Ármann hafði sérstaklega kynnt sér það efni þegar á námsárum sínum. Þetta frv. er því undirbúið af þeim tveim mönnum, sem mesta hafa þekkingu á því efni, sem hér er um fjallað: annars vegar sá, sem er hiklaust bezt að sér í því fræðilega, og hins vegar sá, sem mesta reynsluna hefur.

Ég hygg, að ekki verði um það deilt, að núverandi löggjöf í þessum efnum sé að verulegu leyti úrelt, bæði þurfi þar breytingar á afgreiðsluháttum og tækni í samræmi við breytta tíma og enn fremur, að þess var ekki gætt nægilega, þegar þessi löggjöf var síðast endurskoðuð, að setja efnisbreytingar, heldur mest haldið sér við endurbætur á framkvæmd, sem voru þá að vísu mjög til bóta, en hins ekki gáð, að efnislega þurfti nýjar og skýrari reglur um þessi flóknu mál en þá voru í gildi. Af þessum sökum er núverandi löggjöf nokkuð óljós og ófullkomin. Auk þess, eins og ég sagði, hafa orðið tæknilegar framfarir, síðan hún var sett fyrir einum mannsaldri. Þá er einnig eðlilegt, að nú eigi sér stað endurskoðun á löggjöfinni, ekki síst vegna þess, að nú hafa verið sett á hinum Norðurlöndunum ýtarleg fyrirmæli, sem mjög hafa þótt horfa til bóta, um réttarreglur varðandi þinglýsingar.

Þetta frv. hefur svo að segja óbreytt verið áður lagt fyrir þing, Alþingi 1958—59. Það var þá ekki útrætt, vafalaust að nokkru vegna þess, að hér er um mjög tæknileg málefni að ræða, sem einstakir þingmenn eiga erfitt með að átta sig á, og er því ekki að neita, að nokkur uggur mun vera í sumum þeim, sem munu eiga að framkvæma löggjöfina, verði hún samþ., um að erfitt sé til hlítar að átta sig á þeim nýmælum, sem hér er um fjallað, og þeir óttast, að þau verði ef til vill helzt til þung í vöfum. En málið hefur nú að nýju verið skoðað, og það er eindregin till. dómsmrn., að frv. ásamt þess fylgifrv. verði samþ. á þessu þingi. Og ef svo yrði, mundu verða gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að gefa þeim, sem þurfa ekki eins mikið að sinna þinglýsingum og borgarfógetaembættið hér í Reykjavík, skýrari grein fyrir framkvæmd og auðvelda þeim þannig þær breytingar, sem ætla má að tímarnir muni krefjast.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál í einstökum atriðum. Þar eru mörg lögfræðileg og tæknileg atriði, sem koma til úrlausnar, og annaðhvort yrði að ræða um þau í svo löngu máli, að ekki er gerlegt, eða þá fara svo stutt yfir sögu, að enginn væri að bættari. Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

10. Ættaróðal og erfðaábúð.

Á 3. fundi í Ed., 15. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð [17. mál] (stjfrv., A. 17).

Á 6. fundi í Ed., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta og hin frv., sem eru síðar á dagskránni, fylgja öll frv. um þinglýsingar, eins og ég gat um áðan, og afgreiðsla þeirra hlýtur að verða háð afgreiðslu aðalfrv., þannig að nauðsynlegt er að samþ. þau, ef það verður samþ., ef ekki, þá verða þau að lúta sömu meðferð. Ég sé enga ástæðu til þess að tala sérstaklega fyrir hverju einstöku frv. Ég tel sjálfsagt, úr því að aðalfrv. er farið til 2. umr. og hv. allshn., að þau hljóti öll sömu meðferð af deildarinnar hálfu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

11. Nauðasamningar.

Á 3. fundi í Ed., 15. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 19 4. júní 1924, um nauðasamninga [18. mál] (stjfrv., A. 18).

Á 6. fundi í Ed., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

12. Landskipti.

Á 3. fundi í Ed., 15. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 27. júní 1941, um landskipti [19. mál] (stjfrv., A. 19).

Á 6. fundi í Ed., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

13. Kyrrsetning og lögbann.

Á 3. fundi í Ed., 15. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 22. marz 1949, um kyrrsetningu og lögbann [20. mál] (stjfrv., A. 20).

Á 6. fundi í Ed., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

14. Lögræði.

Á 3. fundi í Ed., 15. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 95 5. júní 1947, um lögræði [21. mál] (stjfrv., A. 21).

Á 6. fundi í Ed., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

15. Aðför.

Á 3. fundi í Ed., 15. okt., var útbýtt:
Frv. til laga um breyt. á l. nr. 19 4. nóv. 1887, um aðför [22. mál] (stjfrv., A. 22).

Á 6. fundi í Ed., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

16. Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna.

Á 3. fundi í Ed., 15. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 28. nóv. 1919, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna [23. mál] (stjfrv., A. 23).

Á 6. fundi í Ed., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

17. Lögtak og fjárnám (stjfrv.).

Á 3. fundi í Ed., 15. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt á l. nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undangengins dóms eða sáttar [24. mál] (stjfrv., A. 24).

Á 6. fundi í Ed., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

18. Landamerki.

Á 3. fundi í Ed., 15. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki [25. mál] (stjfrv., A. 25).

Á 6. fundi í Ed., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

19. Bæjanöfn.

Á 3. fundi í Ed., 15. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 18. febr. 1953, um bæjanöfn o. fl. [26. mál] (stjfrv., A. 26).

Á 6. fundi í Ed., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

20. Lausn á síldveiðideilunni sumarið 1962.

Á 11. fundi í Ed., 5. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. til lausnar á síldveiðideilunni sumarið 1962 [75. mál] (stjfrv., A. 90).

Á 13. fundi í Ed., 6. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um lausn á síldveiðideilunni sumarið 1962 er flutt til staðfestingar brbl., sem út voru gefin 24. júní s. l. Rökin fyrir því, að þessi brbl. voru út gefin, eru talin í forsendum fyrir brbl. og voru í aðalatriðum þau, að þrátt fyrir margra vikna samningaumleitanir á milli L. Í. Ú. annars vegar og stéttarfélaga sjómanna innan Alþýðusambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hins vegar um kaup og kjör sjómanna á síldveiðum á sumrinu 1962, höfðu samningar ekki tekizt. Þetta var talið mundu hafa í för með sér stöðvun flestallra síldveiðiskipa og valda óbætanlegu tjóni, bæði fyrir fiskimennina sjálfa, fyrir útgerðarmennina og fyrir þjóðarbúið í heild. Það var þess vegna talin brýn nauðsyn að koma í veg fyrir slíka stöðvun síldveiðiskipanna án tafar og gefa út brbl., sem gerðu veiðiskipunum mögulegt að hefja veiðar, og kjör síldveiðisjómanna yrðu ákveðin síðar.

Málin stóðu þannig, að útgerðarmenn eða L. Í. Ú. hélt því mjög ákveðið fram, að með hinum aukna tilkostnaði, sem útgerðarmenn höfðu lagt í með mikilli stækkun veiðiskipanna og með fullkomnari búnaði þeirra, þá þyrfti þeirra hlutur í aflanum að vera meiri en áður hefði verið, meðan skipin voru smærri og tækin ýmist lélegri eða engin. Um þetta stóð deilan, og gerði hvorki að reka né ganga. Þetta virtist vera alveg óleysanlegur hnútur og ekki annað að gera en að höggva á hann, þar sem talið var, að frekari dráttur mætti ekki eiga sér stað á því, að skipin kæmust á veiðar. Þegar þetta var gert, 24. júní, var síldin talin komin fyrir nokkru og útlendingar, sem hér höfðu veiðiskip við landið, byrjaðir að veiða með góðum árangri.

Nú hefur það verið svo undanfarin ár, að síldin hefur ekki stöðvazt lengi við Norðurlandið, heldur flutt sig austur á bóginn og verið megnið af síldveiðitímanum á svokölluðu austursvæði. Það var þess vegna mjög mikil hætta á ferðum fyrir staði á Norðurlandi, eins og t. d. Siglufjörð, sem byggja að verulegu leyti afkomu sína á síldveiðum Norðurlandssíldarinnar. Ef ekki hefðu verið skapaðir möguleikar til þess, að skipin gætu farið á veiðar og lagt upp síldina, á meðan hún var enn fyrir Norðurlandinu, þá voru miklar líkur til þess, að a. m. k. Siglufjörður og kannske fleiri staðir mundu að verulegu leyti verða út úr því, sem kallað er, vegna þess að þeir gætu ekki af austursvæðinu fengið neina síld að ráði til söltunar, og erfiðara líka um flutning síldarinnar til þeirra til bræðslu. Það var þess vegna ekki einasta mál útgerðarmanna og sjómanna að komast á veiðar og þjóðarbúsins í heild sinni, heldur voru til staðir, sem voru í mikilli hættu

um það, að þeir mundu að verulegu leyti verða án veiðinnar, ef ekki væri gripið í taumana og reynt að koma í veg fyrir frekari stöðvun. Þetta var líka því hatramlegra sem fregnir bárust af því, að síld væri þarna komin allmikil og útlendingarnir, sem á miðin voru komnir, hefðu fengið góða veiði.

Lögin, sem sett voru, brbl., fóru í aðalatriðum fram á það, að óheimilt væri að hindra lögskráningu skipverja á síldveiðiskip á sumarsíldveiðum 1962 upp á væntanlega samninga eða hindra á nokkurn hátt afgreiðslu skipa. Þetta var fyrsta atriðið og kannske meginatriðið, til þess að skipin gætu komizt á veiðar. Í öðru lagi var aðilum gefinn nokkur tími til að freista þess að ná samkomulagi sín á milli um málið, þó að skipin væru farin á veiðar, og reyna að leiða málið til lykta á þann hátt með samningum eins og venjulega. Til þessa var gefinn rúmlega hálfs mánaðar tími eða til 10. júlí 1962, ef sáttasemjari ríkisins hefði ekki lýst því yfir fyrr, að áframhaldandi viðræður væru þýðingarlausar, en ef samningar hefðu ekki tekizt fyrir þann tíma, skyldu kjörin ákveðin af gerðardómi. Í þriðja lagi var svo ákveðið, að ef þetta samkomulag tækist ekki, skyldi gerðardómur skera úr, og þessi gerðardómur var ákveðinn þannig: Hæstiréttur skipaði formanninn og tvo meðdómendur, í allt þrjá, en aðrir tveir meðdómendur skyldu vera tilnefndir, annar úr L. Í. Ú., en hinn úr hópi sjómanna, tilnefndur sameiginlega af Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Alþýðusambandi Íslands. Síðan eru nánari ákvæði um meðferð málsins, kostnað og brot, og sé ég ekki ástæðu til þess að rekja það.

Niðurstaðan af þeim samningaumleitunum, sem hófust strax eftir að skipin höfðu farið af stað, var sú, að þeir komu sér ekki saman um neitt annað en lýsa því yfir, að þeir gætu ekki komið sér saman. Það var þeirra niðurstaða, og þess vegna var gefin út sú yfirlýsing, sem gert er ráð fyrir í 2. gr. laganna, af hálfu sáttasemjara um það, að frekari samningaumleitanir væru þýðingarlausar, og málinu þess vegna vísað til gerðardómsins.

Hann tók svo málið í sínar hendur. Hæstiréttur tilnefndi 3 menn til þess að skipa dóminn: Í fyrsta lagi hagstofustjórann Klemenz Tryggvason sem dómsforseta, í öðru lagi Jón Þorsteinsson alþm. og Guðmund Ólafs bankastjóra. Útvegsmenn skipuðu af sinni hálfu Ágúst Flygenring útgerðarmann, og Sjómannasambandið eitt skipaði síðan Jón Sigurðsson, formann sinn, til þess að skipa sæti í dómnum, en hin samtökin, sem lögin gerðu ráð fyrir, vildu ekki eiga hlut að dómnum og skipuðu þess vegna engan fulltrúa af sinni hálfu og tóku ekki þátt í tilnefningunni.

Þessi dómur tók síðan til starfa og kvað upp sinn dóm, sem öllum er kunnugt um og ég skal ekki fara frekar út í að ræða — að sinni a. m. k., en auðvitað heyrir hann í sjálfu sér ekki með til þessarar lagasetningar, því að niðurstaða hans er byggð á mati þeirra manna, sem dóminn skipuðu, og er ekki ástæða til að vefengja, að allir þeir, sem hann skipuðu, hafi leitazt við að leysa deiluna á þann skynsamlegasta og sanngjarnasta hátt, sem þeir höfðu vit og getu til. Og eins og ég segi, allt voru þetta ágætismenn, valinkunnir menn, sem engin ástæða var til að ætla að hafi ekki gert sitt bezta.

Skipin fóru síðan á veiðar og það nægilega snemma til þess, að flest þeirra fengu ágætisafla, mörg metafla, og í heild varð síldaraflinn sumarið 1962 meiri en hann hafði orðið nokkurn tíma áður.

Eftir að gerðardómurinn var kveðinn upp, var hafinn hatramur áróður gegn dómnum og reynt að gera hann tortryggilegan, sérstaklega í augum sjómanna. Það var í blöðum reiknað út, hversu mikið sjómenn hefðu misst með þessum gerðardómi, og jafnvel komizt svo að orði, að það var freistað að reikna, hversu miklu stolið hefði verið af sjómönnum með dómnum, og þá alveg sérstaklega, hversu miklu ég hefði stolið af þeim með því að gefa út brbl. Út í þennan ljóta leik skal ég ekki fara, nema sérstakt tilefni gefist til. Það var ekki reynt að flytja þetta mál af neinni sanngirni. T. d. heyrði ég aldrei um það getið, hver mundi hafa orðið hlutur sjómannanna, ef ekki hefði verið skorizt í leikinn af ríkisstj. og lögin gefin út, því að sannfærður er ég um það, að ef dráttur hefði orðið verulegur á útgáfu þessara laga og sjómenn ekki komizt á veiðar fyrr en eitthvað seinna, bara nokkru seinna, þá hefði þeirra tap á því orðið miklu meira en það tap, sem þeir vildu gefa í skyn, áróðursmennirnir, að sjómennirnir hefðu orðið að þola vegna gerðardómsins.

Það er alveg gefið mál, að svo mikill afli var einmitt fyrri hluta þessa tímabils og raunar einnig allt tímabilið, að ef nokkur hluti þess eða mikill hluti þess hefði tapazt, þá hefði hlutur sjómanna og útgerðarmanna og þjóðarinnar í heild orðið rýr, svo að ekki sé meira sagt. Mín skoðun er þess vegna sú, og það er skoðun ríkisstj. allrar, að við svo búið hefði ekki mátt standa, það hefði verið nauðsynlegt að grípa í taumana og gera þær einu ráðstafanir, sem hugsanlegt var að gera, sem var útgáfa þessara brbl.

Ég get ekki látið hjá líða að benda á í þessu sambandi einmitt þá hluti, sem nú eru að gerast. Það er enn síldveiðideila í landinu, það er enn deilt um kaup og kjör sjómanna á þessum síldveiðum. Og þær samningaumleitanir, sem farið hafa fram í því sambandi, standa yfir enn og er enn ólokið, og ekki séð enn, hvernig fara muni. Ég tel alveg víst, að ef sú deila hefði verið leyst, áður en síldarvertíðin hófst hér í haust eða hefði átt að hefjast í haust, þá hefði bæði sjómönnum og útvegsmönnum verið að því miklu meiri hagur en sem nam þeirri upphæð, sem sjómennirnir eru taldir hafa tapað með gerðardómsfrv. í sumar. Vonandi leysist sú deila og vonandi án íhlutunar hins opinbera, enda er sjálfsagt, að á það reyni nú, hvort samningar geti tekizt milli þessara aðila, eða hvort það sannist, sem haldið var fram í sumar, að ekki hefði verið möguleiki á að leiða deiluna til lykta nema á þann hátt, sem gert var.

Ég tel svo ekki ástæðu til, að svo stöddu a. m. k., að fara um þetta frv. fleiri orðum. Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að

þessari umræðu lokinni vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Björn Jónsson: Herra forseti. Það má segja, að þetta mál sé ekki vonum fyrr á ferðinni, þar sem það er viðtekin regla, að frv. til l. um staðfestingu á brbl. séu lögð fram þegar í byrjun þings. En þessu mun valda fjarvist hæstv. sjútvmrh. frá Alþingi að undanförnu. Aðra hæstv. ráðherra mun ekki heldur hafa fýst að láta sín meira getið í sambandi við þetta mál en ýtrasta nauðsyn, sem hlýtur að spretta af samábyrgð allrar ríkisstj. á þessu máli, gerði nauðsynlegt. Og þeir hafa því ekki kært sig um að hlaupa í skarðið í fjarveru hæstv. sjútvmrh., og hefði þó verið hægt um vik a. m. k. fyrir hæstv. viðskmrh., sem gegndi embætti hans um skeið. En það munu vissulega fáir lá honum það, að hann hafi ekki kært sig um að fylgja þessu máli hér inn á hv. Alþingi og talið betur viðeigandi, að sjálfur höfuðábyrgðarmaðurinn hlyti það verðuga hlutskipti að mæla hér fyrir því, eins og hann hefur nú gert. Því verður ekki heldur neitað, að hér hefur sögulegt augnablik í sögu verkalýðshreyfingarinnar og í sögu Alþfl. á Íslandi runnið upp, þegar formaður hans öðru sinni á sama árinu gerist frumkvöðull að löggjöf, sem stendur fyrir lýðræðislegum rétti sjómannastéttarinnar til þess að semja um kjör sín og laun eftir þeim leikreglum, sem sjálfur Alþfl. ásamt Sjálfstfl. mótaði fyrir aldarfjórðungi með vinnulöggjöfinni 1938. Það dregur ekki heldur úr sögulegu gildi augnabliksins, þegar menn minnast þess, að hér er ráðizt að réttindum, sem Alþfl. taldi svo mikilsverð, að hann hikaði ekki við að rjúfa stjórnarsamstarf bæði 1938 og 1942, ekki til þess þá að hindra það, að hliðstæð lög yrðu sett eins og þau, sem hér eru á ferðinni, því að til þess hafði hann ekki aðstöðu eða bolmagn, heldur til þess eins að undirstrika nægilega mótmæli sín gegn því, að kjörum verkafólks, kjörum sjómanna yrði ráðið til lykta með gerðardómi, til þess að meitla þá staðreynd inn í hug íslenzkrar alþýðu, að þar sem Alþfl. færi, þar færi sá, sem aldrei véki frá varðstöðu sinni um grundvallarréttindi verkalýðshreyfingarinnar, hvað sem í skærist, jafnvel þó að fórna þyrfti því, sem flokkurinn hefur jafnan metið meira en allt annað, sjálfum ráðherrastólunum. En nú er sem sagt sköpum skipt. Nú er það Alþfl., sem hefur tekið forustuna um setningu gerðardómslaga og um gerðardómsúrskurð, sem fyrir fram var vitað að hlyti að ganga gegn sjómannastéttinni, því að þegar saga málsins er athuguð og allar aðstæður, þá var svo að þessum brbl. staðið, að þau hlutu að leiða af sér stórskert kjör síldveiðimanna, án alls tillits til þess, hvort nokkur rök lægju til slíkrar kjaraskerðingar eða ekki.

Ákvörðun hæstv. ríkisstj. og hæstv. sjútvmrh. um að setja þessi brbl. var ekki aðeins ákvörðun um það, eins og hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að banna sjómannasamtökunum að mæta kjaraskerðingarkröfum L. Í. Ú. með þeim hætti, sem lögin ákveða, heldur voru þau um leið ákvörðun um það að lækka kjör stéttarinnar. Brbl. og sjálfur gerðardómsúrskurðurinn eru því eitt og sama málið, og það er því gersamlega haldlaus leið til undankomu, sem reynd hefur verið af ýmsum, eins og t. d. málgagni hæstv. sjútvmrh. og að nokkru leyti af honum núna í framsöguræðu hans fyrir málinu, að ætla að reyna að halda því fram, að þeir beri ekki fulla ábyrgð á sjálfum úrskurði gerðardómsins eða að þeir hafi ef til vill vænzt betri útkomu á þeim úrskurði fyrir sjómenn heldur en raun varð á. Þetta verður alveg ljóst, þegar saga þessa máls er athuguð nánar.

Fyrst er þar til að taka, að útvegsmenn eða öllu heldur L. Í. Ú. sagði upp kjarasamningum um síldveiðikjör við sjómannafélög, sem manna um það bil ⅔ hluta af síldveiðiflotanum, í þeim tilgangi að lækka skiptakjörin, sem í höfuðatriðum hafa gilt um áratugi. En síðast voru samningar um þetta gerðir 1959. Það var auðsætt, að þessar kjaraskerðingarkröfur gátu aldrei náð nema til u. þ. b. helmings af þeim mönnum, sem manna síldveiðiflotann. Í fyrsta lagi gátu þær ekki náð til þeirra 16 staða á landinu, sem samningum hafði ekki verið löglega sagt upp við, og þær náðu ekki heldur til yfirmanna á skipunum, sem höfðu eftir sem áður fasta samninga. Þegar þetta er athugað, hvaða tilraun var hér á ferðinni til þess að mismuna síldveiðisjómönnum innbyrðis, hlaut hverju barni að verða ljóst, að undir öllum venjulegum kringumstæðum var slík tilraun af hálfu útvegsmanna til þess að lækka skiptakjör helmingsins af sjómönnunum, meðan aðrir áttu að búa við óskert kjör og sömuleiðis allir yfirmennirnir, sem hafa í sumum tilfellum margfalda hásetahluti, algerlega vonlaust fyrirtæki, dæmt til að mistakast. Stjórn L. Í. Ú. var þetta auðvitað ljóst líka. En hún hafði hins vegar óvenjuleg tromp á hendinni. Hún greip í fyrsta lagi til þess ráðs að fá eða láta, hvort sem menn vilja heldur hafa, alla eða flesta útvegsmenn samþykkja víxla að upphæð 300 þús. kr. fyrir hvern bát í þeirra eigu, og skyldu víxlarnir falla til greiðslu, ef viðkomandi útgerðarmaður fremdi það afbrot að lögskrá sjómenn til síldveiða upp á þau kjör, sem gilt höfðu undanfarin ár og enn voru í gildi hvað verulegan hluta flotans snerti. Því hefur jafnvel verið haldið fram og kannske hvorki verið sannað né afsannað, að margir útgerðarmenn hafi skrifað undir þessa víxla, samþykkt þessa víxla, undir hótun um það, að þeir fengju ekki ella eðlilega fyrirgreiðslu í lánastofnunum. Og vissulega er því ekki að neita, að þessi hótun hefur a. m. k. legið í loftinu, hvort sem henni hefur verið beitt í raunveruleikanum eða ekki. En hitt er svo aftur fullvíst og ekki umdeilanlegt, að margir þeir, sem samþykktu þessa víxla, gerðu það á þeim alröngu forsendum, að samningum hefði af L. Í. Ú. verið sagt löglega upp um land allt og að allir ættu að sitja við sama borð. En hvað sem um þetta er, þá held ég, að öllum beri saman um það, að þessi einstæða aðferð L. Í. Ú.-manna hafi ekki átt sér neina stoð í lögum og hafi m. ö. o. verið hrein tilraun til fjárþvingunar. En við því afbroti liggja þungar refsingar samkv. íslenzkum lögum.

Hér stóð nefnilega svo á, að skráning sjómanna á síldveiðiskipin eftir eldri samningum var fullkomlega lögmæt athöfn, hvernig sem á var lit-

ið, og því að sjálfsögðu ekki á færi hvorki L. Í. Ú. né heldur annarra að refsa fyrir þá athöfn með fjártöku. Hér var ekki um það að ræða, að útvegsmenn væru með verknaði slíkum að brjóta verkfall og ekki heldur verkbann. Sjómenn höfðu ekki lýst yfir vinnustöðvun á flotanum, og útvegsmenn höfðu ekki heldur lýst yfir verkbanni. Hér var því hvorki um verkfall að ræða né heldur um verkbann. L. Í. Ú. hafði ekki valið þann kost að reyna að knýja þá kjaraskerðingu, sem það óskaði eftir, fram með þeim löglega hætti að lýsa yfir verkbanni gagnvart þeim sjómannafélögum, sem samningum hafði verið sagt upp gagnvart, heldur eingöngu gripið til löglausra fjárþvingunaraðferða til þessa, en hafnað hinni löglegu leið. Ég hygg, að það geti ekki leikið nokkur vafi á því, að slíkar aðferðir hefðu ekki verið reyndar nema fyrir þá sök eina, að forustumenn L. Í. Ú. töldu sér stuðning hæstv. ríkisstj. vísan til þess að fá kjör sjómanna lækkuð, vissu fyrir fram, að hún mundi tryggja þeim sigur í deilu, sem annars var vonlaus, og hún mundi gera þetta í fyllingu tímans, þegar veiðifréttirnar færu að berast, enda fóru útgerðarmenn frá því fyrsta hvergi dult með þessa skoðun sína. Og það kom líka á daginn, að hún hafði við full rök að styðjast.

Þann 24. júní, daginn, sem brbl. voru sett, stóðu málin þannig, að samningar höfðu enn ekki tekizt með samninganefndum Landssambandsins og sjómanna. Veiðifréttir voru farnar að berast, m. a. frá Norðmönnum og íslenzkum skipum, sem komin voru á miðin, og útgerðarmenn víðs vegar um landið voru orðnir ákveðnir í því þá að hafa fjárþvingunaraðferðir L. Í. Ú. að engu og manna skip sín á veiðar upp á sömu kjör og áður höfðu gilt. 24. júní voru 20 bátar komnir á veiðar fyrir Norðurlandi þrátt fyrir bann Landssambandsins og þrátt fyrir fjárkúgunarvíxlana, og fjöldi annarra báta var um það bil að búast til ferðar til veiða. Einn eða tveir dagar í viðbót hefðu nægt til þess, að L. Í. Ú.-mennirnir hefðu horft á eftir síðustu bátunum úr höfn og hefðu setið eftir með sína óinnheimtanlegu, ólöglegu víxla í reiðileysi. Aðgerðir stjórnar L. Í. Ú. höfðu að vísu þá þegar skaðað þjóðarbúið um 5 millj. kr. og útgerðarmenn og sjómenn vafalaust um miklu stærri upphæð en deilt var um. En þegar hér var komið, var málið þeim tapað að fullu og öllu. En það var einmitt á þessu augnabliki, sem hæstv. ríkisstj. þótti tími til kominn að grípa inn í og leika hlutverk hinnar landsföðurlegu forsjár, ekki með því að ógilda löglausar athafnir L. Í. Ú.-manna, eins og henni hefði borið skylda til að gera löngu áður, ekki með því að hindra, að útvegsmenn og sjómenn byggju við tvenns konar kjör á síldveiðum, ekki heldur með því að lögbinda óbreytt kjör, þar til samningar höfðu tekizt, eins og ýmis fordæmi eru til um að gert hefur verið og þótt fullgott fyrir verkalýðssamtökin, þegar þau höfðu verið að krefjast bættra kjara. Þá hefur slík aðferð þótt brúkleg. En nú þótti hún það ekki. Nei, það var ekki í neina þessa átt, sem hæstv. ríkisstj. hafði afskipti af málinu, heldur greip hún til þess að setja brbl. um að svipta sjómannasamtökin réttinum til að semja um kjör sín og svipta þá sigri, sem þeir voru búnir að vinna á kjaraskerðingaráformum útgerðarmanna. Það var því vissulega ekki að ófyrirsynju, að helzti leiðtogi Alþfl. í sjómannasamtökunum, Jón Sigurðsson, sagði um útgáfu þessara brbl. í viðtali við Alþýðublaðið, að þar væri um að ræða harkalegri aðgerðir en áður í líkum tilfellum, og bætti við, að venja hefði verið, að brbl. tryggðu óbreytta samninga undir slíkum kringumstæðum.

Hæstv. sjútvmrh. er því áreiðanlega óhætt að líta nær sér, og kem ég kannske ofur lítið betur að því síðar, um gagnrýni og hatramman áróður gegn þessum lögum og gegn gerðardómnum, sem hann talaði um, — líta nær sér en til pólitískra andstæðinga sinna. Ég held, að hið sanna sé, að bæði lögin og gerðardómurinn hafi hlotið nokkurn veginn einróma fordæmingu allra, sem við þau hafa átt að búa, hvaða stjórnmálaskoðunum sem menn annars hafa fylgt.

Úrskurður gerðardómsins, sem var svo birtur mánuði síðar en brbl. voru gefin út, reyndist, eins og til var stofnað, einhliða og algerlega órökstuddur í vil útgerðarmönnum og það svo mjög, að til munu ekki ófá dæmi um það, að útgerðarmenn hafa ekki talið sér fært eða talið rétt eða sér hagkvæmt að notfæra sér til fulls þá kjaraskerðingu á sjómannakjörunum, sem í honum felst. Á meginhluta flotans var skiptaprósentan lækkuð um og yfir 5%, og meðalskerðing hásetahlutar mun hafa orðið nálægt 13—15%, en í mörgum tilfellum miklu meiri, jafnvel upp í 25%. Þá afnam úrskurðurinn einnig uppbætur á hluti, eftir að vissu aflamagni væri náð, en áður hafði verið talið sanngjarnt í samningum, að eftir að útgerðin var komin langt yfir það mark, sem hún þurfti til þess að bera sig fyllilega, og var farin að skila verulegum gróða, þá fengu hásetar ofur lítið hærri hlut úr aflanum. En gerðardómurinn afnam þetta atriði einnig. Það mun ekki a. m. k. vera fjarri sanni, að þessi kjaralækkun hafi numið á s. l. sumri um 10 þús. kr. að meðaltali fyrir hvern háseta eða 20—30 millj. alls fyrir allan síldveiðiflotann. En gróði útgerðarmanna hefur í einstökum tilfellum af þessum ástæðum einum komizt upp í fjórðung úr milljón á bát eða jafnvel meira, eins og t. d. á aflahæstu Vestmannaeyjabátunum, sem áður bjuggu við verst skiptakjör, en að sjálfsögðu minna á öðrum. Það segir strax nokkuð um úrskurðinn, að fulltrúi útgerðarmanna samþykkti hann án allra athugasemda, og það sannar auðvitað alveg óumdeilanlega, að útgerðarmenn fengu sínum óskum fullnægt og að einhliða var hallað á sjómenn, enda hef ég ekki a. m. k. heyrt neina óánægjurödd úr röðum útgerðarmanna um úrskurðinn, nema þá helzt frá þeim, sem töldu, að of langt hefði verið gengið.

En á hverju byggði svo þessi þrenning, stjórn L. Í. Ú., ríkisstj. og gerðardómsmennirnir, kauplækkunaraðgerð sína? Jú, hún hefur verið rökstudd á svipaðan hátt og hæstv. ráðh. gerði hér áðan, með því, að sú nýja tækni, aðallega fisksjár og kraftblakkir, hafi verið að ryðja sér til rúms á síðustu árum. Það er að vísu ekki um neina nýjung að ræða, sem sé sérstaklega einkennandi fyrir þessa vertíð, sem þessi lög áttu að gilda um, heldur hefur þar verið um þróun

að ræða um margra ára skeið. Þessi nýja tækni væri útgerðarmönnum svo kostnaðarsöm, að þeir hefðu engin tök á að bæta sér upp þann kostnaðarauka með öðrum hætti en að láta sjómennina greiða hann af sínum hluta. Og í upphafi a. m. k. mun krafa útgerðarmanna hafa verið, að þeim væru afhentir fyrir að koma fyrir þessum tækjum þrír hásetahlutir og algerlega á kostnað sjómanna, engin leið væri til að jafna metin við þennan kostnaðarauka önnur en sú, að sjómennirnir afhentu nokkuð af hlut sínum. Ég minnist þess ekki að hafa heyrt öllu fjarstæðari kenningu en þessa. Og a. m. k. er hún alveg óþekkt í öðrum atvinnugreinum, þar sem um aukna tækni og vélvæðingu hefur verið að ræða. Ný tækni þýðir í þessu tilfelli eins og mörgum öðrum eða flestum öðrum stóraukna möguleika til afkasta við veiðar og gerbyltingu í aflamöguleikum. Og slíkt á að vera einhver röksemd fyrir því, að kaup þeirra, sem vinna við tækin, sé lækkað. Ég held, að það sé ekki hægt að benda á hliðstæðar kröfur vegna vélvæðingar í nokkurri atvinnugrein, hvorki hérlendis né erlendis. Og menn skyldu ekki halda, að Íslendingar væru einir um að hafa sett þessi nýju tæki í sín veiðiskip. Þau hafa verið að ryðja sér til rúms meðal allra nútíma fiskveiðiþjóða, og það er ekki kunnugt um, að nokkurs staðar hafi verið settar fram neinar kröfur um það, að mannskapurinn á skipunum ætti að borga tækin.

Það er líka svo, að allar þessar röksemdir varðandi tæknina og tækin hafa verið marghraktar og það af mörgum fleiri en fulltrúum sjómanna í samningunum. Ég vil þar t. d. tilnefna, að Fiskifélag Íslands hafði á s. l. vori eða s. l. vetri gert áætlun um útgerð á sumarsíldveiðum 1962, á þessu ári, og það hafði komizt að þeirri niðurstöðu, að útgerð með hinni nýju tækni, þar sem hún nyti sín til fulls, væri miklu hagkvæmari en útgerð með eldra fyrirkomulagi, enda gefur það auga leið hverjum þeim, sem eitthvað þekkir til síldveiða.

Eins og ég sagði áðan, er fyrst og fremst átt við kraftblökkina og fiskileitartæki, þegar átt er við hina nýju tækni. Það mun vera talið, að kraftblökk í einn bát kosti um 180 þús. kr. Og auðvitað er þar um tæki að ræða, sem endist í fjölda ára með litlu viðhaldi. Fiskileitartækin eru misdýr. En það er sameiginlegt með þeim öllum, að þau eru sett í bátana að mestu leyti án tillits til þess, hvort þeir stunda síldveiðar eða ekki. Þetta eru tæki, sem koma að gagni á öllum veiðum og eru orðin algerlega nauðsynleg, hvort sem skip eru á síldveiðum eða öðrum veiðum. Og það er þess vegna algerlega óréttmætt að ætla, að nauðsynlegt sé, að síldveiðarnar standi undir nema þá hluta af þeim kostnaði. Það er svo auðséð líka, að á móti þessum kostnaðarliðum, sem hvergi nærri eru svo stórvægilegir sem útgerðarmenn hafa viljað vera láta, — og má m. a. benda á, að sumir þættir þessa kostnaðar hafa verið metnir af þar til kvöddum matsmönnum og þeir hafa komizt að allt öðrum niðurstöðum varðandi kostnað en útgerðarmenn, svo að þar skakkar mjög miklu, jafnvel í sumum tilfellum hafa þeir dæmt kostnaðinn helmingi eða meir en helmingi lægri en útgerðarmenn hafa viljað vera láta, — en á móti þessum kostnaðarliðum, hvort sem þeir eru nú 10 þús. kr. meiri eða minni, kemur svo auðvitað margs konar sparnaður í útgerðinni vegna hinna breyttu veiðiaðferða, og vil ég nefna nokkra slíka liði.

Þegar að mestu leyti eða alveg varð að hafa nótabáta, sem oft varð einnig að draga á eftir skipunum og koma nótunum fyrir í þeim, — meðan svo var ástatt, voru mjög háar tryggingar bæði á nót og bátum. Og var það vitanlega vegna þess, hve mikil hætta stafaði af misjöfnum veðrum varðandi þessi dýru tæki, sem oft varð að draga í þessum litlu bátum á eftir skipunum í hvaða veðri sem var. Og tjón var mjög algengt. Það er talið, að bara sá kostnaður, sem af tryggingu skipsins er, lækki um 25—30 þús. kr. á vertíð vegna þessarar breytingar. Stofnkostnaður, endurnýjun og viðhald á nótabátum er áreiðanlega litlu eða engu minna en á tækjum eins og kraftblökkinni. Og sá kostnaður hverfur að öllu leyti. Ég hygg, að það sé ekki ofmælt, að þessi sparnaður sé a. m. k. eins mikill og sá, sem verður á tryggingarkostnaðinum. Enn fremur mætti svo nefna fleira, eins og t. d. stórlækkaðan olíukostnað við það, að skipin þurfa ekki lengur að draga drekkhlaðna nótabáta, og fleira mætti tilnefna.

Í sambandi við þetta, þó að það varði málið ekki alveg beint, mætti líka hafa það í huga, að með gengislögunum í ágúst 1961 var ákveðið, að sjómenn greiddu vátryggingarkostnað fiskiskipanna að verulegu leyti. Það var gert með því að taka vátryggingargjöldin í gegnum útflutningsgjald af óskiptum hluta hásetanna, og þýddi þetta að sjálfsögðu verulega kjaralækkun fyrir sjómennina, en hagsbót fyrir útvegsmennina. En svo er það, sem skiptir að sjálfsögðu langmestu máli, að möguleikar til þess að ná árangri í veiðum hafa aukizt margsinnis, og það skiptir auðvitað höfuðmáli. Hygg ég, að svo til hver einasti útgerðarmaður og sjálfsagt allir hafi ekki sett þessi nýju tæki í skipin og innleitt þessa nýju tækni aðeins í því trausti, að þeim tækist að láta sjómennina borga það, og það er þá a. m. k. undarlegt, ef svo hefur verið, að ekki hefur verið ýjað í þá átt að lækka skiptakjörin fyrr en á þessu og síðasta ári, enda þótt tækin væru komin fyrir mörgum árum í mikinn fjölda af skipunum.

Það er líka rétt að minna á það, að þessi nýja tækni og fækkun manna á skipunum leggur stóraukna vinnu á sjómennina. Þetta stafar m. a. af því, að nú er unnt að stunda veiðar í miklu verri veðrum en áður og jafnt á nóttu sem degi, og einnig er þess að gæta, að með vaxandi afla vex auðvitað vinna hásetanna, jafnt á sjónum sem og við það að koma veiðinni í land. Áður var það svo, að síldarköst fóru ekki fram nema í mjög góðu veðri og aðeins á nokkrum hluta og venjulega litlum hluta sólarhringsins. Nú er aftur á móti unnt, þegar vel viðrar, eins og gerði á s. l. sumri, að kasta svo að segja látlaust allan sólarhringinn og meira að segja sólarhring eftir sólarhring. Það er því alveg óhætt að fullyrða það, að framlag sjómannanna hefur komið fyllilega á móti og aukizt fyllilega á móti hinni nýju tækni, sem útgerðin hefur lagt á borð með sér.

Það mun líka hafa verið samdóma álit allra, sem útgerð stunda og eitthvert skyn bera á út-

gerð og fylgzt hafa með rannsóknum á síldargöngum og öðru slíku, að öllu samanlögðu, bæði hvað útbúnað veiðiflotans snerti og veiðihorfur, veiðimöguleika, þá hafi aldrei verið álitlegra að gera út til síldveiða á s. l. nær tveim áratugum heldur en var í byrjun vertíðarinnar nú á s. l. sumri. En ég held, að ástæðan fyrir þessu, að einmitt núna var látið skríða til skarar gegn sjómannastéttinni, — ég held, að sú ástæða sé nokkuð ljós. Það var útlit fyrir sérlega góða síldarvertíð og þar af leiðandi tiltölulega háa hluti sjómanna, en slíkt hlaut auðvitað að vera þyrnir í augum ríkisstj., sem trúir á launalækkanir sem bót flestra þjóðfélagsmeina. Þess vegna varð að reyna að hindra það, að laun sjómanna stæðu verulega upp úr og þau gætu orðið hvatning fyrir aðrar launastéttir til þess að rétta hlut sinn. Í áróðri stjórnarflokkanna gegn sjómönnum hefur því líka verið haldið á lofti, að sjómenn bæru of mikið úr býtum samanborið við aðrar stéttir þjóðfélagsins og það væri í raun og veru hreint hneyksli. Það er þess vegna rétt að athuga þetta ofur lítið nánar, þennan lið áróðursins, sem beitt hefur verið alveg miskunnarlaust gegn sjómönnum.

Á s. l. sumri, á vertíð, sem gaf meiri afla en nokkur önnur vertíð í sögunni, mun hlutur háseta hafa orðið um 60 þús. kr. að meðaltali. Og þennan meðaltalshásetahlut verður þó að sjálfsögðu að telja til hreinna undantekninga. Það verður að reikna með því, að allt að 4 mánuðir á árinu fari í þessa vertíð fyrir sjómennina, þegar tillit er tekið til undirbúnings vertíðarinnar og óhjákvæmilegra hléa á milli vertíða. Meðalhluturinn mundi þá verða sem næst 15 þús. kr. á mánuði, miðað við þann tíma, sem beint fór til veiðanna. Og frá þessum 15 þús. kr. verður svo að sjálfsögðu að draga margs konar kostnað, sem hásetar hafa af því að vera á sjónum. M. a. ber að taka tillit til þess, að þeir verða að greiða dýrara fæði en sennilega nokkrir aðrir menn í landinu, og hafa að sjálfsögðu margs konar annan kostnað af því að vera á sjónum. Og mikið af þessum tíma verða sjómennirnir að leggja nótt við dag hvað vinnu snertir, a. m. k. ef sæmilega aflast og ef einhver von á að verða til þess, að hlutur verði í líkingu við það, sem hann var á síðasta sumri.

Ég held nú, að það fari ekki á milli mála, að miðað við vinnuframlag og vinnutíma séu þessi laun sízt hærri en laun lægst launuðu stétta í þjóðfélaginu, t. d. daglaunamanna. Það munu vera mörg dæmi um það frá s. l. sumri, að verkamenn, sem unnu við síldarvinnslu, t. d. í síldarverksmiðjunum, báru úr býtum 50—60 þús. kr. yfir vertíðina eða því sem næst það sama og síldarsjómennirnir hafa borið úr býtum. Í slíkum tilfellum er auðvitað um að ræða óhæfilegt vinnuálag og vinnutíma, sem fer langt fram úr því, sem sæmilegt getur talizt. En það má alveg sama segja um sjómennina. Það þykir engum tiltökumál, þótt þeir verði að vinna jafnvel sólarhringum saman í einni lotu, og sjálfir telja þeir það sízt eftir. En þeir sætta sig þá ekki heldur við það, að kjör þeirra séu stórlækkuð, á sama tíma sem flestar aðrar stéttir gera kröfur um launahækkanir.

Það er þess vegna sama, frá hvaða sjónarmiði gerðardómslögin eru skoðuð, að það ber allt að sama brunni. Árásin, sem hún þyddi á sjómannastéttina, var óréttmæt og órökstudd og eins og síðar hefur komið á daginn, hættuleg vinnufriði í útgerðinni. Og það hygg ég að menn sjái vel, þegar eftirleikurinn, þ. e. a. s. sú deila, sem nú stendur yfir um síldveiðarnar, er athugaður. Og auk þessa var svo setning brbl. hrein ofbeldisárás á grundvallarréttindi verkalýðssamtakanna. Reyndin hefur líka orðið sú, að sennilega hefur ekkert tiltæki hæstv. ríkisstj., — og hafa þau þó mörg sætt misjöfnum dómum, — að ekkert tiltæki hefur sætt almennari fordæmingu en þessi brbl. og gerðardómurinn, sem af þeim leiddi. Skipshöfn eftir skipshöfn sendu hæstv. ráðh. mótmæli sín á s. l. sumri gegn lögunum og gegn gerðardómnum, og ég hygg, að þess séu fá dæmi eða engin dæmi, að nokkur sjómaður hafi á skipum mælzt undan því að taka þátt í þessum mótmælum. Og það hefði vissulega verið vel viðeigandi, að hæstv. ráðh. hefði látið skrá yfir þessi mótmæli fylgja, þótt ekki væri nema sem fskj. með þessu frv. núna.

Sjómannasamtökin öll, þ. á m. þeir, sem eru undir alveg einlitri pólitískri forustu Alþfl. og Sjálfstfl., hafa fordæmt bæði lögin og gerðardóminn, og sjálft málgagn hæstv. sjútvmrh. hefur algerlega gefizt upp við að verja málstað hans. Og nú alveg nýlega er mér sagt, — og það verða þá að leiðrétta þeir, sem kunnugri eru en ég, — að þing Sambands ungra jafnaðarmanna, sem haldið var í heimabæ hæstv. sjútvmrh., meðan hann var að vísu fjarverandi úr landinu, hafi samþykkt með yfirgnæfandi meiri hl. að fordæma brbl. Það er þess vegna vægast sagt ákaflega veikt hjá hæstv. ráðh., þegar hann er að tala um hatrammar árásir pólitískra andstæðinga á þennan dóm. Og það er auðvitað alveg fullkomlega að vonum, að hvort tveggja þetta hefur hlotið alveg óáfrýjanlega fordæmingardóm.

Að þessu máli hefur verið eins vísdómslega staðið og að öðrum brbl., sem hæstv. ríkisstj. hefur sett til þess að takmarka verkfallsréttinn í landinu, að gildistími laganna er úti, þegar kemur til kasta Alþingis að leggja dóm á lögin. Og þannig er þetta einnig nú. Þegar þessi lög eru lögð fram á Alþingi, hafa þau misst gildi sitt fyrir nokkru, og það er því aðeins verið að þjóna formsatriðum með því að leggja þau hér fram. Alþingi hefur þess vegna ekki tök á því að leiðrétta hér orðinn hlut, eins og nú er komið. Ég tel alveg vafalaust, að þessari aðferð, að miða gildistímann við það, að hann væri úti, þegar þing kæmi saman, hafi verið beitt nú eins og áður vegna þess, að hæstv. ríkisstj. telur það a. m. k. alveg óvíst, að nokkur meiri hl. sé fyrir því hér á Alþingi að samþykkja slíka löggjöf, og þess vegna alveg vafasamt, að hún hafi þann a. m. k. siðferðilega rétt, sem henni ber að hafa til að geta gefið út brbl., að hafa meiri hl. löggjafarþingsins á bak við sig. Það mun þess vegna, eins og til er stofnað, ekki vera hugmyndin, að þetta mál gangi nema til 2. umr. og nefndar og liggi þar síðan — og leggist það síðan í glatkistuna og á það verði ekki minnzt framar hér á þingi.

En ég tel alveg nauðsynlegt og mjög mikilvægt af mörgum ástæðum, að það fáist úr því skorið, hver er afstaða a. m. k. þessarar hv. deildar efnislega til málsins. Í fyrsta lagi, ef brbl. yrðu nú felld þegar við 1. umr., þá væri því slegið föstu, að Alþingi vildi ekki fallast á slík ofbeldislög, og þannig væri hindrað, að hæstv. ríkisstj. héldi lengra áfram á þeirri braut, sem hún hefur gengið í þessu máli illu heilli. Og með því væri líka hindrað, að hópar atvinnurekenda héldu atvinnuvegunum og vinnustéttunum í langvarandi stöðvunum í von um það, að ríkisvaldið kæmi þeim til hjálpar til þess að lækka kjörin með viðlíka ofbeldisráðstöfunum og þessi lög eru. En það bendir margt til þess, að nú leiki útvegsmenn svipaðan leik og á s. l. vori með síldveiðikjörin og sýni fullkomna óbilgirni í samningum við sjómenn í því trausti, að ríkisstj. komi til skjalanna á réttum tíma og útkljái málið með gerðardómi. Og það var ekki hægt betur að heyra á ræðu hæstv. sjútvmrh. nú áðan en hann teldi a. m. k. nokkrar horfur á því, að þessi yrði niðurstaðan. Og það er vissulega ekki von, að vel gangi með frjálsa samninga, þegar annar hópur deiluaðila hefur slíkt tromp í höndum eins og Landssambandið virðist gera sér vonir um, að það hafi nú öðru sinni. A. m. k. var það ekki að heyra á hæstv. ráðh., að hann teldi það neitt fráleitt, að Alþingi gripi hér inn í og gæfi að nýju út lög um deiluna til að útkljá hana.

Ég held þess vegna, að með því að fella þetta frv. núna væri stigið verulegt skref í þá átt að leysa síldveiðideiluna, sem nú er útlit fyrir að geti bakað þjóðarbúinu tilfinnanlegt tjón. Það væri þess vegna visst framlag til vinnufriðarins í landinu, ef hv. þd. sýndi greinilega afstöðu sína í þessu máli og meiri hl. d. tæki undir þá almennu fordæmingu, sem þessi brbl. og gerðardómurinn, sem af þeim leiddi, hafa sætt meðal þjóðarinnar.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ríkisstj. mun hafa lýst því yfir á sínum tíma, að hún ætlaði engin afskipti að hafa af kjarasamningum og vinnudeilum, hún ætlaði að leiða þau mál hjá sér, láta vinnuveitendur og launþega eina um að leysa þau. Þessi yfirlýsing var að mínum dómi bæði vanhugsuð og óraunsæ. Það hefur reynslan sýnt svo rækilega, að ekki verður um villzt. Ríkisstj. hefur ekki komizt hjá því að hafa afskipti af mörgum vinnudeilum. En yfirleitt er það svo, að hún hefur ekki, — sjálfsagt með hliðsjón af eða vegna þeirrar yfirlýsingar, sem ég nefndi, — gripið inn í vinnudeilur eða kjaradeilur fyrr en á síðasta stigi og þegar það hefur verið orðið of seint og allt hefur verið komið í óefni. Hæstv. ríkisstj. hefur því miður lítið gert að því að greiða fyrir sáttum á frumstigi vinnudeilna. Hún hefur sannarlega ekki lagt sig fram á því stigi að laða deiluaðila til sátta. En það hygg ég, að einmitt eigi að vera hlutverk ríkisvaldsins í kjaradeilum, hjá því sé ekki hægt að komast, að ríkisstj. hafi slík afskipti af þessum málum, ef þau eiga að leysast farsællega, þó að sjálfsagt sé hins vegar, að þau séu fyrst og fremst í höndum samningsaðilanna sjálfra. En ríkisstj. hefur, eins og ég sagði, ekki lagt sig í framkróka með það að greiða fyrir sáttum í vinnudeilum á frumstigi kjaradeilna.

Hitt mun aftur á móti sönnu nær, að ríkisstj. hafi oft framan af kjaradeilu haft af henni óbein afskipti, sem síður en svo auðvelduðu lausn hennar, t. d. með því að stappa stáli í vinnuveitendur með að þverskallast í lengstu lög við öllum kjarabótum eða þá með því að synja þeim um einhverja þá fyrirgreiðslu eða lagfæringu á sínum málum, sem þeir töldu sér nauðsynlega og forsendu fyrir því að fallast á kjarabætur launþegunum til handa. Ég hygg, að það megi nefna býsna mörg dæmi þessu til sönnunar. En þegar svo allt hefur verið komið í óleysanlegan hnút, verkföll skollin á, stifni komin í aðila í deilunni, þá og þá fyrst hefur ríkisstj. gripið inn í deiluna og þá, eins og dæmi sýna, langoftast með því að lögbjóða gerðardóm. Hitt er þó náttúrlega sýnu verra, þegar viðtækar kjaradeilur hafa verið leystar eftir langa hríð með kjarasamningum, en ríkisstj. hefur síðan með ráðstöfunum sínum kippt grundvellinum undan þeim kjarasamningum, svo sem átti sér stað sumarið 1961, þegar ríkisstj. framkvæmdi gengislækkunina, eftir að samningar höfðu tekizt eftir þau viðtæku verkföll, sem þá höfðu átt sér stað. En það verk að fella gengið 1961 var að mínum dómi eitt ástæðulausasta og óþarfasta og óskynsamlegasta verk hæstv. ríkisstj., sem hún svo sjálf með ýmsum hætti hefur sopið og sýpur seyðið af, því að einmitt þá var grundvellinum kippt undan þessum samningum, sem gerðir höfðu verið, og þar með undan vinnufriði, enda hefur það sýnt sig, að hver kjaradeilan eftir aðra hefur komið til sögunnar eftir þetta. Og eru nú þessi mál komin á það stig, sem ég skal ekki fjölyrða hér um, en sýnilegt er, að allt stefnir til meiri verðbólgu en hér hefur átt sér stað áður.

Í síldveiðideilunni s. l. sumar fylgdi hæstv. ríkisstj. sínum fyrri starfsháttum. Ríkisstj. hefði í tæka tíð átt að beita áhrifum sínum til lausnar þeirri deilu. Það gerði hún ekki. En í stað þess greip hún til síns gamla úrræðis, gerðardómsleiðarinnar. Það skal fúslega játað, að eins og þá var málum komið var úr vöndu að ráða, og til einhverra úrræða varð að grípa til að koma síldveiðiflotanum af stað. Ég er hæstv. ráðh. sammála um, að það horfði til mikilla vandræða, ef þessi deila hefði staðið öllu lengur en hún stóð, vegna þess að síldveiðiflotinn var tilbúinn að hefja veiðar, landverkafólkið beið eftir síldinni, milljónir töpuðust á degi hverjum, og mátti segja, að vá væri fyrir dyrum í t. d. síldarplássum norðan- og austanlands, ef síldarvertíðin gæti ekki farið að hefjast og gengið með nokkurn veginn eðlilegum hætti. En hins vegar er ég ráðh. ekki sammála um það, sem ég mun koma að hér á eftir, að það hafi ekki verið hægt að grípa til neins annars úrræðis en þessa til að leysa þessa deilu og tryggja það, að síldveiðiflotinn færi á veiðar. Ég get ekki fallizt á þá skoðun og þann skilning, sem mér virtist hæstv. ráðh. í raun og veru byggja nauðsyn þessara brbl. á, að þetta mál hefði í raun og veru verið algerlega óleysanlegt með öðrum hætti en þeim, sem horfið var að.

En það er eins og þegar hefur komið fram í þessum umr., að gerðardómsleiðin var alveg sér-

staklega óheppileg í þessu tilfelli, vegna þess m. a., sem hér hefur komið fram, að á mörgum stöðum í landinu giltu áfram gömlu samningarnir á milli útgerðarmanna og sjómanna og sjómenn á mörgum skipum áttu því við að búa áfram sömu kjör og að undanförnu. Þegar þannig stóð á, var sérstaklega óheppilegt að lögbjóða gerðardóm og valda því þar með, að sjómenn byggju við mismunandi kjör eftir því, á hvaða skipum þeir væru, eða því, frá hvaða stað skip þau væru gerð út, sem þeir voru á, sumir bjuggu sem sagt við gömlu samningana, en aðrir við þau kjör, sem gerðardómurinn tiltók.

Gerðardómsleiðin var valin. En vitaskuld hefði mátt grípa til annarra úrræða, t. d. eins og bent var hér á af hv. síðasta ræðumanni að lögbjóða, að skrá skyldi upp á gömlu kjörin, en síðan litið á þarfir útgerðarmanna og úr þeim reynt að leysa með öðrum hætti, ef á því hefði þótt nauðsyn.

Um sjálfan úrskurð gerðardómsins mun ég hér ekki fjölyrða. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að úrskurður gerðardómsins skerti allverulega þau skiptakjör, sem síldveiðisjómenn höfðu við búið, og lækkaði þar með laun þeirra eða kaup mjög verulega. Ég skal ekki heldur fjölyrða hér um þær ástæður, sem útgerðarmenn hafa fært fram því til rökstuðnings, að skiptakjörin þyrftu að breytast, en þær kröfur þeirra virðast aðallega hafa byggzt á því, að þeir hafa að undanförnu tekið í notkun á skipum sínum dýr og ný og fullkomnari tæki en áður. Það sýnist náttúrlega frá leikmannssjónarmiði, að það muni ekki gera hlut útgerðarinnar lakari að taka þannig í þjónustu sína nýja tækni. En þó vil ég fyrir mitt leyti taka fram, að ég treysti mér ekki til að leggja þar neinn dóm á og vil út af fyrir sig ekki draga það í efa, að útgerðarmenn hafi þar haft eitthvað til síns máls og að þeir hafi getað sýnt fram á það með rökum, að þeir þyrftu að fá eitthvað meira í sinn hlut en áður.

En þá er bara spurningin, hvort sjómenn voru aflögufærir, hvort það var fært að taka þann hlut, sem útgerðarmenn kunni að vanta, af sjómönnum eða hvort það var sanngjarnt. Ég skal ekki leggja neinn dóm á niðurstöður gerðardómsins í sjálfu sér, til þess brestur mig allar forsendur, en hitt fer ekki á milli mála, að það virðist, að gerðardómurinn hafi tekið meira tillit til krafna og málsástæðna útgerðarmanna en sjómanna. Mér dettur ekki í hug að efast um, að gerðardómsmennirnir hafi unnið sitt verk samvizkusamlega eftir þeim gögnum, sem fyrir lágu.

En hvað sem um allt þetta er, þá liggur sú staðreynd ljós fyrir, að með ákvörðun þessa úrskurðar var stór sneið skorin af tekjum síldveiðisjómanna, og það er mjög vel skiljanlegt, að þeir séu harla óánægðir með það og þeir séu gramir og sárir yfir því. Ég býst við því, að það geti hver og einn stungið hendinni í eigin barm með það, að hann mundi ekki taka því með neinum þökkum, að það væri tekin af honum ákveðin prósenta af hans launum eða tekjum með valdboði, kannske 10% eða jafnvel meira eða minna. Ég skal ekki fara hér með neinar tölur, hef þær ekki svo tiltækar í þessu sambandi, en hitt er víst, að þarna er um mjög verulegar fjárupphæðir að ræða fyrir hvern einstakan sjómann. Og ég hygg t. d., að hv. alþm. mundu geta sett sig í spor sjómanna um það, að þeir mundu sjálfir ekkert kunna því vel, ef eitthvert æðra valdboð ætlaði að taka af þeim jafndrjúgan hlut, eins og gert var með þessum gerðardómi hvað sjómenn áhrærir.

Ég verð að segja það, að hvað sem efnisástæðum líður, sem á bak við þetta hafa verið, þá tel ég það, eins og þetta var framkvæmt og kom fram gagnvart sjómönnum, mjög ósanngjarnt, og ég tel, að það sé ákaflega skiljanlegt, að þeir hafi skoðað það sem hnefahögg í sitt andlit. Það er að vísu reynt að réttlæta þetta með ýmsum hætti. Það er bent á það, að síldveiðisjómenn þurfi sannarlega ekki yfir miklu að kvarta, þeir hafi borið góðan feng úr býtum á s. l. sumri og hafi haft góðar tekjur þrátt fyrir þá skerðingu, sem þeir urðu fyrir í sambandi við þennan dóm. Og það er rétt, sem betur fer, að margir síldveiðisjómenn hafa þrátt fyrir þessa skerðingu haft sæmilega góðar tekjur. En það má þó ekki leggja of mikið upp úr því í sambandi við þetta mál. Í fyrsta lagi er útkoman á síldveiðunum alltaf misjöfn, og það má því ekki í umræðum um þessi mál miða þar við toppana og líta á þá, sem hæst hafa og mest hafa úr býtum borið. En þegar á meðaltalið er litið, þá mun það vera svo, að tekjurnar séu ekkert óhóflegar, sem sjómenn hafa borið úr býtum. Og vissulega eru þeir vel að þeim tekjum komnir. Og það verður líka, þegar rætt er um þessi mál og reynt er að benda á það, að sjómenn hafi haft háan hlut, að taka það með í reikninginn, að síldarvertíðin s. l. sumar var alveg óvenjulega hagstæð, ekki bara að því leyti til, að aflamagn væri ákaflega mikið, heldur var t. d. tíðarfar svo hagstætt, að landlegur voru nær óþekktar. Ef útkoman hefði verið á aðra lund og óhagstætt veðurfar, þá hygg ég, að hlutur sjómannanna hefði orðið allur annar og lakari og þeim hefði þá reynzt miklu erfiðara að bera þessa kjaraskerðingu en þó hefur orðið, vegna þess að allt gekk þó sæmilega vel.

En mergurinn málsins er náttúrlega sú spurning, hvort það hafi verið til nokkur önnur leið en gerðardómsleiðin. Var nokkur önnur leið til í þessu máli, ef bæta þurfti eitthvað hlut útgerðarmannanna, heldur en að færa þá hlutarbót þeim til handa frá sjómönnum og þeirra hlut? Ég hef bent á það áður, að ríkisstj. hefði sennilega, ef hún hefði haft afskipti af málinu fyrr og reynt að liðka þar eitthvað til, getað leyst það farsællega.

Af hálfu framsóknarmanna hefur verið bent á þá leið að bæta hlut útgerðarmanna með því að skila þeim aftur nokkru af því fé, sem af þeim hafði verið tekið, en eins og öllum er í fersku minni, var sumarið 1961 í sambandi við þá gengislækkun, sem þá átti sér stað, gerð upptæk í ríkissjóð verðhækkun þeirra útflutningsvara, sem til voru í landinu óafgreiddar, þegar gengislækkunin var gerð 1961. Með þessum hætti safnaðist ríkissjóði allmikill sjóður, sem síðan hefur verið að vísu ráðstafað til ákveðinna hluta. Það hefði vissulega mátt verja einhverju úr þessum sjóði til að bæta hlut útgerðarmanna. Ég hef að vísu alltaf litið svo á, að það hafi verið hæpin stjórnlagaleg heimild til þessarar upptöku. En úr því að

hún átti sér stað á annað borð, hygg ég, að flestir geti orðið sammála um, að þeim sjóði, sem þannig var upptækur ger, hefði ekki verið varið betur eða á sanngjarnari hátt en að láta hann renna til þeirra útgerðarmanna aftur, sem stunduðu síldveiðar fyrir Norður- og Austurlandi næsta sumar þar á eftir, sem sagt 1962. Og það má vissulega benda á meira fé, sem ríkisstj. hefur af útgerðinni tekið og hún hefði átt auðvelt með að miðla til hennar aftur. En í tíð hæstv. núv. ríkisstj. hefur átt sér stað stórfelld hækkun á útflutningsgjöldum sjávarafurða. Og það hefði vissulega ekki verið nema sanngjarnt, að einhverjum hluta af þessum útflutningsgjöldum hefði verið varið aftur til styrktar útgerðinni á þennan hátt, ef þörf hefði verið á, enda er allmiklu af þessum útflutningsgjöldum varið á annan hátt til styrktar útgerðinni. Ég hygg, að mátt hefði verja þannig nokkru af þessu fé til þess að bæta hlut útgerðarmanna og greiða þannig fyrir sáttum í þessari deilu, án þess að þar hefði þurft að koma til skerðingar á hlut sjómanna. Þá hefði mátt komast hjá því alveg að skerða kjör sjómanna. Það má að vísu segja, að með þeim hætti hefði ekki verið um neina frambúðarlausn þess máls að ræða. En það er ekki heldur með þessum gerðardómslögum, sem hér liggja fyrir, og með þeim gerðardómi, sem felldur hefur verið samkv. þeim, um neina frambúðarlausn þessara mála að tefla.

Ef þessi leið hefði verið valin, sem framsóknarmenn hafa bent á, hefði mátt komast hjá þessari óvinsælu gerðardómsleið. En það er staðreynd, sem ég skal annars ekki fara að fjölyrða neitt frekar um hér, að gerðardómar eru ákaflega illa séðir og tortryggðir af hálfu launþega, þannig að það verður að teljast algert neyðarúrræði að grípa til gerðardóms í kaup- og kjaramálum, nema svo standi á, að deiluaðilar hafi komið sér saman um að leggja málið í gerð eða komið sér saman um að sætta sig við úrskurð gerðardóms, eins og t. d. á sér stað með opinbera starfsmenn, sem fallizt hafa á að láta kjaradóm hafa síðasta orðið um sín mál. En ég held, að það sé ekki ofmælt, sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að síldveiðideiluna, sem nú stendur yfir, eða það, hversu torveldlega hafi gengið að leysa þá síldveiðideilu, sem nú stendur yfir, megi að einhverju leyti og ég vil segja að verulegu leyti rekja til gerðardómsins s. l. sumar og þeirrar miklu gremju og óánægju, sem gætt hefur hjá sjómönnum út af honum og því máli öllu.

Því úrræði, sem af hálfu framsóknarmanna hefur verið bent á, hefur verið fundið það til foráttu, að með því sé verið að innleiða nýtt uppbótakerfi, Sú móthára er vitaskuld alveg haldlaus og út í hött, þegar þess er gætt, að einmitt nú ver hæstv. ríkisstj. mörg hundruð millj. kr. í uppbætur í einni eða annarri mynd, t. d. í útflutningsuppbætur og niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum og til greiðslu vátryggingariðgjalda skipa o. fl., o. fl., þannig að það er algert öfugmæli, þegar verið er að segja það og reyna að halda því fram, að uppbótakerfið hafi verið afnumið nú. Ég er ekki talsmaður uppbótakerfis, en ég álít, að það sé ekki hægt að tala um neitt uppbótakerfi, þó að gripið hefði verið til þess ráðs s. l. sumar til þess að leysa viðkvæma og hættulega deilu, að skila útgerðarmönnum nokkru aftur af því fé, sem af þeim hafði áður verið tekið í raun og veru.

Ég skal svo ekki fjölyrða miklu meira um þetta mál, en þó ætla ég aðeins að víkja að því, að um þessi mál, gerðardóminn og gerðardómslögin, hefur talsvert mikið verið skrifað í dagblöðin hér, svo sem vonlegt er, þ. á m. í málgagn hæstv. sjútvmrh., Alþýðublaðið. Þau skrif Alþýðublaðsins eru á þá lund, að naumast verður af þeim önnur ályktun dregin en Alþfl. hafi verið og sé andstæður gerðardómnum. Þessi skrif blaðsins hafa leitt til þess, að margir, sem þetta hafa lesið, hafa spurt menn að því: Hvernig var þetta, setti Emil ekki lögin? — Jú, maður hefur orðið að svara því, að hæstv. sjútvmrh. hafi verið sá, sem setti þessi gerðardómslög. En það er líka stundum eins og látið liggja að því í Alþýðublaðinu, í skrifum þess um þessi mál, að hæstv. sjútvmrh. hafi nánast sett þessi lög eins og embættismaður, en ekki sem Alþýðuflokksmaður, og jafnvel að manni skilst, að þm. flokksins séu alls ekki samþykkir þessari leið, sem valin er. Þessi skrif Alþýðublaðsins og raunar samþykktir, sem komið hafa frá samtökum, sem Alþýðuflokksmenn standa fyrir eða eiga drjúg ítök í, gefa tilefni til þess að spyrja beinlínis að því, hvort þingmeirihl. hafi fyrir fram verið tryggður með útgáfu þessara brbl. Var það borið áður undir t. d. þingmenn Alþfl., hvort gripið skyldi til þessa ráðs eða ekki? Það væri ákaflega æskilegt, að það væru gefin skýr svör við því, hvort svo hefur verið eða ekki. Og sannleikurinn er sá, þegar skyggnzt er til baka og litið til fortíðar Alþfl., þá getur manni virzt það næsta ótrúlegt, að Alþfl.-þingmenn hafi verið sammála þessari leið, sem valin var, því að lengi vel var gerðardómur mikið bannorð á þeirra vörum. Og það var eins og hv. síðasti ræðumaður greindi frá, að m. a. olli það einum tvisvar sinnum stjórnarslitum, þar sem ráðh. Alþfl. fór úr ríkisstj., af því að gripið var til gerðardómslaga. En tímarnir breytast og mennirnir með. Það eru komnir nýir menn, og þeir geta haft til þessa önnur viðhorf. En þá er æskilegt að fá það upplýst, svo að menn geti borið það saman við fyrri afstöðu flokksins.

Eins og þegar hefur verið tekið fram, er gildistími þessara laga í sjálfu sér úti. Tilefni það, sem olli því, að þessi brbl. voru sett á sínum tíma, er liðið hjá. Brbl. hafa því gegnt sínu hlutverki, og það, sem gert hefur verið skv. þeim, verður ekki aftur tekið. Þessi brbl. eru því hér fram lögð skv. stjórnarskrárboði. En með því að bjóða framlagningu brbl. fyrir næsta Alþingi, þó að svo standi á sem hér, er stjórnarskráin í raun og veru að bjóða það, að kannað skuli, hvort þingið vilji veita stjórninni syndakvittun fyrir útgáfu brbl. Þegar framlagning á sér stað, þegar svo stendur á sem hér, þá er í raun og veru ekki verið að spyrja um annað en þetta. Þetta mál hefur þess vegna í sjálfu sér ekkert að gera í neinni nefnd. Nefnd getur ekkert gert við það. Þetta er búið mál og

gert, og það eina, sem þingið hefur í raun og veru um þetta að segja, er, hvort það vill veita stjórninni syndakvittun fyrir útgáfu þessara brbl. Þá syndakvittun vilja framsóknarmenn ekki gefa.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Mér þótti þetta nokkuð nýstárleg kenning, sem hv. síðasti ræðumaður gaf hér á stjórnarskránni, þar sem hann talaði um það, að ætlazt væri til þess með framlagningu brbl. slíkra sem þessara, að þingið gæfi stjórninni syndakvittun. Ég vildi þá beina því til hv. ræðumanns, hvort þessa kenningu hans eigi að skilja svo, að ráðh. og ríkisstjórn sé alveg óhætt að syndga með útgáfu brbl., því að stjórnarskráin ætlist til þess, að á eftir gefi Alþingi út syndakvittun.

Það er sannarlega vandlifað fyrir hæstv. ríkisstj., ef hún ætti að haga gerðum sínum þannig, að það gæti fallið í góðan jarðveg hjá hv. stjórnarandstæðingum, stjórnarandstöðuflokkunum. Það hefur greinilega komið í ljós í þessu máli, þar sem hv. talsmaður Framsfl., sem talaði hér á undan mér, lagði á það áherzlu, að ríkisstj. hefði gripið of seint inn í þetta mál, hún hefði átt að grípa í taumana miklu fyrr. Aftur á móti var hv. fulltrúi Alþb., sem hér talaði áðan, á allt annarri skoðun. Hann taldi, að ríkisstj. hefði gripið allt of snemma inn í þetta mál og hún hefði helzt aldrei átt að grípa inn í það. Hann virtist halda fram þeirri kenningu, að deilan hefði eiginlega verið að leysast, útvegsmenn hefðu verið að gefast upp og það hefði þess vegna verið alger óþarfi af hæstv. ríkisstj. og hæstv. sjútvmrh. að skerast hér í leikinn. Því miður var útlitið ekki þannig, þegar brbl. voru gefin út, og mér virðist það, sem skeð hefur síðan, og sú hatramma deila, sem nú stendur yfir, sýna, að það hafi ekki verið mikilla sátta að vænta með aðilum eða uppgjafar af hendi útvegsmanna.

Þessi hv. þm., 5. þm. Norðurl. e., sagði, að það hefðu verið komnir 20 bátar á miðin, þegar brbl. voru gefin út. Ég skal að vísu játa, að ég hef engin gögn undir höndum um það, hvað margir bátar voru komnir á miðin. Ég hygg þó, að þessi tala sé alger skáldskapur og hv. þm. hafi tekið þetta upp úr Þjóðviljanum og slái því síðan fram sem staðreynd til þess að rökstyðja það, að óþarft hefði verið að grípa hér inn í. En jafnvel út af fyrir sig, þó að 20 bátar hefðu verið komnir á miðin, þá er það auðvitað engin sönnun þess, að útgerðarmenn væru að gefast upp. Þjóðin hefði vitaskuld getað orðið fyrir stórfelldu tjóni, ef svo hefði farið, að ekki nema þriðjungur eða helmingur síldveiðiflotnas hefði farið á veiðar, en hinn helmingurinn hefði setið eftir eða ekki farið fyrr en löngu síðar. Hitt veit ég með vissu, að á ýmsum þessum bátum, sem fóru á miðin, áður en brbl. voru gefin út, var skráð upp á væntanleg kjör og væntanlega samninga. Það var ekki skráð upp á gömlu samningana á sumum þessara báta.

Það, sem ég tel að væri raunar miklu frekar hægt að rökræða um í þessu sambandi heldur en það, hvort ástæða hefði verið til að grípa inn í, — ég álít, að flestum mönnum hafi verið ljóst, að hjá því varð ekki komizt, — en ég held, að það sé miklu frekar ástæða til þess að rökræða hitt, á hvern hátt hefði átt að grípa inn í. Átti að gera það á þann hátt, sem gert var með setningu laga um gerðardóm, eða átti að gera það á þann hátt, sem haldið hefur verið fram af ýmsum, átti að gera það á þann veg að lögfesta gömlu kjörin?

Þegar þessi deila er skoðuð, vil ég leyfa mér að varpa hér fram dæmi til þess að reyna að skýra þessa hluti. Við skulum bara hugsa okkur, að það væri hér saumastofa einhvers staðar í bænum og þar ynnu margar saumastúlkur og þær saumuðu t. d. karlmannsbuxurnar fyrir 100 kr. stk., svo kæmi eigandinn og keypti nýjar og miklu fullkomnari og afkastameiri saumavélar og segði við stúlkurnar: „Nú fáið þið bara 80 kr. fyrir að sauma buxurnar.“ Það má segja: Nú fáið þið bara 80 kr. í staðinn fyrir 100 kr. áður. Þetta er kjaraskerðing, geta stúlkurnar sagt. Í sjálfu sér er sú staðhæfing ákaflega vafasöm. Það getur vel verið, að þrátt fyrir þetta hafi þær miklu meira dagkaup og miklu hærra mánaðarkaup en áður. Það er í raun og veru alveg sama, sem hér er um að ræða. Sjómennirnir eru með önnur skip og önnur tæki en gömlu kjörin gerðu ráð fyrir.

Ég vil í sjálfu sér taka það fram strax, að ég legg ekki eins mikið upp úr þessu tækjaspursmáli og oft hefur verið gert í umræðum um þetta mál, þ. e. a. s. um kraftblökkina og hið sjálfvirka síldarleitartæki, hvort þessi tæki hafi verið sett í skipið eða ekki. Það, sem ég tel að sé miklu þýðingarmeira atriði, eru skipin sjálf, og það er það, að nú er farið að veiða og stunda síldveiðar með hringnót á miklu stærri og fullkomnari skipum en áður var. Ég vil t. d. benda á, að síðast þegar samningar voru gerðir um síldveiðikjör, vorið 1959, þá er í þeim samningum alls ekki gert ráð fyrir, að það sé til stærra skip á hringnótaveiðum en 100 smálestir. Þar er hins vegar gert ráð fyrir miklu stærri skipum á herpinótaveiðum en á hringnótaveiðum. Það sést á ákvæði samningsins um aukauppbót, þegar farið er fram úr vissu aflamagni, en þar er hæst talað um 100 smálesta skip; en um almenn kjör er hæsti flokkurinn 70 smálestir og þar yfir. Í sambandi við hringnótakjörin hafa líka sagt mér menn, sem að þessum samningum stóðu, að það hafi yfirleitt verið algerlega óþekkt fyrirbrigði, að stór skip væru á hringnót. Nú í sumar er það hins vegar svo, að þá eru öll skipin á hringnótaveiðum, meira að segja togari er á hringnótaveiðum, og af 225 skipum, sem voru á veiðum í sumar, hefur 81 skip verið yfir 100 smálestir og þau að sjálfsögðu öll á hringnótaveiðum, þannig að hér er um allt annað að ræða en áður, þegar ákveða skal kjörin.

Ég vil líka benda á það ekki síður, að í þeim samningaviðræðum, sem fóru fram á s. l. vori, buðu sjómennirnir lækkun á aflaprósentunni. Þeir buðu lækkun á aflaprósentunni, þó að sú lækkun væri að vísu lítil. En með því að bjóða þessa lækkun viðurkenna þeir raunverulega, að þörf sé á nýjum skiptakjörum og það sé ástæða til þess að breyta þeim. Ég tel þess vegna, að það hafi verið réttmætt, eins og á stóð í þessu

neyðarástandi, sem stóð yfir í sumar, að ákveða, að gerðardómur skæri úr þessum kjörum, en gömlu kjörin væru ekki lögfest, enda er þá raunverulega alveg óvíst nema nokkur hluti af síldveiðiflotanum hefði setið heima, ef það hefði verið gert. Það hafa að vísu verið bornar fram ýmsar mótbárur gegn þessari skoðun. Það hefur t. d., eins og ég hygg að hv. 5. þm. Norðurl. e. hafi komið hér með, verið komið með þau rök, að allir yfirmennirnir hafi fasta samninga og gerðardómur hafi ekki náð til þeirra og það væri ósanngjarnt að lækka skiptaprósentu og kjör hásetanna, þegar kjör yfirmannanna stæðu óskert. Það hefur líka verið bent á það af mörgum andstæðingum gerðardómslaganna, að um þriðjungur af flotanum væri raunverulega með bundna samninga óuppsagða og þess vegna næðu gerðardómskjörin ekki til þeirra. Vil ég nú lítillega gera þessar mótbárur að umtalsefni.

Þá er það í fyrsta lagi hvað snertir yfirmennina, — það er að vísu rétt, að yfirmennirnir voru með bundna samninga, svo að gerðardómur ákvað þeirra kjör ekki beinlínis, — en þó er rétt að geta þess að sjálfsögðu, að um þetta var ekki vitað og ekki skorið úr þessum ágreiningi fyrir félagsdómi fyrr en eftir að brbl. voru sett, þannig að það var ekki hægt að ganga að því vísu, þegar brbl. voru sett, að yfirmennirnir hefðu bundna samninga. En þó að gerðardómurinn næði ekki beinlínis til þeirra, þá segir í samningum yfirmannanna, að þeir, þ. e. vélstjórinn og stýrimaðurinn, skuli hafa einn og hálfan hásetahlut, ein og hálf hásetalaun, eða 1¼ ef það er 2. vélstjóri. Og þess vegna, þar sem gerðardómurinn er búinn að ákveða hásetalaunin eða hásetahlutinn, þá geta ákvæði gerðardómsins verkað á kjör yfirmannanna, vegna þess að yfirmennirnir eru samningslega tengdir kjörum háseta. Um þetta er nú deilt fyrir félagsdómi, og ég skal ekkert segja um, hvernig það mál fer. En það er augljóst, að á þessu stigi málsins er allt of mikið sagt að segja það, að yfirmennirnir búi við óskert kjör.

Þá kemur hitt atriðið, að um þriðjungur af síldveiðiflotanum sé með bundna samninga. Það hefur gengið mál í félagsdómi um einn stað fyrir austan, og mér skilst, að það sé viðurkennt af útvegsmönnum, að um annan stað gildi það sama. Málið snerti að mig minnir Neskaupstað, og hinn staðurinn er Seyðisfjörður. Nú hefur Alþýðusambandið og sjómannasamtök talið, að það væru 13 staðir alls, sem væru með bundna samninga, og talið, að á þessum 13 stöðum væri þriðjungur síldveiðiflotans gerður út. Þessir sömu aðilar hafa birt tölur og sagt, að frá þessum stöðum væru gerð út 65 skip. En í sumar voru 225 skip á síldveiðum, og það er það fyrsta, sem hægt er að benda á í þessu sambandi, að 65 er að sjálfsögðu ekki þriðjungur af 225. En ég hef farið yfir skýrsluna frá því í sumar yfir þau skip, sem síldveiðar stunduðu, og talið upp skipin frá þessum 13 stöðum, og þau eru 58 eða rétt um það bil fjórðungur, þannig að jafnvel þó að allir þessir staðir, þar sem ágreiningur kann að vera um, hvort samningar hafi verið bundnir eða ekki, hefðu bundna samninga, þá væri það ekki nema fjórðungur. Hitt er svo annað mál, að það er ákaflega ólíklegt, að niðurstaðan verði sú, að allir þessir staðir verði með bundna samninga. Þvert á móti tel ég mjög ólíklegt, að það yrði yfir 10% síldarflotans, sem talið yrði hafa bundna samninga. En hitt er svo auðvitað annað mál, að þó að einn dómur væri fallinn á einum stað, var auðvitað ákaflega erfitt við setningu brbl. að gera sér grein fyrir því, hver þessi prósenttala kynni að vera. Og ég veit það líka með vissu, að á sumum þessum stöðum, þar sem haldið er fram að hafi verið bundnir samningar, þá hefur a. m. k. verið skráð upp á nýju samningana eða gerðardóminn, hvað sem sú skráning kann svo að gilda, ef dómstóll lítur öðruvísi á málið. Ég tel mig hafa sýnt fram á, að það séu reyndar stórkostlegar ýkjur, þegar sagt er, að þriðjungur síldveiðiflotans sé með bundna samninga.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. kom hér inn á það, að verkbann L. Í. Ú. hefði verið ólögmætt og þeir hefðu m. a. skapað sér þessa aðstöðu með tryggingavíxlum. Ég er honum alveg sammála um það, að þetta verkbann þeirra var ólögmætt. Það var ekki boðað eða bar ekki að með þeim hætti, sem vinnulöggjöfin tilskilur. Og það má í raun og veru segja hér langt mál um allar þær yfirsjónir, sem L. Í. Ú. framdi í sambandi við undirbúning allrar þessarar deilu og gerðu þessa deilu miklu hatrammari og torleystari en þurft hefði að vera. Það er t. d. alveg einstakt að hugsa sér það, að þetta landssamband kunni ekki að segja upp samningum. Það fær á sama sumrinu á sig 3 dóma, þar sem uppsagnir frá því eru dæmdar ólögmætar. Jafneinfaldan hlut og að segja upp kjarasamningi virðast þeir alls ekki geta nema einstöku sinnum. Og einnig það, að þó að ég skuli að vísu taka fram, að ég telji þá að nokkru leyti hafa haft rök að mæla, þegar þeir voru að krefjast breyttra skiptakjara, þá héldu þeir nokkuð undarlega á sínum málstað, og þeir hömruðu yfirleitt mest á þeim rökunum, sem veikust voru, en létu hitt frekar liggja í þagnargildi, þ. e. a. s. þeir voru alltaf að tala um tækin, alltaf um kraftblökkina og síldarleitartækin, í staðinn fyrir að tala um skipin sjálf, sem voru orðin miklu stærri og dýrari en áður hafði verið. En það verður ekki komizt hjá því í þessu sambandi að átelja líka Alþýðusambandið og Sjómannasambandið, því að hvaða frammistaða er það hjá þessum samtökum að láta L. Í. Ú. haldast uppi ólögmætt verkbann? Hvers vegna fara þessi samtök ekki í mál fyrir dómstólum og láta hnekkja þessu? Það er auðvitað að bjóða svona vinnubrögðum heim af hálfu L. Í. Ú. og annarra atvinnurekendasamtaka, þegar verkalýðssamtökin sitja bara þegjandi hjá og hafast ekkert að.

Þegar rætt er um niðurstöðu gerðardómsins og þá útkomu, sem hún hafði í för með sér fyrir sjómannastéttina, er í raun og veru allsendis ófullnægjandi, eins og mest hefur verið gert, að benda eingöngu á þá almennu skiptaprósentu, sem kemur til skipta milli skipshafnarinnar. En það er eins og vitað var, að þá lækkaði gerðardómurinn hana þó nokkuð, þó að ég telji að vísu, að hann hafi tekið of djúpt í árinni. En það, sem hefur líka töluvert að segja, annað en hvaða prósenta það er, sem skiptist á milli skips-

hafnar, það er, hvað skipt er í marga staði. Og einmitt á því sviði kom gerðardómurinn alveg til móts við sjónarmið sjómanna. Það eru hér fyrir framan mig tölur frá því í sumar um fjölda skipa og skiptingu í stærðarflokka, en áður var það þannig, að eftir samningi frá 1959 var á hringnótaveiðum á skipum frá 40 til 70 smálestir skipt í 11 staði, en í 12 staði á skipum yfir 70 smálestir. En ég vil aðeins nefna hér tölur nokkrar af 46 bátum, sem voru á veiðum í sumar og voru á stærð, — það eru að vísu ekki alveg glögg merki niður á við, en ef þeir eru minni en 60 lestir — það voru 46 bátar — þá eru samkv. gerðardómnum 10 staða skipti, en áður voru það 11 staða skipti. Og á 89 bátum á stærðinni frá 80 smálestir upp í 120 er nú samkv. gerðardómnum skipt í 11 staði í staðinn fyrir 12 staði áður. Þetta ber að sjálfsögðu að hafa í huga, þegar reiknuð er sú heildarútkoma til heildarbreytingar, sem gerðardómurinn kann að hafa gert á kjörum sjómanna. Breytt hlutastaðaskipting, sem átti sér stað með gerðardómnum, hefur því í mörgum tilfellum orðið til verulegra hagsbóta fyrir sjómenn. Ég tel í raun og veru, að sú tala, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. varpaði hér fram, að það mundi líklega hafa orðið 10 þús. kr. kaupskerðing að meðaltali hjá háseta á síldveiðunum í sumar, sé algerlega úr lausu lofti gripin. Ég hef að vísu ekki nákvæmar tölur, en það er ekki hægt að reikna þetta út nema í sjálfu sér að hafa upplýsingar um hvern einasta bát og hve fjölmenn skipshöfn var. Ég get auðvitað varpað fram einhverri tölu, alveg eins og þessi hv. þm. hefur gert, en ég tel, að þessi tala sé allt of há.

Ég mun þá fara nokkrum orðum um ræðu fulltrúa Framsfl., hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ). Hann talar um, að þarna þyrfti eiginlega ríkisvaldið með fjárframlögum að koma og leysa þessa deilu, því að það væri að hans dómi ekki hægt að skerða hlut sjómanna, þó að ég vilji í sjálfu sér ekki kalla það endilega skerðingu á hlut sjómanna, þó að aflaprósentan sé lækkuð og útvegsmenn fái þar uppbætur til þess að standa undir auknum kostnaði vegna tækja og annars.

Út af þessum hugleiðingum vil ég í fyrsta lagi segja það, að ég tel, að síldarútgerð sé einhver sá atvinnuvegur innan sjávarútvegsins, sem ætti að vera hagkvæmastur, og það væri þess vegna ákaflega óheppilegt og sízt til þess fallið að fara að styrkja þann atvinnurekstur með fjárframlögum úr ríkissjóði, sem ætti að geta staðið undir sér sjálfur. Og ég tel líka, að þeir menn, sem vinna við síldarútveginn, séu yfirleitt, sem betur fer, mjög vel launaðir. Mér finnst, að í þessari till. gæti allmikið þeirra sjónarmiða, sem Framsfl. hefur reyndar oft haldið fram hér í stjórnarandstöðunni, þ. e. a. s. að ríkið eigi að borga. Flokkurinn segir alltaf við stéttirnar: Þið eigið ekki að borga þetta, heldur á ríkið að borga það. — Það er sagt við bændastéttina, að hún eigi ekki að borga í stofnlánadeild landbúnaðarins, neytendurnir eiga ekki heldur að borga. Eins er það, að útgerðarmennirnir eiga ekki að borga þetta. Ríkið á alltaf að borga, þannig að það virðist eins og það sé skoðun Framsfl., að stéttirnar beri ekki það, sem ríkið ber. Það er alkunn saga um karlinn, sem sagði: Hesturinn ber ekki það, sem ég ber. En nú virðist Framsfl. vera búinn að yfirfæra þessa kenningu í það, að stéttirnar beri ekki það, sem ríkið ber. En í sjálfu sér væri svo auðvitað opin leið fyrir aðra til að krefjast uppbóta, ef farið væri inn á þessa leið þeirra framsóknarmanna.

Það hefur verið vikið að því hér, að afstaða Alþfl. sé ólík nú og til gerðardómsins 1942. Í sjálfu sér er hér algerlega ólíkum hlutum saman að jafna. Gerðardómurinn í sumar nær aðeins til einnar stéttar og er aðeins bráðabirgðaúrlausn, sem gildir fyrir eitt sumar til þess að forða þjóðinni frá óbætanlegri framleiðslustöðvun og tjóni, og í slíkum tilfellum tel ég vissulega, að Alþfl. eigi ekki að hika við að fara þá leið, sem farin var.

Það væri ekki rétt að skilja svo við þetta mál að benda ekki á það, sem deilt er hér um, og þá fjármuni, sem sjómenn telja sig hafa misst við það, að kjör þeirra voru ákvörðuð með gerðardómi, en þeir nutu ekki gömlu kjaranna, sem þeir reyndar viðurkenndu að nokkru leyti sjálfir að væru ekki réttmæt lengur, að þá er það augljóst mál um allmikinn hluta af þessu kaupi, sem um er deilt, hvorum megin það hefði átt að lenda, að ef það hefði lent í hlut sjómannsins, þá hefði verulegur hluti af því farið í útsvör og skatta. Ég gæti gert ráð fyrir því, án þess að það hafi nokkuð verið reiknað út, að um 30—50% af þessu kaupi mundu fara í útsvör og skatta. En þá má í því sambandi minna á, að ef ekki hefðu verið gerðar þær mikilvægu skattalækkanir og skattalagabreytingar, sem núv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir, mundu sjómennirnir nú þurfa að greiða miklu hærri prósenttölu af þessari upphæð í skatta og útsvör, og það sýnir svo auðvitað, að sú heildarupphæð, sem þeir verða að greiða nú af öllu sínu kaupi, er auðvitað miklu lægri en eftir eldri skattareglum. Það er þess vegna alveg ljóst, að í góðum árum, þegar aflast vel og sjómenn hafa mjög háar tekjur, þá eru ákaflega mikil hlunnindi fyrir þá fólgin í þeim skattalagabreytingum, sem gerðar voru, t. d. svo að ég taki ekki nema bara regluna um það, að útsvörin séu frádráttarhæf, og svo auk þess hina stórkostlegu lækkun á tekjuskattinum. Þá er það auðvitað mjög til hagsbóta fyrir sjómenn, að uppbótakerfið hefur verið afnumið, þannig að núna, þegar gengisbreytingar hafa orðið, hafa þeir fengið að fullu samsvarandi kauphækkun og gengislækkun hefur numið, a. m. k. ef þeir hafa verið upp á hlut og ekki hefur verið um kauptryggingu að ræða, og þannig hafa þeir fengið hærri kauphækkanir og meiri en aðrar launastéttir í landinu, auk þess sem þeir hafa líka fengið verulega aukinn skattfrádrátt. Og afnám uppbótakerfisins þýðir auðvitað það, að öll sú hækkun, sem verður á afurðaverði eða útflutningsverðmæti, kemur sjómönnunum beint til góða, í staðinn fyrir að áður, þegar uppbótakerfið ríkti, þá var alger óvissa ríkjandi um það, hvort sjómaður yrði þar nokkurs aðnjótandi, heldur féll það fyrst og fremst í hlut framleiðandans og útvegsmannsins. Það er þess vegna alveg ljóst mál, að sjómannastéttin í landinu

hefur aldrei nokkurn tíma búið við betri kjör en í tíð núv. ríkisstjórnar.

Umr. frestað.

Á 14. fundi í Ed., 8. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég vildi mega gera nokkrar aths. við einstök atriði, sem fram komu í ræðum þeirra hv. 5. þm. Norðurl. e. (BjörnJ) og hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ), sem ræddu báðir um þetta mál nokkuð í fyrradag, þegar málið var hér til umr.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. hóf mál sitt á því að telja, að frv. væri nokkuð seint fram komið, og gat sér þess til, að það kæmi til af því, að enginn hefði viljað leggja nafn sitt við það að flytja frv. í minni fjarveru. Ég vil út af þessu segja það, að það er lítið, sem ekki er notað í þessu sambandi, því að það voru ekki liðnar nema þrjár vikur af þingi, þegar frv. var lagt fram, og tvær af þeim þrem vikum hafði ég verið fjarverandi og lagt svo fyrir, áður en ég fór, að það yrði ekki flutt, fyrr en ég kæmi til baka, því að mér þótti það eðlilegast, að ég hefði það forsvar, sem þyrfti að hafa, og svaraði þeim aðfinnslum, sem gerðar kynnu að verða, því að segja mætti, að ég hefði mest til matarins unnið með því að gefa lögin út.

Þá sagði hv. þm., að hér væri um sögulegan atburð að ræða, þar sem þetta væri í annað sinn á sama árinu, þar sem ég og þá formaður Alþfl. ætti hlut að því, að sett yrðu lög um lausn deilumála milli verkalýðssamtaka og atvinnurekenda með gerðardómi. Hið fyrra sinn, sem hv. ræðumaður mun eiga við, er það, þegar lögin um ákvörðun fiskverðs voru sett hér á síðasta þingi, þar sem gert er ráð fyrir, að ef ekki takist samningar á milli aðila, þá fari það til dóms, svokallaðs verðlagsdóms, sem ákveður verðið. Að þessu leytinu er það rétt, að ég hef í tvö skipti á þessu ári átt hlut að því, að svipuð lög og hér eru til umr. hafa verið sett. Og ég mæli mig hvergi undan þeirri ábyrgð, sem því fylgir.

Hv. þm. þótti, að nú væri komið nokkuð annað hljóð í strokkinn hjá Alþfl. heldur en fyrr á árum, þar sem Alþfl. hefði mjög eindregið barizt á móti því, að slíkar deilur yrðu útkljáðar á þennan hátt. Það er mergur málsins, að Alþfl. hefur ekki sömu afstöðu til þessa máls nú eins og hann hafði þá, og liggja til þess ýmsar ástæður. M. a. kemur þetta í ljós af því, að fulltrúi Alþfl. í þeirri nefnd, sem fjallaði um verðlagsdóminn og ákvörðun fiskverðsins, var eindregið með því sem formaður Sjómannasambandsins, að þessi háttur yrði hafður á, og yfirleitt hafa hugir ýmissa Alþýðuflokksmanna hneigzt í þá átt, að það væri erfitt, þegar um langar og illvígar deilur væri að ræða, að þola það, að ekki yrði af hálfu hins opinbera á einhvern hátt leitazt við að koma í veg fyrir það tjón, sem af því leiðir. Enda hefur þessi háttur verið upp tekinn á ýmsum öðrum sviðum og sýnir, að ýmsir aðilar í þessu landi hafa hneigzt að þeirri skoðun, að slíkt mætti ekki viðgangast, án þess að reynt væri að hafa uppi einhverja tilburði um lausn, og kemur það víða fram. Ég nefni t. d. lögin um afurðasölu landbúnaðarins, þar sem gert er ráð fyrir því, að landbúnaðarvöruverðið sé endanlega útkljáð með dómi, ef ekki næst samkomulag á milli aðilanna. Ég nefni líka það samkomulag, sem tókst í vor í máli opinberra starfsmanna, þar sem inn á það var gengið, að ef ekki næðist samkomulag um kaup og kjör þessa starfsmannahóps ríkisins, þá færi það fyrir svokallaðan kjaradóm, sem hefði hið síðasta orð að segja, þannig að það eru fleiri en ég og fleiri en við Alþfl.-menn, sem höfum hneigzt að þeirri skoðun, að þessi mál mætti ekki láta þróast þannig, að til stórtjóns horfði, ekki einasta fyrir þá aðila, sem að deilunni standa, bæði atvinnurekendur og hið vinnandi fólk, heldur líka og þá kannske alveg sérstaklega fyrir þjóðfélagsheildina, sem missir af starfi hjá þessum mönnum, sem í þessum deilum standa. Hitt vil ég svo undirstrika, að æskilegast er, að þessi mál geti orðið útkljáð með samningum milli aðila, og efast um, að það sé rétt, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. gerðist hér talsmaður fyrir í sinni ræðu, að það yrði þegar í upphafi vinnudeilna leitazt við að hafa áhrif á gang málsins. Ég held, að það sé a. m. k. enn sem komið er eðlilegt, að það verði til þrautar reynt hjá aðilunum sjálfum að koma sér saman án nokkurrar íhlutunar, fyrr en málið er komið á það stig, að tæpast verði við unandi lengur.

Þá sagði hv. 5. þm. Norðurl. e., að útgerðarmenn hefðu verið orðnir ákveðnir í því að hafa ákvörðun L. Í. Ú. að engu og að eftir 1—2 daga hefði sjálfsagt verið hægt að sjá síðasta bátinn sigla úr höfn og fara á veiðar, þó að ekki hefði verið gripið í taumana af hálfu ríkisstj. og lagaboð sett um málið. Ég leyfi mér að vefengja þetta stórlega, og ef hv. þm. hefur einhverja sönnun fyrir því, að þetta hefði orðið svo, þá vildi ég gjarnan, að hún kæmi fram. Ég hef leitað eftir henni. Mér hafa verið nefndir menn, sem sagt var að hefðu verið tilbúnir til að gera þetta. Ég hef leitazt við að fá upplýsingar hjá þeim um það, hvort þetta hafi verið rétt, og hef fengið upplýsingar um það gagnstæða, að það hafi ekki verið rétt, að þeir hafi verið tilbúnir til þess að hefja veiðar að deilunni óleystri, nema þá upp á væntanlega samninga, sem er nákvæmlega það sama sem gerðardómslögin fjölluðu um eða ákváðu. Ég held þess vegna, að það sé alveg út í hött hjá hv. þm. að slá því föstu, að deilan hefði leystst innan stutts tíma á þennan hátt með því, að útgerðarmenn hefðu hafið veiðarnar, án þess að lausn á sjálfu deiluatriðinu væri fengin.

Þá var það atriði, sem hv. þm. og raunar báðir þessir ræðumenn, sem ég nefndi, vildu gera að meginatriði síns máls, að með gerðardómnum hefði hásetahluturinn verið skertur frá því, sem var, um 13—15%, og vildi meina, að þessi 13—15%, sem hann nefndi og ég skal ekki vefengja, þau næmu á meðalhlut um 10 þús. kr. Þetta er aftur á móti mjög hæpin fullyrðing. Hann sagði, hv. þm., að meðalhlutur á síldveiðunum í sumar hefði orðið í kringum 60 þús. kr., og það mun vera rétt. Meðalhluturinn mun hafa orðið um 60 þús. kr. Og ef við tökum 14% lækkun, eins og hann nefndi, sem meðaltal, þá eru 14% af 60 þús. kr. ekki 10 þús., eins og hann sagði, heldur 8400 kr., fyrir það fyrsta, þannig að brúttótekjur

þess manns, sem fékk meðalhlut af síldveiðum s. l. sumar, munu hafa reynzt 8400 kr. lægri en hann mundi hafa fengið, ef gamli samningurinn hefði verið óbreyttur, og er þó ýmislegt við það að athuga, eins og t. d. fjöldi staða, sem hann skiptist í, og raunar fleira, sem kemur til greina í þessu sambandi og ég mun lítillega víkja að síðar.

En segjum nú bara, að bráttóhluturinn hefði orðið 8400 kr. lægri, þá er það að athuga, að nettó-tekjur þessa manns lækka ekki um þessa upphæð, því að með þessum tekjum yfir sumarmánuðina er alveg vafalaust, að þeir komast allir í hámark útsvars- og tekjustigans, þannig að frá þessari upphæð dragast á báðum stöðunum í kringum 30% eða 60% í allt, eða í tölum talið 5 þús. kr. rúmar, og verða þá eftir í kringum 3360 kr., sem segja má að hlutur þeirra hafi rýrnað nettó frá því, sem mundi hafa orðið, ef gamli samningurinn hefði gilt. En þessi tala r hámark, eins og ég sagði, því að þarna koma ýmis önnur atriði líka til greina.

Í gerðardómnum voru líka tekin upp ýmis ákvæði sjómönnunum til hagsbóta, sem voru ekki í gamla samningnum, og er sjálfsagt að meta þau líka til nokkurs fjár. Í gerðardóminn var t. d. tekin upp líf- og örorkutrygging upp á 200 þús. kr., sem var ekki í gamla samningnum. Það var tekin upp ábyrgðartrygging upp á 500 þús. kr., sem var ekki heldur í gamla samningnum. Það var líka tekið upp í gerðardóminn 1% gjald í sjúkrasjóð undirmanna, sem var ekki í gamla samningnum. Það var líka tekin til greina krafan um það, að matsveinshluturinn hækkaði úr einum hásetahlut upp í 1¼ úr hásetahlut. Það var ekki í gamla samningnum og var mikið deiluatriði á milli aðilanna, sem gerðardómurinn afgreiddi á þann hátt, að hann varð við ósk sjómannanna að þessu leyti. Og síðast, en ekki sízt, vil ég nefna, að kauptrygging hásetanna, sem var samkv. gamla samningnum 5365 kr. á mánuði, hækkaði samkv. gerðardómnum upp í 6610 kr. eða um rúmar 1200 kr. Þetta er ekki þýðingarlítið atriði fyrir þá, sem lægst kaupið hafa á þessum veiðum, en það eru þeir, sem komast undir kauptryggingu.

Í sambandi við kauptrygginguna og greiðslu samkv. henni vil ég láta þess getið hér, af því að það hefur komið fram í blöðum, að veiðarnar hafi nú ekki gengið betur en það, að um 40 bátar hafi gert upp með kauptryggingu, að þetta er ekki rétt. Bátarnir voru ekki 40, sem gerðir voru upp á þennan hátt, heldur 4, þannig að allir aðrir bátar, sem stunduðu veiðar s. l. sumar, fengu hærra út úr veiðunum en kauptryggingguna, af því að afli þeirra var það mikill. Hins vegar hefur kauptryggingarupphæðin að sjálfsögðu mjög mikla þýðingu, þegar um lítla veiði er að ræða og margir bátar komast í það að gera upp samkv. henni. En ég vil út af vertíðinni í sumar aðeins að það komi fram hér, að bátarnir, sem gerðu upp á þennan hátt, voru ekki 40, eins og skýrt hefur verið frá, heldur aðeins 4.

Þá hefur það verið undirstrikað í umr., að hinn vinnandi maður ætti ekki að gjalda þess, að ný tæki og betri væru fengin á skipin, kaupið ætti ekki af þeim orsökum að lækka. En hér er bara ekki um það að ræða, að kaupið hafi lækkað. Það, sem hefur gerzt, er það, að skiptaprósentunni hefur verið breytt til lækkunar. En með aukinni veiði þarf það ekki að þýða lækkun á kaupi, heldur þvert á móti getur það þýtt hækkun á kaupi. Og þannig hefur það líka orðið í sumar. Meðalhásetahlutur í fyrrasumar var um 48 þús. kr. En meðalhásetahlutur í sumar, reiknaður samkv. gerðardómsúrskurðinum, er 12 þús. kr. hærri, eða 60 þús. kr., þannig að þrátt fyrir það, sem gerzt hefur í málinu, hefur hásetahluturinn hækkað um 12 þús. kr. frá því, sem var, áður en gerðardómsúrskurðurinn tók gildi. Það kemur náttúrlega til af því, að með þessum bættu tækjum eykst veiðin og möguleikarnir fyrir sjómanninn til þess að hafa miklar tekjur vaxa, þó að skiptaprósentan lækki eitthvað. Ég held þess vegna, að það sé ekki hægt að túlka málið á þann hátt, að lækkun í skiptaprósentu um einhver fá prósent, hvort sem það er eins mikið og hér er gert ráð fyrir eða ekki, þurfi að lækka hlut hásetans, þegar veiðin byggist á þeim nýju tækjum, sem í skipin hafa verið fengin. Hásetahluturinn á 40 lægstu bátunum í sumar var 21 þús. kr. rúmar, eða 21300 kr., en hásetahluturinn á 40 hæstu bátunum varð að meðaltali 108 þús. kr. rúmar, hvort tveggja án orlofs. Og ég er ekki í vafa um það, að aflahækkunin í sumar á fyrst og fremst rætur sínar að rekja til hins bætta útbúnaðar, sem útgerðarmennirnir hafa lagt í til þess að auka veiðina og liggur til grundvallar kröfu þeirra um að fá þennan tilkostnað eitthvað bættan.

Það hefur í þessu sambandi aðeins verið minnzt á tvö tæki, sem valdi því, að kostnaður útgerðarmannsins hefur vaxið, þ. e. a. s. hina svokölluðu kraftblökk og fiskileitartæki. En það er fleira, sem síldarútvegsmaður þarf að hafa í sínu skipi og kostar mikla peninga. Það er t. d. varla hægt að reka síldveiðar bæði norðanlands og sunnan á djúpu vatni og grunnu, án þess að lagt sé í það að kaupa a. m. k. tvær og helzt þrjár síldarnætur, og þær kosta mikið fé nú á dögum. Reyndur og hygginn útgerðarmaður, sem ég hef talað við, hefur tjáð mér, að kostnaðurinn við öll þessi tæki, bæði næturnar og leitartækin og blökkina sé vægt metinn á 2 millj. kr. og jafnvel 2½. Auk þess kemur svo það, að stærð skipanna hefur aukizt mjög mikið og kostnaður af vöxtum og viðhaldi þeirra o. fl. vaxið. Ég held þess vegna, að það liggi nokkur rök fyrir því, að það sé ekki óeðlilegt, að útgerðarmaðurinn beri eitthvað meira úr býtum líka hlutfallslega heldur en hann gerði áður vegna þessara kaupa. Hvort það á að vera nákvæmlega eins mikið og ákveðið var með gerðardómnum eða eitthvað minna, það skal ég ekki dæma um til fulls. Ég hef ekki sett mig inn í þann útreikning, sem þar liggur til grundvallar. Það gerðu þeir fagmenn, sem höfðu með málið að gera, og bar þar að vísu ekki fullkomlega saman. Eins og menn muna, voru tveir af meðlimum dómsins, sem greiddu sératkv., og vildi annar alls ekki inn á þessa lækkun ganga, en hinn vildi ganga inn á nokkrar breytingar. Og sjálfsagt verður þetta í flestum tilfellum matsatriði, sem erfitt verður að gera upp með alveg óyggjandi nákvæmni. En mín

skoðun er sú, að það sé ekki óeðlilegt, að einhver prósenta verði fengin útvegsmanninum í hendur meiri en hann áður hafði til þess að mæta þessum kostnaði.

Þá minntust báðir þessir hv. ræðumenn á, að það væri grunsamlegt nokkuð með gildistíma laganna. Hann hefði verið látinn renna út um það leyti, sem Alþingi kom saman, og þess vegna væri það þýðingarlítið eða raunar þýðingarlaust, hvort Alþingi samþykkti lögin eða samþykkti þau ekki. Og virtist mér a. m. k. hv. 5. þm. Norðurl. e. þykja þetta mjög miður. En þá vildi ég spyrja hann á móti: Vildi hann, að þessi gerðardómsúrskurður hefði verið látinn ná til haustvertíðarinnar líka? Það var aldrei meiningin hjá ríkisstj., að þessi málsmeðferð yrði höfð um annað en sumarsíldveiðina og að henni lokinni yrðu teknir upp samningar að nýju. En mér er sem ég sjái það, ef við hefðum látið þessa ákvörðun gilda lengur en gert var eða svo lengi, að Alþingi hefði getað verið komið saman, áður en hún gekk úr gildi, hvort þá hefði ekki verið gagnrýnd sú ákvörðun að fella ekki þetta úr gildi fyrr. Það var vitaskuld, þar sem hér var aðeins um sumarsíldveiðarnar að ræða, ekki annað fyrir hendi en láta þessi ákvæði falla úr gildi á þeim tíma, sem gert var, hvort sem Alþingi hafði þá komið saman eða ekki.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. var á allt öðru máli um aðalefni málsins heldur en hv. 5. þm. Norðurl. e. Og það, sem hann hafði út á málsmeðferðina að setja, virtist mér aðallega vera það, að ríkisstj. hefði ekki gripið inn fyrr en á síðasta stigi þess. Mér virtist, að hann hugsaði sér það sem næstum því að segja algilda reglu, að hið opinbera færi strax á fyrsta stigi vinnudeilu að hafa hönd í bagga með þróun málanna og reyndi að ná endunum saman. En ég held, að hann eða hans flokkur, sem mér virtist hann tala fyrir, sé einn um það að hafa þessa skoðun, því að það yrði þá kannske ögn erfitt að koma sættum á, ef alltaf væri vitað, að hið opinbera mundi grípa inn í deilu. Og sá háttur, sem hann vildi leysa þessa deilu á í sumar, og mér virtist, að sú aðferð kæmi að hans dómi til álita um fleiri deilur og kannske allar, væri sá, að það yrði að greiða hinum vinnandi mönnum það kaup, sem þeir færu fram á, og síðan yrði mismunurinn á milli þess og þess, sem útvegsmennirnir eða vinnuveitendurnir vildu greiða, jafnaður úr ríkissjóði. Þetta þykir mér alveg furðuleg aðferð, ef þetta ætti að vera almenn regla um lausn vinnudeilna, að þá þyrfti sá aðilinn, sem kröfuna gerir um hækkun, aðeins að láta heyra í sér, hvað hann vildi fá, og síðan yrði honum greidd sú upphæð og mismunurinn svo jafnaður úr ríkissjóði. Og alveg sérstaklega finnst mér það vera fráleitt, að í þessari deilu yrði þessi háttur hafður á, því að hér eiga hlut að máli menn, sem vissulega hafa, þrátt fyrir gerðardóminn og þetta inngrip hins opinbera, haft mjög miklar tekjur á þessu tímabili og meiri en almennt gerist í landinu. Og ef mismunurinn á milli þess og þess, sem útgerðarmaðurinn vildi borga, yrði svo jafnaður af ríkissjóði eða kæmi sem sagt niður á almenningi í landinu, þá yrðu þeir, sem minna fengju, að borga fyrir þá, sem meira fengju, og það getur þó aldrei verið neitt réttlæti.

Þá kom hv. þm. inn á aðgerðir ríkisstj. 1961 og vildi segja, að þær hefðu verið misráðnar, eins og oft hefur komið fram hjá honum og hans flokki, og er þar ekki um neitt nýtt að ræða. En ég vil aðeins undirstrika það, sem áður hefur verið sagt, að þær launakröfur, sem uppi voru hafðar, og sú lausn, sem á þeim deilum fékkst, kallaði óumflýjanlega á þær aðgerðir, sem ríkisstj. gerði, því að að öðrum kosti hefði efnahagur landsins farið úr skorðum. 500—600 millj. kr. kauphækkun hefði áreiðanlega sagt til sín og alveg sérstaklega á þeim tíma, þegar gjaldeyrissjóðir voru sama og engir. Það er allt annað þó að standa á því nú án nokkurra aðgerða, þegar gjaldeyriseign þjóðarinnar hefur meir en fjórfaldazt frá því, sem hún var sumarið 1961, og hefði þá getað eyðzt upp á svipstundu með þeirri hækkun, sem gerð var, ef ekki hefði verið gripið til þessara ráðstafana sem gert var.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. fór líka út í það að ræða nokkuð þann gengishagnað, sem ríkisstj. hefði haft við gengisbreytinguna 1961, og taldi rétt, að einhverjum hluta hans yrði varið til þess að jafna metin fyrir útgerðarmenn, ef sjómönnunum hefði verið greitt það, sem þeir fóru fram á. En ég vil um þetta segja, að þessu fé hefur verið ráðstafað og ekki gott að grípa til þess á nýjan leik, sem búið er að ráðstafa að verulegu leyti og eyða í annað, því að eins og við mig var einu sinni sagt: það er ekki hægt að nota sömu peningana tvisvar.

Hv. þm. kom líka inn á, að nú væri tekinn svo hár útflutningsskattur af útgerðarmönnum, að það væri ekki nema eðlilegt, að þeir yrðu styrktir eitthvað í þessum erfiðleikum sínum eða hefðu verið styrktir, ef þeim hefði verið gert að greiða eins og sjómennirnir fóru fram á. Út af útflutningsskattinum vil ég segja, að hann fer allur til útvegsmannanna sjálfra og raunar miklu meira til. Hann fer til greiðslu vátryggingargjalda fyrir þá, og hann fer til þeirra lánasjóða, hann fer til styrktar þeirra samtökum, hann fer í vísindastarfsemi í þágu atvinnuvegarins, og hann fer til aflatryggingasjóðs, sem ríkissjóður leggur í mjög mikið fé á móti, sem nú skiptir tugum millj., þannig að ekki heldur þar er af neinu að taka. Og endirinn hefði óumflýjanlega orðið sá, ef átt hefði að viðhafa þessa aðferð, sem hv. þm. vildi, að greiða útvegsmönnum hallann úr opinberum sjóðum, þá hefði orðið að taka það úr ríkissjóði eða af almenningi í landinu, en flestir eða allir höfðu á þessu tímabili minni tekjur en þeir, sem hér tóku tekjur sínar af síldveiðum.

Þá var því haldið fram af báðum þessum ræðumönnum, að afstaða Alþfl. í málinu væri mjög óráðin, vegna þess að bæði í blaði flokksins og ályktunum hefðu komið fram mótmæli vegna þess, sem hér hefur verið gert. Ég skal í því sambandi aðeins segja það, að það, sem Alþýðublaðið hefur um málið sagt, hefur verið að mótmæla niðurstöðu gerðardómsins, en ekki þeirri aðferð að beita gerðardómi yfirleitt. Það var gerðardómsniðurstaðan, sem að var fundið,

en ekki setning gerðardómslaganna sjálfra. Enda kom það líka ljóst fram í dómnum eða dómsúrskurðinum, eins og ég sagði hér áðan. Þar gerðu Alþfl.-mennirnir báðir, sem þar áttu sæti, ágreining um niðurstöðu dómsins, þótt hins vegar hafi ekki verið af þeirra hálfu eða a. m. k. annars þeirra verið gerður ágreiningur um það, að gerðardóminn skyldi setja.

Ég held, að þetta séu þau aðalatriði, sem ég þurfti að gera aths. við. Hv. 5. þm. Norðurl. e. lýsti eftir því í sinni ræðu, að ég hefði átt að gera grein fyrir þeim mótmælum, sem til mín hefðu komið frá starfandi sjómönnum í þessu efni. Ég hef ekkert á móti því að leggja þau fram. En ég vil aðeins segja, að þau mótmæli voru flest á afar einkennilegan hátt send. Það var það m. a., sem gaf mér tilefni til þess að segja, að hafin hefði verið hatrömm áróðursherferð á móti gerðardómslögunum. Það er greinilegt, að *þessum umsögnum er safnað af einhverjum aðila*, einhverjum einum aðila, sem gengur á milli skipanna, og svo koma til mín plögg eins og þetta, sem ég skal lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

Skipshafnirnar á undirrituðum síldveiðiskipum, sem staddar eru á Seyðisfirði 4. ágúst 1962, bera fram mótmæli gegn úrskurði gerðardóms á síldveiðunum. Svo kemur: skipshöfnin á Ingiber Ólafssyni, skipshöfnin á Muninn, skipshöfnin á Sigurfara, skipshöfnin á þessum bát og hinum og til sjútvmrn. í Reykjavík og engin undirskrift.

Langflest mótmælin eru svona, ekki staðfest með einni einustu undirskrift. Á þessu blaði eru mótmæli skipshafnanna á um 20 bátum. Og á sumum öðrum blöðunum, — hér er t. d. eitt frá Neskaupstað, þar sem skipshafnirnar á 24 bátum senda mótmæli, án þess að eitt einasta nafn fylgi, sem staðfesti, að hér sé rétt greint frá. Ég veit ekki, hvernig þetta hefur verið gert, hef ekkert fylgzt með því og ekkert reynt að rannsaka það. En mér sýnist, að það sé ákaflega líkt því, að einhver maður, sem hefur haft framtak í sér til þess að ganga á milli bátanna, hafi gert það og hafi gert það á þennan hátt, án þess að láta nokkurn einasta mann á skipinu staðfesta þetta með undirskrift sinni. Ég skal játa það að vísu, að það höfðu komið nokkur mótmæli, þar sem eru tilgreind nöfn, en þau eru fá. En yfirleitt eru mótmælin, sem mér hafa borizt, öll á þá einu leið tilbúin, að sýnilegt er, að þau eru búin til í sömu verksmiðjunni. Hitt skal ég ekkert *vefengja, að þeir hafi við viðkomandi aðila talað*, en það er óstaðfest með öllu, og kemur þess vegna ekki til mála að nota það sem neina heimild.

Ég skal svo ekki fara frekari orðum um málið. Ég tel mig hafa svarað öllum þeim meginatriðum, sem fram komu í ræðum beggja þessara hv. þingmanna.

Björn Jónsson: Herra forseti. Þeir hæstv. sjútvmrh. og hv. 9. landsk. þm., sem hér hafa talað síðast í þessum umr., hafa komið nokkuð víða við, og er af mörgu að taka, ef svara ætti öllum þeim fullyrðingum, sem þeir hafa komið með, frá orði til orðs. Ég mun ekki takast það á hendur að elta ólar við allt, sem þeir hafa sagt.

Það var það síðasta, sem fram kom hjá hæstv. sjútvmrh., að eiginlega væri alveg óstaðfest, að sjómannastéttin hefði nokkuð mótmælt þessum gerðardómslögum. Það væri alveg óstaðfest, og a. m. k. hefði þá verið alveg áreiðanlegt, að það hefðu einhverjir vondir menn gengið um á milli sjómannanna til þess að fá þá til að bera fram mótmælin. Og það virtist koma fram hjá hæstv. ráðh., að þau mótmæli, sem þannig væru fengin, væru alls ekki fullgild og vafasamt, hvort það ætti nokkurt mark á þeim að taka. Ég vil nú aðeins í þessu sambandi spyrja hæstv. ráðh. um það, hvaða vondir menn það muni hafa verið, sem hafa gengið um í Sjómannasambandi Íslands nú að undanförnu og getað fengið því þar til leiðar komið, að þau samtök mótmæltu undir forustu Jóns Sigurðssonar, Sigfúsar Bjarnasonar *og annarra flokksbræðra* hæstv. ráðh., hverjir það hafi verið, sem hafi þar staðið á bak við, og hvort þau mótmæli, sem vafalaust eru ekki staðfest af öðrum en forustumönnum þessara samtaka, hafi nokkurt gildi í augum hæstv. ráðh. Mér getur líka dottið í hug að spyrja um það, hvaða vondir menn það hafi verið, sem hafi gengið á milli bæja og á milli húsa í Sambandi ungra jafnaðarmanna, sem eins og ég sagði í fyrri ræðu minni hefur nú alveg nýlega notað tækifærið til þess, þegar það hélt sitt þing í heimabæ hæstv. ráðh., að mótmæla gerðardómslögunum. Ég held, að hæstv. ráðh. komist ekki ákaflega langt til þess að verja athæfi sitt, hvorki brbl. né gerðardóminn, með álíka röksemdum eins og þessum. Ég hlýt þó að taka það fram, að ég get á vissan hátt virt það fullkomlega við ráðh., að hann vill standa hér fyrir sínu máli, og ég get vel unnt honum þeirrar karlmennsku, sem hann sýnir, að hann lagði það, að því er hann segir, fyrir sína meðráðh., áður en hann fór burt af landi, að hann vildi ekki, að þessi mál yrðu hreyfð hér á Alþingi, fyrr en hann kæmi, þannig að hann gæti hér, eins og hann sagði, af því að hann hefði mest til matarins unnið, staðið fyrir máli sínu. Ég get vel unnt hæstv. ráðh. þeirrar karlmennsku, sem þetta sýnir, þó að það breyti ekki málinu mikið, enda sagði hæstv. ráðh. það og virtist vera ærið kokhraustur, að hann *mæltist ekki undan ábyrgð á* því að hafa tvisvar á sama árinu komið fram fyrir Alþingi til að koma fram gerðardómum. Og hann staðfesti það, sem ég sagði í minni fyrri ræðu, að afstaða Alþfl. til svona mála væri gerbreytt frá því, sem verið hefur, það væri mergurinn málsins. Og um það mál erum við alveg sammála, ég og hæstv. ráðh. Það er mergurinn málsins, að Alþfl. hefur skipt um skoðun. Og það er mergurinn málsins, að þessi gerðardómur, sem hér er á ferðinni, og þau brbl., sem hér eru á ferðinni, eru einn anginn af þeirri heildarstefnu, sem hæstv. ríkisstj. hefur fylgt í launamálum. Þau eru einn anginn af þeirri gerðardóms- og kauplækkunarstefnu, sem hefur einkennt hæstv. ríkisstj., frá því að hún tók við völdum, öllu öðru fremur. Það er mergurinn málsins, og ég er alveg sammála hæstv. ráðh. um það. Hann nefndi þessu til sönnunar, að

hæstv. ríkisstj. hefði beitt sér fyrir því, að kjör opinberra starfsmanna væru útkljáð með gerðardómi. Og hann benti einnig á það, að hið sama væri með kjör bændastéttarinnar. Það er sannast mála, að hæstv. ríkisstj. stefnir að því að þrengja gerðardómshringinn um kjör vinnustéttanna á Íslandi. Það er hennar stefna.

Ég hef álitið, að hæstv. ráðh., sem er hámenntaður stærðfræðingur og verkfræðingur, væri betur að sér í þeim fræðum en röksemdafærsla hans hér gaf til kynna, þegar hann var að reikna út kjaraskerðinguna, sem sjómenn hefðu orðið fyrir. Hann sagði, að ég hefði sagt, að kjaraskerðingin væri 13—15%, og reiknaði það síðan, og ég hefði líka fullyrt, að meðalhásetahlutur hefði verið um 60 þús. kr., og það sagði hann að væri rétt, og út úr þessu fær hann það, að kjaraskerðingin sé aðeins 8400 kr., þ. e. a. s. hann reiknar kjaraskerðingarprósentuna af þeirri upphæð, sem hásetahluturinn nam, eftir að búið var að skerða hann. Ég vil nú spyrja hæstv. ráðh. og hv. þdm., hvort þeim finnst þessi útreikningur vera sæmandi manni, sem hefur háskólapróf í verkfræði. Nei, ég held, þegar svo vel menntaður maður í þessari grein sem hæstv. ráðh. áreiðanlega er beitir svona rökum, þá sé orðið fátt um raunhæf rök í hans málflutningi. Þá upphófst langur kafli í ræðu hæstv. ráðh., þar sem hann er að lýsa ágæti gerðardómsins, þó að hann væri ekki alveg viss um það, hvort Jón Sigurðsson, sem sat í dómnum og mótmælti þar allri kjaraskerðingunni, hefði haft á réttu að standa eða hv. 9. landsk., sem einnig átti sæti í dómnum og vildi skerða kjör sjómanna minna en meiri hl., eða hvort þremenningarnir, sem réðu úrslitum, hefðu haft á réttara að standa. Í ljósi þeirra fullyrðinga, að dómurinn hafi verið svona ágætur og sjálfsagður, væri ákaflega fróðlegt að fá a. m. k. þá skoðun, því að skoðun hlýtur hæstv. ráðh. að hafa á því, hver þessara þriggja aðila hafi verið næst því sanna. En það forðaðist hæstv. ráðh. að gera og reyndi að skjóta sér út um þá þröngu smugu í þessu máli, að brbl. og gerðardómurinn væru ekki eitt og sama málið. Í því sambandi leyfi ég mér að spyrja hæstv. ráðh.: Stóðu málin virkilega þannig, þegar hann gaf út brbl., að hann gæti vænzt annars en þess af gerðardómi, hvernig svo sem hann var skipaður, en þar væri um kjaraskerðingu að ræða? Gat hann búizt við því, þar sem annars vegar stóð aðili, sem aðeins vildi verja sín kjör, og hins vegar aðili, sem vildi stórlækka þau? Var ekki málatilbúnaðurinn orðinn þannig, að það var algerlega útilokað, að gerðardómurinn færi á annan veg, alveg án tillits til þess, hvað réttmætt var?

Hæstv. ráðh. skjátlaðist þó allmikið, þegar hann fór að reyna að verja sjálfan gerðardóminn, því að hann virtist ekki vera þrátt fyrir allt alveg sannfærður um það, að hann slyppi út úr málinu með því að segja, að brbl. og gerðardómurinn væru tvö mál. Þá fór hann að tala um það, að gerðardómurinn hefði ýmislegt gott gert fyrir sjómennina. Hann hefði t. d. ákveðið, að þeir skyldu fá 1% í sjúkrasjóð, og hann hefði hækkað kauptryggingu, og ég held, að það hafi jafnvel verið fleira, sem hann tiltók. Í þessu sambandi er rétt að athuga það, að þegar staðið var upp frá borðum í sjómannadeilunni, stóðu málin þannig, að það eina, sem um var deilt, voru hlutaskiptin og hlutur matsveins. Það var alls ekki deilt um þetta 1% í sjúkrasjóðinn, því að um það var fullt samkomulag, og það var ekki heldur deilt um kauptrygginguna, sem alltaf hefur frá því fyrsta fylgt eftir almennu kaupi verkamanna og verið í nokkuð sama hlutfalli nú um mjög langan tíma. Það er alger blekking, svo að væg orð séu notuð, hjá hæstv. ráðh., þegar hann er að tíunda þetta til þess að gera úrskurð dómsins eitthvað álitlegri í augum manna. Hæstv. ráðh. lék svo sama leikinn eins og hv. 9. landsk. þm. hafði hér áður gert, að þegar búið er að hrekja öll þau rök, sem L. Í. Ú. hefur fært fram fyrir kjaraskerðingarkröfum sínum, þá segir hann: Þessi rök eru reyndar lítils virði. En við sjálfir höfum miklu betri rök á hendinni. Þannig sagði hv. 9. landsk. þm. t. d., að það væri auðvitað nánast vitleysa af útgerðarmönnum að vera að fara fram á kjaralækkun hjá sjómönnum vegna þess, að tekin hefði verið í notkun af flotanum kraftblökk og leitartæki. Það gerði ekki svo mikið og það borgaði sig aftur í aukinni veiði. En það var annað, sem útgerðarmennirnir hefðu alls ekki komið auga á í sínum bjánaskap, og það var, að skipin væru orðin miklu stærri en áður, og það væru alveg fullgild rök fyrir því að lækka kjörin. En þetta lýsir náttúrlega engu öðru en því, hvorum megin í deilunni þessir menn standa, að þeir reyna að grafa eins djúpt og þeir geta til þess að finna rök fyrir kauplækkunarkröfu útgerðarmanna. Og það eru rök, sem þeir sjálfir hafa ekki komið auga á, því að sannast mála er það nú auðvitað, að á meginhluta flotans hefur verið róið til síldar nú á þessari vertíð með nákvæmlega sömu skipunum og undanfarin ár. Þau hafa ekki stækkað eða minnkað á þessu ári, svo að nokkru nemi, nema náttúrlega örfá ný skip, sem hafa komið þar til sögunnar. Og það er yfirleitt ekkert, sem gerzt hefur í þessu máli snögglega á þessu ári. Veiðitæknin hefur verið að þróast um margra ára skeið, án þess að nokkur hafi farið fram á það, að kjör sjómanna væru lækkuð af þeim sökum, og bátarnir hafa verið að stækka um mjög langt skeið, án þess að nokkur hafi farið fram á það, að kjör hásetanna væru lækkuð til þess að standa undir því.

Ég verð svo að segja það, að þegar þessum minni háttar röksemdum hv. gerðardómsmanna lýkur, þá er það athyglisverðasta, sem hefur komið fram í þeirra umræðum, það, að þeir hafa látið í ljós eða a. m. k. hefur verið auðsætt, að það hefur verið þeim visst fagnaðarefni, að deilan, sem nú stendur yfir um síldveiðarnar, hefur ekki enn þá leystst. Þannig sagði hv. 9. landsk. í sinni ræðu, að deilan nú sýndi það svart á hvítu, að útgerðarmenn hefðu svo sem ekki aldeilis verið á því að gefast upp á s. l. sumri. Þeir hefðu aldeilis ekki verið á þeim buxunum. Deilan núna sannaði það. Og það er alveg auðfundið, hvernig þeir eru að reyna að nota deiluna núna til þess að sanna,

að þeir hafi verið að gera rétt á s. l. sumri, og eru því harla fegnir af þeirri ástæðu a. m. k., að deilan skuli standa nú, eins og hún gerir. En ég hygg, að það þurfi ekki að athuga málið neitt ákaflega nákvæmlega til að komast að raun um það, að það er síður en svo, að deilan núna sé nokkur hvalreki á fjöru þeirra gerðardómsmanna eða hvalreki fyrir þeirra röksemdafærslu. Ég held, að því sé alveg öfugt farið. Deilan nú er áreiðanlega öllu öðru fremur sönnun fyrir því, að gerðardómsleiðin er og var ófær leið til þess að tryggja vinnufriðinn og að hún leiðir aðeins til nauðungarsættar, sem getur aldrei orðið neinn grundvöllur að varanlegum friði, og þó allra sízt þegar eins er að málunum staðið og gert hefur verið í þessu máli.

Eins og ég leiddi rök að í fyrri ræðu minni hér, þá var það fyrst og fremst vissa L. Í. Ú.-mannanna um það, að gerðardómur mundi að lokum koma þeim til hjálpar og lækka kjör síldveiðisjómanna, sem gaf þeim kjark til að halda kröfum sínum í þá átt til streitu á s. l. sumri. Og nú er það svo aftur reynslan frá s. l. sumri af gerðardómsstefnu ríkisstjórnarinnar, sem þeir draga þær ályktanir af, að enn muni ríkisstj. fara sömu leiðina, þeir þurfi þess vegna ekki annað en forklúðra málið nægilega mikið, eins og það er orðað af Alþýðublaðinu, til þess að fá nýjan gerðardóm og nýja staðfestingu á þeirri kjaraskerðingu, sem þeir hafa fengið fram til bráðabirgða í deilunni á s. l. sumri. Og það hljóta auðvitað allir að sjá, að á meðan slík sjónarmið ráða, horfir ekki vænlega um friðsamlega samninga um deilumálið.

Mín skoðun er sú, að lausn deilunnar núna, áður en meiri skaði er skeður af hennar völdum en orðinn er, geti því aðeins tekizt án mikillar tafar, að ríkisstj. geri L. Í. Ú.-mönnunum það ljóst, að hún muni ekki undir neinum kringumstæðum endurtaka gerðardómsleikinn frá s. l. sumri. Þá fyrst væri möguleiki á því, að L. Í. Ú.-mennirnir mættu samninganefndum sjómanna sem jafnréttháir aðilar, en ekki eins og sá, sem getur veifað ofbeldishótunum gegn viðsemjendum sínum. Með þessu er ég þó engan veginn að segja, að engin afskipti af hálfu ríkisvaldsins geti komið til greina, því að ég tel, að vissulega beri ríkisstj. að taka til athugunar, á hvern hátt hún geti lagt eitthvað af mörkum til að brúa bilið á milli deiluaðilanna og þannig stuðlað að friðsamlegri lausn. En slíkt virðist ekki hafa hvarflað að henni að gera, heldur kemur hún miklu fremur fram sem beinn aðili í deilunni, beinn aðili, sem styður málstað útvegsmannanna einhliða. Og það er einmitt af þessum ástæðum, sem það mundi hafa beina þýðingu fyrir lausn deilunnar núna, að þetta frv. hlyti nú þegar við 1. umr. málsins þá afgreiðslu, sem tæki af allan vafa um afstöðu Alþ. til gerðardómsleiðarinnar og sannaði L. Í. Ú.-mönnunum, að frá Alþ. og frá ríkisvaldinu væri engin von um aðstoð við nýjar ofbeldisaðgerðir. En það er einmitt slík von, sem þeir hljóta að halda áfram að ala með sér og ýtir þeim áfram í óbilgirni sinni, meðan stjórnarliðið, eins og hæstv. sjútvmrh. og eins og hv. 9. landsk., — meðan hér er sveitzt við af stjórnarliðsins hálfu að verja gerðardómsleiðina og gera því skóna leynt og ljóst, að hún muni verða reynd öðru sinni, þegar hnúturinn í deilunni sé orðinn nógu illviðráðanlegur fyrir þeirra tilverknað m. a. Og það skilst áreiðanlega, áður en skellur í tönnunum, þegar hæstv. sjútvmrh. talar um, að vonandi verði komizt hjá íhlutun um deiluna, og segir setningar eins og þær, sem hafa verið sagðar hér, að það sannist nú, hvort aðilarnir eru færir um að semja án íhlutunar. En á þessa lund hefur hæstv. ráðh. og hjálparmaður hans, hv. 9. landsk. þm., talað hér, og hv. 9. landsk. þm. bætti við: Alþfl. á ekki að hika við að fara þá leið, sem farin var á s. l. sumri. — Þetta sagði hv. þm. orðrétt. Nei, það er svo sem alveg bersýnilegt, á hvaða buxum þessir hv. Alþfl.-menn eru. Þeir eru þrátt fyrir þá útreið, sem þeir hafa hlotið, bæði innan síns flokks og utan í þessu máli, enn þá á sömu gerðardómsbuxunum og þeir voru á s. l. sumri.

Hv. 9. landsk. þm. fullyrti í þessum umræðum, að íslenzkir sjómenn byggju nú við miklu betri kjör en nokkru sinni áður, og vildi færa þá fullyrðingu sína fram sem einhvern stuðning við gerðardóm. Og hann sagði, að þetta stafaði af því, að uppbótakerfið hefði verið afnumið, að tekjuskatturinn hefði verið lækkaður, og svo síðast, en ekki sízt, vegna sjálfrar gengisfellingarinnar. Og það var alveg eins og hv. þm. héldi því fram, að sjómenn hefðu engin kynni haft af því, að söluskattar hefðu verið margfaldaðir í stað lækkunar tekjuskattsins og að þeir hefðu þurft að bera byrðar vegna gengisfellingarinnar í hækkuðu verðlagi á öllu því, sem þeir þurfa sér til framfæris, alveg eins og aðrir landsmenn. En það er rétt að athuga þetta ofur lítið nánar, sérstaklega að því er síldveiðisjómennina snertir.

Sannast mála er það um kjör síldveiðisjómanna, að þeirra kjör, miðað við tekjur útgerðarinnar, hafa í engu breytzt, engu, sem máli skiptir a. m. k., frá því fyrir viðreisn, að öðru leyti en því, sem gerðist á s. l. sumri, að skiptakjörin voru lækkuð með valdboði. Jafnt eftir viðreisn sem fyrir hafa kjör þeirra byggzt á því, að þeir hafa fengið ákveðna prósentutölu af afla miðað við sama verð og útgerðarmenn fá fyrir hann. Og við afnám uppbótakerfisins, sem svo er kallað, er engu breytt í þessu efni. Sjómennirnir hafa eftir sem áður tekið á sig tap og vinning við verðbreytingar, eins og sjálft hlutaskiptafyrirkomulagið, sem við erum búnir að hafa svo að segja frá upphafi vega, leiðir beint af sér. Sú eina breyting hefur orðið á þessu nú í seinni tíð, eftir að uppbótakerfið var afnumið, eins og sagt er, að það hefur verið reynt að sniðganga þá venju og hefð, að sjómennirnir fengju hlut sinn úr sama verði og útgerðarmennirnir fá.

Það er sem sagt alveg greinilegt, að kjör síldveiðisjómanna og reyndar annarra sjómanna, sem eru upp á hlutaskipti einnig, voru stórskert með gengislögunum frá því í ágúst í fyrra, þegar útflutningsskatturinn var stórkostlega hækkaður og þannig tekinn ýmis kostnaður útgerðarinnar af óskiptu. Þessum aðferðum höfðu síldveiðisjómenn ekki kynnzt áður í viðskiptum um sín kjör. Það var sem sagt tekið upp uppbótakerfi með þessu, sem var algerlega miðað við það að lækka hlut hásetanna. Þrátt fyrir allt uppbóta-

kerfið fyrir viðreisnina var þessu þó ekki til að dreifa þá.

Kjör sjómanna á öðrum veiðum en síldveiðum skipta auðvitað ekki neinu máli, þegar þetta sérstaka mál er til umræðu. En þó vil ég benda á það, að þegar sjómannasamtökin sömdu um það á s. l. ári, að hlutur þeirra skyldi reiknaður af sama verði og útgerðarmenn fá fyrir aflann, keyptu þeir þessa breytingu því verði að lækka skiptaprósentuna mjög verulega. Og ég hygg, að það sé a. m. k. ekki á færi hv. 9. landsk. þm. að færa neinar sönnur á þá fullyrðingu, að út úr þeirri grundvallarbyltingu, sem þá var gerð á kjörum hlutarsjómanna, hafi komið meiri kjarabót en launþegar hafa almennt fengið í landinu á s. l. og þessu ári, því að ég álít, að það hafi líka farið mjög fjarri því. Þetta er sú eina breyting, sem hefur orðið á þeirra kjörum. En einnig í þessu máli er rétt að hafa í huga, að þessa nýju grundvallarreglu hefur verið reynt að brjóta, eins og ég sagði áðan, með nýja uppbótakerfinu, sem lækkar fiskverðið, sem er annar mælikvarðinn á kjörin við hlið hlutaskiptanna, um sennilega milli 50 og 70 aura á hvert kg af fiski. Loks er svo rétt að minna á það einnig, að samningsréttur sjómanna og útgerðarmanna um fiskverðið var afnuminn með gerðardómslögunum fyrr á þessu ári. Og ég álít, að það sé fullt tilefni til þess nú að minna á röksemdir hæstv. sjútvmrh., sem hann færði fram m. a. í þessari hv. deild, þegar hann mælti fyrir því máli. Þegar hann var að andmæla því, sem bæði ég og aðrir sögðu, að með þessu væri verið að meira eða minna leyti að ákveða kjör sjómanna með gerðardómi, þá sagði hæstv. ráðh., að það væri alls ekki um að ræða, að það væri á neinn hátt verið að ráða kjörum sjómannanna til lykta með ákvörðun um verðlagsdóm og gerðardóm um fiskverð, vegna þess að þeir ættu eftir sem áður eftir að semja um hlutaskiptin og þar hefðu þeir þess vegna alltaf opna leið til að ákveða kjör sín með samningum. Eftir það, sem síðan hefur gerzt, setningu brbl. og gerðardómsúrskurðinn, eru heilindin í þeirri röksemdafærslu hæstv. ráðh. orðin lýðum ljós. Þá er ekki lengur deilt um þau. Fyrst beitir hann sér fyrir því, að gerðardómur er ákveðinn um fiskverðið á þeirri forsendu, að sjómenn haldi þó alltaf samningsréttinum um skiptakjörin. Og síðan er sá réttur af þeim tekinn, síðan er næsta skref að taka þann rétt líka, eins og gert var á s. l. sumri. Og þannig er gerðardómshringnum lokað um kjör þessarar stéttar, alveg á sama hátt og hefur verið gert í fleiri tilvikum af hæstv. ríkisstj. Ég spyr nú bara, hvort það sé undur, þó að slíkar aðfarir og slíkar baráttuaðferðir hljóti almenna fordæmingu, jafnvel í flokki hæstv. ráðh., og er ekki kominn tími til, að Alþingi taki hér eftirminnilega í taumana, áður en slík vinnubrögð leiða af sér enn illvígari og þjóðfélaginu hættulegri deilur en þegar er orðið?

Í blöðum nú í morgun er frá því skýrt, að í öðrum stærsta útgerðarbæ í landinu, í kjördæmi hæstv. sjútvmrh., hafi samtök sjómanna þar á staðnum boðað samúðarverkfall frá og með n. k. þriðjudegi á öllum bátum, sem þaðan stunda veiðar, samúðarverkfall með sjómönnum í þeirra deilu. Og þetta var samþykkt um leið og till. sáttasemjara ríkisins um áframhaldandi gerðardómskjör var kolfelld. Þessi frétt er í mínum augum a. m. k. sönnun þess, hvert gerðardómsstefnan hlýtur að leiða, ef ekki verður að gert. Og sú spurning hlýtur nú að krefjast svars, hvort hæstv. ríkisstj. hyggist bíða eftir því, að sú stefna leiði til miklu víðtækari átaka í þjóðfélaginu og enn meira tjóns en þegar er orðið, eða hvort hún hyggist velja þann kostinn að tryggja vinnufrið með því að hafna valdboðsleiðinni og rétta heldur hönd að því að leysa deilu sjómanna og útgerðarmanna með friðsamlegum hætti.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það er í sjálfu sér þýðingarlítið að fjölyrða um þetta mál, úr því sem komið er, a. m. k. í einstökum atriðum. Það, sem er aðalatriðið í því, eins og ég hef áður sagt, er að taka prinsip-afstöðu til málsins. Hins vegar er það náttúrlega ekki rétt, sem hæstv. sjútvmrh. hafði hér áðan eftir mér og hv. 5. þm. Norðurl. e., að við hefðum sagt, að það skipti eiginlega engu máli, hvort Alþingi samþykkti þetta frv. eða synjaði um samþykkt. Það, sem ég sagði, var, að úr því sem komið væri, hefði það í raun og veru enga þýðingu að fjalla um þetta mál í nefnd, heldur hitt, að þingið tæki greinilega afstöðu til málsins og léti í ljós, hvort það vildi leggja blessun sína yfir gerðir ríkisstj. í þessu máli eða ekki. En einmitt af þessum ástæðum, að það er þetta atriði eitt, sem skiptir máli, úr því sem komið er, sé ég ekki ástæðu til að elta svo mjög ólar við einstakar aths., sem hafa komið fram í ræðum hv. fyrirsvarsmanna þessa máls, enda var í sjálfu sér lítið, sem kom fram í þeim ræðum, sem gefur mér beint tilefni til andsvara.

Það er þó alger misskilningur hjá hæstv. ráðh. og þó öllu heldur útúrsnúningur, þegar hann vildi halda því fram, að í minni ræðu hefði falizt, að það ætti eiginlega alltaf að verða við öllum kauphækkunarkröfum af hálfu launþega, en bæta svo vinnuveitendum það bara upp úr opinberum sjóði, sem þeir þyrftu á að halda til þess að geta staðið undir því kaupi. Það er náttúrlega fjarri öllum sanni, að slíkt hafi falizt í minni ræðu. Í fyrsta lagi var nú og er aðeins um þessa sérstöku síldveiðideilu að tefla. Og í öðru lagi var þar ekki um neinar kauphækkunarkröfur af hálfu sjómanna að ræða, heldur má segja, að það hafi verið um það að ræða, að gerðar væru á hendur þeim kauplækkunarkröfur, og ég vil meina, að það sé tvennt ólíkt, hvernig á stendur að því leyti til. Það og það eitt sagði ég, að ég hefði talið það eftir atvikum réttlætanlegt að leysa þessa deilu með því að leggja nokkuð fram af opinberri hálfu til þess að koma í veg fyrir áframhaldandi stöðvun síldveiðiflotans fyrir Norður- og Austurlandi. Og ég benti á í því sambandi, að sanngjarnt hefði verið, að skilað hefði verið aftur nokkru af því, sem af útgerðinni var tekið sumarið 1961. Hæstv. ráðh. svaraði því til, að þeirri upphæð, sem þá var gerð upptæk, hefði þegar verið búið að ráðstafa. Það er að vísu rétt, að það var búið að ráðstafa henni, en ekki á þann hátt, að það væri ekki hægt að breyta þeim ráðstöfunum með nýrri lagasetningu. Það veit hæstv. ráðh., að það var ekki búið að eyða öllum

þeim sjóði, þannig að það var hægt, ef vilji hefði verið til þess á s. l. sumri, að ráðstafa nokkru fé úr honum til þess að liðka fyrir lausn þessarar deilu. Ég skal ekkert segja um það, hve mikið fé hefði þurft til þess. Ég hugsa þó, að það hefði ekki verið nein ofboðsleg upphæð, a. m. k. ekki miðað við þá upphæð, sem upptæk var gerð.

Ég hef hins vegar aldrei haldið því fram, að það ætti að leysa launadeilur þannig almennt, heldur aðeins þetta, að ég taldi rétt að grípa til þessa úrræðis s. l. sumar, þegar svona sérstaklega stóð á, til þess að greiða fyrir bráðabirgðalausn þeirrar mikilvægu deilu. Og ég skal benda á atriði því til rökstuðnings, að ég taldi þetta sérstaklega réttlætanlegt. Það er rétt og verður ekki nógsamlega lögð áherzla á það, að síldveiðideilan s. l. sumar var ákaflega alvarlegs eðlis og að hún hafði í för með sér milljónatap á degi hverjum, og eins og hæstv. ráðh. sagði alveg réttilega ekki aðeins fyrir deiluaðilana sjálfa, heldur fyrir þjóðina í heild — og ég vil bæta við: beinlínis fyrir sjálfan ríkissjóðinn. Sjálfur ríkissjóðurinn mundi hafa stórlega hagnazt á hverjum degi, sem síldveiðideilan hefði staðið skemur. Þess vegna og einmitt þess vegna var það sérstaklega réttlætanlegt eftir atvikum að verja nokkru fé úr opinberum sjóði til að koma síldveiðiflotanum af stað, þegar um svo þýðingarmikinn framleiðsluatvinnuveg var að tefla eins og síldveiðarnar.

Það er ekki heldur svo, að þetta sé nokkuð nýtt í sjálfu sér, að fé sé varið af opinberri hálfu til að greiða þannig fyrir þvílíkri deilu eða hliðstæðri deilu þessari. Hæstv. ráðh. lagði á það áherzlu í sinni frumræðu, að í raun og veru hefði ekki verið hægt að leysa síldveiðideiluna með öðrum hætti en þeim, sem gripið var til. Hins vegar virtist mér hann vera horfinn frá því og vildi ekki neita því, að það hefði verið hægt að leysa deiluna eða greiða eitthvað fyrir lausn hennar, ef fé hefði verið veitt til þess. En hins vegar hafði hann það eitt á móti því, að það væri ekki réttlætanlegt að grípa til fjár í því skyni.

En ég skal svo bæta því við auk þess, sem ég þegar hef sagt um réttmæti þess að verja nokkru fé af opinberri hálfu til þess að greiða fyrir lausn þessarar alvarlegu deilu vegna einmitt þess tjóns, sem ríkissjóður hafði af því að láta hana standa, og vegna þess einmitt, að gerð hafði verið upptæk hjá þessum sömu aðilum mjög veruleg upphæð sumarið 1961, þá skal ég enn bæta við alveg sérstökum ástæðum, sem geri það sérstaklega réttlætanlegt að horfa til þarfa síldveiðimanna á Norður- og Austurlandi í þessu sambandi. En þá verður að skyggnast nokkuð lengra aftur í tímann og minnast þess, hvernig með þá menn var farið skv. lögunum um útflutningssjóð á sínum tíma, þegar útflutningsuppbætur voru greiddar á svo að segja allar fiskafurðir utan síldveiðiafurðir skv. l. frá 1956. Og skv. l. frá 1958 voru greiddar almennar uppbætur á útflutningsvörur 80%, á síld annars staðar en af Norður- og Austurlandi 70%, en á útflutta síld af Norður- og Austurlandi 55%. Það er þess vegna vissulega ekki ofmælt, að síldarframleiðendur á Norður- og Austurlandi eigi a. m. k. nokkra siðferðilega kröfu á hendur ríkissjóði, því að með þessum aðgerðum var þeim sýndur mikill ójöfnuður, og af þeirra hálfu er litið á þetta sem hreint ranglæti. Einmitt þetta var alveg sérstök ástæða til þess að greiða fyrir lausn þessarar síldveiðideilu s. l. sumar með því að verja nokkurri fjárhæð úr opinberum sjóði til að koma síldveiðiflotanum af stað.

Eins og ég sagði áðan, ætla ég annars ekki að fjölyrða um málið, af því að ég sé ekki ástæðu til að fara að svara einstökum atriðum í ræðum þeirra hæstv. ráðh. og 9. landsk. Þó voru einstaka atriði í þeim, sem vægast sagt voru dálítið einkennilegar röksemdir, eins og t. d. sú röksemd hjá hv. 9. landsk. þm., sem hæstv. ráðh. tók líka undir og gerði að sinni, að þess yrði að gæta, að ef kjör síldarsjómanna hefðu ekki verið skert, þá hefðu þeir fengið hærri skatta og hærri útsvör en ella. Þetta er svo laukrétt, að því verður náttúrlega ekki mótmælt. En mundi nú nokkur vilja lækka sitt kaup fyrir það eitt, að hann vissi, að hann mundi fá eitthvað lægri útsvör og eitthvað lægri skatta? Ég held, að það sé erfitt að finna slíka menn, og ég verð að segja það, að þessi röksemd er harla léttvæg.

Eins verð ég að segja, að það eru skrýtnar röksemdir og nánast orðaleikur hjá hæstv. ráðh., þegar hann er að halda því fram, að kaup eða kjör síldveiðisjómanna hafi í raun og veru ekki verið skert, það hafi aðeins verið skiptaprósentan, sem var breytt. Ég get ekki séð, að það sé rétt að reikna þetta út eins og hann gerir og segja sem svo, að úr því að það veiddist nú svona ljómandi vel s. l. sumar, þá fór það nú svo, að þeir höfðu hærra þrátt fyrir skerðinguna heldur en þeir höfðu áður haft. Það er náttúrlega sízt af öllu gerðardómnum að þakka eða hans niðurstöðu, að það veiddist svo vel s. l. sumar, og vel má vera, að þegar á heildina er litið, hafi meðalhlutur, upphæð, sem sjómenn fengu í hlut, verið hærri en áður. En ef skiptaprósentunni hefði ekki verið breytt, hefðu þeir vitaskuld fengið þeim mun hærri hlut s. l. sumar.

Það, sem má segja að merkast hafi komið fram í þessum umr., er í raun og veru yfirlýsing hæstv. ráðh., formanns Alþfl., um almenna stefnu Alþfl. í kjaramálum nú, þar sem hann lýsti því yfir, — eða ég gat a. m. k. ekki skilið hans mál á aðra lund en þá, — að það væri stefna Alþfl. nú að fylgja gerðardómsleið til lausnar í kjaradeilum. Að vísu sagði hæstv. ráðh., að fyrst yrði að reyna frjálsa samninga, og ég er honum alveg sammála um það. Og það, sem hann lagði út af í minni ræðu í því sambandi, var nokkuð misskilið, en ég nenni ekki að elta ólar við það. En hann sagði, hæstv. ráðh., að það væri beinlínis stefna Alþfl. nú, það hefði orðið stefnubreyting hjá Alþfl. í þessu efni. Og hann tók það alveg skýrt fram, að Alþýðublaðið, málgagn Alþfl., hefði ekki fundið að setningu gerðardómslaganna, það væri ekki á móti gerðardómsleið, heldur hefði þar aðeins verið fundið að þeirri niðurstöðu, sem gerðardómurinn komst að. Það er að sjálfsögðu ekki sama, með hverjum hætti gerðardómar eru settir, hvort þeir eru settir skv. óskum deiluaðila eða ekki. Þess vegna er t. d. kjaradómurinn, sem er í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, ekki sambærilegur við þennan gerðardóm, sem hér er um að ræða, vegna þess að kjaradómurinn

byggist þar á samkomulagi deiluaðila, opinberra starfsmanna og ríkisvaldsins. Það hefur vitaskuld enginn á móti því, að þess úrræðis sé leitað til lausnar á deilu, þegar aðilar eru sammála um þá leið. En það eitt fólst ekki í yfirlýsingu hæstv. ráðh., að Alþfl. væri inni á gerðardómsleið, þegar svo stæði á, heldur væri hann inni á gerðardómsleið almennt, án tillits til þess, hvort deiluaðilar vildu fallast á þá leið eða ekki. Eftir þessa yfirlýsingu verður ekki villzt um það, sem raunar var vitað og hefur líka komið fram hér í umr., þar sem þeir tveir, sem gerzt hafa hér til þess sérstaklega að verja gerðir ríkisstj. í þessu máli, hæstv. ráðh. og 9. landsk., eru úr Alþfl., að það er einmitt Alþfl., sem alveg sérstaklega hefur beitt sér fyrir þessari lausn og ber á henni höfuðábyrgð.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins fá atriði út af ræðum tveggja síðustu ræðumanna, sem mig langaði til þess að minnast á.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði, að mótmælin, sem komið hefðu gegn bæði lagasetningunni um gerðardóminn og gerðardómsniðurstöðunni, væru ekki eingöngu frá hans flokki eða frá þeim mönnum, sem hann fylla, heldur hefði þetta verið alls staðar að, eiginlega frá mönnum úr öllum flokkum. Þetta var ég ekki að vefengja í minni ræðu. Ég vissi vel, að menn voru ekki sammála um þetta og að menn hafa mótmælt því á ýmsum stöðum. En því dró ég fram þessi mótmælaskeyti, sem mér höfðu borizt, að hv. þm. hafði óskað eftir að sjá þau, og ég sýndi fram á það í minni ræðu, að þau, sem flest voru algerlega óstaðfest. ekki með einni einustu undirskrift, væru lítils virði. Það var við það, sem ég átti, en ekki hitt, að það hefðu ekki verið ýmsir, sem hefðu verið ósammála um setningu laganna og gerðardómsniðurstöðuna.

Bæði hv. síðasti ræðumaður og einnig hv. 5. þm. Norðurl. e. vildu gera mikið úr því, að Alþfl. hefði markað línu í þessu efni, og vildu leggja inn í mín ummæli miklu meira en ég raunverulega sagði. Alþfl. hefur ekki formlega tekið neina afstöðu um gerðardóm almennt. Það hefur hann ekki gert, en hann hefur tekið afstöðu í þessu máli, og hann hefur ekki sömu afstöðu til gerðardómsleiðar og hann hafði áður. Þetta sagði ég, að bæði hefði hann ekki sömu skoðun á gerðardómsleið nú og hann hafði, og eins hitt, að í þessari deilu tók hann alveg skýlausa afstöðu með gerðardómnum. En að það þýði almenna stefnuyfirlýsingu um það að leysa yfirleitt mál með gerðardómi, það sagði ég ekki, og það er ekki heldur tilfellið. Hitt er það, að Alþfl. er ekki svo dogmatískur flokkur, að hann bindi sig við það að halda eilíflega sömu stefnu eða sömu afstöðu til mála eins og hann hefur einhvern tíma haft. Það eru aðrir, sem frekar fara þá leiðina að halda sér við það, sem einu sinni var ákveðið, hversu vitlaust sem það reynist vera í framkvæmdinni nú.

Hitt er svo annað mál, að þessi vandamál, lausn vinnudeilna, eru afskaplega vandmeðfarin og erfitt að fá á þeim lausn. Hitt sjá allir, sem yfirleitt vilja sjá, að deila, sem stendur eins lengi og ýmsar vinnudeilur hafa staðið hjá okkur nú, — ég nefni t. d. togaraverkfallið, sem stóð í eina fjóra eða fimm mánuði, — veldur þjóðinni óbærilegum skaða fyrir utan þann skaða, sem hún veldur deiluaðilum, og það verður að finna einhverja leið til þess að reyna að komast fram hjá því, að þessum skaða verði valdið.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. vildi telja, að mér hefði brugðizt bogalistin, þegar ég fór að reikna út, hvað hlutur hásetanna hefði rýrnað. Þessi 13—15%, sem hann nefndi, eru náttúrlega engin absolút tala. Ég veit ekki til þess, að þessi tala hafi verið reiknuð út alveg nákvæmlega, en ég tók það skýrt fram, að þessi 13—15% væru miðuð við gerðardómslausnina og gerðardómsupphæðina og reiknuð út frá henni, og ég hygg, að það skeiki ekki miklu, því að hún nær ekki þessari tölu, 13—15%, ef reiknað er af hinni upprunalegu samningsupphæð, eins og hann vildi vera láta. En hann gleymdi alveg að minnast á það, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. fór þó um nokkrum orðum, að ég nefndi líka, hver nettó-upphæðin hefði verið, þegar skattarnir væru frádregnir. Þessir menn komast sjálfsagt allir í það að borga skv. hæsta þrepi skattstigans, eða 30% bæði í útsvar og skatt, og reikni maður með þessum tölum, sem ég gerði, þá verður eftir af meðalhlutnum um 3300 kr. lækkun frá því, sem þeir hefðu haft, ef samningurinn hefði verið óbreyttur í gildi. Þetta er nú heildarniðurstaðan.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. vildi gera lítið úr því, sem gerðardómurinn hefði hækkað fríðindi veitt sjómönnum, og sagði, að um það hefði verið búið að semja áður. Það er alveg rétt, að það var búið að ná samkomulagi um flest af þessu áður, ef samningar hefðu tekizt um skiptakjörin, en það var algerlega ósamið um þetta að þeim óbreyttum. Og þótt það hafi verið staðið upp frá samningaborðinu, þegar útgerðarmenn voru búnir að fást til eða tilleiðanlegir til að taka upp líf- og örorkutryggingu, að taka upp ábyrgðartryggingu allt að ½ milljón fyrir einstakt tjón, 1% í sjúkrasjóð undirmanna, þá var þó eftir að ræða um matsveinakaupið og matsveinskauptrygginguna, sem gerðardómurinn tók til greina og hækkaði upp í 1¼ hlut og gekk frá þessum atriðum öllum og kauptryggingarhækkuninni líka, þó að útvegsmennirnir hefðu ekki verið búnir að ganga inn á hana, nema því aðeins að samkomulag tækist um annað, svo að það er vissulega gerðardómsins verk, en ekki samninganefndanna, sem með þessi mál fóru, að hásetarnir fengu þau hlunnindi, sem í gerðardómnum felast. Það er alveg rétt hjá hv. þm., að það var búið að tala um þetta áður og það var búið að ljá máls á því að gera það, ef samningar tækjust um annað, en það var algerlega ósamið um það, ef þeir samningar tækjust ekki. Hv. þm. sagði, að það væri blekking hjá mér að þakka þetta gerðardómnum. Það er furðulegt orðbragð, því að það er gerðardómnum að þakka, hans ákvörðun, að þetta var tekið upp, og þetta er einmitt mikið til hagsbóta fyrir þá, sem lægst kjörin hafa, eins og þá, sem lenda á kauptryggingu, sem að vísu eru nú ekki nema fjögur skip, eins og ég sagði, sem betur fer, en ekki 40, eins og sagt var.

Hv. þm. vildi halda því fram, að hann hefði

lesið það úr mínum orðum, að mér væri núverandi deila sjómanna og útgerðarmanna fagnaðarefni. Þetta er alger tilbúningur af hans hálfu. Ég hef aldrei viðhaft þessi orð. Ég lét í ljós áhyggjur út af deilunni og einmitt áhyggjur út af því, hvað hún hefði dregizt lengi. Ég sagði líka, sem hann vildi reyna að snúa út úr, að ég vonaði, að það tækist að leysa hana með samningum. Í því lá ekkert um það, hvað gert mundi verða, ef engir samningar tækjust, eða hve lengi yrði eftir því beðið, — ekki nokkurt orð. En það, að deilan hefur staðið eins lengi og hún hefur gert, sýnir, að hún var ekki eins auðleyst og hv. þm. vildi halda í sumar. Hv. þm. sagði í sinni fyrstu ræðu, að ef við hefðum beðið einn eða tvo daga með að setja þessi gerðardómslög, hefðum við getað horft á eftir síðasta bátnum fara á veiðar. Ég leyfði mér að efast um þessa fullyrðingu hans og skoraði á hann að færa rök fyrir henni, því að ég hefði reynt að kynna mér þetta atriði og fengið það svar, að sá, sem mér var bent á að mundi hafa gert þetta, hefði ekki gert það.

Hv. þm. vildi líka reyna að gera tortryggileg ummæli mín, þegar fiskverðslögin voru hér til umr. Ég vildi þá forsvara fiskverðslögin, eftir því sem hann sagði, á þann hátt að segja, að skiptakjörin yrðu þó ákveðin með samningum, þó að verðið yrði ákveðið með verðlagsdómi. Það er ekki nema rétt, að ég mun hafa viðhaft þessi orð og gengið út frá því þá, og ég geng út frá því enn, að yfirleitt verði sú aðferð viðhöfð að leysa málin með samningum og það sé ekki nema neyðarúrræði að gera það á annan veg. En að þetta var gert í sumar, var vegna þess, að það var ekki hægt að dómi ríkisstj. að horfa upp á það, að Norðurlandssíldin, sem yfirleitt stendur stutt við og einmitt sérstaklega á heimasvæði hv. þm., færi öll fram hjá, án þess að gripið væri í taumana, og það, að útlendingar hirtu veiðina, sem við áttum að geta notið.

Þetta þýðir enga almenna stefnu í gerðardómsmálum, aðeins það, hvernig tekið var á þessu sérstaka tilfelli.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði eitt, sem vissulega hljómar ekki ósennilega. Hann sagði, að veiðin í sumar hefði ekki verið gerðardómnum að þakka. Það hefur engum dottið í hug, að veiðin væri gerðardómnum að þakka, nema á þann hátt, að hann kom því til leiðar, að yfirleitt var farið á veiðarnar. En hitt ber öllum saman um, að veiðiaukningin er m. a. og kannske að langsamlega mestu leyti því að þakka, að fengin hafa verið á skipin hin nýju og dýru tæki. Ég gat þess, að það væri fleira en fisksjáin og kraftblökkin, sem fengið hefði verið. Ef skipin áttu að fiska bæði fyrir Norðurlandi og fyrir sunnan, bæði á grunnu vatni og djúpu, þá urðu þau að hafa þrjár síldarnætur, og það er langdýrasti hlutinn af tækjunum, sem kostar nú hvorki meira né minna en 2—2½ millj. allt saman. Og svo kemur það, sem ekki má vanmeta heldur, að þessir samningar, sem í gildi voru, þeir voru, þegar þeir voru gerðir, miðaðir við miklu minni skip en þau, sem stunda veiðarnar. Þeir voru miðaðir við tækjalaus skip, þetta kannske 40—50—60 tonn. Nú er megnið af flotanum orðið miklu stærra og þess vegna ekki óeðlilegt, að til einhverra breytinga kæmi.

Ég held, að þetta séu aðalatriðin, sem ég þarf að minna á eða ræða, af því, sem þessir hv. þm. sögðu. Hv. 3. þm. Norðurl. v. vildi gera nokkuð úr því, að hér hefði ekki verið um hækkunarkröfu að ræða, heldur hefði deilan staðið um það, hvort ætti að lækka skiptakjörin frá því, sem áður var. Náttúrlega er þetta orðaleikur, því að deilan var um bil, sem var á milli þess, sem sjómennirnir vildu fá, og þess, sem útgerðarmennirnir vildu greiða, og það bil varð að jafna. Ég taldi, að það væri erfitt að gera það af opinberu fé, vegna þess að þá væri það tekið af þeim, sem minni laun hefðu í landinu, handa hinum, sem hærri laun bæru úr býtum, og taldi það ekki eðlilegt. En þessi mismunur eða bilið á milli krafna útvegsmanna og sjómanna er alveg það sama, hvort sem um er að ræða kröfu um hækkun á launum frá sjómönnum eða lækkun af hálfu útvegsmanna. Ég gat þess einnig, að kannske fyrir það, að tækin komu til, hækkaði meðalhluturinn frá því í fyrra úr 48 þús. upp í 60 þús. kr. í sumar, þrátt fyrir þá breytingu, sem á skiptakjörunum varð.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. e. (BjörnJ) virðist alls ekki reyna til þess að benda á neina leið til að leysa þann vanda, sem reis í sumar, þegar síldveiðiflotinn var stöðvaður og mjög alvarleg framleiðslustöðvun var fram undan fyrir þjóðina. Hann heldur sér eingöngu við það, að það hafi enginn vandi verið á ferðum. Hann reynir að skjóta sér undan því með því að segja: Það var enginn vandi á ferðum. Deilan var að leysast eftir einn eða tvo daga. En þetta er því miður allt saman hreinn tilbúningur, og hann hefur ekki heldur getað fært nein rök að þessu. Ríkisstj. varð auðvitað að líta á þetta mál með hliðsjón af því, að þarna var mjög alvarleg deila, sem því miður var ekki neitt útlit fyrir að væri að leysast, og þessi deila hefur nú endurtekið sig, þegar gerðardómurinn er úr gildi, og er enn mjög alvarleg og lítur út fyrir að ætla að verða langvinn.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. virðist vera því mjög andvígur, að ríkisvaldið hafi afskipti af vinnudeilum, öðruvísi en þá í sáttaskyni og annað slíkt, og sérstaklega því, að vinnudeilur séu leystar með brbl. eða löggjöf, hversu mikið sem í húfi sé. En þetta hefur sem betur fer ekki alltaf verið skoðun þessa hv. þm., að ég hygg. Ég man eftir því, að sumarið 1957 var hér alvarlegt verkfall. Það voru yfirmenn á kaupskipaflotanum, sem voru í verkfalli. Þá var það vitað mál, að þáv. félmrh. hafði mikinn hug á því að leysa þá deilu með lagasetningu, og hann var farinn að safna áskorunum frá ýmsum verkalýðsfélögum, sem hann taldi sig eiga stuðningsmenn í, þar sem hvatt var til þess, þó ekki kannske alveg með berum orðum, þá var alveg auðskilið, hvað við var átt. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mér að lesa hér upp yfirlýsingu frá 25. júlí 1957, sem er frá verkalýðssamtökunum á Akureyri, en eins og kunnugt er, þá er hv. 5. þm. Norðurl. e. formaður stærsta verkalýðsfélagsins þar og hefur sjálfsagt átt sinn mikla þátt í að semja þessa yfirlýsingu, en hún hljóðar á þessa leið:

„Verkfallið (hér er átt við farmannaverkfallið)

hefur þegar vegna dæmafárrar ósáttfýsi beggja deiluaðila leitt af sér stórfellt þjóðhagslegt tjón, og er nú almenn stöðvun framkvæmda og atvinnu fyrirsjáanleg á næstu tímum, ef ekki verður að gert, og lífsafkomu láglaunafólks stefnt í bráða hættu. Einnig er auðsætt, að sú beiting verkfallsréttar, sem í deilunni er höfð í frammi, þar sem svo fámennur hópur manna stefnir að því að stöðva mikilvægustu atvinnuvegi þjóðarinnar, er alþýðusamtökunum og réttindum þeirra mjög hættuleg."

Ég vil meina, að margt af því, sem stendur í þessari yfirlýsingu, geti fyllilega átt við þá deilu, sem hér reis í sumar, og það skilja allir, hvað í þessu felst. Það er áskorun til ríkisvaldsins um það að grípa fram í og leysa deiluna, en bíða þess ekki, að hún leysist með samningum milli deiluaðilanna. Það er eftirtektarvert, þegar verið er að tala um „fámennan hóp", það er átt við yfirmennina á kaupskipaflotanum. Ætli útgerðarmennirnir séu nokkuð fleiri, sem stóðu að þessu verkfalli? Og ég mundi nú álíta, að það væri ekkert síður skoðun þessa hv. þm., úr því að hann vill láta ríkisvaldið grípa inn í, þegar það eru launþegarnir, sem eiga upptökin, að þá fyndist honum ekkert síður ástæða til þess, þegar það eru atvinnurekendur.

Þessi hv. þm. varpaði fram þeirri spurningu í ræðu sinni, hver hefði haft rétt fyrir sér í gerðardómnum. Það er auðvitað mikið matsatriði. Ég get náttúrlega ósköp einfaldlega svarað þessari spurningu fyrir sjálfan mig. Það var ég, sem hafði rétt fyrir mér. Og ég vil meira að segja vitna til þess, að í þessari deilu, sem nú er komin og er bara framhald af síldveiðideilunni í sumar, hefur sáttasemjari ríkisins lagt fram sáttatillögu, sem er mjög svipaðs efnis og sú till., sem ég lagði til að gerðardómurinn samþykkti, en því miður ekki varð. Og ég vil einmitt af því, að það átti sér stað, að skiptakjörin voru lækkuð, einnig benda á þessa sáttatill., að ríkissáttasemjari er af öllum aðilum talinn hlutlaus maður og hefur mikið traust meðal bæði launþega og atvinnurekenda og reyndar allrar þjóðarinnar, og ég vil fullyrða, að slíkum manni dytti ekki í hug að leggja til, að það yrðu breytt skiptakjör frá síðustu samningum, nema hann teldi það fyllilega réttlætanlegt og væri vel hægt að rökstyðja það.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. talaði hér nokkuð um kjör sjómanna og þá einkum síldveiðisjómanna og taldi síður en svo, að kjör þessara stétta hefðu batnað í tíð núverandi ríkisstj. Um kjör sjómanna almennt get ég vísað til þeirra kjarabreytinga, sem urðu í ársbyrjun 1961, en þá taldi málgagn þessa hv. þm., að sjómenn hefðu fengið 20—25% kjarabætur. Það voru vissulega hærri kjarabætur en ég man eftir að aðrar stéttir fengju á því ári. En um kjör síldveiðisjómannanna sérstaklega er hægt að minna á það, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. kom hér inn á, og það eru lögin frá 1958 um útflutningssjóð o. fl., og hvernig þá var búið að síldarútveginum. En síldarútvegurinn, a. m. k. sumarsíldarútvegurinn, hafði þá 55% uppbætur, þegar aðrar útflutningsgreinar höfðu 80 og sumar 70. Það er auðvitað alveg augljóst mál, að sú atvinnugrein, sem er svona afskipt og fær svona miklu lægri uppbætur en aðrar, hlýtur þar af leiðandi að vera síður fær um að borga starfsmönnum sínum laun en aðrar atvinnugreinar. Og það, sem þessi atvinnuvegur missir í uppbótum til þess að vera jafn við aðra, það missa að sjálfsögðu þeir, sem við hann starfa, alveg á hliðstæðan hátt. Auk þess er ég ekki kominn til að segja það, að sjómennirnir hafi einu sinni notið allra þessara uppbóta, sem síldarútvegurinn fékk, sem voru minni en aðrir útflutningsatvinnuvegir fengu. Það er því alveg ljóst, að þegar uppbótakerfið var afnumið í sjávarútveginum og gengislækkunin gerð 1960, þá var það auðvitað stórkostlegur ávinningur fyrir síldarútveginn og fyrir alla, sem við hann starfa.

Að síðustu vil ég aðeins koma örlítið inn á þau rök, sem lágu til þess, að réttlætanlegt var talið að breyta skiptakjörunum. Hér hefur reyndar allt of mikið í þessu máli verið einblínt á skiptakjörin, eins og menn haldi, að öll afkoma sjómannsins og allur hans hagur sé kominn undir því, hver sú heildarprósenta er, sem skiptist milli skipshafna. Það kemur auðvitað margt fleira inn í, eins og síldarverð og hvað margir eru á skipi og hvað skipt er í marga staði o. fl., o. fl. En ég hef verið nokkuð gagnrýndur fyrir það að vera að ámæla útvegsmönnum fyrir að hafa ekki borið fram sín sterkustu rök, sem ég teldi í þessu máli, þ. e. a. s. að benda á það, að skipin væru orðin miklu stærri, aftur á móti hefðu tækin minna að segja í mínum augum. Ég sagði, hygg ég, orðrétt, að ég gagnrýndi útvegsmenn fyrir það að halda þessum rökum minna á lofti en öðru. Það er alls ekki rétt, að útvegsmenn hafi ekki borið þessi rök fram, og þau komu fram í grg., sem birtist í blöðunum, þegar brbl. voru sett, og þau komu fram í grg. til gerðardómsins. En út á við gagnvart almenningi í landinu og í blaðagreinum var langmest áherzla lögð á tækin, þ. e. a. s. sjálfvirk síldarleitartæki og kraftblökkina, að það væri svo mikill tilkostnaður, sem lægi í þeim. Ég vil algerlega standa við það, að ég tel, að í kjaradeilu sé auðvitað, hvort sem það er atvinnurekandi eða stéttarfélag, sem á í hlut, þá sé það alltaf skynsamlegt og heppilegt að bera fram sín beztu og sterkustu rök, en flíka ekki því, sem veikara er eða hrein vitleysa. Ég álít einmitt, að með því að bera fram haldbeztu rökin séu líkur til þess, að gagnkvæmur skilningur ríki og það geti náðst samkomulag. En þetta virðist nú a. m. k. Tíminn ekki skilja, eftir því sem hann skýrði frá þeirri ræðu, sem ég hélt hér áður, þegar 1. umr. þessa máls hófst.

Ég kem þá að síðustu örlítið inn á ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ). Hann viðurkennir í sjálfu sér réttilega, að það hafi verið mikið vandamál þarna á ferðum. Hann vildi aðeins láta ríkisstj. leysa þetta á annan veg en hún gerði og þá fyrst og fremst með því að reyna að halda skiptakjörunum óbreyttum, en bæta þá útvegsmönnum upp það, sem þá kynni að skorta til þess að telja sig geta gert út við þau kjör, og það yrðu þá bætur úr ríkissjóði eða eitthvað þess konar.

Ég skal í raun og veru játa, að þessi hv. þm. kom núna með þau rök, sem langsamlega eru sterkust fyrir því, að skynsamlegt hefði verið að fara þessa leið, en það var með því að vitna til

laganna frá 1956 og 1958 og sýna fram á, hvað síldarútvegurinn var vanhaldinn í tíð vinstri stjórnarinnar og hann eigi þarna raunverulega siðferðilega kröfu á ríkisvaldið. Mér finnst þessi athugasemd þessa hv. þm. vera alveg rétt. En mér finnst hún einmitt alveg sérstaklega athyglisverð vegna þess, að Framsfl. hefur alltaf haldið því fram, að í tíð vinstri stjórnarinnar hafi verið miklu betur búið að útgerðinni en í tíð þessarar stjórnar og það hafi nú skipt um stórkostlega til hins verra. En nú bendir þessi hv. þm. réttilega á, að ein grein sjávarútvegsins eigi þarna siðferðilega kröfu til einhvers framlags vegna þess, hve hún var vanhaldin í tíð vinstri stjórnarinnar.

Hitt er svo annað mál, að mér finnst stefna Framsfl. í þessu vera oft nokkuð torskilin satt að segja, því að a. m. k. skildist mér það í fyrra, þegar gengislækkunin var gerð, að þá sögðu framsóknarmenn, að gengislækkunin væri alveg óþörf, útflutningsatvinnuvegirnir gætu vel tekið á sig þær kauphækkanir, sem orðið höfðu þá fyrr um sumarið, og gengislækkunin væri alveg óþörf. Nú skilst mér hins vegar, að framsóknarmenn líti svo á, að útgerðin geti ekki einu sinni búið við sömu skiptakjör gagnvart sjómönnum lengur, nema því aðeins að fá uppbót úr ríkissjóði til að standa undir óbreyttum kjörum, en í fyrra átti hún ekki að þurfa neitt til að hækka kaupið.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég tel ástæðu til að segja.

Hv. 9. landsk. endaði ræðu sína með því að minna á, að síldarútgerðin hefði búið við verri kjör hjá vinstri stjórninni. Hver var sjútvmrh. þá? Hvernig víkur þessu við?

Hæstv. sjútvmrh. hefur rökstutt, hvers vegna það var réttmætt að lækka launin hjá sjómönnum, með því, að nú fái þeir lægri skatta, — fyrst þeir hafi minni tekjur, fái þeir lægri skatta. Er þetta ekki ágætt patent fyrir viðreisnarstjórnina að lækka nú skattana almennilega á fólki, bara með því að lækka laun þess? Og hann nefndi meira að segja, að þessir menn fengju 30% lækkun á sköttunum sínum, þeir, sem kæmust í meðalhlut, kæmust í hæsta stigann. (Gripið fram í). Já, en ef maður, sem hefur komizt í meðalhlut og fengið 60 þús. kr. og hefur enga aðra atvinnu það árið, hvað lækka skattarnir hjá honum? Hann getur verið veikur eða eitthvað annað verið að hinn hluta ársins og hefur engar aðrar tekjur en þessar 60 þús. kr. á síldarvertíðinni. Hvað lækka mikið skattarnir hans? Það borgar enginn maður neinn tekjuskatt, þó að hann hafi 60 þús. kr. tekjur, ef hann á eitt barn.

Aðalatriðið í þessu máli skilst mér vera það, að hér er deilt um stefnu, — hreinlega er deilt um þá stefnu, hvernig eigi að leysa kjaradeilur. Það er alveg ótvírætt. Alþfl. var minntur á það í upphafi þessarar umr., að hann hefði haft allt aðra stefnu hér áður fyrr, og menn muna það ósköp vel, jafnvel yngri menn en ég, að flokkurinn þurfti að draga ráðherra sína út úr ríkisstj. vegna gerðardóms, og því leika menn sér ekki að hversdagslega að draga ráðh. út úr ríkisstj. Svo kemur hæstv. sjútvmrh. núna og viðurkennir það hreinskilnislega, að Alþfl. hafi breytt um stefnu. Á hvern veg? Á þann veg, að það megi leysa kjaradeilur með gerðardómi, og meira að segja, að það sé æskilegt að gera það, enda hafa þeir gert það. Hvaða afleiðingu hefur þetta fyrir vinnufrið almennt, þegar við völdin situr ríkisstj., sem lýsir yfir þessari stefnu? Hæstv. ráðh. segir reyndar: Við viljum ekki byrja á slíku, við viljum, að það séu reyndir samningar. Það er sjálfsagt, að aðilar reyni að semja. — En hvaða áhrif hefur þetta á sjálfa samningana að vita ríkisstj. sitja við völd, sem hefur þessa stefnu? Það þarf ekkert annað en að annar aðilinn notfæri sér sína aðstöðu og semji ekki, og þá kemur til framkvæmdanna að leysa deiluna á annan hátt. Menn vita fyrir fram, að stefnan hjá valdhöfunum er þessi. Er hægt að hafa grómteknari stefnu til þess að koma í veg fyrir samninga en einmitt þetta?

Hæstv. ráðh. fór að réttlæta þessi skoðanaskipti Alþfl. með því, að það hafi fleiri samþ. gerðardóm. Hann vitnaði fyrst í lög um afurðasölu bænda og segir: Þar er gerðardómur. — Jú, en það voru bændurnir, sem sjálfir voru með í að undirbúa lögin og samþykktu fyrir fram, að gerðardómur skyldi koma til greina undir vissum skilyrðum. Hæstv. ráðh. vitnaði í verðlagsráð sjávarútvegsins, sem samþykkt var með lögum í fyrra. Verðlagsráð er ekki gerðardómur, en fulltrúar sjómannanna sjálfra voru með í að undirbúa lögin og samþykktu fyrir fram, að undir vissum kringumstæðum skyldi koma til gerðardóms. Bæði þessi dæmi sýna, að þarna eru aðilarnir fyrir fram búnir að samþykkja gerðardóminn, m. ö. o.: gerðardómsmeðferðin er ekkert annað en einn liður í samningum þeirra í milli. En þessu var ekki til að dreifa í sumar. Þar var gerðardómurinn settur gegn mótmælum sjómannanna. Loks benti hæstv. ráðh. á opinbera starfsmenn og segir: Þar er gerðardómur. — Þar fór hann nú alveg með það, þegar hann fór að vitna í þetta. Opinberir starfsmenn hafa aldrei haft neinn samningsrétt, og það var ekki hægt að bera þá neitt saman við þetta, en þeir krefjast þess að fá samningsréttinn, og þeir fengu samningsrétt, sem þó getur endað með gerðardómi, og þann gerðardóm samþykktu þeir sjálfir fyrir fram. Það var því algerlega út í loftið að vitna í opinbera starfsmenn. Þetta voru einu dæmin, sem hæstv. ráðh. vitnaði í.

Fleira held ég, að ég þurfi ekki að vera að minna á, en vil að síðustu undirstrika það: Ágreiningurinn hér er um stefnu, stefnu milli flokka, um það, hvernig eigi að leysa kjaradeilur. **(Sjútvmrh.:** Megum við fá að heyra, hver sé stefna Framsfl.?) Ef hæstv. ráðh. hefur ekki heyrt það í umræðunum, þá sér hann það við atkvgr. um þetta frv., og það er þá eins gott fyrir hann.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 15. fundi í Ed., 13. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÁ, JÞ, KJJ, MJ, AuA, BGuðm, EggÞ, FS, GTh, SÓÓ.

nei: HermJ, KK, ÓlJ, PÞ, SE. AGl, ÁB, BjörnJ.
2 þm. (ÓB, FRV) fjarstaddir.
Frv. vísað til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

21. Löggilding bifreiðaverkstæða.

Á 13. fundi í Sþ., 14. nóv., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um löggildingu bifreiðaverkstæða [94. mál] (stjfrv., A. 114).

Á 16. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Svo sem kunnugt er, hefur bifreiðum stórfjölgað hér á landi síðustu árin og með því vaxið umferð á vegum, og þar með hefur skapazt stóraukin hætta á slysum. Það voru fyrir skömmu sett ný lög um umferð, sem gera strangari kröfur til öryggis en áður voru. Allt þetta gerir nauðsynlegt, að betur sé fylgzt með viðgerðum bíla en hingað til, að þeir séu raunverulega í því ástandi, sem lög og öryggi gera kröfur til.

Af þessum sökum var á árinu 1960 flutt frv. til l. um löggildingu bifreiðaverkstæða, sem að verulegu leyti var sniðið eftir sams konar löggjöf, sem þá hafði verið sett fyrir alllöngu í Noregi og gefizt þar vel. Þetta frv. var lagt fyrir hv. Nd., en um það varð ágreiningur, svo að það náði ekki fram að ganga.

Í fyrra var af þáv. dómsmrh., Jóhanni Hafstein, skipuð nefnd til að kanna þetta mál að nýju og reyna að leita samkomulags milli þeirra aðila eða fulltrúa þeirra aðila, sem ætla má að það snerti meira en flesta aðra, og voru í þeirri nefnd deildarstjóri í iðnmrn., fulltrúi Iðnaðarmálastofnunar Íslands, fulltrúi Sambands bílaverkstæða, fulltrúi Félags íslenzkra bifreiðaeigenda, fulltrúi Félags bifvélavirkja, fulltrúi Landssambands vörubifreiðastjóra og fulltrúi Félags sérleyfishafa. Þessir aðilar hafa íhugað allt málið frá rótum, og niðurstaðan af þeirri athugun er frv., sem nú er lagt fram og í meginatriðum er að efni til hið sama og frv. frá 1960. En aðalbreytingin er sú, að nú á að vera minni hætta á, að einokunaraðstaða skapist fyrir þau bifreiðaverkstæði, sem löggildingu fá.

Mér er ljóst, að hér er um töluvert ágreiningsmál að ræða og vandasamt efni, sem ég tel þó að úrlausn þurfi að fá, og ákvað ég því að flytja frv. óbreytt, eins og það kom frá þeirri nefnd, sem ég áður gat um.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meir um málið á þessu stigi, en leyfi mér að leggja til, að það gangi til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

22. Fullnusta norrænna refsidóma.

Á 18. fundi í Sþ., 5. des., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o. fl. [110. mál] (stjfrv., A. 152).

Á 27. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta er sama efnis og sams konar frv., sem um þessar mundir eru lögð fyrir þjóðþing hinna Norðurlandanna fjögurra. Frv. um þessi efni hafa verið undirbúin af dómsmálastjórnum Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, en við athugun kom í ljós, að í þeim frv. var ekkert, sem gæti ekki einnig átt við hér á landi. Það þótti því rétt, að Ísland gerðist aðili að því samkomulagi, sem liggur til grundvallar frv. Í grg. segir, að mælzt hafi verið til þess, að Ísland gerðist aðili að þessu samstarfi, og hefur að athuguðu máli þótt rétt og eðlilegt að verða við því. En þetta er e. t. v. ekki alveg rétt til orða tekið, vegna þess að við töldum sjálfir að athuguðu máli, að það væri æskilegt fyrir Íslendinga að gerast aðili, og fór þar saman okkar eigin ósk og það, sem hinir aðilarnir töldu æskilegt.

Ég geri ekki ráð fyrir, að þetta frv. hafi ákaflega mikla raunhæfa þýðingu fyrir Ísland, að það verði ekki sérlega mörg tilfelli, þar sem ákvæðum þess þurfi að beita hér eða um okkar fólk í öðrum löndum, þó að enginn geti að vísu sagt um það fyrir fram. En engu að síður tel ég mikilsvert, að við samþykkjum þetta frv. og gerumst þar með aðili að samkomulaginu um lögfestingu þess, vegna þess að ég hygg, að það sé í fyrsta skipti, sem fullvalda ríki setja slíka löggjöf, þar sem teknir eru gildir dómar kveðnir upp í öðrum löndum um þau efni, sem hér um ræðir. Löggjöfin sýnir því mikið gagnkvæmt traust aðildarríkjanna á réttarskipun þeirra hvers um sig, og ég tel það bæði metnaðarmál fyrir Íslendinga og heiður, að hin Norðurlöndin, sem óumdeilanlega eru öll meðal fremstu og sum elztu réttarríkja í heiminum, skuli telja það sjálfsagt, að Ísland sé í þeirra flokki einnig varðandi þessi málefni, þó að við skulum jafnframt játa, að einmitt í þessum efnum er okkur að sumu leyti meira áfátt en sæmilegt er, ekki varðandi öryggi réttarskipunarinnar eða dómstólanna, heldur að fangelsismál okkar eru enn því miður langt frá því að vera í því horfi, sem þau þurfa að vera. En þetta frv. má þá einnig verða okkur áminning um, að þar eigum við mikið verk óleyst, — verk, sem ekki má dragast lengi úr þessu að hafizt verði handa um af fullum krafti að viðunandi lausn fáist á.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meir um frv., en legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 11. febr., var frv. tekið til 2. um. (A. 152, n. 243).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Frv. þetta er stjórnarfrv., og eins og fyrirsögn þess gefur til kynna, fjallar það um fullnustu refsidóma á Íslandi, sem kveðnir hafa verið upp á hinum Norðurlöndunum fjórum, og fullnustu refsidóma í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, sem kveðnir hafa verið upp á Íslandi. Hér er um að ræða sektardóma og dóma um frelsissviptingu, enn fremur upptöku eigna og sakarkostnað. Einnig er hér fjallað um dóma, sem kveða á um umsjón með mönnum, sem hlotið hafa skilorðsbundna refsingu, og umsjón með mönnum, sem fengið hafa reynslulausn frá refsivist.

Frv. gerir ráð fyrir, að heimilt verði að fullnægja slíkum dómum hér á landi, sem kveðnir hafa verið upp á hinum Norðurlöndunum, og heimilað verði að fullnægja á hinum Norðurlöndunum fjórum slíkum dómum, sem upp hafa verið kveðnir á Íslandi, enda sé dómfelldi ríkisborgari þess ríkis eða heimilisfastur þar, þegar fullnusta skal fara fram.

Á þjóðþingum hinna Norðurlandanna fjögurra mun um þessar mundir vera fjallað um nákvæmlega samsvarandi frv. Liggur hér til grundvallar samkomulag dómsmrh. allra Norðurlandaríkjanna. Einnig mun hafa orðið um það samkomulag, að frv. þessi öðlist lagagildi samtímis, og gildistökuákvæði þessa frv. í 27. gr. þess er við það miðað. Ekki verður talið líklegt, að þetta frv. hafi um sinn mikla raunhæfa þýðingu, þótt gera verði að sjálfsögðu ráð fyrir, að slíkt geti átt sér stað. Hins vegar gefur það til kynna gagnkvæmt traust Norðurlandaríkjanna á réttarframkvæmd þeirra og dómum.

Hæstv. dómsmrh. lét þess getið, er hann mælti fyrir frv. við 1. umr., að það mætti minna okkur á, að enn ættum við æðimikil verkefni fram undan, til þess að fangelsismál okkar kæmust í gott horf. Ég vil eindregið taka undir þau ummæli.

Allshn. hefur fjallað um frv. og mælir einróma með því, að það verði samþ. Brtt., sem n. flytur á þskj. 243, er leiðrétting, borin fram eftir tilmælum dómsmrn. sænska.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta frv. fleiri orðum. Eins og nál. á þskj. 243 ber með sér, leggur allshn. til, að frv. verði samþ. með þessari einu leiðréttingu, sem þar greinir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 243 samþ. með 15 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
14.—27. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 260).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 40. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 41. fundi í Nd., 14. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., 18. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem að efni til var samþ. óbreytt í Ed., einungis gerð lítilsháttar orðabreyting á útlendum heitum, sem þar eru nefnd, er samhljóða að efni sams konar frv. á hinum Norðurlöndunum. Það hafði alllengi verið undirbúið af hálfu ríkisstj. hinna Norðurlandanna fjögurra að koma á slíkri löggjöf sín á milli. Málið var tekið fyrir á dómsmálaráðherrafundi í Osló í janúar í fyrra, og bar ég þá ósk fram um, að Ísland yrði einnig aðili þess samkomulags, sem raunverulega felst í frv.

Ég tel, að málið hafi ef til vill ekki ýkjamikla raunhæfa þýðingu fyrir Ísland, að við þurfum ekki að setja marga erlenda ríkisborgara í fangelsi hér skv. þessu frv., né sennilegt, að Íslendingar verði settir í fangelsi erlendis fyrir þessi lagaboð. En því meiri fræðilega þýðingu má segja að málið hafi. Þetta er í fyrsta skipti, sem sjálfstæð ríki viðurkenna dómsúrskurði eða dóma annarra ríkja með þeim hætti, að þeir eigi að verða milliliðalaust undirstaða frelsissviptingar þeirra eigin þegna í öðrum löndum. Frv. sýnir því mikið gagnkvæmt traust aðilanna á réttaröryggi hinna ríkjanna. Og það er mikilsvert fyrir okkur Íslendinga að njóta þeirrar viðurkenningar frá okkar frændþjóðum, sem í þessu felst, þó að málið væntanlega hafi ekki ýkjamikla raunhæfa þýðingu, eins og ég sagði, enda er bezt að játa það, að fangelsi okkar eru því miður ekki í svo góðu lagi, að við getum nú tekið marga aukamenn til vörzlu í þeim.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um málið. Ég legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. allshn. Ég legg áherzlu á, að málið verði afgreitt á þessu þingi, en ég hygg, að það verði betra að doka með fullnaðarafgreiðslu fram undir þinglok til þess að sjá, hvernig fer með afgreiðslu sams konar frv. í hinum Norðurlöndunum, því að ætlunin hafði verið, að það væri nokkurt samflot haft um meðferð málsins í öllum fimm löndunum. Það er óeðlilegt, að við verðum fyrstir með samþykkt málsins, en að sjálfsögðu er þó rétt að afgreiða það, áður en þingi lýkur. Þetta vildi ég biðja hv. n. um að athuga og fylgjast þá einnig með því, hvernig gengur með afgreiðslu í hinum Norðurlöndunum. Dómsmrn. og utanrrn. gætu orðið hjálpleg n. um að afla þeirra upplýsinga.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

23. Ferðamál.

Á 61. fundi í Ed., 25. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um ferðamál [218. mál] (stjfrv., A. 454).

Á 62. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. því, sem hér er til umr., var útbýtt hér í hv. d. í gær og er nokkuð síðbúið. En þar sem ætla má, að hér sé ekki um mál að ræða, sem skoðanir manna séu skiptar um, mætti samt ætla, að það gæti náð fram að ganga á þessu þingi, og tel ég, að það skipti nokkru máli, hvort það tekst nú eða hvort það þarf að dragast.

Frv. þetta miðar að því að greiða fyrir, að Ísland geti orðið ferðamannaland í ríkari mæli en verið hefur.

I. kafli frv. er um almennar ferðaskrifstofur, II. kafli um ferðamálaráð, og er gert ráð fyrir, að skipað sé 8 manna ferðamálaráð, sem geri till. til ráðh. um ýmislegt það, er varðar ferðamál. Gert er ráð fyrir, að ferðamálaráð verði ólaunað. III. kafli er um Ferðaskrifstofu ríkisins, IV. kafli um ferðamálasjóð og V. kafli um ýmis ákvæði.

Helzta atriðið í þessu frv. er það, að einkaréttur Ferðaskrifstofu ríkisins er afnuminn með þessu frv. og gert ráð fyrir því, að aðrar ferðaskrifstofur geti starfað á sama vettvangi og Ferðaskrifstofa ríkisins hefur gert. Er gert ráð fyrir því, að með því að rýmka um þetta geti orðið meiri fyrirgreiðsla af hendi ferðaskrifstofanna í landinu en verið hefur, en eins og kunnugt er, hafa verið hér starfandi nokkrar ferðaskrifstofur. Starfsemi þeirra hefur miðazt við það að koma fólki úr landi, Íslendingum, til þess að ferðast erlendis, en ekki að laða erlenda ferðamenn hingað. Strangar kröfur verða gerðar til þeirra, sem setja upp ferðaskrifstofur. Þeir verða að setja tryggingarfé, og þeir verða að uppfylla viss skilyrði um hæfni til þess að fá þau réttindi að veita ferðaskrifstofu forstöðu. Þá er það og nýmæli, að gert er ráð fyrir föstu framlagi til landkynningar, sem verði notað eftir till. ferðamálaráðs, eftir því sem rn. telur heppilegt. Þessi landkynning getur farið fram eftir ýmsum hætti, með því að gefa út pésa til kynningar fyrir ferðamenn og með öðrum hætti, eftir því sem hentugt þykir. Þá er gert ráð fyrir, að unnið verði að því að hagnýta skóla til dvalar fyrir gesti og taka upp hótelrekstur þar að sumrinu til með samþykki ráðh. Enginn vafi er á því, að með góðu samkomulagi við forstöðumenn skólanna mætti hafa mikil not af þeim fyrir ferðamenn yfir sumarið, en eins og kunnugt er, þá er hér gistihúsaskortur, ef um það væri að ræða, að ferðamannastraumur beindist til landsins í auknum mæli frá því, sem verið hefur. Og þá er gert ráð fyrir náinni samvinnu milli ferðaskrifstofanna og ferðamálaráðs og gert ráð fyrir, að ferðamálaráð beiti sér fyrir því að stofna ferðamálafélög og vinna á annan hátt að aukinni kynningarstarfsemi og áhuga erlendra manna á því að heimsækja Ísland. En þetta er vitanlega ekki þýðingarlítið atriði, að Ísland geti orðið ferðamannaland fram yfir það, sem verið hefur. Við vitum, að ferðamenn skilja eftir mikinn gjaldeyri í landinu og sú starfsemi, sem miðar að því að veita ferðamönnum greiða, borgar sig ekki síður en margt annað, sem við önnumst í ýmsum atvinnugreinum. Ferðaskrifstofa ríkisins mun starfa með svipuðum hætti og aðrar ferðaskrifstofur. Hún er laus við það að setja tryggingarfé, enda er hún ekki privataðili, starfar á vegum ríkisins, og þess vegna er ekki um það að ræða. Gert er ráð fyrir því að stofna ferðamálasjóð, en hlutverk hans er að stuðla að byggingu gisti- og veitingahúsa og greiða fyrir því, að gistihúsakostur verði aukinn. Gert er ráð fyrir, að árlegt framlag í ferðamálasjóð verði 1 millj. kr., en ferðamálasjóður hefur einnig heimild til lántöku til að greiða fyrir byggingu gisti- og veitingahúsa.

Ég veit ekki, hvort ástæða er til að fjölyrða meira um frv. Það er nákvæm og skýr grg., sem fylgir, sem segir alveg um það, hvernig ætlazt er til, að þessi lög nái tilgangi sínum. Ég held, að það sé enginn vafi á því, að frv., eins og það er úr garði gert, miðar í rétta átt. Það er samið af n., sem var skipuð á s. l. ári, og í n. áttu sæti Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri, sem var formaður, Sigurður Bjarnason alþm. og Þorleifur Þórðarson forstjóri Ferðaskrifstofu ríkisins. N. leitaði upplýsinga hjá öllum þeim aðilum, sem hugsanlegt var, að gætu gefið ráðleggingar í þessu efni, og samkomulag varð innan n. um öll aðalatriðin.

Það er eins og kunnugt er, að Ferðaskrifstofa ríkisins hefur haft einkaaðstöðu hér, og væri því ekkert óeðlilegt, þótt forstjóri Ferðaskrifstofunnar hefði haft tilhneigingu til þess að hafa þennan einkarétt áfram. En það má segja honum til lofs, að hann hefur fallizt á, að þessi einkaréttur Ferðaskrifstofu ríkisins verði ekki lengur fyrir hendi, og það er vitanlega miklu síður ástæða til þess nú en kannske var í byrjun, því að nú hefur margt breytzt, og það má ætla, að starfsemin aukist mjög frá því, sem verið hefur. Við vitum, að ferðamannastraumurinn hefur aukizt til landsins þrátt fyrir slæm skilyrði til að taka á móti erlendum ferðamönnum, og því verður ekki neitað, að það hlýtur að verða meiri landkynning og meira gert til að laða ferðamenn til landsins og kynna landið, ef það eru fleiri aðilar, sem vilja við þetta fást, heldur en einn. Og án þess að vanþakka nokkuð starfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins, þá held ég, að menn geti verið sammála um það, að starfið sé nú orðið svo umfangsmikið, að það sé eðlilegt og beinlínis æskilegt, að þarna komi fleiri aðilar til en Ferðaskrifstofa ríkisins ein.

Ég held, að það sé ekki ástæða til að fara fleiri orðum um þetta mál, þar sem frv. liggur frammi ásamt glöggri grg. En ég vænti þess, að þar sem ég reikna ekki með, að þetta verði deilumál, þá megi það verða að lögum á þessu þingi, þótt það hafi komið í seinna lagi fram.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. samgmn.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Ég hef aðeins lesið þetta frv. til l. um ferðamál lauslega yfir, en ef ég á að segja álit mitt á því, þá er það á þá leið, að mér sýnist það frekar vel úr garði gert og í því vera ýmis merk ákvæði og jafnvel merk nýmæli. Ég stend þess vegna ekki upp til að gagnrýna þetta frv., hvorki almennt né í einstökum atriðum. Að sjálfsögðu mun þessi hv. d. athuga frv. nánar í meðferð. En ég stend upp af því, að mér sýnist vera vert á þessu stigi að benda á eitt atriði, sem gæti, ef það yrði samþ. óbreytt, komið til með að stangast á við önnur lög eða réttara sagt stangast á við ákvæði í frv., sem einmitt liggur nú fyrir hjá hv. samgmn.

Ég fagna því, að ekki var horfið að því óráði að leggja Ferðaskrifstofu ríkisins niður. Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að hún haldi áfram að starfa og hún gegni áfram miklu og mikilvægu hlutverki, eins og nánar er rakið í III. kafla þessa frv. Í 17. gr. frv. segir, að Ferðaskrifstofa ríkisins skuli fylgjast með hvers konar starfsemi í landinu varðandi móttöku ferðamanna, bæði að því er snertir verðlag, gæði, þjónustu og viðurgerning, og Ferðaskrifstofan á enn fremur að líta eftir umgengni og aðbúnaði á gistihúsum og veitingahúsum, farfuglaheimilum, gistiheimilum og greiðasölustöðum. Hér fer ekki á milli mála, að Ferðaskrifstofu ríkisins er ótvírætt falið eftirlit með gistihúsum og veitingahúsum.

Í frv. til l. um veitingasölu, gististaðahald o. fl., sem þegar hefur verið til afgreiðslu í hv. Nd. og liggur nú hjá hv. samgmn. þessarar d., er ákvæði, sem algerlega stangast á við þetta ákvæði í 17. gr. þessa frv. Í 19. gr. frv. til l. um veitingasölu, gististaðahald o. fl. segir:

„Ráða skal sérfróðan mann til þess að hafa á hendi eftirlit með starfsemi gisti- og veitingastaða, og starfar eftirlitsmaður undir stjórn landlæknis. Heimilt er landlækni að fela sérstökum heilbrigðiseftirlitsmönnum, sem starfandi eru í kaupstöðum, eftirlit þar. Eftirlitsmaður skal leita aðstoðar heilbrigðisnefnda og héraðslækna, þar sem hann eða landlæknir telja þess þörf. Ákvörðunum eftirlitsmanns svo og heilbrigðiseftirlits má skjóta til ráðuneytis."

Ég fæ ekki betur séð en þarna eigi tveir aðilar að hafa eftirlitið með höndum, því að það segir í 17. gr., að Ferðaskrifstofan skuli líta eftir umgengni og aðbúnaði á gistihúsum og veitingahúsum. Það má kannske segja, að það geti aldrei orðið of mikið af svo góðu. Það er ágætt að hafa fleiri en einn aðila til þess að líta eftir þessu mikilvæga atriði í okkar ferðamálum, gistihúsunum og veitingahúsunum. En það gæti verið, að vesalings gistihúsaeigendunum og veitingastaðaeigendunum þætti nóg um, hvað sem öðrum líður. Og það vill svo til, að höfundar frv. til l. um veitingasölu, gististaðahald o. fl. hafa einmitt viljað taka þetta eftirlit úr höndum Ferðaskrifstofu ríkisins. Í skýringum þeirra við 19. gr. frv. segir svo á bls. 12, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú verður því ekki neitað, að Ferðaskrifstofa ríkisins á mikil viðskipti við gisti- og veitingastaði. Ferðamannahópar á vegum skrifstofunnar ferðast víða um land, og fararstjórar Ferðaskrifstofu ríkisins annast uppgjör við gisti- og veitingastaði."

Svo segir:

„Virðist því óeðlilegt, að þessum viðskiptaaðila gisti- og veitingastaðanna sé jafnframt falið eftirlit með starfsemi þeirra."

Hér er ótvírætt kveðið að orði. Hér er ótvírætt um breytingu að ræða af ráðnum hug að taka eftirlitið úr höndum Ferðaskrifstofu ríkisins og fela það öðrum aðilum undir yfirstjórn landlæknis. Ég er ekki að taka afstöðu með eða móti, hvort heppilegra sé á þessu stigi. Ég vil aðeins benda á þetta, sérstaklega hlutaðeigandi nefnd, að hún geri þennan samanburð og athugi, hvort hún komist ekki að raun um, að hér er um visst ósamræmi að ræða í þessu atriði.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. 9. þm. Reykv. fyrir góðar undirtektir við frv. Út af fyrir sig er ekki nema eðlilegt, að hann að lítið athuguðu máli telji um ósamræmi að ræða í þessum tveimur frv. En ég hygg, að hann sjái það, þegar hann athugar málið betur, að þetta getur staðizt, að samþykkja bæði þessi frv. óbreytt, og þetta rekst ekki á. Að Ferðaskrifstofunni er ætlað að hafa eftirlit, eins og greinir í frv., það hlýtur að vera til bóta. En ég ætla ekki að lesa upp 17. gr. aftur, það var gert áðan, en í niðurlagi 17. gr. er sagt:

„Finni Ferðaskrifstofan ástæðu til umvöndunar, skal hún gera viðkomandi aðilum og ferðamálaráði viðvart um það eða, ef ástæða þykir til, gisti- og veitingahúsaeftirliti."

Það er gert ráð fyrir, að það verði til, skv. lögum um gistihúsahald og veitingasölu. En það væri vitanlega óeðlilegt, að Ferðaskrifstofa ríkisins, sem starfar á vegum ríkisins, hefði ekki í rauninni eftirlit, eins og kveður á í 17. gr., um þrifnað og annað þess konar, því að það er vitað, að fulltrúar Ferðaskrifstofu ríkisins ferðast mikið um landið og koma víða við, og það er aðeins til þess að létta undir með gisti- og veitingastaðaeftirliti, að fulltrúar frá Ferðaskrifstofu ríkisins hafa skv. 17. gr. möguleika eða rétt til að fylgjast með þessum málum.

Í 19. gr. laga um veitinga- og gistihúsahald er gert ráð fyrir að ráða sérfróðan mann til að hafa á hendi eftirlit með starfsemi gisti- og veitingastaða, og starfar eftirlitsmaðurinn undir stjórn landlæknis. Nú er það vitað, að þessi eini maður, sérfróði maður, sem er ráðinn til þessa starfa, kemst ekki yfir það að ferðast til allra veitinga- og gististaða í landinu, a. m. k. ekki á einu sumri eða einu ári. Með því að lögfesta ákvæði 17. gr. í því frv., sem hér um ræðir, um ferðamál, og ákvæði 19. gr. frv. um veitinga- og gistihúsahald, um gisti- og veitingastaðaeftirlit, er hér komið upp tveimur aðilum, sem ætlazt er til að vinni saman. Ég mæli sízt gegn því, að hv. samgmn., sem fær frv. til meðferðar, athugi þetta nánar frá sjónarmiði löggjafans, hvort þetta stangast á, en mér sýnist það alls ekki, og því síður, sem ég athuga það betur. Ég vil geta þess, að formaður þeirra nefnda, sem sömdu þessi frv. bæði, er einn og sami maðurinn, ráðuneytisstjórinn í samgmrn., og þetta hefur borizt í tal á milli okkar, og ákvæðin, sem hér um ræðir, eru að yfirlögðu ráði sett þarna inn, en ekki af vangá eða fljótfærni. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu,

en það er vitanlega nefndarinnar og hv. deildar að skera svo úr um það, hvort ástæða þykir til að breyta þessu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til samgmn. með 13 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 454, n. 607).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Samgmn. hefur athugað þetta frv. til l. um ferðamál.

Í þessu frv. eru 3 meginatriði. Það er í fyrsta lagi, að stofnað er svonefnt ferðamálaráð, sem greinir frá í 11. gr. frv. Ráð þetta skal skipað 9 mönnum, og aðilarnir, sem tilnefna menn í ráðið, eru: Eimskipafélag Íslands, Félag sérleyfishafa, Ferðafélag Íslands, Flugfélag Íslands h.f., Loftleiðir h.f., Ferðaskrifstofa ríkisins, Samband veitinga- og gistihúsaeigenda og Landssamband íslenzkra ferðaskrifstofa, auk þess er svo formaður ráðsins skipaður af ráðh. En um hlutverk ferðamálaráðs er greint í 12. gr., og þar segir m. a., að hlutverk þess sé: að vera Alþingi og ríkisstj. ráðgefandi um allt, er varðar ferðamál í landinu, að gera áætlanir og tillögur um skipan gistihúsamála í landinu og að inna af hendi annað það, sem ráðinu er sérstaklega falið með lögum þessum eða á annan hátt.

Annað meginatriði frv. er um Ferðaskrifstofu ríkisins. Lögin um Ferðaskrifstofu ríkisins eru felld niður, en í staðinn eru ákvæði um hana tekin upp í þetta frv. Jafnframt er sú höfuðbreyting gerð, að afnuminn er einkaréttur Ferðaskrifstofunnar til þess að taka á móti erlendum ferðamönnum.

Þriðja meginatriði frv. er um ferðamálasjóð, en um hann eru ákvæði í IV. kafla frv., en þar segir, að stofna skuli sjóð, sem nefnist ferðamálasjóður. Hlutverk hans er að stuðla að byggingu gisti- og veitingahúsa í landinu og bæta þannig skilyrði til að veita innlendu og erlendu ferðafólki sem beztar móttökur og aðbúð. Árlegt framlag til ferðamálasjóðs úr ríkissjóði skal eigi vera lægra en 1 millj. kr. Þá er ferðamálasjóði heimilað með samþykki ráðh. að taka 20 millj. kr. lán og fjmrh. heimilað að ábyrgjast slíkt lán fyrir hönd ríkissjóðs. Samgmrh. skal hafa yfirumsjón með vörzlu ferðamálasjóðs og fela bönkum umsjón sjóðsins, vörzlu hans, bókhald, innheimtur og útborganir. Lán úr ferðamálasjóði veitast eigendum gisti- og veitingahúsa eða opinberum aðilum til þess að bæta aðstöðu til móttöku ferðafólks, svo sem til bygginga, endurbóta á húsnæði eða kaupa á húsgögnum og öðru slíku. Hins vegar er óheimilt að veita rekstrarlán úr ferðamálasjóði. Umsóknir um lán úr ferðamálasjóði skulu sendar ferðamálaráði, sem gerir rökstudda till. til samgmrh. um lánveitingar.

Við athugun á þessu frv. var samgmn. sammála um að gera á því tvær breytingar og þær brtt. liggja fyrir á þskj. 607.

Fyrri brtt. er við 11. gr. og er eingöngu leiðrétting á prentvillu. Þar stendur, að samgmrh. skipi 7 menn í ferðamálaráð til 3 ára í senn. Síðan eru taldir upp 8 aðilar, sem eiga að skipa hver um sig einn mann í ráðið, auk þess sem á að skipa formann, þann 9., þannig að talan 7 er auðsjáanlega prentvilla eða einhver mistök, sem þarf að leiðrétta, og um það fjallar fyrri brtt., að í staðinn fyrir 7 komi 9.

Önnur brtt., sem n. flytur, er varðandi 17. gr. frv., en í 1. mgr. 17. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ferðaskrifstofa ríkisins fylgist með hvers konar starfsemi í landinu varðandi móttöku ferðamanna, bæði hvað snertir verðlag, gæði, þjónustu og viðurgerning, og lítur eftir umgengni og aðbúnaði á gistihúsum og veitingahúsum, farfuglaheimilum, gistiheimilum og greiðasölustöðum.“ Nefndin leit svo á, að með frv. því, sem verið hefur til afgreiðslu hér í þessari hv. d. varðandi veitingahúsarekstur og gistihúsahald, þá samrýmist þessi 17. gr. ekki því frv., vegna þess að í frv. um veitingahúsarekstur og gistihúsahald var eftirlitsskylda Ferðaskrifstofu ríkisins með veitinga- og gistihúsum eiginlega felld niður og falin sérstökum eftirlitsmanni, sem átti að starfa undir stjórn landlæknis. Að vísu má segja, að það eftirlit sé í höfuðatriðum heilbrigðiseftirlit, þó að það sé ekki skýrt tekið fram í frv. um veitingahúsa- og gistihúsarekstur, en ef þessari 17. gr. yrði ekki breytt, gat þarna orðið misræmi milli þessara tveggja frv. og reyndar ætti að líta þannig á, að sumar tegundir þessa eftirlits væru í höndum tveggja aðila, sem út af fyrir sig var óheppilegt og gat skapað óvissu og togstreitu. Þá taldi n. rétt að stytta þennan 1. málsl. 17. gr. og breyta lítils háttar orðalaginu, þannig að 1. málsl. hljóðaði eins og í brtt. segir: „Ferðaskrifstofa ríkisins fylgist með hvers konar starfsemi í landinu varðandi móttöku ferðamanna, bæði að því er snertir verðlag og annað.“ Hins vegar eru felld niður orðin „gæði, þjónustu og viðurgerning og lítur eftir umgengni og aðbúnaði á gistihúsum og veitingahúsum“ o. s. frv., þannig að það truflar ekkert veitingahúsaeftirlitið, sem er fyrst og fremst heilbrigðiseftirlit, þó að Ferðaskrifstofan líti eftir verðlagi og fylgist almennt með hvers konar starfsemi í landinu varðandi móttöku ferðamanna. Enda segir líka síðar í þessari 17. gr., að Ferðaskrifstofan skuli vera ráðgefandi um það, hvað betur megi fara í aðbúnaði og rekstri gisti- og greiðasölustaða, og enn fremur finni Ferðaskrifstofan ástæðu til umvöndunar, skuli hún gera viðkomandi aðilum og ferðamálaráði viðvart um það, ef ástæða þykir til, og ef ástæða þykir til gisti- og veitingahúsaeftirlitinu eða öðrum þeim aðilum, sem slíkt eftirlit er falið í veitingalögum.

Brtt. þessi er fyrst og fremst gerð í því skyni að samræma þetta eftirlit, svo að vissar tegundir þessa eftirlits séu ekki á hendi tveggja aðila. Telur n., að eftirlit, sem sett er á laggirnar með frv. um veitingahúsa- og gistihúsahald, sé nægjanlegt.

N. hefur orðið sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt að öðru leyti en þessum tveimur brtt., sem hér er lýst og eru á þskj. 607.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
7.—10. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 607,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
12.—16. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 607,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
18.—40. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 621).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 71. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 72. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): *Herra forseti.* Frv. þetta er komið frá Ed. og gekk í gegnum þá d. með aðeins örlitilli breytingu á 17. gr., sem er ekki efnisbreying, heldur miklu frekar orðabreyting.

Frv. er samið af n., sem skipuð var 29. júní s. l. Í n. áttu sæti Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri, formaður, Sigurður Bjarnason ritstjóri og Þorleifur Þórðarson forstjóri Ferðaskrifstofu ríkisins.

Frv. þetta er í 4 köflum. I. kafli er um almennar ferðaskrifstofur, II. kafli um ferðamálaráð, en gert er ráð fyrir skv. frv. að stofna ferðamálaráð, sem starfi ólaunað, III. kafli um Ferðaskrifstofu ríkisins, IV. kafli um ferðamálasjóð, sem gert er ráð fyrir að stofna með þessu frv., og V. kafli ýmis ákvæði.

Það hefur lengi verið til umr., bæði hér á Alþingi og utan þings, hvernig skipa bæri ferðamálum okkar, hvað bæri að gera til þess að auka ferðamannastrauminn hingað, til þess að þjóðin gæti fengið vaxandi gjaldeyristekjur af ferðamönnum, eins og margar aðrar þjóðir hafa gert. Hér hefur starfað lengi Ferðaskrifstofa ríkisins og nú síðustu árin nokkrar aðrar ferðaskrifstofur, sem hafa þó ekki rétt til að taka á móti erlendum ferðamönnum að neinu ráði, og hefur það þótt standa nokkuð í vegi fyrir því, að erlendir ferðamenn sæktu til Íslands. Skv. þessu frv. er gert ráð fyrir, að Ferðaskrifstofa ríkisins starfi áfram, hún njóti nokkurra hlunninda, nokkurs styrks framvegis, en hún hafi jafnframt með höndum almenna leiðbeiningastarfsemi og nokkurt eftirlit með öðrum ferðaskrifstofum.

Þá er gert ráð fyrir að stofna 9 manna ferðamálaráð, sem starfi ólaunað, og skal formaður þess vera skipaður án tilnefningar, en eftirtaldir aðilar tilnefni einn mann hver: Eimskipafélag Íslands, Félag sérleyfishafa, Ferðafélag Íslands, Flugfélag Íslands h.f., Loftleiðir h.f., Ferðaskrifstofa ríkisins, Samband veitinga- og gistihúsaeigenda, Landssamband íslenzkra ferðaskrifstofa. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt í ferðamálaráð. Gert er ráð fyrir, að ferðamálaráð geti verið ráðgefandi og leiðbeinandi í ýmsum atriðum hvað ferðamál snertir.

Um Ferðaskrifstofu ríkisins er fátt að segja annað en hún starfar áfram á svipaðan hátt og verið hefur, nýtur nokkurs styrks, en er ætlað skv. 17. gr. þessa frv. að hafa almennt eftirlit með ferðamálastarfseminni.

Þá er hér nýmæli. Það er IV. kafli, um ferðamálasjóð. Hlutverk ferðamálasjóðs er að stuðla að byggingu veitinga- og gistihúsa í landinu og bæta þannig skilyrði til að veita bæði innlendu og erlendu fólki sem beztar móttökur og aðbúð. Þá er gert ráð fyrir, að greiða skuli árlega úr ríkissjóði framlag til ferðamálasjóðs, eigi lægri upphæð en 1 millj. kr. Þess skal geta, að gert er ráð fyrir, að ferðamálasjóður fái á þessu ári 3 millj. kr. skv. fjáröflunaráætlun ríkisstj., eins og hv. þingmenn hafa séð að tekið er fram í þjóðhagsáætluninni. Þá er fé sjóðsins til ráðstöfunar á þessu ári 4 millj. kr., og má segja, að það sé spor í rétta átt til þess að koma af stað ýmsu, sem til bóta má verða fyrir ferðamálastarfsemina í landinu.

Þetta eru aðalatriði frv.

Þess ber að geta, að forstöðumenn fjögurra stærstu ferðaskrifstofa, sem starfandi eru í landinu, hafa sent mótmælabréf gegn þessu frv. og telja, að það muni ekki ná þeim tilgangi, sem því sé ætlað, í því formi, sem það er. Í bréfinu taka þessir forstöðumenn ekki fram, hvað það er, sem þeir finna frv. helzt til foráttu, en ég vil að þessu gefna tilefni mælast til þess við hv. samgmn., að hún athugi, hvað það er, sem forstöðumenn ferðaskrifstofanna hafa sérstaklega við frv. að athuga, hvaða breyt. þeir vilja gera, og mér finnst sjálfsagt að hlusta á þessa aðila, ef þeir hafa rök fram að færa, og ég vil sérstaklega vekja athygli á þessu við n.

Annað hef ég ekki um þetta mál að segja. Ég hef talið, að þetta frv. væri að ýmsu leyti til bóta frá því, sem verið hefur. Og hvað ferðamálasjóð snertir, þá er það algert nýmæli og raunverulega fyrsta sporið, sem stigið er í áttina til þess að bæta úr veitinga- og gistihúsaskorti, sem er í landinu. Og það eru vitanlega léttvæg rök, sem stundum hafa komið fram, að það væri Ferðaskrifstofa ríkisins, hversu lítið hún hefði látið að sér kveða, sem hafi staðið í vegi fyrir auknum ferðamannastraumi til landsins. Ég hygg, að það sé ekki síður og miklu fremur það, að vantað hefur aðstöðu til að taka á móti ferðamönnum, en þetta frv. er stórt spor í áttina til þess, að það geti orðið. Eigi að síður finnst mér sjálfsagt að kanna til hlítar, hvað það er, sem forstöðumenn annarra ferðaskrifstofa hafa fram að bera til breytingar á þessu máli, því að óneitanlega hafa ýmsir af þessum mönnum talsverða reynslu í því að taka á móti ferðamönnum, og það mætti vera, að þeir hefðu brtt. við frv., sem gætu verið til bóta, og þá er sjálfsagt að taka tillit til þess.

Ég legg svo til, að frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og til hv. samgmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til samgmn. með 29 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

24. Ríkisábyrgðir (frv. HS og BFB).

Á 2. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt á l. nr. 37 1961, um ríkisábyrgðir [11. mál] (þmfrv., A. 11).

Á 4. fundi í Nd., 18. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 5. fundi í Nd., 19. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 11 höfum við hv. 4. þm. Sunnl. leyft okkur að flytja frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 frá 1961, um ríkisábyrgðir. Við fluttum sams konar frv. hér á síðasta Alþingi, en það náði þá ekki fram að ganga, en frv. er nú flutt í þeirri von, að betur takist til á þessu þingi.

Eins og kunnugt er, er það tilgangur ríkisins með því að veita ábyrgðir að stuðla að uppbyggingu í landinu. Ríkissjóður hefur á þennan hátt tekið veigamikinn þátt í uppbyggingu, bæði hjá sveitarfélögum og ýmsum atvinnufyrirtækjum.

Á árinu 1961 voru sett lög um ríkisábyrgðir, og í 2. gr. þeirra laga er það tekið fram, að ríkið megi ekki ganga í sjálfskuldarábyrgð, nema slíkt sé sérstaklega ákveðið í lögum þeim, sem ábyrgðina heimila. Þetta ákvæði ríkisábyrgðarlaganna hefur komið mjög hart við hin einstöku sveitarfélög, eins og ég skal nú greina, og gera grein fyrir því, af hverju frv. okkar gerir eingöngu ráð fyrir því að ná til sveitarfélaganna.

Í einstökum lagabálkum, svo sem lögum um vatnsveitur, rafveitur og hitaveitur og hafnir, er ríkissjóði heimilað, auk þess sem sumar af þessum framkvæmdum eru sérstaklega styrktar, að ábyrgjast einnig lán vegna þessara framkvæmda, og er þá venjulega tekið fram, að lán og styrkur megi vera svo og svo mikið af framkvæmdinni í heild. Í þessum lögum er ekki skilgreint, hvort um er að ræða sjálfskuldarábyrgð eða einfalda ábyrgð. Í framkvæmdinni hefur það verið svo, að ríkissjóður hefur fram til þess, að lögin um ríkisábyrgðir voru sett, gefið út sjálfskuldarábyrgð til handa þessum sveitarfélögum, sem hafa þurft að halda á ábyrgðinni, og mun það vera meiri hl. af sveitarfélögum landsins eða a. m. k. öll þau, sem með slíkar framkvæmdir hafa að gera. En með l. um ríkisábyrgðir frá 1961 er loku fyrir þetta skotið, þar sem þessir eldri lagabálkar skilgreina það ekki, að hér skuli vera um sjálfskuldarábyrgð að ræða.

Þá er í öðru lagi, að einföld ábyrgð kemur ekki sveitarfélögunum að því liði, sem hún kemur einstaklingunum, þar sem um það er að ræða, að ábyrgðaraðilanum er ekki hægt að ganga, fyrr en búið er að ganga að skuldaranum sjálfum. Nú er það kunnugt, að það er yfirleitt ekki hægt að ganga að sveitarfélögum, því að framkvæmdir eins og t. d. vatnsveitur eru ekki veðhæfar sem slíkar og verða ekki seldar á nauðungaruppboði. Þetta þýðir það, að lánastofnanir, sem að öðrum kosti lána út á ríkisábyrgðir, geta ekki lánað sveitarfélögunum, ef um einfalda ábyrgð er að ræða. Þess vegna er sveitarfélagið verr sett en einstaklingurinn eða hlutafélögin, þegar til ríkisábyrgða kemur, þar sem þeirra ábyrgðir verða yfirleitt ekki gjaldgengar, þegar um einfalda ábyrgð er að ræða.

Í öðru lagi er það, að í 5. gr. l. um ríkisábyrgðir er ríkissjóði heimilað að taka hvers konar greiðslur, sem viðkomandi sveitarfélag á að fá, upp í áfallna ríkisábyrgð, þó að þær séu ekki um skylt efni. T. d. má taka greiðslu, sem sveitarfélag ætti að fá vegna skóla, upp í áfallna ríkisábyrgð vegna hafnargerðar. Þetta atriði laganna gerir það að verkum, að ríkissjóður er betur settur til að afturkalla eða endurheimta ríkisábyrgðarlán, sem hann hefur innt af hendi fyrir sveitarfélög. Það er því auðveldara að innheimta hjá sveitarfélaginu en hjá einstaklingum. Af þeirri ástæðu er einnig ástæða til þess, að sveitarfélagið sitji ekki við verra borð en einstaklingar og félög á þessu sviði.

Eins og lögunum er háttað í dag, er því þannig varið, að sveitarfélög eiga miklu erfiðara með og næstum því ókleift fyrir sveitarfélög að hagnýta sér ríkisábyrgð vegna ákvæðis þessarar greinar ríkisábyrgðarlaganna. Og þegar það kemur til viðbótar, að ríkissjóður á auðveldara með að innheimta hjá sveitarfélagi en einstaklingum, þá virðist þessi breyting vera eðlileg og sjálfsögð.

Ef frv. það, sem við hv. 4. þm. Sunnl. flytjum hér á þskj. 11, verður að lögum, geta sveitarfélögin aftur fengið sjálfskuldarábyrgðir og þannig hagnýtt sér þá aðstoð, sem ætlazt er til að ríkið veiti þeim með hinum einstöku lögum, sem ég vitnaði til hér í upphafi máls míns. Það er því von okkar flm., að skilningur hv. alþm. verði sá, sem eðlilegt er, að sveitarfélög eigi ekki að sitja hér við verra borð en aðrir og þess vegna verði þessi breyting samþ. hér á hv. Alþingi.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Eins og kunnugt er, hafa ríkisábyrgðir af margvíslegum lánum til framkvæmda og annars verið veittar í mjög stórum stíl á undanförnum árum, jafnvel áratugum. Og það hefur farið sífellt í vöxt, að greiðslur vegna slíkra ríkisábyrgðarlána hafa fallið á ríkissjóð, vegna þess að skuldarinn sjálfur, sem gengið var í ábyrgð fyrir, hefur af einhverjum ástæðum ekki staðið í skilum. Þessar upphæðir, sem ríkissjóður hefur þannig þurft að leggja út, hafa farið mjög vaxandi undanfarin ár, námu á s. l. ári í kringum 70 millj. kr.

Það var, að ég ætla, öllum þingheimi orðið ljóst fyrir nokkru, að hér þyrfti að koma nýrri skipan á. Þess vegna var samþ. á Alþingi fyrir fáum

árum till. til þál. um að undirbúa nýja löggjöf um ríkisábyrgðir með það fyrir augum að reyna að koma fastri skipan á veitingu ríkisábyrgða og forða ríkissjóði frá þeim miklu töpum, sem hann hefur orðið og kann að verða fyrir.

Árangur þess varð sá, að ríkisstj. flutti frv. til l. um ríkisábyrgðir, sem samþykkt var sem lög nr. 37 frá 1961. Eru þar settar fastari reglur en áður var um veitingu ríkisábyrgða, eftirlit með þeim lántakendum, sem ríkisábyrgð hafa fengið, o. s. frv., og skal ég ekki rekja efni þeirra laga hér að öðru en að minnast á eitt atriði, vegna þess að um það fjallar það frv., sem hér liggur fyrir.

Fram að gildistöku þessara laga um ríkisábyrgðir var það aðalregla, að sú ábyrgð, sem ríkissjóður veitti, var sjálfskuldarábyrgð svokölluð, en greint er á milli sjálfskuldarábyrgðar og einfaldrar ábyrgðar. Með sjálfskuldarábyrgð er málum svo háttað, að þegar greiðsla fer ekki fram á réttum gjalddaga, þá er lánveitanda heimilt að innheimta þá greiðslu þegar í stað hjá ábyrgðarmanni, án þess að ganga úr skugga um, hvort skuldarinn getur borgað, jafnvel án þess að gera tilraun til þess að innheimta skuldina hjá honum. Um einfalda ábyrgð er því hins vegar þann veg farið, að áður en lánveitandinn getur gengið að ábyrgðarmanni, þ. e. a. s. ríkissjóði í þessu tilfelli, verður lánveitandinn að ganga úr skugga um það, hvort unnt er að innheimta skuldina hjá skuldaranum sjálfum. Á þessu er að sjálfsögðu bæði að lögum og í framkvæmd geysilegur munur. Og í framkvæmdinni var þetta orðið svo, að í fjölmörgum tilvikum leitaðist lánveitandinn ekki einu sinni við að fá greiðslu hjá hinum rétta skuldara, heldur þótti honum hægara um vik að snúa sér beint til ríkissjóðs, um leið og vanskil urðu, og krefja greiðslu af honum, sem þá oftast varð að inna af hendi. Það var auðvitað ljóst, að svo búið mátti ekki standa, og þetta fyrirkomulag var bæði háskalegt miðað við hagsmuni ríkissjóðs og í rauninni siðspillandi í fjármálum. Þegar svo er komið, að skuldari getur tekið lán og fengið ríkisábyrgð, og hann jafnvel í mörgum tilfellum farinn að reikna með því, eins og lánveitandinn sjálfur, að það skipti engu máli, þótt vanskil verði, þótt ekki sé staðið í skilum, því að lánveitandinn muni ganga beint að ríkissjóði og ríkissjóður leggja út, þá er slíkt ástand náttúrlega orðið óhafandi með öllu.

Af þessum ástæðum var það eitt af meginatriðum í þessari nýju löggjöf um ríkisábyrgðir að breyta hér um, þannig að þegar á annað borð væru efni til að veita ríkisábyrgðir, þá skyldi það vera einföld ábyrgð, en ekki sjálfskuldarábyrgð, og til þess að veita sjálfskuldarábyrgð þyrfti sérstaka skýlausa lagaheimild.

Þegar litið er yfir árangurinn þann stutta tíma, sem þessi lög hafa verið í gildi, sem er ekki nema nokkuð á annað ár, þá er sá árangur næsta undraverður. Síðan lögin gengu í gildi, hafa ekki verið veittar nema einfaldar ábyrgðir af ríkissjóðs hendi, nema þar sem alveg skýlausar heimildir hafa verið til annars. Og ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að þó að greiðslur samkv. mörgum þessara lána, sem veitt hafa verið síðan lögin gengu í gildi, hafi síðan fallið í gjalddaga, þá hefur ekki komið til þess í eitt einasta skipti, að greiðsla hafi verið heimtuð af ríkissjóði. Vegna þessarar breytingar hefur sem sagt orðið sú reyndin á, eins og til var ætlazt, að þegar vanskil verða, þá snýr lánveitandinn sér, eins og vera ber, til skuldarans og freistar þess að fá greiðslu hjá honum. Eftir þessari nýju skipan á það að verða svo, að það verði aðeins undantekningartilfelli, en ekki almenn regla, að út af vanskilum sé krafizt greiðslu hjá ríkissjóði.

Þessi árangur þennan stutta tíma er vissulega ánægjulegur og sýnir, að hér var rétt stefnt. Og það fer hvort tveggja saman, að með þessu er stefnt að bættu siðferði í fjármálum og um leið létt greiðslum af ríkissjóði.

Þegar menn svo vilja meta það, hvort með þessu, með einfaldri ábyrgð í stað sjálfskuldarábyrgðar, sé skuldara eða lántakanda veitt minni aðstoð en áður, þá hlýtur hver maður að sjá, að hin einfalda ábyrgð veitir lánveitandanum jafnmikla tryggingu að öllum jafnaði og sjálfskuldarábyrgðin. Munurinn er aðeins sá, að lánveitandinn þarf að hafa heldur meira fyrir því að ná inn skuldinni, ef vanskil verða. Í stað þess að snúa sér beint til ríkissjóðsins án þess að ganga úr skugga um, hvort skuldarinn geti greitt, jafnvel án þess að gera tilraun til þess að fá greiðslu hjá honum, verður hann nú fyrst að leita eftir greiðslu hjá skuldaranum og sanna, að þar sé greiðslu ekki að fá, áður en hann snýr sér til ríkissjóðs. En raunveruleg trygging fyrir því, að skuldin verði greidd að lokum, er auðvitað nákvæmlega sú sama, því að vitanlega mun ríkissjóður svo greiða þessa skuld, þótt einföld ábyrgð sé, þegar hin lögmætu skilyrði eru fyrir hendi.

Nú fer þetta frv., sem hér liggur fyrir, fram á að breyta í verulegum atriðum þessu ákvæði l. um ríkisábyrgðir, þannig, að þótt haldið sé reglunni um einfaldar ábyrgðir almennt, þá skuli það ekki gilda um lán eða ríkisábyrgðir vegna sveitarfélaga, þar skuli sjálfskuldarábyrgðin vera heimil og jafnvel vera almenn regla. Rökin fyrir þessari breytingu, sem mundi höggva alvarlegt skarð í þennan varnarmúr, sem lögin um ríkisábyrgðir reistu, eru þau, að sveitarfélögin verði svo illa úti vegna þessarar lagabreytingar, það bitni svo hart á sveitarfélögum, að einföld ábyrgð sé þeim lítils eða einskis virði, og síðan segir í grg.:

„Það hefur komið í ljós, að þetta hefur reynzt rétt, sem spáð hafði verið. Sveitarfélögum verður einföld ríkisábyrgð ekki að notum.“

Ég verð að segja, að mér kemur þetta ókunnuglega fyrir sjónir, því að mér eru ekki kunn dæmi þess, að sveitarfélagi hafi af hálfu lánsstofnunar verið neitað um lán vegna þess, að aðeins væri einföld ábyrgð af hendi ríkissjóðs, en ekki sjálfskuldarábyrgð. Mér er ekki kunnugt um dæmi þess. E. t. v. geta hv. flm. nefnt þess dæmi, og þá væri fróðlegt að heyra þau og hvaða aðilar og hvaða lánsstofnanir eiga þar hlut að máli.

Það skal að vísu tekið fram, að þegar þessi lög komu fyrst til framkvæmda, munu sumar lánsstofnanir ekki hafa verið harla ánægðar með þessa breytingu af eðlilegum ástæðum. Vitanlega er það þægilegra fyrir banka, sparisjóði og aðrar lánsstofnanir eða hvers konar lánveitendur að veita lán með sjálfskuldarábyrgð og geta, ef ekki

er greitt á gjalddaga, bara snúið sér beint í ríkissjóðinn, án þess að þurfa að eltast við skuldara. En hins vegar ætla ég, að lánsstofnanir hafi yfirleitt skilið nauðsyn þá, sem lá til grundvallar þessari lagasetningu, og beygt sig fyrir því. Ef einhver dæmi eru þess, að sveitarfélögum hafi verið synjað um lán, þar sem aðeins væri unnt að veita einfalda ábyrgð ríkissjóðs í stað sjálfskuldarábyrgðar, þá þætti mér fróðlegt að heyra þau dæmi tilgreind.

En í þessu sambandi kemur annað atriði til, sem ég get hugsað að blandist hér nokkuð inn í. Svo er mál með vexti, að á s. l. ári voru sett ný sveitarstjórnarlög, og í ákvæðum þeirra laga eru vissar reglur, sem hætt er við að geri sveitarfélögunum erfiðara fyrir um lánsútvegun en áður. Það segir svo í sveitarstjórnarlögunum, í 11. gr., að sala eigna og tækja, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmda, sem taldar eru þar áður, þ. e. a. s. ýmiss konar framkvæmda á vegum sveitarfélaga, sé óheimil, og sala á mannvirkjum þeirra einnig óheimil, sama máli gegni um veðsetningu þessara eigna nema til tryggingar skuldum, sem til er stofnað vegna kaupa þeirra eða byggingarkostnaðar. Og í 82. gr. sveitarstjórnarlaganna segir enn fremur, og það er það, sem mestu máli skiptir í þessu sambandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Eigi má framkvæma aðför í þeim eignum sveitarfélaga, sem óheimilt er að selja eða veðsetja."

Ef sveitarfélag leitar eftir láni og fær það og stendur ekki í skilum, þá er eftir þessu nýja ákvæði í sveitarstjórnarlögunum óheimilt að ganga að sveitarfélaginu eða gera aðför eða fjárnám í eignum þess, nema því aðeins að lánið hafi verið sérstaklega tekið til ákveðins mannvirkis, t. d. vegna vatnsveitu, vegna skólabyggingar, og verið veðsett þess vegna. Þá má gera aðför til lúkningar slíkum skuldum, en ekki vegna almennra lána eða skulda sveitarfélagsins.

Nú má það vel vera, að þegar sveitarfélög leita eftir lánum, þá muni lánsstofnanir hafa í huga þessi nýju ákvæði sveitarstjórnarlaganna, sem almennt banna aðför í eignum sveitarfélaganna. Og mér kæmi ekkert á óvart, þó að þetta nýmæli kunni að rýra nokkuð lánsmöguleika eða lánstraust sveitarfélaganna. Því miður mun það hafa verið svo, þegar þetta mál var til meðferðar á Alþingi, að þessu atriði hafi ekki verið nægur gaumur gefinn, og ég vil varpa því fram í þessu sambandi, hvort ekki er ástæða til þess að athuga nánar þessi nýju ákvæði sveitarstjórnarlaganna frá í fyrra og hvort þau kunna að hafa dregið úr lánamöguleikum sveitarfélaganna.

Ég ætla, að í sambandi við þetta mál og það, sem ég veit að vakir fyrir hv. flm., þá muni þessi ákvæði sveitarstjórnarlaganna vera sveitarfélögunum óhagkvæmari en hið nýja ákvæði í ríkisábyrgðalögunum um einfalda ábyrgð.

Ég vildi beina því til þeirrar nefndar, sem fær þetta mál til meðferðar, að hún kanni einnig þessa hlið málsins.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af ræðu hæstv. fjmrh. vildi ég segja nokkur orð.

Í fyrsta lagi vil ég segja, að það er fjarri mér að vilja stefna að því með þessu frv., að vanskil eigi sér stað. Þegar frv um ríkisábyrgðir var til meðferðar hér á hv. Alþingi, tók ég þátt í umr. um það mál og lýsti þá þeirri skoðun minni, að ég væri fylgismaður þess, að að þessum málum væri það vel búið, að vanskil ættu sér ekki stað vegna hirðuleysis. Og svo er fyrir að þakka, að það sveitarfélag, sem ég veiti forstöðu, hefur ekki þurft á því að halda, að ríkissjóður greiddi fyrir það af lánum þess, þó að með ríkisábyrgð væru. Hins vegar hef ég rekið mig á það, að þetta ákvæði laganna um ríkisábyrgðir hefur orðið sveitarfélögunum erfitt.

Eins og ég benti á hér í minni ræðu og fram kom í seinni hluta ræðu hæstv. fjmrh., þá er ekki eins auðvelt að ganga að sveitarfélagi og að einstaklingum, og þess vegna er einföld ábyrgð þeim ekki jafnhaldgóð og hlutafélögum eða einstaklingum. Það hefur komið fram í þeim lánsstofnunum, sem ég hef rætt við um þessi viðskipti. Þær hafa yfirleitt talið, að um einfalda ábyrgð fyrir sveitarfélög gæti vart verið að ræða, þar sem möguleikar til þess að ganga að þeim væru það litlir. Og fyrirtæki eins og vatnsveitur eru yfirleitt ekki fyrirtæki, sem skuldarinn gæti búizt við að yrði honum í hag að ganga að og láta leggja sér.

Af þeirri ástæðu, að þetta ákvæði ríkisábyrgðarlaganna kemur verr við sveitarfélögin en aðra aðila í landinu, er frv. flutt. Ekki síst er ástæða til, að þessi breyting verði gerð, þegar á það er bent líka í leiðinni, að ríkissjóði er auðveldara að innheimta hjá sveitarfélögunum en hjá öðrum aðilum, þar sem ríkissjóði er heimilt að taka hvers konar greiðslu, sem til sveitarfélaganna á að fara, upp í þessar ábyrgðir, ef til greiðslu hefur komið. Það er því jafnrétt eftir ræðu hæstv. ráðh. sem áður, að þetta ákvæði ríkisábyrgðarlaganna gerir sveitarfélögunum erfitt fyrir, og í öðru lagi, að sveitarfélögin eru verr sett en aðrir aðilar í landinu, en ríkissjóður hefur hins vegar betri möguleika til þess að innheimta hjá þeim en nokkrum öðrum. Af þeirri ástæðu treysti ég því, að hæstv. ráðh. fallist á, að þessi breyting sé eðlileg, og hún er síður en svo gerð í þeim tilgangi, að það eigi að eiga sér stað nokkur óreiða, heldur hitt, að það, sem löggjafinn ætlaðist til að yrði sveitarfélögunum til aðstoðar, megi verða þeim að gagni eftir sem áður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 12., 13., 14., 15. og 16. fundi í Nd., 6., 8., 13., 15. og 19. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Nd., 20. nóv. var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 11, n. 86 og 93).

Frsm. meiri hl. (Birgir Kjaran): Hæstv. forseti. Mál þetta hefur verið til meðferðar í fjhn. hv. d., og það hefur orðið ágreiningur um afgreiðslu þess.

Á undanförnum þingum hafa ríkisábyrgðir allmikið verið ræddar hér á Alþingi og m. a. nýverið verið samþ. tvenn lög, önnur um ríkis-

ábyrgðasjóð og hin um ríkisábyrgðir. Þar sem svo skammt er hjá liðið, að gagnger endurskoðun hefur átt sér stað á þessari löggjöf, og ekkert virðist hafa sýnt sig af þeirri reynslu, sem þegar er fengin, að endurskoðunar sé þörf, þá leggur meiri hl. n. til, að frv. þetta sé fellt.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Hæstv. forseti. Frv., sem hér liggur fyrir, er um breyt. á l. frá 1961, um ríkisábyrgðir. Í 2. gr. þeirra l. segir svo, með leyfi forseta: „Ríkissjóður má ekki ganga í sjálfskuldarábyrgð, nema slíkt sé sérstaklega ákveðið í lögum þeim, sem ábyrgð heimila.“ Í frv., sem hér liggur fyrir, er lagt til, að inn í gr. bætist: „fyrir aðra en sveitarfélög“, þannig að bannið við því að ganga í sjálfskuldarábyrgð, nema sérstaklega sé ákveðið í lögum, sem ábyrgðina heimila, gildi aðeins fyrir aðra en sveitarfélög.

Í lögunum frá 1961 er undantekningarákvæði um ríkisábyrgðir fyrir lánum til hafnargerða. Í bráðabirgðaákvæði laganna segir, að heimilt sé að veita ríkisábyrgðir vegna lána til hafnargerða eftir reglum, sem farið hefur verið eftir hingað til. Þetta ákvæði um hafnargerðirnar var í frv. upphaflega, þegar það var lagt fyrir þingið af hæstv. ríkisstj., og var samþ. Sýnir það, að ríkisstj. hefur þá verið ljóst, að sveitarfélög mundu ekki geta fengið lán til hafnargerða nema gegn sjálfskuldarábyrgð ríkisins. Lánveitendur mundu ógjarnan vilja taka hafnarmannvirki til greiðslu á skuldum. En sama gildir um fleiri mannvirki, sem sveitarfélög koma upp. Það hefur komið í ljós, að það er ekki heldur hægt fyrir sveitarfélögin að fá lán til þeirra framkvæmda gegn einfaldri ábyrgð ríkisins. Gildir þetta um lán til að koma upp hitaveitum, vatnsveitum og rafveitum.

Í lögum frá 1953 um hitaveitur utan Reykjavíkur er heimilað ríkisstj. að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs nauðsynleg lán til að koma upp hitaveitum skv. fyrirmælum laganna. Mega ábyrgðir þó aldrei fara fram úr 80% af heildarkostnaði hitaveitunnar. Þá eru lög nr. 93 1947, um aðstoð til vatnsveitna. Skv. þeim lögum er ríkisstj. heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs gegn tryggingum, sem hún metur gildar, nauðsynleg lán, er sveitarstjórn kann að taka til að koma upp vatnsveitu skv. lögunum. Og í þriðja lagi vil ég nefna raforkulögin, nr. 12 1946. Skv. heimild í 22. gr. þeirra getur ríkisstj. ábyrgzt allt að 85% stofnkostnaðar fyrir raforkuver sveitarfélaga og héraðsrafmagnsveitur, enda liggi fyrir samþykki raforkumálastjóra um gerð og tilhögun og fyrirkomulag verksins hverju sinni.

Verði frv. samþ., sem hér liggur fyrir, hefur það í för með sér, að ríkisstj. getur gengið í sjálfskuldarábyrgð vegna ríkissjóðs fyrir lánum, sem sveitarfélög taka til að koma upp vatnsveitum, hitaveitum og rafstöðvum. Viðtækari áhrif mundi samþykkt frv. ekki hafa, því að eftir þeim upplýsingum, sem ég hef aflað mér, eru ekki í fleiri lögum slíkar almennar heimildir fyrir ríkisstj. til þess að taka ábyrgð á lánum fyrir sveitarfélög til framkvæmda. Það er um þetta að ræða, og við í minni hl. fjhn. teljum rétt, að það gildi sama um þessar framkvæmdir og hafnargerðirnar. Við teljum, að það sé þörf á þessari breytingu, því að það hefur komið á daginn, að það er ekki hægt fyrir sveitarfélögin að fá lán til þessara framkvæmda frekar en til hafnarframkvæmdanna, ef aðeins er veitt einföld ábyrgð fyrir lánunum.

Við athugun á ríkisreikningum síðustu ára sést, að greiðslur, sem fallið hafa á ríkissjóð vegna ábyrgðar fyrir sveitarfélög, eru að langmestu leyti vegna vanskila á öðrum lánum en þeim, sem hér hafa verið nefnd. Það er mikið um það, að ríkissjóður hafi orðið að borga afborganir af lánum til hafnarframkvæmda, — mjög mikið um það, — en lítið um það, að fallið hafi á ríkið greiðslur vegna ábyrgða fyrir rafveitur og vatnsveitur, nokkur þó hvað rafveiturnar snertir. Benda má á það einnig, að ráðuneytið hefur mikla möguleika nú og meiri en áður til þess að innheimta skuldir hjá sveitarfélögum, sem myndazt hafa vegna þess, að ríkið hefur greitt afborganir af lánum, sem það var í ábyrgð fyrir. Nú er það svo, að öll sveitarfélög á landinu fá hluta af söluskatti, og ríkissjóður getur tekið af þeim greiðslum kröfur, sem hann hefur á sveitarfélögin vegna greiðslu á ábyrgðarskuldum, og fleiri möguleikar eru skv. lögunum um ríkisábyrgðir til þess að innheimta slíkar kröfur.

Við höfum gefið út nál. á þskj. 93, ég og hv. 4. þm. Austf., og við mælum með því, að frv. verði samþ. Við teljum, að það sé þörf á þessu fyrir sveitarfélögin, en fjárhagsáhættan í sambandi við þetta lítil fyrir ríkissjóð.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 19. og 20. fundi í Nd., 22. nóv. var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

25. Siglufjarðarvegur ytri.

Á 4. fundi í Nd., 18. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um lántöku vegna Siglufjarðarvegar ytri (Strákavegar) [31. mál] (þmfrv., A. 31).

Á 6. fundi í Nd., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 31, er flutt af mér ásamt þeim hv. 11. landsk. þm. (GJóh) og hv. 5. þm. Norðurl. v. (BP), og frv. er flutt í samráði við hv. 3. þm. Norðurl. v., Ólaf Jóhannesson, sem sæti á í Ed.

Í frv. er lagt til, að ríkisstj. verði veitt heimild til að taka lán, allt að 15 millj. kr., til þess að greiða kostnað við lagningu Siglufjarðarvegar ytri, Strákavegar, og verði við það miðað, að vegagerð þessari verði lokið á árinu 1964.

Í 2. gr. frv. segir, að lán það, sem tekið verður samkv. ákvæði 1. gr., skuli endurgreitt af árleg-

um fjárveitingum til vegarins á fjárlögum, eftir að vegargerðinni er lokið.

Frv. samhljóða þessu var borið fram á síðasta þingi, en hlaut þá ekki fullnaðarafgreiðslu. Er málið því flutt aftur nú. Það er borið fram samkv. tilmælum bæjarstjórnarinnar í Siglufjarðarkaupstað. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér þá till. um málið, sem samþykkt var á fundi bæjarstjórnar 22. marz þ. á. með öllum atkv. fundarmanna. Till. er þannig:

„Bæjarstjórn samþykkir að skora á þingmenn Norðurlandskjördæmis vestra, að þeir flytji nú þegar og fái samþykkt á yfirstandandi Alþingi frv. um, að útvegað verði nægjanlegt fjármagn til þess að grafa jarðgöng gegnum Stráka og ljúka Siglufjarðarvegi ytri á næstu tveim árum, þannig að vegurinn verði opnaður til umferðar sumarið 1964. Jafnframt samþykkir bæjarstjórnin að senda hv. Alþingi undirskriftalista þá, er verið er að ganga með til bæjarbúa til áréttingar þessari samþykkt, strax og undirskriftasöfnun er lokið."

Þannig er sú tillaga, sem samþykkt var einróma á bæjarstjórnarfundi á Siglufirði 22. marz 1962. Undirskriftalistarnir, sem nefndir eru í samþykkt bæjarstjórnar, bárust til Alþingis hinn 5. apríl s. l. Sú áskorun, sem þinginu barst þar frá Siglfirðingum, var á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Undirritaðir Siglfirðingar skora hér með eindregið á hæstv. ríkisstj. og Alþingi að tryggja nægjanlegt fé til að ljúka vegarlagningu fyrir fjallið Stráka ásamt tilheyrandi jarðgöngum á næstu 1—2 árum og rjúfa þannig þá einangrun, sem er helzta orsök fólksflótta frá Siglufirði og háir eðlilegum vexti og samskiptum Siglufjarðarkaupstaðar og sveitanna austast í Skagafirði."

Undir þetta skrifuðu 785 Siglfirðingar, og er það meiri hluti kjósenda í kaupstaðnum.

Í árslok 1950 var fólkstalan á Siglufirði 3060. 10 árum síðar, 1. des. 1960, var íbúatalan þar komin niður í 2680. Þannig hafði fólkinu fækkað á einum áratug um 380, og er það 12—13%. En á þessum 10 árum fjölgaði fólki á landinu öllu um 23%. Vafalaust er það rétt, sem segir í bréfi Siglfirðinga til Alþingis, að einangrunin er helzta orsök fólksflótta þaðan og háir eðlilegum vexti kaupstaðarins. Góð samgönguskilyrði eru hverju byggðarlagi nauðsynleg nú á tímum, til þess að fólk haldist þar við og atvinnurekstur geti þrifizt. Það er því vel skiljanlegt, að íbúum Siglufjarðar sé það mikið áhugamál, að einangrunin verði rofin, enda er þeim það lífsnauðsyn. Það er einnig hagsmunamál þeirra, sem búa í Skagafirði, einu blómlegasta sveitahéraði landsins.

En þó er það svo, að það er ekki eingöngu mál Siglfirðinga og Skagfirðinga, sem hér er flutt. Margir aðrir landsmenn munu hljóta gagn af vegargerðinni. Það er þjóðmál að koma útgerðar- og iðnaðarbænum við Siglufjörð í öruggt og varanlegt samband við þjóðvegakerfi landsins.

Á Siglufirði er meiri síldariðnaður en á nokkrum öðrum stað á landinu. Þegar mikil síld veiðist, eins og í ár, er verðmæti útflutningsvörunnar, sem þaðan kemur, mjög mikið. Þaðan eru líka gerð út skip til annarra veiða. Framlag Siglfirðinga í þjóðarbúið er því mikið, og vonir standa til, að það geti farið vaxandi. Þess má vænta, að á komandi tímum verði síldaraflinn betur hagnýttur en verið hefur. Nýlega er hafinn rekstur verksmiðju á Siglufirði, þar sem farið er með síldina á þann hátt, að það eykur mjög verðmæti hennar. Þessi starfsemi er vel sett á Siglufirði, og þó að hún sé í smáum stíl enn sem komið er, er trúlegt, að á því sviði séu miklir möguleikar til aukinnar framleiðslu.

Á Siglufirði verður að sjálfsögðu útgerð fiskiskipa og fiskvinnsla eftir sem áður, og þar verður sennilega einnig vaxandi verksmiðjurekstur og fjölbreyttari en áður hefur verið, þar sem sérstaklega verður að því unnið að auka útflutningsverðmæti síldaraflans. Þar með skapast verkefni og búsetuskilyrði fyrir fleira fólk í kaupstaðnum en þar er nú. En um leið verður þörf Siglfirðinga fyrir greiðar samgöngur við Fljótin og aðrar sveitir Skagafjarðar enn ríkari en áður, svo að þeir geti fengið þaðan daglega mjólk og aðrar landbúnaðarafurðir.

Nú er byrjað að gera nýjan og vandaðan veg frá Reykjavík suður á Reykjanes. Sagt er, að ríkið hafi tekið lán til þeirrar framkvæmdar, en ekki hefur það mál þó enn verið lagt fyrir Alþingi. Ekki skal dregið í efa, að þörf sé fyrir nýjan veg á Suðurnes, því að umferð er þar mikil og gamli vegurinn ófullkominn. En þó að Reykjanesbrautin sé ekki góð, er samt mögulegt að aka eftir henni allan ársins hring. Hins vegar hafa Siglfirðingar ekkert vegasamband við aðrar byggðir mikinn meiri hluta ársins. Þeirra þörf fyrir umbætur í þessu efni er því enn brýnni. Þeim er það lífsnauðsyn að komast út úr samgönguerfiðleikunum, og það væri ranglæti, ef þeim væri neitað um þá fyrirgreiðslu, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, eða aðra jafngóða, á sama tíma sem ríkið tekur mikið fé að láni til nýrrar vegargerðar um Suðurnes.

Við flm. frv. viljum ekki heldur trúa því, að hv. Alþingi og ríkisstj. láti dragast lengur en orðið er að bæta úr samgönguvandræðum Siglfirðinga. Þeir hafa þegar beðið of lengi eftir vegargerðinni, sem er þeim svo ákaflega nauðsynleg. Það er mjög vel framkvæmanlegt að rjúfa einangrun Siglufjarðar á skömmum tíma á þann hátt, sem hér eru gerðar tillögur um. Það hlýtur að vera vandalaust fyrir hæstv. ríkisstj. að ná í 15 millj. kr. lán til vegargerðarinnar, ef Alþingi veitir heimild til þess. Við, sem flytjum frv., viljum því vænta þess, að málinu verði vel tekið. Eins og áður segir, er það flutt samkv. einróma áskorun bæjarstjórnar Siglufjarðar, sem studd var með bréfi til Alþingis frá meiri hluta atkvæðisbærra manna í kaupstaðnum. Við væntum þess, að málið fái skjóta og góða afgreiðslu í þinginu og síðan komi framkvæmdin með þeim hraða, sem frv. gerir ráð fyrir.

Ég vil svo óska þess, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og nefndar, sem líklega ætti að vera hv. samgmn.

Einar Ingimundarson: Herra forseti. Út af flutningi þessa frv. vil ég aðeins taka fram, að það er ekki vegna áhugaleysis okkar hv. 2. þm. Norðurl. v., að við erum ekki meðflm. að þessu frv., sem hér er lagt fram, — það stafar ekki af

áhugaleysi okkar fyrir þeirri vegarlagningu, sem í frv. er ráðgerð, og fjáröflun til hennar, en hins vegar vorum við í fyrra, þegar sams konar frv. var lagt fram, meðflm. að því. Það stafar hins vegar af því, að við treystum hæstv. ríkisstj. til þess að finna lausn á því mikla hagsmunamáli, sem þessi vegarlagning er Siglufirði og öllum nágrannabyggðarlögum hans.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til samgmn. með 31 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 7. marz, utan dagskrár, mælti

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Snemma á þessu þingi bárum við þrír þm. í hv. d. fram frv. til l. um lántöku vegna Siglufjarðarvegar ytri, Strákavegar. Frv. þessu var útbýtt 18. okt., og það er á þskj. 31. Skömmu síðar var það tekið til 1. umr. og vísað til hv. samgmn. Við flm. erum þegar orðnir langeygðir eftir áliti frá hv. n. og vildum mjög mælast til þess, að hún léti ekki lengur dragast að skila áliti. Ég vil jafnframt leyfa mér að beina því til hæstv. forseta, að hann ýti á eftir n., ef þörf gerist, að álitið komi hið fyrsta og málið geti fengið þinglega afgreiðslu.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

26. Ferðaskrifstofa ríkisins.

Á 4. fundi í Nd., 18. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins [33. mál] (þmfrv., A. 33).

Á 7. fundi í Nd., 25. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Frv. þetta fjallar um það að fella niður einkarétt Ferðaskrifstofu ríkisins til að reka ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn. Einkaréttur þessi var veittur fyrir 27 árum og þá miðað við allt aðrar aðstæður en þær, sem nú eru. Ástæðurnar fyrir þeirri breytingu, sem lagt er til að hér verði gerð, eru m. a. þessar:

Í flestum eða öllum löndum er nú keppt að því að greiða fyrir ferðalögum útlendinga, enda er það í mörgum löndum vaxandi tekjulind. Það er eðlilegt, að Íslendingar dragist ekki aftur úr í þessum efnum og taki fullan þátt í þessari samkeppni, enda er það víst, að ef rétt er á þessum málum haldið, þá eiga ferðalög útlendinga hingað að geta orðið veruleg atvinnugrein og þjóðinni veruleg tekjulind.

Eitt af því, sem er mjög mikilvægt í þeim efnum að greiða fyrir komu erlendra ferðamanna hingað, er það, að hinar stóru erlendu ferðaskrifstofur auglýsi ferðir hingað og greiði fyrir ferðum hingað. Þetta eru þær mjög tregar til að gera, meðan hér er aðeins einn aðili, sem má annast þessa starfsemi, því að helzt vilja þær hver um sig hafa sína sérstöku umboðsmenn. Í öðru lagi má svo benda á það, að hér á landi starfa nú orðið nokkrar ferðaskrifstofur, sem, meðan lögin eru þannig eins og nú er háttað, geta ekki gert annað en greitt fyrir ferðalögum Íslendinga, sem fara til útlanda eða ferðast hér innanlands, en geta ekki tekið á móti erlendum ferðamönnum, þó að þær séu vel færar um að gera það. Það er óeðlilegt að takmarka svo starfsemi þessara stofnana, að þær geti aðeins stuðlað að því, að menn ferðist til útlanda, en ekki að því, að útlendingar komi hingað.

Það mun áreiðanlega reynast bezt í þessum efnum eins og öðrum, þar sem því verður við komið, að hæfileg samkeppni geti átt sér stað — í þessu tilfelli um það að greiða sem mest fyrir komu útlendinga hingað. Það er þess vegna eðlilegt, að þetta verði gefið frjálst og þeim ferðaskrifstofum, sem til þess eru taldar hæfar og einstaklingar, fyrirtæki eða félög reka, leyft að annast þessa starfsemi.

Á það hefur verið bent af aðilum, sem þessum málum eru kunnugir, að þegar þetta væri gefið frjálst, þá sé eðlilegt, að það sé haft nokkurt eftirlit með þeim fyrirtækjum, sem þessa starfsemi annast. Ég tel það vera rétt, þó að þessu atriði séu ekki gerð skil í þessu frv., heldur hef ég lagt fram annað frv., sem fjallar um þetta mál.

Ég tel svo ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri að sinni, en legg til, að frv. verði vísað til samgmn.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þar sem málefni Ferðaskrifstofu ríkisins heyra í ríkisstj. undir mig, þykir mér rétt að láta í tilefni af þessu frv. koma fram nokkrar upplýsingar varðandi það mál, sem þetta frv. fjallar um.

Ég vil fyrst skýra frá því, að ríkisstj. skipaði fyrir nokkru nefnd þriggja manna til þess að fjalla um íslenzka löggjöf varðandi ferðamál. Í þeirri nefnd eiga sæti Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri í samgmrn., sem fer með málefni ferðaskrifstofunnar og ferðamál yfirleitt, Þorleifur Þórðarson framkvæmdastjóri Ferðaskrifstofu ríkisins og Sigurður Bjarnason alþm. Þessi nefnd hefur ekki enn lokið störfum, og er því ekki unnt að segja til um, að hvaða niðurstöðu nefndin kann að komast varðandi hugsanlegar breytingar á löggjöfinni um ferðamál. En ég tel sjálfsagt, að hið háa Alþingi bíði með að taka afstöðu til þessa frv., þangað til þessari nefnd hefur gefizt kostur á að ljúka störfum, en það ætti ekki að taka mjög langan tíma frá þessum degi.

Annars gefur þetta frv. mér tilefni til að gefa nokkrar almennar upplýsingar um starfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins, til þess að hv. þm. verði það ljósara en þeim e. t. v. er, hvert er hlutverk hennar og að hverju hún hefur starfað.

Samkv. lögum um Ferðaskrifstofu ríkisins er hlutverk hennar ferþætt: Í fyrsta lagi að annast landkynningu, í öðru lagi að annast fyrir-

greiðslu gagnvart erlendum ferðamönnum, sem hingað koma, og hefur hún einkarétt á móttöku erlendra ferðamanna, í þriðja lagi að skipuleggja ferðalög Íslendinga innanlands og utan, og enn fremur er það hlutverk hennar lögum samkv. að annast hóteleftirlit, eftirlit með gistihúsarekstri.

Þessi störf hefur ferðaskrifstofan innt af hendi án þess að fá til þess nokkur bein framlög úr ríkissjóði hin síðari ár, hún hefur aflað sér tekna með annarri starfsemi en þeirri, sem hún á að hafa á hendi, til þess að standa undir þessari starfsemi, sem henni ber lögum samkv. að sinna.

Ferðaskrifstofan hefur helgað sig öðrum verkefnum, sem hún lögum samkv. þarf ekki að sinna. Er þar fyrst að nefna minjagripaverzlun, en ferðaskrifstofan hefur komið á fót mjög umfangsmikilli gerð og sölu minjagripa, sem fært hafa henni miklar tekjur. Þá hefur ferðaskrifstofan og annazt sölu farmiða innanlands og utan og haft af því verulegar tekjur. Í þriðja lagi hefur ferðaskrifstofan annazt gistihúsarekstur, einkum hin síðari ár. Það hefur að vísu ekki verið gert í tekjuöflunarskyni, en þó án þess að ferðaskrifstofan hafi haft af því nokkra fjárhagslega byrði. Hins vegar hefur þar verið um mjög þjóðnýtt starf að ræða.

Það er sérstaklega landkynningin, sem lögum samkv. er skylda ferðaskrifstofunnar að sinna, sem verið hefur fjárfrek. Ferðaskrifstofan hefur eytt mörgum millj. kr. á undanförnum árum í landkynningu, og — eins og ég sagði áðan — hin síðari ár aflað sér fjár til þess með rekstri, sem henni ber ekki skylda að hafa með höndum. Það sem af er þessu ári, hefur ferðaskrifstofan notað um 700 þús. kr. af eigin tekjum til landkynningar. Hún er fyrst og fremst fólgin í því, að gefnir eru út bæklingar á mörgum málum, og á þessu ári hafa verið gefnir út bæklingar um Ísland á sex tungumálum og upplag þeirra verið um 300 þús. eintök. Ferðaskrifstofan hefur og tekið á móti og greitt fyrir fjölda blaða- og kvikmyndatökumanna og rithöfunda, sem komið hafa til landsins, og aðstoðað þá á margvíslegan hátt um útvegun bóka og tímarita, sem helguð eru Íslandi, og haft af þessu veruleg útgjöld. Þá hefur Ferðaskrifstofa ríkisins samvinnu við stofnanir á hinum Norðurlöndunum um rekstur upplýsingaskrifstofu, bæði í Frankfurt am Main í Þýzkalandi og í Zurich í Svisslandi, og hefur þetta starf gefið góða raun. Í Bandaríkjunum er ferðaskrifstofan aðili að svonefndri European Travel Commission, en það eru samtök Evrópuríkja um ferðamál, og vinnur stofnunin að kynningu Evrópu í Bandaríkjunum. Þess má og geta, að nú nýlega tók ferðaskrifstofan þátt í hinni miklu vörusýningu í Frankfurt am Main í Þýzkalandi og greiddi kostnað við það. Eins og ég sagði áðan, hefur skrifstofan þegar á þessu ári varið um 700 þús. kr. af eigin tekjum sínum til landkynningar, og þeirra tekna er fyrst og fremst aflað með minjagripaverzluninni.

Þá hefur ferðaskrifstofan undanfarin ár látið sig það mjög miklu skipta að bæta gistihúsaaðstöðu hér á landi, bæði með því að fjölga gistirúmum og bæta aðstöðu á gististöðum.

Fyrir þrem árum skipaði menntmrn. nefnd til þess að athuga möguleika á því að hagnýta skóla, sérstaklega utan Reykjavíkur, heimavistarskóla á sumrum sem gistihúsnæði. Í þeirri nefnd áttu sæti Helgi Eliasson fræðslumálastjóri, Jónas B. Jónsson fræðslufulltrúi, Óskar Hallgrímsson framkvæmdastjóri A.S.Í. — gegndi því starfi þá, Lárus Ottesen framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands og Þorleifur Þórðarson forstjóri Ferðaskrifstofu ríkisins. Nefndin athugaði aðbúnað í fjölmörgum skólahúsum þegar fyrir tveimur árum og komst að þeirri niðurstöðu, að unnt væri að hagnýta skólahúsnæðið miklu betur en gert hefur verið til þess að bæta gistiaðstöðu, en taldi þó, að nauðsynlegt væri að gera endurbætur á húsunum, til þess að þau yrðu hæfari sem gistihús en þau voru þá. Í framhaldi af þessu beitti ég mér fyrir því, að bankar hér í Reykjavík hefðu samtök um að lána Ferðaskrifstofu ríkisins nokkurt fé til að endurbæta heimavistarhús í nokkrum skólum utan Reykjavíkur og enn fremur til að endurlána nokkrum gistihúsum til að bæta húsnæði þeirra og aðstöðu til móttöku ferðamanna. Á árinu 1961, þ. e. í fyrravor, veittu bankarnir hér í Reykjavík sameiginlega nær 3 millj. kr. lán til að auka og bæta gistiaðstöðuna í landinu. Af þessu nær 3 millj. kr. láni bankanna fengu eftirtaldir gististaðir fé til þess að bæta aðstöðu sína: gistihúsið í Reynihlíð, Hótel Blönduós, gistihúsið í Grafarnesi, Hótel Búðir, gagnfræðaskólinn í Stykkishólmi, gistihúsið Bjarkalundur, Hreðavatnsskálinn og veitingahúsið á Hvolsvelli. Enn fremur var nokkur hluti þessa fjár notaður til að bæta aðbúnað í heimavist menntaskólans á Akureyri og heimavist menntaskólans á Laugarvatni. Það voru notaðar 381 þús. kr. til að bæta heimavistina á Akureyri og 253 þús. kr. til að bæta heimavistarhúsnæðið á Laugarvatni. Þessar framkvæmdir höfðu það í för með sér, að á sumrinu 1961 voru gistirúm um það bil 100 fleiri en ella hefði orðið.

Á s.l. vetri, einkum á s.l. vori, varð ljóst, að gera þyrfti enn myndarlegt átak til að auka gistirúmið, því að það hefur komið í ljós með hverju ári undanfarið, að straumur ferðamanna til Íslands fer mjög vaxandi. Þess vegna varð það að ráði milli mín, hæstv. fjmrh. og hæstv. samgmrh., að nokkru fé skyldi varið nú á s.l. sumri til að bæta aðstöðu í ýmsum heimavistarskólum utan Reykjavíkur til þess að gera þá hæfari til gistihúsahalds. En við vorum á einu máli um, og það var einnig nefndin, sem ég nefndi áðan og málið hafði rætt mjög ýtarlega, að ein ódýrasta og hagkvæmasta leiðin til að stórauka tölu gistirúma í landinu væri einmitt sú að hagnýta heimavistarskólana utan Reykjavíkur og gera þá að sómasamlegum gistihúsum.

Það var ákveðið á s.l. vori að verja á þessu sumri 3 millj. kr. til að bæta aðbúnað í tilteknum heimavistarskólum og leggja til, að þetta fé yrði endurgreitt á þrem árum með fjárveitingum, sem veittar væru til þeirra skóla, þar sem endurbæturnar á húsnæðinu færu fram. Í fjárlagafrv., sem nýlega hefur verið lagt fyrir Alþingi, hefur verið gert ráð fyrir fyrstu greiðslunni af þremur, 1 millj. kr., til endurgreiðslu á þessu fé, sem í sumar var varið til að endurbæta gistiaðstöðu í heimavistarskólum.

Ég skal nú gera grein fyrir þeim framkvæmd-

um, sem hér er um að ræða: Til endurbóta á heimavist menntaskólans á Laugarvatni var varið 648 þús. kr. Til endurbóta á heimavist menntaskólans á Akureyri var varið 651 þús. kr., til endurbóta á heimavist héraðsskólans á Laugarvatni 500 þús., héraðsskólans á Laugum 454 þús., alþýðuskólans á Eiðum 271 þús. kr., eða samtals um 2.6 millj. kr.

Þessar framkvæmdir í sumar ollu því, að þessar 5 stofnanir, menntaskólinn á Akureyri og skólarnir á Laugarvatni, Laugum og Eiðum, urðu góðir gististaðir og gerðu kleift að taka á móti mörgum hundruðum fleiri ferðamanna en ella hefði verið kleift. Þessar framkvæmdir fóru fram að verulegu leyti að ráði Ferðaskrifstofu ríkisins og á hennar vegum.

Ég skal að síðustu gera grein fyrir því, að ég tel mjög nauðsynlegt að halda áfram að gera ráðstafanir til þess, að aðstaða til að taka á móti erlendum ferðamönnum hér á Íslandi batni, vegna þess að í ljós hefur komið, einkum eftir gengisbreytinguna 1960, að Ísland hefur fengið stórauknar heimsóknir erlendra ferðamanna og hér er um verulega tekjulind að ræða.

Á árinu 1961 komu til landsins 13516 erlendir ferðamenn. Ég hef hér fyrir framan mig áætlun kunnugra manna um, að þessir erlendu ferðamenn hafi varið í ferða- og dvalarkostnað auk annars kostnaðar hér á landi á þessu ári 114 millj. kr. Sú upphæð sundurliðast í aðalatriðum þannig: Dvalar- og ferðakostnaður er áætlaður 37.5 millj. kr., dvalar- og ferðakostnaður 2200 manna, sem komu með skemmtiferðaskipum, auk þeirrar tölu, sem ég nefndi áðan, til skammrar dvalar, 1.1 millj., fargjöld með flugvélum 58.8 millj., fargjöld með skipum 4.5 millj. og tekjur af minjagripasölu 12.5 millj., samtals 114.5 millj. kr. Þessir sömu aðilar telja, að óhætt sé að gera ráð fyrir því, að tekjur af erlendum ferðamönnum á þessu ári, árinu 1962, muni nema um 135—140 millj. kr.

Má af þessu marka, að hér er um verulegan tekjustofn fyrir þjóðarbúið að ræða. Það er því full ástæða til að gefa þessum málum rækilegan gaum. Þess vegna fjallar það frv., sem hér er um að ræða, um málefni, sem er allrar athygli vert. Mér þótti hins vegar rétt, að það kæmi fram í þessu sambandi, að ferðaskrifstofan hefur innt af hendi mjög víðtækt og mjög merkilegt starf, ekki aðeins það, sem henni ber skylda til lögum samkv., heldur hefur hún einnig annazt verkefni utan síns verksviðs, og það, hversu vel hún hefur sinnt þeim störfum, hefur einmitt gert henni kleift að inna af hendi skyldustörf sín betur en ella hefði verið henni kleift. Mér þótti og rétt, að þessar upplýsingar um þær ráðstafanir, sem af opinberri hálfu hafa verið gerðar til að bæta gistiaðstöðuna í landinu, kæmu fram í þessu sambandi, vegna þess að ég tel þurfa að halda áfram á þeirri braut, sem þegar hefur verið mörkuð með aðgerðum tveggja síðustu ára, sérstaklega á því sviði að hagnýta heimavistarskólana utan Reykjavíkur sem gistihús á sumrum.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Mér finnst rétt að taka það fram, að þetta frv. er ekki að neinu leyti flutt til þess að gera lítið úr starfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins. Ég viðurkenni fullkomlega, að hún hefur á mörgum sviðum unnið merkilegt starf, og það á hún að geta unnið áfram, þó að þetta frv. verði samþykkt.

En fyrst farið er að rifja hér upp störf Ferðaskrifstofu ríkisins, finnst mér rétt að láta það koma fram, að margir aðrir aðilar hafa unnið að merkilegri landkynningu á undanförnum árum, eins og t. d. flugfélögin. Bæði Loftleiðir og Flugfélag Íslands hafa unnið mjög merkilegt landkynningarstarf, og það virðist mér sýna, að það muni vera heppilegt að gefa enn fleiri aðilum aðstöðu til þess að geta tekið þátt í því starfi, og það m. a. með því, að það skipulag komist á, að Íslands verði yfirleitt getið í þeim leiðsögubókum, sem hinar stóru ferðaskrifstofur úti í heimi gefa út. En vegna þess fyrirkomulags, sem nú er, að hér er aðeins einn aðili, sem sér um móttöku á erlendum ferðamönnum, vilja margar stórar erlendar ferðaskrifstofur ekki hafa skipti við okkur og hafa þess vegna ekki tekið Ísland með inn í sínar mjög svo þýðingarmiklu leiðsögubækur. Ef þetta væri hins vegar gefið frjálst og hér fengju að starfa ferðaskrifstofur, sem hefðu umboð fyrir þessar útlendu ferðaskrifstofur, mundi Ísland vera með í þessum bókum, og það eitt mundi hafa mjög merkilega og mikla landkynningu í för með sér.

Þetta er í þriðja sinn, sem ég hef flutt þetta frv., og ég sé ástæðu til að fagna því, að það hefur þó borið þann árangur, að hæstv. ríkisstj. hefur nú rumskað og skipað nefnd til að íhuga þetta mál. Ég vil hins vegar vænta þess, að þessi nefndarskipun þýði ekki það, eins og oft hefur átt sér stað í sambandi við nefndarskipanir, að það sé gert til þess að svæfa málið. Ég vil treysta því, að það sé ætlunin hjá hæstv. ríkisstj. að gera eitthvert átak í þessu máli, auka frjálsræðið í þessum efnum, og þess vegna megi vænta þess, að sú nefnd, sem hefur verið sett til að rannsaka þetta mál, skili áliti, svo að hægt verði að fjalla endanlega um málið á þessu þingi. Og satt að segja álít ég hér um svo einfalt mál að ræða og augljóst, að það hefði alls ekki þurft að skipa neina sérstaka nefnd til að fjalla um það, heldur hefði verið hægt að afgreiða það eins og það liggur fyrir án nokkurrar sérstakrar nefndarskipunar og láta þá athugun fara fram í nefnd hér í þinginu, ef það þætti þörf á einhverri frekari athugun á því, sem fyrir liggur. En sem sagt, ef það er gert til þess að vinna að lausn málsins að skipa þessa nefnd, þá sé ég ekki ástæðu til að átelja það sérstaklega, en vil hins vegar fastlega vænta þess, að niðurstaðan af störfum hennar liggi það tímanlega fyrir, að þetta mál geti fengið endanlega afgreiðslu á þessu þingi. Þess vegna vil ég, áður en ég lýk máli mínu, beina þeirri fyrirspurn til hæstv. viðskmrh., hvort ekki megi örugglega treysta því, að umrædd nefnd hafi lokið starfi sínu svo tímanlega, að hægt verði að láta þetta mál fá endanlega afgreiðslu á þessu þingi.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég hef fylgzt nokkuð með störfum þeirrar nefndar, sem hér er um að ræða, en það er auðvitað

ekki á mínu valdi að lofa neinu um það, hvenær hún ljúki störfum.

Ég get tekið undir þá ósk hv. þm., að hún ljúki störfum sem fyrst og áður en þessu þingi lýkur, þannig að niðurstöður hennar liggi fyrir þessu þingi, áður en því lýkur, svo að því gefist kostur á að breyta þeim lögum, sem hér er um að ræða, ef þingvilji reynist fyrir því.

Varðandi hitt atriðið, sem þm. sagði í lok ræðu sinnar, að hér væri um svo einfalt mál að ræða, að nefndarskipun til athugunar á því sé allsendis óþörf, verð ég að segja, að þessu sjónarmiði er ég algerlega ósammála. Hér er þvert á móti um mjög margbrotið og vandasamt mál að ræða. Þetta frv. felur í sér, að réttur til að veita viðtöku erlendum ferðamönnum, þ. e. réttur til að reka ferðaskrifstofur, sé gefinn algerlega frjáls. En það er ekki litið á það sem einfalt og vandalaust mál í löndunum í kringum okkur. Í þessu sambandi vil ég láta þess getið, að eitt aðalverkefni samgmn. Norðurlandaráðs nú á þessu ári hefur verið að fjalla um ósk, sem komið hefur fram frá formanni Sambands ferðaskrifstofa á Norðurlöndum þess efnis, að Norðurlandaráðið hafi forgöngu um, að löggjöf Norðurlandanna um ferðaskrifstofur verði endurskoðuð, vegna þess að þar er yfirleitt um að ræða frelsi til að reka ferðaskrifstofur með ótakmörkuðu verkefni. Þetta hefur jafnvel á Norðurlöndunum leitt til vandamála, sem þar eru skoðuð mjög alvarlegs eðlis. Það verður æ algengara, að upp kemst um misferli í sambandi við rekstur á ferðaskrifstofum. Þær skipuleggja hópferðir víða um heim, og það verður æ algengara, að þeir, sem taka þátt í slíkum hópferðum, séu hlunnfarnir með margvíslegum hætti. Fyrirgreiðsla er ekki sú sama, sem lofað hafði verið. Það eru ekki staðin skil á því fé, sem tekið hefur verið á móti. Þetta er á Norðurlöndum, þar sem þó má fullyrða, að siðferði í viðskiptaháttum sé með því bezta, sem gerist í veröldinni, — þetta er jafnvel þar orðið mjög alvarlegt vandamál, svo alvarlegt, að löggjafinn virðist verða að taka þetta mál til meðferðar þar. Þá virðist mega segja, að full ástæða sé fyrir okkur að hafa aðgát í því sambandi, þegar upp á því er stungið hér að lögleiða sams konar tilhögun og á hinum Norðurlöndunum. sem þar er farin að þykja varhugaverð. Með þessu er ég ekki að segja, að ekki komi til mála að breyta núgildandi löggjöf um þetta efni, sem gerir ráð fyrir einkasölu í þessum efnum. Það er eitt af verkefnum nefndarinnar að fjalla um það og mynda sér rökstudda og skynsamlega skoðun á því efni, sem Alþingi þá fær væntanlega að kynnast á sínum tíma. En hinu vildi ég andmæla, að hér sé um einhvern augljósan og einfaldan hlut að ræða, sem hægt sé að grípa til án nokkurrar frekari umhugsunar, að innleiða algert frelsi varðandi rekstur ferðaskrifstofa. Það er spor, sem yrði eflaust ekki til heilla. Ef slakað verður á þeim einkasöluböndum, sem nú eru í þessu máli, er a. m. k. nauðsynlegt, að mjög strangt opinbert eftirlit kæmi í staðinn.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég er hæstv. ráðh. alveg sammála um, að hér eigi ekki að vera um að ræða algert frelsi, heldur þurfi að hafa nokkurt eftirlit með þeim ferðaskrifstofum, sem koma til með að starfa, eftir að búið er að afnema einkarétt Ferðaskrifstofu ríkisins. Og í samræmi við það hef ég lagt fram sérstakt frv. á öðru þskj. um ferðaskrifstofur, þar sem er tekið fram, að það skuli vera háð leyfi ráðh. að mega reka ferðaskrifstofur og það skuli setja sérstaka reglugerð um það, hvaða skilyrði það eru, sem slíkar ferðaskrifstofur þurfi að fullnægja, og þær skuli ekki halda sínu rekstrarleyfi, nema því aðeins að þessum skilyrðum verði fullnægt. En ég álít, að þar sé um slíkt mál að ræða, að það sé mjög erfitt að setja um það sérstök lagaákvæði, heldur verði að leysa það mál með reglugerð, og þess vegna eigi þetta fyrst og fremst að heyra undir framkvæmd hjá ráðuneytum, en sé mjög erfitt að setja nákvæm skilyrði um þetta í lög, enda mundi niðurstaðan verða sú, að þó að einhver ákvæði verði sett um þetta skilmerkilega í lögin, þá mundi samt verða gefin út fyllri reglugerð um það, hvernig það ákvæði væri framkvæmt. Þess vegna álít ég, að það sé fullkomlega hægt að leysa þetta mál á þann hátt, sem lagt er til í frv. á þskj. 36, um ferðaskrifstofur.

Ég vil svo að lokum aðeins segja það, að ég er mjög ánægður með þá yfirlýsingu hæstv. ráðh., að hann ætli að vinna að því, að umrædd nefnd, sem fjallar um þetta mál, ljúki störfum það tímanlega, að hægt verði að fjalla endanlega um þetta mál á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til samgmn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

27. Ferðaskrifstofur.

Á 5. fundi í Nd., 19. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um ferðaskrifstofur [36. mál] (þmfrv., A. 36).

Á 8. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Á öðru þskj. flyt ég frv. um afnám á einkarétti Ferðaskrifstofu ríkisins til að taka á móti erlendum ferðamönnum. Eins og fram kemur í fskj. þeim, sem fylgja þessu frv., er það sameiginlegt álit allra hinna kunnugustu aðila um þessi mál, að þannig sé nú komið, að það sé rétt að afnema þennan einkarétt. Það þykir hins vegar eðlilegt, að þegar þessi einkaréttur er afnuminn, verði tekið upp nokkurt eftirlit með þeim ferðaskrifstofum, sem koma til með að starfa og taka á móti útlendingum. Þess vegna er þetta frv. flutt, en þar er gert ráð fyrir því, að ekki verði heimilt að reka ferðaskrifstofur nema að fengnu leyfi

ráðh., og enn fremur, að sett verði ákvæði um það í reglugerð, hvaða skilyrði það eru, sem ferðaskrifstofur þurfa að fullnægja, og að þær skuli því aðeins halda leyfi sínu, að þessum skilyrðum sé fullnægt. Um þetta atriði var nokkuð rætt, þegar frv. mitt um að afnema einkarétt Ferðaskrifstofu ríkisins var til umr. fyrir nokkrum dögum hér í hv. deild, og sé ég því ekki ástæðu til að ræða um þetta efni frekar að sinni. Ég legg svo til, að að umr. lokinni verði þessu frv. vísað til samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til samgmn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

28. Hafnargerðir og lendingarbætur.

Á 6. fundi í Nd., 22. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 43/1959, um breyt. á l. nr 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur [40. mál] (þmfrv., A. 40).

Á 7. fundi í Nd., 25. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Í gildandi lögum um hafnargerðir og lendingarbætur er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður styrki að ⅔ hlutum allar meiri háttar hafnarframkvæmdir í landinu, enda séu þær gerðar í samráði við vita- og hafnarmálaskrifstofuna. Í lögunum er talið upp, hverjar hafnarframkvæmdir það séu, sem styrks eigi að njóta, og sú upptalning hefur lengzt nokkuð, eftir því sem árin hafa liðið, því að það er ævinlega að verða fleira, sem nauðsynlegt er að hafa í höfnum landsins, til þess að þær geti skilað sínu hlutverki.

Það er nú svo komið, að flest það, sem til þarf að afgreiða skip og varðveita þau, gera við þau o. s. frv., það er talið nauðsynlegt við hverja höfn og ríkisframlag ákveðið til alls þessa. Á hinn bóginn eru ekki enn sem komið er stigin stór skref í því, að við hafnirnar þurfi að vera neitt, sem gert er fyrir það fólk, sem á skipunum er. Að vísu vottar aðeins fyrir því í hafnarlögunum, eins og þau eru nú, að á þetta mál beri að líta, og ber að skoða það sem viðurkenningu af stjórnarvaldanna hálfu, að ekki séu öll vandamál leyst í hafnarlögum, þótt flestu því, sem viðkemur skipunum sjálfum, sé þar þannig fyrir komið, að fullnægjandi megi telja.

Það er sem sagt ákveðið í hafnarlögum, að verbúðir í viðleguhöfnum megi vera framlagsskyldar úr ríkissjóði til jafns við aðrar hafnarframkvæmdir. En nú er það raunverulega svo, að okkar atvinnulíf í sambandi við sjávarútveg kallar á það, að það þurfi að verða mikill tilflutningur fólks, þannig að fólk hópast saman á hinar ýmsu hafnir landsins á mismunandi árstímum, og þá er vissulega allt of lítið gert að því, að þetta fólk, — einmitt þetta fólk, sem þannig er slitið úr tengslum við heimili sín, — eigi þess góðan kost að dveljast í sérstökum vistarverum, sem til þess eru ætlaðar. Sjómannastofur þurfa að minu mati að vera meðal þess, sem úr ríkissjóði er styrkhæft sem hafnarframkvæmd við hverja höfn. Þeir, sem einkum hafa fjallað um fjárlögin á undanförnum árum, kannast a. m. k. við það og væntanlega reyndar allir þm., að ásókn á fjárhirzlur ríkisins fer sívaxandi, til þess að þaðan verði greiddur kostnaður við aukna löggæzlu einmitt í þeim hafnarbæjum eða þeim þorpum, sem myndazt hafa við hafnir landsins á þeim tímum, þegar þar er að vænta flestra manna í sambandi við þá atvinnu, sem þar er rekin. Löggæzlukostnaður úr ríkissjóði hefur líka farið stöðugt hækkandi á undanförnum árum. En því miður virðist það ekki vera einhlítt til þess að koma á eðlilegum lifnaðarháttum í sambandi við okkar atvinnuvegi, sem krefjast tilflutnings fólks, að auka tölu lögreglumanna eða stækka fangageymslur. Við það batnar ekki siðferði manna yfirleitt. Við þurfum þess vegna að hyggja að orsök þess, að slíkur kostnaður fer vaxandi hjá okkur. Ég hygg, að ein af ástæðunum fyrir því sé óumdeilanlega sú, að fólk, sem komið er burt af sínum heimilum til starfa í fiskihöfnum landsins, nýtur ekki þeirrar fyrirgreiðslu, sem vert væri. Ýmsir aðilar hafa með lofsverðum hætti reynt að koma upp sjómannastofum og vistarverum fyrir sjómenn og annað það fólk, sem hópast saman í sambandi við fiskveiðarnar og atvinnu við fiskverkun. En þetta er á engan hátt fullnægjandi. Og þess eru reyndar líka dæmi, að undir því yfirskini, að greiða ætti fyrir sjómönnum, hefur verið náð nokkru fé úr ríkissjóði, án þess að sú fyrirgreiðsla, sem stefnt var að, hafi komizt til framkvæmda.

Ég tel, að heppilegasta lausnin á þessu máli sé sú, að ríkissjóður ákveði, að sjómannastofur jafnt og önnur mannvirki, sem heyra til höfnum landsins, verði framlagsskyldar úr ríkissjóði að sama hluta og bryggjur, hafnarkranar o. s. frv. Það hygg ég, að mundi verða til þess, að hinir einstöku hafnarsjóðir mundu leggja sig fram um að búa einnig sem allra bezt að því fólki, sem nauðsynlegt er að komi á hafnirnar, en hefur því miður ekki aðstöðu þar sem skyldi. Það er augljóst mál, að sjómannastofa, sem væri samboðin nútímafólki, hlýtur að kosta verulegt fé. Þar þarf að vera góð aðstaða fyrir menn, bæði til lestrar og til skrifta. Þar þarf einnig að vera aðstaða til skemmtanahalds, svo sem eins og kvikmyndasýninga. Þar þarf að vera góð aðstaða til hreinlætis, til baða, og þar þurfa að vera skálar, þar sem hægt er að iðka léttar íþróttir á þeim höfnum, þar sem fólksfjöldinn safnast saman á vetrum, og helzt leikvangar, þar sem svo háttar, að samsöfnun fólks á sér stað að sumarlagi. En allt þetta hlýtur að kosta verulegt fé, og þess er tæpast að vænta, að þeir aðilar geti leyst þetta hlutverk myndarlega af hendi, nema þeir eigi til þess vísan nokkurn stuðning ríkissjóðs. En ég tel, að því fé ríkissjóðs, sem til þessa væri varið, væri óumdeilanlega vel

varið og að íslenzkt þjóðfélag mundi fá þar í aðra hönd aukna ræktun á menningu fólksins í landinu, og einnig mætti þjóðfélagið meta það við þetta fólk, sem hér er í rauninni allhjálparvana, að það er þrátt fyrir allt að vinna þau þjóðnytsamlegustu störf, sem unnin eru í okkar landi.

Það er að sjálfsögðu ekki hægt að gera um það kostnaðaráætlun hér, hvað samþykkt þessa frv. mundi kosta ríkið á næstu árum. Vonandi mundi samþykkt frv. kosta ríkið eitthvert fé. Þar á ég við, að það mundi verða ráðizt í það af forráðamönnum hafnanna að framkvæma byggingu sjómannastofa og gera búnað þeirra góðan. En á hinn bóginn er augljóst, að hér gæti þó ekki orðið um svo stórar fjárfúlgur að ræða, að ríkið væri ekki í einu og öllu þess fullkomlega umkomið að standa við sinn hlut, við sínar skuldbindingar, sem því mundu skapast við samþykkt þessa frv.

Þetta frv. er ekki nýtt af nálinni hér í Alþingi. Það lá t. d. fyrir síðasta þingi og fékkst þá ekki afgreitt. Hér er það því flutt að nýju. En með því að efni þess er hv. þm. áður kunnugt, sé ég ekki ástæðu til að rekja það í einstökum atriðum nánar að svo komnu, en legg til, að þegar þessari umr. lýkur, verði málinu vísað til sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til sjútvn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

29. Innflutningsgjald á heimilisvélum.

Á 7. fundi í Nd., 25. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um afnám innflutningsgjalda á heimilisvélum [55. mál] (þmfrv., A. 55).

Á 9. fundi í Nd., 30. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Eins og rakið er í grg., sem fylgir þessu frv., hafa flestar stéttir á undanförnum árum tryggt sér styttri og hagfelldari vinnutíma. Ein stétt þjóðfélagsins, húsmæðurnar, hefur hins vegar ekki fylgzt með í þessari þróun. Þvert á móti má segja, að vinnutími margra þeirra hafi lengzt. Bæði er það, að það er miklu örðugra nú en áður var fyrir heimilin að fá vinnuhjálp, og auk þess hefur hinn nýi tími og tækni haft það í för með sér, að heimilisstörfin eru á ýmsan hátt orðin miklu fjölþættari og margbreyttari en áður var. Afleiðingar alls þessa og ýmissa fleiri ástæðna eru þær, að vinnutími margra húsmæðra hefur lengzt, miðað við það, sem áður var, og sú hætta, sem í þessu liggur, mætti m. a. vera ljós, þegar það er íhugað, að það eru einmitt húsmæðurnar, sem eiga að annast mikilvægustu stofnanir þjóðfélagsins, þær stofnanir, sem leggja raunverulega grundvöllinn að öðrum stofnunum þjóðfélagsins, en þar á ég að sjálfsögðu við heimilið.

Þess má svo geta, eins og rakið er í grg., að á seinustu áratugum og árum hafa komið til sögunnar ýmsar vélar, sem létta heimilisstörfin. En svo undarlegt hefur þetta verið, að löggjafinn hefur fram að þessu yfirleitt litið á þessar vélar eins og þær væru einhverjar sérstakar lúxusvörur og lagt á þær tolla og skatta samkv. því. Þetta hefur gert það að verkum, að miklu færri húsmæður hafa átt þess kost að afla sér þessara véla en skyldi, og það oft einmitt þær, sem hafa versta aðstöðuna og í mörgum tilfellum hafa líka mesta þörfina fyrir þær. Með því frv., sem hér liggur fyrir, er stefnt að því að bæta úr þessum óréttí.

Á heimilisvélar leggjast nú allir venjulegir tollar og skattar, eins og vörumagnstollur. verðtollur, innflutningssöluskattur og smásöluskattur. Þessu til viðbótar leggst svo á heimilisvélarnar samkv. lögum frá 1960 rösklega 40% innflutningsgjald. En það gjald er aðeins lagt á vörur, sem eru taldar lúxusvörur eða miður nauðsynlegar.

Í því frv., sem hér liggur fyrir, er ekki gengið lengra en það, að lagt er til, að innflutningsgjaldið frá 1960 falli niður, en aðrar álögur séu látnar haldast. Þessu mundi þó fylgja veruleg verðlækkun á þessum vélum, eins og má sjást á því, að t. d. þvottavél, sem kostar núna 19200 kr. í heildsölu, mundi eftir þessa breytingu ekki kosta nema 14200 kr. í heildsölu. En kæliskápur, sem nú kostar 18200 kr. í heildsölu, mundi eftir þessa breytingu ekki kosta nema 13500 kr. í heildsölu. En rétt er að benda á, að þrátt fyrir það, þó að þessi verðlækkun ætti sér stað, er verð þessara véla samt talsvert hærra en það var haustið 1958. En þá kostaði t. d. þvottavél, sem nú kostar 19200 kr., ekki nema 13100, en kæliskápur, sem kostar nú 18200 kr., kostaði þá ekki nema 12000 kr. í heildsölu.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að rekja þetta mál öllu lengra að sinni. Ég treysti því, að Alþingi líti svo á, að störf húsmæðra séu svo þýðingarmikil, að það sé rangt að verðleggja þessar nauðsynlegu vélar þeirra sem lúxusvörur, og þess vegna verði þessu gjaldi létt af.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

30. Vegalög (frv. HÁ o. fl.).

Á 9. fundi í Nd., 30. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947 [64. mál] (þmfrv., A. 68).

Á 11., 12., 13., 14. og 15. fundi í Nd., 5., 6., 8., 13. og 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 16. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór Ásgrímsson): Hæstv. forseti. Ég hef ásamt hv. 1. og 4. þm. Austf. leyft mér að bera fram á þskj. 68 brtt. við vegalögin, þar sem lagt er til, að allmargir vegastúfar tilheyrandi svokölluðum hreppa- og sýsluvegum í Austfirðingafjórðungi verði teknir inn í vegalögin og þar með í þjóðvegatölu. Það er engin nýlunda hér á hv. Alþingi, þótt slíkar tillögur séu bornar fram, því að áratugum saman hafa þm. flestra kjördæma gert slíkt og það að jafnaði oftar en einu sinni á hverju kjörtímabili. Og ástæðan hefur ætíð verið hin sama: mikil og vaxandi þörf og sífellt háværari kröfur fólksins um betri samgöngumöguleika á landi og þar af leiðandi kröfur um meiri og meiri afskipti og framkvæmdir hins opinbera í þeim málum.

Segja má, að áhugi og skilningur fyrir bættum samgöngum og vegagerð hér á landi komi fyrst fram af opinberri hálfu seint á 18. öld. En það mun þó ekki hafa verið fyrr en seint á 19. öld, að svolítið var hafizt handa um reglulega vegagerð og þá fyrst út frá Reykjavík og austur yfir Fjall og síðan um Suðurlandsundirlendið. Þá mun einnig fyrir og um síðustu aldamót hafa allvíða verið byrjað á svokölluðum flutningabrautum út frá helztu inn- og útflutningshöfnum. Og 1903 mun fyrsta fjárveiting, svo að nokkru næmi, hafa verið veitt í slíku skyni til Austurlands. Fyrstu áratugi aldarinnar kom vart við sögu vegagerðarinnar annað afl en mannshandarinnar með skóflu og haka, ásamt hesti og kerru. Síðan leysti flutningabíllinn hestinn og kerruna af hólmi. En stórvirkar vegavinnuvélar munu ekki hafa verið til hér á landi fyrr en í eða upp úr síðari heimsstyrjöld. Á þessu árabili uxu framlög hins opinbera smátt og smátt, og fleiri og fleiri vegir voru teknir í þjóðvegatölu. Þar til stórvirku vinnuvélarnar komu til sögunnar, voru vegagerðarafköstin lítil, miðað við það, sem nú tíðkast, flestir vegir veikbyggðir og lítið upphlaðnir og víða, þar sem kostur var, aðeins ruðningur um þurra móa og mela, enda aðeins miðað við sumarafnot. Þá var líka að jafnaði reynt að beygja hjá erfiðum vegarstæðum og leiðin jafnvel oft lögð í krókum og lykkjum. En það var ekki svo mjög fengizt um það, menn gáfu sér þá meiri tíma en nú til þess að hafa í heiðri hið gamla orðtak, að betri er krókur en kelda.

Víða um land munu í stórum dráttum slík eða svipuð vinnubrögð hafa verið ráðandi fram undir 1950. Almenna krafan var meiri sumarvegir milli bæja og byggðarlaga. Og þeir þokuðust furðanlega áfram, miðað við tækni og allar aðstæður. En sú vegalagning var yfirleitt aðeins ætluð til að bera hest og kerru og síðan létta flutningabíla. Hinir svokölluðu upphlöðnu vegir voru yfirleitt lítið yfir jarðhæðinni í kring, og lítið var fengizt um, þótt þeir væru lagðir um snjósæla staðir. Vegirnir fóru því víða í kaf í fyrstu snjóum, og allir þekkja vegaruðningana, sem eru verstu snjókistur. Við þessar vegaaðstæður búa menn enn meira og minna í flestum sveitum landsins. Og enn eru víða bæir, ekki allfáir, sem ekkert vegasamband hafa.

En við þetta getur fólkið í sveitunum ekki lengur búið. Búskaparhættir eru orðnir þannig, að aðdrátta er þörf allan tíma árs, og fólksfæðin orðin svo mikil, að engan má missa af heimili að vetrarlagi til tímafrekra kaupstaðaferða með klyfjahest eða hest og sleða, enda hafa líka víða breytzt svo framleiðsluhættir, að daglega verður að koma t. d. mjólk frá heimili til sölu- og vinnustaða. Þess vegna eru gömlu vegirnir orðnir meira og minna ónothæfir, og nýja upphlaðna vegi þarf því að leggja, sem þola eðlileg snjóalög og eru þannig byggðir, að þeir beri hinn mikla umferðarþunga, sem nú tíðkast. Hér þarf skjótra og róttækra umbóta við, ef vel á að fara. Mikið af núverandi hreppa- og sýsluvegum verður að taka í þjóðvegatölu, og hið opinbera verður að leggja fram fé til að leggja þar framtíðarvegi, jafnhliða stórauknum fjárveitingum til að ljúka núverandi þjóðvegum til allra byggðra býla og byggja enn fremur upp gömlu vegina, svo að þeir fullnægi eðlilegum kröfum. Sérstaklega og fyrst og fremst þarf þetta að gerast þar, sem mjólkurframleiðsla á sér stað eða er að byrja eða er augljóslega fram undan, ef samgönguerfiðleikarnir hindra ekki eðlilega þróun í þeim efnum.

Þetta er ein af mikilvægari aðgerðum í því sambandi að viðhalda byggð landsins. Erfiðleikar landsbyggðarinnar eru margvíslegir og menn ekki á einu máli um, hvernig úr eigi að bæta eða jafnvel hvort nauðsynlegt sé eða tilvinnandi að glíma við slíkt viðfangsefni. En flestir eða allir munu þó vera sammála um vegaþörfina, jafnvel þótt ekki væri nema vegna sumarferða fólksins.

Vitanlega eru vegamál í einstökum sýslum og landsfjórðungum í mjög misjöfnu ástandi. Veldur þar margt, bæði hvað atvinnuþróun byggðanna er misjafnlega langt á leið komin og landslag, vegalengdir o. fl. Austfirðingafjórðungur mun vegna víðáttu og landslags vera einn erfiðasti landshluti um vegagerðir, og munu fá eða engin landssvæði komast þar til samjafnaðar, nema þá helzt Vestfirðir. Hins vegar eru, sem betur fer, í sumum landshlutum jafnvel heilar sýslur, þar sem svo að segja hver bær hefur vegasamband og hreppa- og sýsluvegir mjög litlir og þar því hverfandi þyngsli af vegalagningu í sambandi við hreppssjóði og sýslusjóði.

Árið 1958 átti ég kost á að sjá skýrslu um vegakerfi landsins, eins og það var þá, og sést þar ljóslega hinn mikli aðstöðumunur, sem fólkið hefur við að búa í þessum efnum. Þá eru allir vegir í Austfirðingafjórðungi taldir nálægt 2113

km. Af þeirri vegalengd eru 1628 km þjóðvegir, sýsluvegir 354 km og hreppavegir 131 km. Af viðurkenndum vegum fjórðungsins eru því nálægt því um 485 km sýslu- og hreppavegir, og eru svo þar að auki ótaldir fjallvegir, sem munu vera á annað hundrað km í fjórðungnum. Af hreppa- og sýsluvegum eru 100 km óbílfærir, 269 km ruddir og aðeins rúmlega 100 km lagðir vegur. Og af þeim er mjög mikið lagt á gamla vísu, sem fullnægir nú lítið betur vegaþörfinni en ruðningsvegirnir. Á sama tíma eru taldir 48 bæir í fjórðungnum, sem ekkert vegasamband hafa, og er augljóst, hvert stefnir þar.

Ég hef ekki séð yngri heildarskýrslur um vegi landsins. En þótt 4 ár séu liðin síðan, er það vitað, að verr horfir hlutfallslega nú en áður um vegakerfið, og veldur þar um dýrtíðin og áhugalitlir valdhafar um umbætur í þessum efnum. Sveitar- og sýslufélögin hafa aldrei verið megnug þess að byggja upp það vegakerfi, sem þeim hefur tilheyrt, enda það ætíð viðurkennt með því, að hið opinbera hefur smátt og smátt yfirtekið hluta af þeim vegum, og það mun raunar staðfest, að stefna beri að því að leysa sveitarfélögin að mestu undan þeirri kvöð að byggja upp og viðhalda þeim vegum, enda er slíkt verkefni í raun og veru í aðalatriðum sameiginleg þjóðfélagsskylda. Vegna núverandi dýrtíðar um alla vegagerð og vegaviðhald hefur nú að sjálfsögðu keyrt um þverbak með sýslu- og hreppavegina, enda munu þess fá eða engin dæmi, að brtt. við vegalögin hafi komið eins oft fram og á þessu kjörtímabili, og það lýsir þörfinni, sem í þessum efnum er, að ríkið létti þar á. En slíkar till. hafa enga áheyrn fengið enn til þessa. Ýmsir hafa haldið því fram, að nú sé ekki auðvelt eða tímabært að bæta þjóðvegakerfið sökum þess, hversu báglega ríkinu tekst að viðhalda og byggja upp þá vegi, sem því tilheyra. Slíkt er vitanlega engin röksemd né afsökun, allra síst meðan hið opinbera notar árlega til annarra hluta en vegagerðar tugi millj. af því fé, sem samkv. tilgangi og eðli skattheimtunnar tilheyrir vegakerfi landsins. En auðvitað á slíkt fé allt að ganga árlega óskert til samgöngubóta á landi og ríkið að bæta þar við, eftir því sem þörf krefur.

Hæstv. forseti. Ég óska þess, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og til hv. samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til samgmn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar, en brtt. við það bárust á þskj. 71, 81, 148 og 264.

---

31. Kvikmyndastofnun ríkisins.

Á 8. fundi í Sþ., 31. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um kvikmyndastofnun ríkisins [67. mál] (þmfrv., A. 73).

Á 11., 12., 13., 14., 15. og 16. fundi í Nd., 5., 6., 8., 13., 15. og 19. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. er í raun og veru um þjóðnýtingu á kvikmyndahúsum landsins stig af stigi og einnig um það, að val á öllum þeim kvikmyndum, sem teknar eru til flutnings hér á landi, skuli framkvæmt af Kvikmyndastofnun ríkisins, sem lúti yfirstjórn menntmrn. Það má náttúrlega orða það þannig, að efni þess sé tvíþætt: Í fyrsta lagi um, að allur innflutningur kvikmynda sé undir sérstakri stjórn, er lúti menntmrn. og ráði vali allra kvikmynda, sem inn eru fluttar, og í annan stað um þjóðnýtingu á kvikmyndahúsunum, þ. e. a. s. fyrst og fremst þeim, sem nú eru í einkarekstri, en ekki opinberum rekstri eða hálfopinberum rekstri.

Menn greinir nokkuð á um, hvaða rekstrarform ætti að velja kvikmyndahúsarekstrinum. Sumir, vafalaust nokkuð margir, eru þeirrar skoðunar, að kvikmyndahús eigi að vera í einkarekstri og markmiðið eigi að vera gróði einstaklingsins. En aðrir hafa hneigzt að því, að heppilegra væri, að kvikmyndahúsareksturinn væri í höndum bæjarfélaganna, því að með því móti væri hægt að verja kvikmyndahúsaágóðanum til ýmissa gagnlegra hluta, t. d. standa undir rekstri elliheimilis, bera uppi halla af sjúkrahúsrekstri eða til að standa undir útgjöldum við gatnagerð eða klóakgerð eða vatnsveitur eða hverjum öðrum útgjöldum bæjarfélagsins sem væri, og þannig sé það unnið við þetta rekstrarform, að gróði kvikmyndahúsanna lendi ekki í vasa eins manns, heldur komi samfélaginu, bæjarfélaginu til góða. Ég játa, að það að taka kvikmyndahúsin úr einkarekstri og í bæjarrekstur hefur í för með sér nokkurn ávinning og ætti einnig nokkuð að stuðla að því, að stjórnendur kvikmyndahúss í bæjarrekstri legðu jafnvel meiri áherzlu á það en hægt er að ætlast til af einstaklingum, sem reka það í gróðaskyni, eiginhagsmunaskyni, að menningarlegt gildi þeirra kvikmynda, sem bæjarrekið kvikmyndahús velur, sé af hærri gráðu, ef svo mætti segja, heldur en mynd, sem eingöngu er valin til að plægja inn peninga. En ég er þó þeirrar skoðunar, og nokkrir aðrir í þjóðfélaginu munu einnig vera þeirrar skoðunar, að langeðlilegast sé og siðsamlegast og þjóðfélaginu hollast, að kvikmyndahúsareksturinn sé hvorki í einkarekstri né heldur bæjarrekstri, heldur eigi hann að vera í rekstri þjóðfélagsins í heild.

Sá ókostur við einkarekstur kvikmyndahúsa er auk þess, sem ég hef nú drepið á, að líklegt er, að hann leggi ekki mikið upp úr menningarlegu

gildi kvikmynda, heldur miklu fremur, hversu líkleg myndin, sem hann ætlar að velja til sýningar í sínu kvikmyndahúsi, sé til að gefa mikla peninga í kassann, vera gott kassastykki, — einnig séu líkur til þess, að einstaklingurinn, sem rekur kvikmyndahús, leggi ekki mjög strangt mat á menningarlegt gildi þeirra kvikmynda. Hans tilgangur er annar, og það er eðlilegt, að hann láti myndaval sitt þjóna þeim tilgangi að fá peninga úr rekstrinum. Ég tel, að ef Kvikmyndastofnun ríkisins, eins og hér er gert ráð fyrir, tekur til starfa og kvikmyndaráð á að velja kvikmyndir fyrir öll kvikmyndahús landsins og þá alveg sérstaklega með tilliti til menningarlegs gildis þeirra, þá væri menningarlegri hlið þessa menningartækis og þessa rekstrar í þjóðfélaginu miklu betur borgið. Ég hygg, að það yrðu allt öðruvísi kvikmyndir, sem við fyrst og fremst fengjum til sýningar í landinu.

Í annan stað er það svo ljóður á fyrirkomulagi einkarekstrar í þessu tilliti, að það er ekkert óeðlilegt, að einstaklingar, sem reka kvikmyndahús í gróðaskyni, geri það fyrst og fremst í fjölmennustu kaupstöðum landsins, þar sem gróðavon er af slíkum rekstri, en fari ekki að stofna til kvikmyndarekstrar úti um smáþorpin og við sveitirnar, þar sem kvikmyndin sem menningartæki á þó vitanlega alveg eins brýnt erindi og í fjölmenni. Þannig hefur líka reynslan orðið. Kvikmyndahús hafa verið reist mörg í stórum kaupstöðum og yfirleitt alls staðar þar, sem gróðamöguleiki var við það bundinn að reka kvikmyndahús, en úti um sveitirnar hafa fáir gerzt til þess, enda varla von. Það þjónaði ekki neinum tilgangi að fara að reka kvikmyndahús úti um sveitirnar, því að það vissu allir, að það gaf ekki arð.

Ég tel, að sá meginkostur fylgdi ríkisrekstri í þessu tilliti, að sá aðilinn, sem fengi gróðann af kvikmyndahúsarekstri í kaupstöðunum, stæðist vel við og teldi það líka skyldu sína að verja nokkru af þessum gróða til að reka kvikmyndahús í fámenninu, þar sem yrði að gefa með þessum rekstri, og þannig væri betur hægt að tryggja með þessu rekstrarformi, að það menningarlega gildi, sá fræðslumöguleiki og sá menningarmöguleiki, sem gæti fylgt kvikmyndarekstri, bærist til landsfólksins alls, jafnt í sveitum, kauptúnum og bæjum, án tillits til þess, hvar fjölmennið væri mest og gróðamöguleikarnir mestir.

Ég hef nú dvalið nokkuð við þessa tvo meginþætti frv., sem sé að gera innflutning kvikmyndanna ríkisrekinn af stjórn, sem lúti beint menntmrn. og eigi að sjá um menningarlegt gildi þeirra kvikmynda, sem sýndar eru, og enn fremur, að kvikmyndahúsin, sem nú eru í landinu, verði smám saman gerð að ríkiseign og rekin af Kvikmyndastofnun ríkisins og henni skuli vera skylt að koma upp kvikmyndahúsarekstri sem víðast um landið. Með þessu tvennu tel ég, að þetta væri unnið, að menningarlegt gildi kvikmynda væri betur tryggt en nú er, þegar gróðasjónarmið hlýtur að ráða vali að verulegu leyti, hversu ágætir menn sem þar fjalla um annars, og í annan stað, að kvikmyndirnar flyttu sinn boðskap ekki bara til fólksins í fjölmennustu kaupstöðunum, heldur einnig til fólks í fámennustu kauptúnunum og úti um sveitir. Og þangað tel ég, að áhrif kvikmyndanna eigi að ná engu síður, og það eigi aðeins að tryggja það, að það séu menningarleg áhrif, en ekki áhrif ómenningar, sem með þeim berist.

Viðhorfið til kvikmyndanna virðist hjá ýmsum hafa verið það, að þetta sé eiginlega menningarleg plága, sem eigi að torvelda fólki að verða fyrir spillandi áhrifum af. Til þess bendir, að ákveðinn er allhár skattur af sýningum kvikmynda, og búið er nú að leggja ég held 200, ef ekki 300% álag á þann skatt, og menn segja: Það gerir ekkert til með svona skattlagningu, það dregur þá eitthvað úr kvikmyndahúsarápi fólksins, sérstaklega unga fólksins. — Þetta virðist vera mjög svipað hugsað og það, að það er ekki litið óhýru auga af mönnum, sem eru eindregnir andstæðingar vínnautnar, að segja: Það færi betur, að Alþingi hækkaði enn skattana á áfengi og tóbaki, því að það kynni þá heldur að draga úr því, að fólk legði sér þessi eiturlyf til munns. — En ég held, að það sé algerlega ranglega litið á gildi kvikmyndarinnar og menningarlegan mátt hennar, ef rétt er á haldið, út frá þessu viðhorfi. Ég held, að menn verði að gera sér það ljóst, að kvikmyndin er menningartæki ekki síður en bókin, uppfinning kvikmyndanna er svipaður menningarlegur atburður og þegar prentlistin var fundin upp. Og það er góðra og gáfaðra manna að finna svo út aðferðir til þess, að áhrifin verði til menningarauka og blessunar og fræðslu, en ekki til ómenningar og niðurdreps og bölvunar. En ég játa, að það er vitanlega hægt að velja slíkt úrhrak kvikmynda, að þær tvímælalaust verði til þess að draga menningu þeirra, sem á horfa, niður á við, jafnvel niður í svaðið. Og það hefur viljað brenna við, því miður, vegna þess að ekki aðeins rekstur kvikmyndahúsa hefur verið gerður að tæki til blindrar gróðaöflunar, heldur hefur kvikmyndatæknin í höfuðkvikmyndaverum heimsins fyrst og fremst verið gerð að gróðamyllu fyrir auðkýfinga og auðvaldssamtök og þannig frá grunni þessu öllu saman verið stjórnað með tilliti til gróða, en ekki menningar.

Það er rétt, að nú eru risin kvikmyndahús í landinu. Það eru dýr mannvirki, og það yrði að falla í hlut Kvikmyndastofnunar ríkisins að taka þessar stofnanir eignarnámi smám saman. Og ég játa, að það mundi, þótt að væri farið eins og er lagt til í þessu frv., að við það mat kæmi einungis til greina eignarverðmæti mannvirkjanna sjálfra, en ekki aðstaða rekstrarins, þá er þarna um stórfellt eignarnám að ræða og Kvikmyndastofnun ríkisins mundi vafalaust ekki geta gert það í einu skrefi, heldur yrði það að gerast smám saman. Kæmi þá frá mínu sjónarmiði fyrst og fremst til greina að taka gróðavænlegustu kvikmyndahúsin í höfuðborg landsins eignarnámi til þess að hefjast svo í framhaldi af því handa um að koma upp kvikmyndahúsum úti um byggðir landsins af þeim gróða, sem kvikmyndastofnunin hefði þá fengið af þessum stærstu kvikmyndahúsum, sem tekin hefðu verið eignarnámi. En sú starfsemi gæti alveg tvímælalaust hafizt strax að leggja valið á öllum kvikmyndum, sem

sýna ætti í íslenzkum kvikmyndahúsum, í hendur kvikmyndaráðs ríkisins, þannig að það væri ekki lengur, eftir að frv. hefði verið samþ., í höndum einstakra kvikmyndahúsaeigenda að velja kvikmyndirnar.

Hér er gert upp á milli þeirra kvikmyndahúsa, sem séu í einkaeign og hálfopinberri eign annars vegar, og a. m. k. slegið föstu, að kvikmyndahúsin, sem séu í opinberri eign, opinberum rekstri, eins og hin bæjarreknu kvikmyndahús, yrðu a. m. k. ekki lögð undir Kvikmyndastofnun ríkisins fyrst um sinn og e. t. v. aldrei og heldur ekki þau kvikmyndahús, sem eru í hálfopinberum rekstri, eins og ég mundi vilja segja að kvikmyndahús háskólans væri, þjónar þar almennu markmiði, stendur undir fjáröflun til að bera uppi starfsemi ýmissa menningarþátta eða háskólans. Virðist einmitt sú hugsun, sem ég aðhyllist, hafa hvarflað að ýmsum mönnum, sem að slíku hafa staðið að koma upp kvikmyndahúsum með þessum hætti, svo að hugsunin er þeim áreiðanlega ekki framandi.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál, — menn hafa frv. fyrir sér og ýtarlega grg., — aðeins rifja upp, að nýmælin, sem helzt eru í þessu frv., eru á þessa leið: Í fyrsta lagi, að yfirstjórn menntamálanna eigi að fá yfirráð yfir öllum innflutningi kvikmynda, kvikmyndastofnun komið á fót og þessi yfirstjórn innflutnings á kvikmyndum eigi að bera ábyrgð á ákveðnu menningargildi kvikmyndanna. Í öðru lagi leiðir af þessu frv., ef það yrði samþ., að öllu því fjármagni, sem streymir gegnum kvikmyndahús landsins, verði varið til almennrar menningarstarfsemi í þjónustu allra landsmanna. Í þriðja lagi er stefnt að því með frv. að gera kvikmyndir, sem sýndar eru hér á landi, þjóðlegri, bæði með gerð íslenzkra texta við erlendar kvikmyndir og með upptöku og gerð alíslenzkra kvikmynda, og það er ekki sízt einn megintilgangur þessa máls. Þá er með frv. gert ráð fyrir, að samstarf hefjist milli kvikmyndarekstrarins og skólahaldsins í landinu. E. t. v. mundi þetta leiða til þess, að fræðslukvikmyndasafn ríkisins, sú stofnun hjá fræðslumálastjórninni, yrði einn þáttur í starfsemi Kvikmyndastofnunar ríkisins, en ekki áframhaldandi sem sérstök stofnun. Og í fimmta lagi: Á grundvelli þessarar lagasetningar yrði byggt upp samfellt kvikmyndahúsakerfi um allt land og þar með bætt úr samkomuhúsaþörf fámennari kauptúna og byggðarlaga, að svo miklu leyti sem það mál hefur ekki þegar verið leyst með félagsheimilunum, sem mjög víða mundu geta orðið kvikmyndahús viðkomandi héraðs. Og í sjötta lagi ætlast ég til, að kvikmyndahúsarekstrinum sé lögð sú skylda á herðar að styrkja og efla skyldar listgreinar, svo sem leiklist og hljómlist.

Ég vil, áður en ég lýk máli mínu, víkja aðeins örfáum orðum að þeim tilgangi, að kvikmyndastofnunin eigi að stefna að því að gera íslenzka texta, alveg sérstaklega talmálstexta, með erlendum kvikmyndum, a. m. k. öllum úrvalskvikmyndum, sem ættu að fara til sýningar fyrir gjörvallri þjóðinni úti um allt landið, og í annan stað að fara nokkrum orðum um gerð íslenzkra kvikmynda, sem yrði einn af meginþáttum í starfi kvikmyndastofnunarinnar.

Ég álít, að það hljóti að stefna til málskemmda, að unga fólkið, í hvert skipti sem það fer í kvikmyndahús, sér þar ekkert orð á íslenzku, ekkert orð á sínu móðurmáli í fylgd með kvikmyndinni, en unga fólkið gleypir í sig af áfergju hugans efni myndarinnar í fylgd með erlendum talmáls- og lesmálstexta. Ég tel, að þetta sé lítt viðunandi og úr þessu þurfi að bæta á þann veg, að ekki aðeins íslenzkir lesmálstextar, heldur einnig talmálstextar séu látnir fylgja öllum meiri háttar erlendum kvikmyndum. En til þess þarf fé. Og til þess er engin von, að atvinnurekandi, sem rekur kvikmyndahús í gróðaskyni, verji svo og svo miklu af sínum hugsanlega gróða til að þjóna menningunni á þennan hátt. Ég geri mér því litlar vonir um, að þetta nái fram að ganga, og lítið þyddi að fyrirskipa kvikmyndahúsaeigendum, sem eiga slíkar stofnanir, að þeir fái ekki að sýna, nema því aðeins að þeir láti gera íslenzkan talmáls- eða lesmálstexta með kvikmyndunum. Það mundu þeir segja að drægi mjög úr sínum gróða, og þeir mundu varla beygja sig undir það. En ríkinu væri þetta skylt, þegar það hefði tekið reksturinn að sér og hefði af honum gróðamöguleikana, að verja allverulegum hluta af sínum gróða til þess að gera kvikmyndina þannig íslenzkari og máttugra menningartæki í íslenzku þjóðfélagi. Fólk mundi áreiðanlega una því illa, ef prédikað væri á dönsku eða ensku í íslenzkum kirkjum, og hefði það áreiðanlega miklu minni málspjöll í för með sér, því að það er yfirleitt eldra fólk, sem sækir kirkjurnar, og ekki nándar nærri eins hrifnæmt og unga fólkið, sem sækir kvikmyndahúsin. Þar að auki mundi það líka teljast staðreynd, að fólkið, sem sækir kirkjurnar, er miklu færra en það, sem kvikmyndahúsin sækir, og er þarna um miklu viðtækari skemmdaráhrif að ræða frá hendi kvikmyndanna, vegna þess að íslenzkt mál fylgir þeim ekki í kvikmyndahúsunum. Þetta tel ég menningarlegan þátt í starfi kvikmyndastofnunarinnar.

En hitt mundi þá margur segja að væri enn gildari þáttur þessa frv., að af kvikmyndahúsagróðanum ætti að verja verulegu fé til þess að gera íslenzkar kvikmyndir. Það hafa verið gerðar nokkrar íslenzkar kvikmyndir, af íslenzkum skáldverkum. Saga Borgarættarinnar var kvikmynduð, en hún var að minnstu leyti kvikmynduð hér á landi. Hennar svið var valið úti í löndum að miklu leyti, og hún hefur ekki enn fengið íslenzkt tal til fylgdar við sig, enda var hún gerð fyrst og fremst til að sýna úti um heim, þó að hún hafi reynzt vinsæl kvikmynd hér, þegar hún var hér til sýnis. Er víst kopía af henni í eign eins af íslenzku kvikmyndahúsunum, sem tekur hana fram sem þögla kvikmynd við og við og lætur þá fylgja henni stundum nokkurt íslenzkt tal, þá sjaldan hún er sýnd, og hún fær alltaf góðar viðtökur hér. Stórverkið Fjalla-Eyvindur, leikrit Jóhanns Sigurjónssonar, var einnig kvikmyndað, og þeirri kvikmyndatöku var valið svið norður í Lapplandi. Þessar kvikmyndir hvorugar hafa fengið þann búnað,

sem er ætlunin með þessu frv., að ekki aðeins íslenzkum, heldur einnig erlendum kvikmyndum sé látið fylgja íslenzkt tal og íslenzkt lesmál til skýringar.

Svo gerist sá atburður nú á liðnu hausti, að sett er saman kvikmynd um íslenzkt skáldverk, „79 af stöðinni", og kvikmyndahúsagestir hafa nú séð þá kvikmynd tugþúsundum saman. Hún hefur fengið ágætar viðtökur. Og þá kom manni í hug, að að ýmsu leyti hefði þessi kvikmynd getað orðið fullkomnari og betri, ef til umráða hefði verið einhver hluti af því fjármagni, sem safnazt hefur saman við kvikmyndahúsagróðann á Íslandi á undanförnum árum og áratugum. En þarna var af vanefnum verið að gera íslenzka kvikmynd um íslenzkt skáldverk með mjög takmörkuðu fjármagni. Þess geldur myndin, og er hún þó á allan hátt góðra gjalda verð og sýnir, að hér liggur fyrir okkur mikið menningarlegt hlutverk. Og í fylgd með þessari mynd var íslenzk leiklist og íslenzk tónlist, og þess vegna hef ég það með í þessu frv., að með því að gera kvikmyndahúsareksturinn alíslenzkan og sýningu kvikmynda að meira menningartæki, þá teldi ég, að af kvikmyndahúsagróðanum, sem rynni inn til Kvikmyndastofnunar ríkisins, ætti að verja allmiklu fé til styrktar skyldum listgreinum, eins og leiklist og hljómlist, því að þetta yrði alltaf í samfylgd með íslenzkri kvikmyndagerð.

Það er og margra álit, og þeirrar skoðunar er ég einnig, að gullaldarbókmenntir Íslendinga, Íslendingasögurnar, séu kannske flestum skáldverkum, — því að skáldverk eru þær víst taldar, Íslendingasögurnar, af fræðimönnum, ef til vill er þar þó ívaf raunverulegra frásagna og skáldskapar, — séu kannske allra bókmennta bezt fallnar til kvikmyndagerðar. Íslendingasögurnar mundu bregða upp nokkurn veginn sannri menningarlegri mynd af víkingaöldinni. Og slíkar myndir ættu ekkert síður erindi til annarra þjóða en til okkar. Ég get vel búizt við því, að slíkar myndir færu sigurför um heiminn, sem einmitt sannsögulegt dokument um anda víkingaaldarinnar og svipmót hennar. Og með kvikmyndun Íslendingasagna og okkar fornbókmennta, gullaldarbókmennta, ásamt því, að nútímabókmenntir yrðu einnig valdar til kvikmyndagerðar, fengjum við áreiðanlega máttugt tæki í hendur til þess að vekja athygli á Íslandi og íslenzkri þjóð og íslenzkri menningu, ef vel tækist til.

Ég hef farið nokkrum orðum um megintilgang þessa frv., vakið athygli á þeim nýmælum, sem í því felast. Ég geri mér fulla grein fyrir því, að ekki eru allir á sömu skoðun og ég um þetta mál. Um ýmislegt má deila í sambandi við þetta. En ég held samt, að alopinber rekstur, ríkisrekstur kvikmyndahúsa og innflutningur kvikmynda undir yfirstjórn menntmrn. væri til bóta til að tryggja menningarlegt gildi þessa menningartækis og hægt væri að verja gróðanum af kvikmyndahúsarekstri í landinu til þess að gera kvikmyndina meir almenningseign en hún nú er, sýna kvikmyndir jafnt úti um fámennar sveitir og í fjölmennustu kaupstöðunum, og þetta eigi að gerast í fylgd með íslenzku tali og íslenzku lesmáli, þannig að sjálf kvikmyndin verði íslenzkari hér á landi. Ég tel sjálfsagt, að frv. sem þetta verði samþ. þrátt fyrir allan skoðanaágreining, sem um það kann að ríkja, og legg til, að því verði að umr. þessari lokinni vísað til hv. menntmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 23. fundi í Nd., 29. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

32. Stuðningur við atvinnuvegina.

Á 11. fundi í Nd., 5. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um stuðning við atvinnuvegina [70. mál] (þmfrv., A. 81).

Á 12., 13., 14. og 15. fundi í Nd., 6., 8., 13. og 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 16. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): *Hæstv. forseti.* Aðalefni þess frv., sem hér liggur fyrir, er, að létt verði af útflutningsatvinnuvegum landsins ýmsum útgjöldum, sem á þeim hvíla nú, í því skyni að gera þeim síðan fært að rísa undir hækkuðum kaupgjaldsgreiðslum og öðrum hækkuðum útgjöldum, sem sjá má fyrir nú að þeir verða að taka á sig innan tíðar.

Ég hygg, að það muni flestir viðurkenna, að allar horfur séu á því, að fyrir dyrum standi allmiklar kauphækkanir í landinu, og sömuleiðis muni verða óhjákvæmilegt, að fiskverð verði hækkað allverulega frá því, sem verið hefur. Það er kunnugt, að mörg af stærstu verkalýðsfélögum landsins hafa þegar sagt upp kaupgjaldssamningum sínum og farið fram á kauphækkanir. Þau hafa bent á það, að að undanförnu hafi verðlag allt í landinu hækkað mikið og að þeim sé því nauðsynlegt að hækka kaupgjaldstaxtana. Það gefur líka auga leið, að fiskverðið hlýtur að fylgja hér á eftir, því að það er alllangt síðan það fiskverð, sem nú er í gildi, var síðast ákveðið, en verð á fiski er um leið undirstaða að kaupgjaldi sjómanna, og þegar aðrar launastéttir í landinu fá kauphækkanir, hefur jafnan orðið reynslan, að sjómennirnir gera kröfu um kauphækkun sér til handa um leið.

Nú vita allir, að þegar kauphækkanir ganga yfir, fer jafnan svo, að útflutningsatvinnuvegirnir geta komizt í nokkurn vanda með það, hvernig þeir eigi að mæta hækkuðum útgjöldum vegna hækkaðs kaups. Oft og tíðum hefur það orðið svo, að ráðið, sem gripið hefur verið til, hefur verið það að lækka gengi íslenzkrar krónu

og bæta útflutningnum upp á þann hátt, en slíkt hefur jafnan reynzt skammgóður vermir, vegna þess að gengislækkunin hefur leitt af sér nýjar verðhækkanir og þá jafnframt gjarnan nýjar kauphækkanir aftur.

Við, sem stöndum að flutningi þessa frv., bendum á, að það er hægt að lækka ýmis útgjöld útflutningsatvinnuveganna frá því, sem verið hefur, um mjög verulegar fjárhæðir og gera útflutningsatvinnuvegunum þannig mögulegt að standa undir hækkuðu kaupgjaldi og greiðslum af sjávarútveginum, t. d. greiðslum af hækkuðu fiskverði.

Ég skal nú í stuttu máli gera grein fyrir því, hvaða útgjöld hér er aðallega um að ræða, sem við teljum að megi lækka útflutningsatvinnuvegunum til góða.

Eins og kunnugt er, þá er sjávarútvegurinn aðalútflutningsatvinnuvegurinn, og því mun ég fyrst og fremst ræða hér um þær lækkanir á útgjöldum, sem snerta sjávarútveginn mest.

Í þessu frv. gerum við ráð fyrir, að vaxtaútgjöld atvinnuveganna verði lækkuð mjög verulega frá því, sem þau hafa verið. Vaxtaútgjöldum má aðallega skipta í þrennt hjá atvinnuvegunum. Í fyrsta lagi er þar um vexti af svonefndum afurðalánum að ræða. Í öðru lagi er um vexti af öðrum rekstrarlánum atvinnuveganna að ræða. Og í þriðja lagi er um vexti af beinum stofnlánum að ræða.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að vextir af afurðalánum verði lækkaðir úr 7—7½%, sem þeir eru nú, niður í 2½—3%. Sú lækkun, sem þarna er lögð til, mundi fyrst og fremst koma niður á Seðlabankanum, vegna þess að það er hann, sem stendur undir þessum lánum að langmestu leyti. Það er ekki til þess ætlazt, að Seðlabankinn sé rekinn með þeim hætti, að hann safni gróða. Hans hlutverk er fyrst og fremst að stýra peningamálum landsins og það á þann hátt, sem megi verða framleiðsluatvinnuvegunum að sem mestu gagni. Það er enginn vafi á því, og það hefur raunar oft verið viðurkennt áður, m. a. af ýmsum hagfræðingum, sem ríkisstj. hefur mjög stuðzt við í sínum efnahagsmálaaðgerðum, að út af fyrir sig væri þetta framkvæmanlegt. Það væri hægt að haga þessu máli á þann veg, sem við leggjum til í þessu frv., sem hér liggur nú fyrir til umr. En það, sem einkum hefur verið sett fyrir sig í þessum efnum, er, að ef afurðalánavextirnir yrðu lækkaðir þetta mikið, t. d. til sjávarútvegsins eða til útflutningsatvinnuveganna, þá væri hætta á því, að ýmsar aðrar framleiðslugreinar, sem meira eru miðaðar við framleiðslu fyrir innanlandsmarkað, mundu koma á eftir og fá að njóta svona lágra vaxta. Ég fyrir mitt leyti vil skilja hér algerlega á milli og hef gert grein fyrir því nokkrum sinnum áður. Ég álít, að útflutningsatvinnuvegirnir hafi sérstöðu í þessum efnum og það eigi að láta þá njóta þess með sérstaklega lágum vöxtum á einmitt þessum tegundum lána, á hinum svonefndu afurðalánum. Þetta er á margan hátt mjög hliðstætt því, sem gerist í mörgum öðrum löndum, þar sem í gildi eru ýmsar reglur, sem miða að því að efla útflutningsframleiðsluna sérstaklega, þar sem útflutningsframleiðslunni eru búin á ýmsan hátt önnur kjör en framleiðslu þeirri, sem aðallega er miðuð við innanlandsmarkað. Það ber líka að hafa í huga í sambandi við þessi svonefndu afurðalán, að þar er aðeins um lán að ræða til fremur stutts tíma út á framleiddar afurðir, sem gjarnan eru þá fulltilbúnar til útflutnings og oft og tíðum seldar, og því er hér um algerlega örugg lán að ræða. En það þarf óneitanlega að festa fé í þessari framleiðslu um stundarsakir og það mikið fé, á meðan vörunni hefur ekki verið breytt í gjaldeyri.

Í öðru lagi leggjum við svo til, að vextir af almennum rekstrarlánum útflutningsframleiðslunnar verði einnig lækkaðir, en þá aðeins lækkaðir niður í það, sem almennir vextir eru í landinu, eða niður í það, sem þeir voru, áður en vaxtahækkunin síðasta var ákveðin. Þar gerum við ráð fyrir því, að útflutningsatvinnuvegirnir borgi sömu vexti af öðrum sínum rekstrarlánum en afurðalánum og aðrir atvinnuvegir gera. En þar yrði þó um nokkra lækkun að ræða, því að vextir af slíkum lánum eru nú 9—9½%, en mundu samkv. okkar till. færast niður í 7—7½%.

Þá er í þriðja lagi um vaxtalækkun að ræða samkv. þessu frv. af almennum stofnlánum. Nú eru vextir af almennum stofnlánum, t. d. sjávarútvegsins, yfirleitt 6½—8%. En fyrir viðreisnarlöggjöfina voru þessir vextir 4½% af þorra lánanna og á nokkrum upp í 6%. Þá var lánstími af flestum stofnlánum sjávarútvegsins 20 ár, en með viðreisnarlöggjöfinni var lánstíminn færður niður í 15 ár. Við leggjum til með þessu frv., að vextirnir af stofnlánum verði lækkaðir niður í það, sem þeir voru áður, og lánstíminn verði aftur lengdur og þannig verði létt á útgjöldum útflutningsatvinnuveganna í sambandi við vaxtagreiðslur af stofnfjárlánum. Við áætlum, að ef farið yrði að þessum till. okkar um lækkun vaxta, mætti á þann hátt lækka útgjöld útflutningsatvinnuveganna um u. þ. b. 100 millj. á hverju ári, það mætti létta útgjöldum af útflutningsatvinnuvegunum í kringum 100 millj. kr. á ári.

Þá leggjum við til í þessu frv., að vátryggingariðgjöld sjávarútvegsins verði lækkuð mjög verulega frá því, sem þau eru nú. Við gerum ráð fyrir því samkv. okkar till., að fyrst taki við um næstu áramót bráðabirgðafyrirkomulag á vátryggingargreiðslum fiskiskipaflotans, sem standi fram á mitt næsta ár, og þennan tíma verði málunum þannig fyrir komið, að ríkið hlutist til um það, að vátryggingariðgjöldin verði almennt lækkuð um helming frá því, sem þau hafa verið. En í umr. hér á Alþingi hefur það m. a. verið upplýst af hálfu hæstv. ríkisstj., að vátryggingariðgjöld fiskiskipa hér á landi séu yfirleitt helmingi hærri en þau eru í Noregi og í sumum tilfellum sé munurinn þó meiri. En upp úr miðju næsta ári teljum við, að það eigi að setja upp nýtt vátryggingarfélag, sem ríkið byggi upp, sem taki við vátryggingum fiskiskipaflotans, og þá sé að því stefnt, að hægt verði að halda vátryggingariðgjöldunum í um helmingi af því, sem þau hafa verið. Það er rétt, að af þessu gæti orðið nokkur áhætta fyrir ríkissjóð í fyrstunni, en það er ekki líklegt, að sú áhætta ætti að valda miklum útgjöldum fyrir ríkið.

Eins og nú er háttað, er talið, að vátryggingar-

iðgjöld fiskiskipaflotans, þ. e. a. s. bátaflotans og togaraflotans, séu í kringum 140 millj. kr. á hverju ári. Hér er um gífurlega miklar greiðslur að ræða. Væri hægt, eins og við gerum ráð fyrir, að lækka þessi útgjöld um helming, þá væri létt af útgerðinni á næstu árum 70 millj. kr. á hverju ári. Það er rétt, að nú sem stendur er þessum málum komið fyrir á nokkuð sérstakan hátt, og mun ég víkja að því nánar í sambandi við aðrar till. okkar hér.

Þriðja till. okkar miðar að því að lækka útflutningsgjöld á sjávarafurðum frá því, sem nú er, niður í það sama, sem þau voru, áður en brbl. ríkisstj. voru sett í ágústbyrjun 1961. Fram að þeim tíma voru útflutningsgjöld af sjávarafurðum 2,9%, en nú eru slík gjöld komin upp í 7,4%. Það er enginn vafi á því, að slík útflutningsgjöld eins og þetta þekkjast ekki hjá nokkurri annarri þjóð. Yfirleitt er það svo, að það er talið mjög óeðlilegt að leggja sérstök gjöld á útfluttar vörur. Það er mjög sjaldgæft, að nokkur þjóð hagi þannig tekjuöflun sinni, að hún miði við það að skattleggja útflutninginn. Þvert á móti er þessum málum þannig fyrir komið, eins og ég sagði hér áður í minni ræðu, hjá mörgum þjóðum, að þær hafa í gildi ákveðnar reglur, sem miða að því að örva útflutninginn og veita útflutningnum sérstakan stuðning. Þar má m. a. minna á hin þekktu exportcredit-kerfi, sem margir þekkja og mikið eru notuð með erlendum þjóðum og eru öll einmitt miðuð við það að gera framleiðslu í þeim löndum fært að keppa á erlendum mörkuðum eða veita þeim þar sérstök fríðindi í sambandi við reksturinn. Eins og útflutningsgjöldin eru orðin nú hjá okkur, þá hygg ég, að þau muni koma til með að nema á þessu ári um 230—250 millj. kr. Sumt af þessum gjöldum rennur að vísu til fiskveiðasjóðs, til stofnlánasjóðs sjávarútvegsins, og það mætti segja, að við það væri búandi að taka smágjald í þann sjóð, á meðan ekki var frekar að gert í sambandi við útflutningsgjöld. En þó verður það að segjast eins og það er, að það er hæpið að hafa þær reglur gagnvart sjávarútveginum einum, að hann eigi einn út af fyrir sig að greiða þau gjöld, sem eiga að leggjast í stofnlánasjóði sjávarútvegsins, á sama tíma og flestar aðrar atvinnugreinar landsins eiga að fá fé til sinna stofnlána af almannafé í landinu.

Sú hækkun, sem ákveðin var á útflutningsgjöldum sjávarútvegsins í byrjun ágústmánaðar 1961, mun nema nú um 160 millj. kr. á ári, — aðeins hækkunin. Það er rétt, að þegar forsvarsmenn sjávarútvegsins töldu, að hagur hans væri ekki þannig, að hann þyldi að taka á sig þessi háu útflutningsgjöld, eins og við hafði verið miðað í brbl. ríkisstj. í ágústbyrjun 1961, þá var síðar á árinu gerð sú breyting á, að nokkrar greinar sjávarútvegsins fengju mikinn hluta af þessari gjaldahækkun upp í vátryggingargreiðslur fiskiskipaflotans um sinn. En þau ákvæði gilda aðeins um takmarkaðan tíma, og ég ætla líka, að það muni flestir viðurkenna, að það nær engri átt að halda slíku skipulagi við. Það er mjög óeðlilegt að ætla sér að leggja almennt útflutningsgjald á allar útfluttar sjávarafurðir og nota þann skatt til almennrar greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipanna, og það sérstaklega þegar svo er ástatt með framkvæmdina á vátryggingunni, eins og nú er, þegar skipin eru vátryggð eftir margs konar og mjög breytilegum reglum, þegar bótagreiðslurnar til hinna einstöku aðila eru mjög misjafnar. Enda er ég ekki í nokkrum vafa um það, að í skjóli þessa fyrirkomulags, eins og það er nú, þróast margt mjög óheilbrigt. Það eina rétta í þessum efnum er, að upp verði byggt sem fyrst vátryggingarfélag fyrir forgöngu ríkisins og undir beinu eftirliti ríkisins, sem sé byggt upp á þeim grundvelli, að það hljóti að skapa þannig aðhald, að vátryggingariðgjöldin verði af sjálfu sér sem lægst.

Í þessu frv. gerum við flm. þess ráð fyrir því, að útflutningsgjöldin verði lækkuð úr 7,4%, sem þau eru nú, niður í það sama sem þau voru fyrir ágústbyrjun 1961, niður í 2,9%. En eins og ég hef sagt, þá held ég, að fyllilega kæmi til mála að lækka þessi útflutningsgjöld enn þá meir og haga síðan fjáröflun til fiskveiðasjóðs á annan hátt en nú hefur verið gert. Ef þessi till. okkar væri samþ., yrði raunverulega létt af sjávarútveginum gjöldum, sem nema 160 millj. kr., en það er að vísu rétt, að sú lækkun yrði ekki til góða fyrir allar greinar sjávarútvegsins, miðað við það ástand, sem ríkir enn í þessum efnum. En þetta fyrirkomulag á greiðslu vátryggingariðgjaldanna mun eiga að standa a. m. k. út þetta ár.

Þá gerum við einnig ráð fyrir í þessu frv., að framkvæmd verði nokkur lækkun á flutningsgjöldum íslenzkra skipa, hvað við kemur flutningi á íslenzkum framleiðsluvörum á erlenda markaði. Kröfur um þetta efni hafa komið fram hvað eftir annað frá samtökum útvegsmanna. Það er almenn skoðun, að þau flutningsgjöld, sem íslenzk skip halda uppi og hafa raunverulega mótað, því að erlendu skipafélögin fara eftir þeim flutningsgjöldum, sem íslenzku skipafélögin, sem eru hér yfirgnæfandi í þessari starfsemi, raunverulega hafa markað, — að þessi flutningsgjöld séu of há og það eigi að lækka þau. Séu flutningsgjöld íslenzkra skipa borin saman við það, sem flutningsgjöld eru á milli annarra landa, bendir allt til þess, að flutningsgjöldin héðan frá Íslandi og á erlenda markaði séu til verulegra muna of há. Við leggjum því til, að til bráðabirgða verði ákveðið að lækka þessi flutningsgjöld í þágu útflutningsatvinnuveganna um 20%.

Þá er einnig lagt til í þessu frv., að önnur vátryggingariðgjöld en þau, sem beinlínis eru af veiðiskipunum sjálfum, en útflutningsatvinnuvegirnir verða að borga, ýmis önnur vátryggingariðgjöld, þau verði einnig með beinum fyrirmælum lækkuð nokkuð, og hygg ég líka, að full ástæða sé til þess og vátryggingarfélögin stæðu sig vel við það.

Þá er lagt til, að sölufélögum framleiðenda verði bannað að taka hærri þóknun í sambandi við söluumboð sín á útfluttum vörum en sem nemur 1%. Nú er langalgengast, að þessi félög taki 2% fyrir milligöngu sína, en í mörgum tilfellum vinna þau þó störf sín þannig, að þau vinna síðan í gegnum aðra milliliði, sem einnig verður að borga, 2% og allt upp í 4%. Af sumum útflutningsgreinunum er þannig tekið í um-

boðssölulaun innlendra og erlendra aðila 6% og allt upp í 8%. Hér er auðvitað um óhæfilega skattlagningu að ræða, og ætti að banna það, að þessar stofnanir tækju meira en sem nemur 1%, og það ætti að banna það einnig, að erlend umboðssölufélög fengju að taka meira en sem nemur 2% af sannanlegu söluverði.

Í grg. þessa frv. bendum við flm. á það, að ef þær ráðstafanir yrðu gerðar, sem í því eru greindar, mætti lækka útgjöld útflutningsatvinnuveganna um a. m. k. 400 millj. kr. á hverju ári. Að vísu yrði sú upphæð nokkru lægri á þessu ári eða fyrsta ári, á meðan þær reglur gilda, að verulegur hluti af hinu hækkaða útflutningsgjaldi er látinn renna til fiskiskipaflotans.

Ég tel, að það sé óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir svipaðar þessum, ef á að vera unnt að gera útflutningsatvinnuvegunum fært að standa undir þeim kauphækkunum, sem nú má sjá fyrir að hljóta að koma. Það þarf heldur enginn um það að efast, að það getur varla dregizt nema fram að næstu áramótum, þar til upp koma kröfur um það, að almennt fiskverð til bátaflotans verði að hækka allverulega frá því, sem það var ákveðið fyrir rúmu ári. Fiskverðið til bátanna er ekki orðið í neinu samræmi við annað verðlag í landinu, sem allt hefur verið stórum hækkandi, og það skapar engan eðlilegan grundvöll fyrir kaupgjaldi til sjómanna, eins og það er nú, ef kaup sjómanna á að fylgjast eitthvað með kaupgjaldi annarra launastétta í landinu. Auk þess er svo það, að við höfum lengi búið við það, að fiskverð okkar er allt of lágt, borið saman t. d. við fiskverð í Noregi. Nú er t. d. þannig komið, að um fiskverð í Noregi hefur verið samið fyrir stuttu þannig, að þar fá norskir fiskimenn og norskir útgerðarmenn 5,15 kr. fyrir hvert kg af þorski, slægðum með haus, á sama tíma sem hæsta verðið hér fyrir úrvalsflokk er 3,21 kr. fyrir fiskinn í sama ástandi. Mismunurinn er orðinn um það bil 2 kr. á hvert fiskkíló. Það mundi þýða hér fyrir veiði meðalbáts á vertíð um það bil að verðmæti 1 millj. kr. Þessi mismunur er auðvitað orðinn svo mikill, að engu er líkt. Miðað við þau hlutaskipti, sem nú eru í bátaútgerð okkar, mundi þetta jafngilda því, að ef við hefðum hér sama fiskverð og í gildi er nú í Noregi, þá yrði hlutur hvers einstaks skipverja hér 21—30 þús. kr. hærri en hann er í dag á vetrarvertíðinni einni. Svipaður munur er líka á verðinu á síld hér á landi og í Noregi. Þar hefur nú nýlega verið samið um verð á síld til frystingar, og verðið er 3,60 kr. á kg af síld til frystingar þar. En hér hefur líka nýlega verið samið um verðið á síld til frystingar, og það er 1,75 kr. á kg. Verðmunurinn er svo mikill, að verðið í Noregi er helmingi hærra en það er hér. Það er alveg ófullnægjandi skýring í sambandi við þann mikla verðmun á norska verðinu og því íslenzka að benda á, að í Noregi séu greiddar uppbætur úr ríkissjóði með fiskveiðunum þar. Það er að vísu rétt, að norska ríkið gerir það, en þær uppbótagreiðslur nema ekki nema örlitlu af þessum mikla mismun. Þeir, sem kynnt hafa sér þessi mál, hafa allir komizt að raun um það, að þessi mismunur liggur fyrst og fremst í nokkrum höfuðatriðum, og þau eru þessi, sem það frv. einmitt grípur á, sem hér liggur fyrir: Fyrst og fremst er um að ræða gífurlegan mismun á vaxtagreiðslum í Noregi og hér, þar sem vextirnir þar eru miklu lægri og gilda til miklu skemmri tíma, þar sem þar tekst að afskipa miklu hraðar en hér. En það er nákvæmlega sama, hvort þar er um að ræða vexti af stofnlánum eða vexti af almennum rekstrarlánum, þá eru vextirnir þar miklu lægri. Og í öðru lagi eru útflutningsgjöld þar varla til. Þar er um að ræða útflutningsgjöld á útfluttum sjávarafurðum, sem nema 0,75%, en hér eru hins vegar útflutningsgjöld, sem nema 7,4%. Aðeins útflutningsgjaldið eitt, 1,4%, mun nema á milli 50 og 60 aurum á hvert kg af hráefni miðað við þorskverð. Auk þessa koma svo til önnur þau atriði, sem frv. þetta fjallar um og ég hef hér gert nokkra grein fyrir, þar sem útgjöldin, sem hvíla á útflutningsframleiðslunni, eru sýnilega miklu hærri hjá okkur. Og það er óhjákvæmileg nauðsyn að vinna að því að lækka þessi útgjöld, svo að hægt sé að halda uppi sambærilegu fiskverði hér og hægt sé að greiða sambærileg laun hér við framleiðslustörfin eins og t. d. er hægt að gera í Noregi.

Það er einnig mjög athyglisvert, að í norskum sjávarútvegi er greiðslan á kaupi til verkafólksins einnig miklu hærri en hér. Þar er algengasta kaupið 33—35 kr. á tímann, á sama tíma og kaupið hér hefur verið um 25 kr. á tímann.

Ég gerði hér allrækilega grein fyrir efni þessa frv. á síðasta þingi, en þá fluttum við frv., sömu flm. og standa að þessu frv., sem mjög er í sömu átt. Ég sé því ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum nú að sinni, en vænti þess, að þetta mál fái nú greiða fyrirgreiðslu í þeirri nefnd, sem fær það til athugunar. Það er auðvitað hægt að hugsa sér á frv. ýmsar breytingar. En aðalatriðið er, að það sé tekið á þessu vandamáli, sem frv. fjallar um, það sé snúizt að því að létta á þeim útgjöldum, sem hægt er að létta á útflutningsframleiðslunni, svo að hún geti staðið undir þeim útgjöldum, sem sýnilega verða lögð á hana á næstunni umfram það, sem verið hefur.

Ég legg svo til, að frv. að lokinni þessari umr. verði vísað til hv. sjútvn.

Umr. frestað.

Á 17. og 19. fundi í Nd., 20. og 22. nóv., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Nd., 22. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þegar ég hafði lesið þetta frv. tveggja hv. þm. Alþb. og grg. þess, datt mér í hug, að líklega væri ekki fjarri að segja, að hér væri á ferðinni eitt fráleitasta plagg, sem lagt hefði verið fyrir Alþingi, síðan Alþingi var endurreist. Ég skal nú gera grein fyrir, á hverju ég byggi þessa skoðun mína. Fyrst held ég, að sé rétt að rifja upp fyrir hv. þm., hvert er aðalefni frv.

Í frv. er gert ráð fyrir því að lækka útgjöld íslenzks sjávarútvegs um 400 millj. kr., og þessi lækkun á að fást með eftirfarandi hætti: með því að lækka vaxtabyrði útvegsins um 100 millj.,

með því að lækka vátryggingargjöld um 70 millj., með því að lækka útflutningsgjöld um 160 millj., með því að lækka flutningsgjöld um 20 millj., þá er komið upp í 350 millj., og svo er þetta hækkað upp í 400 millj. og sagt, að lækka eigi ýmsa aðra liði um 50 millj., þannig að heildarsparnaður útvegsins á að vera 400 millj. kr. Og svo er sagt í niðurlagi grg., með leyfi hæstv. forseta: „Væru þessi atriði framkvæmd," — þau atriði, sem ég nefndi, — „mætti hækka kaup verkafólks, sem við framleiðslu vinnur, um 20% og fiskverðið um 25—30% og bæta þó hag vinnslustöðvanna frá því, sem nú er."

Nú skal ég sýna fram á, um hversu fráleitar fullyrðingar hér er að ræða, — fullyrðingar, sem eru svo fráleitar, að það er fyrrv. ráðh. sjávarútvegsmála og form. eins þingflokksins algerlega ósamboðið að bera slíkar fullyrðingar á borð.

Ég skal fyrst fara yfir þær till., sem frv. gerir ráð fyrir um lækkun á útgjaldaliðum sjúvarútvegsins, þær lækkanir, sem ég gat um áðan.

Þá er fyrst að nefna vaxtalækkunina, sem sagt er í grg. að muni nema um 100 millj. kr. Ég hef fengið upplýsingar um það lánsfé, sem sjávarútvegurinn hefur til umráða frá Seðlabankanum, frá viðskiptabönkum og öðrum aðilum, fyrst og fremst frá fiskveiðasjóði og stofnlánadeildinni. Úr Seðlabankanum er talið, að sjávarútvegurinn hafi 610 millj. kr. Á 500 millj. af því gerir frv. ráð fyrir lækkun á vöxtum úr 7% í 2½% og á 110 millj. úr 9% í 2½%. Þessi vaxtalækkun mundi nema 29.6 millj. kr. Samningsákvæði frv. mundu lækka vexti sjávarútvegsins til Seðlabankans um 29.6 millj. kr. Úr viðskiptabönkunum er gert ráð fyrir að sjávarútvegurinn hafi 700 millj. kr. Vaxtalækkunin á þeirri upphæð mundi nema 12 millj. Frá öðrum aðilum, fyrst og fremst fiskveiðasjóði og stofnlánadeildinni, hefur sjávarútvegurinn 970 millj. kr. Vaxtalækkun þar mundi nema um 10 millj. kr. M. ö. o.: vaxtalækkun, sem ákvæði frv. fjalla um, mundi þýða heildarvaxtalækkun um rúmar 50 millj. kr., en ekki 100 millj., eins og í grg. frv. segir. M. ö. o.: ef teknar eru þær tölur, sem fyrir liggja um lánsfé sjávarútvegsins úr bönkum og lánastofnunum, kemur í ljós vaxtalækkun, þótt fylgt sé þeim tölum, sem frv. getur um, um rúmar 50 millj., en ekki 100 millj., eins og grg. frv. tekur fram. Hér er því villa um 100% og er það raunar ekki mesta villan, sem í frv. er, eins og koma mun í ljós hér á eftir.

Þá er gert ráð fyrir, að með því að færa útflutningsgjöld niður í það, sem þau voru, áður en þau voru hækkuð á árinu 1961, muni útvegurinn spara 160 millj. kr. Í frv. er gert ráð fyrir því, að útflutningsgjöld lækki úr 7,4%, sem þau eru núna, í 2,9%, þá upphæð, sem þau voru fyrir 1961, eða um 4,5%, í krónutölu, eins og ég gat um áður, 160 millj. En þá er þess fyrst að geta, að hér reikna flm. með 3550 millj. kr. útflutningi í ár, sem er allhá áætlun og hærri en sérfræðingar ríkisstj. og Seðlabankans hafa talið eðlilegt. Það er að vísu ekki sagt í frv., á hvaða liðum lækkunin eigi að koma fram, en varla er hægt að draga aðra ályktun af frv. en þá, að lækka eigi þá liði, sem hækkaðir voru í fyrra. En hið almenna útflutningsgjald hækkaði 1961 úr 2,25% í 6% eða um 3,75%. Af þessari hækkun, 3,75%, renna 3,72%, eða næstum öll hækkunin, til tryggingakerfis fiskiskipa. Samkv. forsendum frv. um útflutning, sem eru of háar, eins og ég gat um áðan, nemur hækkun almenna útflutningsgjaldsins 133 millj. kr. Til tryggingakerfisins renna þar af 132 millj. kr. Í fyrra hækkaði líka útflutningsgjald til aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins, og má gera ráð fyrir, að það, sem eftir verður af hækkuninni, þ. e. sem flm. ráðgera, eða 27 millj. kr., eigi að koma niður á aflatryggingasjóði sjávarútvegsins. En iðgjöld til hans hækkuðu um rúmt ½%, jafnframt því sem þau voru lögð á afurðir af afla togaranna. M. ö. o.: það er hér gert ráð fyrir að lækka útflutningsgjöldin um tölu, sem flm. telja 160 millj. kr., en þegar hliðsjón er höfð af því, að nær allar tekjur af hækkun útflutningsgjaldanna renna aftur til sjávarútvegsins, renna til tryggingakerfis skipanna og til aflatryggingasjóðs, er vandséð, hvernig sjávarútvegurinn í heild á að geta hagnazt á þessu. Þetta er aðferð til þess að bjarga sér dálítið líkt þeirri, sem sagt er, að heimskautafari einn hafi viljað beita á ferðalagi, þegar hann var orðinn uppiskroppa með fæðu handa hundunum, sem drógu sleðann. Það var sagt, að það hefði hvarflað að honum að bjarga lífi þess hundsins, sem verst var kominn, með því að höggva af honum aðra afturlöppina og gefa honum að borða. Hér á að bjarga hag sjávarútvegsins með því að lækka gjöld, sem hann fær sjálfur.

Auðvitað gæti fiskverð hækkað, ef þessi grein frv. væri framkvæmd, þ. e. ef útflutningsgjöldunum væri létt af sjávarútveginum. En útgerðin í heild fengi ekki einum eyri meira, því að hún fær svo að segja allar tekjurnar, sem hin auknu útflutningsgjöld afla.

Þá er þriðji liðurinn í lækkunaráætlun hv. þm., sem er lækkun vátryggingargjaldanna, og er gert ráð fyrir því, að þau eigi að geta lækkað um hvorki meira né minna en helming. Þau eru talin nema 140 millj. kr., eiga að lækka blátt áfram um helming, þó að engin rök séu færð fyrir því, hvernig slíkt undur mætti gerast, og er talið hægt að spara útveginum 70 millj. kr. Nú er það svo, að nær öll vátrygging fer í gegnum hið opinbera vátryggingakerfi, og þar er upphæðin, sem í gegnum það fer, aðeins rétt liðlega 100 millj. kr. Gera má að vísu ráð fyrir því, að um sé að ræða einhverjar vátryggingar umfram það, sem fer í gegnum vátryggingakerfið, en þær geta aldrei verið 40 millj. kr., svo að hér er í fyrsta lagi vátryggingakostnaður sjávarútvegsins mjög oftalinn, þegar hann er talinn 140 millj. kr., og þá líka auðvitað hagnaðurinn af algerlega órökstuddri lækkunartill., sem er um helming. Þessi hugsanlega sparnaðartala um 70 millj. verður því vægast sagt að teljast út í bláinn.

Fjórði sparnaðarliðurinn er lækkun flutningsgjalda um 20 millj. kr. Um hana er það líka að segja, að þar fylgir engin áætlun um, hvernig sú lækkun væri framkvæmanleg.

Svo er afgangurinn, 50 millj. kr., sem fást eiga með ýmsum ráðstöfunum, m. a. með því að setja hámark á sölulaun, eins og gert er í 9. gr. Rétt er að vekja alveg sérstaka athygli á því, að þessi 9. gr. er einsdæmi í íslenzkri lagasetn-

ingu og ég held raunar í tillögu til lagasetningar hjá síðuðum þjóðum, vegna þess að 9. gr. á ekki aðeins að gilda um íslenzka taxta, heldur erlenda taxta. Það er sett hámarksverð á umboðslaun, ekki aðeins Íslendinga, heldur umboðslaun útlendinga. Man ég ekki eftir öðru dæmi um það í íslenzkum frumvörpum, að þeim sé ætlað að vera verðlagseftirlit á erlenda borgara. Þessi 50 millj. sparnaðaruppástunga er því líka vægast sagt á mjög ótraustum grunni reist. En með þessu móti fær hv. þm. þá tölu, að unnt sé að lækka útgjöld sjávarútvegsins um 400 millj. kr.

Nú skulum við sjá, hve langt þessar 400 millj. duga til þess að ná því markmiði, sem í grg. segir að sé höfuðtilgangurinn með frv., að hækka kaup verkafólks, sem að framleiðslu vinnur, um 20% og fiskverðið um hvorki meira né minna en 25—30%. Til þess að gera sér grein fyrir þessu, er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir, hver er launakostnaður og hver er hráefniskostnaður í framleiðslu íslenzkra sjávarafurða, og ég skal gera grein fyrir því um allar helztu afurðirnar. Hér hlýtur að sjálfsögðu að vera um áætlanir að ræða, því að öruggar hagskýrslur um þessi efni eru ekki til, því miður. Engu að síður á að vera hægt að komast að niðurstöðu, sem er ekki víðs fjarri, vegna þess að fyrir liggja hjá sölusamtökum sjávarútvegsins og ýmsum hálfopinberum stofnunum útreikningar á kostnaðarverði allra helztu tegunda íslenzkrar útflutningsvöru. Eftirfarandi útreikningar eru byggðir á þessum skýrslum. Þær eru þegar orðnar svo gamlar, búnar að fara í gegnum hendur svo margra aðila í sölusamtökunum og hendur svo margra opinberra nefnda, að ekki á að geta skakkað neinu verulegu. Ef háværar raddir væru uppi um, að þessar kostnaðaráætlanir, þessir kostnaðarútreikningar væru rangir í grundvallaratriðum, mundi það eflaust vera fyrir löngu komið fram. En um útflutninginn 1961 eru þessar tölur svo sem hér segir:

Fyrir freðfisk er framleiðsluverðmætið 816 millj., bein vinnulaun í þeirri upphæð 204 millj. og hráefni 408 millj. Saltfiskur og skreið: Framleiðsluverðmæti 682 millj., bein vinnulaun 136 millj., hráefni 409 millj. Saltsíld: Framleiðsluverðmæti eða útflutningsverðmæti 341 millj., bein vinnulaun 68 millj., hráefnisverð 205 millj. Fiskimjöl: Útflutningsverðmæti 131 millj., bein vinnulaun 16 millj., hráefni 55 millj. Síldarmjöl og lýsi: Útflutningsverðmæti 347 millj., bein vinnulaun 10 millj., hráefni 278 millj. Annað: Útflutningsverðmæti 444 millj., bein vinnulaun 111 millj. og hráefni 222 millj., eða samtals útflutningsverðmæti 2761 millj., bein vinnulaun 545 millj. og hráefnisverð 1577 millj.

Nú hefur hv. þm. reiknað með útflutningsverðmæti á þessu ári, árinu 1962, 3550 millj. Hlutfallslega væru þá bein vinnulaun í þessu framleiðsluverðmæti 700 millj. og hráefnisverð í þessu útflutningsverðmæti 2026 millj. Þá er auðvelt að sjá, hvað þarf til þess að hækka beinu vinnulaunin í þágu útflutningsframleiðslunnar, sem samkv. hans eigin forsendum mundu nema um 700 millj., hækka þau um 20%, þ. e. 140 millj. Hráefnin nema samkv. hans forsendum um 2000 millj., 25—30% af því eru 500—600 millj. Samtals kauphækkunin og fiskverðshækkunin er því 640—740 millj., og þó er þess að geta, að hér eru aðeins bein vinnulaun, en ekki vinnulaun í sambandi við ýmiss konar þjónustu í þágu útflutningsframleiðslunnar. Útgjaldaaukningin eða það, sem hann vill færa launþegum og útvegsmönnum, eru því 640—740 millj. samkv. hans eigin forsendum. En samkv. hans eigin sparnaðaráætlun, svo fráleit sem hún þó er og ég mun koma betur að á eftir, eru þó ekki fyrir hendi nema 400 millj. kr. M. ö. o.: útgjöldin væru 240—340 millj. kr. meiri, það, sem hann lofar launþegum og útvegsmönnum, er 240—340 millj. kr. meira en hann sjálfur áætlar að útvegurinn geti sparað, sem eru þó ekki nema 400 millj. kr. Hér munar 200—300 millj. Það er ekki aðeins, að það muni 2—3 millj., heldur 200—300 millj., á hans eigin útreikningum. Einu sinni sagði frægur fjármálamaður í frægu viðtali: Hvað er milljón nú á dögum? En það er engu líkara en hv. þm. Alþb. hugsi: Hvað eru 100 millj. nú á dögum, — þegar þeir leyfa sér að láta skakka um 200—300 millj. í þeirra útreikningum. En þar eiga þeir sameiginlegt, hv. flm., með hinum fræga fjármálamanni, sem sagði, hvað milljón nú á dögum væri, að þeir virðast hafa algera og fullkomna fyrirlitningu á tölum. Sem sagt, það munar nógu miklu, þó að maður beri saman hans óraunhæfu sparnaðaráætlun og þá kauphækkun og fiskverðshækkun, sem hann veifar framan í launþega og útvegsmenn. Munurinn verður hins vegar enn glæfralegri, ef sparnaðaráætlunin er líka tekin til svolitillar athugunar á grundvelli þess, sem ég gat um áðan.

Um vaxtalækkunina er það að segja, að hún er ekki 100 millj., hún getur aldrei orðið 100 millj., eins og talið er í grg., heldur aldrei meira en 50 millj. Lækkun vátryggingargjaldanna getur aldrei orðið 70 millj. Þó efast ég ekki um, að með bættu skipulagi á vátryggingargjöldunum mætti spara mjög verulegar upphæðir. Við skulum segja jafnvel, að það tækist að lækka þær um helming, — en þá er auðvitað miðað við þær vátryggingarupphæðir, sem raunverulega eru greiddar, en ekki þær, sem eru ekki greiddar, — við skulum segja, að takast mætti að lækka vátryggingarútgjöld með algerri endurskipulagningu um 50 millj. kr. En um útflutningsgjöldin er það að ræða, að þar er ekki hægt að reikna með neinum sparnaði, vegna þess að það er ekki sparnaður við sjávarútveginn að lækka útflutningsgjöldin, ef hann missir um leið þær tekjur, sem hann fær af útflutningsgjöldunum. Hér er því um engan raunverulegan sparnað að ræða. Flutningsgjöld og aðra liði er aldrei hægt að lækka, þótt ýtrustu ráðstafanir væru gerðar, nema um nokkra tugi millj. kr., þannig að raunhæf lækkun samkv. frv., þótt ýtrasta átak væri gert, gæti aldrei verið nema einhvers staðar í kringum 100—150 millj. kr., þó að öll ákvæði frv. væru framkvæmd út í æsar, svo að hugsanlegur sparnaður, að vaxtalækkuninni meðtalinni og henni fyrst og fremst, gæti aldrei orðið 400 millj., heldur í allra hæsta lagi einhvers staðar á milli 100 og 150 millj. kr. Þá fer að muna nokkru meiru á upphæðinni, sem veifað er framan í launþega og útvegsmenn, og þeim raunveru-

lega sparnaðarmöguleika, sem hér er um að ræða. Upphæðin, sem lofað er, er þá allt að því fimm sinnum hærri en sú upphæð, sem mögulegt er að spara, jafnvel þótt ákvæði frv. væru framkvæmd út í yztu æsar, sem auðvitað kemur ekki til greina, og á það fyrst og fremst við um vaxtalækkunina.

Ég held, að þetta dugi til að sýna fram á, að hér er um að ræða alveg einstakt lýðskrumsfrv., sem ég endurtek, að ég tel ekki samboðið fyrra flm., formanni eins af þingflokkunum og manni, sem gegnt hefur svo ábyrgðarmikilli stöðu sem það er að vera ráðh. sjávarútvegsmála. Ég læt mér í raun og veru ekki detta í hug, að hv. þm. taki þetta frv. sitt alvarlega. En hitt finnst mér nálgast lítilsvirðingu á hv. alþm., að bjóða þeim upp á annan eins samsetning og þennan. Það nálgast lítilsvirðingu á þeim. Út af fyrir sig er ég ekki hissa á, þó að borið sé fram frv. um að lækka vexti. Láta má líka vera, þótt borið sé fram frv. um, að bankar skuli auka útlán sín til framleiðsluatvinnuveganna. Látum það líka vera, þó að menn vilji lækka útflutningsgjöld frá því, sem ákveðið var í fyrra. En frumskilyrði er í sambandi við slík frv., að í grg. séu látnar fylgja réttar tölur, réttar tölur um það, hvað vaxtalækkunin muni nema miklu og hvað lækkun útflutningsgjaldanna muni nema miklu. En það á sér ekki stað í grg. þessa frv. um þessi tvö atriði. Hefði þó verið algerlega vandalaust fyrir hv. 4. þm. Austf. að fá um þetta réttar upplýsingar. Sumpart er hægt að reikna þær út á grundvelli opinberra skýrslna, sem eru í höndum sérhvers þm., og í öðru lagi er hægt að fá upplýsingar um þetta með því að hafa samband við hagfræðideild Seðlabankans, sem um þetta, að því er vextina snertir, getur gefið upplýsingar tiltölulega mjög fljótt, og um útflutningsgjöldin er hægt að fá réttar upplýsingar í fjmrn., svo að um þetta ættu upplýsingar að liggja alveg á lausum kili. En því miður skortir mjög mikið á það, að í grg. fylgi réttar upplýsingar um þýðingu vaxtalækkunarinnar, hvaða útgjaldaminnkun hún mundi hafa í för með sér og hvaða sparnaður mundi verða af lækkun útflutningsgjaldanna, því að það er vandlega þagað um það í grg., hvert útflutningsgjöldin fara, sem öllum hv. þm. er þó kunnugt í öllum aðalatriðum. En hitt er þó í raun og veru enn óforsvaranlegra, að látin skuli liggja orð að því, að með ráðstöfunum sem þessum muni vera hægt að hækka kaup verkafólks hvorki meira né minna en um 20% og fiskverð um 25—30%, því að ég þykist fullviss, að hv. þm. þurfi í raun og veru ekki að fletta upp í neinum skýrslum, sem fyrir hendi eru, til að gera sér í stórum dráttum grein fyrir því, hversu kaupgjaldsliðurinn í verði útflutningsframleiðslunnar sé hár, hann þurfi í raun og veru ekki á að halda jafnnákvæmum útreikningum og ég las hér áðan, því að hann gerir sér grein fyrir því í stórum dráttum, hvað kaupgjaldið sé mikill liður í framleiðslu sjávarafurðanna. Hann veit einnig í stórum dráttum, hvað heildarfiskverðið nemur mikilli upphæð, a. m. k. reiknað í hundruðum millj., þannig að hann á líka mjög fljótlega út frá sínu hyggjuviti, út frá þeirri þekkingu, sem ég veit að hann hefur í höfðinu og hefur tiltæka án nokkurra skýrslna, að gera sér grein fyrir því, að þessar tölur um möguleikann til 20% kauphækkunar og 25—30% fiskverðshækkunar eru algerlega út í bláinn. Ég læt mér ekki koma til hugar, að hann rengi þá meginniðurstöðu mína, að þetta tvennt muni nema upphæðum, sem nemi, eins og ég sagði áðan, 640—740 millj. kr. Ég læt mér ekki koma til hugar, að hann andmæli því í aðalatriðum, að þetta tvennt muni nema 640—740 millj. kr., einhvers staðar á því bili. Samt sem áður ber hann fram frv., sem hann skýrir í grg. þannig, að sparnaðurinn á að nema 400 millj. kr. samkv. hans eigin upplýsingum. Hlýtur hann að vita, að meira að segja það er allt of bjartsýn áætlun.

Ég held, að ekki sé hægt að komast hjá því að ætlja vinnubrögð eins og hér eru höfð í frammi af hálfu jafnreyndra þm. og þeirra tveggja, sem eru flm. þessa frv. Alþingi er þó ekkert skólamálfundafélag. Það er ekki málfundafélag í gagnfræðaskóla eða barnaskóla, þar sem ræðumenn eða flm. till. geta leyft sér hvers konar fíflaskap sem er. Alþingi er æðsta valdastofnun íslenzkrar þjóðar, og Alþingi Íslendinga eiga menn að sýna virðingu. Sú virðing, sem alþm. eiga fyrst og fremst kröfu á af félögum sínum á Alþingi, er, að ekki sé hampað framan í þá tölum, sem eru rangar um mörg hundruð millj. kr., og ekki sé hampað framan í þá staðreyndum, sem eru gersamlega óframkvæmanlegar. Allra verst er, ef þetta er gert í þskj. og í ræðum af mönnum, sem full ástæða er til að ætla að tali gegn betri vitund, því að ég endurtek, að ég læt mér ekki til hugar koma, að jafnfróður maður um sjávarútvegsmál og efnahagsmál og fyrri flm. frv., hv. 4. þm. Austf., geri sér ekki grein fyrir hvoru tveggja, að 20% hækkun á kaupgjaldi verkafólks, sem við framleiðsluna vinnur, og 25—30% fiskverðshækkun, er mörg hundruð millj. kr. hærri upphæð en 400 millj. Ég læt mér ekki hitt heldur til hugar koma, að hann geri sér ekki grein fyrir, að það er ekki unnt að spara útveginum 400 millj. kr., þótt frv. væri samþykkt, eins og allar 11 gr. þess hljóða. Það eru þessi vinnubrögð, sem ég sé ástæðu til að ætlja í fullri alvöru og staðhæfa, að með flutningi slíks frv. og með þeirri ræðu, sem hv. flm. flutti fyrir því, þegar það kom til 1. umr., er hinu háa Alþingi í raun og veru lítilsvirðing sýnd.

Umr. frestað.

Á 24. og 25. fundi í Nd., 3. og 4. des., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., 6. des., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Þegar mál þetta var hér síðast til umr., flutti hæstv. viðskmrh. hér býsna athyglisverða ræðu. Það leyndi sér ekki, að hæstv. ráðh. var mjög hneykslaður á flutningi þessa frv., og hann sá ástæðu til þess að halda hér alveg sérstaka siðaprédikun yfir okkur flm. frv. Hæstv. ráðh. lét þau orð falla, að hann teldi, að þetta frv. væri eitt fráleitasta plagg, sem lagt hefði verið fyrir Alþingi, síðan Alþingi var endurreist. Það var sem sagt

ekkert smáræði, sem um frv. þurfti að segja. Síðan sagði hæstv. ráðh., að hann teldi, að með flutningi frv. væri Alþingi sýnd mikil óvirðing og hér væri verið að hampa framan í Alþingi röngum tölum, sem næmu hundruðum millj. kr. Og svo fengum við flm. tilheyrandi áminningu um að haga okkur betur eftirleiðis, og leyndi sér ekki, að hæstv. ráðh. fór ekki illa að gerast sá siðaprédikari hér, sem hann gerðist.

En hvert var svo tilefni þess, að hæstv. ráðh. sá ástæðu til að viðhafa öll þessi stóru orð? Jú, tilefnið er það, að við hv. 6. þm. Sunnl. flytjum hér frv., sem að meginmáli inniheldur það að gera nokkrar sérstakar ráðstafanir til að létta af útflutningsatvinnuvegunum ýmsum útgjöldum, og við teljum, að þessi útgjöld gætu numið um 400 millj. kr. á ári hverju, miðað við útgjöldin, eins og þau hafa verið. Og svo segjum við í grg. frv., að við teldum, að ef farið yrði samkv. till. þessa frv., mætti hækka kaup þess verkafólks, sem vinnur að útflutningsframleiðslunni, beint um ca. 20% og einnig mætti hækka fiskverð um 25—30%. Þetta var tilefnið til þess, að hæstv. ráðh. lét öll þessi orð falla hér og flutti þessa mjög svo einkennilegu ræðu.

Nú vil ég geta þess, að það var alveg greinilegt, að þessi ræða hæstv. viðskmrh. var engin tilviljunarræða, haldin hér lítið undirbúin, því að hann kom greinilega með skrifaða ræðu og margar og miklar tölur, sem áttu að styðja mál hans.

Nú langar mig til að víkja hér nokkuð að þessari ræðu nánar og þá alveg sérstaklega fullyrðingum hæstv. ráðh. og mun þá rökstyðja enn nánar það, sem fram kemur í frv. okkar og grg. þess, og bera svo nokkuð saman við þær aðrar staðreyndir, sem hæstv. ráðh. segir liggja fyrir í þessu máli, og mættu menn þá kannske nokkuð sjá á eftir, hve mikið er að marka þær tölur, sem hæstv. viðskmrh. flutti hér fram í sambandi við þetta mál, og reyndar ýmsar aðrar tölur, sem hann hefur flutt úr þessum ræðustól.

Fyrsta atriðið, sem hæstv. ráðh. vék að í þessari ræðu sinni, var varðandi till. okkar um lækkun vaxta. Í frv. er gert ráð fyrir því að lækka vexti mjög verulega frá því, sem verið hefur, og við teljum, að slík vaxtalækkun og tilheyrandi ráðstafanir með vaxtalækkuninni, sem greinilega eru taldar upp í frv., gætu numið í kringum 100 millj. kr. á ári. En hvað sagði hæstv. ráðh. um þennan lið? Jú, hann segir, að þessi vaxtalækkun, sem gert er ráð fyrir samkv. frv., gæti í mesta lagi numið 51.6 millj. kr. á ári, og það sundurliðast þannig, sagði hæstv. ráðh., að afurðalán sjávarútvegsins hjá Seðlabankanum eru 610 millj. kr. og vaxtalækkun á þeim lánum samkv. frv. mundi geta numið 29.6 millj. Í viðskiptabönkunum hefur sjávarútvegurinn lán, sem nema um 700 millj. kr., sagði hæstv. ráðh., og vaxtalækkun samkv. frv. af þessari upphæð gæti numið 12 millj. Auk þess má svo áætla, sagði ráðh., að sjávarútvegurinn hafi lán úr ýmsum stofnlánasjóðum, aðallega fiskveiðasjóði og stofnlánadeild sjávarútvegsins í Landsbankanum, sem nema um 970 millj. kr., og gæti þá vaxtalækkunin á þeim numið um 10 millj. kr., sagði hæstv. ráðh., eða samanlagt vaxtalækkun upp á 51.6 millj kr. Það er auðvitað rétt, að þessum tölum hjá hæstv. ráðh. ber ekki alls kostar vel saman við áætlun okkar flm. frv., sem teljum, að vaxtalækkun, ef frv. yrði samþ., gæti numið í kringum 100 millj. kr. Í hverju liggur þá þessi skakki á milli áætlunar okkar og áætlunar hæstv. ráðh.? Ég skal nú víkja að því nokkru nánar.

Í fyrsta lagi segir hæstv. ráðh., að afurðalán sjávarútvegsins hjá Seðlabankanum nemi 610 millj. kr. Hvernig er þessi tala til komin hjá hæstv. ráðh.? Jú, hann leitar uppi lægstu töluna, sem til hefur fallið nú fyrir stuttu, og tilnefnir hana án þess að gæta nokkuð að því, hvernig þessum lánum hefur verið fyrir komið og er í rauninni fyrir komið. Það er svo sem ekkert nýtt í útreikningum hjá þessum hæstv. ráðh., að hann flaskar á jafneinföldum atriðum og þessum. Ef hæstv. ráðh. vill fletta upp í skýrslum Seðlabankans og skýrslum, sem birtar eru í Fjármálatíðindum bankans yfir afurðalán, og ef hann vill taka t. d. þessar skýrslur yfir allt árið 1960 og allt árið 1961, þá eru lánaupphæðirnar tilgreindar fyrir hvern einstakan mánuð fyrir sig. Hvað kemur svo út úr þessum tölum? Meðaltalsafurðalánin á árinu 1960, yfir alla 12 mánuðina, voru 844.3 millj., en árið 1961 743.9 millj., meðaltalsupphæðin var rétt innan við 800 millj. kr., eða 794.1 millj. Hæstv. ráðh. munaði auðvitað ekki mikið um að rökstyðja mál sitt á þennan hátt, sem hann gerði, að fullyrða, að afurðalánin væru aðeins 610 millj., þó að meðaltal tveggja s.l. ára sýni þetta, sem ég hef nú greint. En skekkjan hjá hæstv. ráðh. er ekki aðeins fólgin í þessu. Í frv. er greinilega fram tekið, að lagt er til, að afurðalánin verði í öllum tilfellum færð upp í það, sem þau hafa áður verið, eða upp í 67% af útflutningsverði vöru. Hins vegar liggur fyrir, að afurðalánin hafa ekki verið nú um alllangt skeið nema 50—52%. Það var því verið að leggja til að taka upp gömlu regluna, sem gilti fyrir árið 1960, og veita afurðalán, sem nema ⅔ hlutum af útflutningsverðinu. Ef maður tekur því meðaltalstölurnar fyrir árin 1960 og 1961 og hækkar svo lánin til samræmis við það, sem lagt er til í frv. og áður var, mundi meðaltalsupphæðin af afurðalánum vera komin upp í 1063 millj. kr. eða mjög í samræmi við það, sem áður hafði verið, en þó höfðu þau oft verið talsvert miklu hærri en þetta áður, eins og skýrslur sýna. En hæstv. ráðh., sem fór hér í búning siðaprédikarans og umvöndunarmannsins með það að fara varlega með tölur, munaði ekki mikið um þetta, enda átti hann eftir að slá þetta met síðar í ræðu sinni, eins og ég mun víkja að síðar.

Sé nú þessi tala lögð til grundvallar, sem ég nefndi, 1063 millj. kr. í afurðalán, sem er aðeins meðaltalið af því, sem reynslan hafði sýnt árið 1960 og 1961, og þeirri hækkun, sem lögð er til í frv., yrði ekki vaxtalækkunin 29.6 millj. kr., eins og hæstv. ráðh. sagði, heldur yrði vaxtalækkunin 47.8 millj. kr. á þessum lið. En í frv. er svo annað einnig lagt til. Það er beinlínis tekið fram í frv., að gert er ráð fyrir því, að breytt verði einnig til þeirrar reglu, sem áður gilti um framlengingarvexti af afurðalánum, frá því, sem nú er. Nú eru framlengingarvextir reiknaðir eftir 3 mánuði af afurðalánum, en áður var þetta eftir 6 mánuði,

og í frv. er mjög greinilega tekið fram, að það er einnig lagt til að færa þá í það horf. Það kemur því einnig allverulegur sparnaður til greina fyrir þá, sem greiða eiga vextina. En hæstv. viðskmrh. sá ekki ástæðu til að minnast á lið eins og þennan, enda hæfði það ekki hans röksemdafærslu.

En víkjum þá með nokkrum orðum að öðrum liðum varðandi vaxtalækkunartill. frv og það, sem hæstv. ráðh. sagði.

Hæstv. ráðh. sagði, að önnur lán sjávarútvegsins í viðskiptabönkum, rekstrarlán, mundu vera um 700 millj. kr. Og svo vildi hann reikna 2—2½% vaxtalækkun af þessari upphæð sem 12 millj., og var auðvitað augljóst, að þar var um skekkju að ræða. En það er ekki aðeins það, heldur veit hæstv. ráðh. ábyggilega, ef hann vill líta eftir því, að hér er hann að fara með alranga upphæð, þar sem hann nefnir 700 millj. kr. Upphæðin er raunar miklu meiri, enda á mörgum tímum ársins miklu hærri en þetta. Hin almennu rekstrarlán til útgerðarinnar sveiflast auðvitað allmikið yfir árið. Á vissum tímum ársins verða rekstrarlánin miklu hærri en þau eru á öðrum tímum. En auðvitað hentar það hæstv. ráðh. bezt að taka lægstu töluna. En svo skýtur hæstv. ráðh. undan í þessum efnum stórum liðum. Sú breyting hefur orðið á nú fyrir ekki löngu, að vegna rekstrarfjárörðugleika hjá sjávarútveginum hefur verið horfið að því ráði fyrir milligöngu viðskiptabankanna að breyta allmiklu af rekstrarlánum hjá bönkunum aðeins að forminu til í erlend lán, þannig, að sjávarútvegsmenn eru látnir standa undir þessum erlendu lánum. Þannig hafa verið tekin í Bandaríkjunum nú út á fiskafurðir lán, sem áður voru talin hrein rekstrarlán hjá bankanum. Nú eru þessi lán færð beint sem erlend lán á eigendur fisksins, og nema þessi lán, sem svona hafa verið tekin, 170 millj. kr. Auðvitað hafa útvegsmenn þurft að borga vexti af þessum lánum og þurfa að gera það enn. En það er alveg rétt, að hin skráða lánsupphæð þeirra í bönkunum hefur lækkað um þessa upphæð, á sama tíma sem upphæðin var færð á aðra reikninga, eða sem sagt sem skuld við erlenda aðila. Og svo auðvitað munar hæstv. ráðh. í þessum efnum ekkert um að ætla, þegar rætt er um vaxtaútgjöld útgerðarinnar, að hlaupa yfir öll þau lán, sem útgerðin hefur frá fleiri aðilum en bönkum. Eða veit hæstv. viðskmrh. ekki nein dæmi um það, að útgerðarfyrirtæki af öllum tegundum verði að taka lán hjá fleiri aðilum en bönkum og borga háa vexti af slíku og auðvitað fara eftir hinum almenna vaxtafæti, sem gildir í landinu? Það væri ekki hátt áætlað, að lán í slíkum tilfellum næmu a. m. k. 200 millj. kr. Í staðinn fyrir 700 millj., sem hæstv. ráðh. reiknar með í þessum tilfellum, vil ég reikna með ekki minna en 1070—1100 millj. í slíkum lánum sem þessum, enda eru lánin í bönkunum miklu hærri en 700 millj. oft og tíðum. Og sú vaxtalækkun, sem frv. gerir ráð fyrir, mundi því verða af þessari upphæð ekki undir 21.4 millj.

Þá kemur hæstv. ráðh. að lánum þeim, sem sjávarútvegurinn sem heild hefur frá ýmsum stofnlánasjóðum, og tilgreinir lán þau, sem sjávarútvegurinn hefur nú frá fiskveiðasjóði og stofnlánadeild sjávarútvegsins, og líklega hefur hann tekið með lánin úr fiskimálasjóði, en ekki öðrum, því að þegar lánin hjá þessum þremur aðilum eru saman talin, þá er komið upp í upphæðina, sem hæstv. ráðh. talar um. Auðvitað munar hæstv. ráðh. ekkert um að sleppa öllum öðrum lánum, sem sjávarútvegurinn hefur og þarf að borga innlendan vaxtafót af. Hæstv. ráðh. mun vera einn af bankaráðsmönnunum í Framkvæmdabankanum, svo að ég aðeins nefni hann. Samkv. opinberum skýrslum var talið, að heildarútlán Framkvæmdabankans hefðu verið í árslok 1960 1380 millj. kr. eða tæpar 1400 millj. Það er því enginn vafi á því, að heildarútlán þess banka eru yfir 1500 millj. kr. Og hann ætti að vita það sem einn af bankaráðsmönnum, að sjávarútvegsfyrirtæki ýmis hafa allstór lán frá þessum banka. En hæstv. ráðh. munar auðvitað ekkert um í þessum röksemdafærslum sínum að sleppa þessu öllu og telja hvergi með í vaxtaútgjöldum sjávarútvegsins. Ég segi hins vegar, að um lægri upphæð er ekki að ræða, bæði hjá þessum og ýmsum öðrum aðilum, sem veita lán og hafa veitt lán, vátryggingarfélögum og ýmsum almennum, opinberum sjóðum, sem veita og hafa veitt stórlán til sjávarútvegsfyrirtækja í landinu og fara vitanlega í flestöllum tilfellum eftir þeim almenna vaxtafæti, sem gildir í landinu, — það er vitanlega hrein fjarstæða að tala um, að þarna geti verið um minni upphæð að ræða en 500 millj. kr., og mundi þá halla stórkostlega á sjávarútveginn í hlutfalli við aðra. Sé nú gert ráð fyrir því, þá er komin vaxtalækkun, sem nemur þessum 100 millj. kr., sem við höfðum gert ráð fyrir í grg. okkar.

En í frv. er svo gert ráð fyrir ýmsum öðrum atriðum, sem einnig verka mjög verulega á vaxtagreiðslur sjávarútvegsins. Það er gert ráð fyrir því í frv., að Seðlabankinn verði skyldaður til þess að greiða útflytjendum útfluttar afurðir ekki seinna en einum mánuði eftir, að varan er flutt úr landi. En nú hefur þessu verið þannig háttað, að útflytjendur hafa þurft að bíða eftir þessum greiðslum, oft í marga mánuði. Þetta fyrirkomulag mundi auðvitað spara útflytjendum vaxtagreiðslur, svo að verulegu næmi. Og það er einnig gert ráð fyrir því í frv., að sá háttur verði tekinn upp, að Seðlabankinn verði skyldaður til að greiða framleiðendum að fullu útflutningsverð á sannanlega seldri vöru, sem liggur framleidd í landinu, þó að hún þurfi að bíða nokkurn tíma eftir afskipun. Hæstv. ráðh. munar auðvitað heldur ekkert um að stíga yfir atriði eins og þetta í frv., þegar hann gerir sína mjög svo heiðvirðu útreikninga — eða hitt þó heldur. Auðvitað vita menn það, að fyrir utan þessa liði, sem ég hef hér gert að umtalsefni, hvíla margvísleg önnur lán á hinum ýmsu greinum sjávarútvegsins í landinu. Þannig eru t. d. lán frá sparisjóðakerfinu í landinu allveruleg til ýmissa þátta sjávarútvegsins, og eins og ég sagði, eru einnig lán vátryggingarfélaga og verzlunarfyrirtækja og margra annarra, sem nema allverulegum fjárhæðum. Það er rétt, að það liggja ekki fyrir opinberar skýrslur um það, hversu há þessi lán eru, og því er vitanlega ekki auðvelt verk að reikna

það nákvæmlega út. En ég ætla, að það, sem ég hef sagt um þennan lið, sýni, að þær tölur, sem hæstv. viðskmrh. birti hér varðandi þennan lið, eru alrangar og fá ekki staðizt með nokkru móti og hann hefur mjög farið rangt með þær till., sem felast í frv. Það væri því full ástæða til þess að áminna hann um það að gæta sóma síns gagnvart alþm. og Alþingi sem heild í sambandi við málflutning sinn, fremur en hann hefði ástæðu til þess að beina þeim orðum sérstaklega til okkar flm. þessa frv.

Ég skal svo koma að fleiri liðum, sem hæstv. ráðh. vék hér að varðandi þetta frv.

Í frv. er lagt til, að útflutningsgjöld á sjávarafurðum verði lækkuð úr 7,4%, sem þau eru nú, þegar þau eru talin öll saman, niður í það, sem þau voru fyrir setningu brbl. í ágústbyrjun 1961, eða niður í 2,9%. Er ráðgert í frv., að þessi lækkun gæti numið í kringum 160 millj. kr., en þá er miðað við heildarútflutningsverðmæti, sem nema í kringum 3500 millj. kr. Hæstv. ráðh. hafði ekki ýkja mikið um þessa tölu að segja út af fyrir sig, nema honum fannst, að útflutningurinn væri áætlaður nokkuð mikill og heldur hærri en sérfræðingar ríkisstj. teldu. Ég held þá, að sérfræðingar ríkisstj. megi endurskoða þá tölu sína eins og ýmsar fleiri, ef þeir eru ekki búnir að átta sig á því enn þá, að framleiðslan muni nema þessu, því að við eigum skýrslur um það, sem þegar eru tilbúnar. En það skal ég fyllilega játa, að sú skekkja þeirra, þó að þeir efist kannske nokkuð um þessa tölu, er engan veginn eins mikil og ýmsar aðrar skekkjur, sem þeir hafa látið frá sér fara og ég á eftir að minnast á hér síðar. En það er sem sé ekkert aðalatriði í þessu máli, hvort þessi útflutningur væri aðeins of hátt áætlaður hjá okkur eða of lágt. Upphæðin er mjög nærri þessu, sem við gerum ráð fyrir í grg. frv., þrátt fyrir það.

Um þennan lið hafði hæstv. viðskmrh. það aðallega að segja, að hann fór mörgum vandlætingarorðum um það, að við værum að gera ráð fyrir því í þessu frv., að hægt væri að lækka útgjöld sjávarútvegsins sem þessari fjárhæð næmi, þó að við vissum, að meginhluti þessarar upphæðar gengi nú þegar til sjávarútvegsins í einu eða öðru formi, og hér væri því um blekkingar af okkar hálfu að ræða. Það virðist vera, að hæstv. ráðh. hafi ekki hlustað á framsöguræðu mína fyrir frv. Þar tók ég alveg skýrt og greinilega fram, að mér væri ljóst, að meðan þau ákvæði giltu, sem nú væru í gildi varðandi hluta af þessari hækkun á útflutningsgjaldinu, að hluti af því rynni til greiðslu á vátryggingargjöldum fiskiskipaflotans, þá væri hér ekki um beinan sparnað að ræða frá því ástandi, sem nú væri. Þetta tók ég mjög greinilega fram og margendurtók í ræðu minni. En hæstv. ráðh., sem var þarna í vandlætarans búningi, þurfti ekki að taka mikið tillit til þess, sem sagt hafði verið í þessum efnum. Og til hins þurfti hann ekki heldur að taka tillit, að það er beinlínis tekið fram í frv., að það er verið að leggja til, að ákvæði þessi taki gildi frá og með næstu áramótum að telja, en þau ákvæði, sem gilda um þetta nú, eru í gildi aðeins til næstu áramóta. Um það, hvað þá tekur við, veit enginn. Það liggur ekkert fyrir um það. Við erum hins vegar að gera ráð fyrir því, að þá skuli taka hér við nýtt kerfi, um leið og þessi útflutningsgjöld verði lækkuð, skuli fyrri helming ársins sá háttur vera á hafður, að ríkið beinlínis sjái um vátryggingar fiskiskipaflotans, og það á þeim grundvelli, að iðgjöldin verði lækkuð um helming frá því, sem þau hafa verið, og þá miðað við þær upplýsingar, sem hér hafa komið fram á Alþingi, m. a. frá hæstv. sjútvmrh., og í ýmsum skýrslum frá sérfræðingum ríkisstj., að ástæða sé til að ætla, að vátryggingariðgjöld fiskiskipa hér séu um helmingi hærri en þau eru t. d. í Noregi. Það er að vísu gert ráð fyrir því í núgildandi lögum, að hluti af þessu gjaldi eigi áfram að renna til nýs vátryggingakerfis. En það er ekki hægt að sjá, að sá litli hluti af gjaldinu, sem á að ganga í þetta framtíðarvátryggingakerfi, eigi að vera til annars en þess að byggja þar upp vátryggingakerfi. Hér er því vitanlega um það að ræða, að það væri hægt að spara þau útgjöld, sem við leggjum til, frá þeirri löggjöf, sem nú er í gildi um þetta, en við getum vitanlega ekki miðað við neitt annað. Eftir næstu áramót á að innheimta þessi 7,4% útflutningsgjöld, en frá þeim tíma á ekki að greiða vátryggingagjöld fiskiskipaflotans af þessu gjaldi. Það er það eitt, sem stendur í lögum.

Í grg. þeirri, sem fylgir frv. frá okkar hálfu, er gert ráð fyrir því, að vátryggingariðgjöld fiskiskipaflotans muni nema í kringum 140 millj. kr. á árinu. Hæstv. viðskmrh. sagði, að hér hlyti að vera um allt of háa upphæð að ræða. Að vísu fór hann ekki mörgum orðum um það, en benti á, að sá hluti vátrygginga, sem færi í gegnum hið opinbera vátryggingakerfi, væri ekki nema rúmlega 100 millj., og þó að nokkuð væri þar fyrir utan, þá hlyti upphæðin að vera of há. Ég skal segja hæstv. ráðh., hvernig þessi áætlunartala okkar er til komin. Í ársbyrjun 1961 var gerð grein fyrir því á fundi, þar sem ég mætti meðal útvegsmanna, að vátryggingariðgjöld fiskiskipaflotans væru áætluð 123 millj. kr. fyrir árið 1961. Síðan vissi ég, og ég vænti, að hæstv. viðskmrh. hafi orðið var við það líka, að það var framkvæmd hér gengislækkun á miðju ári 1961, sem nam í kringum 13,2% til hækkunar á erlendum gjaldeyri. En það þýddi, að verðlag flotans í landinu hækkaði mjög mikið og vátryggingar að sama skapi, eins og alltaf hefur verið í slíkum tilfellum. Ég vissi enn fremur, að það var að bætast við í flotann mjög mikið af dýrum skipum á árinu 1961, seinni hlutann, og á árinu 1962. Frv. okkar gerir ráð fyrir því, sem verða mun á árinu 1963, og það var miðað við þetta, sem við töldum, að telja mætti öruggt, að ekki væri farið með of háa upphæð, þegar talað var um 140 millj. sem heildariðgjöld af vátryggingu fiskiskipaflotans. En hafi hæstv. ráðh. raunverulega meint það, sem hann sagði, þegar hann talaði um iðgjöld þess hluta fiskiskipaflotans, sem rynnu í gegnum hið opinbera tryggingakerfi, eins og hann sagði það, þá er mér nær að halda, að þessi upphæð, 140 millj., sem við höfum áætlað, sé langt til of lág. Svo mikið veit ég um það, hvað er af vátryggingum fiskiskipaflotans fyrir utan hið opinbera vátryggingakerfi. En sá hlutinn fer sífellt vaxandi, eins og skiljanlegt er, með stækkun flotans, sem leiðir af sér, að meginhlutinn af nýju skipunum, sem koma,

fer í vátryggingar fyrir utan hið opinbera vátryggingakerfi.

Það liggur líka fyrir, og það hefur verið upplýst í þskj. hér á Alþingi, að vátryggingariðgjöld fiskiskipaflotans, eins og þau voru greidd af ríkinu fyrir árið 1960, voru rétt í kringum 90 millj., það sem greitt var. En talsverður hluti af iðgjöldunum fellur á útvegsmenn sjálfa. Og þá sjá auðvitað allir, hvílík reginfjarstæða er að tala um, að sú upphæð geti verið rétt, sem hæstv. viðskmrh. er hér að bögglast með, en það er auðvitað löngu úrelt tala, sem passar ekki á neinn hátt við það, sem nú er.

Í þessu frv. eru svo ýmis önnur ákvæði, sem miða að því að draga úr ýmsum útgjöldum, en af því að hæstv. viðskmrh. fór ekki mörgum orðum um þau. þá þarf ég ekki heldur að þessu sinni að eyða löngum tíma í að ræða um þau atriði. Það var aðeins eitt, sem hann fann ástæðu til að koma við umvöndun sinni og allri vandlætingu. Það var viðvíkjandi ákvæði, sem er að finna í 9. gr. frv., en hæstv. viðskmrh. sagði, að þar væri ábyggilega um að ræða einsdæmi í lagasetningu meðal siðaðra þjóða. En hann notaði einmitt þessi orð nokkrum sinnum um menn meðal siðaðra þjóða, hvernig þeir ættu að hegða sér. *Þetta ákvæði, sem finnst ekki í lögum siðaðra* þjóða, fjallar um, að það sé óheimilt að greiða erlendum umboðssölum hærri umboðslaun af útfluttum afurðum frá Íslandi en 2%. Og slík ákvæði eins og þetta eru með öllu óþekkt hjá siðuðum þjóðum. Sér er nú hvað! Ég ætla nú að benda hæstv. ráðh. á það, að hliðstæð ákvæði eru *ýmis til í íslenzkum lögum og hafa verið* framkvæmd hér árum saman. Okkur er ekki heimilt hér að borga erlendum aðilum hversu háa vexti sem þeir kunna af okkur að heimta, og okkur er ekki heimilt að borga þeim ýmislegt bara eftir því, hvað þeir kunna að setja upp. Við getum sjálfir sett reglur um það, hvað íslenzkum borgurum er heimilt að færa út úr landinu *mikinn* gjaldeyri undir þessu eða hinu ákvæðinu. Við vitum vel, að þetta atriði hefur verið stórlega misnotað, og það hefur hvað eftir annað verið gripið inn í af hálfu opinberra aðila til að koma í veg fyrir, að það væri dreginn gjaldeyrir út úr landinu undir slíkum heitum eins og því, að erlendir aðilar tækju allt of há umboðslaun. Og það er það, sem þetta ákvæði miðar að, að stemma stigu við þessu, vegna þess að ýmsir aðilar hafa gengið á þetta lagið og tekið hér miklu hærri umboðslaun en góðu hófi gegnir, hvernig svo sem á því stendur, og því er full ástæða til þess að setja um þetta reglur, og við eigum að geta framkvæmt okkar afurðasölu án þess, að slík okurstarfsemi sé liðin af okkur.

Hæstv. ráðh. sagði um þetta ákvæði, að hér væri verið að setja löggjöf, sem miði að því að verða verðlagseftirlit á erlenda borgara, hvorki meira né minna en það. Þegar við bönnum Íslendingum að greiða allt of há umboðslaun eða aðra okurvexti, í hvaða formi sem er, jafngildir það því, að við ætlum að setja upp verðlagseftirlit úti í löndum. Hvers konar málflutningur er þetta í *rauninni? Er sæmandi að bjóða alþm.* upp á slíkt sem þetta?

En svo kom megininntakið í málflutningi hæstv. ráðh., og þar varð hann auðvitað miklu stórtækastur. Það var, þegar hann fór að reikna út þá gífurlegu skekkju, sem ætti að vera í frv. varðandi möguleikann á því að láta t. d. 400 millj. kr. sparnað í útgjöldum útflutningsframleiðslunnar hrökkva til að greiða 20% hækkun á kaupi verkafólks og 25—30% hækkun á fiskverði. Þá fyrst steig vandlætingin hjá hæstv. ráðh., þegar hann kom að þessum lið, og þar hafði hann líka vandað sig mest, las hér upp langar talnaskýrslur, þar sem hann þóttist sanna sitt mál alveg á óyggjandi hátt. Hann sagði að vísu, að það væru ekki til öruggar hagskýrslur, sem gætu sannað, hvað vinnulaun væru mikil í útflutningsframleiðslunni eða hvernig þessi kostnaður milli hráefnis og vinnulauna nákvæmlega skiptist. En *hann sagðist ætla, að hann byggði þó á svo* traustum grunni þar, að menn mundu ekki leyfa sér að vefengja hans tölur, því að svo mikið hefðu þær tölur verið lagðar til grundvallar í ýmsum útreikningum áður. Ég má til með að renna aðeins yfir þessar tölur, til þess að menn sjái betur, hvernig er haldið á tölum af hæstv. viðskmrh. og sérfræðingum ríkisstj., því að hann vitnaði mjög í þá. Hann sagðist leggja til grundvallar framleiðslu ársins 1961 og útflutninginn í því ári.

Freðfisksframleiðslan var að útflutningsverðmæti, sagði ráðh., 816 millj. kr., vinnulaunin í þessum lið væru 204 millj. og hráefnið, sem þyrfti til freðfisksframleiðslunnar, 408 millj. Svo tók hann saman í einn lið saltfisk og skreið og sagði, að útflutningsverðmæti þessarar vöru væru 682 millj., vinnulaunin 136 millj. og hráefnið, sem *færi í þessa framleiðslu, 409 millj. Svo tók hann* saltsíld og sagði, að útflutningsframleiðslan næmi 341 millj., vinnulaun 68 millj. og hráefni 205 millj. Og fiskimjölsframleiðslan: úflutningsverðmætið 131 millj., vinnulaun 16 millj. og hráefnisverð 55 millj. Síldarmjöl og lýsi: útflutningsverðmæti 347 millj., vinnulaun 10 millj. og hráefni 278 millj. *Og svo tók hann annað útflutningsverðmæti: 444* millj., vinnulaun 111 millj. og hráefni 222 millj. Allt var þetta svo lagt saman, til þess að töflurnar bæru það með sér, að búið væri að endurskoða þetta: útflutningsverðmætið 2761 millj., vinnulaunin 545 millj. og hráefnisverð 1577 millj. Þennan grundvöll lagði hæstv. ráðh. fyrir málflutn*ingi sínum, og út frá því átti svo að sanna*, að það, sem við sögðum í grg. fyrir okkar frv., væri alrangt, væru staðlausir stafir.

Nú langar mig til að víkja að þessum liðum svolítið hverjum um sig, áður en ég kem sérstaklega að okkar útreikningum, sem ég skal svo víkja að á eftir. Auðvitað skal ég taka það fram strax, að þessar tölur eru alrangar. Og þær eru svo hlægilega vitlausar í ýmsum tilfellum, að það er alveg furðulegt, að maður með hagfræðimenntun og sérstakur sérfræðingur ríkisstj. í talnaspeki skuli leyfa sér að fara með þessar tölur hér á Alþingi.

Ég kem þá fyrst að freðfisksframleiðslunni. Hæstv. ráðh. segir, að hráefnisverð freðfisksframleiðslunnar muni hafa verið 408 millj. kr. árið 1961. Samkv. skýrslu Fiskifélags Íslands hefur allur sá fiskur, sem lagður var inn til frystingar á árinu 1961, numið 144,7 þús. tonna. Hæstv. ráðh. vill því halda því fram samkv. þessu, að meðaltalsverð fyrir hráefni, sem fór til frystingar, hafi

verið 2,82 kr. á kg eða nokkru hærra en hámarksverðið var þá. En mikill hluti af framleiðslunni er langt undir þessu verði. Hér er auðvitað um augljósa skekkju að ræða. En þó verður þessi skekkja hans enn þá ljósari á ýmsum af hinum liðunum. Hann telur, að í saltfisksframleiðslu og skreiðarframleiðslu hafi hráefnisverðið verið 409 millj., — taki menn eftir, — á móti 408 millj., sem fóru til frystingar. En hvað fór mikið af afla í herzlu og í saltfisksverkun á móti því, sem fór í frystingu? Það fóru 47500 tonn af fiski til herzlu og 68800 tonn í saltfisksverkun samkv. skýrslu Fiskifélagsins, eða samanlagt fóru 116 þús. tonn í það á móti 144 til frystingar. Mun minna magn af fiski, sem fór í skreiðarverkun og saltfisksverkun, telur ráðh. hafa verið dýrara sem hráefni í framleiðsluna en það, sem fór til frystingar. (**Menntmrh.**: Þetta er útflutningurinn, sem við erum að tala um, en ekki framleiðslan.) Nei, útflutningsverðið var gefið upp 682 millj. af hæstv. ráðh. Hann las það hér upp af skýrslu, og ég hef endurlesið hana, enda er það nokkuð nærri réttu lagi, hver útflutningurinn var þar. En hráefnisverðið í þessu var talið 409 millj., og það fer heldur ekkert á milli mála, því að þegar maður leggur saman þær tölur, sem hann las upp, allar saman sem hráefnisverð, þá passar það upp á eina krónu. Hæstv. ráðh. smýgur ekki út um neitt slíkt gat í þessum efnum. Hann er hér alveg geirnegldur niður. En nú vita allir, sem nærri þessari framleiðslu koma, að hráefnisverðið á þeirri vöru, sem fer til skreiðarverkunar og saltfisksverkunar, er allmiklu lægra, það er einmitt sá fiskurinn, sem fellur í lægri gæðaflokkana og lægri verðflokkana, enda er það reiknað alls staðar af þeim, sem til þekkja í þessum efnum, mun lægra. En hæstv. ráðh. munar auðvitað ekki um það að telja meðaltalsverðið á hverju fiskkg, sem fór í skreiðarverkun og saltfisksverkun, hafa verið 3,52 kr. Auðvitað er hér um alranga fullyrðingu að ræða, sem stenzt ekki á neinn hátt og er ekki sæmandi af hæstv. ráðh. að bjóða hv. alþm., svo að notuð séu hans orð í þessum umr.

En þetta er ekki það eina. Það eru til miklu stórkostlegri vitleysur en þetta í því, sem hæstv. ráðh. sagði í þessum efnum. Hæstv. ráðh. sagði, að saltsíldarframleiðslan næmi að útflutningsverðmæti 341 millj. kr. og hráefni í saltsíldarframleiðsluna næmi 205 millj. Hafa menn tekið eftir því, hvað hann verðleggur þá hvert síldarkg á, sem gengur í þessa framleiðslu? 3 kr. kg, miðað við það, sem Fiskifélagið gefur upp að til söltunar hafi farið. Auðvitað er hér um algera fjarstæðu að ræða. Hér munar rétt um það bil helmingi. Ef hæstv. ráðh. hefði hirt um það eða þekkt nokkuð til að líta á þessar tölur, hráefnisverð síldarinnar 205 millj., vinnulaun síldarinnar 68 millj., hefði t. d. gert sér það ómak að telja saman miðað við útflutninginn, hvað t. d. bara tunnurnar sjálfar utan um síldina hefðu kostað, þá á hann ekki nóg eftir af útflutningsverðinu til þess að borga tunnurnar, þó að hann borgaði ekkert af hinu. Vinnulaunin, hráefnisverðið og verðið á tunnunum, eins og síldarútvegsnefnd reiknaði það, það hefði þýtt mun hærri upphæð en allt útflutningsverðið. Dálaglegur atvinnuvegur það að stunda síldarsöltun! En þá var vitanlega eftir að borga útflutningsgjöldin, 7,4% og reyndar 2% til viðbótar til síldarútvegsnefndar, en af síldinni jafngildir þetta sem sagt 9,4%. Þá var auðvitað eftir að borga alla vexti og fjöldamargan annan kostnað, sem tilheyrir þessari framleiðslu. En þetta er sem sagt einn af sérfræðingum ríkisstj. í talnafræði, sem leggur þessa skýrslugerð fram og það á þann hátt, að hann er sérstaklega að vanda um fyrir þm. að fara heiðarlega með tölur.

Svo kom hæstv. ráðh. með lið eins og fiskimjöl, að útflutningurinn á fiskimjöli hefði verið 131 millj. og 16 millj. hefðu þar farið í vinnulaun og 50 millj. í hráefnisverð. Satt að segja hef ég ekki nennt að skoða þessar tölur, því að þær koma þessu máli ekkert við, hvað hægt er að hækka hin almennu vinnulaun, og hráefnisverðið eða fiskverðið kemur ekkert inn í þessa tölu, ekki neitt. En til frekari fróðleiks er gaman að virða fyrir sér næstu fullyrðingu hjá hæstv. ráðh. Hann segir, að síldarmjölsframleiðslan og lýsisframleiðslan úr síldinni hafi numið að útflutningsverðmæti 347 millj. og vinnulaun hafi verið 10 millj. og hráefnisverð 278 millj. Þegar ég sá þessar tölur, taldi ég alveg víst, að hér væri um rangritun að ræða hjá þeim, sem rita þingræður, að ráðh. hefði ekki sagt 10 millj. í vinnulaun, hann hlyti að hafa nefnt hér aðra tölu, og reyndar fannst mér miklu líklegra, að hann hefði búið til töluna 100, þó að hún væri bandvitlaus og allt of há, en það var þó á réttara kant. Nei, samlagningin sagði alveg til sín. Þegar maður tók saman alla liðina, bar saman vinnulaunakostnaðinn, 545 millj. samanlagt út úr öllu saman, 10 millj. voru þar í vinnulaun fyrir síldariðnaðinn. Mér kom til hugar fyrst af öllu að líta aðeins í alveg nýja bók, sem okkur hafði verið afhent þm., en það var skýrsla síldarverksmiðja ríkisins. En eins og við vitum, eru síldarverksmiðjur ríkisins nokkuð stór aðili í sambandi við síldarvinnsluna. Og reikningurinn, sem okkur hafði verið afhentur, var einmitt reikningurinn fyrir árið 1961, sem sýndi, hvað síldarverksmiðjur ríkisins höfðu unnið mikið og hver vinnulaunin höfðu verið hjá síldarverksmiðjum ríkisins. Síldarverksmiðjur ríkisins unnu auðvitað ekki þetta ár nema eitthvað í kringum 500—600 þús. mála. Það er hægt að fletta upp í því og sjá alveg nákvæmlega, hvað það var. Síldarverksmiðjur ríkisins unnu 543 þús. mál af síld af samtalsafla, sem fór í bræðslu sumarið 1961, 1160 þús. málum. Þær unnu tæpan helming af því, en svo var eftir auðvitað öll vetrarsíld, því að sú síld, sem fór til bræðslu, nam á árinu í kringum 1700 þús. mála, 1 millj. og 700 þús. mála. En síldarverksmiðjur ríkisins unnu bara 543 þús. mál eða nokkru undir þriðja hluta. En hver voru vinnulaunin þar, þó að þær ynnu aðeins tæpan ⅓ af heildarframleiðslunni? Vinnulaunin voru 14,5 millj. kr. Af því að vinna tæplega ⅓ voru vinnulaunin 14,5 millj. kr. Svo kemur hæstv. ráðh. og talar um 1 millj. og 700 þús. mál og segir, að öll vinnulaunin hafi verið 10 millj. Og það er eins og ég segi, það er engin hending, að hann sagði þetta, því að hann hafði lagt þetta greinilega saman, þannig að hann var búinn að krossvalda töluna og gat ekki hlaupið frá henni, að hann hefði mismælt sig eða neitt þess háttar. Hér var verið að birta

skýrslu upp úr skrifaðri ræðu. Nei, ég læt mér ekki koma til hugar að notfæra mér skekkju eins og þessa hjá hæstv. ráðh. Ég hef hér vinnulaunin eins og reiknað hefur verið með þeim yfirleitt í sambandi við síldarvinnslu. Þessi tala sannar aðeins það, að tölur þær, sem hæstv. viðskmrh. er að þylja hér yfir hv. þm., hampa hér framan í þm., eins og hann orðaði það, það er ekkert að marka þær. Þær eru eintóm lokleysa frá upphafi til enda, svo að segja. Og hinar tölurnar, sem varða hráefnisverðið, eru ekki betri, eins og ég hef þegar sýnt fram á.

Nú skal ég víkja hér nokkrum orðum að því, hvernig þessu er í raun og veru varið og á hverju okkar áætlanir eru byggðar, sem skrifað höfum grg. þá, sem fylgir frv. Og ég legg þá til grundvallar aflann 1961, eða s. l. ár, samkvæmt skýrslum Fiskifélags Íslands. Ég reikna með því, að allur aflinn, sem fór til frystingar, 1447000 tonn, hafi verið keyptur inn á meðaltalsverðinu 2,40 kr. á kg. Ég skal að vísu taka það fram, að ég er næstum því viss um, að þessi tala er fyrir árið 1961 of há, meðaltalsverðið hefur varla lagt sig svona hátt, enda hygg ég, að flestir muni halda því fram, sem hér eiga hlut að máli. En það er enginn vafi á því, að hér er ekki reiknað með of lágri tölu. Samkv. því mundi hráefnisverðið á öllum þeim fiski, sem lagður var til frystingar á þessu ári, hafa numið í kringum 347 millj. kr., en ekki 408 millj. kr., eins og hæstv. ráðh. vildi reikna. Þá tek ég allan þann fisk, sem lagður var upp á árinu í skreiðarverkun, 47500 tonn, og reikna með því, að meðaltalsverðið á öllum þeim tegundum, sem hengdar eru upp, hafi verið 2,20 kr. kg, eða sem sagt nokkuð undir því meðaltalsverði, sem er á því, sem fer til frystingar. Og ég er líka alveg sannfærður um, að það eru engin frambærileg rök fyrir því að halda því fram, að hér sé vanreiknað. Þetta mundi því þýða, að sá afli, sem fer til skreiðarverkunar á þessu ári, hefur verið að verðmæti í kringum 104 millj. kr. Til saltfisksverkunar á þessu ári fóru 68800 tonn af fiski, og þar reikna ég með meðaltalsverðinu 2,30 kr. á kg, nokkuð undir verðinu í frystingu, en nokkuð yfir verðinu í skreiðarverkun. En þetta jafngildir 159 millj. kr., hráefnisverðið. Samanlagt hráefnisverð í þessari verkun, sem byggir upp fiskverðið, er 610 millj. kr. Þá tel ég allan síldaraflann. Til frystingar á síld fóru 25200 tonn, og ég reikna með meðaltalsverðinu 1,50 kr. á kg á þeirri síld, sem fryst var. Það er að vísu ekki alveg uppi í hámarkinu, eins og síld var keypt hér hæst á því ári til frystingar, en líka allmiklu hærra en mikill hluti af síldinni var keyptur á. En þetta mundi jafngilda 37 millj. kr. Til söltunar fóru af síld á árinu 68 þús. tonn, þ. e. af nýrri síld upp úr sjó. En útflutningurinn af síld var hins vegar ekki nema nokkuð yfir 400 þús. tunnur, en eins og kunnugt er, gengur vitanlega allmikið úr síldinni og kemur fram annars staðar í vinnslunni. Þar reikna ég með, að meðaltalsverð á hráefni á útflutta tunnu hafi verið í kringum 260 kr., eða að hráefni í síld til söltunar hafi verið 104 millj. Þá eru eftir 225600 tonn af síld, sem fóru á árinu í bræðslu, og þar reikna ég með, að hráefnisverðið sé um 203 millj. kr. Hráefnisverðið á allri síldinni mundi því samkv. þessu nema 344 millj. kr. og á öllum þorskaflanum, sem fer til verkunar, 610 millj. kr. Að vísu sleppi ég hér örfáum tonnum, sem fóru til niðursuðu og innanlandsneyzlu og þess háttar, og svo auðvitað sleppir maður því af aflanum, sem flutt er út ísvarið af togurum, sem leggja fiskinn aldrei á land, og sá fiskur fellur ekki á neinn hátt undir útreikning á fiskverði hér innanlands. Þegar er verið að ræða um að hækka fiskverðið um 25%, þá auðvitað dettur engum manni í hug, að við getum gert ráðstafanir til þess að hækka markaðsverðið úti í löndum um 25%. Verðið á þeim fiski fer upp og niður eftir markaðsaðstæðum, og það aflamagn á vitanlega ekki að taka inn í þennan útreikning. Slíkt er fjarstæða. Því sleppi ég þeim tölum úr skýrslu Fiskifélagsins, sem þannig eru, en hitt allt er tekið.

Samkv. þessu mundi hráefnisverð þessa fiskafla vera í kringum 954 millj. kr. Og það kemur líka mjög heim og saman við það hlutfall, sem allir kunnugir menn þekkja á hráefnisverði og útflutningsverði, þegar maður lítur á þetta hráefnisverð og svo aftur útflutningsverðið, því að það er langalgengast, að þannig sé ástatt, að útflutningsverðið sé um það bil þrisvar sinnum hærra en sjálft hráefnisverðið, þó heldur undir því að ná því að verða fyllilega þrefalt.

Það er svo aftur miklu meiri vandi að reikna út, hvað vinnulaunin muni verða mikil við hverja þessa framleiðslugrein fyrir sig, — miklu meira áætlunaratriði. Ég hef áætlað hin almennu vinnulaun verkafólks, en það er það, sem gert er ráð fyrir í frv., en ekki öll vinnulaun allra þeirra, sem hér koma við, eins og mér skildist á hæstv. ráðh. að hann væri að reikna með. Um það er ekki rætt í frv. Það er aðeins rætt um það að hækka kaup hinna lægst launuðu, verkafólksins, um 20%. Jafnvel þó að einhverjir aðrir, alls konar iðnaðarmenn, yfirmenn, vélstjórar, forstjórar og aðrir slíkir, sem vinna auðvitað að framleiðslunni, fengju einhverja kauphækkun, þá er ekki þar með sagt, að þeir ættu að fá 20%, sumir kannske enga. Um það fjallar frv. ekki á neinn hátt.

En þetta framleiðslumagn af frystum fiski, sem hér er rætt um, er rétt í kringum 50 þús. tonn af flökum, það sem kemur úr 144700 tonnum af hráefni, enda var framleiðslan mjög nærri því. 50 þús. tonn af flökum jafngilda 2 millj. kössum af frosnum fiski, en ég breyti þessu nú í kassaframleiðslu, af því að það er algengasta einingin, sem frystihúsamenn miða við, þegar þeir eru að gera sér grein fyrir vinnulaunakostnaðinum, og það, sem þeir miða við í sínum skýrslum.

Nú er það svo, að í skýrslum frystihúsanna er miðað við það, að vinnulaunakostnaður á kassa er auðvitað breytilegur eftir því, um hvers konar framleiðslu er að ræða. Hann getur leikið í skýrslum þeirra frá 35 kr. á kassa og allt upp í 80 kr. á kassa á allra dýrustu pakkningum, og þykir þó heldur illa á haldið, þar sem það er. En ég hef reiknað hér með, að vinnulaunakostnaðurinn væri 60 kr. á kassa. Þá mundi koma út úr þessu vinnulaunakostnaður upp á 120 millj. kr., en ekki vinnulaunakostnaður upp á 204 millj. kr., eins og hæstv. ráðh. talaði um, sem

er vitanlega alger fjarstæða. Sá yrði nú ekki lengi að setja um öll frystihús í landi, ef hann kæmi þessum vinnubrögðum sínum við, ætla ég rétt að segja, ef vinnulaunakostnaðurinn ætti að verða þetta hjá óbreyttum liðsmönnum í frystihúsi. En hann mundi kannske vinna þetta upp á því að láta menn vinna næstum fyrir ekki neitt að síldarframleiðslunni, að verksmiðjuvinnunni, eins og hann hafði reiknað út.

Ég hafði gert grein fyrir því, að ég hafði áætlað, að kaup hins almenna verkafólks við freðfisksframleiðsluna mundi vera í kringum 120 millj. kr. En til samræmis við þetta og í réttu hlutfalli við þetta og þá reynslu, sem fyrir liggur, hafði ég á sama hátt áætlað, að vinnulaunakostnaðurinn við skreiðarframleiðsluna á þessu ári væri í kringum 40 millj. kr. og saltfisksframleiðsluna í kringum 50 millj. kr., eða vinnslukostnaður hins almenna verkafólks í þessum greinum í kringum 215 millj. kr., vinnulaunakostnaðurinn við frystingu á síld í kringum 8 millj. kr. og við söltun á síld í kringum 40 millj. kr. og á verksmiðjuvinnslu, síldarverksmiðjuvinnslu, í kringum 42 millj. kr., en ekki 10 millj., eins og hæstv. ráðh. var að tala um, eða vinnulaunakostnaður samtals við þennan síldarafla hjá hinum almenna verkalýð í kringum 90 millj. kr. Ég skal að vísu játa, að það er ekki nein fullkomin nákvæmni í þessu, því að hún liggur ekki fyrir. En hér getur ekki munað ýkja miklu, það er alveg ljóst. Ég vil því reikna með því, að vinnulaunakostnaður við þessa framleiðslu hjá hinum almenna verkalýð sé í kringum 305 millj. kr. En 20% hækkun á þessi vinnulaun mundi nema 60 millj. kr. eða þar um bil, og 25% hækkun á fiskverðinu, þ. e. a. s. hinu almenna fiskverði og síldarverði, mundi nema á sama hátt 240 millj. kr., eða samanlagt mundu þessir liðir nema í kringum 300 millj. kr. Sé svo gert ráð fyrir því, að um nokkru meiri útflutningsframleiðslu væri að ræða á árinu 1963 samkv. því, sem við höfum ráðgert í grg. fyrir okkar frv., eða sem nemi í kringum 15% aukningu, þá gæti hér verið um að ræða ca. 45—50 millj. kr. Það bendir því allt til þess hjá þeim, sem vilja athuga þessar tölur með gaumgæfni, að okkar áætlun standist alveg fyllilega, á sama tíma sem það er alveg augljóst, að þær áætlanir, sem hæstv. ráðh. hefur birt hér, fá ekki á nokkurn hátt staðizt og eru eintóm endileysa.

Ég veit, að hæstv. forseti er orðinn órólegur, enda kannske ekki ástæða til að lengja þetta svo mikið, úr því sem orðið er. En ég vildi aðeins segja það, að ekki var hæstv. viðskmrh. vandur að meðferð á almennum röksemdum, fyrir utan það, hvernig hann lagði tölurnar fyrir. Sem dæmi um það skal ég nefna, að þegar hæstv. ráðh. hafði sagt, að hráefnisverð framleiðslunnar árið 1960 mundi vera 1577 millj. og vinnulaunin 545 millj., eða vinnulaun og hráefni 2122 millj., en hins vegar útflutningsverðið allt 2761 millj., þá sagði hæstv. ráðh., að nú gerðum við ráð fyrir nokkru meiri framleiðslu en hefði orðið og því væri rétt að hækka vinnulaunin hlutfallslega og hráefnisverðið hlutfallslega við þetta. Vill nú ekki hæstv. ráðh. íhuga, hvað hann er að segja með þessu? Vegna þess að það verður aukning á heildarframleiðslunni, aðallega á síldveiðunum og hann heldur að kosti ekkert að vinna síldina, þá á að taka hlutfallslega hækkun á öllum vinnulaunaliðum. Nei, málið er þannig, að það er alveg rétt, að það kostar miklu minna í almenn vinnulaun að vinna t. d. síld í verksmiðju heldur en flaka fisk og pakka honum inn í dýrar umbúðir og framleiða þannig frosinn fisk. Vinnulaunahlutfallið í þeirri framleiðslu er miklu meira. Þegar framleiðsluaukning verður ekki á þessu sviði, heldur á hinu sviðinu, sem snýr að þeim liðnum, þar sem vinnulaunin eru tiltölulega lág, þá sér hann, að hlutfallsaukning í þessu tilfelli er vitanlega alger blekking. Og hráefnisverðið nær auðvitað heldur engri átt, vegna þess að hann veit, að hráefnisverðið hafði ekki hækkað á milli áranna 1961 og 1962 í réttu hlutfalli við framleiðsluaukninguna. Á árinu 1961 var framkvæmd gengislækkun, sem vitanlega þýddi það, að útflutningsverð breyttist, án þess að innanlandsverð á hráefninu þyrfti að breytast eða breyttist. Hlutfallareikningur í þessum efnum er því alveg stórkostlega blekkjandi. En ráðh. hefur ekki hugsað út í það, að þegar hann er búinn að sanna, að öll þessi almennu vinnulaun séu 545 millj. og hráefnið 1577 millj., eða hráefnið og vinnulaun 2122 millj. og allt útflutningsverðið, eins og ég sagði, 2761 millj., þá eru aðeins eftir 639 millj. fyrir utan hráefnisverð og vinnulaun til að borga allan annan rekstrarkostnað hjá sjávarútveginum, til þess m. a. að borga útflutningsgjöld, er nema á 3. hundrað millj. kr., og til þess að borga alla vexti og allan annan rekstrarkostnað í sambandi við framleiðsluna. Hvers konar útgerð heldur hann að þetta sé? Það er dálaglegur taprekstur á þessu öllu saman. Auðvitað er hann búinn að spana svo upp tölurnar um hráefnisverð og vinnulaun, að útkoman úr dæminu hlýtur að verða eintóm endileysa.

Og svo aðeins að lokum þetta: Þetta er aðeins í beinu framhaldi og nákvæmlega réttu hlutfalli við það afrek, sem þessi hæstv. ráðh. með sérfræðinga ríkisstj. upp á hlið sína gerði á hv. Alþingi í nóvembermánuði 1961, þegar hann hafði sannað það með nákvæmum útreikningum í prósentum og útfærðum tölum, að það hefði þurft að lækka gengi krónunnar í ágústbyrjun 1961, vegna þess að heildaraflinn á árinu 1961 mundi verða 3% minni en aflinn var á árinu 1959. Þá í nóvembermánuði þylur hæstv. ráðh. þessa fjarstæðu yfir þm., að aflinn 1961 muni verða 3% minni en hann var árið 1959, þó að í nóvembermánuði væri aflinn orðinn mun meiri en hann var allt árið 1959. Og auðvitað varð hann 20% meiri. Hæstv. ráðh. sagði þá líka, að það hefði þurft að grípa til gengislækkunarinnar vegna þess, að það væri sannað mál, að andvirði framleiðslunnar 1961 mundi verða 170 millj. kr. minna en andvirði framleiðslunnar var árið 1959, þó að hann vissi, að þetta væri algerlega rangt. Og svo til þess að kóróna allt þetta létu skapanornirnar hæstv. ráðh. skrifa undir bankaskýrslu sem bankamálaráðh., þar sem í stóð þetta, — hæstv. ráðh. skrifaði undir allt saman:

„Heildarfiskaflinn á árinu 1961 var samkv. bráðabirgðatölum 634 þús. tonn á móti 514 þús.

tonnum 1960, og er þetta mesti ársafli, sem orðið hefur. Verðmæti aflans jókst hins vegar ekki að *sama skapi, þar sem aflaaukningin* stafaði svo að segja eingöngu af aukningu síldarafla. Áætlað er, að heildarframleiðsluverðmæti sjávarafurða á árinu 1961 hafi numið nærri 3 þús. millj. kr., á móti 2628 millj. kr. 1960 og 2838 millj. kr. 1959, og eru þá allar tölurnar umreiknaðar til sama verðs og þess gengis, sem nú er í gildi."

Þarna var hæstv. ráðh. látinn undirskrifa það með eigin hendi, að það hefði verið allt endemisvitleysa, sem hann var að halda fram á Alþingi um staðreyndirnar í þessu máli. En svona eru þær tölur, sem hann hefur hvað eftir annað sent frá sér og sérfræðingar ríkisstj. um ýmis hagmál Íslands, að þær standa ekki snúning frammi fyrir staðreyndum reynslunnar.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þar sem búizt er við, að ekki verði fundur í hv. d. fyrr en næstkomandi mánudag, vildi ég leyfa mér að biðja um að fá að gera örstutta athugasemd við ræðu hv. þm. Ég skal lofa því, að hún verði mjög stutt, enda gerist ekki þörf á öðru.

Okkur hv. þm. ber mjög mikið á milli. Hann ásamt flokksbróður sínum einum hefur lagt fram frv., sem á að spara sjávarútveginum 400 millj. kr. í útgjöld. Ég hef haldið því fram, að ákvæði frv. gætu ekki sparað útveginum meira en einhvers staðar milli 100 og 150 millj. kr. *Það er þýðingarlaust, að við hv. þm. stöndum* hér hvor framan í öðrum og deilum um þessar tölur, sérstaklega um, hversu mikið útgerðin gæti sparað á vaxtalækkuninni. Ég vil í stað þess stinga upp á því, að sú n., sem fær frv. til meðferðar, leiti álits Seðlabankans á því, hversu mikil útgjaldalækkun mundi sigla í kjölfar þess, að 1.—3. gr. frv. yrðu framkvæmdar. Og ég vil jafnframt stinga upp á því, að frsm. nefndarinnar, þegar frv. kemur til 2. umr., greini frá svari Seðlabankans um þetta. Við skulum bíða eftir þeim úrskurði. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að hann verður einhvers staðar á milli tölunnar 100 og 150 millj. kr., en hvergi nálægt tölunni 400 millj., sem þetta frv. þó er allt saman byggt á. Meira þarf ég svo ekki um þetta atriði að segja.

Þá er hitt meginatriði frv., að þessar 400 millj. kr. eiga skv. greinargerð að duga til þess að hækka hráefnisverð um hvorki meira né minna en 25—30% og kaup verkafólks, sem við framleiðsluna vinnur, um hvorki meira né minna en 20%. Áður en ég fer nokkrum orðum um þetta, vildi ég aðeins vekja athygli hv. þm. á því, að sú gagnrýni, sem hv. þm. flutti á mínum tölum og byggð var á því að vitna í skýrslur Fiskifélagsins um landað hráefni árið 1961, er auðvitað fullkomlega út í bláinn, og þurfti ég raunverulega ekki á það að benda, því að öllum hv. þm. *er ljóst, hvílíkur reginmunur er á fiskveiðum og* sjávarafla hvers árs og útflutningi hvers árs. Það, sem við erum hér um að tala, er verðmæti útflutningsins annars vegar árið 1961 og hins vegar árið 1962. En að ætla að hnekkja tölum um verðmæti útflutningsins með því að vísa til verðmætis sjávarframleiðslunnar á sama ári er náttúrlega svo fullkomlega út í bláinn, að það er raunverulega ekki svaravert, sérstaklega þegar tölur eru teknar um síldveiðina, þar sem öllum er kunnugt um, hvílík geysisíldveiði varð árin 1961 og 1962. Þetta er svo einföld blekkingartilraun, að hún er varla svaraverð. En allt, sem hv. þm. gat um til þess að gera tölur mínar tortryggilegar, var á þessu byggt, að taka tölur úr framleiðsluskýrslunum til samanburðar við þær tölur, sem við höfum verið að tala um, sem eru úr útflutningsskýrslunum.

Með þessari einföldu athugasemd er í raun og veru allt það, sem hv. þm. sagði sem gagnrýni á mínar tölur, það er allt saman hrakið, því að það er allt saman byggt á sama misskilningnum eða sömu blekkingatilrauninni af hans hálfu.

Að síðustu get ég svo látið duga að taka fram, — og það getur verið síðasta orð mitt um þetta mál, því að með því tel ég tekin af öll tvímæli um, að þau orð, sem ég lét falla um þetta frv. í upphafi, voru ekki of stór, þó að þau hafi verið stór, — að ýmsar tölur frv. bera vott um það, að hv. þm. hafa áætlað útflutningsverðmæti ársins 1962 3550 millj. kr. Ég sagði í fyrri ræðu minni, að það kynni að vera heldur of hátt. Það þarf ekki að skipta máli, hvort það er um 200—300 millj. kr. hærra eða lægra, það skiptir engu máli í þessu *sambandi, en flm. hafa miðað við 3550 millj.* kr. útflutningsverðmæti á árinu 1962. Og hvað segir fyrri flm. nú í sinni löngu ræðu hér áðan? Hvaða tölu flytur hann nú um það, hvernig *þetta útflutningsverðmæti sé saman sett?* Hann telur hráefnisverðið vera 950 millj., greindi nákvæmlega, hvernig það var saman sett, og vinnulaun 300 millj. kr. M. ö. o.: hráefni og vinnulaun samtals í þessu útflutningsverðmæti eiga að vera 1250 millj. kr. Verðmæti hráefnisins ig verðmæti vinnulaunanna í 3550 millj. kr. útflutningsframleiðslu er 1250 millj. kr., rúmlega ⅓. Getur nú hv. þm. sjálfur dæmt þetta frv. sitt öllu harkalegar en þetta, að bera þetta á borð fyrir hv. alþm., að samanlagt verðmæti hráefnis og launa verkafólks, sem við framleiðsluna vinnur, svo að orðin séu tekin úr grg. sjálfri, sé ⅓ af verðmæti alls útflutningsins. Á þessari meginvitleysu er það auðvitað byggt, að hægt sé að hækka hráefnisverðið um 25—30% og vinnulaun um 20%. Þarna er skýringin á meginvitleysu frv. M. ö. o.: hann útlistar skýringuna sjálfur og undirstrikar hana sjálfur. Það þarf ekki annað en lágmarksþekkingu á aðstæðum í útflutningsframleiðslunni til að vita, hvílík fjarstæða það er, að samanlagt verðmæti hráefnis og vinnulauna sé ekki nema rúmlega ⅓ af útflutningsverðmætinu. Mínar áætlanir um þetta höfðu verið þær, að af 3550 millj. kr. útflutningsverðmæti væri hráefnisverð um 2000 millj. kr. og vinnulaun um 700 millj. kr., þ. e. samtals hráefni og vinnulaun 2700 millj. af 3550 millj. Og þetta munu allir vitibornir menn vita, *að hlýtur að teljast nokkurn veginn nærri lagi.* En ef gert er ráð fyrir þessum tölum, hráefnisverði 2000 millj. og vinnulaunum 700 millj., í 3550 millj. útflutningsframleiðslu, þá þarf, eins og ég sagði í minni fyrri ræðu, einhvers staðar milli 640 og 740 millj. kr. til að geta hækkað hráefnisverð um 20—30% og kaupgjald um 20%,

eða næstum því helmingi meira en frv. sjálft segir að það eigi að spara, þó að sú tala sé líka of há.

Ég fæ því ekki annað séð en eftir þessa ræðu hv. þm. standi allt það í meginatriðum algerlega óhaggað, sem ég sagði í minni gagnrýnisræðu á þetta frv., og ekki einungis, að það standi óhaggað, heldur hjálpaði hv. þm. mér nú í gagnrýni minni á frv. með því að upplýsa, hvernig hans eigin vitleysa er til komin. Hún er þannig til komin, að hann áætlar, að samanlagt hráefni og vinnulaun séu ekki nema rúmlega ⅓ af verðmæti útflutningsframleiðslunnar. Ef menn reikna út frá svona fráleitum, svona furðulega vitlausum forsendum, er ekki von, að menn komist að réttri niðurstöðu.

Umr. frestað.

Á 27. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., 17. des., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 30. fundi í Nd., 18. des., var enn fram haldið 1. umr um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

33. Áætlunarráð ríkisins.

Á 11. fundi í Nd., 5. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um áætlunarráð ríkisins [76. mál] (þmfrv., A. 91).

Á 13., 14., 15., 16., 17., 19., 20. og 23. fundi í Nd., 8., 13., 15., 19., 20., 22. og 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., 3. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér frv. um áætlunarráð ríkisins, sem ég hef flutt á nokkrum undanförnum þingum, en dálítið breytt frá því, sem áður hefur verið. Hins vegar hef ég áður gert mjög ýtarlega grein fyrir þessum frv. og læt líka fylgja þeim allmikil fskj. nú, þ. á m. fskj., sem sýna, hvernig kaupmáttur tímakaupsins hefur minnkað nú á síðustu tímum og jafnframt yfirlit yfir, hvernig gengið hefur um aukningu iðnaðarins og þjóðarframleiðslunnar í hinum ýmsu löndum auðvaldsskipulagsins annars vegar og sósíalismans hins vegar.

Það, sem ég vildi gera sérstaklega að umræðuefni í sambandi við þetta frv. nú, er, hvaða gildi það hefur haft í íslenzkri sögu á undanförnum 25 árum, að þær vinstri eða róttækar stjórnir, sem verið hafa við völd á Íslandi, hafa ekki borið gæfu til þess að koma á áætlunarbúskap í eitthvað svipuðum stíl og hér er lagt til, til þess að þeir flokkar, sem telja sig standa vinstra megin í þjóðfélaginu, geri sér fullkomlega ljóst, hvaða gildi svona fyrirkomulag hefur fyrir þeirra framkvæmdir.

Ég vil þá fyrst minnast nokkuð á fyrstu verulegu vinstri stjórnina, sem hér var mynduð á Íslandi, stjórnina 1934. Það var stjórn, sem Framsfl. og Alþfl. mynduðu þá, fyrsta stjórnin, sem Alþfl. tók þátt í. Alþfl. vann í þeim kosningum, sem fram fóru 1934, stærsta stjórnmálasigur, sem hann hefur nokkurn tíma unnið. Og ég býst við, að sagnaritarar síðari tíma muni líta svo á, að það, að Alþfl. eftir þann kosningasigur hefur aldrei borið sitt barr, muni fyrst og fremst stafa af því, hvernig hann brást því höfuðloforði, sem hann gaf þá. Í þeirri 4 ára áætlun, sem Alþfl. gaf út 1934, byrjar starfsskrá hans með þessum orðum, sem eru aðalatriðið í öllu hans kosningaprógrammi og hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta, þ. e. starfsskrá Alþfl.:

„Fjögurra ára áætlun fyrir næsta kjörtímabil er í fyrsta lagi, að hrundið verði þegar í stað í framkvæmd með löggjöf og framtaki hins opinbera auknum atvinnurekstri og framleiðslu eftir nákvæmri áætlun, er gerð sé til ákveðins tíma og hafi það markmið að útrýma með öllu atvinnuleysinu og afleiðingum kreppunnar og færa nýtt fjör í alla atvinnuvegi þjóðarinnar með aukinni kaupgetu og neyzlu hinna vinnandi stétta og auknum markaði innanlands. Stofnuð sé ráðgefandi nefnd sérfróðra manna þingi og stjórn til aðstoðar, er geri nákvæmar áætlanir um allar opinberar framkvæmdir á tímabilinu og stjórni vísindalegum rannsóknum til undirbúnings þeim og geri jafnframt tillögur um, hvernig komið verði fastri stjórn og skipulagi á allan þjóðarbúskapinn, jafnt opinberar framkvæmdir og fyrirtæki sem atvinnurekstur einstaklinga, svo að þau verði sem hagkvæmast rekin og aukin með hagsmuni almennings fyrir augum (planökonomi)."

Þetta var höfuðatriðið í stefnu Alþfl. 1934, og út á þessi loforð vann Alþfl. þá mjög mikinn sigur, varð álíka sterkur og Framsfl. hvað atkvæðatölu snertir á Íslandi. Í ávarpi, sem 12. þing Alþýðusambandsins og Alþfl., — það var þá eitt, — 1934, gaf út til alþýðu manna á Íslandi, var nauðsynin á þessu mjög undirstrikuð. Þar segir í 3. kafla ályktunarinnar, með leyfi hæstv. forseta, — þá var svo komið, að fasisminn hafði brotizt til valda í Þýzkalandi og víðar, og þessi 3. kafli gerði grein fyrir, hvernig á því stæði, þ. e. hann spyr:

„Hver er orsök þess, að alþýða hálfrar Evrópu hefur orðið ofbeldis- og einræðisstefnu auðvaldsins að bráð, jafnvel í þeim löndum, þar sem lýðræðis- og jafnaðarmannaflokkar höfðu sameiginlega farið með völdin, því að jafnaðarmenn hafa hvergi haft einir þingmeirihluta?"

Og svarið er hér:

„Hún er sú, að þeim lýðræðis- og jafnaðarmannastjórnum láðist, meðan þær sátu að völdum, að neyta valds síns, sem hinar vinnandi stéttir höfðu með atkv. sínu fengið þeim í hendur, til þess að koma á fullkomnu lýðræði, einnig í atvinnulífi þjóðanna, létu undir höfuð leggjast að taka að sér stjórn atvinnumálanna, framkvæma skipulagningu þeirra með hagsmuni alþýðunnar fyrir augum og brjóta þannig á bak aftur einræði auðvaldsins yfir framleiðslutækjunum."

Þetta var orsökin, sem forusta Alþfl. einróma fann þá til þess, að fasisminn hafði brotið á bak aftur í Evrópu lýðræðissinnaðar og sósíaldemókratiskar ríkisstjórnir. Og svo er svarið og kjörorðið, sem Alþfl. gefur út í þessu ávarpi til þess fólks, sem hafði þá kosið hann á Íslandi, í 6. kafla þessa ávarps, á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„En forráðamenn einkarekstrarins á atvinnuvegum þjóðarinnar hafa fyrirgert réttinum til þess að veita atvinnulífinu forsjá og forstöðu. Þá á ekki að spyrja ráða né til þeirra að leita um bjargráð." Það var átt við Sjálfstfl. þá. „Tímabil hins ótakmarkaða einkarekstrar og einkaauðvalds á Íslandi á að vera á enda." Ég ætla að biðja menn að gá að, að það er það, sem Alþfl. segir, sem ég er að lesa upp, en ekki neinn annar. „Fyrir tilstyrk hinna vinnandi stétta alþýðunnar til sjávar og sveita hafa völdin verið tekin af herrum auðvaldsskipulagsins íslenzka, og hún vill, að völdunum sé beitt gegn þeim. Henni er orðið það ljóst, að hún á fyrir höndum úrslitabaráttu fyrir atvinnu sinni, frelsi og lífi og vill berjast til þrautar undir forustu Alþfl. Hún skilur, að ef hún bíður ósigur í þessari baráttu, vofir yfir henni ekki aðeins atvinnuleysi og örbirgð, heldur einnig ófrelsi og kúgun um ófyrirsjáanlegan tíma. Hún veit, að ef sleppt er því tækifæri, sem nú er fyrir hendi, meðan stjórn lýðræðisflokkanna fer með völdin í landinu, til þess að koma nú þegar nýju skipulagi á allt atvinnulíf þjóðarinnar samkv. fyrir fram ákveðinni áætlun, er miði að því að tryggja hverjum, sem vinna vill, atvinnu, og leggja þannig grundvöll að nýju þjóðskipulagi í anda jafnaðar- og samvinnustefnunnar með fullkomnu lýðræði í stjórnmálum og atvinnumálum, þá bíða hennar sömu örlög og alþýðunnar í þeim löndum, sem nú eru ofurseld ofbeldis- og einræðisstjórnum auðvaldsins. Fyrir því skorar 12. þing A.S.Í." — og það er þá Alþfl. líka — „á flokka þá, sem fara með völdin í landinu, að neyta valdanna til þess að forða alþýðu þessa lands frá þeim örlögum og heitir til þess fulltingi þeirra mörgu þúsunda vinnandi manna og kvenna, sem A.S.Í. skipa, og öllu því harðfylgi, sem alþýðusamtökin eiga yfir að ráða."

Þetta var yfirlýsing Alþfl. og stefna hans 1934 um, hvað gera skyldi í íslenzku þjóðfélagi um að koma á áætlunarbúskap og gerbreyta þannig þjóðfélaginu, en svipta einkaauðvaldið völdunum í þessu þjóðfélagi. Það eina, sem gert var í þessa átt þá, var, að það var sett nefnd, sem vann vel og skilaði einnig rauðri bók, sem kölluð hefur verið síðan Rauðka og hefur að geyma einhverjar beztu upplýsingar um íslenzkt atvinnulíf, sem komið hafa út síðustu 25 ár, en er orðin allgömul nú, sem vænta má. Hins vegar komst þetta aldrei lengra en á þessa rauðu bók, rauð varð stjórnin sjálf ekki. Loforðin brugðust, og eins og í svo mörgu öðru, sem enn þá er á huldu um, hvað ráðið hefur í íslenzkum stjórnmálum síðustu áratuga, þá hefur aldrei fengizt upplýst, hvort það var Framsfl., sem þarna sló í borðið og vildi ekki hafa neitt með framkvæmdina á þessu að gera, eða hvort það var hægri armurinn í Alþfl., sem bilaði, þegar á reyndi. Afleiðingin af því, að þessir hlutir voru ekki framkvæmdir, þ. e. áætlunarbúskapur, sem Alþfl. vann sinn mikla sigur á 1934, að honum var ekki hrundið af stað, varð sú, að næst á eftir sameinaðist Framsfl. Sjálfstfl. í einhverri verstu afturhaldsstjórn, sem setið hefur að völdum á Íslandi, þangað til núv. stjórn tók við, þjóðstjórninni svokölluðu. Já, menn eru til allrar hamingju búnir að gleyma henni núna, hvernig hún var. En ef maður tæki nú að rifja það upp, þá sæi meira að segja einn sá hæstv. ráðh., sem í henni sat, hve þokkaleg hún var, t. d. ef maður færi nú að rekja allar afturfarirnar í tryggingalöggjöfinni, á meðan hún sat. Og hún endaði sinn feril með því að gera tilraun til þess að stöðva endanlega, eftir að atvinnuleysið hvarf, allar kauphækkanir og samþykkti þau gerðardómslög hér á Alþingi, sem síðan urðu til þess, að hún sjálf féll.

En lærdómarnir hins vegar, sem vinstri flokkar þurfa að draga út frá því, að svona fór í kosningunum 1937 og að gamla þjóðstjórnin tók við, er, að þegar þeir bregðast því, sem þeir hafa lofað fyrir kosningarnar, og láta undir höfuð leggjast að gera þær ráðstafanir, sem gera þarf einmitt í sambandi við áætlunarbúskap, þá kemur hefndin yfir slíka aðila á eftir.

Næst þegar stjórn var mynduð, sem lofaði líka að koma á áætlunarbúskap, þ. e. fyrir utan nýsköpunarstjórnina, ég ætla ekki að ræða hana hér, — það var vinstri stjórnin 1956, — þá var aftur lofað að koma hér á heildaráætlun um framkvæmdir, samkv. því, sem skráð er í stjórnarsáttmálanum, sem þá var gerður. Og ég hef rakið það nokkuð ýtarlega í þessari grg. og vitnað í það, sem þá var ákveðið. Það er 3. kaflinn í fskj., krafan um áætlunarbúskap á tímum vinstri stjórnarinnar. Og Alþýðusambandið tók líka einróma undir þær kröfur þá. Það var þá lagt til af þeirra hálfu, sem með bankamálin höfðu að gera og umbreytinguna, sem gerð var á þeim, að einmitt sú stjórn, sem sett yrði við Seðlabankann, yrði þá um leið áætlunarráð. Og Alþb. og Alþfl. stóðu saman um þessar kröfur og urðu sammála um þetta, þeir menn, sem áttu sæti fyrir þá í bankanefndinni, og hefði þess vegna mátt ætla, að Framsfl. hefði ekki átt að geta fengið að ráða því að hindra framgöngu þess máls. Það, sem hins vegar gerðist, jafnvel þótt þessir tveir verkalýðsflokkar báðir væru sammála um þetta, var, að Framsfl. kom í veg fyrir, að þetta yrði framkvæmt, hindraði þar með á sviði efnahagsmálanna langskynsamlegustu aðgerðina, sem þá var hægt að gera. Og það er alveg óhætt að segja það nú, hvaða aðilar það voru, sem þá komu í

veg fyrir þetta. Það voru fyrst og fremst tveir menn, sem þá fengu að ráða skipun bankamála og efnahagsmála, það var annars vegar Vilhjálmur Þór og hins vegar Jónas Haralz, þannig að hin illu öfl vissu það einmitt fyrir, hve íhaldssamur Framsfl. var á þessu sviði, að þeir tveir menn, sem síðan hafa hjálpað mjög dyggilega til þess að ryðja brautina fyrir núv. afturhaldsstjórn, komu í veg fyrir, að skynsamleg stefna yrði tekin upp til áætlunarbúskapar einmitt af hálfu þeirra flokka, sem verkalýðshreyfinguna studdu í þeirri vinstri stjórn. Og það á að kenna vinstri flokkunum í landinu, að það er brýnasta nauðsyn fyrir þá, ef þeir ætla að stjórna þjóðfélaginu og bera ábyrgð á því, ekki sízt eins þýðingarmikil og öll efnahagsmál þjóðfélagsins eru orðin nú, að þeir læri af þessum tveim glapræðum, sem gerð hafa verið af stjórn Frams.- og Alþfl. 1934—37 og aftur af vinstri stjórninni á þessu sviði.

Ég hef tekið eftir því, og það er raunar ekki nýtt, en það hefur sjaldan verið lögð eins mikil áherzla á það af hálfu Framsfl. og nú, að það yrði tekið upp það, sem Framsfl. kallar jafnvægi í byggð landsins. Og það var flutt hér nýlega frv., sem einn hv. þm. í þessari d. hélt mjög fagra ræðu um, til þess að fara að mynda sjóð um það að koma á jafnvægi í byggð landsins. Ég vil, ef Framsfl. fengist til að hugsa eitthvað um það upp á að eiga að læra eitthvað af sínum afglöpum á undanförnum áratugum, ræða þetta mál dálítið við hann. Þessar hugmyndir um að ætla að koma á jafnvægi í byggð landsins með því einu að mynda einhverja litla sjóði til þess að veita úr þessum sjóðum til einhverra lítilla fyrirtækja, það er vonlaust verk. Það er eins og að henda snjókúlum í helvíti. Svo framarlega sem menn ætla að vinna að því að stjórna efnahagsþróuninni, þjóðarbúskaparþróuninni á Íslandi, þá verða menn að þora að taka að sér stjórnina á þjóðarbúskapnum í heild og hugsa hana sem heild.

Það, sem gerir, að Framsfl. sýnir alveg sérstakan áhuga á því að reyna að hafa afskipti af þróuninni núna, er það, að í ráði er að virkja á næstu 5 árum annaðhvort Þjórsá eða Jökulsá. Og það er vitanlegt, að það kemur til með að ráða ákaflega miklu um þróunina á Íslandi hvað byggðina snertir, í hvort verður heldur lagt. Hins vegar hníga nú þegar öll þau venjulegu reikningslegu rök, sem fram eru flutt, eins og heyrist af skýrslu hæstv. landbrh. — raforkumálaráðh., að því, að að öllum líkindum verði þessi virkjun ráðin á Suðurlandi í sambandi við Þjórsá, jafnvel þó að raforka kynni að vera álíka ódýr úr Dettifossi. En af hverju, halda menn, hvað er það, sem ræður því, að það að öllum líkindum verði ofan á? Það, sem ræður því, er það, að svo framarlega sem menn ætluðu sér að byggja raforkuver á Norðurlandi og ætluðu t. d. að semja við útlenda alúmíníumhringa eða einhverja slíka um það, þá segja þessir hringar fyrst af öllu: Hvar fæ ég fólkið til þess að vinna við verksmiðjuna? Hvar eru húsin, sem þetta fólk á að búa í? Það er sem sé ekki hægt að byggja upp stóriðjuver án þess að tryggja, að það sé þéttbýli þar, bæði af þeim orsökum, að verið er að byggja stóriðjuverið, og af ýmsum orsökum öðrum. Það þýðir m. ö. o., að það þarf að skipuleggja þessa byggð og hennar þróun í heild til þess að ráða því, hvað á þessu sviði er gert. Það bætast við á ári 3—4 þús. manns á Íslandi. Ef skipulagt er réttilega á Íslandi, þá er minnstur vandinn að láta á 10 ára tímabili rísa upp t. d. í Suður-Þingeyjarsýslu eða Eyjafjarðarsýslu byggð 20—30 þús. manna og þar með stjórna byggðinni á Íslandi. En það þýðir að taka að sér heildarstjórn á efnahagsþróuninni. Það, sem hins vegar kemur til með að gerast nú, er, að þetta verði að öllum líkindum byggt hér sunnanlands með þeim höfuðröksemdum, að þéttbýlið sé hér fyrir hendi, m. ö. o., þar sem þéttbýlið er, þar skuli þéttbýlið vaxa. Frá almennu sjónarmiði eru það ekki sérstaklega skynsamleg eða þýðingarmikil rök, en frá sjónarmiði peningalögmálsins alveg óhjákvæmilega sigrandi rök.

Svo framarlega sem þjóðfélagið á að þróast eins og lögmál peninganna heimtar, færist öll byggð hingað suður. Og það er alveg vonlaust hjá Framsfl. að vera með fagrar hugmyndir, móralskar tilvitnanir um það, að við eigum að byggja þetta land, og allt mögulegt annað slíkt, við eigum ekki að láta fara í eyði stóra hluta af því. Allar slíkar móralskar tilvitnanir hrynja af þjóðfélagi, sem stjórnað er af peningalögmálinu, eins og vatn, sem skvett er á gæs. Það verður ekki tekið tillit til þeirra.

Annaðhvort komum við til með að horfa upp á það á næstunni, að þetta miskunnarlausa peningalögmál umturnar öllu íslenzku þjóðfélagi eða meiri hluti manna á Íslandi tekur völdin af þessari þróun, af því að láta lögmál peninganna ráða og tekur það í sínar eigin hendur og ræður sjálft þróuninni. Það er bara um þetta tvennt að ræða. Það er bara um það að ræða að taka upp áætlunarbúskap, þannig að mennirnir sjálfir stjórni þessari þróun, eða láta peningana stjórna, eins og þeir eru að gera núna. Og það er þetta, sem Framsfl. þarf að gera sér ljóst.

Ég veit, að Framsfl. hefur tilfinningu gagnvart hinum dreifðu byggðum okkar lands. Ég veit, að hann vill, að sveitirnar úti um okkar land séu byggðar áfram, að þorpin þar haldi áfram að vaxa. En það verður erfitt að láta lítil þorp vaxa á Íslandi. Það er hægt að mynda stóra bæi, það er hægt að mynda bæi upp á 8 þús., upp á 10 þús., upp á 15 þús., en það verður að stjórna því, stjórna því af hálfu þeirra, sem fara með völdin í þjóðfélaginu.

Ég lagði slík drög á tímum nýsköpunarstjórnarinnar, þau eru til enn þá, um heila bæi, sem átti að byggja upp, og það eru plön, sem eru nauðsynlegri og brýnni fyrir okkar þjóðfélag en nokkurn tíma áður, því að það er vitskerðing að láta þá þróun halda áfram, sem nú er að ryðja sér til rúms fyrir tilverknað þeirra kapítalísku lögmála á Íslandi. Það þýðir að eyðileggja hina íslenzku þjóð. Það þýðir, að þegar hún er samansöfnuð hér, yfir 200 þús. manns, í landnámi Ingólfs, þá er það ekki sama þjóðin lengur og hún hefur verið. En það þýðir, að það verður að taka völdin af sjálfri auðvaldsþróun-

inni. Ég er ekki þar með að segja, að það þurfi að taka völdin af öllum atvinnurekendum. En það þarf á Íslandi að stjórna þróuninni, eins og t. d. var að nokkru leyti gert í sambandi við nýsköpunarstjórnina. Það var komið upp nýsköpunartogurum um allt land, þó að það væri enginn fjárhagslegur grundvöllur til hjá bæjunum til að kaupa þá, af því að menn vildu reyna að láta byggðina vaxa út um allt land. En það er búið að sjá til þess núna með þeirri kapitalísku þróun, sem verið hefur á Íslandi undanfarið, að þeir togarar, að Akureyri undanteknum, eru allir farnir burt aftur.

M. ö. o.: ef vinstri stjórnir, stjórnir, sem styðjast við verkamenn og bændur og aðrar vinnandi stéttir þessa lands, ætla að reyna að ráða þjóðfélagslegri þróun, þá verður að læra af reynslu þessara áratuga og láta ekki lengur hjá líða að taka upp að meira eða minna leyti áætlunarbúskap í þjóðfélaginu. Það eru vonlausir allir fagrir draumar um að byggja upp fagra hluta okkar lands, svo framarlega sem þetta er ekki gert. Við erum ekki einir um þessa þróun, Íslendingar. Þetta hefur verið þróunin í hverju einasta kapítalísku þjóðfélagi. Þróunin t. d. í Tékkóslóvakíu í gamla daga var sú, að allur iðnaður safnaðist saman í Bæheimi og Mæri, en Slóvakía var það, sem við mundum kalla dreifbýli, var landbúnaðarland, þar sem samt var fullt af einhverjum beztu fossum, sem til eru í Mið-Evrópu. Eftir að sósíalískur búskapur hefur verið tekinn upp, hefur þessu verið gerbreytt, þar sem kominn er upp fullkominn iðnaður í Slóvakíu.

Í kapítalískum löndum hefur þetta sama verið. Hvað var það, sem Roosevelt gerði á sínum tíma í sambandi við Tennessee Valley og nágrenni, það gífurlega raforkuver, sem þar var byggt, og allan iðnaðinn í sambandi við það, sem harðasta baráttan stóð um einmitt á árunum 1933—34, sem gerði það, að Roosevelt og hans menn voru úthrópaðir sem kommúnistar og ameríska auðvaldið hataðist við hann allt að því? Það, sem hann var að gera, var að taka að einhverju leyti stjórn á þjóðarbúskapnum, taka í hendur ríkisins til að mynda svæði, sem áður var það, sem Englendingar mundu kalla depressed area, það, sem áður var hálfgert efnahagslegt auðnarsvæði, og umskapa það. Og þetta er ekki hægt með öðru móti en þessu. Það er að sínu leyti alveg sama ráðið, sem Norðmenn gerðu við Norður-Noreg, þegar þeir tóku við honum eyddum af nazistum. Annars staðar hafa menn gert þetta, eftir að kapítalismínn hefur eytt ákveðin landssvæði. Vissulega eru það sósíalísk áhrif, sem koma þarna til greina. En menn þurfa ekki að halda, að það sé hægt að koma nokkru viti í nútíma auðvaldsþjóðfélag án þess að láta gæta þar sósíalískra áhrifa. Það má æpa upp eins og vill og reyna að forheimska menn með þeim áróðri, sem rekinn er, en auðvaldsskipulagið í dag væri ekki til, ef það hefði ekki orðið fyrir meiri eða minni áhrifum af sósíalískum kenningum, ef það hefðu ekki verið knúðir inn í það svo og svo stórir þættir, sem eiga rót sína að rekja til sósíalískra kenninga. Náttúrlega hafa þeir menn, sem hafa verið nógu framsýnir af hálfu auðmannastéttarinnar, alltaf verið úthrópaðir sem kommúnistar um leið. Hæstv. forsrh. fékk einhvern tíma að heyra það.

Ég vil bara segja þetta til þess, að menn geri sér það ljóst, að menn verða að þora að hugsa um efnahagslíf og þjóðarbúskap án tillits til, hvaða fordóma einhver og einhver blöð, sem eru að spekúlera í forheimskun á fólkinu, kunna að reyna að ala á í sambandi við það.

Þess vegna vildi ég nú leyfa mér að leggja til, að þetta frv. fengi einhverja betri athugun nú, ekki síst þar eð þetta er síðasta þing fyrir kosningar, heldur en það hefur fengið að undanförnu, og þó alveg sérstaklega, þótt ég geri mér ekki miklar vonir um, að það muni ná fram að ganga, að þeir flokkar, sem við alþýðuna styðjast á Íslandi, reyndu eitthvað ofur lítið að læra af sögu sinni á síðustu áratugum til þess að vera betur í stakkinn búnir og láta ekki í þriðja skiptið undir höfuð leggjast að beita áætlunarbúskap sem grundvelli fyrir ökonómískum framförum, sem þeir leggja í. Það væri satt að segja til skammar, ef það yrði þannig með vinstri flokka á Íslandi, að þeirra saga yrði slík, að þeir skildu þetta aldrei, og eina stjórnin, sem hefði skilið það, hefði verið sú stjórn, sem verkalýðurinn og auðvaldið mynduðu hér saman. Það er hart, að Íslandssagan skuli vera slík á þessum 60 árum, að það skuli hafa verið meiri skilningur hjá ýmsum mönnum úr sjálfu auðvaldsskipulaginu á Íslandi en hjá Framsfl. til að skilja, hvað nauðsynlegt er til að koma nútíma auðvaldsskipulagi eitthvað áfram á veg.

Svo leyfi ég mér að leggja til, að lokinni þessari umr., herra forseti, að þetta mál fari til fjhn.

Umr. frestað.

Á 25. og 26. fundi í Nd., 4. og 6. des., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., 11. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er þrennt, sem veldur því, að ég kveð mér hljóðs um þetta mál. Í fyrsta lagi er það efni frv. sjálfs, en þar er um athyglisvert mál að ræða. Í öðru lagi viðhafði flm. í framsöguræðu sinni ummæli um stjórnmál og þróunina undanfarin ár, sem ég álít röng, sérstaklega hvað snertir þátt Alþfl. í stjórnmálum og verkalýðsmálum. Í þriðja lagi eru í grg. skýrslur og töflur, sem ætlað er að sýna breytingar á kjörum launþega. Dregur flm. þær ályktanir af þeim, að kjör launþega hafi farið versnandi undanfarið og hluti þeirra af þjóðartekjunum minnkandi. Þessar skýrslur og töflur hafa raunar verið birtar áður, og er oft til þeirra vitnað, en af þeim er alls ekki hægt að draga þær ályktanir, sem gert er í grg. og margoft hefur verið gert opinberlega áður. Er því kominn tími til að leiðrétta rækilega þær villur, sem hér er um að ræða, og gera alvarlega tilraun til þess að leiða í ljós sannleikann um þetta efni. Mun ég leitast við að gera það síðar í þessari ræðu.

Ég ætla fyrst að fara nokkrum almennum orðum um efni þessa frv.

Á árunum eftir síðari heimsstyrjöld hefur það farið mjög í vöxt, að ríkisstjórnir efni til áætlunargerðar í sambandi við stjórn sína á efnahagsmálum. Á þetta ekki aðeins við um Austur-Evrópulönd, heldur hefur þetta einnig átt sér stað í flestum löndum Vestur-Evrópu og í þeim löndum í öðrum heimsálfum, sem nú keppa að því að iðnvæðast. Upphaflega voru það jafnaðarmenn í V.-Evrópu, sem beittu sér fyrir því, að slík áætlunargerð væri tekin upp í löndum, sem búa við einkarekstur eða blandaðan einkarekstur og opinberan rekstur. Síðar hafa aðrir stjórnmálaflokkar einnig beitt sér fyrir þessu. Nú síðast hefur stjórn brezka íhaldsflokksins tekið upp áætlunargerð. Og fyrir frumkvæði Bandaríkjastjórnar vinna öll aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar nú að undirbúningi áætlunar um aukningu þjóðarframleiðslu sinnar um 50% á áratugnum 1960—70.

Það er mikilvægt að gera sér ljóst, hvaða þýðingu áætlunargerð sem aðferð eða tæki við stjórn efnahagsmála getur haft og hvaða takmörk henni eru sett. Í fyrsta lagi er ástæða til að leggja áherzlu á, að hér er ekki um að ræða aðferð eða tæki, sem ætlað sé að koma í stað þeirra hagstjórnartækja, sem áður hafa verið notuð og eru notuð, svo sem stjórnar peningamála, stjórnar fjármála og réttrar skráningar erlends gengis. Öll þessi atriði eru nauðsynleg skilyrði eðlilegs rekstrar á þjóðarbúskapnum og framþróunar hans. Án þess að peningamálum og fjármálum sé rétt stjórnað og gengið rétt skráð, getur ekki til lengdar orðið um að ræða eðlilegan vöxt þjóðarframleiðslunnar. Þetta á ekki aðeins við um þau þjóðfélög, sem nefnd eru kapítalísk, heldur einnig um hin, sem telja sig sósíalísk, og hefur á þessu verið vaxandi skilningur einmitt í hinum sósíalísku löndum. Sem dæmi má nefna, að Júgóslavar framkvæmdu fyrir nokkrum árum víðtækar ráðstafanir til leiðréttingar á gengi erlends gjaldeyris og til þess að koma peningamálum og fjármálum sínum á réttan kjöl, og voru þessar ráðstafanir í heild í raun og veru alveg hliðstæðar þeim efnahagsráðstöfunum, sem núv. ríkisstj. framkvæmdi í ársbyrjun 1960. Þess má og geta, að Sovétríkin hafa nýlega leiðrétt gengisskráningu sína.

Í öðru lagi er ástæða til að benda á, að samning framkvæmdaáætlana getur ekki komið í staðinn fyrir ábyrgð og framtak stjórnenda atvinnufyrirtækja varðandi rekstur fyrirtækjanna og fjárfestingu þeirra. Þetta á jafnt við, hvort sem um er að ræða þjóðfélag, sem kallað er kapítalískt eða sósíalískt. Þennan lærdóm hafa einmitt hin sósíalísku ríki verið að læra að undanförnu og þó alveg sérstaklega Júgóslavía og Sovétríkin. Í þeim ríkjum er einmitt verið að breyta hagkerfinu í þá átt að láta ábyrgð og framtak stjórnenda fyrirtækjanna og verkamanna, sem í þeim vinna, fá sem mest og víðtækast svigrúm.

Áætlunargerðin hefur aðra og takmarkaðri þýðingu. Ef eðlileg skilyrði eru fyrir hendi í efnahagslífinu, getur áætlunargerðin stuðlað að tvennu:

Í fyrsta lagi er hún mikilvæg fyrir framkvæmdir opinberra aðila á þeim sviðum, sem undir þá heyra: svo sem vegagerð, hafnagerð, skólabyggingar og því um líkt. Áætlunargerðin getur stuðlað að því, að framkvæmdir á þessu sviði hæfi betur þörfunum en ella hefði verið, að þær séu framkvæmdar á skipulegri hátt en ella og fjár til þeirra sé aflað með heilbrigðu móti. Þannig getur áætlunargerðin stuðlað að því, að sem mestur árangur náist af starfsemi hins opinbera á því sviði, sem sérstaklega er í verkahring þess, og komið í veg fyrir, að þessi starfsemi hafi truflandi áhrif á efnahagslífið að öðru leyti.

Í öðru lagi getur áætlunargerðin stuðlað að því, að samskipti hins opinbera og atvinnulífsins verði heppilegri og hagkvæmari en ella mundi eiga sér stað. Áætlunargerðin getur stuðlað að því, að allir aðilar geri sér ljósari en ella þau vandamál, sem við er að etja í atvinnulífinu, og þar með auðveldað, að ráðstafanir séu gerðar til að leysa þau fyrr en ella hefði átt sér stað. Hún getur hjálpað bæði hinu opinbera og leiðtogum atvinnulífsins að skilja vandamálin og átta sig á því, hvaða tökum eigi að taka þau. Og hún getur stuðlað að því, að þessir aðilar vinni betur saman en ella.

Talið er, að á þessu sviði hafi sérstaklega mikill árangur náðst af áætlunargerð í Frakklandi og að áætlunargerðin þar hafi stuðlað að því, að einkarekstur inn hafi sett sér hærra mark varðandi fjárfestingu og framleiðsluaukningu en ella hefði átt sér stað og þannig átt verulegan þátt í að örva aukningu þjóðarframleiðslunnar þar í landi.

Þegar núv. stjórnarflokkar hófu samstarf sitt 1959, varð það að samkomulagi milli þeirra að hagnýta áætlunargerð af þessu tagi til þess að stuðla að sem örustum vexti þjóðarframleiðslunnar, þegar yfir lengra tímabil væri litið. Af þessum ástæðum fékk ríkisstj. með fjárhagslegri aðstoð Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París þrjá norska sérfræðinga á þessu sviði til landsins, og störfuðu þeir hér síðari hluta ársins 1961 að því að gera frumdrög að framkvæmdaáætlun fyrir næstu 5 ár.

Meðan þeir störfuðu hér, kom í ljós, að mjög erfitt er að fást við þessi mál hér vegna skorts á mörgum grundvallarupplýsingum og vegna þess, að svipað starf hefur ekki verið unnið hér áður. Við þetta bættist, að engin stofnun var hér til, sem hafði aðstöðu til þess að sinna þessum málum sem höfuðverkefni. Varð það því niðurstaðan eftir allmiklar athuganir á því, hvaða fyrirkomulag mundi henta bezt, að ríkisstj., Seðlabankinn og Framkvæmdabankinn sameinuðust um að koma á fót stofnun til þess að sinna þessum verkefnum, og hlaut hún nafnið Efnahagsstofnunin. Jafnframt var hagdeild Framkvæmdabankans flutt til hinnar nýju stofnunar. Efnahagsstofnunin hefur aðeins starfað í nokkra mánuði, og er því lítil reynsla enn fengin af störfum hennar. Hún hefur fyrst og fremst unnið að því að halda áfram því verki, sem norsku sérfræðingarnir hófu. Má gera ráð fyrir, að fyrstu niðurstöður af því starfi verði tilbúnar snemma á næsta ári. Ástæða er til að leggja

áherzlu á, að hér er um fyrstu tilraun að ræða. Enn er ekki hægt að fullyrða um, hvernig bezt væri að nota áætlunargerð hér á landi, og skilyrði til áætlunargerðar almennt eru af ýmsum ástæðum erfiðari hér á landi en annars staðar. Enn vantar hér ýmsar grundvallarupplýsingar, sem í öðrum löndum eru notaðar við slík störf. Ráðuneyti og stofnanir eru óvön þeim starfsháttum, sem áætlunargerðin krefst. Þar við bætist, að afskipti Alþingis af opinberum framkvæmdum eru miklu meiri en víðast hvar annars staðar. Hinar miklu sveiflur, sem eiga sér stað í höfuðatvinnuvegum Íslendinga, bæði í sjávarútvegi og landbúnaði, torvelda starfið einnig. Og auk þess er, eins og ég gat um áðan, hér um algera nýjung að ræða. Hér hefur aldrei fyrr verið reynt að gera áætlanir af þessu tagi, þ. e. áætlanir, er taki til allra greina þjóðarbúskaparins, en þó einkum til opinberra framkvæmda.

Í tilefni af ummælum í grg. þessa frv. er rétt að benda sérstaklega á, að nýbyggingaráð gerði aldrei neinar áætlanir af þessu tagi. Nýbyggingaráð var fyrst og fremst stofnun, sem úthlutaði gjaldeyri með sama hætti og innflutningsnefndin úthlutaði gjaldeyri á sama tíma og fjárhagsráð og innflutningsskrifstofan síðar. Nýbyggingaráð hafði með höndum úthlutun gjaldeyris til kaupa á skipum, vélum og því um líku. Þessi gjaldeyrisúthlutun fór fram án þess, að heildaráætlun um hana væri gerð og enn síður nokkur tilraun til þess að starfa eftir þjóðhagsáætlunum eða framkvæmdaáætlunum. Ég segi þetta ekki til þess að gagnrýna störf nýbyggingaráðs. Sannleikurinn var sá, að á þeim tíma hafa efalaust verið lítil skilyrði til að gera slíkar áætlanir, auk þess sem mikill hraði var hafður á framkvæmdum öllum og því lítill tími til stefnu.

Meðan stjórn Hermanns Jónassonar sat að völdum á árunum 1956—58, var ekkert unnið að slíkri áætlunargerð. Höfuðástæðan var sú, að Framsfl. hafði lítinn áhuga á slíku, og var það tilefni til verulegrar óánægju innan ríkisstj. af hálfu hinna tveggja stjórnarflokkanna, Alþfl. og Alþb. Það skal að vísu fúslega játað, að áætlunargerð hefði haft mjög takmarkaða þýðingu á þeim árum, á meðan ekki var búið að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að koma á jafnvægi í efnahagsmálum þjóðarinnar. En slíkar ráðstafanir tókst vinstri stjórninni aldrei að gera, svo sem alkunna er.

Í þessu sambandi er þó rétt að skýra frá því, að í sambandi við efnahagsráðstafanir vorið 1958 var ákveðið í ríkisstj. Hermanns Jónassonar að taka áætlunargerðina fastari tökum. Það tafðist að vísu vegna þess, að engin stofnun var til í landinu, sem tekið gæti slíkt starf að sér, og mikil andstaða gegn því að koma á fót nýrri stofnun á þessu sviði. En þáv. forsrh., Hermann Jónasson, ákvað þó um haustið 1958 að setja á laggirnar nefnd til að vinna að þessum málum, og átti flm. þessa frv., hv. 3. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, að taka sæti í nefndinni. Einar Olgeirsson neitaði hins vegar að taka sæti í nefndinni. Skildi ég það þá þannig og held enn, að sá skilningur sé réttur, að Einar Olgeirsson hafi ekki talið, að full alvara hafi fylgt þessu máli af hálfu ríkisstj. og þá Framsfl. fyrst og fremst, og hafi það verið ástæða þess, að hann tók ekki sæti í nefndinni. Ekkert varð því úr frekari aðgerðum í málinu, enda voru dagar ríkisstj. brátt taldir. Ásakanir Einars Olgeirssonar í garð þáv. ráðunautar í efnahagsmálum, Jónasar H. Haralz, og þáverandi aðalbankastjóra Seðlabankans, Vilhjálms Þórs, um, að þeir hafi verið sérstakir dragbítar á það, að ríkisstj. Hermanns Jónassonar sneri sér af alvöru að áætlunargerð, eru því á misskilningi byggðar. Jónasi H. Haralz var að vísu ætlað að vera formaður í nefndinni, sem ég gat um áðan, en að öðru leyti hafði hann ekkert með málið að gera, enda var það eingöngu rætt innan ríkisstj. og milli fulltrúa stjórnarflokkanna. Þótt talað hafi verið um nauðsyn áætlunargerðar á undanförnum árum og áratugum, hefur þó aldrei komið til neinna framkvæmda í þeim efnum, fyrr en núv. ríkisstj. hefur tekið þetta mál föstum tökum.

Flokkur hv. flm. þessa frv., Einars Olgeirssonar, hefur tvívegis átt aðild að ríkisstj. á árunum eftir stríð, Sósfl. á árunum 1944—46 og Alþb. á árunum 1956—58. Alþfl. átti sæti í báðum ríkisstj., Sjálfstfl. í þeirri fyrri, en Framsfl. í hinni síðari. Í hvorugt skiptið hafði stjórnarþátttaka flokks Einars Olgeirssonar neina þýðingu í þá átt, að efnt væri til áætlunargerðar. Ekki er hægt að kenna Framsfl. einum um það, hversu lítið flokki Einars Olgeirssonar hefur orðið ágengt í þessum efnum. Hann var ekki í stjórn 1944—46. En það er óneitanlega dálítið *dapurleg staðreynd fyrir* hv. 3. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, og flokk hans, að aðild hans að tveim ríkisstj. skuli ekki hafa getað hrundið þessu áhugamáli hans fram um eitt hænufet. Hins vegar er ekki flokkur hans fyrr horfinn úr ríkisstj. og Alþfl. og Sjálfstfl. teknir einir við stjórnartaumunum en málið er tekið föstum tökum *og því hrundið í framkvæmd. Þótt ég* telji grundvallarhugsunina, sem felst í þessu frv. hv. 3. þm. Reykv., vera skynsamlega og það hefði áreiðanlega verið til mikilla bóta, ef fyrir löngu hefði tekizt samstaða um að hagnýta skynsamlega áætlunargerð um stjórn íslenzks þjóðarbúskapar, er ekki þar með sagt, að ég telji þá skipun málanna, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., vera hina hagfelldustu.

Í frv. er lagt til, að sett verði á laggirnar nefnd kosin af Alþingi til þess að fást við áætlunargerðina. Nefndin á að hafa heimild til þess að ráða til erlenda og innlenda sérfræðinga, og henni á að fela ýmis störf, sem nú eru unnin af öðrum aðilum, bæði nefndum og stofnunum. Er því ljóst, að hér hlyti að verða um mikið bákn að ræða. Framkvæmdavald á nefndin ekki að hafa, heldur á ríkisstj., einstök ráðuneyti, Seðlabankinn og aðrar ríkisstofnanir að sjá um framkvæmdirnar. Að vísu er það ekki ljóst af frv., hvernig eigi að tryggja það, að áætlunargerðin sé unnin í nægilegu samráði við ríkisstj. og aðra framkvæmdaraðila.

Núv. ríkisstj. hefur tekið raunhæfari tökum á þessum málum en gert er ráð fyrir í þessu frv. Í rauninni er ríkisstj. með stofnun Efnahagsstofnunarinnar búin að framkvæma megin-

efnið í þeim till., sem felast í þessu frv., en á skynsamlegri og raunhæfari hátt en þar er gert ráð fyrir. Ríkisstj. hefur ákveðið, að áætlunargerðin fari fram undir yfirstjórn hennar sjálfrar. Hún hefur ásamt þeim opinberu aðilum, sem þessi mál snerta mest, komið á fót stofnun til þess að vinna að þessum málum og jafnframt fellt undir þá stofnun þá starfsemi svipaðs eðlis, sem fyrir var, þannig að kostnaðarauki verði sem minnstur. Í stjórn stofnunarinnar sitja þeir embættismenn, sem þessi mál snerta mest, sem eru ráðunautar ríkisstj. Með þessu fyrirkomulagi er reynt að tryggja, að sjónarmið ríkisstj. og þeirra aðila, sem fara með yfirstjórn peningamála í landinu, komi fram við áætlunargerðina og tengslin milli áætlana og framkvæmda séu sem öruggust, jafnframt því sem sú sérþekking, sem fyrir hendi er, sé hagnýtt á sem beztan hátt. Ég hika ekki við að fullyrða, að þessi skipan sé hagkvæmari og betri á allan hátt en sú, sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

Í framsöguræðu sinni ræddi hv. 3. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, nokkuð um stjórnmálaþróunina undanfarin ár og áratugi og þá einkum um þátt Alþfl. í henni. Hann taldi lítið hafa áunnizt í þágu íslenzks verkalýðs og virtist telja Alþfl. bera höfuðábyrgð á því. Hann fór og mörgum orðum um, að efnahagsþróunin hafi verið stjórnlaus og kjör launþega versnandi hin síðustu ár. Svipað segir í grg. þessa frv., en þar stendur á bls. 9 m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Og skýrslur sýna, að fjárfestingin í hlutfalli við þjóðarframleiðslu hefur farið vaxandi, en neyzla í hlutfalli við þjóðarframleiðslu farið minnkandi.“ Síðan kemur tafla um neyzlu og myndun fastra fjármuna á árunum 1948—1957, og síðan heldur flm. áfram, með leyfi hæstv. forseta: „Og hið hörmulega var, að þessi fjárfesting var tilviljanakennd og stjórnlaus, óhugsuð og laus við að vera skipulögð frá því sjónarmiði að bæta lífskjör þjóðarheildarinnar sem mest með því að auka hagnýta framleiðslu hennar og vann því ekki nema að nokkru leyti það verk, sem er höfuðtilgangur fjárfestingar, að bæta og tryggja lífskjörin til frambúðar.“

Þetta er mjög harður dómur um stjórn íslenzkra efnahagsmála eftir styrjöldina. En hv. 3. þm. Reykv. má ekki gleyma því, að flokkur hans hefur setið í tveim ríkisstj., síðan styrjöldinni lauk, og á því sannarlega sinn þátt í því, ef fjárfestingin hefur verið tilviljanakennd og stjórnlaus, óhugsuð og laus við það að vera skipulögð frá því sjónarmiði að bæta lífskjör þjóðarheildarinnar sem mest.

Enda þótt ég geti ekki að öllu leyti tekið undir dóm hv. 3. þm. Reykv., er ég honum þó sammála um, að Íslendingum hefur því miður ekki farið stjórn efnahagsmála sinna eins vel úr hendi síðan í styrjaldarlok og skyldi. Þó að það sé að vísu ekki rétt hjá honum, eins og ég mun síðar koma rækilega að, að lífskjör launþega hafi farið versnandi, né heldur, að hlutur þeirra í þjóðartekjum hafi farið minnkandi, þá er hitt tvímælalaust, að vöxtur þjóðarframleiðslunnar hefði getað orðið meiri og kjör launþega því batnað meir en átt hefur sér stað, ef efnahagsmálum þjóðarinnar hefði verið stjórnað skynsamlegar en gert hefur verið lengst af síðan stríði lauk. Ég tel lítinn vafa á því, að ein höfuðástæða þess, að svona hefur til tekizt, sé sú, hve áhrif verkalýðshreyfingarinnar hafa verið tiltölulega lítil hér á landi. Verður þetta einkum ljóst, ef þróunin hér er borin saman við þróunina á hinum Norðurlöndunum. Þar hefur áhrifa verkalýðshreyfingarinnar á stjórn efnahagsmála gætt í miklu ríkara mæli en hér og meira tillit verið tekið til sjónarmiða hennar og hagsmuna. Hv. 3. þm. Reykv. virðist gera sér þetta ljóst, og hann sér, að þetta getur varla dulizt nokkrum manni. Þess vegna reynir hann að skýra þetta, og skýring hans er ofur einföld. Alþfl. hefur brugðizt, Framsfl. hefur reynzt afturhaldssamur, Sjálfstfl. hefur tekizt að efla auðvaldið á kostnað verkalýðsins. En það er eins og hv. 3. þm. Reykv. gleymi alveg, að á sviði íslenzkra stjórnmála og verkalýðsmála hafa starfað flokkar, sem heita Kommúnistaflokkur Íslands, Sameiningarflokkur alþýðu — sósíalistaflokkurinn og Alþýðubandalagið. Eða heldur Einar Olgeirsson í raun og veru, að starfsemi þessara þriggja flokka hafi bókstaflega engin áhrif haft á framvindu íslenzkra stjórnmála og verkalýðsmála, síðan hinn fyrsti þeirra kom til sögunnar fyrir rúmum 30 árum? Það er kannske ekki von, að það hvarfli að hv. þm., að það, hversu ömurlegt honum þykir nú umhorfs í íslenzkum stjórnmálum og verkalýðsmálum, kunni að eiga rót sína að rekja til þess starfs, sem unnið hefur verið á vegum þessara þriggja flokka s.l. 30 ár og hann sjálfur hefur átt einhvern drýgstan þátt í. Það er kannske ekki von, að það hvarfli að hv. þm., að það, hversu lítinn árangur hann telur hafa náðst í þágu íslenzks verkalýðs á undanförnum áratugum, kunni að eiga rót sína til þátttöku hans sjálfs í íslenzkum stjórnmálum og verkalýðsmálum. En hann verður að fyrirgefa, þótt ýmsir aðrir láti sér það til hugar koma í fullri alvöru.

Það er staðreynd, að síðan á stríðsárunum hefur íslenzkum efnahagsmálum ekki verið vel stjórnað, eins og ég gat um áðan. Þróunin hefur einkennzt af stöðugri og að því er virðist illlæknanlegri verðbólgu. Kaupgjald og verðlag hefur hækkað hér á víxl meira en í flestum nágrannalandanna, en það hefur dregið úr vexti þjóðarframleiðslunnar, beint fjárfestingunni inn á rangar og óarðbærar brautir. Lífskjörin hafa ekki batnað eins ört og eins jafnt og átt hefur sér stað í nágrannalöndum og unnt hefði átt að vera hér. Af öllum stéttum þjóðfélagsins hefur launþegunum verið þessi þróun óhagstæðust. Þeir hafa búið við mesta óvissu. Sparifé þeirra hefur rýrnað í sífellu, en eignir eignamanna hækkað í verði. Þetta er sannarlega ekki þróun, sem er í samræmi við hagsmuni verkalýðshreyfingarinnar, þeirra samtaka, sem í nútíma lýðræðisríkjum eru voldugust allra almannasamtaka. Slík þróun var ekki heldur látin eiga sér stað í nágrannalöndum, þar sem verkalýðshreyfingin var voldug og sterk. Hún gerðist hins vegar hér. Hvers vegna? Sannleikurinn er sá, að íslenzk verkalýðshreyfing hefur síðan á stríðsárunum aldrei reynzt vera það þjóðfélagsafl, sem reynzt hafi þess megnugt að hafa

úrslitaáhrif á stjórn íslenzkra efnahagsmála launþegum til varanlegra hagsbóta. Skýringin er auðvitað sú, að verkalýðshreyfingin hefur verið þverklofin. Hún hefur verið gegnsýrð af pólitískri áróðursbaráttu. Samtök hennar hafa verið notuð til þess að afla stjórnmálaskoðunum fylgis, en ekki til þess að bæta hag meðlimanna. Meðan Alþfl. var einn af þrem þingflokkum á Alþingi, svo sem var fram til 1937, og á meðan Alþýðusambandið var í nánum tengslum við hann, voru Alþýðusambandið og Alþfl. voldugt lýðræðissinnað þjóðfélagsafl, sem taka varð tillit til við stjórn efnahagsmálanna og hvað eftir annað hafði látið myndarlega til sín taka. En árið 1938 dundi yfir hin mesta ógæfa, sem gerzt hefur í íslenzkum stjórnmálum, síðan þau komust á núv. grundvöll. Kommúnistaflokki Íslands undir forustu Einars Olgeirssonar tókst að kljúfa Alþfl. með stofnun Sameiningarflokks alþýðu — sósíalistaflokksins. Um leið var íslenzk verkalýðshreyfing í raun og veru einnig klofin. Þrátt fyrir fögur lýðræðisorð, sem flíkað var í fyrstu, kom auðvitað fljótt í ljós, að Sameiningarflokkur alþýðu — sósíalistaflokkurinn, var kommúnistaflokkur, að hann var, eins og Kommúnistaflokkur Íslands hafði verið, í nánum tengslum við aðalstöðvar heimskommúnismans í Moskvu og hafði sömu stefnu í alþjóðamálum og sömu lokamarkmið í innanlandsmálum og allir kommúnistaflokkar allra landa.

Þessum sömu öflum tókst um leið í raun og veru að ná forustu í íslenzkri verkalýðshreyfingu og hafa haldið henni lengst af síðan. Íslenzk verkalýðshreyfing var þar með komin undir áhrif manna, sem höfðu alheimskommúnismann fyrir sinn guð, trúðu á byltingu, en ekki umbætur, aðhylltust einræði, en ekki lýðræði, biðu eftir því, að alheimskommúnisminn flæddi austan að sem lengst í vesturátt, og töldu það höfuðskyldu sína að efla allar þær skoðanir, sem stuðluðu að sem mestri og skjótastri útbreiðslu alheimskommúnismans, í þeirri von, að einhvern tíma kæmi að því, að úrslitavald hans næði alla leið út til Íslands.

Í samræmi við þetta meginmarkmið hlaut öll raunveruleg kjarabarátta að teljast hégómi. Verkalýðnum gæti hvort eð er aldrei farnazt vel nema í náðarfaðmi kommúnismans. Þessi barátta bar mikinn árangur í fyrstu. Einari Olgeirssyni og félögum hans varð mikið ágengt. Í stað eins verkalýðsflokks, Alþfl., höfðu Íslendingar nú eignazt tvo flokka, næstum jafnstóra, sem einkum höfðu stuðning launþegasamtakanna og börðust þar hatrammlega um fylgi. Og alþýðusamtökin voru í raun og veru lömuð í raunhæfri hagsmunabaráttu sinni.

Smám saman fóru augu ýmissa að opnast fyrir því, að í raun og veru hefðu Íslendingar ekki eignazt nýjan flokk, þegar Sósíalistaflokkurinn var stofnaður 1938, heldur hefði Kommúnistaflokkurinn gamli aðeins breytt um nafn. Samband Sósíalistaflokksins við alheimskommúnismann var orðið svo augljóst, að það var nánast orðið kátlegt að reyna að þræta fyrir það.

Þannig var ástandið orðið um miðjan síðasta áratug. En þá gerðist önnur ógæfa. Misvitrir og skammsýnir menn í Alþfl. björguðu þá hinum kommúníska Sósíalistaflokki úr kreppu og vandræðum með því að hlífa honum við að sýna andlit sitt í kosningunum 1956 og stofnuðu Alþb. svonefnda með kommúnistaleiðtogunum í Sósfl. Það hressti enn upp á fylgi klofningsmannanna í hinni íslenzku verkalýðshreyfingu og forðaði þeim frá fylgistapi, sem ella hefði án efa beðið þeirra. Klofningurinn milli verkalýðsflokkanna var enn staðfestur, gjáin var *dýpkuð, bilið breikkað*, verkalýðshreyfingin lamaðist enn. Hún var enn óhæfari til þess að gegna hlutverki sínu í þágu hagsmunabaráttu íslenzkra launþega. Þegar vinstri stjórnin svonefnda var mynduð sumarið 1956, beinlínis í þeim tilgangi að freista þess að koma á traustum vinnufriði í landinu með því að haga landsstjórninni í samráði við vilja verkalýðshreyfingarinnar, þá kom sú ömurlega staðreynd í ljós, að hjá hinum kommúníska leiðtogum verkalýðshreyfingarinnar var bókstaflega ekki fyrir hendi neinn skilningur á lögmálum efnahagslífsins og enginn vilji til þess að taka ábyrga afstöðu til lausnar efnahagsvandamálanna. Hinir kommúnísku verkalýðsleiðtogar höfðu ekki náð verkalýðshreyfingunni á sitt vald til að berjast þar fyrir kjarabótum, heldur til að vinna stjórnmálaskoðunum sínum fylgi. Þeir skoðuðu það því ekki sem neina skyldu sína að hugsa um *efnahagsmál og þýðingu þeirra fyrir kjör launþega*, hvað þá að taka raunhæfan þátt í því að reyna að leysa vandamálin á þann hátt, sem launþegum yrði til mestra hagsbóta. Það skyldi verða stefna stjórnmálamannanna að glíma við efnahagsvandamálin. Það skyldi verða réttur áróðursmannanna í hinni kommúnísku forustusveit verkalýðsfélaganna að setja fram kröfur og aftur kröfur og gagnrýna stjórnmálamennina, ef þeir treystu sér ekki til þess að verða við þeim. Hið ytra tilefni þess, að Hermann Jónasson sagði af sér á sínum tíma, var, svo sem alkunnugt er, að honum tókst ekki að fá stuðning Alþýðusambandsþings, sem var undir forustu Alþýðubandalagsmanna, við hógværa ósk sína um frestun á kaupgjaldshækkun í takmarkaðan tíma til þess að athuga leiðir til lausnar á miklum vanda. Undir forustu Alþb.-manna reyndist Alþýðusambandsþing ekki vilja taka á sig hina minnstu ábyrgð í sambandi við lausn mikils efnahagsvanda og alls engar tillögur hafa að gera um, hvernig gegn honum skyldi ráðizt. Undir forustu Alþb.-manna reyndist Alþýðusambandsþing m. ö. o. alls ekki vilja taka neinn þátt í því að móta stefnu ríkisvaldsins í efnahagsmálum. Það virtist skoða það sem höfuðhlutverk sitt að gera kröfur, ekki að eiga þátt í því að gera ráðstafanir til að verða við þeim.

Þetta er sá andi, sú stefna, sem Einar Olgeirsson og félagar hans ruddu braut inn í íslenzka verkalýðshreyfingu með klofningi sínum frá Alþfl. 1938 og efldu enn með því að fleka nokkra skammsýna Alþfl.-menn til fylgis við sig 1956. Það er þessi stefna, sem dregið hefur mátt úr íslenzkri verkalýðshreyfingu á undanförnum áratugum. Það er þessi stefna, sem er völd að því, að áhrif íslenzkrar verkalýðshreyfingar á framvindu íslenzkra efnahags-

mála hafa verið minni undanfarna áratugi en nokkurrar annarrar verkalýðshreyfingar í nálægum löndum. Það er þessi stefna, sem veldur því, að íslenzka verkalýðshreyfingin nýtur því miður ekki þeirrar virðingar og þess trausts, sem hún ætti skilið og þyrfti að njóta. Það er þessi stefna, sem er höfuðskýringin á því, að allsherjarþing íslenzkrar verkalýðshreyfingar verða að þýðingarlitlum áróðurssamkomum, eins og síðasta Alþýðusambandsþing reyndist vera, og að heildarsamtök launþeganna, sjálft Alþýðusambandið, eru áhrifalítil í raunverulegri hagsmunabaráttu launþeganna og hafa litla þýðingu aðra en að vera tæki í baráttu stjórnmálaflokka.

Þetta eru allt saman ömurlegar staðreyndir. En það er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir, hvernig á þeim stendur. Höfuðskýringin eru áhrif kommúnismans í íslenzku þjóðlífi. Það mundi ekki koma mér á óvart, þótt sagnfræðingar framtíðarinnar teldu, að það hefði upphaflega verið hin íhaldssama kjördæmaskipun hér á landi, sem skapaði kommúnismanum lífsskilyrði. Vegna hennar náði Alþfl. og verkalýðshreyfingin ekki þeirri stjórnmálaaðstöðu, sem þróun þeirra og sjálf þjóðfélagsþróunin höfðu gert eðlilega. Þetta átti sinn þátt í því, að stór hópur Alþfl.-manna, sem því miður reyndust hér bæði skammsýnir og misvitrir, hjálpuðu kommúnistum að dulbúa sig í Sósfl. 1938. Svipuð saga endurtók sig síðan með stofnun Alþb. Kommúnistaflokkur Íslands hefði aldrei orðið vandamál í íslenzku þjóðlífi, hann hefði aldrei orðið áhrifamikill í íslenzkum stjórnmálum. Ef aðrir hefðu ekki hjálpað honum til þess að dulbúa sig, hefði sú ógæfa, sem átt hefur sér stað, aldrei gerzt og alþýðuhreyfingin íslenzka verið jafnáhrifamikil og getað orðið til sams konar gagns fyrir íslenzka launþega og átt hefur sér stað í öðrum nálægum löndum.

Íslenzk verkalýðshreyfing getur því nú spurt hinnar nístandi spurningar skáldsins, sem ég veit að hv. 3. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, kann vel: „Því brauzt ég frá sókn þeirra vinnandi vega á vonlausu klifin, um hrapandi fell?“ Og hverjum skyldi standa nær að svara þeirri spurningu en einmitt Einari Olgeirssyni og félögum hans, sem nú geta litið yfir árangurinn af ævistarfi sínu.

Þrátt fyrir þá hörmulegu þróun íslenzkrar verkalýðshreyfingar, sem hér hefur verið gerð að umtalsefni, má þó ekki gleyma því, að mikill árangur hefur náðst í umbótum á kjörum íslenzkra launþega og til aukningar á félagslegu öryggi þeirra. Ég mun víkja nánar að því síðar, hver þróun lífskjaranna hefur verið árin eftir styrjöldina. Nú vil ég aðeins benda á nokkrar höfuðskýringar þess, að þróunin hefur orðið launþegum að mörgu leyti hagstæð þrátt fyrir sundrungu og vanmátt verkalýðshreyfingarinnar og þeirra stjórnmálaflokka, sem stutt hafa sig við hana fyrst og fremst.

Í fyrsta lagi kemur þar til, að íslenzka þjóðin hefur tileinkað sér nýja tækni á fjölmörgum sviðum og með hennar hjálp aukið þjóðarframleiðsluna mikið. Af þessu hafa launþegar að sjálfsögðu notið góðs. Í öðru lagi hefur hér á landi verið komið á félagsmálalöggjöf, sem er sambærileg því, sem tíðkast í nágrannalöndum okkar. Í þriðja lagi hefur að mestu verið komizt hjá atvinnuleysi árin eftir styrjöldina, sérstaklega s.l. 10 ár. Ég held varla, að á því geti leikið vafi, að áhrif Alþfl. í íslenzkum stjórnmálum hafi stuðlað að þessum árangri, þau áhrif, sem flokkurinn hefur getað haldið þrátt fyrir áföllin, sem hann varð fyrir 1938 og 1956. Er í því sambandi skemmst að minnast þeirra miklu umbóta á félagsmálalöggjöfinni, sem framkvæmdar voru 1936, 1946 og 1960. Í því sambandi vil ég þó síst gleyma því, að þessi árangur hefði ekki getað náðst nema fyrir skilning og atbeina annarra flokka, sem upphaflega voru andsnúnir stefnumálum jafnaðarmanna og verkalýðshreyfingarinnar. Á síðari árum hefur slíks skilnings umfram allt gætt hjá Sjálfstfl., og má telja, að þar sé að finna einhvern helzta grundvöll þess stjórnarsamstarfs, sem staðið hefur s.l. þrjú ár.

Þá skal ég gera að umræðuefni þær staðhæfingar, sem fram eru settar í grg. frv. um þróun efnahagsmálanna undanfarin ár og möguleikana í þeim efnum framvegis. Ég tel, að í grg. séu settar fram staðhæfingar um mikilvæg atriði, sem séu svo rangar í veigamiklum efnum, að óhjákvæmilegt sé að leiðrétta þær allýtarlega. Ég á hér fyrst og fremst við tvennt, annars vegar við staðhæfingar frv. um það, hvaða framleiðsluaukning sé möguleg hér í framtíðinni, og hins vegar skýrslu um kaupmátt Dagsbrúnarkaups undanfarin ár og þær ályktanir, sem af því eru dregnar. Ég sný mér fyrst að fyrra atriðinu.

Í grg. frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í frv. er sett fram í aðaldráttum, hvað Alþingi ætlast til, að áætlunarráð — og þar með þjóðin og ríkisstj. — setji sér sem takmark og lágmark. Er þar talað um 10% aukningu þjóðarframleiðslunnar á ári. Þetta er sæmilega hátt mark og þó vel fært, ef allir leggjast á eitt. (Fskj. III sýnir, hvað aðrar þjóðir hafa komizt í þessum efnum á síðasta áratug).“

Í fskj. III er síðan tafla, sem sýnir meðalvöxt iðnaðar á árunum 1951—1959 í allmörgum löndum. Í grg. er m. ö. o. talað um, hversu mikið ýmsar þjóðir hafi aukið þjóðarframleiðslu sína á síðasta áratug, og síðan vísað í töflu, en taflan sýnir alls ekki vöxt þjóðarframleiðslu, heldur vöxt iðnaðarframleiðslu. Á þessu tvennu er hins vegar mikill munur í öllum löndum, en þó umfram allt í löndum Austur-Evrópu og Asíu, en helmingur talnanna er frá þeim löndum. Í Austur-Evrópu og Asíulöndum er iðnaður enn þá tiltölulega lítill hluti þjóðarbúskaparins. Jafnvel í Sovétríkjunum er landbúnaður langsamlega fjölmennasta atvinnugreinin. Mikill vöxtur í iðnaðarframleiðslu þarf því alls ekki að þýða mikinn vöxt allrar þjóðarframleiðslunnar, ef framlag til landbúnaðarins stendur í stað eða eykst lítið. En eins og alkunnugt er, er þetta einmitt það, sem gerzt hefur bæði í Austur-Evrópu og Asíu. Hagfræðingar hafa gert ýtarlegan samanburð á hagrekstri Ráðstjórnarríkjanna og Austur-Evrópuríkjanna yfirleitt annars vegar og Bandaríkjanna og Vestur-Evrópu hins vegar. Hér er um flókið og erfitt mál að ræða

vegna þess, hve upplýsingar eru af skornum skammti um hagþróun í Austur-Evrópu, og vegna þess, að útreikningar um vöxt iðnaðarframleiðslu og vöxt þjóðarframleiðslu eru þar gerðir að verulegu leyti á allt annan og miklu ófullkomnari hátt en tíðkast á vesturlöndum. En niðurstaða þessara athugana er sú, að á árunum eftir síðari heimsstyrjöld hafi þjóðarframleiðslan í Sovétríkjunum aukizt hraðar en í Bandaríkjunum og Vestur-Evrópu sem heild. Aftur á móti virðist þjóðarframleiðslan í Sovétríkjunum ekki hafa aukizt örar en í þeim löndum Austur-Evrópu, þar sem aukningin hefur verið mest, svo sem í Þýzkalandi, Ítalíu og Austurríki. En í þeim löndum hefur aukningin verið 6—7% á ári að meðaltali áratuginn 1950—1960.

Þessar niðurstöður þurfa engum að koma á óvart. Sovétríkin eru tiltölulega skammt komin í iðnþróun samanborið við Bandaríkin og eru enn að tileinka sér nýtízkutækni á fjölmörgum sviðum. Mikill fjöldi þjóðarinnar starfar að landbúnaði, og flutningur fólks úr landbúnaði til iðnaðarstarfa hefur í för með sér mikinn vöxt iðnaðarframleiðslu án samsvarandi minnkunar framleiðslu í landbúnaði. Það er því ekkert eðlilegra en að þjóðarframleiðslan þar vaxi örar en í þeim löndum, sem eru komin miklu lengra í iðnþróun og þar sem mjög lítill hluti þjóðarinnar starfar að landbúnaði. Nákvæmlega hið sama átti sér stað í Rússlandi keisaratímans, sérstaklega á árunum frá aldamótum og fram að fyrri heimsstyrjöld. Þá óx þjóðarframleiðsla í Rússlandi talsvert miklu örar en í löndum Vestur-Evrópu. Það er hins vegar athyglisvert, hve litlum árangri Sovétríkin og önnur Austur-Evrópulönd hafa náð á sviði landbúnaðar. Á því sviði er aukning framleiðslu á mann miklu minni en í Bandaríkjunum og Vestur-Evrópu.

Hér á Íslandi hefur þjóðarframleiðslan aukizt um 4% að meðaltali á ári á áratugnum 1950—60. Þetta er svipaður vöxtur og átti sér stað í Vestur-Evrópu á þessu sama tímabili. Hér verður þó að taka það til greina, að fólksfjölgunin var örari á Íslandi en í Vestur-Evrópu, þannig að aukning þjóðarframleiðslu á mann var hér nokkru minni en þar. Þar við bætist, að fjármunamyndun á Íslandi var miklu hærri samanborið við þjóðarframleiðsluna en í þessum löndum Vestur-Evrópu. Má því segja, að Íslendingar hafi fengið talsvert miklu minna í aðra hönd fyrir þá fjárfestingu, sem átti sér stað, en þjóðir Vestur-Evrópu á sama tímabili. Til þess liggja ýmsar ástæður. Í fyrsta lagi er Ísland harðbýlt land. Það er stórt, fámennt og náttúruauðlindir þess fábreytilegar. Það hlýtur ávallt að verða erfiðara að ná miklum hagrekstri við slík skilyrði heldur en í þéttbýlli löndum. Í öðru lagi var mikil verðbólga á Íslandi allt þetta tímabil. Verðbólgan á Íslandi var miklu meiri og langærri en í flestum öðrum löndum Vestur-Evrópu. Þessi verðbólguþróun hefur tvímælalaust haft lamandi áhrif á vöxt þjóðarframleiðslunnar. Hún hefur haft það í för með sér, að fé hefur verið fest í óarðbærum fyrirtækjum. Nægileg aðgát hefur yfirleitt ekki verið höfð í fjárfestingu, hún hefur dregið úr myndun sparifjár. Í þriðja lagi hafa framkvæmdir hins opinbera og einkaframkvæmdir fyrir opinbera tilstuðlan verið illa skipulagðar og stundum misráðnar. Í fjórða lagi er svo þess að geta, að aðalatvinnuvegur Íslendinga, sjávarútvegurinn, er mjög háður duttlungum náttúrunnar og verðlagi á erlendum mörkuðum. Þetta hefur einnig háð efnahagsframþróun hér á Íslandi á liðnum áratug.

Þótt eflaust sé óhætt að fullyrða, að von geti staðið til þess, að skynsamleg stjórn efnahagsmála getið stuðlað að örari vexti þjóðarframleiðslunnar en átt hefur sér stað, er óþarfi að fara mörgum orðum um það markmið, sem hv. 3. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, ræðir um í grg. þessa frv., þ. e. 10% aukningu þjóðarframleiðslunnar á ári. Slík tala er hrein fjarstæða. Svo mikil aukning hefur hvergi náðst nema þá um eins eða tveggja ára skeið og þá af sérstökum ástæðum, t. d. þegar um mikið atvinnuleysi hefur verið að ræða áður eða sérstök höft af hálfu náttúrunnar hafa komið til sögunnar. Hér á landi hefur aldrei orðið svo mikil aukning þjóðarframleiðslunnar á einu ári nema á árinu 1953, en til þess lágu alveg sérstakar ástæður, svo sem kunnugt er.

Þótt atvinnuvegir Íslendinga séu fábreyttir, er Ísland tiltölulega háþróað iðnaðarland, sem hefur tileinkað sér nýtízkutækni í sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði. Þar að auki er full atvinna á Íslandi, og hefur svo lengi verið, sem betur fer. Það er því gersamlega útilokað, að þjóðarframleiðslan á Íslandi geti aukizt jafnstórum stökkum og hún getur gert í löndum, þar sem landbúnaður er enn aðalatvinnugreinin og hægt er að flytja á stuttu árabili fjölda fólks úr landbúnaðarframleiðslu, þar sem afköst þess eru lítil, yfir í nýtízkuiðnað, jafnframt því sem framleiðsla í landbúnaði er aukin með hagnýtingu vélakosts og annarrar nýtízkutækni. Þjóðarframleiðslan á Íslandi getur ekki aukizt nema á grundvelli alhliða umbóta í öllum atvinnugreinum, bættra vinnubragða, nýrrar tækni, fullkomnari skipulagningar, meiri þekkingar. En slík framleiðsluaukning gerist jafnan tiltölulega hægt, bæði hér á landi og í öðrum löndum. Eðlilegt áhyggjuefni er það, að hún virðist hér hafa gerzt hægar en víða annars staðar, en til þess liggja þær ástæður, sem ég gat um áðan og að nokkru leyti eiga rót sína að rekja til náttúru landsins og ytri aðstæðna.

Það, sem hægt er að gera til þess að bæta hér úr, er fyrst og fremst að skapa sem bezt skilyrði fyrir því, að framleiðsluaukning geti átt sér stað. En það er ekki hægt með neinum töfrabrögðum. Það tekst aðeins með þrotlausu og nákvæmu og vel skipulögðu starfi á öllum sviðum framleiðslu, viðskipta og hvers konar þjónustu. Það er í þessu sambandi, sem er nauðsynlegt að vekja athygli á því, að forsenda þess, að slíkt starf geti borið árangur, er, að haldið sé eðlilegu jafnvægi í efnahagslífinu, þannig að ekki sé ríkjandi verðbólga innanlands og halli út á við. Ef slíkt á sér stað, hlýtur það smátt og smátt að eyðileggja skilyrði til aukningar þjóðarframleiðslunnar, og það er einmitt þetta, verðbólgan innanlands og hallinn út á við, sem var einn helzti dragbíturinn á aukningu þjóðarframleiðslunnar á áratugnum 1950—

60. Þetta var einmitt grundvallarástæðan fyrir þeim breytingum í efnahagsmálum, sem núv. ríkisstj. beitti sér fyrir á árinu 1960. Þær ráðstafanir hafa þegar borið mikinn árangur. En það væri samt alrangt og varhugavert að búast við slíkum stórstökkum í aukningu þjóðarframleiðslunnar sem þeim, sem rætt er um í grg. þessa frv.

Þá er ég kominn að þeim staðhæfingum í grg. frv., sem ég tel rangastar og skaðlegastar og brýnasta nauðsyn til að leiðrétta rækilega. Ég á hér við þær ályktanir, sem dregnar eru af töflum grg. um kaupmátt tímakaups Dagsbrúnarmanna frá árinu 1945. Meginniðurstaða þessara talna er sú, að á s.l. ári hafi kaupmáttur tímakaups Dagsbrúnarmanna verið 85,4% af því, sem kaupmátturinn var að meðaltali árið 1945, og hafi kaupmátturinn í fyrra verið um 15% lægri en hann var árið 1949 og um 10% lægri en hann var 1958. Þessar tölur hafa margoft verið birtar opinberlega áður og af þeim dregin sú ályktun, að lífskjör launþega hafi farið versnandi og hafi undanfarin 15 ár yfirleitt verið lakari en þau voru í stríðslok, auk þess sem hlutdeild launþega í þjóðartekjunum hafi farið minnkandi.

Mér finnst vera kominn tími til að taka þessar tölur til rækilegrar athugunar og sýna fram á, að algerlega rangar ályktanir hafa verið af þeim dregnar. Fyrir þessum tölum er borinn Torfi Ásgeirsson hagfræðingur, þó að hlutur hans í þeim sé sá einn að hafa samið þessar töflur eftir ósk hv. flm. þessa frv. og á þann hátt, sem flm. óskaði að þær yrðu reiknaðar.

Um töflu grg. um kaupmátt tímakaups Dagsbrúnarmanna vil ég fyrst almennt segja þetta: **Þróun kaupmáttar tímakaups Dagsbrúnarmanna** skv. lægsta taxta gefur að sjálfsögðu ekki rétta mynd af þróun lífskjara Dagsbrúnarmanna og enn síður af þróun lífskjara launþega yfirleitt. Til þess liggja margar ástæður, og eru þessar helztar að því er Dagsbrúnarmennina sjálfa snertir: Atvinnutekjur ákvarðast ekki aðeins af breytingu lægsta taxtans, heldur af breytingu annarra taxta en hans, færslu starfa milli taxtaflokka, breytingu yfirvinnugreiðslna, áhrifum ákvæðisvinnulauna, fjölda vinnustunda og hlutfallinu milli almennra vinnustunda og yfirvinnustunda. Það er auðvitað ekki rétt, sem oft er haldið fram, að hér komi ekkert annað til greina en breytingar á lengd vinnutímans. Mörg önnur mikilvæg atriði koma hér til greina, þó að upplýsingar liggi ekki fyrir um það, hversu þýðingarmikið hvert og eitt þeirra út af fyrir sig sé. Þá er þess enn fremur að geta, að til þess að meta breytingar lífskjara verður ekki aðeins að taka tillit til atvinnutekna og neyzluvöruverðlags, heldur einnig til áhrifa beinna skatta og beinna persónulegra styrkja, þ. e. a. s. fyrst og fremst fjölskyldubóta. Þetta hefur ekki verulega þýðingu, fyrr en frá og með árinu 1960, en hefur meginþýðingu fyrir samanburð lífskjara fyrir og eftir 1960 vegna hinnar miklu lækkunar beinna skatta og hækkunar fjölskyldubóta, sem þá átti sér stað.

Í töflunum með grg. frv. er sleppt að taka tillit til skattalækkananna og aukningar tryggingabótanna. Að því er aðra launþega snertir má að sjálfsögðu ekki ganga út frá því, að þróun lífskjara þeirra sé hin sama og lífskjara Dagsbrúnarmanna. Þar getur verið og hefur tvímælalaust verið um nokkuð aðra þróun að ræða.

Af því, sem ég hef nú sagt, hlýtur að teljast augljóst, að vilji maður gera sér grein fyrir þeim breytingum, sem orðið hafa á lífskjörum launþega á ákveðnu tímabili, er algerlega villandi, ef ekki beinlínis rangt, að taka lægsta taxta Dagsbrúnarkaups og bera breytingar á honum saman við breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar, að ég ekki tali um, ef aðeins er miðað við vísitölu neyzluvöru og áhrifum beinna skatta og fjölskyldubóta sleppt, svo sem gert er í töflum grg.

Vilji menn gera sér grein fyrir þróun lífskjara hjá launþegum, er nauðsynlegt að þekkja atvinnutekjur þeirra og bera breytingar á atvinnutekjunum saman við breytingar á framfærslukostnaði. Nú vill svo vel til, að síðan 1949 hafa verið gerðar árlegar rannsóknir á atvinnutekjum kvæntra verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna í sambandi við ákvörðun á verðlagi landbúnaðarvöru á haustin. Ég hef beðið Efnahagsstofnunina að gera skýrslu um niðurstöður þessara rannsókna síðan 1950 og áætlun um atvinnutekjur þessara sömu stétta á yfirstandandi ári, 1962. Við tekjur þær, sem þessar rannsóknir hafa leitt í ljós, hefur Efnahagsstofnunin síðan bætt áhrifum skattalækkana og aukningar beinna persónulegra styrkja frá og með árinu 1960. Ég hef jafnframt beðið Efnahagsstofnunina um að bera atvinnutekjurnar þannig leiðréttar saman við breytingar á vísitölu neyzluvöruverðlags, eins og gert er í töflum grg. Niðurstaðan verður þá raunverulegar atvinnutekjur, sem telja má mælikvarða á lífskjörin, á meðan ekki verða teljandi breytingar á lengd vinnutímans. Ég skal nú leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að gera grein fyrir helztu niðurstöðum Efnahagsstofnunarinnar um þetta efni.

Ég les fyrst skýrslu um atvinnutekjur kvæntra verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna frá og með árinu 1950, en þær voru sem hér segir: 1950 27287 kr., 1951 32795 kr., 1952 36636 kr., 1953 40508 kr., 1954 45521 kr., 1955 51819 kr., 1956 58890 kr., 1957 59647 kr., 1958 69322 kr., 1959 74937 kr., 1960 78997 kr., 1961 86070 kr. og áætlun fyrir 1962 98120 kr. Þessar tölur eru gerðar á grundvelli sérstakrar úrtaksrannsóknar á skattaframtölum, á eigin framtölum kvæntra verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna fyrir hluteigandi ár. Á því getur því varla leikið vafi, að þær eru a. m. k. ekki of hátt taldar í niðurstöðum þessara rannsókna. En við útreikning meðaltalsins er beitt sérstakri úrtaksaðferð, sem þeir, sem fróðastir eru á því sviði, hafa um mörg ár verið sammála um að líkleg sé til skynsamlegastrar og réttlátastrar niðurstöðu. Tölur þær, sem ég las, eru til ársins 1960 þær tölur, sem þeir menn, sem um þetta hafa fjallað, hafa fengið út úr rannsókn sinni á skattaframtölum þessara launþega. 1960, 1961 og 1962 hefur Efnahagsstofnunin bætt við áhrifum skattalækkunarinnar og hækkunar fjölskyldubótanna. Og talan, sem ég gat um fyrir árið 1962, er áætlunartala Efnahagsstofnunarinnar fyrir árið 1962, en er þó byggð, að því er forstjóri og starfsmenn

Efnahagsstofnunarinnar telja, á tiltölulega traustum grunni.

Nú segir þessi tafla, sem ég las um breytingar atvinnuteknanna, að sjálfsögðu ekki neitt til um það, hverjar breytingar hafa orðið á lífskjörum þeirra launþega, sem hér eiga hlut að máli, kvæntra verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna. Til þess að gera sér grein fyrir breytingunni á lífskjörum þessara launþegastétta er nauðsynlegt að deila í þessar tekjur með framfærslukostnaðarvísitölu fyrir hlutaðeigandi ár, og hef ég einnig beðið Efnahagsstofnunina um að framkvæma þann útreikning. Þá notar Efnahagsstofnunin sömu vísitölu og hv. þm. gerir í töflunum í grg. frv., þ. e. vísitölu neyzluverðlagsins, og það er réttmætt, vegna þess að áhrifum skattalækkananna og fjölskyldubótaaukningarinnar hefur verið bætt við tekjuupphæðirnar frá 1960. Það ætti því enginn ágreiningur að geta verið um það, ekki a. m. k. við hv. flm. þessa frv., að þessi aðferð er rétt til að komast að raun um breytingar á lífskjörunum, því að þetta er nákvæmlega sama aðferðin, sama vísitalan og hann notar sjálfur í sínum reikningum. Nú skal ég — með leyfi hæstv. forseta — leyfa mér að lesa töflu um breytingar á kaupmætti þessara atvinnutekna, sem ég las upp áðan frá 1950, og er hér um að ræða vísitölu, þar sem tekjurnar frá 1950 eru taldar jafnar 100. Kaupmáttur atvinnuteknanna var 1951 91%, 1952 89.7%, 1953 100,2%, 1954 111,1%, 1955 120,9%, 1956 123,5%, 1957 119,8%, 1958 129,8%, 1959 139,3%, 1960 139%, 1961 140,3%, 1962 142,8%. Ég vil undirstrika það, að þessi útreikningur á breytingum á kaupmættinum síðan 1950 er gerður með alveg nákvæmlega hliðstæðum hætti og hv. þm. beitir í grg. þessa frv. Munurinn er eingöngu sá, að hann reiknar út breytingar á kaupmætti lægsta Dagsbrúnartaxtans, sem hefur litla og síminnkandi þýðingu, en þessar tölur leiða í ljós breytingu á kaupmætti atvinnutekna þriggja stærstu launþegastéttanna í heild. Og niðurstaðan er sú, að á þessu ári, þ. e. 1962, er kaupmáttur atvinnutekna kvæntra verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna á öllu landinu 42,8% hærri en hann var árið 1950. Kaupmáttur atvinnutekna lækkaði verulega á árunum 1951 og 1952, enda voru það erfiðustu ár, sem yfir íslenzkan þjóðarbúskap hafa gengið síðan fyrir styrjöldina, bæði vegna aflaleysis og verðfalls. En síðan 1953 hefur kaupmáttur atvinnutekna aukizt jafnt og þétt, nema hvað hann lækkaði nokkuð á árinu 1957, sem einnig var mjög erfitt ár, svo sem kunnugt er, en hefur síðan 1957 haldið áfram að aukast. Nú í ár, 1962, er kaupmáttur atvinnuteknanna 10% hærri en hann var árið 1958. Þetta er það, sem næst verður komizt um breytingar á lífskjörum íslenzkra launþega eftir þeim fyllstu og beztu upplýsingum, sem fyrir liggja.

Ég skal taka það fram, að það skiptir ekki máli fyrir þá þróun, sem ég lýsti og kemur fram í töflum Efnahagsstofnunarinnar, hvort miðað er við árið 1950, eins og hér hefur verið gert, eða árið 1948 eða árið 1945, enda þótt fyrir síðastnefnda árið séu upplýsingarnar miklu lakari. Það kemur hins vegar til greina, sé miðað við fyrri árin, að bæði atvinnutekjur og þjóðartekjur áranna lækkuðu nokkuð á árunum 1945—1950 vegna versnandi viðskiptakjara og aflabrests.

Þessi niðurstaða, sem ég hef nú lýst, er að sjálfsögðu mjög frábrugðin því, sem fæst með því að athuga breytingarnar á kaupmætti lægsta Dagsbrúnarkaups. Ætti ekki að þurfa að fara mörgum orðum um, að athugun á kaupmætti atvinnutekna stærstu launastéttanna, þ. e. verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna, gefur réttari mynd af breytingum á kjörum íslenzkra launþega yfirleitt heldur en viðmiðun við lægsta taxtann í einu verkalýðsfélagi, taxta, sem minnkandi hópur, sem nú orðið er sennilega orðinn tiltölulega fámennur, vinnur samkvæmt.

Þá kem ég að þeirri staðhæfingu, að hlutur launþega í þjóðarframleiðslunni hafi farið minnkandi. Ég hef í þessu sambandi beðið Efnahagsstofnunina um upplýsingar um þjóðartekjur Íslendinga síðan 1950, eða frá sama tíma og traustar upplýsingar liggja fyrir um atvinnutekjur þeirra launþegahópa, sem ég gat um áðan. Síðan hef ég beðið Efnahagsstofnunina um að gera samanburð á breytingu þjóðarteknanna á mann og breytingu atvinnuteknanna til þess að komast að raun um, hvort atvinnutekjur verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna hafa hækkað minna eða meira frá ári til árs en þjóðartekjurnar á mann. Á því sést, hvort hlutur þessara helztu launþegastétta hefur farið minnkandi eða vaxandi í þjóðartekjunum. Ég hef hér fyrir framan mig töflu Efnahagsstofnunarinnar um þetta efni. Hún hefur reiknað út vísitölu, sem sýnir, hvort hlutdeild þessara launþegastétta í þjóðartekjunum hefur farið minnkandi eða vaxandi. Er þá gengið út frá árinu 1950. Ef vísitalan lækkar, hefur hlutdeild þessara launþegastétta í þjóðartekjunum farið minnkandi, ef talan fer yfir 100, hefur hún orðið hærri en hún var 1950. En þessi talnaröð lítur þannig út, með leyfi hæstv. forseta: 1950 er hlutfallið gert 100, 1951 verður talan 97,5, þá minnkar hlutdeild þessara launþegastétta í þjóðartekjunum sem því svarar, 1952 er talan 99, 1953 94,4, 1954 97,5, 1955 98,9, 1956 99,8, 1957 100,7, 1958 101,6, 1959 109,3, 1960 110,8, 1961 106,2, 1962 106. Þessi talnaröð leiðir m. ö. o. í ljós, að á árunum 1950—53 fer hlutur þessara þriggja launþegastétta í þjóðartekjunum örlítið minnkandi, en síðan hefur hann farið vaxandi. Árið 1957 nær hlutur þessara þriggja launþegastétta sama hlutfalli í þjóðartekjunum og hann hafði haft 1950, og síðan 1957 hefur hlutdeild þessara þriggja launþegastétta í þjóðartekjunum farið vaxandi og hefur á síðustu árum verið nokkru hærri en hún var í byrjun s. l. áratugs. Þessar tölur eru þó athyglisverðar hvað það snertir, að í ljós kemur, að tiltölulega mjög lítil breyting hefur orðið á hlutdeild þessara þriggja aðallaunþegastétta í þjóðartekjunum, þótt allmikil breyting hafi orðið á þjóðartekjunum sjálfum, eins og raunar kom fram í þeim skýrslum, sem ég áðan las.

Þessar upplýsingar, sem ég hef nú getið og allar eru unnar eins vandlega og unnt er á grundvelli allra traustustu gagna, sem fyrir hendi eru, leiða í ljós, að það er rangt, sem endurtekið hefur verið í sífellu undanfarna mánuði og ár, að lífskjörin hafi farið versnandi, hafi

farið síversnandi í tíð núverandi ríkisstjórnar. Þau hafa þvert á móti farið batnandi. Eftir því sem næst verður komizt, verða lífskjör verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna á þessu ári, árinu 1962, um 10% betri en þau voru á árinu 1958, síðasta árinu, sem ríkisstj. Hermanns Jónassonar sat að völdum, og hlutur þessara þriggja launþegastétta, verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna, hefur á þessum undanförnum árum verið hærri en hann var að meðaltali á áratugnum 1950—60. Hitt er svo annað mál, að þótt þessi hafi verið þróun lífskjaranna yfirleitt, hefur sú þróun án efa verið æði mismunandi fyrir einstaka hópa launþega, en þar eru því miður litlar öruggar upplýsingar fyrir hendi.

Eins og oft hefur verið bent á áður, eru einmitt þeir lægst launuðu meðal launþega verkamenn, sem stunda almenna verkamannavinnu og dregizt hafa nokkuð aftur úr öðrum launþegum. Þetta hefur ekki skeð fyrir tilstuðlan núverandi ríkisstjórnar, heldur einmitt vegna þess, að verkalýðshreyfingin hefur ekki viljað fara að þeim tilmælum, sem ríkisstj. beindi til hennar. Hér er um mikið vandamál að ræða, — vandamál, sem verður ekki leyst, nema verkalýðshreyfingin sjálf stuðli að lausn þess í samráði við ríkisvaldið. Og nú er enn komið að því sama, sem ég var að tala um áðan: Hvers vegna hefur íslenzk verkalýðshreyfing reynzt vanmáttugri að tryggja æskilegt samræmi í launaþróuninni en verkalýðshreyfing flestra annarra landa? Er ekki svarið augljóst? Er ekki skýringin vanmátturinn og glundroðinn, sem 30 ára starf kommúnista og fylgifiska þeirra hefur fært yfir íslenzka verkalýðshreyfingu? Það er það starf, sem Dagsbrúnarmenn og aðrir verkamenn nú verða að gjalda í nokkrum mæli.

Áður en ég lýk máli mínu, vil ég draga saman í stuttu máli nokkur þeirra höfuðatriða, sem ég hef gert að umtalsefni. Ég vil leggja á það áherzlu, að kjör íslenzkra launþega hafa farið batnandi, en ekki versnandi, frá stríðslokum til ársins í ár og þó einkum á s.l. 10 árum. Ég vil enn fremur leggja á það áherzlu, að hluti launþega af þjóðartekjunum virðist hafa haldizt lítið breyttur öll árin síðan styrjöldinni lauk, en hefur þó heldur farið vaxandi síðustu árin. Versnandi kjör launþega á árunum 1948—52 stöfuðu af minnkun þjóðarteknanna, en ekki misskiptingu þeirra. Á síðustu árum hefur hlutur launþega af þjóðartekjunum ekki minnkað, eins og oft er haldið fram, heldur vaxið nokkuð. Þrátt fyrir þetta er ekki ástæða til að telja, að þróun íslenzkra efnahagsmála hafi á þessu tímabili verið þjóðinni í heild og launþegunum sérstaklega eins hliðholl og mögulegt hefði verið. Vöxtur íslenzkrar þjóðarframleiðslu hefur verið hægari en í flestum nágrannalandanna og minni árangur náðst af fjárfestingu hér á landi en víðast hvar annars staðar. Skýringin á þessu er að nokkru fólgin í aðstæðum, sem við ráðum ekki við, en aðeins að nokkru. Með skynsamlegri stjórn efnahagsmála er tvímælalaust hægt að ná betri árangri, og aðgerðir núverandi ríkisstj. í efnahagsmálum hafa einmitt stefnt í þá átt. Árangurinn af þessari stefnu er þegar orðinn mikill. Ríkisstj. vill, að sá árangur geti haldizt og aukizt, og hún er reiðubúin að beita í því skyni þeim aðferðum, sem annars staðar hafa gefizt vel, eins og t. d. áætlunargerð í þeirri mynd, sem hentar íslenzkum aðstæðum. En hún ræður ekki ein. Í því efni kemur ekki hvað sízt til greina skilningur íslenzkrar verkalýðshreyfingar á eðli þeirra vandamála, sem við er að etja, og geta hennar til þess að taka þau réttum tökum.

Umr. frestað.

Á 28. fundi í Nd., s. d., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. hefur gert mér þá ánægju að taka nú loks til umr. um þetta mál, sem búið er að liggja fyrir Alþingi í rúman áratug og sannarlega hefði kannske verið tækifæri til að byrja að ræða dálítið fyrr og byrja að læra af dálítið fyrr. Hann hefur tengt við þetta jafnframt allmikla og mjög eftirtektarverða tilraun til skilgreiningar á ýmsum efnahags- og stjórnmálum á undanförnum áratugum, og er ég ekki síður til í að taka þátt í umr. um það heldur en um frv. sjálft. Ég mun nú byrja á þeim kafla, sem hann alveg sérstaklega sneri sér að, um ýmislegt í þeirri pólitísku sögu Íslands í sambandi við verkalýðshreyfinguna og launþega og kjör og þróun kjara launþega á síðustu áratugum, og síðan fara smám saman nánar inn á sjálft frv. og ýmislegt bæði teoretískt og praktískt í sambandi við það.

Hæstv. viðskmrh. beindi alveg sérstaklega allhvössum ádeilum að Sósfl. og Alþb. og raunar gamla Kommúnistaflokknum líka viðvíkjandi þeirri þróun, sem hefði orðið á Íslandi. Hann var ekki alveg viss í, hvort hann ætti að slá því föstu, að kjör launþega hefðu farið versnandi á Íslandi, en mér sýndist hann vera sammála sjálfum sér um eitt, og það er, að að svo miklu leyti sem kjör launþega hafi farið versnandi, þá hafi það verið þessum flokkum að kenna, og að svo miklu leyti sem þau hefðu farið batnandi, þá hafi það verið Alþfl. að þakka. Hvernig sem við viljum taka það, þá skulum við athuga þessa hluti, bæði hvort þeir hafa farið versnandi eða batnandi og hvað við skiljum við það hvor um sig, og svo hvaða áhrif þessir tveir flokkar, annars vegar Alþfl. og hins vegar Sósfl. og síðar Alþb., hafa haft á þessar kjarabreytingar, hverjar svo sem þær hafa orðið.

Viðvíkjandi þeim áhrifum, sem Sósfl. og Alþb. hafa haft á kjör íslenzkra launþega, þá hafa þau verið tvenns konar. Þau hafa í fyrsta lagi verið á þá leið, að þessir flokkar hafa verið allsterkir í verkalýðshreyfingunni um alllangan tíma og getað um nokkurt árabil þess vegna haft forustu í því að bæta kjör verkalýðs með því móti, sem mest tíðkast í auðvaldsskipulagi, að fá launin hækkuð. Og það er hlutur, sem venjulega er látinn gilda í venjulegu auðvaldsskipulagi, að þegar verkamenn geta borið hærri hlut gagnvart atvinnurekendum og fengið sín laun hækkuð, þá er látið við svo búið sitja. Það er ekki nema ein einasta stjórn á Íslandi, sem hefur gerzt svo ósvífin, að þegar verkamenn hafa hækkað kaup sitt með frjálsum samning-

um við atvinnurekendur, þá hefur hún leyft sér að beita ríkisvaldinu til þess að lækka síðan gengið á eftir, og það er núv. ríkisstj., — sama ríkisstj. sem hafði lýst yfir, að hún mundi ekki láta ríkisvaldið skipta sér nokkurn skapaðan hlut af samningum verkamanna og atvinnurekenda, heldur láta þá vera frjálsa. Kaup og kjör væri allt hærra nú, ef ríkisstj. hefði ekki beitt ríkisvaldinu á sínum tíma til þess, í ágúst 1961, með stjórnarskrárbroti að lækka smám saman kaup, sem verkamenn höfðu tryggt sér, 13% hækkun, þannig að hún hyrfi á 3 mánuðum. Sósfl. og Alþb. hafa verið í ríkisstj. nokkrum sinnum á síðustu 15—17 árum, en þegar við höfum verið í ríkisstj., getur hæstv. viðskmrh., ef hann hefur fyrir sér fskj. um kaupmátt tímakaupsins, litið á, hvernig það tímakaup hefur verið. Það hefur verið mestur kaupmáttur tímakaups, þegar þessir flokkar hafa verið í ríkisstj., 1945—46 100, og hefur aldrei orðið hærri síðan, og 1956—58 97, 95, 96 og var lægri allt tímabilið þar áður.

Ég skal svo koma síðar að lífskjörunum eftir þeirri töflu, sem hann var með um þau, og skilningnum á þeim síðar.

Hvenær sem áhrifa Sósfl. og Alþb. á ríkisstj. hefur notið við allan þennan tíma, þessi 20 ár, hafa kjör verkamanna verið hvað bezt og kaupmáttur tímakaupsins mestur. Og það hefur ekki verið nóg með það. Á milli þess tíma, sem við höfum verið í ríkisstj., þessir flokkar, eða getað haft áhrif á það, höfum við reynt að beita okkar áhrifum til að hækka kaupgjaldið, — að vísu oft átt við ósvífnar ríkisstj. að etja, ríkisstj., sem beittu jafnvel gengislækkunum, en þó aldrei við eins ósvífna ríkisstj. í líku og núna.

Svo er annað. Allan þennan tíma, sem við höfum verið í ríkisstj. og í bæði skiptin með Alþfl., höfum við ekki haft meiri hluta á Alþingi á bak við okkur, ekki við og Alþfl. samanlagt einu sinni, þó að við hins vegar kannske höfum haft meiri hluta í ríkisstj. Það hefur þess vegna ekki verið vegna þess, að Sósfl. og Alþb. hafi ekki reynt á þeim tímum, sem þeir hafa verið í ríkisstj., að fá ýmsu áorkað um áætlunarbúskap, heldur hefur þá brostið valdið til þess. Og meira að segja hefur ekki stuðningur Alþfl. alltaf verið of góður, a. m. k. ef flokkarnir, sem með voru, þ. e. Sjálfstfl. eða Framsfl., byrstu sig eitthvað verulega.

Svo kom hæstv. viðskmrh. inn á, hvernig hefði verið með áhrif Kommúnistaflokksins, Sósfl. og Alþb. á íslenzk stjórnmál á þessum 30 árum. Saga þessara 30 ára sýnir það, að framsókn íslenzkrar verkalýðshreyfingar hefur aldrei verið eins mikil og eins sterk og barátta hennar hefur aldrei verið eins hörð og á tímabilinu 1930—1940. Þá býr íslenzkur verkalýður við mestu eymdina af þessu 30 ára tímabili, vegna þess að heimskreppan er þá ríkjandi hér, og Kommúnistaflokkurinn sérstaklega verður að beita sér fyrir því að reyna að knýja fram atvinnubótavinnu. Um það urðu mörg hörðustu átökin, og hann verður meira að segja að beita sér fyrir því og atvinnuleysingjanefndin hér í Rvík að hindra nauðungarflutning styrkþega með valdi. 1932 seinast hindruðu þeir með valdi, að heimilum og fjölskyldum væri sundrað og menn fluttir, eins og kallað var þá, hreppaflutningi. Og sú harða barátta öll endaði með því, að þegar Alþfl. og Framsfl. tóku við völdum 1934, þá var loksins sá smánarblettur afnuminn. Fólk er farið að gleyma því nú, hvernig íslenzkur verkalýður bjó 1930—40. Þeir, sem komu þá í íbúðirnar hér í Rvík, komu upp á loft, þar sem voru 6 herbergi, 3 til hvorrar handar, prímus á ganginum frammi fyrir hverjum dyrum, ein fjölskylda í hverju herbergi, og elduðu allir á prímus á ganginum. Menn vita ekki lengur, hvernig þeir lifðu þá, og menn hafa ekki hugmynd um það, þeir sem vaxa upp nú og sízt af öllu æskan, hvað það var að svelta, hvað það var að eiga ekki nema ein föt, hvað það var að geta ekki farið á fundi nema í sínum verkamannagalla. Það er búið að umhverfa öllum lífskjörum á Íslandi fyrir baráttu þessara flokka. Eymdin, sem þeir menn, sem vaxið hafa upp síðan, hafa ekki hugmynd um og þeirra börn þaðan af síður, er okkur enn í fersku minni. Við höfum gert byltingu hér á Íslandi. Við höfum gert lífskjarabyltingu.

Það sverfur ekki lengur að, það sér ekki lengur á börnum verkamanna hérna, af því að þau skorti mat, til allrar hamingju, og það er okkar verk. Og það er bezt að byrja með því að muna það, þegar talað er um þetta. Og svo má kannske næst athuga, hvernig á því stendur, að ekki skuli nú vera til atvinnuleysi á Íslandi. Ég má kannske minna hæstv. viðskmrh. á það, hverjir gerðu mest gys að okkur 1944, t. d. þegar ég hélt svokölluðu nýsköpunarræðuna hér á Alþ., og var talað um það sem hreina vitleysu, sem skýjaborgir, að láta sér detta í hug, að Íslendingar færu að flytja inn togara, færu að flytja inn báta. Auðvitað mundi allur fiskmarkaður hrynja. Auðvitað mundu launin falla. Auðvitað mundi allt fara til andskotans. Og Alþýðublaðið, — hæstv. viðskmrh. getur flett því upp 14. sept. 1944 og lesið greinarnar þar, — og Alþfl. skildu hvorki upp né niður í því, sem var að gerast þá, og í þeim möguleikum, sem þá voru fram undan. Það voru menn úr auðmannastéttinni á Íslandi, sem skildu það betur. Skilningsleysi Alþfl. var það sama og hefur verið lengst af allan tímann. Alþfl. ætlaði sér ekki að fara í þá ríkisstjórn, sem þá var mynduð. Hæstv. viðskmrh. hefur líklega verið sjálfur einn þeirra, sem börðust á móti því. Ég veit ekki betur en allir svokallaðir vinstrimenn í Alþfl. væru á móti því þá, og hvernig hægri mönnunum, m. a. núverandi hæstv. forseta Íslands, tókst að fá þá inn, það ætla ég ekki að fara að rekja hér núna, það verður kannske gert í sögunni seinna. En einu atkvæði munaði það, þannig að það var ekki sérstaklega mikill skilningurinn á því hjá Alþfl. að ætla að reyna að skapa grundvöll að þeirri tæknibyltingu, sem framkvæmd var þá á Íslandi og byggt hefur verið á síðan. Það er gott að tala sem prófessor um tæknibyltingu núna, en það að gera hana á móti vilja Alþfl., en drasla honum þó með í ríkisstjórn, það er annað.

Hver hefur verið afstaða Alþfl. allan þennan tíma? Við skulum bara rekja hana þá sjaldan við höfum getað draslað honum í ríkisstjórn

með okkur, og ætlaði það að verða nógu dýrkeypt að fá hann í vinstri stjórnina líka. Við skulum athuga, hvernig hafi gengið fyrir honum, fyrst hann segir, að það sé allt saman okkur að kenna, sem vorum í Kommúnistaflokknum, í Sósfl. og Alþb., að illa hafi gengið á Íslandi.

Alþfl. fór í ríkisstjórn 1934 með Framsókn, — og ég get byrjað 1927, þegar hann studdi stjórnina sjálfur, sjálfur var ég í Alþfl. þá og þekki nokkurn veginn, hvernig það fór allt saman, — 1934—37 tekur hann fyrst opinberlega þátt í ríkisstj. Hvernig tókst honum að ráða við flokkinn, sem hann var með? Ég stóð hér 20. marz 1938 með Haraldi Guðmundssyni í þeirri baráttu, sem við áttum við Framsfl. þá, þegar sjómennirnir voru hér frammi og gluggarnir brotnuðu, þegar sjómannafélagið hafði sinn stóra fund í Listamannaskálanum nóttina sem Jón Baldvinsson dó, ég stóð hér fram á nótt. Við börðumst hér á móti því, sem Framsókn var að gera þá, þegar Haraldur Guðmundsson var dreginn út úr ríkisstj., eins og hann orðaði það. Hvað var það, sem gerðist? Það var, að Alþfl. gafst upp fyrir Framsfl.

Hvað gerist svo 1938—42, þegar Alþfl. er settur inn í þjóðstjórnina, næstverstu ríkisstj., sem setið hefur að völdum á Íslandi? Hvað gerist þá? Hvernig endar það? Hann hrökklast út úr henni, með því að meira að segja sjálfur Stefán Jóhann segir, að það sé ekki sitjandi öllu lengur í þeirri stjórn, eftir að gerðardómslög Sjálfstfl. og Framsfl. voru sett fram. Hvernig gekk Alþfl. að ráða við þetta? Hann varð að gefast upp. Það hefur verið reglan hjá honum.

Hvernig var svo 1947—49, þegar hann myndar fyrstu stjórn sína á Íslandi, stjórn Stefáns Jóhanns? Jú, það endar með því, að hún lætur lífskjörunum stórhnigna á Íslandi, þangað til Alþfl. að lokum gefst upp við að vera áfram í ríkisstj., af því að það átti að skella á hann gengislækkun.

Svo hefur Alþfl. auðsjáanlega lært það af því að vera þrisvar sinnum í ríkisstj. með borgaraflokkunum án okkar, að hann hefur álitið, að það væri bara eitt ráð til að vera áfram í ríkisstj. og það væri að gleypa allt, sem fyrir hann væri lagt.

1938 fer Alþfl. úr ríkisstj. á gerðardómslögum, af því að hann neitar að beygja sig fyrir þeim. 1942 fer hann aftur úr ríkisstj. á gerðardómslögum, af því að hann neitar að beygja sig fyrir þeim. 1949 hættir hann þátttöku í ríkisstj., vegna þess að það á að framkvæma gengislækkun. En hvað gerir hann núna? Nú gefur hann bara út ein gerðardómslög, tvenn gerðardómslög, gerir eina gengislækkun, gerir tvær gengislækkanir. Öllu því, sem hann hafði barizt fyrir á undanförnum áratugum, bregzt hann nú. Allt, sem hann hafði barizt á móti og farið út úr ríkisstj. vegna á undanförnum 3 áratugum, gerir hann nú. Ég skil ósköp vel, að nú sitji hann fast, fyrst hann loksins er búinn að taka þessa ákvörðun, að vera ekki að sinna því, sem Stefán Jóhann eða Haraldur Guðmundsson fara út úr ríkisstj. fyrir, nú sé bara að gleypa það allt saman. Ég sé, að þeir, sem stjórna Alþfl. nú, hafa lært mjög mikið, a. m. k. hvernig eigi að sitja í ríkisstj.

Þá talaði hæstv. viðskmrh. um verkalýðshreyfinguna á þessum tíma og hvernig það hefði verið, — verkalýðshreyfingin á þessum tíma. Má ég spyrja: hvernig hefur Alþfl. staðið í verkalýðshreyfingunni þennan tíma? Á einu tímabili stóðum við saman, Sósfl. og Alþfl., á þessu tímabili. Það var 1944—47. Við stóðum saman um stjórn Alþýðusambandsins, höfðum báðir þar framkvæmdastjóra og unnum þar saman. Hvernig hefur það svo verið frá því 1947? Hvernig hefur það verið frá því, að ameríska auðvaldsins fór fyrst verulega að gæta í íslenzkum stjórnmálum og áhrifanna af Marshallaðstoðinni? Síðan hefur Alþfl. aldrei fengið sig til þess að taka fyrst og fremst afstöðu sem heild út frá sjónarmiðum íslenzkrar alþýðu, heldur alltaf út frá sjónarmiðum íslenzka auðvaldsins. Stundum hefur hann helzt kosið að starfa með Sjálfstfl., stundum bæði með Sjálfstfl. og Framsfl. Einu sinni gerði hann tilraun til að starfa með Framsfl. einum. Það var Hræðslubandalagið svokallaða. Og ég held, að hann hafi orðið svo hvekktur á því, að það líti helzt út fyrir það, að hann ætli aldrei að þora að starfa með Framsfl. oftar. Þó skal ég engu spá. En allan þennan tíma frá 1947 hefur það verið pólitík Alþfl. að vinna aldrei með okkur í verkalýðshreyfingunni. Þegar það hefur verið gert, eru það einstakir menn úr Alþfl., verkalýðsforingjar t. d. hér í Reykjavík eða annars staðar, sem hafa staðið með í verkföllum eða slíku á móti vilja foringjanna. En flokkurinn sem slíkur virðist hafa ásett sér það, að hann skuli alltaf vinna með borgaraflokkunum. Það eru næg tækifæri til samstarfs í verkalýðshreyfingunni. Það eru kosningar á hverjum einasta vetri í verkalýðsfélögunum. Og hvernig hefur þá staðið allan þennan tíma í þessum kosningum? Það hefur staðið þannig, að Alþfl. t. d. hér í Reykjavík hefur alveg sérstaklega límt sig upp að Sjálfstfl., þannig að kosningum í verkalýðsfélögunum hefur oft og tíðum verið stjórnað frá skrifstofum Sjálfstfl., og ég held Alþfl. hafi jafnvel stundum gengið illa að fá kjörskrárnar sínar til baka eftir að hafa lánað Sjálfstfl. þær til þess að stjórna þeirra sameiginlegu baráttu gegn okkur í verkalýðsfélögunum.

Hæstv. viðskmrh. vildi segja, að við sósíalistar hefðum verið með einhverjar hugmyndir um byltingu og verið á móti umbótum og öðru þess háttar. Hefur nokkur flokkur barizt skarpar fyrir umbótum á Íslandi á þessum 20 árum en við? Er það nokkur flokkur annar jafnvel, sem hefur tekið meiri þátt í að leggja grundvöllinn að núv. auðvaldsskipulagi á Íslandi en við og að því að reyna að koma því á nokkuð tæknilega hátt stig, en ekki niður á það eymdarkreppustig, sem var fyrir stríð? Ég held, að það þurfi langt að leita til þess að finna raunhæfari baráttu hjá marxistískum flokki en okkar flokki í þessum efnum. Og hún hefur verið öllu raunhæfari en barátta Alþfl., því að hann hefur meira að segja verið hræddur við það, sem þurfti að gera til þess að skapa framfarir í því borgaralega framleiðslulífi, eins og nýsköpunina 1944.

Hafa samtökin verið lömuð vegna þess, að við og okkar samherjar höfum haft þar forustu lengi vel? Ég held ekki. Ég held, að verkalýðssamtökin á Íslandi hafi barizt eins harðri baráttu og nokkurt verkalýðssamband á Norðurlöndum. A. m. k. höfum við fengið að heyra það nokkuð oft hjá okkar ágætu andstæðingum, að alltaf sé verið að efna til verkfallanna, og annað slíkt. En hitt er svo aftur annað mál, að ríkisvaldinu á Íslandi hefur verið svívirðilegar beitt allan þennan tíma á móti verkalýðshreyfingunni en á nokkru Norðurlandi öðru. Við höfum átt erfiðari aðstöðu. Ég hef svolítil kynni af sósíaldemókrötum Norðurlanda. Ég hef oft haft tækifæri til að tala við þá, ekki síst í sambandi við Norðurlandaráð nú upp á síðkastið. Ég hef spurt þá að því, hvort það væri til hjá þeim nokkurs staðar, að sósíaldemókratar í Skandinavíu stæðu með — við skulum segja íhaldsflokki í verkalýðsfélögunum. Ég hef spurt þá að því, hvort það væri til í nokkru verkalýðsfélagi í Skandinavíu, að bílar atvinnurekendanna væru notaðir til þess að safna verkafólkinu saman til að aka því á kjörstað, þegar átti að kjósa í stjórn verkalýðsfélaganna. Og þeir hafa hrist höfuðið yfir því, hvers konar flokkur Alþfl. á Íslandi væri. Þeir eiga ómögulegt með að skilja það, af því að það er ekki til í dæminu, að neinn verkalýðsflokkur á Norðurlöndum hafi hagað sér eins og Alþfl. hefur gert hérna, hafi límt sig upp að flokki atvinnurekendanna í verkalýðshreyfingunni áratugum saman, staðið með honum í hverri einustu baráttu. Og eðlileg afleiðing af þessu er, að þeir Alþýðuflokksforingjar, sem hafa haft völdin og stjórnað svona pólitík, eru að sparka frá sér öllum þeim mönnum, sem hugsa eitthvað svipað og aðrir sósíaldemókratar í Skandinavíu. Ég veit ekki, hvort hæstv. viðskmrh. fylgist nokkurn skapaðan hlut með því, sem gerist í verkalýðshreyfingunni, og þegar kosningar eru í verkalýðsfélögunum og annað slíkt. Hann er kannske svo hátt uppi í öllum hugleiðingum um efnahagsmálin og annað slíkt, að hann viti ekki af því. En ef hann vissi eitthvað af því, sem gerðist þarna, og ef hann vildi eitthvað læra af því, sem sósíaldemókratar gera í Skandinavíu, þá ætti hann að fara að læra það að láta Alþfl. hætta að standa með Sjálfstfl. í verkalýðshreyfingunni og fara að vinna með okkur. Það er auðvaldið, sem hlýtur að vera höfuðóvinurinn frá sjónarmiði hverrar verkalýðshreyfingar. Það er ekki nema þegar menn eru farnir að láta áróður auðvaldsins villa sig og farnir að sjá Rússagrýlur og heimskommúnismann alls staðar, að þeir eru farnir að einbeita sér í baráttunni á móti sósíalismanum og móti þeirri róttæku verkalýðshreyfingu. Þess vegna er ég hræddur um, að forustumenn sósíaldemókrata á Norðurlöndum eigi enn þá langt í land með að skilja þennan flokk, sem þeir hafa annars haft samband við. Þeir kynntust því náttúrlega í gamla daga, eins og einn aðalforustumaður þeirra orðaði það, þegar skandalinn varð á Arnarhóli, hvers konar flokkur þetta var og hve mikið fylgi hann átti hjá verkalýðnum. En þeir mundu samt sjá það enn þá betur, ef þeir sæju hans atferli í verkalýðshreyfingunni.

Í þessu liggur lausnin á því, sem hæstv. viðskmrh. er að brjóta heilann svo mikið um, hvernig stendur á því, hve erfiðlega hefur gengið fyrir Alþfl. Alþfl. hefur alltaf gengið vel, þegar hann hefur unnið með okkur í verkalýðshreyfingunni, — alltaf. Hann hefur vaxið, þegar hann hefur staðið með okkur, af því að við höfum dregið hann með okkur. Hann hefur ekki verið alveg eins stimamjúkur og beygt sig niður í duftið fyrir þeim, sem hann vann með, ef við vorum hinum megin við hann til að styðja við hann í ríkisstj.

Svo kom hæstv. viðskmrh. inn á það, að 1956 í vinstri stjórninni hefði vantað allan vilja til að vinna að hagkvæmum úrlausnum. Ég skal koma að því betur seinna, þeim till., sem við lögðum fram, sem okkur tókst um tíma meira að segja að fá Alþfl. inn á, — till. að hagkvæmum úrlausnum bæði í sambandi við áætlunarráð og seðlabanka. Og ég mun þá líka yfirheyra hæstv. viðskmrh., hvernig hann hafi staðið að í vinstri stjórninni, þegar baráttan var um það, hvers konar skipulag hafi átt að vera á bankamálum. En við skulum svo athuga viðvíkjandi verkalýðshreyfingunni. Þar vildi hæstv. viðskmrh. segja, að það hefði verið tómt lýðskrum hjá sósíalistum, sama ábyrgðarleysið alltaf, bara eggja til verkfalla og annað slíkt. Má ég máske rifja upp eitt augnablik fyrir hæstv. viðskmrh. sumarið 1958. Hverjir voru það, sem sýndu gagnvart þeirri ríkisstj., sem verkalýðshreyfingin vildi styðja, mesta ábyrgðartilfinningu, þegar um það var að ræða að knýja fram kauphækkanir vegna efnahagsráðstafananna? Hvaða félag var það, sem var seinþreyttast, að því er Framsfl. mundi segja, til vandræða? Það var Dagsbrún, félagið Dagsbrún, sem er talið alltaf að við stjórnum, sterkasta félagið í Reykjavík. Það var hún, sem var seinþreyttust til þess, sem Framsfl. mundi kalla til vandræða. En hverjir voru það, sem eggjuðu? Hverjir voru það, sem ögruðu? Hverjir voru það, sem sögðu: Hvað er þetta, ætlar Dagsbrún ekki að fara af stað? Var það ekki Alþýðublaðið? Ætli það sé ekki bezt fyrir hæstv. viðskmrh. að fletta upp í Alþýðublaðinu frá sumrinu 1958 og athuga ögranirnar til kommúnistanna, eins og þeir sögðu: Ætla þeir aldrei að fara að koma sér af stað? Nei, þið skuluð ekki vera að reyna allt í einu að fara að bregða okkur um skort á ábyrgðartilfinningu. Hana hefur aldrei vantað í okkar stjórnmálaafstöðu á Íslandi. Hann var að tala um, að við vildum bara hafa rétt áróðursmannanna, eins og hann orðaði það. Þetta er þvaður. Það hafa ekki aðrir flokkar verið raunsærri í þessum efnum. Við vissum ósköp vel, að það var hægt að hækka kaupið, og ef farið hefði verið að okkar till. 1957, hefðum við líka sýnt, að það hefði verið gert. En í staðinn er allt látið lenda í felmtri, stokkið burt án þess að gera svo mikið sem ræða við þá flokka, sem var starfað með.

En þá á hæstv. viðskmrh. ekki að vera að dengja því hér á okkur, að okkur hafi skort ábyrgðartilfinninguna. Hann talar um, að það

hafi verið hógvær ósk Hermanns Jónassonar, þáv. hæstv. forsrh., í des. 1958. Má ég spyrja, fyrst hann talaði um þessa hógværu ósk núna: Hvaða afstöðu tók Alþfl. gagnvart henni? Hvaða afstöðu tóku Alþýðuflokksmenn á Alþýðusambandsþingi gagnvart henni? Sögðu þeir: Þetta er bara hógvær ósk? Vill hann kannske leita til Eggerts G. Þorsteinssonar í Ed., spyrja, hvort það væri bara hógvær ósk hjá Hermanni Jónassyni, ekkert annað? Og fannst hæstv. viðskmrh. það sjálfum? Ég veit ekki betur en það hafi raunverulega verið í fyrsta sinn, sem fulltrúar Alþfl. og Alþb. í ríkisstj. töluðu saman einir sér. Það var þá, að þeir fóru inn til utanrrh. í stjórnarráðinu að spjalla saman. Heldur hæstv. viðskmrh., að hann geti leyst þetta með því að segja, að við höfum bara verið þarna með áróðurinn og annað slíkt og ekki viljað verða við hógværum óskum?

Var hægt að fara fram á minna af Framsfl. þá en hann tæki upp viðræður við þingflokkana, sem hann starfaði með, um það, hvaða lausn skyldi finna á þessu? Ég býst satt að segja við, þó að hæstv. viðskmrh. segi í dag, að þetta hafi verið hógvær ósk, að Framsfl. mundi segja í dag, ef hann vildi vera alveg hreinskilinn: Við gerðum okkar mesta glappaskot, þegar við stukkum svona út úr ríkisstj. í staðinn fyrir að snúa okkur fyrst til þingflokkanna, sem við unnum með, og sjá, hvað hægt væri að gera. — Af hverju stökk Framsfl. úr ríkisstj.? Skyldi það ekki hafa verið vegna þess, að hann hafði reiknað með því sem sjálfsögðu, að hann mundi geta myndað stjórn með Sjálfstfl. á eftir, eða a. m. k. að hann hefði það í hinni hendinni, svo að hann gæti reynt að beygja dálítið Alþfl. og Alþb. og Alþýðusambandið? Ég vona, að ég sé ekki að ljóstra upp neinum leyndarmálum, þó að ég komi með slíkar getgátur. Það hefur komið fyrir áður, að Framsfl. hefur sprengt slíka ríkisstj., t. d. ríkisstj. með Alþfl. 1937—38, og farið síðan í stjórn með Sjálfstfl. á eftir og lofað Alþfl. að vera með, þó að meiri hluti Alþýðuflokksstjórnarinnar væri á móti því.

Nei, það var engin hógvær ósk, sem borin var fram þá. Það var mjög ósvífin krafa. Hún var borin fram á mjög óviðeigandi hátt, að stilla Alþýðusambandsþingi frammi fyrir úrslitakosti og slíta síðan stjórnarsamstarfi. Það, sem hefði verið hógvært, var að ræða við sína samstarfsflokka um það, hvað nú skyldi gert. Það var ekki gert. En áður var aftur á móti búið í tvö ár að hafna öllum þeim róttækustu tillögum, sem við höfðum komið með til lausnar á íslenzka þjóðarbúskapnum og við jafnvel stundum höfðum fengið Alþfl. inn á. Við skulum þess vegna ekki vera að saka neinn um ábyrgðarleysi í þeim efnum. Ef nokkurs staðar var ábyrgðarleysi viðvíkjandi því að sprengja vinstri stjórnina, þá var það hjá Framsfl.

Svo kom hæstv. viðskmrh. inn á það, að voldug hefði íslenzk verkalýðshreyfing getað verið, ef hún hefði aldrei verið klofin. Ég þekki líklega sögu íslenzkrar verkalýðshreyfingar eitthvað betur en hæstv. viðskmrh. Það eru orðin yfir 40 ár, síðan ég gekk fyrst í Alþfl., og ég var í honum í 9 ár og hef alltaf síðan verið í þeim róttækustu flokkum, sem á hverjum tíma hafa verið í íslenzku verkalýðshreyfingunni. En þeir hafa þó aldrei verið róttækari en svo, að eitt hafa þeir viljað, og það er að reyna fá að halda íslenzkri verkalýðshreyfingu sem heild. Meira að segja þegar við stofnum Kommúnistaflokkinn, sækjum við um það að fá að vera í Alþýðusambandinu. M. ö. o.: þá sækjum við um það og óskum eftir því að fá að vera í Alþýðusambandinu, sem þá var Alþfl., á svipaðan hátt og t. d. voru þá í Labour Party í Englandi Independent Labour Party, Cooperative Party og aðrir flokkar, þ. e. Samvinnuflokkurinn, Óháði verkamannaflokkurinn, fyrir utan Verkamannaflokkinn sjálfan.

Við gáfum Alþfl. tækifæri til þess, að verkalýðshreyfingin héldist sem ein heild. Hvað gerði Alþýðuflokksforustan þá í staðinn? Hún gerði það glappaskot að innleiða einræðið í Alþfl. og Alþýðusambandinu, setja þau lög, að það mætti ekki kjósa neina aðra menn á Alþýðusambandsþing en þá, sem væru skipulagðir í Alþfl., og var það eitt mesta ógæfuspor, sem stigið hefur verið í íslenzkri verkalýðshreyfingu. En það sýndi eitt, sem hefur því miður einkennt marga af misvitrum foringjum Alþfl., og það er þetta að grípa alltaf til valdsins, jafnvel til einræðisins, en ekki til þess að semja og reyna að skapa samstarf á breiðum grundvelli með mönnum, sem voru á annarri skoðun en þeir.

Alþýðusambandið íslenzka gat haldizt sem eitt samband íslenzkrar verkalýðshreyfingar, pólitískrar og faglegrar, ef Alþýðuflokksforingjarnir hefðu haft vit á því 1930.

1936—37 gat aftur orðið gott samstarf á milli þessara flokka, ef menn hefðu þá haldið rétt á spilunum. Þá var Alþfl. sterkur og voldugur. Hann hefur aldrei verið eins sterkur og voldugur og hans áróður hefur aldrei verið eins góður og á þessum tíma. En hann gerði eitt stórt víxlspor á þingi sínu í nóv. 1936. Hann samþ. þá tvennt í einu: annars vegar aldrei samvinnu við kommúnista, hins vegar það, sem kallað var 3 mánaða víxillinn til Framsfl., setja Framsfl. skilyrði. Ef hún gengi ekki að þeim, þá væri ríkisstj. búin. M. ö. o.: hann hjó af sér hugsanlega bandamenn sína bæði til hægri og vinstri.

Í næstu kosningum tapaði hann. Þá drógu Alþýðuflokksforingjarnir nokkrir þá ályktun af því, að það væri bezt að reyna að sameinast Kommúnistaflokknum. Og það var gert. Það er það, sem hæstv. viðskmrh. harmar mest. En hvað er það, sem hefur valdið því, að bæði 1938 og 1954—56 fara út úr Alþfl. stórir hópar af beztu mönnunum, sem Alþfl. hefur átt, og einmitt beztu baráttumönnunum, duglegustu baráttuforingjum, og það sérstaklega mönnunum, sem höfðu bezt samband við íslenzkan verkalýð? Það var einfaldlega af því, að þessir menn gáfust upp á þeirri pólitík, sem hægri foringjar Alþfl. á öllum þessum tímum ráku, undirgefninni undir þá flokka, sem þeir unnu með, og neituninni á því að starfa með hvort sem var Kommúnistaflokknum eða Sósíalistaflokknum að hagsmunamálum verkalýðsins, þessu ofstæki, sem um tíma leiddi til þessa einræðis Alþfl. í Alþýðusambandinu, að geta aldrei unnið með mönnum, sem voru á annarri skoðun, án þess að ætla að leggja þá annaðhvort undir sig eða lúta þeim, geta ekki unnið með þeim sem jafnréttháir menn.

Ég held, að dómur sögunnar komi til með að verða sá yfir Alþfl., þegar hann verður borinn saman við sósialdemókrataflokka Norðurlanda, að þar sem sósialdemókrataflokkar Norðurlanda hafa löngum átt mjög vitra foringja, sem vaxið hafa upp úr verkalýðshreyfingunni og gert það að aðalatriði að halda góðu sambandi við hana, þá hefur Alþfl. íslenzki verið svo ógæfusamur, að þeir menn, sem hvað minnst samband hafa haft við verkalýðshreyfinguna, hafa orðið þar ofan á og hafa sparkað frá sér, bæði 1930, 1938 og 1956, þeim mönnum, sem stóðu í nánustum lifandi tengslum við verkalýðshreyfinguna. Það eru hinir skammsýnu hægri foringjar Alþfl., sem hafa valdið hans ógæfu. Við, sem frá 1930 höfum verið í meiri eða minni andstöðu við hann, höfum gefið honum hvert tækifærið á fætur öðru til þess að vinna með okkur og gefum honum það enn. En blindnin, ofstækið er svo mikið, að það er eins og það sé alveg ómögulegt að opna augu þeirra. Ég skal ekki segja, hvort þessi blindni og ofstæki stafi að einhverju leyti af því, að forustumenn Alþfl. hafi persónulega smitazt of mikið af því borgaralega umhverfi á Íslandi. Ég vil bara minna á það, að Erlander, forsrh. Sviþjóðar og formaður Sósialdemókrataflokksins sænska, býr, að því er ég bezt veit, í leiguíbúð, þar sem rottugangur er svo mikill, að hann er tvisvar sinnum búinn að kæra til húsnæðismálastjórnarinnar í Stokkhólmi. Ég er ekki að taka það sem neina fyrirmynd endilega að búa þar, sem rottugangur er, en það er gott dæmi til að bera saman um, hvers konar afstöðu þessir menn hafa. Per Albin Hansson, ég veit ekki betur en hann hafi allan tímann ekið í sporvagni í Stokkhólmi til funda í þinginu og ríkisstj.

Það getur vel verið, að foringjar Alþfl. hafi smitazt tiltölulega meira af borgaralegum lifnaðarháttum og þess vegna átt erfiðara með að skilja verkalýðinn og hafa samband við hann, og er ég þó ekki að segja þetta um þá alla.

Svo kom hæstv. viðskmrh. að því að reyna að skilgreina sögulega það, sem hann kallar styrkleika kommúnismans á Íslandi. Og ég hafði eiginlega gaman af því. Hann fór að spyrja, hvort þetta mundi ekki liggja í kjördæmaskipulaginu. Guð hjálpi mér, ef hæstv. menntmrh. ætti að skrifa sögu Íslands. Það yrði þokkaleg söguleg skilgreining. Var það kannske af því, að kjördæmaskipulagið væri svona áhrifarikt, að hæstv. viðskmrh. hafði aðalforustuna í því að mynda Hræðslubandalagið 1956 og ætlaði að gera þar með Alþfl. að alveg þrælbundnum aftanioss Framsóknar?

Ég hef oft verið spurður þeirrar spurningar af bæði erlendum skoðanabræðrum mínum og þeim, sem hafa ekki verið á sömu skoðun og ég, hvernig á þessu standi. Og ég get vel sagt hér þá skýringu, sem ég hef venjulega gefið á þessu. Ég hef gefið þá skýringu á því, að það, hve róttækari íslenzk verkalýðshreyfing væri en verkalýðshreyfing Skandinavíu, ætti rót sína að rekja til þess, að Ísland hefði verið kúguð nýlenda. Það eru þær þjóðfélagslegu kringumstæður á Íslandi, að við höfum verið arðrændir af útlendu auðvaldi lengst af, okkur hefur verið haldið niðri, og okkar borgaralega þjóðfélag varð þess vegna mjög frumstætt. Þetta hefur allt saman fært Ísland nær því, sem er að gerast um — við skulum segja þjóðirnar, sem nú eru að verða frjálsar í Afríku, Asíu, S.-Ameríku og annars staðar. Það hefur t. d. orðið verkefni okkar og alveg sérstaklega okkar, sem venjulega erum kallaðir kommúnistar, að reyna að vinna að því að hjálpa til að byggja upp það borgaralega þjóðfélag á Íslandi, þeita sér fyrir kaupi á framleiðslutækjum og öðru slíku, sem t. d. sósialdemókratarnir úti í Skandinavíu og víðar oft og tíðum sinna mjög lítið um, vegna þess að auðvaldið sér venjulega fyrir slíku. Okkar auðvald hér heima hefur, eins og ég skal seinna meir koma að, haft sérstaka aðstöðu hvað það snertir, vegna þess að hér hefur verið frumstætt borgaralegt þjóðfélag með tiltölulega fátækri borgarastétt þangað til á síðustu tímum.

Ég held, að höfuðskilgreiningin á þessu liggi einmitt í þessu ástandi, að það, sem gerzt hefur í sögu Íslands á þessum tíma, er að svo mörgu leyti ólíkt því, sem saga Skandinavíu hefur verið. Við skulum ekki fara allt of langt út í þá sögu.

Svo varð mér á að brosa, þegar hæstv. viðskmrh. beindi til mín þessari ágætu setningu úr Einari Ben.: „Því braust ég frá sókn þeirra vinnandi vega?“ Hann veit kannske ekki, að þessari sömu spurningu var beint til mín fyrir 30 árum af öðrum stjórnmálamanni á Íslandi, Jónasi Jónssyni frá Hriflu. Og í ritdeilum, sem við áttum og komu frá hans hálfu í Samvinnunni og af minni hálfu í Rétti í 3 ár, á árunum frá 1933—1936, tók ég hann mjög skarplega í gegn í sambandi við hans skilgreiningu og sýndi honum fram á, hve fjarri það væri því, að við hefðum brotizt frá sókn þeirra vinnandi vega. Við höfum einmitt verið að vinna það, sem vinnandi var, allan þennan tíma. Og það er fyrst og fremst okkar framtaki að þakka og hve djarfir við höfum verið í þessu, að lífskjörum íslenzkrar alþýðu hefur verið bylt úr eymd forstríðsáranna, sem Alþfl. tvisvar sinnum stjórnaði, og til bjargálna þeirra, sem skópust eftir lífskjarabyltinguna 1942, þegar við brutum gerðardómslög Sjálfstfl. og Framsóknar á bak aftur og þegar við síðan í samstarfi við meiri hl. Sjálfstfl. og með því að drösla Alþfl. með lögðum tæknilega grundvöllinn að því nútíma Íslandi. Það er þess vegna, þó að ég hafi svarað Jónasi frá Hriflu með ýmsum öðrum röksemdum þá, 1933—1936, þegar hann beindi þessari spurningu til mín, þá mundi ég nú hafa alla sögu Íslands síðustu 30 ár til þess að sanna, að það vorum ekki við, sem flýðum. Það hafa hins vegar verið aðrir, sem hafa gefizt upp á því að láta íslenzka alþýðu fá að njóta alls þess mikla, sem gert hefur verið og skapað hefur verið á þessu tímabili.

Svo segir hæstv. viðskmrh.: Íslenzk alþýða hefur bætt kjör sín þrátt fyrir sundrungina. — Mundi nú ekki vera nær að orða þetta þannig, að íslenzk alþýða hafi bætt kjör sín þrátt fyrir áhrifaleysi Alþfl. Allan þennan tíma, hvort heldur var í verkalýðsbaráttunni eða í ríkisstj., nýsköpunarstjórninni og vinstri stjórninni, var það Alþfl., sem varð að drasla með, og það

vorum við, sem urðum að hafa forustuna. Sósfl. knúði fram með sinni forustu í verkalýðssamtökunum þessar miklu lífskjarabætur 1942 og síðan áfram og með stjórnmálaáhrifunum eftir 1944, og hæstv. viðskmrh. þarf ekki nema líta á töfluna um kaupmátt tímakaupsins til þess að sjá, hvernig það hafi verið. Hins vegar, ef við vildum taka það, sem var fyrir stríð, þá býst ég við, að það sé ekki fjarri lagi, að það mundi vera upp undir það tvöföldun, a. m. k. 50% hækkun, sem framkvæmd hefur verið á raunverulegu kaupgjaldi tímakaups frá því 1939 til 1942.

Svo kom hæstv. viðskmrh. að vissum þáttum í minu frv., kom þar m. a. inn á, að það að setja sér 10% aukningu á þjóðarframleiðslunni mundi vera allt of hátt, og sagði í því sambandi, að Ísland væri háþróað iðnaðarland og það væri hrein fjarstæða að reyna að stefna að því að ætla að skapa 10% aukningu á þjóðarframleiðslunni. Þetta er alger misskilningur hjá hæstv. ráðh. Ísland er ekki háþróað iðnaðarland. Ísland er enn sem komið er, því miður, að allt of miklu leyti hráefnaframleiðandi. Og það er hægt með skynsamlegri hagnýtingu okkar gífurlegu náttúruauðlinda að gera iðnbyltingu hér á Íslandi nú. Við höfum að vísu safnað miklu af tækjum til þess að afla fisks. En að undanteknum hraðfrystihúsunum höfum við ekki komið upp svo að segja neinu, sem þýði þarna fullvinnslu, og meira að segja þau geta ekki talizt fullvinnsla nema að nokkru leyti. Við skulum taka sem dæmi, og það er það, sem er einmitt átt við í 7. gr. í minu frv., — við skulum taka sem dæmi núna: í staðinn fyrir að henda síldinni, eins góðri og hún var, ég tala nú ekki um í sumar, í síldarbræðslurnar, færum við að leggja hana niður í dósir, kæmum upp eins miklum niðursuðu- og niðurlagningariðnaði og t. d. Svíar hafa. Svíarnir verða að sækja hráefnið til okkar. Hæstv. viðskmrh. man það, og a. m. k. man ég töluna frá 1961, þegar síldin gaf 500—600 millj. kr., en aðeins ef lagðar hefðu verið niður 100 þús. tunnur í gaffalbita og annað slíkt og markaður verið útvegaður úti í heimi, þá hefði það líka gefið sínar 500—600 millj. Það er hægt með fínasta hráefni veraldarinnar, sem íslenzka síldin er, með fullkominni hagnýtingu á öllum þeim mörkuðum, sem við höfum eða getum haft aðgang að, að gera algera byltingu, sem tvö- eða þrefaldar allt verðmæti síldarframleiðslunnar.

Sama gildir líka viðvíkjandi fiskinum. Við getum gert þar stóra hluti enn þá. Við þurfum ekki endilega að hafa þær verksmiðjur í Bandaríkjunum eða gera mislukkaðar tilraunir í London til að fullvinna þorskinn okkar og selja hann beint út til almennings. Við getum líka látið leggja hann niður hér heima og flutt hann út. Hæstv. viðskmrh. kvartaði undan duttlungum náttúrunnar. Vissulega eru þær oft miklar hérna. En ríkidómur náttúrunnar er hér meiri en í flestöllum öðrum löndum. Og hvað illa sem hefur gengið stundum hjá okkur með síld, þá höfum við þó alltaf veitt hér 100—200 þús. tunnur, og meira að segja slíkt gat með fullkominni úrvinnslu gefið okkur sama síldarverðmæti og það fína ár 1961 gaf okkur.

Við getum gert tæknibyltingu í sjávarútveginum núna, og sú tæknibylting getur, eins og ég reikna með, á þessum næstu 5 árum vel gefið okkur 10% aukningu á þjóðarframleiðslunni á ári, vegna þess að okkar þjóðarframleiðsla er að svo langsamlega mestu leyti einmitt fiskur, sem við erum nokkurn veginn öruggir með að fá, fiskur og síld. En landbúnaðurinn sem slíkur hefur þarna hverfandi lítið að segja.

Hæstv. viðskmrh. hefur kannske talað um það, að Ísland væri háþróað iðnaðarland, vegna þess, hvað hlutfallslega margir vinna við iðnaðinn hérna. En við verðum að gá að því, að ég er hræddur um, að Ísland sé vitlausast skipulagt af öllum iðnaðarlöndum í Evrópu hvað þann iðnað snertir, sem við höfum. Haldið þið, að það sé fyrirmyndarskipulagning endilega að hafa t. d. 10 súkkulaðiverksmiðjur? Haldið þið, að það sé slíkt, sem skapar grundvöllinn að framleiðni og öðru slíku? Við erum hér að flækjast með svo og svo mikið af smáverksmiðjum, þar sem ekki er hægt að koma neinum vinnubrögðum af viti að. Þið talið við okkur, t. d. fulltrúar hæstv. ríkisstj., um hagræðingu vinnubragða, og við höfum meira að segja sent út menn sameiginlega til þess að kynna sér þetta. Hvað sjá þeir menn, sem koma út? Þeir sjá gífurlega stórar og miklar verksmiðjur, þar sem er hægt að nota hverja mínútu, hvert handtak. Og hvað höfum við svo hér heima? Við höfum kannske smásjoppur, þar sem 1, 2, 3, 4, 5, 6 og upp í 10 menn vinna. Þannig er helmingurinn af iðnaðinum. Ætlið þið að fara að koma að einhverju af viti í þessu? Það þýðir ekki að vera að prédika þetta, eins og gert er í Morgunblaðinu, og tala sífellt um þetta, vegna þess að þið verðið að gera ykkur ljóst, þeir sem ráða þessu þjóðfélagi, að það, sem verður að gerast, áður en hægt er að koma þessu viti á, það er, að þessi fyrirtæki fari á hausinn. Það er það, sem hefur gerzt úti í Hollandi eða hvert sem er farið til að skoða hagræðinguna, að stórkapítalistar hafa útrýmt þeim smáu. En þið kinokið ykkur við að eyðileggja millistéttina, sem stórkapítalistarnir gera, vegna þess að þetta er ykkar aðalfylgi. Við skulum vera alveg hreinskilin í þessu. Og það er enginn, sem kærir sig um að gera það. Þess vegna viljið þið kannske fara að ganga í Efnahagsbandalagið til að láta útlendu hringana gera það fyrir ykkur og segja: Þetta er eðlileg þróun. — Það er ekki til neins að tala um við okkur, sem höfum einhverja hugmynd um ökonómí, og ætla að fara að prédika yfir okkur, að það eigi að framkvæma vinnuhagræðingu í smáiðnaði á Íslandi, eins og í nútíma kapítalísku þjóðfélagi. Við getum tekið nokkur hraðfrystihús, við getum tekið síldarverksmiðjurnar, og ég er samt hræddur um, að ef Findus International væri komið hérna, þá mundi ekki verða nýtt eitt einasta af þeim fáu hraðfrystihúsum, hvorki eitt né tvö af þeim, sem finnast, og mundu verða byggð önnur og stærri á öðrum stöðum, sú bylting stórauðvaldsins sköpuð, sem Efnahagsbandalagið er að ryðja braut fyrir.

Ef við tækjum annað dæmi. Hvernig eru framleiðslutækin hagnýtt í þessum iðnaði hér á Íslandi? Ég kom einu sinni inn í eina verksmiðju,

súkkulaðiverksmiðju, sem var verið að sýna okkur, og sá karamelluvél. Hún starfaði í nokkra klukkutíma á ári, því að hún gat framleitt allar karamellur, sem Ísland þurfti, á örfáum vikum. Og ég get miklu frekar trúað því þau tíu ár síðan, að við hefðum flutt inn fleiri slíkar karamelluframleiðsluvélar, og það hefur verið svo óskipulagt allt saman þetta, að það er ekki til neins að vera að tala um háþróað iðnaðarland í sambandi við það. Ef það hefði verið eitthvert vit í þessu og einhver áætlun fyrir fram um það, þá var hægt að hafa hér háþróað iðnaðarland. En það hefur aldrei fengizt. Þetta hefur verið einkabrask hjá einstökum aðilum og það er kippt í spottann, svo framarlega sem mönnum finnst þeir ekki geta matað krókinn nógu vel, vegna þess að þetta eru máttarstólpar t. d. Sjálfstfl. Nei, það þarf að verða mjög mikil breyting, líka á þeim iðnaði, sem fyrir er á Íslandi, áður en við getum farið að tala um framleiðnina. Hún útheimtir stórframleiðslu á öllu þessu, og með þeirri stórframleiðslu er ekki rúm fyrir 9/10 af þeirri atvinnurekendastétt, sem nú er til á Íslandi í iðnaðinum.

Þá kom hæstv. viðskmrh. inn á kaupmátt tímakaups Dagsbrúnarmanna og lífskjörin í sambandi við það. Og ég vil nú gjarnan, að við reynum að komast hjá orðaleikjum í sambandi við þetta, hvort lífskjör hafi batnað og lífskjör versnað og annað slíkt. Hvað skiljum við, þegar við tölum um lífskjör? Hæstv. viðskmrh. vildi efast um, að minn mælikvarði um kaupgetu tímakaupsins væri réttur. Ég vil halda því fram, að hann sé sá eini rétti um hin raunverulegu lífskjör. Ef maðurinn, sem vinnur fyrir fjölskyldu, þarf til þess að vinna sómasamlega fyrir sinni fjölskyldu að fara að vinna 12 tíma á dag, þarf að vinna allar helgar, þarf að vinna allt orlofið, þarf helzt að senda konuna sína út líka og reyna að koma börnunum einhvers staðar fyrir og fær út með því, þótt það væru 100 þús. kr. tekjur á ári, þá eru það bölvuð lífskjör, þá er það þrælavinna, þá er það vinnuþrældómur, sem er leiddur yfir hann, og verri lífskjör. Það er þetta, sem menn verða að gera svo vel að skilja. Góð lífskjör, það er að vinna sæmilegan vinnudag og hafa fyrir þann vinnudag góða afkomu. Þess vegna er rétt að miða við það, hvað einn maður getur fengið til þess að sjá fyrir sinni fjölskyldu með 8 tíma vinnudegi. 8 tíma vinnudagurinn var viðurkenndur 1942 sem slíkur grundvöllur, og þá var búið að við,urkenna hann alls staðar í Evrópu. Og hæstv. viðskmrh. getur farið til allra sósíaldemókrataforingja á Norðurlöndum og spurt þá, hvort verkamönnum á Norðurlöndum þyki það sæmilegt og hvort þeim þættu það sæmileg lífskjör að vinna 10—12 tíma á dag, að vinna orlofið sitt og vinna um helgarnar, og hvort þeim þætti það viðunandi, að það væri boðið upp á það, meira að segja með auglýsingum í útvarpinu: „langur vinnutími“. Þess vegna verðum við frá upphafi að koma okkur niður á það, að hvort lífskjör fara batnandi eða versnandi, það fer eftir því, hvort maðurinn getur unnið betur fyrir sér og sinni fjölskyldu með 8 tíma vinnudegi og jafnvel styttri vinnudegi. Við skulum ekki vera að tala alltaf tveim tungum um þetta mál. Við skulum reyna að koma okkur niður á, hvað góð lífskjör eru og hvað slæm lífskjör eru. Það eru slæm lífskjör að vera þræll og vinna árið út og árið inn 10—12 tíma á dag og geta enga menningu sér veitt og geta aldrei litið í bók. Það eru slæm lífskjör, hvort sem menn hafa 100 þús. eða 200 þús. kr. upp úr því. Og það ætti sérstaklega hæstv. menntmrh. að viðurkenna, ef hann hefur hlustað á verkamenn standa hér upp á fundum í sínum félögum og segja: Það er verið að gera okkur að skepnum. Við dettum út af kl. 8—9 á kvöldin, þegar við erum búnir að borða matinn, þegar við höfum ætlað okkur að fara að lesa blöðin eða líta í bók, við erum svona þreyttir. — Þarna er eiginlega um þrældóm eins og í nýlendum að ræða. En fyrir okkar baráttu hefur ykkur ekki tekizt að koma kaupinu niður í það, sem í nýlendunum er. Og þó erum við farnir að nálgast það. Það er talað um það sem svívirðingu, að í San Salvador og sumum Mið-Ameríkuríkjunum skuli kaup verkamanna vera ⅛ af því, sem það er í Bandaríkjunum. Þeir eru á leiðinni með það niður í það sama hér. Krónan er ekki orðið miklu meiri en eyririnn var fyrir 1914. Og hvað var tímakaupið 1914? 25 aurar. Og í dag er það 25 krónur. Þið hafið með ykkar gengislækkunum og ykkar kúgunarráðstöfunum komið því niður í þetta og eruð svo að reyna að veifa því framan í alþýðuna af því, að ykkur hefur ekki tekizt að skapa atvinnuleysi enn þá, — þótt allar ykkar ráðstafanir miði að því, hefur síldin komið í veg fyrir það og tæknibyltingin í henni, — eruð að segja við fólkið: Lífskjör ykkar eru góð, þau fara batnandi, vegna þess að það, sem þið fáið út með því að þræla svona daginn út og daginn inn, það er nóg til þess, að þið þurfið ekki að svelta.

Við skulum þess vegna alveg hreint koma okkur niður á það og slá því föstu, að sú tafla, sem ég hef hér lagt fram og prentað ár eftir ár, er sannasta og réttasta myndin af því, hvernig lægst launuðu verkamennirnir hafa haft það. Það er rétt, nokkuð af Dagsbrúnarmönnunum hefur nokkuð bætt sín kjör frá því, sem þarna er. Nokkrir taxtar hafa þarna hækkað upp yfir það, getur munað 3% á þeim næsta og annað slíkt, og nokkrir fagverkamenn hafa hærra kaup. En ef við vildum nú fara eftir því, sem einu sinni var við okkur sagt: Það, sem þið gerið mínum minnsta bróður, — þá skulum við miða við þá, sem minnst hafa af að lifa. Þess vegna mótmæli ég því, að eftirvinna Dagsbrúnarmanna og annarra verkamanna á Íslandi sé tekin sem þáttur í lífskjörunum. Það er hægt að taka það sem þátt í þrældómnum, sem verið er að leiða yfir menn, en ekki í bættum lífskjörum. Það er hægt að taka það sem dæmi um neyðarúrræði, sem menn grípa til, þegar verið er með gengislækkunum og öðrum kúgunarráðstöfunum að svipta þá því, sem þeir hafa. En öðruvísi er ekki hægt að taka það.

Þá talaði hæstv. viðskmrh. um lækkun skattanna og hækkun fjölskyldubótanna og annað slíkt. Vissulega, kjarabætur, sem alþýða manna t. d. á Norðurlöndum knýr fram á vegum ríkisins, eru venjulega ekki reiknaðar í þeirri daglegu

vísitölu, sem kaupgjaldið snertir. Annars vegar reynir verkalýðurinn að knýja fram frá auðmannastéttinni eitthvað af hennar gróða í hækkuðu tímakaupi til sín. Hins vegar reynir hann að knýja fram með áhrifum sínum á ríkið ýmsar ráðstafanir, sem geta orðið honum til bóta, eins og hækkun fjölskyldubóta og lækkun skatta. En því aðeins verður lækkun skatta og hækkun fjölskyldubóta verkamönnum sjálfum til góða, að það séu þá ekki hækkaðir á þeim tollarnir í staðinn og farið að taka með neftollum það, sem áður var tekið með tekjuhækkandi sköttum.

Svo talar hæstv. viðskmrh. um kaup Dagsbrúnarmanna, og skildist mér, — ég hafði ekki skrifað allt orðrétt, — að það hefði frekar farið batnandi hjá honum 1959—1962, á tíma þessarar ríkisstj. Var ekki kaup Dagsbrúnarmanna, áður en það var skorið niður, þegar vísitölunni var rænt, yfir 23 kr. á tímann? Er það ekki núna 25? Það er ekki 10% hækkun, held ég, frá því, sem þá var. Og hvernig er meira að segja með sjálfa vísitölu ríkisstj., hvernig hefur hún breytzt á þessum tíma? Vísitala vöru og þjónustu, miðað við 100 í marz 1959, er 141. Ef húsnæðið er tekið með, þá er hún 135. Og hvernig er húsnæðisliðurinn reiknaður hjá hæstv. ríkisstj.? 10 þús. kr. á ári í leigu fyrir 4 manna fjölskyldu. Hvað vill hæstv. ríkisstj. útvega mörgum verkamönnum í Reykjavík leiguhúsnæði í dag fyrir 10 þús. kr. á ári? Ég býst við, að henni yrðu boðnar 20, henni yrðu jafnvel boðnar 30, en ég efast um, að hún gæti útvegað það. Og heildarútkoman meira að segja hjá henni, þegar opinberu skattarnir og allt saman er reiknað með, er 125, 25% hækkun meira að segja hjá henni með öllum hennar útreikningum og með húsaleigunni svona. Það kemur út hjá ríkisstj., þegar hún reiknar með, að menn eigi þó að komast af með 10 þús. kr. húsnæði, að fjögurra manna fjölskylda þurfi 79 þús. kr. til þess að lifa af, og þar með eru bæði vörur, þjónusta og húsnæði. Og hvað er það, sem einn Dagsbrúnarmaður getur haft upp með 8 tíma vinnudegi? Ætli það sé ekki 55 þús., eitthvað svoleiðis. Það er orðið langt fyrir neðan alla vísitölu framfærslukostnaðar, eins og sjálf ríkisstj. lætur reikna hana, langt fyrir neðan það, sem þarf bara fyrir vörur og þjónustu, sem er 68 þús., þó að menn hafi þá ekkert fyrir húsnæði eða neinu öðru. Þetta er þróunin í þessu.

Svo kemur hæstv. viðskmrh. með langa lista og töflur, sem hann er búinn að láta reikna út um, að frá 1952 hafi meðaltekjur þriggja stétta hækkað úr 36 þús. kr. upp í 98 þús. 1962, og lætur svo umreikna þetta með því að deila með neyzluvöruvísitölunni í þessar heildartekjur. Nú skulum við í fyrsta lagi athuga, þegar hann tekur þessar þrjár stéttir, — fyrir utan verkamenn eru það bæði sjómenn og iðnaðarmenn, — þá eru teknar allar þær tiltölulega miklu tekjur, sem margir, t. d. faglærðir byggingarmenn, hafa haft á sínum tíma, þá eru teknar á seinustu árunum allar þær uppgripatekjur, sem orðið hafa í sambandi við síldina, þannig að hlutur launþegans verður þarna mjög lítill. En nú skulum við athuga þessar tölur hæstv. viðskmrh. Hann byrjar með því að láta reikna þetta frá 1950 og setur 1950 sama sem 100. Má ég spyrja hæstv. viðskmrh.: Af hverju lét hann ekki byrja árið 1945 eða 1942? Vill hann ekki gera mér þann greiða að reyna að láta reikna þetta út og koma í næstu ræðu með lýsinguna á því, hvernig þróunin hafi verið frá 1942 og fram til þessa dags. Það, sem ég hef byggt á í mínum skilgreiningum hér, er einmitt 1945 og hvernig það hins vegar var árið 1950. Árið 1950 var kaupmáttur tímakaupsins 92% miðað við 100, sem hann er 1945, en það er það, sem hann leggur til grundvallar. Svo sýnir hann fram á, hvernig þetta hafi versnað, og 1958 er þetta komið upp í 129 úr 100 1950. 1959 verður þetta 139 og svo kemur stöðnunin. Í 4 ár er þetta það sama svo að segja, 139 upp í 142, og það þrátt fyrir það, þó að tvö síðustu árin, 1961 og 1962, séu langsamlega beztu síldveiðiár, sem íslenzkt þjóðlíf þekkir.

Það eina, sem sannast með þessu, er, hvað íslenzkur verkalýður vinnur miklu meira og leggur á sig miklu meiri þrældóm en nokkur verkalýður í nokkru nágrannalandi, og að auðmannastéttinni á Íslandi hefur ekki tekizt nema á einu litlu tímabili á þessu ári og 1950 og 1951 að koma verulegu atvinnuleysi á, þannig að það drægi þarna úr. Nú vildi ég biðja hæstv. viðskmrh. að láta reikna út, hvernig þetta var fyrir 1950, helzt aftur til 1942.

Þá kemur hæstv. viðskmrh. að hlut launþega í þjóðartekjunum. Má ég nú spyrja: Hvernig stendur nú á því, þegar hæstv. viðskmrh. loksins setur þessa blessaða Efnahagsstofnun til þess að reikna eitthvað út, að hann, þessi mikli foringi Alþfl. á Íslandi, þessi maður, sem segist bera verkalýðshreyfinguna fyrir brjósti, lætur ekki reikna út, hver er hlutur auðmannastéttarinnar á Íslandi í þjóðareign Íslendinga og í þjóðartekjum Íslendinga og hver hann hefur verið allan þennan tíma? Af hverju lætur hann ekki Efnahagsstofnunina reikna þetta út? Af hverju á þetta allt að vera á huldu? Af hverju megum við aldrei fá þetta lagt fyrir okkur, sem við þó getum fengið að vita undireins, ef við flettum upp í skattskýrslum í Bandaríkjunum, hvernig auðmennirnir hafa það þar? Af hverju er hann að dylja okkur þessa? Af hverju setur hann ekki Jónas Haralz og alla þessa miklu vísindamenn í að reikna út, hver er hlutur auðmannastéttarinnar á Íslandi í þjóðartekjunum og hvernig hann hefur breytzt — og taka þar með líka þjóðareignirnar, taka þar með líka, hvernig hlutur auðmannanna hefur breytzt við tvennar undanfarnar gengislækkanir, þegar búið var að hækka dollarinn úr 6.50 í 16.50 og svo upp í þessar 43, sem hann er í núna, hvernig hefur breytzt eignahluturinn í sambandi við skuldirnar í bönkunum og eignahlutdeildina í fyrirtækjunum, sem hafa vaxið að verðgildi og raungildi að sama skapi og gengið hefur verið lækkað? Vill hann ekki reikna út, hvað auðmannastéttinni íslenzku hefur verið gefið með þessum ráðstöfunum? Nei, í staðinn eru aðeins reiknuð hlutföll launþega í þjóðartekjunum. Það á alltaf að vera að veifa því, að launþegarnir hafi víst aldeilis nóg. Og nú skulum við athuga þann hlut. Vill hann ekki gera mér þann greiða næst, þegar hann kemur í stólinn, að setja það

fram til 1942? Og hvað kemur þá út? Jú, hlutur launþega í þjóðartekjunum á Íslandi frá atvinnuleysisárinu 1950, þegar hann var 100, kemst 1959 og 1960 loksins upp í 110. Við vitum, hvað það var. Það voru kauphækkanirnar, sem verkalýðurinn knúði fram 1958, í tíð vinstri stjórnarinnar, sem lyftu kaupinu þá upp, og það, að gengislækkunin var ekki framkvæmd fyrr en síðar á árinu 1960. En hvað gerist svo? Svo lækkar hlutdeild launþeganna í þjóðartekjunum árin 1961 og 1962. Hún fer úr 110 niður í 106. Og þessi tvö ár eru beztu síldarárin, sem Ísland hefur fengið. Þá lækkar hlutfallslegur hlutur launþeganna á Íslandi í þjóðartekjunum úr því, sem var tveim árum áður, og það þegar gengur hvað allra bezt einmitt með síldina.

Ég held, að þegar við fengjum að sjá þetta reiknað aftur til 1945, að það muni koma út, að hlutur launþega í þjóðartekjunum sé minni en hann var 1945 og 1946. Hins vegar liggur náttúrlega í augum uppi, að þessi hlutur hefði átt að vaxa. En hæstv. viðskmrh. neyðist til að viðurkenna, að þjóðartekjurnar hafa vaxið og þjóðareignin hefur vaxið stórkostlega. Og má ég nú biðja hann um að koma með og lesa upp næst, hver er hlutur auðmannastéttarinnar á Íslandi og hefur verið í öll þessi ár í þjóðareigninni annars vegar og í þjóðartekjunum hins vegar? Ég held, að það ætti ekki að verða skotaskuld að reikna það. Það er búið að gerbylta öllu skattafyrirkomulaginu á Íslandi til þess að tryggja m. a., að auðmannastéttin telji rétt fram. Það þarf víst ekki að óttast um heiðarleikann hjá henni úr þessu, úr því að búið er að vera svona góður við hana.

Hvað sýnir sem sé þetta, sem hæstv. viðskmrh. er þarna að reyna að koma með? Það sýnir, að hlutur launþeganna í þjóðartekjunum hefur hlutfallslega versnað, miðað við hvað þjóðartekjurnar hafa vaxið. Og þá skulum við strax setja fram spurninguna um það: Er þetta vegna þess, að verkalýðshreyfingin hafi ekki barizt nægilega vel fyrir hækkuðu kaupgjaldi? Vill hæstv. viðskmrh. halda því fram, að þeir, sem hafa haft forustu fyrir verkalýðshreyfingunni, hafi farið of sjaldan í verkföll, að þeir hafi verið of linir gagnvart atvinnurekendum, að þeir hafi hlíft þeim of mikið við kauphækkunum? Vill hann halda því fram? Nei, ég hef stundum heyrt hitt hljóðið úr horni ríkisstj., að það hafi einhverjir vondir menn stjórnað verkalýðshreyfingunni, sem sé bókstaflega alltaf að fara út í verkföll. Hins vegar hefur frá mínu sjónarmiði verið farið ákaflega hóflega í það. En hvað er það, sem hefur gerzt? Það hefur gerzt, sem er einsdæmi í allri þeirri kapitalísku Evrópu, að þegar verkamenn eru að hækka sitt kaup, þá hefur ríkisvaldinu og bankavaldinu verið beitt þannig, að það hefur verið lækkað gengið til þess að svipta verkamenn árangrinum af kauphækkuninni. Vill hæstv. viðskmrh. nefna mér eitt einasta dæmi um svona aðfarir? Vill hann máske vitna í Ludwig Erhard, efnahagsmálaráðherra Vestur-Þýzkalands? Það er nefnilega öfugt hjá honum, að auðvitað kæmi ekki til mála að gera neitt slíkt. Dettur hæstv. viðskmrh. í hug, að fjmrh. Bretlands mundi detta í hug að hóta því og þaðan af síður framkvæma það að lækka gengi sterlingspundsins, svo framarlega sem kaupgjald hækkar? Er nokkur efnahagsmálaráðherra á Norðurlöndum, sem mundi dirfast að koma fram með þess háttar hótanir, þaðan af síður gera það? Nei, Ísland er einsdæmi í allri Evrópu hvað þetta snertir. Svona misnotkun ríkisvaldsins hefur hvergi tíðkazt. Og það er náttúrlega um leið einsdæmi, að slíkt sé gert af flokki, sem kennir sig við alþýðu manna, þ. e. Alþfl., að hann skuli taka þátt í að láta þá auðmannastétt, sem er búin að bíða lægri hlut í frjálsum átökum við verkalýðinn, búin að tapa í átökum, svo ójafn sem leikurinn er fyrir verkamenn að hefja sína verkfallsbaráttu og verða stundum næstum því að svelta, — atvinnurekendastéttin er búin að tapa og búin að fallast á að hækka kaupið, þá kemur ríkisstj. og sviptir meira að segja Alþingi með stjórnarskrárbroti valdinu til þess að ráða genginu og lækkar gengið. Heldur nú hæstv. viðskmrh., þegar Alþfl. tekur þátt í að gera hluti, sem engin auðmannastétt í Evrópu leyfir sér að gera gagnvart verkalýð, að það sé vænlegt til þess að tryggja slíkum flokk fylgi? (Forseti: Ég spyr hv. þm., hvort hann óski eftir því að fresta ræðunni eða . . .) Já, ég óska eftir því. Ég hef nú lokið þeim kafla, sem snertir þær ádeilur, sem komu fram, og ég mun nú taka áætlunarbúskapinn í því, sem fer á eftir. Ég skal verða við því, að fresta ræðu minni. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 29. fundi í Nd., 17. des., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Einar Olgeirsson) [frh.]: Forseti. Ég var þar kominn í ræðu minni, að ég var að svara hæstv. menntmrh. Ég sé hann nú ekki hér, en þætti vænt um, ef hann væri látinn vita, að ég væri að tala til hans. En áður en ég held nánar áfram með það, langar mig til að leiðrétta eitt.

Í minni síðustu ræðu, þegar við vorum að ræða um tímakaupið og um Dagsbrúnarkaupið, í sambandi við kaupgetu tímakaupsins sem mælis á lífskjör verkalýðsins, sem ég hélt mjög eindregið fram að væri sá rétti mælikvarði og ég held við enn þá, þá gleymdist mér að gera þá athugasemd, að auðvitað á það við fulla atvinnu. Það er náttúrlega gefið, að svo fremi sem ekki er full atvinna, ef atvinnuleysi er, þá verður náttúrlega kaupgeta tímakaupsins ekki lengur réttur mælikvarði á lífskjör verkalýðsins. Ég vil aðeins taka þetta fram, af því að mér mun hafa láðst að ítreka það, þó að það liggi náttúrlega í sjálfu sér, að það sé svo.

Enn fremur varð mér það á í sambandi við Dagsbrúnarkaupið, að ég reiknaði með, að það hefði verið um 10% sú hækkun, sem orðið hefði frá því 1959 þar til nú, en hún er 4%. Dagsbrúnarkaupið var 23,86 kr., þegar það var skorið niður með vísitölulögunum 1. febr. 1959, og er nú ekki nema tæpar 25 kr., svo að það eru ekki nema 4%. Og um leið er rétt að minna á það, að tvisvar á þessum tíma hefur ríkisvaldið, — og það er ríkisvald, sem Alþfl. hefur staðið að, — verið notað til þess að lækka þetta kaup, fyrst um ca. 10% með vísitölubreytingunni eða með því að

þanna hana með lögum, vísitöluna, og síðan með ákvörðun um gengislækkunina.

Þá langar mig aðeins til að ítreka betur í sambandi við það, sem hæstv. menntmrh. minntist á, þegar hann vitnaði í Einar Benediktsson, sérstaklega þegar það er í annað skipti, sem það kemur fyrir mig, að einn málsmetandi forustumaður í vinstri flokkunum svokölluðu hér á Íslandi beinir þessu sérstaklega til mín. Það var, eins og ég gat um áður, Jónas frá Hriflu, sem gerði þetta fyrir tæpum 30 árum: „Því brauzt ég frá sókn þeirra vinnandi vega á vonlausu klifin, um hrapandi fell.“ Í hvaða sambandi segir Einar Benediktsson þetta? Þetta er, eins og við vitum, kvæðið Gamalt lag, og ég held, að það sé rétt að hugleiða það dálítið nánar, þó að það heyri kannske meira undir bókmenntir en stjórnmál. Það kemur að honum einu sinni, augnablik, í dapurleika hans, eftir að hafa annars háð þá baráttu að reyna að benda íslenzku þjóðinni fram á við, eins og í sínum Íslandsljóðum og öllum öðrum sínum skáldskap, og hefja sig upp úr þeirri bölsýni og eymd, sem hún að mörgu leyti bjó við fyrir aldamótin og margir menn tóku þá á um að hefja hana upp. Og ég held, að þegar hann hlustar þarna á Svíana úti og heyrir múginn gleðjast, Hásvía múg, yfir þessum léttu lögum, hvort þetta hefur nú verið almenningur eða aðrir, — ég held, að hæstv. menntmrh. hefði átt að athuga svo framhaldið, næstsíðustu vísuna í kvæðinu, sem ég vildi leyfa mér að minna hann á. Þá er hann að tala um þessa list, sem snart svona hjarta hans, af því að hann hafði sungið þær vísur, þegar hann var stúdent. Með leyfi hæstv. forseta, ég er að vitna í þetta:

„Já, þetta var listin, sú heilaga, háa,
að hækkast ei yfir hið daglega lága,
að stilla ei hjartnanna hörpur að nýju,
að hljóma þeim næst, því það er þeim kærst;
að forðast ei leik hinnar léttu gígju,
að leita ei neins, af því það sé fjærst,
og bliki þér sjónir af hjartara degi,
að bera þær varlega á annarra vegi.“

Svo heldur hann áfram:

„Ég dvaldi þar aleinn með sál minni sjálfri
í söngvum múgans hjá skálinni hálfri,
og kenndir og þankar mér hverfðust í huga,
svo hvikult er sinnið við gamalt lag.
Mér varð sem þar suðaði fiðrildi og fluga
um flugþreytta haukinn, sem átti sinn dag.
Ó, sorganna líf, unz veröldin vaknar
þú vonar og minnist, þú þráir og saknar.“

Ég held það sé rétt hjá okkur að athuga, þegar verið er að vitna í þessi skáld eins og Einar í sambandi við þetta, hvað það er, sem við dáumst að hjá Einari Benediktssyni. Er það þetta daglega lága? Er það það, sem hann hefur gefið okkur? Eða er það hitt, að hann hóf sig upp yfir það og sá lengra og þorði að sjá fjær og boða það, sem var fjærst, eins og þegar hann var að benda Íslendingum á að reyna að komast eins langt og Frakkinn væri til þess að afla þorsksins? Ég held, að þetta sé einmitt eitt augnablik í ævi þess mikilmennis, sem Einar Benediktsson er, þegar honum leiðist, hvað hans mikilleiki hefur fjarlægt hann fólkinu. Það er skiljanlegt og mannlegt, en það er ef til vill ekki nákvæmlega til að taka til fyrirmyndar, ef menn eiga að leiða eina þjóð til þess að brjótast í gegnum það, sem hún hefur kannske álitið vonlaust klungur. Mér fannst satt að segja, þegar Jónas frá Hriflu skellti þessu á mig um árið, einmitt þeim hauki, sem hann var, vera farið að daprast flugið. Og það versta, sem kom fyrir hann eftir okkar deilur 1933—36, það var að ganga í samfélagið við Sjálfstfl. við undirbúning þjóðstjórnarinnar 1938 og hverfa svo seinna meir sem afleiðing af öllu saman út úr íslenzkri pólitík. Satt að segja, þegar ég fæ frá Alþfl. svona áminningar, þá detta mér í hug línurnar hjá Einari: „Mér varð sem þar suðaði fiðrildi og fluga um flugþreytta haukinn, sem átti sinn dag.“

Annars skulum við ekki vera að fara að ræða bókmenntir hér. En ég vil hins vegar segja það, fyrst hæstv. menntmrh. fór að vitna í þetta, að það, sem gerði, að ég skildist frá Alþfl., var, að mér fannst hann lúta að of lágu. Það gerðist strax í fyrsta samstarfi hans við Framsókn 1927—31, og mér hefur alltaf fundizt það síðan. Mig dreymdi satt að segja stærri drauma um alþýðuna og Ísland en mér fannst Alþfl. og hans foringja dreyma. Þegar þessu er skellt á mann, þá verður manni t. d. að spyrja. Einu sinni vorum við saman um ríkisstjórn, 1944—1946, þegar við hæstv. menntmrh. vorum stuðningsmenn nýsköpunarstjórnarinnar, og eitt af því, sem stundum hefur verið sett fram sem ásökun bæði á mig og Sósfl. þá, var, að við hefðum slitið þeirri stjórn. Það mætti spyrja um það vafalaust, hvort við hefðum brotizt frá sókn hinna vinnandi vega. Og ég vil spyrja hæstv. menntmrh.: Álítur hann, að við höfum gert rétt eða ekki? Ég man ekki betur en hann væri sammála okkur þá, þegar við slitum þeirri stjórn, að okkur hafi dreymt hærra, þegar við stofnuðum lýðveldið á Íslandi, heldur en láta Keflavíkursamninginn fylgja á eftir, og hæstv. menntmrh. var okkur sammála um það, skildi sig frá sínum flokki í því. Og ég held, að við höfum einmitt verið að brjóta okkur rétta braut áfram þar. Nú vil ég enn fremur minna hæstv. menntmrh. á: Höfðum við ekki á réttu að standa, Sósfl., 1944, þegar við börðumst fyrir nýsköpunarstjórninni? Var það að brjótast frá sókn hinna vinnandi vega? Var það ekki einmitt að sýna fram á, að það, sem mönnum fannst ákaflega fjarlægt þá, væri virkilega vinnandi vegur. Við urðum að reyna að telja Alþfl. trú um, að þetta væru vinnandi vegir. Við höfum alltaf þorað að hugsa nokkuð hátt í þessum efnum. Og það hefur ef til vill verið það bezta og dýrmætasta, sem við höfum getað gert fyrir okkar þjóð. Það hefur oft verið erfitt fyrir okkur að telja ýmsum trúlitlum mönnum trú um, að það væri hægt að fara þær leiðir, sem við sýndum fram á og þeim hefur fundizt vera vonlaust klungur. Man hæstv. menntmrh. t. d., hvað Alþýðublaðið sagði um það þegar við drógum upp myndina af þeirri nýsköpunarstjórn, sem hægt væri að mynda 1944? Ég held ég megi til með að minna hæstv. menntmrh. á það, þó að það sé

dálítið löng tilvitnun, með leyfi hæstv. forseta, vegna þess að hún er í nákvæmlega sama dúr og það, sem hæstv. menntmrh. skellti á mig. Það var ritstjórnargrein í Alþýðublaðinu 14. sept. um ræðu, sem ég hafði haldið á Alþingi. Hún byrjaði svona, með leyfi hæstv. forseta:

„Það væri synd, ef blöðin létu útvarpsumr. um dýrtíðarmálin á Alþ. svo fram hjá sér fara, að þau minntust ekki lítið eitt á ræðu Einars Olgeirssonar, því að sannarlega á hún það skilið að geymast með þjóðinni til minningar um hvort tveggja í senn, hlægilegasta skýjaglópinn og tungumjúkasta hræsnarann, sem sæti hefur átt í sölum Alþ."

Síðan var haldið áfram, og nú hleyp ég yfir ofur lítið:

„Og svo byrjaði hann að telja upp eins og eggjakonan að fornu, hvað hann ætlaði að kaupa fyrir hina miklu fjárupphæð, þegar hann væri búinn að fá hana í hendur. Það voru 20—30 nýir dísiltogarar af beztu gerð, 200—300 nýtízku vélbátar, hentug millilandaskip til flutninga á afurðum okkar, 4—5 stórvirkar síldarverksmiðjur, nýtízku hraðfrystihús og niðursuðuverksmiðjur, vélar til þess að umbylta landbúnaðinum, svo að hægt væri með þeim að slétta meira landflæmi á Íslandi á næstu 4—5 árum en sléttað hefur verið, síðan land byggðist, og svo stórvirk landbúnaðarverkfæri, að afköst hvers manns, sem með þeim vinnur, ættu að verða 5—10 sinnum meiri en nú, vélar og efni til rafvirkjunar, stórfelldari en Sogsvirkjunin og Laxárvirkjunin til samans, vélar og efni til þess að reisa áburðar- og sementsverksmiðjur, vélar til innanhússþarfa, vélar og efni til íbúðarhúsabygginga til bæja og sveitar, til hafnarmannvirkja, til hagnýtra vegagerða og margt og margt fleira, „því að þannig mætti lengi telja," bætti ræðumaðurinn við. Það var engu líkara en við værum að hlusta á gamla frásögn ritningarinnar: Sjá, allt þetta vil ég gefa þér, ef þú fellur fram og tilbiður mig." (Gripið fram í.) Svona reiknaði ég það nákvæmlega út, og það getur hæstv. ráðh. fengið hérna, hvað var þegar útreiknað. Ég skal segja það, fyrst hann spyr að því, ég ætla aðeins að gá eitt augnablik.

Hér getum við fengið allan útreikninginn um 200 vélbátana, 20—30 togarana, þar sem við erum að reikna út, hvað má kaupa fyrir 500 millj. kr., Eimskipafélagsskipin, vélar og efni í verksmiðjurnar, niðursuðuverksmiðjurnar og allt saman. Ég fer ekki að lesa það allt, en það er hér allt, ef hann vill fá það, og það eru ekki nærri því 500 millj., þetta, sem er reiknað út, 296½ millj. Það voru miklir peningar þá nefnilega. (Gripið fram í: Eru rafvirkjanir með?) Rafvirkjanir eru þarna einhverjar. (Gripið fram í.) Já, það kostar ekki mikið að kaupa vélarnar í þær. Vinnan er hvergi reiknuð með í neinu af þessu, heldur efni og vélar, og það er hér allt. Við skulum sjá, rafvirkjun, það eru 70 millj. kr., 30 þús. hestöfl til viðbótar þessum 45, og ef við vildum bæta við, svo að það væri meira, þá þýðir það ca. 100 millj. Hitt var ekki komið nema upp í 300.

Ég sé, að hæstv. menntmrh. er ofur lítið smitaður enn þá af hugsunarhætti Alþýðublaðsins frá 1944. Hann hefur ekki lært meira en það, að honum ógnar þetta svona. En þetta var sem sé allt saman hægt að gera og meira til. Og það, sem voru erfiðleikar með, var að fá að halda í þessa peninga, sem til voru, vegna þess, hve ágengt verzlunarauðvaldið í Reykjavík var í að mega eyða þeim. Og það var það, sem við urðum að berjast út af. Alþýðublaðinu þótti þá vonlaust klif og hrapandi fell að fara að leggja í þetta. Þeim þóttu þetta skýjaborgir, 20—30 togarar. Þegar þeir fóru svo árið eftir að kaupa 32 togara, þá þótti mönnum ástæða til þess að vera stoltir, þegar þeir sigldu hér inn á Reykjavíkurhöfn.

En svona er þetta enn þá. Það, sem við höfðum álitið vinnandi veg fyrir okkar þjóð, það hefur sýnt sig að vera það. Þetta, sem Alþýðublaðið er þarna að gera gys að, er raunverulega öll sú nýsköpun, sem fram hefur farið á Íslandi síðan þetta hófst, og grundvöllurinn var lagður að því þá. Við þorðum að fara með þjóðina út í þetta, sem sumir héldu að væri einhver eyðimerkurganga eða hrapandi fell. Og þjóðin kom glæsilega út úr þessu. Hún kom sem sterkari, tæknilega menntaðri og tæknilega betur útbúin þjóð.

Hvað snertir áætlunarbúskapinn í sambandi við vinstri stjórnina, þá var hæstv. menntmrh. að álasa mér, að við hefðum tekið þátt í tveimur ríkisstjórnum og það hefði ekkert fengizt gert í þessu. Ég hef nú þegar minnzt á, hvað þó fékkst gert í nýsköpunarstjórninni og hve miklu það breytti. Hvað snertir áætlunarbúskapinn í vinstri stjórninni, þá er það rétt, að það var gefizt upp við það. Það strandaði á mótspyrnu Framsóknar. Það var staðreynd. Það var ekki það, að Sósfl. eða Alþb. brygðust með það. Alþb. gerði þvert á móti ákaflega mikið til þess að auka þá atvinnutækin, tókst bókstaflega að útrýma t. d. atvinnuleysinu, sem þá hafði verið landlægt í þrem fjórðungum landsins, með því að útvega nægilega mikið af skipum til landsins, þó að það fengist ekki gert skv. neinni sérstakri áætlun. Það strandaði bókstaflega á Framsfl. fyrst og fremst.

Fyrst verið er að tala um þessi vonlausu klif, þá langar mig aðeins til að minna á, fyrst við fórum að tala um vinstri stjórnina, hvernig var með 12 mílna landhelgina. Hvernig var, þegar Alþb. byrjaði að slást fyrir því í vinstri stjórninni? Fannst ekki Alþfl. það þá vonlaust klif og hrapandi fell? Voru þeir ekki svo hræddir við það? Þeir voru búnir eina nótt hér niðri í Alþingi að semja við Sjálfstfl. um að steypa stjórninni til þess að losna við að leggja út í þessa 12 mílna landhelgi. Það voru vonlaus klif og hrapandi fell. Og hvað sýndi sig svo? Jú, Alþfl. hafði þá verið í Hræðslubandalagi við Framsókn, hafði orðið eitthvað hræddur um þm. sína, ef það yrðu kosningar um málið í einstaklingskjördæmunum, sem þá voru, og hann sveik Sjálfstfl. annaðhvort snemma um morguninn eða daginn eftir og hélt áfram trússi við vinstri stjórnina, svo lengi sem það nú var. Og þjóðin lagði út í að færa út landhelgina, og það sýndi sig vera vinnandi vegur. Ég held nefnilega, að það, sem hefur verið erfiðleikinn við Alþfl. á þessum síð-

ustu 30 árum, sé, að hann hefur verið of lítilþægur, þegar hann hefur verið að semja, ekki kannske fyrir sína foringja, en fyrir alþýðuna. Það er fyrst, þegar að því kemur að fara að höggva með Sjálfstfl. í lífskjör alþýðunnar, þá gerist hann stórvirkur. Þá er vísitalan, sem alþýðan er búin að halda í 20 ár, felld burt með lögum einn góðan veðurdag hér á Alþingi. Okkur fannst það vinnandi vegur 1961 að hækka kaup verkamanna um 13%. Hæstv. menntmrh. var að spyrja mig um, hvernig stæði á, að ég ynni ekki með Alþfl.? Ég er mjög reiðubúinn til að vinna með Alþfl., en að því að bæta kjör alþýðunnar. Okkur fannst það vinnandi vegur að hækka kaupið um 13%. Hvað fannst Alþfl.? Honum fannst það ekki. En honum fannst annað vinnandi vegur. Honum fannst það vinnandi vegur að stela þessum 13% af verkalýðnum með því að misbeita ríkisvaldinu. Er það ekki vonlaust klif og hrapandi fell, sem Alþfl. á eftir að hrapa í, ef hann heldur svona áfram? Við álítum slíkt framferði fyrir neðan allt velsæmi, fyrir utan að það er stjórnarskrárbrot. Og svo skorar hæstv. ráðh. á okkur að koma og berjast með Alþfl. fyrir bættum lífskjörum. Hvernig á ég að skilja þetta? Ég er reiðubúinn til að berjast með Alþfl. og einnig Alþb., og ég gæti bezt trúað, að Framsókn væri til í það líka núna að berjast með Alþfl. fyrir bættum lífskjörum, en ekki fyrir gengislækkun, sem rænir alþýðuna lífskjörunum.

Ég held, að það hafi verið mjög gott fyrir hæstv. menntmrh. að koma með allar þessar skáldlegu hugleiðingar, sem hann kom með, og allt þetta uppgjör. Ég held, að það sé komið að þeim tímamótum fyrir Alþfl., að hann þurfi að fara að gera sér alveg ljóst, hvað hann ætlar sér í framtíðinni, hvort hann ætlar sér að halda áfram þessari sjálfsmorðsgöngu sinni eða hvort hann ætlar að stöðva hana. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh., Alþfl. hefur klofnað þrisvar sinnum á 32 árum. En af hverju? Út af því, að á hverjum tíma, þegar hann hefur klofnað, hefur hægri stefnan í honum verið svo ráðandi, að vinstri menn í flokknum gátu ekki sætt sig við það. Ég held, að ef Alþfl. heldur þessu áfram, þá komi hann til með að minnka og falla að lokum. Það er aðeins ein björgun, sem væri til fyrir hann, og það er, ef tækist að koma þjóðinni niður á álíka lágt stig og hann er sjálfur á. Það vona ég að eigi ekki fyrir þjóðinni að liggja, enda er ég hræddur um, að ef svo færi, þá mundu það verða allmargir, meira að segja þeir, sem eru í Alþfl., sem mundu hugsa eins og einn kunnur rithöfundur, sem var alllengi í Alþfl., en eftir að Alþfl. tók upp hið mikla samstarf sitt við Sjálfstfl., sagði hann, að hann vildi heldur vera á höfuðbólinu en hjáleigunni, og kaus að halda þangað.

Þá kom hæstv. ráðh. að því, að raunverulega væri Alþfl. alveg inni á svipuðum hugsunum og þeim, sem ég var með í mínu frv., og raunverulega væri þessi ríkisstj., sem nú sæti að völdum, einmitt að framkvæma þessar hugsjónir. Það vantaði raunverulega ekkert annað en þetta til að bæta ofan á allt saman, að hugsjónirnar, sem Alþfl. hefði verið að berjast fyrir allan tímann, væru að skapa ríkisstj., sem gæti svipt alþýðuna réttinum, sem hún hefði samkv. kaupsamningum til að fá vísitölu á móti dýrtíð, og geta lækkað hjá henni gengið, svo framarlega sem hún hækkaði kaupið sitt, það atriði, sem Stefán Jóh. Stefánsson fékk tekið út úr gengislækkunarfrv. 1950, eins og ríkisstj. lagði það fyrst fram.

Við skulum þá athuga spursmálið um áætlunarbúskapinn, um planökonómiuna. Það er hægt að gera tvennt með því að koma á sterkum tökum ríkisins og skipulagningu á þjóðarbúskapnum. Það er annars vegar hægt að nota slíkt kerfi til þess að styrkja tök einokunarauðvalds á þjóðarbúskap. Það er ekkert spursmál um það, að skipulagning út af fyrir sig er atriði, sem einkennir allt atvinnulíf á okkar öld meira en nokkurri annarri öld fyrr. Okkar öld er annars vegar öld sósíalismans og hins vegar öld einokunarkapítalismans, einokunarauðvaldsins, öld þeirra gífurlegu einokunarhringa, sem nú ráða lögum og lofum í löndum eins og Bandaríkjunum, Bretlandi og öðrum slíkum, Þýzkalandi og slíkum. Og það, sem er höfuðeinkenni slíkra hringa, eru hin gífurlegu samtök og hin volduga skipulagning og ágæta skipulagning, sem þessir hringar hafa. Atvinnulífið er skipulagt mjög svo skynsamlega einmitt með það fyrir augum að geta trampað ekki aðeins á þeim smáu og gleypt þá, heldur líka geta barizt gegn þeim, sem eru stórir. Og þetta er einkenni og þróun okkar aldar. Ef við viljum nú koma á sterkari tökum einokunarauðvaldsins á ríkisbúskapinn, þá er það náttúrlega hægt með ýmsu móti. Það er hægt með því, að það einokunarauðvald, sem hefur hin pólitísku völd, ráði líka ríkisreknu atvinnutækjunum. Við skulum segja t. d. hérna hjá okkur, þá kemur þetta greinilega fram í því, að þegar verkamenn eiga í verkfalli núna, þá lætur það auðvald, sem ræður ríkjum, ríkisreknu fyrirtækin standa með einkaatvinnurekendunum í verkföllunum. Það urðu hörð átök, eins og hæstv. ráðh. man, um síldarverksmiðjur ríkisins 1961, og það virtist sem ríkisstj. ætlaði jafnvel að reyna að stöðva ríkisverksmiðjurnar og hindra, að þær gengju að samningum, sem margir einkaatvinnurekendur, m. a. fyrir norðan, höfðu þá gengið að. M. ö. o.: það var verið að hagnýta fyrir einkaauðvaldið í landinu valdið yfir ríkisreknu fyrirtækjunum. Sú skipulagning, sá ríkisrekstur, sem bæði við og Alþfl. höfum barizt fyrir, verður í þessum tilfellum notað til þess að bæta aðstöðu auðvaldsins í landinu með því að gefa því auðvaldi þá líka vald yfir ríkisreknu fyrirtækjunum. Það var ekki verið að berjast fyrir slíku, þegar Alþfl. og verkalýðshreyfingin upphaflega var að berjast fyrir ríkisreknum fyrirtækjum. Það var verið að berjast fyrir því að fá fyrirtæki, sem sýndu sanngirni gagnvart verkalýðnum, hjálpuðu honum til þess að hækka kaupið.

Annað atriði, sem hægt er að gera til að nota tök einokunarauðvalds á ríkisvald og þar með á ríkisreknu fyrirtækin, eru t. d. bankarnir. Það hefur hvað eftir annað gerzt einmitt í þeim vinnudeilum, sem hér hafa verið háðar, að bankarnir hafa beinlínis verið notaðir í þágu auðvaldsins í landinu. Bankarnir hafa máske hjálpað til að birgja auðmennina að fé, á meðan verkamenn stóðu í verkfalli við atvinnurekendur, ganga t. d.

ekki að þeim, þeir áttu að borga þetta, og jafnvel ýta undir þá. Það eru jafnvel þess dæmi, að ríkisbankarnir hafi verið notaðir til þess að láta atvinnurekendurna vera harðvítugri í kaupgjaldsmálum. Haldið þið, að það hafi verið slíkt, sem verkalýðshreyfingin var að berjast fyrir, þegar hún vildi, að bankarnir væru eign ríkisins? Hún hafði þá hugmynd, að ríkið ætti að vera fyrir þann smáa í þjóðfélaginu, ekki fyrir þann ríka og volduga, að ríkið ætti jafnvel að vera vörður réttinda þeirra smáu. En hvað gerir Alþfl., þegar svona er gert? Það er ekki aðeins, að hann ýti á bankana, að þeir ættu að hjálpa verkalýðnum í slíku, og hefur þó Alþfl. bankamálaráðh., ef ég veit rétt, svo að hann gæti sett alla bankastjórana af daginn eftir, ef þeir vildu ekki hlýða honum í þessu. Það vantar ekki, að ritari Alþfl. hafi nægilegt vald. Nei, ég er hræddur um, að það hafi verið þvert á móti. Þegar verkamenn höfðu sigrað, þrátt fyrir það þó að ríkisvaldið hafi verið notað, bæði síldarverksmiðjurnar og bankarnir, til aðstoðar við einkaauðvaldið í landinu, þá hafa Alþfl.-ráðh., svo að segja daginn eftir að verkamenn voru búnir að sigra, fyrirskipað bönkunum á bak við tjöldin að lækka nú gengið og með stjórnarskrárbroti gefið þeim vald til þess. Það eru ekki svona tök á ríkisvaldinu, sem verkalýðshreyfingin hefur yfirleitt verið að berjast fyrir.

Það er hægt að framkvæma skipulagningu þjóðarbúskapar ákaflega mismunandi. Fyrsta spurningin, sem alþýðan kemur til með að setja fram í því sambandi, er: Fyrir hvern er skipulagt? Við skulum segja t. d., ef það á að vera þáttur í skipulagningunni á þjóðarbúskapnum hjá Alþfl. í núv. ríkisstj. að láta lækka gengið um 13%, koma á þessum vinnuþrældómi, sem nú er, lækka kaupgetu tímakaupsins úr 100 niður í 83, þá er það skipulagning, sem er bara til góðs fyrir auðvaldið í landinu. Hins vegar sá áætlunarbúskapur, sem við berjumst fyrir, sem verkalýðshreyfingin á Íslandi hefur barizt fyrir og Alþfl. barðist fyrir, meðan var og hét, það er áætlunarbúskapur til þess að styrkja tök verkalýðsins og vinnandi stéttanna á þjóðarbúskapnum, til þess að bæta þannig fljótar lífskjör verkalýðsins og til þess að efla miklu hraðar iðnaðinn en auðvaldsskipulagið getur gert, m. ö. o. að hraða öllum þeim ráðstöfunum, sem eiga að verða til þess að geta bætt kjör verkalýðsins. Það er þessi spurning, sem þess vegna verður alltaf að setja fram, þegar er verið að ræða um þessa hluti. Ég veit, að þessi ruglingur er ákaflega gamall í heilum hv. Alþfl.-manna. Ég man eftir fyrir 30 árum, svo að ég fari langt aftur í tímann, þá var hæstv. núv. forsrh. um skamman tíma dómsmrh. og sjútvmrh. á Íslandi, í desember 1932, meðan Magnús Guðmundsson var að sleppa við að fá sinn dóm. Og hvað gerðist þá? Jú, þá var kreppa. Þá voru útvegsmenn að fara á hausinn, og þá voru Kveldúlfur og Alliance að fara á hausinn, og ef þeir hefðu farið á hausinn, þá var Landsbankinn farinn á hausinn, — það var allt að fara á hausinn. Og hvað gerðist þá? Jú, Ólafur Thors, sem þá var ráðh., setti á einokun á saltfisksútflutningi, og það var frá hans sjónarmiði mjög skynsamleg ráðstöfun, því að það var ráðstöfun, sem gaf Kveldúlfi og Alliance ráðin yfir öllum saltfisksútflutningnum frá Íslandi. Það var m. ö. o. tekinn upp ríkisútflutningur á saltfiski og þessi ríkisútflutningur var fenginn í hendur ákveðnu fyrirtæki, sem þá var stofnað og kallað Sölusamband ísl. fiskframleiðenda. Og atkvæðisréttinum var hagað þannig í því miðað við þorsktonn, að þessir tveir aðilar væru þar í meiri hl. Hvað sagði Alþýðublaðið, þegar þetta gerðist? Það sagði, að þarna hefði þessi forustumaður Sjálfstfl. neyðzt til þess að gera sósialistíska ráðstöfun með því að láta ríkið taka einokun á þessu, það væri verið að taka þarna upp ríkisrekstur, og fagnaði þessu mjög. Ég er hræddur um, að Alþfl. hafi átt eftir að reka sig á það þá á árunum á eftir og flestir þeirra séð, að það var ekki aldeilis sama, til hvers ríkisrekstur var tekinn upp, hvort hann var tekinn upp til þess að bjarga gjaldþrota auðvaldsfyrirtækjum eða hvort hann var tekinn upp til þess að reyna að bæta lífskjör verkalýðsins.

En hæstv. menntmrh. er í dag að gera nákvæmlega sömu vitleysuna, hefur auðsjáanlega ekkert lært á þessum 30 árum af vitleysum Alþfl. Og þá er ekki von, að vel fari. Hann er í dag að segja, að fyrst þeir séu að hugsa um einhverja áætlun, þá hljóti það að vera í anda þeirrar hugsjónar, sem Alþfl. hafi einu sinni verið að berjast fyrir. Mér sýnist það vera þveröfugt. Allt það, sem búið er að framkvæma í sambandi við þessa hluti enn þá, virðist miða að því að lækka lífskjör alþýðunnar og efla tök einokunarauðvaldsins á okkar þjóðarbúskap. Hitt er aftur á móti allt annað mál, og það getum við vafalaust verið sammála um, að skipulagning sé nauðsyn, skipulagning þjóðarbúskaparins sé alveg sjálfsögð nú á tímum. En má ég þá minna hæstv. ráðh. á, hvað það er, sem mikill hluti af hans samstarfsflokki er fyrst og fremst að boða núna? Morgunblaðið er fyrst og fremst að prédika í sífellu, að það sé verzlunarfrelsið, sem sé nauðsynlegt, það sé stjórnleysið raunverulega í verzluninni og atvinnulífinu, sem sé aðalatriðið. Það hefur verið boðskapur Sjálfstfl. þessi 3 ár, að það eigi einmitt að ganga sporin til baka til gamla Manchester-fyrirkomulagsins, til gömlu frjálsu verzlunarinnar. Það er sá boðskapur, sem var boðaður sem einhver fagnaðarboðskapur hér í kosningunum 1959. Þetta eru draumar braskara. Ég skil það ósköp vel, að verzlunarauðvaldið á Íslandi láti sig dreyma eitthvað slíkt. En slíkt á sér náttúrlega enga stoð í veruleikanum. Þróað iðnaðarauðvald í hverju landi heimtar meiri skipulagningu. Það er þess eðli, og því byggjast allar framfarir á því. Og undan því verður að láta, ef þjóðfélagið á ekki að ganga bókstaflega aftur á bak. En spurningin, sem þarna liggur fyrir, er sú: Fyrir hvern á þessi skipulagning að vera? Handa hverjum? Fyrir auðmannastéttina eða fyrir alþýðuna? Það vantar ekki raunverulega, að stóru hringarnir reki áætlunarbúskap innan sinna vébanda. Og það kemur ekki heldur til með að vanta, ef við eigum eftir að ganga inn í Efnahagsbandalag Evrópu, að það verði ekki áætlunarbúskapur á sína vísu. En það verður bara áætlunarbúskapur þeirra stóru hringa.

Þá verður ákvörðunin um skipulagningu þjóðarbúskaparins raunverulega flutt út, hún verður flutt út til voldugustu auðhringanna, hún verður flutt til Brussel. Og þeir auðhringar heimta alltaf stærra og stærra svið fyrir sig, þeir eru alltaf að verða voldugri og voldugri samsteypur og Ísland yrði eins og einn lítill hreppur í þeirri stóru skipulagningu. Og þá kæmi maður fyrst að þessu spursmáli alvarlega: Hvers konar skipulagning er það, sem við erum að berjast fyrir? Er það skipulagning fyrir gróðamyndun auðhringanna, eins og raunverulega er inntakið núna í skipulagningunni hjá ríkisstj. og hennar afskiptum af atvinnulífinu, eða er það skipulagning fyrir bætt lífskjör fólksins, hækkuð laun alþýðunnar?

Ég vil minna hæstv. ráðh. á, hvers konar yfirlýsing það var, sem hæstv. ríkisstj. gaf, þegar hún tók við völdum. Hún gaf þá yfirlýsingu, að hún mundi láta kaupdeilur atvinnurekenda og verkamanna afskiptalausar. Og það fyrsta, sem hún gerir, þegar fyrstu kaupdeilurnar gerast, það er að skipta sér af þeim og það með því að beita ríkisvaldinu svona harðvítuglega, grípa sem sé inn í til þess að skipuleggja á þennan máta.

Alþfl. má muna sinn fífil fegri í þessum efnum. Hann dreymdi 1934 stóra drauma um áætlunarbúskap, eins og ég var búinn að rifja upp. Hann lét búa til góða nefnd, en allar hugsjónir þeirrar nefndar voru drepnar.

Alþfl. var dreginn inn í nýsköpunarstjórnina 1944, og ég vil nú spyrja hæstv. menntmrh.: Hvar stóð hann í þeirri baráttu 1944, þegar stjórnin var mynduð? Var hann ekki frekar andvígur því, að sú stjórn væri mynduð? Hann var þá einn aðalmaðurinn í vinstri armi Alþfl., og það var vinstri armurinn, sem barðist hvað hatrammast þá á móti því, að sú stjórn væri mynduð. Hæstv. menntmrh. sagði, að nýbyggingarráð hefði aldrei gert neinar áætlanir. Það var ekki rétt. Nýbyggingarráð gerði áætlanir, og þær áætlanir voru birtar og eru meira að segja birtar í þskj., þ. e. í minnihlutaáliti mínu frá fjhn. á þinginu 1946, en árið 1947, þegar við fengum fjárhagsráðsfrv. til meðferðar. Þar er birt öll áætlunin um togarana og bátana, og nýbyggingarráð bjó líka til áætlun um millilandaskipaflotann og framkvæmdi þá áætlun 100%. Hitt er rétt, að nýbyggingarráði entist ekki aldur til að vinna allt, sem við höfum gjarnan viljað vinna í þessu, en stórvirki voru það engu að síður, sem því tókst að framkvæma, og það líka á sviði iðnaðarins, vélsmiðjurnar eins og Héðinn og aðrar slíkar, svo að ég ekki tali um síldarverksmiðjurnar, þær eiga rót sína að rekja til þess tíma. En hvernig gekk að fá þá áætlun í gegn? Það var barizt frá því í október 1944 um að reyna að knýja það fram, að Landsbankinn veitti þau lán, sem þurfti í íslenzku fé til þess að kaupa þá togara inn í landið, sem við vorum búnir að útvega útlent fé í. Ríkið var búið að kaupa sína 30 togara, en Landsbankinn stóð á móti því, að einstakir atvinnurekendur eða bæir á Íslandi gætu fengið að kaupa þá togara, m. ö. o. við áttum togarana, ríkið, og hefðum átt að geta gert þá alla út sem slíka og aldrei þurft að biðja Landsbankann um neitt. En hvað lengi stóð sú barátta við Landsbankann þá? Þangað til um vorið 1946 stóð baráttan um þetta. Þá loks er látið undan, þegar kosningarnar voru að nálgast, löggjöfin um 100 millj. og það. Þannig var það, og 5. okt. það haust springur síðan nýsköpunarstjórnin.

Svona stóð baráttan um að fá fram áætlanirnar, gera þær og framkvæma þær, vegna þess að stór hluti af sjálfu ríkisvaldinu var fjandsamlegur því, sem verið var að vinna þá fyrir þjóðina. Þess vegna dró ég mína lærdóma af reynslunni af áætlunargerð og framkvæmd á henni, þegar til vinstri stjórnarinnar kom og þegar það var beinlínis sett inn í stjórnarsáttmálann, að það skyldi gera áætlanir, og að kaupa 15 togara átti að vera einn þátturinn í því. Þess vegna gerði ég það að kröfu einmitt vorið 1957, að seðlabankinn yrði settur undir stjórn slíks áætlunarráðs, þegar hann yrði myndaður, að áætlunarráð og seðlabankaráð væri eitt, til þess að í ríkisvaldinu sjálfu væri ekki mótsetning á milli þeirra nefnda ríkisstj., sem ættu að vinna að þessari áætlunargerð, og bankavalds ríkisins, þannig að ríkið væri sjálfu sér sundurþykkt.

Ég þarf ekki að rekja, ég hef gert það hér áður, að því tækifæri var sleppt. Það var frekja Framsóknar og skammsýni. (**Dómsmrh.**: Hverjir heimta það nú?) Það var Framsókn, ég er búinn að segja það áður, og hæstv. dómsmrh. má fá að vita það einu sinni enn. (**Dómsmrh.**: Var ekki þm. með frv., þegar það kom fram?) Ég er mjög hollur flokksmaður, þannig að ég gerði mínar aths. við, hvað ég áliti að þar hefði átt að vera, en stóð með mínum flokki í því, sem þar var ákveðið, varaði aðeins við, hvers konar glappaskot væri verið að gera, og ég býst við, að flestir hafi áttað sig á því eftir á, hvers konar glappaskot það var, líka Framsóknarforingjarnir. Ég skal ekki fara út í að rekja þá hluti nú, þótt það væri nauðsynlegt fyrir Framsfl. gjarnan að læra nokkuð af því. Hans ótti var allt of mikill þá við að leggja út í áætlunarbúskap, og ég vil vona, næst þegar að því kemur, að sá flokkur tekur þátt í stjórn, sem alþýðustéttirnar standa að, þá átti hann sig á því, að það dugi ekki neitt hálfkák í þeim efnum.

Alþfl. hafði 1934—1937 gert kröfuna um áætlunarbúskap fyrst og fremst að sinni og heimtað, að nú yrði svo að segja gengið á milli bols og höfuðs á einkaauðvaldinu í landinu. Og núna 30 árum seinna stendur Alþfl. með þessu sama einkaauðvaldi í landinu og er nú að skipuleggja með því annars vegar mestu launalækkanir, sem fram hafa farið gagnvart almenningi á Íslandi, og hins vegar mestu gróðasöfnun, sem fram hefur farið hjá auðvaldinu á Íslandi. Finnst nú hæstv. menntmrh. girnilegt fyrir okkur, þegar hann er að segja við okkur, að við eigum ekki að brjótast í sókn hinna vinnandi vega, og býður okkur nú upp á samstarf, — finnst honum þetta girnilegur tilgangur í slíku samstarfi? 1934 ætlaði Alþfl. að binda enda á yfirráð einkaauðvaldsins á Íslandi. 1962 ætlar hann að skipuleggja með einkaauðvaldinu arðránið á verkalýðnum og veita auðvaldinu með skattalækkunum, gengislækkunum og öllu mögulegu slíku stórgróða.

Ég þykist vita, að hæstv. menntmrh. svari þessu

með því, að það hefðu fleiri unnið með Sjálfstfl. en hann, bæði Framsókn og Sósfl. hafi gert það. Það er alveg rétt. En það er ekki alveg sama, upp á hvað er unnið með Sjálfstfl. Hver hefur t. d. unnið að því að hækka kaupgjald verkalýðsins? Það var það, sem var gert, þegar Sjálfstfl., Sósfl. og Alþfl. mynduðu stjórn haustið 1944, og fóru lífskjörin síbatnandi og þar að auki framkvæmd sú mikla tryggingalöggjöf, sem þá var sett. Hvernig stendur á því hins vegar, að Sjálfstfl. skuli eiga það til, að róttækir flokkar hafi um skeið getað unnið þannig með honum? Og hvernig stendur á því, að Sjálfstfl. skuli hafa getað verið það róttækur, að hann ynni með þeim mönnum, sem hæstv. menntmrh. nú jafnvel var að vara svona við sem þeim voðalegu kommúnistum? Og hvernig stendur á því, að Sjálfstfl. skuli hafa gengið eins mikið inn á ríkisrekstur og hann hefur gengið inn á á vissu skeiði? Það er tiltölulega einföld skýring á því. Sjálfstfl. sem aðalflokkur borgarastéttarinnar á Íslandi hefur allan tímann, — og þeir flokkar, sem á undan honum fóru, urðu að vinna á sama máta, — orðið að vinna að hagsmunum þessarar borgarastéttar. Borgarastéttin í upphafi aldarinnar var of fátæk til þess að geta sjálf lagt í fyrirtæki svo að nokkru næmi. Það var of lítið fjármagn til í einkaeign á Íslandi, of lítið fjármagn yfirleitt, þannig að það var ríkið fyrst og fremst, sem menn urðu að beita í þessu sambandi. Það auðmagn, sem til var, var raunverulega fyrst og fremst danskt, eins og kom fram bezt í sambandi við áhrif Íslandsbanka. Og íslenzka borgarastéttin hefur einmitt vegna sinnar fátæktar þá og vegna sinnar smæðar hrakizt frá því að vera háð dönsku auðmannastéttinni yfir í það að vera háð þeirri ensku sumpart hér um bil frá 1916. Og þegar hún verður fyrir sinni fyrstu alvarlegu kreppu, þá liggur við, að hún fari svo að segja öll á hausinn. Það er sem sagt aðstaðan, sem hún stendur í 1937—1938, og það er þá, sem Alþfl. gerir kröfuna um, að hún sé gerð upp, með því að setja fram kröfuna og slíta vinstri stjórninni, sem þá var, á kröfunni um uppgjör á Kveldúlfi.

Ég held, að það sé þess vegna alveg greinilegt, að það ber að taka íslenzku borgarastéttina og hennar flokk eins og þau eru á hverjum tíma. *Borgarastéttin og Sjálfstfl. voru 1938 svo illa* komin, að þau raunverulega gera samkomulag við Framsókn út af skuldum beggja aðilanna, Sambandsins og Kveldúlfs, í Landsbankanum um það að setjast sameiginlega að þjóðstjórninni og bjarga Landsbankanum og öllu saman, — um það er þjóðstjórnin mynduð, — og ganga svo á hag almennings. Og sannleikurinn var, að þessi íslenzka borgarastétt var svo illa farin eftir alla þessa kreppu sína, að hún hafði enga trú á, stór hluti hennar, að neitt væri hægt að gera 1944, eins og ég hef sagt frá hér áður. Þegar við töluðum í fyrsta skipti í nýbyggingarráði við togaraeigendurna, aðalhluta íslenzku auðmannastéttarinnar, þá vildu þeir ekki minnast á það að kaupa togara, hvað þá að kaupa nýtízkutogara, þeir vildu bara bíla. Borgarastéttin var orðin trúlaus á það, að hún gæti verið svo sjálfstæð, að hún gæti yfirleitt lagt í að vinna landið upp sem sjálfstætt land. Verkalýðshreyfingin varð að telja henni trú um það. Verkalýðsstéttin varð að fá borgarastéttina til þess að skilja, að það væri hægt að reisa borgaraþjóðfélag á Íslandi á tiltölulega háu stigi tæknilega, og við urðum að reyna að fá hana til þess meira að segja með því að lofa henni alls konar fríðindum, eins og afskriftunum, sem þá voru settar og enn eru í gildi, eins 20 ára lánunum og 2½% vöxtunum, sem þá voru. M. ö. o.: verkalýðshreyfingin varð að telja borgarastéttinni trú um, að það væri hægt að halda uppi efnahagslega sjálfstæðu Íslandi, og sýna henni fram á, hvernig hægt væri að nota það fé, sem þjóðin átti, til þess að leggja grundvöll að borgaralegu þjóðfélagi á Íslandi. Nú er þessi borgarastétt hins vegar orðin svo rík og svo frek, að nú heldur hún, að hún geti þetta allt saman sjálf, eins og einn maður sagði hér einu sinni. En sannleikurinn er bara sá, að hún getur ekki hlutina sjálf. Við sjáum alveg, hvert hún er að fara núna. Hún er að fleygja sér í fangið á Efnahagsbandalaginu án þess að hafa hugmynd um, hvað það býður fyrir hana. Þeir, sem verða fyrst marðir hér undir fótum Efnahagsbandalagsins, eru ekki verkalýðurinn, því að verkalýður verður að vera til hér, þó að Ísland sé sett inn í Efnahagsbandalagið, en það verður íslenzka borgarastéttin. Það verður lítið eftir af þeim smáu atvinnurekendum, sem hér eru á Íslandi, þegar auðhringarnir úti í Evrópu fara að koma með sína skipulagningu hér og eru raunar farnir að undirbúa það nú þegar.

Nei, ég held, að með þeirri pólitík, sem Alþfl. er að reka núna, með því að leggja gróðalögmál auðvaldsþjóðfélagsins til grundvallar fyrir öllu, sem gert er, og með því að nota þar að auki ríkisvaldið til þess að skipuleggja þá hagnýtingu gróðalögmálsins, þá er verið að skapa þjóðfélag, sem verður þjóðfélag þrældómsins, þjóðfélag spillingarinnar og þjóðfélag misréttarins. Það er það, sem við horfum fram á núna. Og ég vil minna hæstv. ráðh. á, að það er ekki í fyrsta skipti og hann er ekki fyrsti Alþfl.-ráðh., sem gerir sér von um einhvern hálfsósíalístískan áætlunarbúskap í sambandi við stjórn með Sjálfstfl. Þetta nákvæmlega sama gerðist 1947, þegar stjórn Stefáns Jóh. Stefánssonar tók við. Sá forsrh., sem þá var, formaður Alþfl., sem þá var, *hélt líka, að með fjárhagsráðsl. væri hægt* að fara að framkvæma áætlunarbúskap á Íslandi samkv. hugsun Alþfl. (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þm. að gera svo vel og gera hlé á ræðu sinni.) Já, ég skal gera það.

Umr. frestað.

Á 30. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., 31. jan., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það er nú orðið ærilangt síðan seinast var rætt hér í d. um þetta mál, en þá fóru hér fram allýtarlegar umr. um ýmis atriði, sem sum voru nokkuð athyglisverð. Þó að þetta langur tími sé nú liðinn, síðan um þetta var rætt hér, þá finnst mér samt

ástæða til þess að minnast hér á nokkur atriði.

Ég vil þá fyrst víkja nokkrum orðum að því frv., sem hér liggur fyrir og vafalaust er að mörgu leyti hið athyglisverðasta. Um það er þó kannske ekki sérstök ástæða til að ræða að þessu sinni, vegna þess að það hefur verið boðað af hæstv. ríkisstj., að hún muni leggja fyrir þingið till., sem hún hefði í undirbúningi um sérstaka framkvæmdaáætlun, og verður að vænta þess, að það verði gert á þessu þingi, áður en mjög langur tími líður, og gefst þá tækifæri til þess að ræða nánar um þessi mál. En það vildi ég segja í tilefni af því, sem hæstv. viðskmrh. sagði um þetta mál við þær umr., sem um þetta frv. hafa orðið á fyrri hluta þingsins, að ég held, að það sé algerlega ofmælt, að hæstv. núv. ríkisstj. hafi tekið þetta mál föstum tökum, a. m. k. hafa menn enn þá ekki fengið að sjá það, hver þessi föstu tök hæstv. ríkisstj. væru í sambandi við áætlunarmál og framkvæmdaáætlun fyrir þjóðarbúskapinn. Það hefur að vísu verið sagt, að ríkisstj. hefði ýmsa sérfræðinga, bæði innlenda og útlenda, til þess að undirbúa tillögur um þetta efni, en þessar till. eru enn ekki farnar að sjá dagsins ljós, enda virðist bæði þetta og annað, sem fram hefur komið í sambandi við þessi mál, benda til þess, að hér sé ekki verið að vinna neitt alvarlegt starf, að hér sé ekki raunverulega verið að undirbúa það, sem talið er raunhæf framkvæmdaáætlun, heldur fyrst og fremst áætlun, sem á að leggja fram fyrir næstu kosningar, álíka og bláu bókina, sem Sjálfstfl. hefur lagt fram fyrir bæjarstjórnarkosningar í Reykjavík. En það mun að sjálfsögðu skýrast, þegar ríkisstj. gerir nánari grein fyrir vinnubrögðum sínum í þessum efnum, hvort þetta sé nokkuð fjarri lagi, sem ég hef nú sagt, en það, sem hefur gerzt fram að þessu, bendir allt í þessa átt. En sem sagt, það er óþarft að vera að ræða frekar um þetta atriði nú að sinni, vegna þess að þetta skýrist að sjálfsögðu betur, þegar hæstv. ríkisstj. leggur þær till. fram um þessi mál, sem hún hefur verið að boða að undanförnu. En það, sem hefur gerzt hingað til, er vissulega allt með þeim hætti, að það er ekki hægt að fara um það þeim orðum, að ríkisstj. hafi tekið þessi mál föstum tökum, eins og hæstv. viðskmrh. vildi vera láta.

Hæstv. viðskmrh. rakti hér í þeim ræðum, sem hann hefur haldið, allýtarlega sögu Alþfl. og þó sérstaklega þann þátt, sem að hans dómi virtist mega kalla harmsögu Alþfl. Þessi harmsaga Alþfl. var í því fólgin, að hvað eftir annað hefðu hinir mikilhæfustu foringjar flokksins yfirgefið hann og gengið til samstarfs við kommúnista. Þeir, sem gerðu þetta fyrst, voru Héðinn Valdimarsson, og Sigfús Sigurhjartarson og svo síðar Hannibal Valdimarsson. Og þetta átti að vera skýringin á því, hve illa Alþfl. hefði vegnað og hann hefði ekki sömu áhrif og aðstöðu hér og sambærilegir flokkar á Norðurlöndum og víðar í Evrópu.

Það er vafalaust alveg rétt hjá hæstv. viðskmrh., að það á sinn þátt í því, hve illa Alþfl. hefur vegnað, að þessir menn yfirgáfu hann og af því leiddi verulegan klofning í flokknum í bæði skiptin. En það er hins vegar fjarri lagi, að öll harmsaga Alþfl. sé sögð með því, að þessir foringjar hafi villzt frá flokknum og snúizt til fylgis við aðra flokka. Sú harmsaga er miklu meiri og lengri. Það er t. d. alls ekki hægt að kenna Héðni Valdimarssyni eða Sigfúsi Sigurhjartarsyni eða Hannibal Valdimarssyni um það, að Alþfl. tapaði hér í Reykjavík 2000 atkvæðum í seinustu bæjarstjórnarkosningum, miðað við næstu þingkosningar á undan, og það er ekki heldur hægt að kenna þessum mönnum um þær ófarir, sem Alþfl. beið í seinustu bæjarstjórnarkosningum á Akranesi, í Keflavík og víðar um land. Þær ófarir eiga sér allt annan aðdraganda en þann, að Héðinn Valdimarsson, Sigfús Sigurhjartarson og Hannibal Valdimarsson hafi villzt frá flokknum á sínum tíma. Þessar ófarir Alþfl. eru fólgnar í því, að ekki aðeins vissir foringjar flokksins, heldur allir foringjar flokksins og flokkurinn sjálfur hefur villzt af þeirri braut, sem hann markaði sér í upphafi, og gengið einhliða til samstarfs við Sjálfstfl. og undir hans jarðarmen. Það er langstærsti harmaþátturinn í allri hinni löngu harmsögu Alþfl. Í stað þess, að Alþfl. á sínum tíma setti sér það markmið að vinna fyrir alþýðustéttir landsins, sérstaklega vinnustéttirnar í bæjunum, vinna að bættum kjörum þeirra, styttum vinnutíma o. s. frv., þá hefur hann nú á undanförnum árum, síðan hann og foringjar hans villtust yfir til Sjálfstfl., haft forustu um hverja gengisfellinguna á fætur annarri, um kauplækkanir, um kjaraskerðingar og um hina óþörfustu og ranglátustu gerðardóma. Það er þetta, sem er tvímælalaust langsamlega mesti harmþátturinn í sögu Alþfl. Og það kom alveg skýrt fram í þeim umr., sem hér fóru fram, hve langt Alþfl. er nú kominn frá sinni upprunalegu stefnu, það kom mjög greinilega og ég vil segja átakanlega fram í ræðu hæstv. viðskmrh. sjálfs.

Eitt af þeim merkilegu umbótamálum, sem Alþfl. átti þátt í á sínum tíma að koma fram, var viðurkenningin á 8 stunda vinnudegi, en foringjar flokksins eins og Jón Baldvinsson, Héðinn Valdimarsson, Sigurjón Á. Ólafsson og aðrir slíkir eiga mjög merkan þátt í því, að þessi viðurkenning fékkst, og fyrir það mun starfs þeirra og starfs Alþfl. á þeim tíma jafnan vera minnzt með þakklæti af vinnustéttum landsins. En hvað var það, sem kom svo fram í þessum umr. hér af hálfu hæstv. viðskmrh.? Það var það, að hæstv. viðskmrh. vill ekki lengur viðurkenna 8 stunda vinnudaginn til viðmiðunar um það, hver launakjör og afkoma vinnustéttanna eigi að vera. Í ræðu hv. frsm. þessa frv. og í þeirri grg., sem fylgir frv., er það lagt til grundvallar, þegar verið er að ræða um launakjör vinnustéttanna, að það sé fyrst og fremst miðað við það, að 8 stunda vinnudagur gefi viðunandi lífskjör, og þetta er ekki annað en það, sem full viðurkenning var búin að fást á, ekki sízt fyrir baráttu Alþfl. En hæstv. viðskmrh neitar að miða við þennan grundvöll, hann vill alls ekki, þegar hann ræðir um launakjör vinnustéttanna, miða við það, að 8 stunda vinnudagur gefi viðunandi lífsafkomu. Hann vill miða við allt annað. Hann vill miða við þann grundvöll, að vinnustéttirnar vinni ekki aðeins 8 stunda vinnudag, ekki einu sinni 9 stunda vinnudag, ekki einu sinni 10 stunda

vinnudag, því að til þess að ná þeim launum, sem hann telur þær nú hafa skv. því, sem Efnahagsstofnunin hefur reiknað út, þurfa t. d. Dagsbrúnarmenn og aðrir launþegar, sem eru í sama launaflokki, að vinna 11 stundir á dag til jafnaðar, og það er það, sem hæstv. viðskmrh. virtist telja mjög vel viðeigandi og væri sjálfsagt að miða við, þegar verið væri að tala um launakjör vinnustéttanna, alls ekki við 8 stunda vinnudaginn. Og hvers vegna er það, sem hæstv. viðskmrh. vill nú ekki lengur miða við 8 stunda vinnudag og hann gefi vinnustéttunum sæmilega lífsafkomu? Það er í fyrsta lagi vegna þess, að þetta virðist ekki lengur vera baráttumál Alþfl., eins og áður var, og svo í öðru lagi hitt, að það liggur alveg greinilega fyrir, skjallega fyrir, að ef miðað er við 8 stunda vinnudag, þá hafa launakjör vinnustéttanna stórlega versnað í tíð núv. ríkisstj. Það liggja fyrir alveg greinilegir útreikningar hagfræðinga um það, að ef miðað er við 8 stunda vinnudag, þá eru launakjör t. d. Dagsbrúnarmanna nú um 10% lakari en þau voru í október 1958. Þess vegna er það líka, sem hæstv. viðskmrh. vill alls ekki miða lengur við 8 stunda vinnudaginn, heldur við miklu lengri vinnutíma, þegar verið er að meta og reikna út launakjör vinnustéttanna. Það er vegna þess, að hæstv. ríkisstj. hefur haldið þannig á efnahagsmálunum, að þrátt fyrir stórkostlega auknar þjóðartekjur á undanförnum árum, þá er þannig orðið ástatt, að 8 stunda vinnudagur gefur vinnustéttunum miklu minni tekjur en áður var eða var t. d. 1958 og 1959. Svo grálega hefur þessi efnahagsmálastefna, viðreisnarstefnan, leikið launastéttirnar.

En þrátt fyrir þótt miðað sé nú við þau vinnulaun eða árstekjur, sem hæstv. viðskmrh. vildi halda fram að vinnustéttirnar hefðu núna með því að vinna 11—12 stunda vinnudag, þá nægir það alls ekki til þess að skapa sambærileg lífskjör og 1958, a. m. k. fyrir stóran hluta þeirra, því að mér sýnist það á þeim útreikningum, sem hann var með, að þá hafi t. d. kaupið, heildarkaup eða árskaup, meðalkaupið, sem hann var með, ekki hækkað nema um ein 31% síðan 1959, með því að menn vinni miklu meiri eftirvinnu en áður tíðkaðist, en framfærsluvísitalan hefur á þessum tíma hækkað um 41% hjá þeim, sem ekki njóta fjölskyldubóta, en það er meginþorri launþeganna, allir þeir, sem eru einhleypir, og svo þau hjón, sem ekki hafa börn á aldrinum innan við 16 ára aldur á framfæri sínu. Hjá þessu fólki hefur afkoman versnað, þrátt fyrir stórkostlega aukinn vinnutíma.

En það, að menn hafa þó haft þessi kjör, sem nú er búið við og hefur verið búið við á undanförnum árum, og þau eru þó ekki lakari en það, sem raun ber vitni, það er ekki hæstv. ríkisstj. að þakka eða hennar flokkum eða efnahagsmálastefnunni, heldur hefur þetta orðið þrátt fyrir hana. Í fyrsta lagi hefur þetta orðið vegna þess, að hér hefur verið alveg óvanalega gott árferði, sem ekki er að neinu leyti ríkisstj. eða hennar stefnu að þakka. Fiskveiðar hafa orðið óvenjulega miklar, sérstaklega síldveiðin. Þetta er að þakka útfærslu fiskveiðilandhelginnar 1958, nýrri tækni við síldveiðarnar o. s. frv. Þetta hefur gert það að verkum, að atvinna hefur orðið miklu meiri en ella, miklu meiri en ríkisstj. ætlaðist til, og menn þess vegna átt kost á meiri eftirvinnu en annars hefði orðið.

En það, sem veldur því svo í öðru lagi, að kjörin hafa þó ekki verið lakari en raun ber vitni um, er það, að fyrir atbeina samvinnufélaganna hafa verkalýðssamtökin getað náð fram nokkrum kauphækkunum á þessum tíma. En hvernig hefur þeim samningum verið tekið af hæstv. ríkisstj. og hennar flokkum, þessum kaupgjaldssamningum, sem þó hafa tryggt það, að kjör almennings hafa ekki orðið lakari en raun ber vitni um? Þessir samningar hafa verið kallaðir svikasamningar af hæstv. ríkisstj. og málgögnum stjórnarflokkanna og fundið allt til foráttu og sagt, að þeir væru að setja landið á hausinn, því að það hefur raunverulega verið þeirra afstaða, að þrátt fyrir hið mikla góðæri og hinar stórauknu þjóðartekjur, þá hafa launastéttirnar ekki átt að fá neina hlutdeild í þessu, og þegar samvinnufélögin og verkalýðssamtökin hafa brotið þessa stefnu stjórnarinnar af sér, þessi bönd stjórnarinnar, slitið þau af sér, þá hefur bara verið hrópað í stjórnarblöðunum, að hér væri verið að fremja einhver stórfelldustu svik gagnvart þjóðfélaginu, þetta væru svikasamningar og að þeir menn ættu skilið hina þyngstu og verstu dóma, sem leyfðu sér að gera slíkt, en það er þó einmitt þetta, sem á sinn meginþátt í því ásamt góðærinu, að kjör almennings í landinu hafa þó ekki orðið lakari en raun ber vitni um á undanförnum árum, en án þessara samninga hefðu þau tvímælalaust orðið stórkostlega verri en þau þó eru í dag.

En það, sem varð þess sérstaklega valdandi, að ég kvaddi mér hljóðs í þessum umr., og mér fannst alveg sérstök ástæða til að vekja athygli á, það var þetta, sem kom fram hjá hæstv. viðskmrh., að það virðist svo sem bæði hann og hans flokkur sé nú algerlega búinn að gefa upp 8 stunda vinnudaginn, séu snúnir frá þeirri baráttu, sem Alþfl. á sínum tíma háði, sem hann þá vildi fá viðurkenndan, og vilji nú miða við allt annan og lengri vinnudag, því að hæstv. viðskmrh. taldi, eins og ég áðan sagði, að það væri hin mesta ósvinna að miða við það, að vinnustéttirnar hefðu sæmilega afkomu miðað við 8 stunda vinnudaginn, heldur ætti að miða við miklu lengri vinnutíma, allt að 11—12 stunda vinnutíma hjá Dagsbrúnarverkamönnum og öðrum svipuðum launastéttum. Alþfl. er m. ö. o. alveg búinn að gefa upp á bátinn baráttuna fyrir 8 stunda vinnudegi og sættir sig nú við það glaður og ánægður — eða a. m. k. var ekki annað séð á orðum hæstv. viðskmrh., að aftur yrði nú tekið upp ástand hinna gömlu, góðu daga, sem forsrh. sagði líka að væri tilgangur og vilji sinn að snúa til, þegar vinnustéttirnar urðu að vinna 10—12 stundir á dag og stundum lengur. Í þessum efnum er alveg óhætt að slá því föstu, að draumar hæstv. forsrh. um hina gömlu, góðu daga, um daga vinnuþrælkunarinnar hafa rætzt. Það ástand er nú komið á aftur í þessum efnum eins og var, þegar þeir Héðinn Valdimarsson og Jón Baldvinsson hófu sína baráttu gegn hinum langa vinnudegi.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um það, sem kom fram hjá hæstv. viðskmrh., en vil að lokum víkja nokkrum orðum að því, sem kom fram hjá hv. flm. frv., hv. 3. þm. Reykv.

Hv. 3. þm. Reykv. talaði allmikið um það í framsöguræðu sinni, að það hefði reynzt betra, a. m. k. í ýmsum tilfellum, að vinna með Sjálfstfl. en Framsfl., og nefndi sérstaklega nýsköpunarsöguna til dæmis um það. Ég get vel trúað, að frá sjónarmiði hv. 3. þm. Reykv. sé þetta rétt, og vissulega sýnir sagan það á undanförnum árum, að Sósfl. eða kommúnistaflokknum og Sjálfstfl. hefur gengið mjög vel að vinna saman. Þessir flokkar unnu t. d. ákaflega vel saman á árunum 1937—1939, þegar þeir voru að brjóta niður Alþfl. eða áhrif Alþfl. í verkalýðshreyfingunni og Sjálfstfl. stofnaði sín málfundafélög í verkalýðshreyfingunni, sem höfðu það verkefni fyrst og fremst að hjálpa kommúnistum þar til valda. Málfundafélag sjálfstæðismanna í Dagsbrún hjálpaði kommúnistum til valda þar og málfundafélög Sjálfstfl. bæði í Dagsbrún og öðrum félögum hjálpuðu svo kommúnistum til þess að ná undirtökum í Alþýðusambandinu á sínum tíma. Og það er vissulega rétt hjá hv. 3. þm. Reykv., að a. m. k. þetta dæmi er sönnun um það, að þessum flokkum, Sósfl. og Sjálfstfl., hefur oft gengið vel að vinna saman.

Það má líka rifja upp það, sem gerðist á árinu 1942, þegar Sósfl. bauð Sjálfstfl. hinar svokölluðu „steiktu gæsir", ef hann vildi rjúfa samstarf við Framsfl. og falla frá þeirri viðnámsbaráttu, sem þá var haldið uppi gegn vaxandi dýrtíð og verðbólgu í landinu. Sjálfstfl. tók með þökkum hinum „steiktu gæsum" eða hlutfallskosningunum í tvímenningskjördæmum, rauf samvinnu við Framsfl. þrátt fyrir sína eiða um hið gagnstæða, tók upp samstarf við kommúnista með þeim skilyrðum, að þeir fengju öllu að ráða í dýrtíðar- og verðlagsmálunum, og það hafði þær afleiðingar, að dýrtíðin tvöfaldaðist á 8 mánuðum. En samvinnan varð samt ljómandi góð á milli þessara flokka, og í framhaldi af þessari samvinnu 1942 á milli Sósfl. og Sjálfstfl. var tekin upp samvinna á milli þessara flokka, fullkomin stjórnarsamvinna á árinu 1944 og sett á laggirnar hin svokallaða nýsköpunarstjórn. Og það hefur nýlega komið fram í aðalblaði Sjálfstfl., Morgunblaðinu, að það hafi ekki verið nein smávegis boð, sem Sjálfstfl. hefur þá boðið kommúnistafl., ef hann vildi ganga í stjórn með sér. Ég ætla ekkert að fara að rifja það upp, hvaða boð það voru, því að það er mönnum áreiðanlega kunnugt hér, en það sýnir, að Sjálfstfl. hefur ekki skorið við nögl sér, þegar hann hefur verið að reyna að fá sósialistana í stjórn með sér. Og það er áreiðanlega rétt hjá hv. 3. þm. Reykv., að Framsfl. hefur aldrei boðið kommúnistum önnur eins kostaboð og Sjálfstfl. bauð þá og er ekki líklegur til að gera það.

Þessi samvinna milli Sósfl. og Sjálfstfl. í nýsköpunarstjórninni var lengi vel hin bezta, eins og líka kom fram í ræðu hv. 3. þm. Reykv. Hann lauk lofsorði hér í ræðu sinni á ýmislegt, sem þá hefði verið gert. Að vísu rofnaði hún nokkuð skyndilega, en þó þannig, að Sjálfstfl. var engan veginn vonlaus um, að hægt væri að endurnýja samstarfið, því að þrátt fyrir það, þótt þeir hefðu orðið fyrir heldur óþægilegum ástaratlotum, hæstv. núv. forsrh. og dómsmrh., hjá sósíalistum, þegar þeir komu einu sinni af fundi í Varðarhúsinu, þá reyndu þeir samt í 3 mánuði þar á eftir að fá kommúnista til samstarfs við sig og hafa vafalaust verið ósparir á alls konar boð, ef þeir vildu þýðast það. En þá stóðu málin þannig, m. a. vegna þess að austanvindurinn blés þá þannig eða línan frá Moskvu var þannig, að þessari ástarviðleitni Sjálfstfl. var ekki tekið í það skipti. En tengslin milli þessara flokka héldu samt áfram að haldast, og það kom bezt fram á árinu 1958, þegar vinstri stjórnin sat að völdum, og því hefur hv. 3. þm. Reykv. lýst mjög greinilega hér í þinginu. Hann skýrði frá því, — ég hygg, að það hafi verið fyrir 1 eða 2 árum í umr. hér á þinginu, — að hann hefði haft allnáið samstarf við hæstv. forsrh. og hæstv. dómsmrh. sumarið 1958 um það að knýja fram verulegar kauphækkanir, sem þeir hefðu talið að væru alveg sjálfsagðar þá, þó að þeir teldu það að vísu ekki á eftir, þegar þeir voru komnir í stjórnaraðstöðu. Hann lýsti því mjög greinilega, hv. 3. þm. Reykv., að þá hefði hann staðið við hlið þeirra Ólafs og Bjarna um það að knýja fram verulegar kauphækkanir. En þessar kauphækkanir voru ekki hugsaðar þannig hjá hæstv. forsrh. og hæstv. dómsmrh., að þær ættu að vera kjarabót handa verkalýðnum, og ég er ekki viss um það, að hv. 3. þm. Reykv. hafi hugsað þannig heldur. Þessar kauphækkanir voru fyrst og fremst hugsaðar til þess að skapa glundroða í efnahagsmálum landsins, sem gæti orðið vinstri stjórninni að falli, enda kom það líka á daginn, að þegar að því kom, að þurfti að leysa þann vanda, sem þær höfðu skapað, þá stóð hv. 3. þm. Reykv. og hans fylgismenn við hlið Sjálfstfl., m. a. á þingi A.S.Í., til að koma í veg fyrir það, að þau úrræði fengjust fram, sem nauðsynleg voru til stöðvunar á vaxandi verðbólgu og dýrtíð, og þar með endaði þetta fóstbræðralag þeirra sumarið 1958, hv. 3. þm. Reykv. og hæstv. forsrh. og hæstv. dómsmrh., þannig, að vinstri stjórnin féll. Það er alveg tvímælalaust, að það er samvinna þessara aðila, sem á meginþátt sinn í því, þessi samvinna sósíalistanna, sem voru undir forustu hv. 3. þm. Reykv., og forustumanna Sjálfstfl., sem varð þess valdandi, að vinstri stjórnin féll sumarið 1958. Og þar með var ekki lokið heldur þeirri samvinnu, sem verið hefur á milli Sósfl. og Sjálfstfl., því að upp úr þessu spratt samkomulagið um kjördæmabyltinguna, þegar þessir flokkar sameinuðust um að gera róttækustu breytingu á kjördæmaskipuninni, sem hér hefur nokkru sinni verið gerð, og þá var ástin svo innileg á milli þessara flokka, að allir liðsmenn Sósfl. kusu hæstv. núv. dómsmrh. forseta í Sþ. og allir sjálfstæðismenn ásamt Alþfl. í Nd. greiddu hv. 3. þm. Reykv. atkv. sem forseta deildarinnar. Þá var mú ekki verið að tala um það, að hv. 3. þm. Reykv. væri einhver óalandi Moskvumaður, sem hættulegt væri að koma nálægt, eins og stundum má lesa í málgögnum Sjálfstfl. Nei, þá var hann talinn hæfur til þess og alveg sjálf-

sagður að skipa annað virðulegasta embætti Alþingis. Meiri var ekki andúð Sjálfstfl. á honum og hans flokki þá, þó að stundum sé nú annað að heyra, þegar litið er yfir þær greinar, sem um þessi mál birtast í Morgunblaðinu, og hæstv. dómsmrh. er stundum að tala hér í þinginu. Og þrátt fyrir það, þó að kjördæmabyltingin kæmist fram og sá þáttur samstarfs rofnaði, sem verið hefur milli þessara tveggja flokka, þá hafa ýmsir atburðir gerzt síðan, sem sýna, að þeir þræðir, sem þarna liggja milli, eru óslitnir enn.

Það er hægt að minnast á í þessu sambandi, þegar hæstv. núv. dómsmrh. ásamt hæstv. núv. fjmrh. gengu hér fram fyrir skjöldu til þess að tryggja hv. 3. þm. Reykv. sæti í Norðurlandaráði. Og kannske hefur þetta sézt allra bezt, þegar svo leit út hér um skeið, að hann mundi ekki halda sínu sæti í Sogsstjórninni. Það munu vafalaust allir minnast þeirrar aðstöðar, sem Sjálfstfl. veitti hv. 3. þm. Reykv. þá til að halda sæti sínu í Sogsstjórninni. Það þarf ekki að rifja það upp. En að vísu eru það einhver skringilegustu loddarabrögð, sem nokkru sinni hafa verið leikin á landi hér, þegar hv. 3. þm. Reykv. var í fyrsta lagi kosinn í Sogsstjórnina og svo var reynt að láta líta út sem þetta hefði verið eitthvert óhapp, sem allir vissu að var ekki neitt óhapp, heldur var gert af fullum ásetningi og komið fyrir með þessum hætti.

Og það hefur sézt hér í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna fyrir stuttu, að þessar taugar milli forustumanna Sjálfstfl. og Sósfl. eru enn þá óslitnar og haldast vel, þegar á reynir. Þess vegna undrar það mig ekki neitt, þótt hv. 3. þm. Reykv. sé að lýsa því yfir, að yfirleitt hafi gengið miklu betur að hafa góða samvinnu við Sjálfstfl. heldur en Framsfl., vegna þess að eins og ég hef nú rakið, þá er það vissulega rétt, að reynsla hans hefur verið á þá leið, að það hafa alltaf verið nokkuð sterkar taugar á milli þessara aðila og þeir hafa oft unnið saman, bæði ljóst og leynt, og það er ekkert enn þá hér, sem mælir á móti því, að þessar taugar haldist og samstarf milli þessara aðila geti hafizt hvenær sem er, þegar þeir telja, að sér muni það henta, þrátt fyrir það að í Morgunbl. sé reynt að afneita kommúnistum og í Þjóðviljanum sé Sjálfstfl. afneitað.

Ég held ég geti ekki látið hjá líða, fyrst ég kvaddi mér á annað borð hljóðs um þetta mál, að minnast nokkrum orðum á það, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði um nýsköpunarstjórnina. Hann fór um hana miklum viðurkenningar- og aðdáunarorðum. Ég held, að þessi orð eigi nú alls ekki við, síður en svo, því að það er sennilega spurning um það, hvort viðreisnarstjórnin eða nýsköpunarstjórnin er aumari. Það er sennilega erfitt að gera upp á milli um það, þó að starfshættir þeirra séu að vísu með nokkuð ólíkum hætti, vegna þess að aðstæðurnar eru ekki þær sömu, sem þessar stjórnir búa við. En ferill nýsköpunarstjórnarinnar var sá, að hún tók við einhverjum þeim mesta auði, sem nokkur íslenzk stjórn hefur tekið við, hinum mikla gróða, sem hafði safnazt á stríðsárunum, og henni tókst að halda þannig á þessari auðlegð á 2 árum, að hún var farin út í veður og vind svo að segja öll, án þess að nokkuð verulegt hefði verið gert í staðinn, þegar undan eru skilin kaup á nokkrum togurum. Og þegar samstarfi þessara flokka lauk eftir 2 ár, var ástandið orðið þannig, að það varð að byrja á því að taka upp hinar svonefndu uppbætur, uppbótagreiðslur, til þess að halda atvinnuvegunum gangandi, og gjaldeyrisástandið var orðið þannig, að það varð ekki aðeins að taka upp ströng innflutningshöft — miklu strangari innflutningshöft en áður — heldur varð að taka upp skömmtun á lífsnauðsynjum. Þannig endaði þetta ævintýri nýsköpunarstjórnarinnar, að hún tók við erlendum gjaldeyrissjóðum, sem nema kannske upp undir 2 þús. millj. kr. miðað við núv. gengi, var búin að eyða öllu þessu, þegar hún lét af völdum eftir 2 ár, og það svo gersamlega, að það varð að taka upp skömmtun á lífsnauðsynjum vegna þeirra erfiðleika í yfirfærslumálum, sem stjórnarstefnan var búin að skapa.

Og hvernig var sú hlið, sem sneri að verkalýðnum í landinu hjá þessari hæstv. ríkisstj.? Hún var m. a. sú, að auðmennirnir t. d. hér í bænum byggðu einhver þau mestu skrauthýsi, sem hér hafa verið byggð, en það var ekki verið að byggja verkamannabústaði, ekki samvinnubústaði eða annað þess háttar, heldur voru verkamennirnir og þeirra fjölskyldur látin flytja inn í braggana, sem hinn erlendi her yfirgaf í bænum, og það er ekki einu sinni búið að útrýma þeim enn. Hermannabraggarnir yfirgefnir — það voru verkamannabústaðirnir, sem þessi hæstv. ríkisstj. reisti, og eru hinn táknrænasti minnisvarði um hennar starf.

Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja feril nýsköpunarstjórnarinnar frekar, en ég held, að hv. 3. þm. Reykv. ætti ekki að beita hér þeim sögufölsunum að vera að lofa hennar starf, því að það er allt á þann veg, að slíkt hrós fellur um sjálft sig.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Einu atriði í ræðu hv. 7. þm. Reykv. vil ég ekki láta ómótmælt, en það er sú staðhæfing hans, að Alþfl sé búinn að gefa á bátinn baráttu fyrir 8 stunda vinnudegi og að það hafi komið fram í ræðu, sem ég flutti við þessar umr., að Alþfl. sætti sig nú við 11—12 stunda vinnudag vinnandi manna. Þetta er að sjálfsögðu alröng staðhæfing og alröng ályktun dregin af minu máli Það, sem gaf mér megintilefni til þess að segja það, sem ég sagði við fyrri hluta þessarar umr. um kaup og kjör launamanna í landinu, voru staðhæfingar í grg. þessa frv. um, að kaupmáttur launamanna og verkamanna sérstaklega hefði rýrnað mjög undanfarin ár, og þetta var rökstutt með því einu að gera samanburð á breytingu á kaupmætti lægsta taxta Dagsbrúnarmanna um nokkur undanfarin ár. Vegna þess að þessum staðhæfingum hafði svo oft verið hampað áður hér í þingsölunum og í blöðum stjórnarandstæðinga, fannst mér kominn tími til þess að leiðrétta þær hér á sjálfu Alþingi.

Ég skal ekki endurtaka það, sem ég sagði áður í ýtarlegri ræðu um þetta mál, en rifja aðeins upp meginniðurstöðurnar til þess að endurtaka það hér, hversu alröng sú ályktun 7. þm. Reykv.

er, að í því, sem ég sagði um þetta mál, felist yfirlýsing um það, að 11—12 stunda vinnudagur launamanna sé hæfilegur starfstími þeirra.

Höfuðástæðan fyrir því, að algerlega rangt er að draga ályktanir af breytingu á kaupmætti lægsta taxta Dagsbrúnarmanna, að draga ályktanir af þessari staðreynd um kaupmátt launþega yfirleitt, er í fyrsta lagi sú, að tiltölulega mjög lítill hluti launamanna vinnur fyrir lægsta taxta Dagsbrúnarmanna, og enn fremur, að sá hópur launamanna, sem fyrir hann vinnur, hefur farið síminnkandi undanfarin ár.

Það hefur komið í ljós hér eins og í öllum öðrum nágrannalöndum, að ekki aðeins lægsti taxtinn, sem í gildi er, er ekki réttur mælikvarði á raunverulegt kaupgjald launþega yfirleitt, heldur eru taxtar verkalýðsfélaganna yfirleitt rangari mælikvarði á raunverulegt kaup þeirra, vegna þess að hér hefur á undanförnum árum gerzt nákvæmlega það sama og í öllum öðrum iðnaðarþjóðfélögum, að raunveruleg kjarabót launþega gerist alls ekki einvörðungu með þeim hætti, að kauptaxtar hækki, heldur ekki síður með þeim hætti, að menn flytjast milli launaflokka og afla sér betri tekna með hagnýtingu ákvæðisvinnu, þó að um sama vinnutíma sé að ræða. Nútíma iðnþjóðfélag hefur að þessu leyti byggt upp smám saman, einkum á árunum eftir styrjöldina, launakerfi, sem er svo gerólíkt því, sem tíðkaðist fyrir 20—30 árum, að allt annars konar samanburðargrundvelli þarf að beita nú, ef menn vilja mynda sér réttar hugmyndir um breytingar á peningatekjum, hvað þá kaupmætti launa. Þetta vildi ég undirstrika, að jafnvel þótt það hafi verið rétt fyrir 20—30 árum, að breytingar á þessum aðaltaxta Dagsbrúnarmanna frá ári til árs sýndu þær breytingar, sem yrðu á kaupi Dagsbrúnarmanna, og það væri góð spegilmynd af kaupi launþega í landinu yfirleitt, þá á það sér alls ekki stað nú í dag. Því miður eru hér á landi ekki gerðar árlega sundurliðaðar skýrslur um kaup launþega, svo sem nú tíðkast í flestum nágrannalanda, og er mikill bagi að því. Hér er því ekki hægt að vitna til slíkrar opinberrar skýrslugerðar. En sá möguleiki, sem hér er helzt fyrir hendi til þess að gera sér grein fyrir raunverulegum tekjum launþega og breytingum á þeim, er athugun, sem nú í meira en áratug hefur verið gerð árlega á tekjum þriggja stærstu launþegastéttanna, verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna, og er sú rannsókn gerð í sambandi við verðlagningu landbúnaðarvara ár hvert. Þessi rannsókn er byggð á skattaframtölum launþeganna sjálfra, og launþegarnir eru valdir eftir vísindalegum aðferðum til þess að gefa sem réttasta mynd af raunverulegum tekjum manna í þessum þremur aðallaunastéttum landsins, hjá verkamönnum, iðnaðarmönnum og sjómönnum. Þessar upplýsingar liggja fyrir, og ég taldi, ef menn vildu athuga breytingar á raunverulegum tekjum launastétta undanfarin ár, þá ættu þeir að vita, til hvaða niðurstöðu þessar rannsóknir hefðu leitt. Og frá þessum niðurstöðum skýrði ég. Og þar var niðurstaðan allt önnur en ef skoðuð var breytingin á lægsta Dagsbrúnartaxtanum einum saman. Nú sýna að vísu ekki breytingar á tekjuhæðinni í krónum taldar einar saman breytingar á raunverulegum lífskjörum, því að verðlag hefur hækkað. Þess vegna var það gert í þeim tölum, sem ég skýrði frá, að bæta við framtaldar tekjur þessara launastétta þeirri hækkun, sem hafði orðið á fjölskyldubótum eða á almannatryggingabótum undanfarin ár, og þeirri lækkun, sem hafði orðið á sköttum undanfarin ár. Og í árstekjurnar undanfarin ár þannig fengnar var síðan deilt með vísitölu neyzluverðlags, sömu vísitölu sem hv. flm. frv., Einar Olgeirsson, hafði notað til þess að leiðrétta lægsta taxta Dagsbrúnar, þannig að þar er alveg nákvæmlega sömu aðferðinni beitt. Þegar þannig var farið að, kom í ljós, að á árinu 1961 var kaupmáttur þessara þriggja aðallaunastétta landsins um 10% hærri en hann hafði verið á árinu 1958. Það er þessi upplýsing, það er þessi staðreynd, því að staðreynd er þetta sannarlega, sem hefur valdið feikilega miklu moldviðri hér á meðal hv. stjórnarandstæðinga á hinu háa Alþ. og í blöðum stjórnarandstöðunnar. Og þeir hafa fundið upp á ýmsu til þess að reyna að gera þessa niðurstöðu tortryggilega. Ég skal ekki rekja það, því að um það hefur þegar verið rætt í blöðum, og allar fullyrðingar, sem fram hafa verið settar í því skyni að gera þessa niðurstöðu tortryggilega, hafa verið rækilega hraktar.

Í því sambandi hefur mest borið á staðhæfingunni um, að þessar tekjutölur launastéttanna sé ekkert að marka, vegna þess að þessara tekna sé aflað með svo löngum vinnudegi. Ég hef aldrei borið á móti því og tók það raunar skýrt fram í frumræðu minni, að þessar tekjur byggðust á því, að unnið væri lengur en 8 tíma. Það vita allir, að svo er. En það, sem ég vildi fyrst og fremst gera í ræðu minni, var að bera saman kaupmáttinn undanfarin ár og valdi þá til samanburðar árið 1958 og árið 1961. Og þá kom sem sagt í ljós, að kaupmátturinn var 10% meiri síðara árið en hið fyrra. Vinnutíminn í þessu sambandi skiptir því aðeins máli, að hann hafi verið meiri seinna árið en hið fyrra. En það vil ég leyfa mér að staðhæfa, að vinnutíminn 1958 hafi verið jafnlangur og hann var árið 1961. Árið 1958 var mikið góðæri. Það var mesta aflaár, sem þá hafði komið í sögu landsins. Það var mikil eftirspurn eftir vinnuafli, geysimikil byggingastarfsemi og yfirleitt á því ári hver einasti framleiðslumöguleiki notaður út í yztu æsar, eins og hefur átt sér stað á árinu 1962, jafnvel síðari hluta ársins 1961. Það þarf a. m. k. að færa fram alveg sérstök rök fyrir því, að þessi staðhæfing mín sé ekki rétt. Allt hið almenna, sem við vitum um ástand atvinnulífsins, bendir til þess, að atvinnuástandið hafi verið mjög svipað á þessum tveim árum, full atvinna bæði árin og raunar heldur meiri eftirspurn eftir vinnuafli en hægt hafði verið að fullnægja. Því miður er hér ekki hægt að færa fram óyggjandi tölurök, hvorki með né móti, af því að okkur vantar skýrslur um unninn vinnutíma í helztu atvinnugreinum, en í athugun, sem ég hef séð á vinnutíma í byggingariðnaði, og í honum kemur yfirleitt fram, hversu mikil eftirspurn er eftir vinnuafli, var vinnutíminn hinn sami árið 1958 og hann er nú. Og það virðist mér benda ótvírætt í þá átt, að í höfuðatvinnugreinum landsmanna hafi vinnutíminn þá verið svipaður og hann er

núna. Og sé þessi staðhæfing rétt, þá er það engin afsönnun á þeirri meginstaðhæfingu minni, að lífskjörin séu nú betri en þau voru fyrir 3—4 árum, að nú sé unnið 10—11 tíma á dag, fyrst það var líka unnið 10—11 tíma á dag árið 1958, sem fyrst og fremst er við miðað.

Ég skal að síðustu láta þess getið eða ítreka, að það er mjög bagalegt, að ekki skuli vera hér á landi samdar nákvæmar launaskýrslur, þ. e. nákvæmar skýrslur um tekjur og vinnutíma. Ef slíkar skýrslur væru til, ætti a. m. k. mikið af þeim deilum, sem háðar hafa verið undanfarnar vikur um jafnmikilvægt efni og þetta, ekki að þurfa að eiga sér stað. Ég vil að vísu ekki fullyrða, að þær mundu ekki eiga sér stað, þrátt fyrir það að óyggjandi skýrslur liggi fyrir, því að við þekkjum það, að deilt er um marga hluti, sem óyggjandi skýrslur liggja fyrir um í hagskýrslum og öðrum fjármálaskýrslum. En almenningur ætti þá a. m. k. betra með að átta sig á málunum. En slíkar skýrslur eru til annars staðar. Ég sá t. d. alveg nýlega í dönsku fjármálatímariti skýrslu um launabreytingar í danska iðnaðinum um allmörg undanfarin ár. Og þar var sundurliðað í þrennt, til hvers launabreytingarnar ættu rót sína að rekja: í fyrsta lagi til verðlagsuppbótanna dönsku, í öðru lagi til umsaminna breytinga á kauptöxtum milli fagfélaga og vinnuveitenda, og í þriðja lagi það, sem hér er farið að kalla launaskrið, þ. e. breytingar, sem verða á tekjum launþeganna utan við umsamda taxta. Og sá þátturinn af þessum þremur, sem stærstur var, sá þáttur, sem fært hafði dönskum iðnverkamönnum mesta raunverulega kjarabót, mesta hækkun á tekjum, var launaskriðið. M. ö. o.: dönsku launþegarnir í þessari stétt höfðu fengið meiri kauphækkun utan við samningana en þeir höfðu fengið í samningum og í gegnum dönsku verðlagsuppbæturnar. Þetta er í rauninni ekki atriði, sem vekur neina athygli í Danmörku. Þar eru menn fyrir langa löngu búnir að gera sér grein fyrir, að þetta er svona, að staðreyndin er þessi. Þess vegna þykir þetta engin sérstök frétt þar. Menn hafa vitað það svo að segja allar götur eftir stríð, að ástandið í launamálum þar og annars staðar er svona. En þegar skýrt er opinberlega frá tölum hér, sem leiða slíkt í ljós, — því að auðvitað hefur sú tekjuaukning, sem átt hefur sér stað hjá íslenzkum launastéttum og kom fram í tölunum, sem ég nefndi á sínum tíma, að mjög verulegu leyti átt rót sína að rekja til slíks launaskriðs, og kauptaxtarnir því alls ekki neinn mælikvarði á raunverulegar tekjur, — þegar slíkar upplýsingar eru birtar hér, er ekki aðeins að menn reki í rogastanz, — látum það nú vera, þó að menn geri það, — heldur berja menn höfðinu við steininn og segja: Þetta er ósatt, þetta er rangt. Það finnst mér a. m. k., að forustumenn íslenzkra launþegasamtaka ættu ekki að gera. Þeir ættu þó að vera svo kunnugir málum launþegasamtakanna í sínum nágrannalöndum að verða hvorki hvumsa né heldur berja höfðinu við steininn, þegar skýrt er hér frá hlutum, sem þykja sjálfsagðir og eru á hvers manns vitorði í öllum nágrannalöndunum.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Hv. 7. þm. Reykv. kom hér ofur lítið inn á sögu landsins á síðustu áratugum í sinni ræðu, og það er ákaflega ánægjulegt, að það skuli vera hér bæði af hálfu Framsfl. og svo Alþfl. miklar umr. til þess að rifja upp það, sem gerzt hefur á Íslandi á síðustu áratugum, og veitir vafalaust ekki af því að rifja það dálítið upp fyrir þær kosningar, sem í hönd fara.

Hv. 7. þm. Reykv. beindi í þessu sambandi alveg sérstaklega athygli sinni að því, hvernig hefði verið með samstarf Sósfl. við Sjálfstfl. annars vegar og samstarf okkar við Framsfl. gegnum Alþb., og kom með ýmsar fullyrðingar í þessu sambandi, sem gera nauðsynlegt að rifja þetta dálítið upp.

Afstaða Sósfl., og ég held, að mér sé óhætt að segja, afstaða Alþb. líka hefur í öllum málum, sem snerta stjórnarsamvinnu, verið sú að fara þar eftir málefnum, láta það ráða hverju sinni, með hverjum er unnið, hvað hægt sé að gera fyrir alþýðuna og fyrir þjóðfrelsi landsins á hverjum tíma, og láta það líka ráða, hvort slitnar upp úr þeirri samvinnu eða ekki. Hvorki Sósfl. né Alþb. hafa farið í ríkisstj. í þeim tilgangi einum að sitja í ríkisstj. og sitja að völdum og njóta valda, heldur í þeim tilgangi að reyna að gera eitthvað fyrir það fólk, sem þessir flokkar eru fulltrúar fyrir, og reyna að sjá um, að ákveðin stefnuskrármál, sem þessir flokkar fylgja í þjóðfrelsismálum Íslendinga og í hagsmunamálum alþýðunnar, verði framkvæmd. Og þegar ekki þótti lengur sætt í slíkum stjórnum, vegna þess að brugðizt væri eða ný mál kæmu til, sem yllu því, að ekki væri hægt að halda samvinnunni áfram, þá var henni slitið. Þessir flokkar hafa reynzt stefnufastir flokkar hvað þetta snertir, í staðinn fyrir að Framsfl., eins og raunin er með fleiri borgaraflokka, hefur farið þarna fyrst og fremst eftir því, hvað hentugt væri að gera með tilliti til þess að halda völdum.

Í þessu sambandi kemur hv. 7. þm. Reykv. í fyrsta lagi inn á nýsköpunarstjórnina. Við skulum taka í fyrsta lagi þau tvö höfuðatriði, sem nýsköpunarstjórnin framkvæmdi. Það er í fyrsta lagi svokölluð nýsköpun atvinnulífsins. Við skulum koma nánar að því seinna. Og svo annar hlutur, sem ekki má gleymast, og það er tryggingalöggjöfin. Og kærir Framsfl. sig virkilega um, að það sé verið að rifja það upp, hver hans afstaða var í þeim málum? Framsfl. var þá í stjórnarandstöðu, en hver var hans afstaða gagnvart þeirri róttækustu löggjöf, sem þá hafði enn þá verið framkvæmd í íslenzkri tryggingalöggjöf? Framsfl. er satt að segja vanur því að vera frekar til vinstri, þegar hann er í stjórnarandstöðu. A. m. k. höfum við þá reynslu af honum núna og njótum þar góðs af, að það sé hægt að nota það, að hann vilji mjög gjarnan vera róttækur, þegar hann er í stjórnarandstöðu. En hvernig var hann þá? Brauzt eitthvert annað eðli út? Var það þannig, að allur Framsfl. á Alþingi stóð á móti tryggingalöggjöfinni og einn einasti maður á Alþingi af framsóknarmönnum braut öll flokksbönd og greiddi atkvæði með

þeirri löggjöf, af því að hann sagði, að hún væri svo góð, Páll Hermannsson? Það mætti rekja, að meira að segja í landbúnaðarlöggjöfinni 1946 var lagður grundvöllurinn að mörgu því bezta, sem menn hafa kynnzt.

En við skulum athuga, hvernig þessi nýsköpunarstjórn kom til. Var Framsfl. kannske frá upphafi á móti því að mynda ríkisstjórn með ótætis íhaldinu? Var það svo forboðið, svo algerlega óhugsandi og útilokað, að svo hreinlifum flokki eins og Framsfl. dytti í hug að fara í stjórn með Sjálfstfl., öðrum eins flokki um önnur eins mál og þessa svokölluðu nýsköpun atvinnulífsins? Nei, það var vissulega ekki það. Framsfl. stóð í þessum stjórnarsamningum í 3 vikur. Það voru allir 4 flokkarnir, sem voru að semja. Það var 12 manna nefnd, 3 frá hverjum, sem var að semja um þetta og sat hér í 3 vikur, frá því um miðjan september og fram til 3. október. Og það bar ekki mikið á því út af fyrir sig, að Framsfl. hefði mikið við þessa nýsköpunaráætlun og slíkt að athuga, að hann væri mikið á móti henni eða slíkt, en hann sýndi heldur engan áhuga fyrir henni. En það var eitt, sem hann hafði áhuga fyrir. Hann hafði áhuga fyrir því, að kaup verkamanna yrði lækkað. Það vildi nefnilega þannig til, að það voru verkföll um þetta leyti, m. a. prentaraverkfall, þannig að ekki einu sinni Tíminn kom út. Og það var verkfall hjá fleiri stéttum í þjóðfélaginu, fleiri en einni stétt. Það, sem Framsfl. hafði áhuga fyrir, var, að kaupgjaldið væri lækkað. Og svo mikinn áhuga hafði hann fyrir þessu, að hann beitti sér fyrir sérstökum fundi á meðal bænda til þess að fá þá til að lækka afurðaverð, — fundi á Selfossi, ef ég man rétt, til þess að fá þá til þess að lækka afurðaverð, og skora síðan á verkamenn, að láta nú endilega lækka sitt kaup, um að gera að draga ekki ofur lítið úr því, sem Reykjavíkurauðvaldið gæti grætt á þessum málum, og láta það ekki fara til verkamanna.

Svo heldur Framsfl. áfram þessum samningum við Sjálfstfl. og við báða verkalýðsflokkana. Hvað gerir svo Framsfl.? 3. okt. 1944 skrifar Framsfl. tilkynningu um, að hann hætti þessum samningum. Af hverju hætti Framsfl. þessum samningum? Ég er ekki að ljóstra upp neinu leyndarmáli. Ég hef heimildir frá svo góðum stöðum í Framsfl., að ég held, að mér sé óhætt að koma með þær. Þá hafði þingflokkur Framsfl. fengið þá yfirlýsingu frá þáv. formanni Alþfl., Stefáni Jóh. Stefánssyni, að svo framarlega sem Framsfl. hætti samningum, þá mundi Alþfl. hætta þeim líka og þá mundi ekki vera hægt að mynda þessa svokölluðu nýsköpunarstjórn, vegna þess að það voru ekki nema 15 menn af 20 úr Sjálfstfl., sem voru með henni, 5 voru á móti, og Sósfl. hafði ekki nema 10 þm., þannig að Sjálfstfl. og Sósfl. höfðu saman ekki meiri hluta. Í trausti á það, að þetta loforð formanns Alþfl., Stefáns Jóh. Stefánssonar, stæði, var samþ. með — að því er ég bezt veit — eins atkvæðis mun á þingflokksfundi Framsfl. í októberbyrjun 1944 að hætta samningum í 12 manna nefndinni um 4 flokka stjórn. Og ef ég fer rangt með, þá hefur hv. 7. þm. Reykv. tækifæri til þess að leiðrétta það með því að athuga þingflokksfundargerðir Framsfl., sem ég veit að eru mjög nákvæmlega færðar, þannig að allt er þar til skráð, sem samþykkt hefur verið og ákveðið á fundum þess þingflokks. (**Gripið fram í:** Er nú víst, að rétt sé þar með farið?) Það þori ég ekki að segja, því að aldrei hef ég séð þær. En hitt veit ég, að forustumenn Framsfl. hafa stært sig af því, hve vel og gaumgæfilega þeir gangi frá þessum hlutum, og vissulega er það þeim til hróss. Ég er hræddur um, að formaður Framsfl. hafi þá verið andvígur því að slíta þessum samningum og svo hafi verið um fleiri þm. í Framsfl., vegna þess að þeir hafi ekki verið trúaðir á, að loforð formanns Alþfl. héldi. Ekki var það af öðru. Þegar svo hins vegar meiri hlutinn í þingflokki Framsfl. tók þetta loforð gilt og áleit, að fjögurra flokka stjórnin væri búin að vera, ef Framsfl. hætti, þá var sem sé bréfið skrifað til 12 manna n. um, að nú skyldi hætt af hálfu Framsóknar, og Framsfl. dró sig út úr samningunum.

Hvað gerir svo Framsfl. sama daginn eða daginn eftir? Hvað gerir hann? Hann skrifar bréf til Sjálfstfl. Hann skrifaði ekki bréf til Alþfl. og Sósfl. Nei, hann skrifaði bréf til Sjálfstfl., þess voðalega flokks, sem var svona ósköp ljótt að hafa samstarf við, og býður Sjálfstfl. — ekki upp á samstjórn með þeim hinum, sem hann var að hverfa frá, heldur upp á stjórn aleinn, að þeir tveir, Framsfl. og Sjálfstfl., mynduðu ríkisstj., en hinir svokölluðu verkalýðsflokkar séu settir til hliðar. Og hv. 7. þm. Reykv. getur lesið þetta bréf í blaði, sem hann þekkir mjög vel, í Tímanum, í einu af fyrstu blöðunum, sem út komu af Tímanum, eftir að prentaraverkfallið hætti, í októberlok eða nóvemberbyrjun, — ég þori ekki að fara með dagatalið, en ég gæti trúað, að það væri 4. nóv. 1944, sem þetta bréf, þetta ástarbréf Eysteins Jónssonar og Framsfl. til Sjálfstfl. birtist. Og hann getur farið í gegnum það bréf og séð, upp á hvað er boðið þar. Það er ekki verið að bjóða upp á neina nýsköpun í atvinnulífinu, upp á að nota erlendis fé, sem Ísland átti þá og hann talaði um, hvað væri mikið, til þess að kaupa togara eða báta eða landbúnaðarvélar eða eitthvað þess háttar. Nei, það var boðið upp á einn einasta hlut fyrst og fremst, og það var að lækka kaupið.

M. ö. o.: Framsfl., þegar hann ætlar að fara að læra af því, sem gerzt hefur í sögunni, þá er honum bezt að fara að lesa Tímann og líta í, hvað hann hefur gert sjálfur á þessum tímum. Það er máske ekkert undravert, sem kemur úr herbúðum Framsfl. stundum. Það er alveg undraverð hræsni, sem birtist í því, að hv. 7. þm. Reykv. skuli tala um það með einhverri vandlætingu, að Sósfl. og Alþfl. skuli hafa verið svona vondir, svona spilltir, svona þjónustusamir við íhaldið o. s. frv., að fara að mynda ríkisstj. með því 1944, eftir að sjálfur Framsfl. var hættur því og eftir að sjálfur Framsfl. hafði boðið íhaldinu upp á að mynda stjórn með sér einum og sjá um, að kaupið yrði lækkað og verkalýðsflokkunum haldið utan við ríkisstj.

Þetta er nú sagan um myndun nýsköpunar-

stjórnarinnar og sagan af því, hvað það var, sem Framsfl. barðist fyrir á þessum árum. Afturhaldseðlið í honum var þá enn svona ríkt, að kauplækkunin var trúaratriði, sem hann meira að segja fórnaði því fyrir að sitja í þeirri ríkisstj. Það vorum ekki við og ekki heldur Sjálfstfl., sem bolaði Framsfl. út úr þeirri ríkisstj. Það var Framsfl., sem fór sjálfur út úr henni í trausti á þau loforð, að það tækist þar með að hindra alla nýsköpun og koma á afturhaldssamri launalækkunarstjórn, svona eitthvað svipað og viðreisnarstjórninni, sem hann var að tala um áðan, hérna á Íslandi og það strax 1944. Meðan auðvaldið í Reykjavík, eftir því sem hann sagði sjálfur, var ríkara en nokkru sinni fyrr og meira til af peningum en nokkru sinni fyrr, þá átti að lækka kaupið. Og þetta var svo sem ekki í fyrsta skiptið, sem þetta kom fram hjá Framsfl. á þessum árum.

Hv. 7. þm. Reykv. talaði um, að við hefðum haft einhverja ákaflega mikla samvinnu við Sjálfstfl. í verkalýðshreyfingunni. Honum er bezt að rifja upp, hvað hann hafði gert á þessum árum. Við hefðum verið óhræddir, ef Sjálfstfl. hefði haft sömu skoðun á málum og við, að standa með honum. Ef við álítum okkur berjast fyrir réttu máli, þiggjum við liðveizlu við það mál, hvaðan sem hún kemur, og það veit Framsfl. ósköp vel, að við erum ekkert hræddir við og gerum daglega. Við berjumst það vel saman, Framsfl. og Alþb. núna, að við erum ekkert hræddir við að þiggja liðveizlu í góðu máli, hvaðan sem hún kemur. Þegar einræði var í Alþýðusambandinu, lýðræði hafði verið þar afnumið og einræði eins flokks komið á, þá börðumst við fyrir því, sósialistar, að það væri komið á lýðræði með fullum mannréttindum í Alþýðusambandinu, og Sjálfstfl. hafði sömu skoðun. Hins vegar á sama tíma sem Sjálfstfl. var með sömu skoðun og við í þessu máli, þá áttum við í hinni hörðustu baráttu við hann út af hagsmunamálunum.

Hv. 7. þm. Reykv. minnti, held ég, áreiðanlega dálítið skakkt áðan, þegar hann var að tala um baráttu í Dagsbrún, bæði 1941 og 1942. Við áttum þar einmitt í sambandi við hagsmunamál í harðri baráttu við Sjálfstfl., sem naut þar m. a. fylgis ýmissa manna, sem við áður höfðum haft mjög gott samstarf við. Og þegar við fyrst tókum það, sem menn vilja kannske kalla forustu í Dagsbrún, þá var það, ef ég man rétt, með Alþfl., og með Alþfl mynduðum við 1942 samstjórn í Alþýðusambandinu, og framkvæmdastjórar Alþýðusambandsins eru þá tveir, einn úr Sósfl. og einn úr Alþfl. Það var mjög mikið samstarf einmitt á milli Alþfl. og Sósfl. á þeim árum. Hins vegar hafði Sósfl. reynt að mynda annars konar ríkisstj., áður en hann gekk í ríkisstj. með Sjálfstfl. 1944. 1942, eftir kosningasigur Sósfl., bauð Sósfl. Framsfl. upp á samstarf um vinstri stjórn. Og það var setið í samningum — ég þori ekki alveg að fullyrða, hve lengi, en það voru margar vikur, ég þori ekki að segja, að það hafi verið fullar 9 vikur en það voru a. m. k. margar vikur, sem setið var að samningum það haust, 1942, og það voru gefnar út skýrslur frá beggja hálfu um þá samninga, þar sem var tilgreint, hverju hvor um sig hafði haldið fram. Á hverju strandaði? Á hverju strandaði þá, að hægt væri að mynda vinstri ríkisstj., 1942, milli Sósfl., Framsfl. og Alþfl.? Á því, að Framsfl. hélt fast við, að það yrði að fara fram 10% kauplækkun. M. ö. o.: Framsfl. setti kauplækkun á oddinn haustið 1942. Öðruvísi átti ekki að ganga að samningum um vinstri stjórn. Og Framsfl. var alveg óvenju staðfastur í þessari skoðun, því að svo sprengir hann aftur nýsköpunarstjórnina 1944 á þeirri sömu kröfu og snýr sér til Sjálfstfl. og biður hann um að mynda stjórn með sér einum um kauplækkun.

Voru þetta kannske allt saman dyntir úr Framsókn, löngun í kauplækkun, eða var það eitthvað annað? Nei, það var dálítið annað. Það hafði dálítið annað gerzt þarna á undan, sem hv. 7. þm. Reykv. er líklega búinn að gleyma og honum finnst kannske ekkert sérlega skemmtilegt að sé rifjað upp. Framsfl. er ákaflega róttækur og góður flokkur núna, og það er indælt með honum að starfa, alveg ágætt. Ég veit, að hann hefur ekki verið svona góður til samstarfs eins og hann er núna allan þann tíma, sem ég hef haft kynni af honum, og ég hef unnið með honum frá 1924 öðru hvoru. En hann er búinn að gleyma ofur litlu, sem var forsenda fyrir því, að hann vildi ekki mynda vinstri stjórn haustið 1942 og að hann reyndi að mynda stjórn með Sjálfstfl., afturhaldsstjórn, 1944. Framsfl. hafði í janúar 1942, þegar hann samdi um stjórn með Sjálfstfl. og Alþfl., gefið út brbl. Um hvað voru þau brbl.? Þau brbl. hafa líklega ekki verið um neina ljóta hluti, eins og núv. ríkisstj. hefur verið að gera stundum? Þessi brbl. voru um það, að öllum verkalýðsfélögum í landinu væri bannað að hækka sitt kaup, og þá lá ekkert smáræði við. Hvað lá við? Það lá við, að stjórnir verkalýðsfélaganna yrðu fangelsaðar og sjóðir verkalýðsfélaganna gerðir upptækir, svo framarlega sem verkalýðsfélögin stæðu að því að hækka kaup öðruvísi en með leyfi ákveðins gerðardóms, sem settur var á stofn. Í þjóðstjórninni gömlu stóðu Framsfl. og Sjálfstfl. að þessu, en Alþfl. — Stefán Jóhann var þá hans ráðh. — fór út úr stjórninni á þessu spursmáli. M. ö. o.: Framsfl. sparkaði Alþfl. út úr ríkisstj. í janúar 1942 á því að heimta gerðardóm á móti verkalýðshreyfingunni í landinu og setja í lög, að það skyldi mega fangelsa foringja verkalýðsfélaganna og gera eigur verkalýðsfélaganna upptækar, svo framarlega sem brotið var á móti. M. ö. o.: Framsfl. hafði í janúar 1942 tekið upp ásamt Sjálfstfl. einhverja allra afturhaldssömustu og einræðiskenndustu pólitík, sem þekkzt hefur í launamálum á Íslandi. Og undir hvaða skilyrðum hafði Framsfl. tekið upp þessa stefnu? Hann hafði tekið hana upp undir þeim skilyrðum, að það var að byrja að myndast allmikill auður á Íslandi, og það átti að hindra allar kauphækkanir. Ég skal seinna koma að því, hvað það hefði þýtt, ef þær kauphækkanir hefðu verið hindraðar, því að þær kauphækkanir, sem þá voru framkvæmdar, það voru þær, sem lögðu grundvöll að þeim auði, sem Ísland átti í stríðslokin, en ekki nein vöruverðshækkun á Íslandi eða útflutningur. Við græddum ekki einn eyri á okkar

útflutningi á þeim árum — ekki eyri. Ensku hringarnir sáu um að halda því verði niðri. Og viðskipti Íslands 1942—1945 voru jöfn hvað snertir útflutning og innflutning. Það græddist ekki eyrir á því. Það, sem græddist, voru þær gífurlegu kauphækkanir, sem við knúðum fram hér heima, og m. a. það að hindra, að gengið væri lækkað, þannig að það voru allt kauphækkanir í dollurum og pundum.

Hvað þýddi sem sé afturhaldspólitíkin, sem Framsfl. tók upp í janúar 1942, sem hann hélt áfram í samningunum um vinstri stjórn, sem hann eyðilagði 1942, og hélt áfram í samningunum um fjögurra flokka stjórn haustið 1944, sem hann skar sig út úr þá? Þessi afturhaldspólitík var þessi 3 ár svo föst og ákveðin hjá Framsfl., að hann sá ekki annað en að það, sem gilti þá á Íslandi, væri að halda niðri kaupgjaldi verkafólksins. Þetta var ákaflega föst lína. Sjálfstfl. var ekki eins ákveðinn á þeirri línu. Hann passaði sig á henni. Það er mjög gott, þegar flokkar sjá, að það er skynsamlegt að halda ekki við svona bölvað afturhald, eins og þarna kom í ljós, og hverfa burt frá öðru eins og þeim gerðardómslögum. Og það, sem síðan gerðist, var, að með því samstarfi, sem fyrst skapaðist milli Alþfl. og Sósfl. í verkalýðshreyfingunni, urðu kauphækkanir, og síðan með þeirri stjórnarmyndun, sem komst á með hinni svokölluðu nýsköpunarstjórn, var lagður grundvöllur að þeim gerbreyttu lífskjörum, sem verkalýðurinn á Íslandi býr nú við.

Það er út af fyrir sig enginn sjálfsagður hlutur, að land eins og Ísland búi endilega við betri kjör fyrir stríð en eftir stríð. Það eru lönd í Evrópu, þar sem verkalýðurinn býr við verri kjör í dag en hann bjó við fyrir stríð. Það, að verkalýðurinn á Íslandi býr við betri kjör í dag — **(Gripið fram í: Er það nema í Rússlandi?)** Það er í Frakklandi, Portúgal og víðar. Í Rússlandi eru miklu betri kjör en voru fyrir stríð. Það, að verkalýðurinn á Íslandi hefur gert svo að segja gerbyltingu í sínum lífskjörum, stafar af tvennu: Í fyrsta lagi af þessari harðvítugu kaupgjaldsbaráttu verkalýðsins 1942 og á árunum þar á eftir á móti vilja Framsfl. Og af þeirri gerbreytingu á þeirri tæknilegu undirstöðu íslenzks efnahagslífs, sem framkvæmd var með nýsköpunarstjórninni. Þetta er það, sem veldur þeirri gerbyltingu lífskjara, sem orðið hefur á Íslandi. Og mér finnst, að Framsfl. ætti miklu frekar að reyna að finna út eitthvað í gamalli sögu, sem gæti gert honum mögulegt að tileinka sér eitthvað af þessu, heldur en að vera alltaf að hrinda þessu frá sér og láta vera að rifja upp, hve afturhaldssamur hann var í þessum málum. Hann hefur batnað svo mikið síðan, sérstaklega núna, meðan hann er í stjórnarandstöðu, þannig að hann ætti miklu frekar að segja, að þetta hafi verið tilviljun og mikil ógæfa, að hann skuli hafa lent utan við nýsköpunarstjórnina, það hafi bara verið honum Stefáni Jóhanni að kenna, hann hafi treyst of mikið á hann og hann hafi gjarnan viljað vera með í þessu. En það er ekki mitt náttúrlega að kenna pólitík í þessu efni. **(Dómsmrh.:** Er það ekki það, sem þeir segja bak við tjöldin?) Ég veit það ekki. Svo langt gekk þetta þá, að í september 1944 skoraði Tíminn, — nú vitna ég aftur í hann, og hv. 7. þm. Reykv. getur lesið það í honum, — þá skoraði Tíminn á atvinnurekendur að láta nú ekki undan þessari kauphækkunarbaráttu kommúnista. Hann orðaði það þannig, að það gæti beinlínis verið hættulegra að láta undan kauphækkunarkröfunum þá heldur en þótt það yrðu löng verkföll. M. ö. o.: þá var Framsfl. að stappa stálinu í atvinnurekendurna að stöðva bara atvinnulífið, þeir skyldu vera alveg óhræddir.

Það er ákaflega gaman fyrir hv. 7. þm. Reykv. að líta nú í þetta. Ég veit, að hann skrifaði Tímann ekki, þegar þetta var, og nú er Tíminn skrifaður miklu, miklu skynsamlegar. Núna skrifar Tíminn daglega, eins og rétt er, að það sé nauðsynlegt fyrir atvinnurekendur að skilja það, að þeir verði að hækka kaupið, og þeir eigi ekki að vera að eyðileggja síldveiðarnar og annað slíkt. Tíminn er skrifaður af ólíkt meira viti, en þá var. En engu að síður, þegar hv. 7. þm. Reykv. er nú að reyna að verja Framsfl. eins og hann var þá, hefði hann gott af að lesa Tímann frá þessum tíma, því að það voru ljótu tímarnir.

Svo kom hv. 7. þm. Reykv. inn á spursmálið um samanburðinn um nýsköpunarstjórnina og vinstri stjórnina, og ég hef aldrei verið smeykur við það að bera lofsorð jafnt á vinstri stjórnina sem nýsköpunarstjórnina. Ég skoða mig jafnt aðila að báðum þeim stjórnum. Það var ýmislegt, sem gerðist í sambandi við báðar þær stjórnir, sem við vorum óánægðir með. En það var líka ákaflega margt í þeim stjórnum, sem við vorum ánægðir með. Það, sem hins vegar ríður baggamuninn í báðum tilfellum, t. d. í okkar afstöðu, bæði Sósfl. og síðan Alþb., um þessar stjórnir, það er afstaðan annars vegar í hagsmunamálum almennings og hins vegar í þjóðfrelsismálunum.

Við skulum athuga hagsmunamálin fyrst. Okkar afstaða í Sósfl. og afstaða okkar í Alþb. hefur verið sú, að við berjumst fyrir því, að kjör verkamanna séu bætt, við berjumst fyrir launahækkunum. Og við berjumst fyrir þessum launahækkunum, hvort sem við erum í ríkisstj. eða utan við ríkisstj. og hvort sem sú stjórn heitir nýsköpunarstjórn eða hvort hún heitir vinstri stjórn. Við álítum og vitum, að það er mögulegt fyrir íslenzkt þjóðfélag að veita verkalýðnum betri kjör en hann hefur haft, betri kjör en hann hafði í nýsköpunarstjórninni, betri kjör en hann hafði í vinstri stjórninni og betri kjör en hann hefur nú. Við vitum, að það er mögulegt og hefur verið mögulegt öll þessi 25 ár að hækka kaupið á Íslandi, og við höfum alltaf barizt fyrir því. Það hefur verið föst stefna hjá okkur, og það hefur ekki farið eftir því, hvort við höfum verið í ríkisstj. eða utan við ríkisstj. Og ég verð nú að segja, að með allri virðingu fyrir stefnufestu bæði Sjálfstfl. og Framsfl., þá er mér ekki grunlaust um, að þeir flokkar hafi haft vissar tilhneigingar, svo að ekki sé skarpar að orði kveðið, til þess að vera þó frekar með kauphækkun, þegar þeir voru utan við ríkisstj., heldur en þegar þeir voru í ríkisstj. Ég sé það nú, og það gleður mig mjög

mikið, að Framsfl. er mjög eindregið með kauphækkunum og hefur aðstoðað vel við það að koma kauphækkun á. Það er mikil ánægja. Og ég var heldur ekkert að draga dul á það, því að maður á alltaf að unna sínum andstæðingum sannmælis, — og var ekkert að draga dul á það, að ég hefði orðið var við það 1958, þegar Sjálfstfl. var í stjórnarandstöðu, að það var viss samúð með kauphækkunum, meira að segja hjá Sjálfstfl. á þeim tíma. Og svona geta menn breytzt, þegar menn eru ekki lengur í stjórn, heldur stjórnarandstöðu. Þetta á hv. 7. þm. Reykv. að þekkja af Framsfl., svo að hann á ekkert að undrast, þó að Sjálfstfl. hafi sömu — ja, ekki kannske syndsamlegu tilhneigingar, en tilhneigingar til þess að vilja vinna að góðum málum frekar, þegar menn eru í stjórnarandstöðu en þegar menn eru í stjórn. En það undarlega við okkur, bæði Sósfl. og Alþb., var sem sé, að í vinstri stjórn jafnt sem í nýsköpunarstjórn vildum við reyna að knýja fram launahækkanir, og það var hægt.

Og nú skal ég rifja upp, vegna þess að hv. 7. þm. Reykv. fór ekki með alveg rétt mál hér áðan, hann vildi tala um það sem eitthvert ábyrgðarleysi, að við hefðum staðið með því að hækka kaup í september 1958. Kannske hv. 7. þm. Reykv. vildi nú líka fara að athuga Tímann í sambandi við það. Man hann, hvernig var ástatt það sumar? Þá voru ýmis verkalýðsfélög búin að fá hækkun, þ. á m. fagfélögin. En það var eitt félag, sem var seinast. Það var það félag, sem átti að vera fyrst. Það var Dagsbrún. Og þegar Dagsbrún svo gerði kröfu til launahækkunar í september, eftir meira að segja að Alþýðublaðið hafði skrifað hvað eftir annað og eggjað hana, þá man ég ekki betur — og vil ég þar unna mínum andstæðingum sannmælis — en að það hafi verið bæjarfulltrúi Framsfl. í bæjarstjórn Reykjavíkur, sem flutti þar sérstaka till. um, að það yrði orðið við öllum kröfum, sem Dagsbrún flutti fram. Ég held, að ég sé áreiðanlega ekki að ljúga neinu hrósi upp á Framsfl. Ég held, að þetta sé rétt. M. ö. o.: hafi einhverjir verið óábyrgir í sambandi við kauphækkanirnar þá, var Framsfl. vissulega með í því. Framsfl. gat ekki komið sér hjá því að viðurkenna og hans fulltrúar ýmsir, að það væri alveg óhjákvæmilegt og alveg sjálfsagt að hækka kaup verkalýðsins haustið 1958. Hefur hv. 7. þm. Reykv. athugað, hvað kaupið var komið niður í eftir þeirri vísitölu, sem við báðir virðumst vera nokkuð sammála um að fara hér eftir, í ágúst 1958? Þá var það komið niður í 95, miðað við 100 árið 1945. 1955 eftir verkfallið var það 100. M. ö. o.: kaupgjaldið í ágúst 1958 var 5 stigum lægra en það hafði verið eftir verkfallið 1955. Miðstjórn Framsfl. gerði fyrir nokkrum mánuðum ályktun um áætlunargerð og um áætlaða aukningu þjóðartekna og hvað auka mætti framleiðsluna í landinu og þar með bæta lífskjörin. Og ég tók mig til og reiknaði þá áætlun allrækilega út. Og þá lífskjarabót, sem Framsfl. í þeirri áætlun reiknaði með, hvað hægt væri að gera á hverju ári, — samkv. þeirri áætlun, sem Framsfl. lagði fram núna, þegar hann er í stjórnarandstöðu, hefði, ef hún hefði verið framkvæmd, þegar hann var í vinstri stjórninni, kauphækkunin frá því 1956, að við mynduðum vinstri stjórn, og fram til haustsins 1958 verið sú, að það hefði orðið a. m. k. í kringum 105 stig, ég held helzt 107, sem kaupgjald hefði þá átt að vera komið upp í, ef sú áætlun, sem Framsfl. leggur fram, þegar hann er í stjórnarandstöðu, hefði verið framkvæmd, þegar hann var í ríkisstj. Hvað var það svo, sem gerði það, að Framsfl. sleit vinstri stjórninni? Það var það, að í desember var kaupgjaldsvísitalan, þessi sem við virðumst vera sammála um að reikna eftir, komin upp í 104. Honum þykir það þá of mikið, að verkamenn, sem árið 1945 höfðu búið við vísitöluna 100 og 1955 aftur knúið fram 100, hafi í þeim mánuði 104 og hefði þó dregið úr því á næstu mánuðum.

M. ö. o.: kauphækkunin, sem þarna var framkvæmd, var ekki meiri en svo, að þegar Framsfl. er í stjórnarandstöðu, telur hann mjög eðlilegt, að slík kauphækkun sé framkvæmd. Og ég veit það alveg, að það var enginn vandi að tryggja það í íslenzkum þjóðarbúskap að standa undir því kaupgjaldi, sem þá var. Þær kauplækkunarkröfur, sem Framsfl. gerði þá og höfðu við ekkert að styðjast, voru ósvífnar og þær voru meira að segja — álít ég — frá sjónarmiði Framsfl. pólitískur óvitaskapur. Það, sem Framsfl. gerði í des. 1958, þegar hann stökk úr vinstri stjórninni án þess að tala við sína samstarfsflokka og með því að rjúfa öll heit, sem hann var búinn að vinna í þeirri vinstri stjórn, og þá samninga, sem hann hafði gert, — það, sem hann gerði þá, var sama glappaskotið sem hann gerði 3. okt. 1944. Þegar Framsfl. hætti samstarfinu í fjögurra flokka samningunum 1944, þá treysti hann á að geta myndað stjórn með Sjálfstfl. á móti verkalýðsflokkunum og bauð Sjálfstfl. upp á það, en það mistókst. Það, sem Framsfl. treysti á, þegar hann klauf vinstri stjórnina 1958, var að geta myndað stjórn með Sjálfstfl. einmitt um svona kauplækkun, og það mistókst. Og gamli afturhaldsandinn, gamli fjandskapurinn við kauphækkanirnar skýzt öðru hvoru upp, og þá leiðir hann Framsókn afvega. Mér þykir leiðinlegt að segja það, því að ég óska þess síður en svo, en mér þætti það vođalega leitt, ef það væri þannig, að til þess að Framsfl. héldist nokkurn veginn góður flokkur og stæði með kauphækkunum, þá þyrfti hann alltaf að vera í stjórnarandstöðu á Íslandi. Ég vil sannarlega ekki óska eftir því. Ég vildi óska þess, að Framsfl. mætti læra það af því að hafa nú verið í stjórnarandstöðu um nokkurn tíma og hafa staðið með kauphækkunum, nauðsynlegum og eðlilegum og sjálfsögðum kauphækkunum, að hann myndi það nú næst, þegar hann kæmist í ríkisstj., að þar á hann að berjast fyrir kauphækkunum líka, en ekki láta afturhaldseðlið allt í einu skjótast upp, þegar hann er kominn í ríkisstj., og fara þá að segja, að kauphækkanir séu alveg ófærar og það að ganga ekki að kauplækkunum sé sama sem að sprengja róttæka eða vinstri ríkisstj.

Það, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði í minn garð í þessu tilefni, var algerlega óverðskuldað og hreinar getgátur. Ég hugsaði ábyrgt í þessum

efnum, með ábyrgð gagnvart minum umbjóðendum og míns flokks. Ég vildi aðstoða við að knýja fram þær kauphækkanir, sem voru eðlilegar og sjálfsagðar og var vel hægt að standa við. Það var Framsfl., sem hugsaði óábyrgt gagnvart fólkinu í landinu og ekki sízt gagnvart öllum vinstri mönnum í landinu, af því að á bak við hjá honum bjuggu aðrar spekúlasjónir.

Hann má muna það, hv. 7. þm. Reykv., að á Alþýðusambandsþingi 1958 var það ekki Sósfl. einn, þó að hann hafi verið sterkur þar, sem tók þessa afstöðu, Alþfl. tók sömu afstöðu, meginhlutinn af fylgjendum Sjálfstfl. tók sömu afstöðu, meira að segja ýmsir fylgjendur Framsfl., svo að segja allt Alþýðusambandsþing var á því, að það yrði að knýja það fram að bæta lífskjör almennings. Það gerði líka samþykktir um aðra hluti, þá hluti, sem við nú erum að fjalla um, eins og áætlunarráðið.

En man hv. 7. þm. Reykv., hvað það var, sem Framsfl. hafði þá hins vegar lofað að framkvæma, áður en stjórnarsamvinnu væri slitið? Man hann eftir, að Framsfl. hafði lofað að framkvæma breyt. á kjördæmaskipuninni í landinu? Hv. þm. var að álasa Alþb. og Sósfl. fyrir að hafa haft samstarf við Sjálfstfl. um breytingu á kjördæmaskipulaginu. Ég skal rifja upp fyrir hv. þm., hvað það var, sem við hv. 4. landsk. þm. (HV) sögðum, þegar við komum til fyrstu samningafundanna með Alþfl. og Framsfl. eða með Hræðslubandalaginu svokallaða eftir kosningarnar 1956. Eitt af því, sem við sögðum við þá, var þá: Við ætlum að biðja ykkur um það nú að knýja ekki verkalýðshreyfinguna til þess í þriðja skiptið á 30 árum að hafa samstarf við borgarastéttina í landinu, Sjálfstfl., um breytingu á kjördæmaskipulaginu. — 1931 hafði þetta gerzt. Þá var það sá maður, sem hann tekur nafn hans sér hvað eftir annað í munn, Héðinn Valdimarsson, sem tók höndum saman við Ólaf Thors hérna úti á svölunum og sagði: Nú stöndum við saman. — Það hefur gerzt aftur 1942. Og maður hélt, að Framsfl. hefði lært eitthvað af þessu. Og við héldum, þegar við komum á fund þeirra hér niðri í þingflokksherberginu 1956, eftir þá tilraun, sem þá hafði verið gerð af hálfu Framsfl. og Alþfl. að ná meiri hluta á Alþingi með minni hluta kjósenda, að þeir mundu sjá það, að Framsfl. ætti að vinna sjálfur að því að breyta kjördæmaskipuninni og það væri honum fyrir beztu, og hann undirskrifaði samninga við Alþb. og Alþfl. um það. Það var svikið. Og Framsfl. rauf stjórnarsamvinnuna án þess að hafa fengizt til þess að ræða það mál. Svo kemur hv. 7. þm. Reykv. og fer að álasa okkur fyrir að hafa samstarf við Sjálfstfl. um að breyta kjördæmaskipuninni í landinu, þannig að hlutföll flokkanna séu nokkurn veginn jöfn eftir atkvæðafjölda, að koma sem sé á meira lýðræði í landinu en verið hafði, gera atkv. manna jöfn, skapa jöfnun til áhrifa á stjórn landsins, að svo miklu leyti sem slíkur jöfnuður fæst með kosningarétti. Sjálf hafði Framsókn skuldbundið sig til þess að gera vissa hluti í þessum málum og sveikst um það.

Framsfl. hafði lofað öðru líka, sem hann hljóp frá. Það var einmitt um það mál, sem við erum að ræða hér núna, um áætlunarráð. Það var eitt af því, sem var í samningunum, og meira að segja ákveðnar ráðstafanir í þeim málum.

Og það var ekki Framsfl. að þakka fyrst og fremst, heldur ráðh. Alþb., að í þeirri ríkisstj. voru gerðir stórir hlutir í því að afla nýrra tækja. Framsfl fékkst ekki til þess að mynda einu sinni neina skipulagða nefnd eða ráð til þess að vinna að slíku. Það varð að vinna að því með því að reyna að veita sem allra mest leyfi og annað slíkt. Framsfl. var meira að segja hræddur við að taka erlent lán, sem þurfti til þess að kaupa þessi skip og kaupa meira af þeim en gert var.

M. ö. o.: Sósfl. áður og Alþb. í vinstri stjórninni stóðu fast að vissum hagsmunamálum almnnings og vildu knýja þau fram. Framsfl., sem fyrr á tímum hafði oft eyðilagt möguleika vinstri stjórna á því að heimta kauplækkanir, sprengdi líka vinstri stjórnina á því að heimta kauplækkun.

Hvernig fór hins vegar með sprenginguna á nýsköpunarstjórninni? Þar voru það þjóðfrelsismálin, sem sprengdu þá stjórn. Við vildum ekki ganga inn á Keflavíkursamninginn, sósíalistar, við höfðum áður í þeirri ríkisstj., þegar það kom til greina að leigja Bandaríkjamönnum þrjár stöðvar á Íslandi, Keflavíkurflugvöll, Skerjafjörð og Hvalfjörð, til 99 ára og taka það undan íslenzkri lögsögu og afgirða það sem amerískt land, þá höfðum við neitað að verða við þessu og lagt við að fara úr ríkisstj., ef slíkt yrði gert. Þegar eftir kosningarnar 1946, að Keflavíkursamningurinn kom, þá stóðum við á móti honum og tilkynntum forsrh. það, að við mundum fara úr ríkisstj., ef þetta væri samþ.

Framsfl. sagðist vera ákaflega róttækur í þjóðfrelsismálunum á þessum tíma. Hann tók mjög róttæka afstöðu 1946 í kosningunum, lofaði því, að hér skyldu aldrei verða herstöðvar. Og síðan, þegar að Keflavíkursamningnum kom, þá greiddi allur Framsfl. atkv. með því að vísa málinu til allsherjaratkvæðagreiðslu. En hvað gerði Framsfl., þegar kom að atkvgr. um málið sjálft? Framsfl., sem hafði þótzt ákaflega róttækur í þjóðfrelsismálunum, skipti sér í nokkurn veginn tvo alveg jafna hluta, helmingurinn með og helmingurinn móti. Það átti víst að gefa guði það sem guðs var og mammon það sem mammons var, eða hvernig sem hugsunin var nú í því, það átti að leggja inn gott orð hjá íhaldinu til þess að geta komizt í næstu ríkisstj., sem mynduð yrði, eftir að Ameríkanarnir væru búnir að sprengja nýsköpunarstjórnina. Hvernig fór? Stjórnin var sprengd, við fórum úr henni, eftir að þetta hafði verið samþ., og Framsfl. fór inn í ríkisstj. með Alþfl. og Sjálfstfl., og sú ríkisstj., sem Framsfl. fór inn í þá, samþykkti síðar á því kjörtímabili, að Ísland gengi í hernaðarbandalag, þvert ofan í allar þær yfirlýsingar, sem Framsfl. hafði gefið í kosningunum 1946.

M. ö. o.: Framsfl. þótti ósköp gott að tala róttækt í þjóðfrelsismálum í kosningunum 1946, skipta sér til helminga í afstöðunni um þau í atkvgr., þegar nýsköpunarstjórnin var að falla, vegna þess að við neituðum að vera með áfram, og skríða síðan í stjórn á eftir, en bara miklu,

miklu lakari stjórn en nýsköpunarstjórnin var. Og þetta er ekki neitt nýtt í framferði Framsfl. í líku. Hvað gerðist 1949 eða réttara sagt 1950, eftir kosningarnar 1949? Sjálfstfl. myndaði hér minnihlutastjórn, kemur fram með gengislækkunarfrv. og mjög harðvítug ákvæði þar, ákvæði, þar sem m. a. er tekið fram, að í hvert skipti, sem kaup sé hækkað á Íslandi, skuli Landsbankinn, sem eftir þeim lögum átti að fá valdið til þess að ákveða gengið, taka gengið til endurskoðunar, m. ö. o. frv., þar sem Landsbankanum var gefið valdið til þess að skrá gengið og uppálagt í 2. gr. frv. að endurskoða gengið í hvert skipti, sem kaup væri hækkað. Það átti sem sé að fara að beita þeirri aðferð eftir þessu ameríska frv., — það var beinlínis útbúið af efnahagsfulltrúa Ameríkana hérna, — það átti beinlínis að beita því, sem beitt var 1961 og hv. 7. þm. Reykv. eins og við hefur réttilega ráðizt á. Hvað gerir þá Framsfl.? Jú, hann flytur vantraust á ríkisstj. Sjálfstfl. Hvernig stóðum við gagnvart því vantrausti? Við vorum náttúrlega með því vantrausti. Og þegar ríkisstj. Sjálfstfl. er fallin, hvað gerir Framsfl. þá? Sér Framsfl. þá til þess, að þessu gengislækkunarfrv. sé breytt, að það sé horfið burt frá því að lækka krónuna og horfið burt frá þessu kúgunarákvæði? Nei, hann sér ekki um það. Hann fer inn í ríkisstj. með Sjálfstfl., og fyrst þegar farið er aftur að ræða þetta frv. og farið er harkalega að ráðast á þetta og Alþfl. tekur undir það mjög harðvítuglega líka, þá fæst þessu atriði, 2. gr., breytt, hún er felld burt, og Alþingi hélt gengisskráningarvaldinu þá. M. ö. o.: þegar Framsfl. leggur fram sitt vantraust á Sjálfstæðisflokksstjórnina 1950, þá virðist það ekki vaka fyrir honum að berjast á móti því slæma málefni, sem Sjálfstfl. þá var með, gengislækkunarfrv. Nei, það, sem virtist vaka fyrir honum, var að komast í ríkisstj. til þess að framkvæma það slæma málefni, sem Sjálfstfl. var með. Þetta er munurinn á afstöðu Sósfl. og síðar meir Alþb. annars vegar og svo Framsfl. hins vegar. Það eru völdin oft og tíðum til þess að lækka kaup, sem Framsfl. hugsar um. Það er baráttan fyrir því að hækka kaupið og bæta kjör almennings, sem Sósfl. og Alþb. hugsa um, hvort sem er í ríkisstj. eða utan hennar.

Þá kom hv. 7. þm. Reykv. inn á það, sem hann hefur oft verið að minnast á í sínu blaði, og hann talaði nú alveg eins og hann væri Tíminn, þegar hann var að ræða hér áðan. Satt að segja verð ég að segja, að mér þykir hálfleiðinlegur sá tónn, sem sum blöðin eru farin að temja sér, Tíminn og Morgunblaðið, og sízt kann ég við, að hann sé fluttur hér inn á Alþingi. Þetta að reyna að vera að nudda hver öðrum upp úr því, að þeir vinni með kommúnistum, það er svo langt fyrir neðan virðingu þessara hv. þm., eins og 7. þm. Reykv., að jafnvel þótt menn noti það í blöðum, eiga menn ekki að koma með slíkt inn á Alþingi. Þetta er orðið svo gamalt. Karl Marx og Friedrich Engels segja í inngangi Kommúnistaávarpsins, spyrja þá, í febrúar 1848, hvar séu þeir stjórnarandstæðingar, sem ekki hafi verið borið það á brýn, að þeir væru kommúnistar, og hvar væru þeir afturhaldssamir fylgifiskar einnar ríkisstj., sem ekki hafi verið borið það á brýn af stjórnarandstæðingunum, að þeir væru kommúnistar. Og í meira en hundrað ár er þetta búið að ganga, og enn þá eruð þið að leika þennan leik hérna. Þegar Ólafur Friðriksson var settur í tugthúsið 1921, sögðu margir burgeisar hér í Reykjavík: Ja, nú vantar bara, að Jónas frá Hriflu væri settur inn líka, þá er kommúnisminn á Íslandi búinn að vera. — Svona er þetta búið að ganga síðustu 40 ár, og þið verðið að fyrirgefa mönnum, sem eru farnir að eldast, þótt þeir séu orðnir þreyttir á þessu. Ef ungu mennirnir hafa gaman af þessu nuddi, þá er þeim það náttúrlega ekki of gott, en þetta er svo vitlaust, að það lækkar allan þann standard, allt það stig, sem íslenzkt stjórnmálalíf, sem blaðamennskan stendur á, að vera með svona.

Jónas frá Hriflu var skoðaður sem aðalfrumkvöðull kommúnismans á Íslandi. Í fyrsta skipti, sem ég tók þátt í opinberum bændafundum norður í Hegranesi, 1928 með Ólafi Thors, Haraldi Guðmundssyni og Jónasi frá Hriflu, þá skellti einmitt Ólafur Thors því á Jónas frá Hriflu, að hann væri frumkvöðull kommúnismans á Íslandi. Og ég tók svari Jónasar og sagði á eftir, að ef það væri nokkuð, sem fæddi af sér kommúnisma á Íslandi, þá væri það Kveldúlfur, það væri sem sé auðvaldsskipulagið, sem skapaði kommúnisma, það væru þau eðlilegu rök. En ég held, að Tíminn og Framsfl. þurrki þetta aldrei af sér með þessu sífellda nuddi, og það er ósköp leiðinlegt að vera að því og menn lenda í slíkum ógöngum eins og meira að segja hv. 7. þm. Reykv., eins og ég skal nú koma inn á.

Það er ekki nema heiður að því fyrir hvern af forustumönnum þeirra borgaralegu flokka að vera borið á brýn, að þeir séu kommúnistar eða að þeir stæðu með kommúnistum, vegna þess að það þýðir venjulega, að þeir væru að vinna að einhverjum róttækum og góðum málum. Þeir eiga bara að vera upp með sér af því. Það eru ákaflega fáir almennilegir menn í veröldinni núna framarlega í stjórnmálum, sem hefur ekki einhvern tíma verið borið slíkt á brýn. Sá maður, sem t. d. Tíminn oft er að vitna í og gera flokk hans einn af sínum þar í Bandaríkjunum, sem sé Demókrataflokkurinn, Roosevelt forseti, sem var, hann var alla sína forsetatíð hundskammaður af afturhaldinu í Bandaríkjunum sem kommúnisti. Tennessee Valley og allt það stóra fyrirtæki var eitt af því mikla, sem hann beitti sér fyrir. Allt var þetta skoðað sem kommúnismi.

Hv. 7. þm. Reykv. kom í þessu sambandi inn á kosninguna í Sogsvirkjunarstjórnina. Ég ætla nú ekkert að segja um, hvað muni hafa skeð, því að það veit ég ekki, á þeim bæjarstjórnarfundi. En annað veit ég, og það veit hv. 7. þm. Reykv. líka, og það þarf ekki neitt að deila um, og það er, hvernig stendur á því, að það situr framsóknarmaður í Sogsvirkjunarstjórninni. Hvernig stendur á því, að það situr framsóknarmaður í Sogsvirkjunarstjórninni? Hvaðan kemur framsóknarmaður inn í Sogsvirkjunarstjórnina? Hver skipar framsóknarmann í Sogsvirkjunarstjórnina? Ekki hafa þeir atkvæði í bæjar-

stjórn Reykjavíkur til þess að setja mann inn. Hver skipar hann? Það skyldi þó aldrei vera ótætis viðreisnarstjórnin. Það skyldi þá aldrei vera, að Sjálfstfl. og Alþfl. skipuðu framsóknarmann í Sogsvirkjunarstjórnina, skipuðu hann beinlínis opinberlega? Vill ekki hv. 7. þm. Reykv. gera grein fyrir því? Ríkisstj. skipar framsóknarmanninn. Það eru tveir menn útnefndir af ríkisstj. Þeir gátu haft það Alþýðuflokksmann og sjálfstæðismann, ef þeir vildu. En hvað gera þeir? Þeir skipa framsóknarmann. Af hverju skyldu þeir gera þetta? Ég mundi ekki leita að neinum slæmum hvötum yfirleitt hjá mínum andstæðingum í svona efnum. Mér dytti langhelzt í hug, að þeir mundu álita það mjög sanngjarnt, að flokkur eins og Framsfl. ætti einn mann þarna inni. M. ö. o.: þó að ég sé að skamma þessa flokka, sem nú eru í ríkisstj., fyrir alls konar einræðistilhneigingar oft og tíðum, þá dettur mér ekki í hug að neita því, að það búi líka í þeim ýmislegt af lýðræðislegum tilhneigingum, þeim finnist eðlilegt, að í einni þýðingarmikilli stjórn eigi m. a. Framsfl. sæti.

Svo skulum við koma að Norðurlandaráði. Er ekki bezt fyrir okkur að rifja það upp, hvernig var, þegar Norðurlandaráð var sett á stofn, hverjir börðust fyrir því, að Norðurlandaráð væri sett á stofn? Það voru tveir flokkar, sem stóðu sem heild saman um það á Alþingi. Það voru Sósfl. og Alþfl. Framsfl. og Sjálfstfl. voru báðir nokkuð klofnir í því máli, og menn úr báðum þeim flokkum greiddu atkvæði á móti því, þegar það var stofnað, en meiri hl. í báðum þeim flokkum var með því. Ég hafði tekið þátt í því sem fulltrúi Alþingis ásamt fleirum að leggja grundvöll að þessu Norðurlandaráði á fundinum í Stokkhólmi á sínum tíma, og eitt af því, sem sérstaklega var tekið fram í þeim grundvallarreglum, sem þá voru samþykktar fyrir Norðurlandaráð, var, að það skyldi vera gert mögulegt fyrir sem flestar skoðanir á þjóðþingunum að komast að kosningu í það ráð, tekið fram sem einn grundvöllurinn að Norðurlandaráði. Hvað gerist svo hér heima á eftir, þegar heim er komið? Það, sem gerist hér heima, er máske undir áhrifum utan frá, þeim áhrifum, að það eigi að reyna að útiloka menn, sem hafa sérstakar skoðanir, t. d. sósíalistískar skoðanir, frá því að geta setið í nefndum eða fulltrúaráði og öðru slíku. Þá er tekið upp á því hér í Alþingi, þar sem aldrei hafði annað tíðkazt, þegar Alþingi átti að kjósa fimm menn, að þá væru þeir kjörnir með kosningum í sameinuðu Alþingi. Það eru kosnar hér ákveðnar nefndir í sameinuðu Alþingi, og það eru kosnar sérstakar nefndir í Nd. og sérstakar nefndir í Ed. Það var tekið upp á því, að það skyldi tekinn upp kosningaháttur, sem á sér enga fyrirmynd á Alþingi og hefur aldrei átt, að það skyldi kjósa í eina og sömu n. 3 menn í Nd. og 2 menn í Ed., einvörðungu til þess að reyna að útiloka Sósfl. frá því að eiga fulltrúa þarna og til þess að brjóta grundvallarreglu Norðurlandaráðs, til þess að reyna að útiloka okkur. Framsfl. tók þátt í þessu, og það er honum til skammar. En Framsfl. sá að sér seinna. Framsfl. sá, að það var til skammar að hafa þetta svona. Og það var ákaflega óeðlilegt og ólýðræðislegt og á móti anda Norðurlandaráðs að breyta svona. Og hvað gerði þá Framsfl.? Menn verða að athuga, að Framsfl. getur líka verið ákaflega góður flokkur og hann getur sýnt ákaflega miklar lýðræðislegar tilhneigingar, alveg eins og hann getur staðið t. d. með kauphækkunum, þegar hann er í stjórnarandstöðu. Jú, Framsfl. gerir hvorki meira né minna en hann býður okkur af sinni gæzku upp á það, að hann skuli fórna öðrum sínum fulltrúa, fórna sínum eina fulltrúa í Nd., til þess að við úr Alþb. gætum átt einn mann í Norðurlandaráði. Svona er gæzka Framsfl. mikil stundum. Svona er hans lýðræðisást. Þetta gerðist, þegar við vorum saman í vinstri stjórn, þannig að maður sér það svo sem, að Framsfl. er alveg reiðubúinn til þess að vinna fyrir lýðræðið og mannréttindin og halda í heiðri grundvallarreglur Norðurlandaráðs, þegar hann er með í ríkisstj. (**Gripið fram í:** Getur hann gert meira?) Hvað gerist svo, þegar vinstri stjórnin var búin að vera og allt það? Þá kemur fram till. frá einmitt núv. hæstv. dómsmrh., sem um það skeið var forsrh., þá kemur fram till. frá honum að koma þessu í það horf, sem það átti að vera upphaflega, og framkvæma í reyndinni það, sem Framsfl. í þrjú ár hafði framkvæmt, að allir flokkar á Alþingi ættu fulltrúa í þessu Norðurlandaráði. Og ég skil ekki í öðru en það hafi verið flutt af sams konar virðingu fyrir lýðræði og jöfnum réttindum hjá hæstv. dómsmrh. núv. og þegar Framsfl. fórnaði sínum eina fulltrúa í Nd. til þess að koma svona vondum kommúnistum inn í Norðurlandaráð. M. ö. o.: eins og Framsfl. var ekki alls varnað með lýðræðislegar kenndir í þessu efni, eins átti Sjálfstfl. þetta líka til í mjög ríkum mæli. Og nú held ég, að hv. 7. þm. Reykv. ætti bráðum að fara að hætta að tala um Sogsvirkjunarstjórn og Norðurlandaráð.

En fyrst hann er að þessu, þá vil ég minna hann á, fyrst hann er að rifja upp sögu, að það er ekkert heppilegt fyrir Framsfl. að vera að rifja upp sögur í þessum málum. Ég vil minna hann á tvennt. Við erum báðir sammála um ýmiss konar einræðiskenndir hjá hæstv. núv. ríkisstj. En það má hv. 7. þm. Reykv. muna, að aldrei hefur það komið fyrir nema undir stjórn Framsfl., að sjúklingar væru hraktir af heilsuhælum eða nemendur reknir úr skólum og stöðvaðir á menntaveginum fyrir það, að þeir væru kommúnistar. Ofstopinn í kringum 1930 gagnvart okkur, sem þá vorum að stofna kommúnistaflokkinn, var slíkur, að aðrar eins ofsóknir hafa ekki þekkzt í íslenzkri stjórnmálasögu og koma vonandi aldrei fyrir. Og fyrst hv. 7. þm. Reykv. er að rifja upp gamlar sögur, þá langar mig til að kasta hér fram einni spurningu. Það gerir ekkert til, þó að það verði upplýst hér, og er fróðlegt fyrir Íslandssöguna, áður en þeir menn eru allir horfnir, sem þá sátu í ríkisstj. Ég veit, að það var rætt í ríkisstj. Íslands vorið 1941, að ríkisstj. bannaði Þjóðviljann og jafnvel bannaði Sósfl. og léti höfða mál og jafnvel fangelsa ýmsa af okkur, sem þá komum þar við sögu. Hvar stóð Framsfl. í ríkisstj. í þeim málum? Það væri gott að fá það upp-

lýst? Hvar stóð Sjálfstfl.? Ég skal ekki á þessu stigi fullyrða neitt, en það væri æskilegt, að það kæmi fram, hvernig hann stóð. Það getur kannske verið, þrátt fyrir allt, sem við höfum um Sjálfstfl. að segja, að hann hafi sýnt allmikla tilhneigingu til þess að halda þá lýðræðislegum réttindum, þótt það væri um andstæðinga, í heiðri. Það er nauðsynlegt fyrir okkur, þegar við erum á annað borð að rifja upp sögur, að það sé farið að grafa upp þá hluti, sem gerzt hafa í íslenzkri sögu. Og allar aðrar þjóðir eru farnar að gera þetta fyrir löngu. En út af því návígi, sem á sér stað í íslenzkum stjórnmálum, þá er þetta minna gert á Íslandi en annars staðar. En það ætti að gera það, bæði til þess að rifja það upp, sem gott er og slæmt í fari ýmissa flokka og fari ýmissa stjórna, og líka til þess, að það komi alveg greinilega í ljós, að hjá íslenzkum flokkum er ekki neitt um eitthvað hvítt annars vegar og svart hins vegar að ræða. Það eru flokkar, sem allir saman hafa getað starfað saman, hver með öðrum. Framsfl. þarf ekki að vera svona afbrýðissamur, þó að við höfum verið tvö ár í stjórn með Sjálfstfl. Hann hefur a. m. k. verið 15 ár í stjórn með honum sjálfur. Það er alveg óþarfi að geta aldrei nokkurn tíma litið fram hjá nýsköpunarstjórninni. Þótt hún hafi afrekað meira en sú 15 ára samstjórn, sem Sjálfstfl. og Framsfl. hafa átt, þá dugir ekki að vera svona afbrýðissamur út í það. Allir pólitískir flokkar á Íslandi hafa starfað saman, hver með öðrum, og það er ekki viðeigandi bókstaflega að vera að rífast um það endalaust, eins og það sé eitthvert algert bann. Það eru áhrif enn þá frá kalda stríðinu, áhrif frá þeim tímum, þegar mönnum var bannað t. d. að mynda stjórn með Sósfl. á Íslandi, — það eru þau áhrif, sem eru þarna á bak við, og þau áhrif eiga að hverfa. Ég vil sérstaklega vara forustumenn í íslenzkum stjórnmálum við því, því að það hefur þegar skeð, að nokkrir forustumenn í íslenzkum stjórnmálum hafa orðið að hætta og hafa orðið að gerast sendiherrar, vegna þess að þeir hafa verið að gefa vitlausar yfirlýsingar um þetta. (**Forseti:** *Ég vildi spyrja,* hvort hv. þm. eigi mikið eftir af ræðu sinni.) Ég á dálítið eftir, svo að ég skal verða við því að hætta. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 34. fundi í Nd., 4. febr., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., 5. febr., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Einar Olgeirsson) [frh.]: Herra forseti. Hv. 7. þm. Reykv. kom að því í sinni löngu og miklu ádrepu, að það hefði verið heldur slæm stjórn, þessi svokallaða nýsköpunarstjórn, hún hefði tekið við mesta gróða, sem nokkurn tíma hefði verið hér á Íslandi, eytt honum og það væru bara nokkrir togarar, sem eftir hana lægju. Ég vil minna hann á það um leið, að þegar Framsókn komst til valda nokkru seinna, var það meira fé, sem Framsfl. og Sjálfstfl. höfðu til umráða í sinni helmingaskiptastjórn frá 1950—1956, heldur en það, sem nýsköpunarstjórnin hafði til umráða á sínum tíma, en það var ekki farið eins vel með það aftur á móti. Við skulum fyrst í sambandi við þessa fullyrðingu athuga, af hverju stafaði þessi gróði, sem þarna er verið að tala um? Ég veit, að það eru uppi þær hugmyndir hjá sumum, að þessi gróði hafi stafað af því, að Íslendingar hafi selt sínar vörur til útlandsins með svo miklum árangri og háu verði, að af því hafi stafað sá gróði eða það fé, sem til var í erlendum gjaldeyri á Íslandi frá stríðslokum. Þetta er algerlega rangt. Allan stríðstímann stóðst það nokkurn veginn á, hvað við fluttum út og hvað við fluttum inn. Frá 1940—1945 var innflutningurinn 1271 millj., og útflutningurinn var á sama tíma 1277 millj. Verðið fyrir þær afurðir, sem við fluttum út á stríðsárunum, var allt raunverulega ákveðið af Englendingum. Unilever t. d., sá víðkunni hringur, ákvað verðið á síldarlýsinu allan tímann og hélt því í 38 sterlingspundum, þegar raunverulegt verð var milli 60 og 100 sterlingspund. Það, sem olli því, að það voru yfirleitt til einhverjar innstæður á Íslandi í stríðslokin, voru kauphækkanir verkamanna og hitt, að það var hindrað, að íslenzka krónan væri felld, þannig að um leið og kaupgjaldið hækkaði, meira að segja um leið og vísitalan hækkaði, þá hækkaði að sama skapi það kaup, sem verkamenn fengu, og þar með sú fúlga hvað snerti alla setuliðsvinnu og annað slíkt, sem varð að greiða í dollurum og pundum til Íslendinga, og afleiðingarnar af því urðu þær, að raunverulegar kauphækkanir, þegar vísitalan er talin með, þýddu raunverulega þrefalt kaup síðari hluta stríðsáranna, miðað við það, sem var í upphafi. Það er þessari kauphækkunarbaráttu, sem Framsfl. stóð á móti og hann reyndi að hindra með gerðardómsaðgerðunum, að þakka fyrst og fremst, að Ísland átti það, sem það átti í stríðslokin.

Hvernig stóð á því, að Framsfl. skyldi standa svona harðvítuglega á móti því, að kaupgjald væri hækkað á þessum árum, þar sem hann hins vegar er ákaflega elskulega skilningsríkur gagnvart kauphækkunum núna, eins og mjög lofsvert og gott er? Hvernig stóð á því? Jú, Framsfl. virtist hafa gengið út frá því allan þennan tíma, að það, sem mundi gerast eftir stríð, væri, að allt félli, allt verðlag félli, allt lækkaði. Framsfl. hefur kannske aldrei stúderað mikið hagfræði eða annað slíkt, fyrr en hann hefur þá farið að ganga í þennan ameríska skóla, eftir að hagfræðingarnir fóru að verða hér nýmóðins og Bandaríkin fóru að skipta sér af okkar málum, en í stríðslokin stóð það þannig, að Framsfl. trúði því og það gerði raunar dagblaðið Vísir líka, að það, sem í vændum væri, strax og stríðinu lyki, væri gífurlegt verðfall á öllum íslenzkum afurðum.

4. nóv., í því blaði, þar sem formaður Framsfl. núv., Eysteinn Jónsson, skrifar um tilboð sitt til Sjálfstfl. um að mynda ríkisstj. til þess að lækka kaupið, þá segir í Tímanum, um leið og hann er að sýna fram á, hvílík vitleysa það sé að fara að nota gjaldeyrinn til þess að auka atvinnureksturinn, að þetta eigi að gerast núna í stríðslokin, þegar svo að segja dag hvern er

von á lækkuðu útflutningsverði. Meira að segja orðalagið gaf til kynna, ekki bara, hverju þeir byggjust við, heldur hverju þeir vonuðust eftir. Það var ekki verið að tala um, að það væri hætta á lækkuðu útflutningsverði fyrir Íslendinga. Nei, það var von á lækkuðu útflutningsverði. M. ö. o.: öll Kóka-kóla-samfylkingin, eins og hún var venjulega kölluð þá, Framsóknar-Vísisliðið, það reiknaði með því, að það væri allt að falla, allt verðlag að falla erlendis. Það reiknaði á sama hátt og togaraeigendurnir, þegar þeir voru spurðir, hvort þeir vildu vera með í því að kaupa togara. Þeir sögðu: Nei, nei, við bíðum 1½ ár, þetta fellur allt saman. — Það, sem við sögðum hins vegar, sem stóðum þá að nýbyggingarráði, var: Það kemur allt til með að hækka, um leið og stríðinu lýkur, og það er um að gera að kaupa strax það, sem maður getur náð í, og selja eins mikið og hægt er. — Og það reyndist rétt. Framsfl. reiknaði eins og fleiri hér heima allt hringlandi vitlaust út þá. Þess vegna vafalaust, svo að ég geri Framsfl. ekki neinar slæmar getsakir, — þess vegna fyrst og fremst stóð hann á móti því, að það væru gerðar ráðstafanir til þess að fara að kaupa inn stór og mikil atvinnutæki til landsins, og þvert ofan í ráð hans og hægri hlutans af Sjálfstfl., sem var þá í stjórnarandstöðu, voru framkvæmdar þær ráðstafanir, sem gerðar voru.

Ég skal svo örstutt minna á, hvað það var, sem keypt var inn af hálfu nýsköpunarstjórnarinnar til Íslands á þessum árum eða lagður grundvöllur að. Það var raunverulega lagður grundvöllur að því nýtízku Íslandi, tæknigrundvöllur að Íslandi, eins og það er nú. Ég skal fyrst taka togarana. 1945 áttum við 28 togara, gamla ryðkláfa, eins og einn stjórnmálamaður, núv. hæstv. forsrh., kallaði það í gamla daga. Þeir voru til samans rúm 9000 brúttótonn að stærð. 1950 áttum við 48 togara, sem voru tæp 27 þús. brúttótonn að stærð, og hafði samt mörgum af gömlu togurunum ýmist verið lagt, seldir úr landi til Færeyja, jafnvel sumir höggnir upp. Við höfðum keypt 32 nýja togara, þrefaldað tonnatölu í okkar togaraflota. Og þar við bættist, að allur aðbúnaður og allt öryggi fyrir sjómennina var orðið margfalt betra en áður hafði verið. Þeir, sem þekktu, hvernig kojurnar voru í gamla daga, þegar allt var í einum geim að heita mátti framan til í togurunum, vita bezt, hvílík gerbylting það var á þeirra aðbúnaði, þegar komu tveggja manna klefar að mestu leyti í staðinn. Þannig var með togaraflotann. Bátar voru keyptir hátt á annað hundrað á þessum tíma. En hins vegar voru margir gamlir, úreltir og litlir bátar, 10 tonna bátar og slíkir, teknir úr notkun. Og öryggið óx við það, að þessir stóru bátar voru keyptir til landsins, enda var það eftirtektarvert, t. d. hérna í Faxaflóa, hve sjóslys voru færri á næstu árunum eftir að stærri bátarnir komu heldur en áður var. 1945 voru það 385 bátar, sem voru taldir hér með 14 þús. tonnum rúmum, en 1950 voru 462 bátar með 22 þús. tonnum, en þá var margt af gömlu bátunum búið að týna tölunni.

Þá var ekki síður stór breyting hvað snertir farþega- og flutningaskip. 1945 áttum við 13 farþega- og flutningaskip, sem voru 9600 brúttótonn. Á árunum 1946—1951 komu þau skip, sem pöntuð voru eða keypt fyrir nýbyggingarfé, þ. á m. meginið af öllum skipum Eimskipafélagsins, Goðafoss, Dettifoss, Lagarfoss, Gullfoss, Reykjafoss, og fyrstu skip, sem SÍS átti þá, eins og Hvassafell, það komu alls á þessum tíma 14 skip, sem voru rúm 30 þús. brúttótonn eða voru þreföld á við það, sem Ísland átti fyrir stríð. Þannig var gerbylt því ástandi, sem fyrir var í okkar flutninga- og farþegaskipaflota.

Álíka stórvirki voru unnin á sviði fiskiðnaðarins. Síldarverksmiðjurnar voru meira en tvöfaldaðar hvað afköst snerti. Hraðfrystihúsum var komið upp, m. a. fiskiðjuveri ríkisins. Það voru gerðar tilraunir til annarra hluta, sem að vísu mistókust eða voru eyðilagðar. Það voru keyptar vélar í lýsisherzluverksmiðju, en hún fékkst ekki byggð seinna meir. Og það voru keyptar og komið upp vélum í niðurlagningarverksmiðju norður í Ólafsfirði, en tókst ekki að koma því í gang. Fyrir utan þau stórvirki, sem gerð voru, voru gerðar tilraunir, sem benda hins vegar fram til þess, sem nú er verið að gera.

Samsvarandi breytingar áttu sér stað í þeim almenna iðnaði. Vélsmiðjurnar hér í Reykjavík, vélsmiðjur eins og Héðinn, tóku algerum stakkaskiptum. Hér var komið upp og keyptar vélar til fataverksmiðju og ýmislegt annað slíkt. En við skulum svo alveg sérstaklega athuga, hvað það þýddi fyrir lífskjör verkalýðsins, að nýsköpunarstjórnin komst á. M. ö. o.: ef afturhaldsstjórn Framsóknar og Sjálfstfl. hefði verið mynduð 1944, eins og Framsfl. fór fram á við Sjálfstfl. 3. okt. 1944, þá hefði komið kauplækkun undireins, en þó að öllum líkindum verkföll fyrst. Meðan þau verkföll hefðu staðið, hefði þjóðin eytt þeim inneignum, sem hún átti erlendis. Síðan, ef það hefði tekizt fyrir auðvaldinu með aðstoð Framsóknar og Sjálfstfl. að svelta verkamenn til undanláts, þá hefði kauplækkun komið. Hvað gerðist svo í staðinn? Það, sem gerðist í staðinn, var, að það var fest sú kaupgeta tímakaupsins, sem náðist á tímabilinu 1942—1944. Það var fest áfram, þannig að 1944—1947 stendur sú kaupgeta. Kaupgeta tímakaupsins sjálfs var um 50% hærri en 1938. Ég byggi þar á skýrslum, sem ég vonast eftir að hv. 7. þm. Reykv. rengi ekki, þeim skýrslum, sem aðalefnahagssérfræðingur bæði vinstri stjórnarinnar og viðreisnarstjórnarinnar hefur gert, Jónas Haralz, ásamt Ólafi Björnssyni 1948, og ég held, að það hafi verið að tilhlutun Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Alþýðusambands Íslands. M. ö. o.: kaupgeta tímakaupsins var eitthvað frá 47% upp í 56% hærri en hún var 1938. Og síðan hefur kaupgeta tímakaupsins aldrei orðið hærri eftir stríð, ekki einu sinni í okkar ágætu vinstri stjórn, því að þegar hún einu sinni ætlaði að verða hærri, þá sprengdi Framsókn stjórnina, í des. 1958. Það mátti Framsókn ekki sjá, að eftir 11 ár yrði kaupgeta tímakaups verkafólks hærri en hún var á þessum voðalegu nýsköpunarárum. Það, sem enn fremur gerði muninn á lífskjörum íslenzks verkalýðs þá, var, að heimilisfaðirinn hafði örugga atvinnu öll þessi ár, árið um kring. Kaupgeta tímakaupsins 1938 segir

ekki nema hálfa sögu, því að þorri heimilisfeðra hafði ekki vinnu nema þriðja hluta ársins, þannig að Dagsbrúnarkaup, sem hefði gefið með fullri vinnu 4500 kr. árskaup á kreppuárunum, á þeim árum, það gaf oft og tíðum ekki nema 1500 kr. árstekjur, eins og skýrslurnar í Rauðku bezt sýna frá 1934. M. ö. o.: heimilisfaðirinn hafði vinnu allan ársins hring fyrir kaupgjald, sem var 50% hærra á tímann hvað verðgildi snertir heldur en var fyrir stríð. Og í þriðja lagi var atvinna fyrir alla þá meðlimi fjölskyldunnar, sem vildu vinna eða gátu unnið utan heimilisins, og þetta þýddi raunverulega þreföldun afkomunnar fyrir þorra verkamanna til móts við það, sem var á atvinnuleysisárunum. Þetta var það, sem verkalýðnum tókst að knýja fram með sinni baráttu og með sínu stjórnarsamstarfi á þessum árum. Og fyrst þetta ástand var fest í sessi með þeim ráðstöfunum og stjórnarþátttöku, sem verkalýðurinn þá framkvæmdi, þá hefur það síðan orðið viðmiðunin hjá öllum þorra verkamanna á Íslandi, að þetta kaupgjald vilja þeir hafa, og meira að segja Framsfl. í öllum sínum útreikningum, þar sem hann er oft svo mjög sammála og vinnur svo ágætlega með okkur nú, þá miðar hann líka við einmitt kaupgjaldið 1945, kaupgetu tímakaupsins þá, sama sem 100. En af hverju er nú hv. 7. þm. Reykv., sem annars er velviljaður verkalýðshreyfingunni, svona fáfróður um þetta tímabil? Ekki held ég, að það sé vegna þess, að hann hafi ekki viljað kynna sér þetta. Ég er ákaflega hræddur um, að hann hafi haft hálfslæman kennara í þessu tímabili, svo að hann hafi ekki fengið rétta hugmynd af því, hvað þá gerðist. Sannleikurinn er sá, að forustumenn Framsóknar hafa, kannske sumpart af skiljanlegri andúð á þessu tímabili, aldrei skilið það eða viljað viðurkenna það. Það var nefnilega undireins og þetta tímabil hófst, ég held, að það hafi verið í eldhúsumr. 1945, sem núv. formaður Framsóknar, Eysteinn Jónsson, hafði þau orð um nýsköpunartogarana, að nú sæti ríkisstj. uppi með allt þetta gums, sem hún hefði keypt, og vissi ekki, hvað hún ætti við það að gera. En nýsköpunartogararnir voru í hans augum gums. Hann fann það ekki út fyrr en árið eftir, þegar kosningar komu. Þá var hægt að nota nýsköpunartogarana. Það var hægt að nota þá til þess að gefa loforð um, að nú skyldu t. d. Austfirðingar fá svo og svo marga togara og annað slíkt. Þá öðluðust nýsköpunartogararnir allt í einu gildi fyrir Eystein Jónsson og Framsókn, en fram að því voru þeir gums, meðan þeir voru bara framleiðslutæki fyrir íslenzkan sjávarútveg. En þá var líka Framsókn vel með okkur í því, þegar við vorum að reyna að tryggja bæjunum allt upp í 85% af andvirði togaranna sem lán og það til 20 ára með 2½% vöxtum. Þá stóð ekki á Framsókn að starfa með okkur, og það þótti mér mjög vænt um, því að við áttum nefnilega öðru að heilsa um þann hluta Framsóknar, sem réð þá, landsbankavaldið. Það var einn voldugasti maður Framsóknar, sem líka var einn voldugasti maðurinn í vinstri stjórninni, Vilhjálmur Þór, sem þá var bankastjóri í Landsbankanum og landsbankavaldið stóð allan tímann á móti því, að vextirnir væru settir svo niður. En hér í Alþingi aftur á móti átti ég ágæta bandamenn í því að berjast við landsbankavaldið um að pína vextina niður.

Ég er hræddur um sem sé, að hv. 7. þm. Reykv. þurfi að læra þarna betur og hann verði að gera sér ljóst, að það er ekki alveg að treysta á, hvað þessir gömlu karlar í Framsókn segja um þennan tíma, sem var svo löngu liðinn, áður en hann tók sæti á þingi. Ef þessi stjórnarsamvinna Sósfl. þá við Sjálfstfl. hefur verið svona voðalega slæm og bölvuð fyrir verkalýðinn, hvað tók þá við, þegar sá ágæti Framsfl. kom í staðinn og settist í stjórn með hinum flokkunum, Sjálfstfl. og Alþfl. Þá gat Framsókn farið að sýna, hvað hún raunverulega vildi gera. Kannske hefur hún ekki fengið að njóta sín almennilega, á meðan hún var í stjórninni með Alþfl. 1947—1949. Hún segir, að Alþfl. hangi svo mikið aftan í íhaldinu. Kannske naut blessuð Framsókn sín ekki almennilega, fyrr en hún var komin ein í stjórnina með Sjálfstfl., helmingaskiptastjórnina 1950—1956. Og hvernig gekk það þá? Hvernig var það þá með togarana? Allan þann tíma var enginn togari keyptur til landsins til að auka togaraflotann. En það voru fluttir inn 5 þús. bílar. Allan þann tíma stóð bátafloti landsmanna í stað. Og hvernig fór með kaupgjaldið? Sá góði samstarfsflokkur okkar nú í stjórnarandstöðu, sem vinnur svona vel með okkur að því að hækka kaupgjaldið í landinu, þó að ríkisstj. eyðileggi það fyrir okkur jafnóðum, hvernig stóð hann sig í því að hækka kaupgjaldið þá? Kaupgeta lægsta Dagsbrúnartaxtans, sem við erum báðir sammála um að nota sem mælikvarða á þetta, fór úr 100, sem hún var frá 1945 og 1946 og 1947, niður í 84,7 árið 1951 og 84,9 1952, m. ö. o. hún lækkaði næstum því eins mikið og hún hefur lækkað nú í viðreisnarstjórninni, þannig að þegar Framsókn var í stjórn með Sjálfstfl., þá gerðist hún álíka stórhögg í kauplækkunum og viðreisnarstjórnin gerðist núna, og erum við þó sammála um, hve bölvuð hún hafi verið. Mótmælti Framsókn þessu mjög skörulega í ríkisstj.? Barðist hún þá fyrir kauphækkunum? Nei, hún lækkaði gengið. Og hún kom meira að segja á atvinnuleysi. Það hefði viðreisnarstjórnin nú að vísu gert líka, ef síldin hefði ekki komið í veg fyrir það. En m. ö. o., atvinnuleysi svarf að á árunum 1951—1952 hér í Reykjavík og það sárt.

Svo minntist hv. 7. þm. Reykv. í sinni ádrepuræðu á íbúðamálin á þessum tíma, sérstaklega á nýsköpunartímanum og alveg sérstaklega á braggaíbúðirnar, hvað ægilegt það hefði verið, hvernig þessi stjórn, þegar Sósfl. var að vinna með Sjálfstfl. og taka svona fram hjá, að því er mér skildist á honum, — hve voðalegt það var, að þeir skyldu hafa látið fólkið búa í bröggum í Reykjavík. Á nýsköpunartímanum, vorið 1946, var samþ. bezta löggjöf, sem samþ. hefur verið nokkurn tíma á Alþingi um íbúðabyggingar, og gerðar þær stærstu og róttækustu ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, bæði hvað snertir að tryggja lága vexti og löng lán. Það eru beztu ráðstafanir, sem nokkurn tíma hafa verið gerðar. Í þeim lagabálki voru alveg sérstakar ákvarðanir til þess að útrýma braggaíbúðunum, útrýma heilsuspillandi íbúðum, og voru teknar upp þá

í fyrsta skipti og strax gerðar ráðstafanir til þess að fara að framkvæma það. Og hv. 7. þm. Reykv. man enn þá eftir Skúlagötuhúsunum svonefndu. Það voru einmitt þau hús, sem þá voru byggð af hálfu bæjarstjórnar Reykjavíkur samkv. þeirri löggjöf. Og það var á þessum árum unnið vel að því að auka og fjölga íbúðunum í Reykjavík. Það var reiknað út, að það þyrftu að verða byggðar þá um 600 íbúðir á ári í Reykjavík til þess að hafa við hvað snerti þær nýju fjölskyldur, bæði sem fluttust í bæinn og bættust við, og til að útrýma heilsuspillandi íbúðum. 1945 var fullgerð í Reykjavík 541 íbúð, 1946 634 íbúðir. Og þessi tala, 634 íbúðir, er hæsta tala, sem fullgerð er í Reykjavík af íbúðum, þangað til vinstri stjórnin kemur. Með samstjórn Framsóknar og Sjálfstfl. — og Alþfl. framan af — er þetta met aldrei slegið næstu 10 ár, — næstu 10 ár, sem Framsókn situr í stjórn með þessum tveim ágætu umbótaflokkum og lýðræðisflokkum. Það er ekki fyrr en ótætis kommarnir, sem Framsókn er alltaf að þvo af sér núna, eru komnir í stjórn með henni aftur, í vinstri stjórn, að það er drifið upp yfir þetta mark og kemst þá, 1956, upp í 705, og ef ég man rétt, komst það upp yfir 900 hjá okkur 1958. Hins vegar eftir að Framsókn fer í stjórnina með Sjálfstfl. og Alþfl., þá fer íbúðatalan 1947 niður í 468 hér í Reykjavík, 1948 fer hún niður í 491, 1949 fer hún niður í 566, og þannig heldur hún áfram að lækka. M. ö. o.: það var vel unnið að því á þessum árum að reyna að fá upp íbúðir fyrir það fólk, sem bjó í bröggunum, og losa það undan því að þurfa að búa þar. Það voru gerðir stórir hlutir í þá átt og byrjað á því. En hvað gerðist í þessum íbúðamálum, þegar Framsfl. fór í ríkisstj., fyrst með Alþfl. og Sjálfstfl. og síðan með Sjálfstfl. einum? Hvað gerðist? Við skulum rekja það og sjá. Framsfl. fékk þá tækifæri til að gera það, sem hv. 7. þm. Reykv. talaði um af svo mikilli vandlætingu, að sjá til þess, að það yrðu ekki lengur til braggaíbúðir á Íslandi, sjá til þess að framkvæma þau lög, sem við höfðum sett í nýsköpunarstjórninni. Hann fékk aðstöðu til þess að vinna að því, að það væru ekki, eins og er enn þá, börn, sem fyrirverða sig fyrir það í skólanum, þegar þau eru spurð að því, hvar þau eigi heima, af því að þau eiga heima í bröggum, og vilja helzt ekki nefna það, eða það væru ekki enn þá börn, sem spyrja leikfélaga sína að því, hvort það sé ekki gaman að búa í húsi.

Framsfl. fékk þá tækifæri til þess að vinna með Alþfl. og Sjálfstfl. að því að halda áfram því góða, sem við höfum reynt að gera í íbúðamálunum, og bæta það. Og hvernig tókst það? Í fyrsta lagi: sú löggjöf, sem sett var 1946, var eyðilögð á næstu árum á eftir. Vextirnir voru hækkaðir, og lánaskilyrðin versnuðu. Þá hefur kannske verið hlíft sérstaklega því, sem snerti braggaíbúðirnar, vegna umhyggju Framsfl. fyrir braggabúunum? Nei, henni var alveg kippt úr umferð, þegar Framsfl. var kominn inn í ríkisstj. í staðinn fyrir Sósfl. Skúlagötuhúsin, sem byggð voru þá, voru stöðvuð. Og eftir að Alþfl. fór út og Framsfl. sat með Sjálfstfl. einum í ríkisstj. frá 1950—56, hvernig gekk það þá? Þá gerðist það, sem aldrei hefur gerzt fyrr og enn sem komið er síðar á Íslandi, að Íslendingum var bannað að byggja íbúðarhús. Íslendingum var bannað að byggja íbúðarhús nema með leyfi sérstakrar nefndar í Reykjavík, og það sýndi sig, að sú nefnd breytti alveg sérstaklega skv. amerískum fyrirmælum og var alveg undir handarjaðri þeirra efnahagsráðunauta, sem Bandaríkin þá höfðu sent hingað upp og var efnahagssérfræðingur Framsfl.- og Sjálfstfl.-stjórnarinnar frá 1950. M. ö. o.: umhyggja Framsfl. fyrir dreifbýlinu og byggingunum þar út frá út um allt land sýndi sig þá í því, að mennirnir norðan frá Raufarhöfn og alls staðar að af landinu urðu að sækja til einnar nefndar í Reykjavík til þess að fá leyfi til þess að byggja. Og á einum einasta stað í landinu var gerð uppreisn á móti þessu og byggt í banni laganna, og menn þorðu ekki, þó að þeir kærðu einu sinni bæjarstjórann fyrir slíkt, að framfylgja lögunum, en það var í Vestmannaeyjum, sem lögin voru brotin í þessu efni.

Og hver var þá afleiðingin? Hvernig gekk með íbúðabyggingarnar, þegar Framsfl. var kominn í ríkisstj. með Sjálfstfl. og Sósfl. var hvergi nærri, þegar Framsfl. fékk að láta sinn umbótavilja skína í verkinu, Framsfl. alhreinn af Moskvu og öllu illu, þegar hann fékk að láta alla sína blessun leiða af sér sem umbótaflokki, — hvernig gekk það þá með íbúðarhúsabyggingarnar, sem hv. 7. þm. Reykv. bar svona fyrir brjósti? Jú, í Rvík komust þær árið 1951, þ. e. a. s. rétt eftir að þeir tóku saman, Framsfl. og Sjálfstfl., þá komust íbúðabyggingarnar niður í 282 og úti á landi í 161 úr 331, sem hafði verið hæst. M. ö. o.: það minnkaði um meir en helming.

Ég held, að Framsfl. ætti ekki að tala alveg svona kotroskinn eins og hv. 7. þm. Reykv. gerði hér í sinni ræðu. Hann má ekki halda, þó að hann hafi staðið sig vel með okkur í stjórnarandstöðunni, að fólkið á Íslandi sé búið að gleyma öllu, sem gerzt hefur undanfarna áratugi, þess vegna. Það fólk, sem nú er búið að búa 20 ár í bröggum í Reykjavík, veit áreiðanlega og hugsar sitt um það, hverjir stuðluðu að því á sínum tíma að eyðileggja það, að bröggunum yrði útrýmt með því stóra átaki, sem þá var verið að gera.

En hvernig stóð á því, að þessi hreinlífa og hugsjónaskæra maddama Framsókn, þessi fyrirmynd umbótaviljans í landinu, svona alhrein af kommúnisma, Moskvu og öllu illu, skyldi ekki aðeins una svona ástandi, svona síversnandi launakjörum almennings og síversnandi aðstæðum við íbúðarhúsabyggingar, heldur líka stuðla að þessu og stjórna þessu eða vilja helzt fá að vera ein með íhaldinu í því að stjórna þessu? Hvernig stóð á því? Jú, það stóð þannig á því, að Framsfl. sat þá í helmingaskiptum, helmingaskiptum um arðránið, helmingaskiptum um gróðann, helmingaskiptum um alla spillinguna og svínaríið, sem þá var framkvæmt, helmingaskiptum um hernámsgróðann, — sérstök hernámsgróðafélög Framsfl. voru stofnuð til þess, að hann færi ekki á mis við, þegar þeir héldu, að Sjálfstfl. væri að ausa til sín gróðanum af

hernáminu, — helmingaskiptum um oliusvindlið. Man hv. 7. þm. Reykv. enn þá eftir fyrir kosningarnar 1953, þegar það lá við, að stjórnarblöðin færu í hár saman út af frögtunum á oliunni frá Bandaríkjunum þá, þegar ýmislegt ljótt sýndist vera í pokahorninu hjá þessum oliufélögum, og þegar allt datt í dúnalogn nokkrum dögum fyrir kosningarnar og bæði blöðin hættu í einu, því að það sýndi sig, að í félögunum beggja vegna var eitthvað gruggugt, og þeir kunnu ekki við að halda áfram. Og Framsókn undi sér þarna ágætlega vel. Hún sat alls í 9 ár í stjórn með Sjálfstfl., frá 1947—1956. Og hún slóst við okkur af öllu afli í verkfallinu 1955, þegar við vorum að reyna að binda enda á þennan ósóma, kauplækkanirnar og vandræðaástandið hjá alþýðunni. *Ég veit, að sú helmingaskiptastjórn gaf mörgum mönnum í Framsókn góðar tekjur þá, og ég veit, að hægri armurinn í Framsókn saknar alltaf þessara ágætu helmingaskiptadaga.* Það er nú einhver munur en að vera í stjórnarandstöðu og verða að vinna með ótætis kommúnistunum. Við erum vanir að vera í stjórnarandstöðu, svo að við kippum okkur ekki upp við það, og okkur þykir alltaf ákaflega gott að fá góða félaga í henni, miklu skemmtilegra að vera tveir um þetta heldur en einn.

En fyrst maður er nú að filósófera um þessa hluti, hvernig stendur þá á því, að það skuli ganga svona illa, þegar Framsókn er í stjórn með Sjálfstfl., en svona vel, þegar við erum í stjórn með honum? Það er nefnilega þetta, sem hv. 7. þm. Reykv. verður að reyna að gera sér ljóst, að þegar Framsfl. og Sjálfstfl. eru saman í ríkisstj., þá örva þeir afturhaldseðlið hvor í öðrum. *Þá taka gróðamennirnir í báðum flokkum höndum saman og nota ríkisvaldið* alveg vægðarlaust, koma vísitölu kaupmáttar tímakaupsins niður í 83 úr 100, eins og helmingaskiptastjórnin gerði 1951, eins og viðreisnarstjórnin gerði 1962. Þá finna þeir hvor annan, auðmennirnir og braskararnir í báðum flokkum. Helmingaskipti eru um braskið, svo að ekki lendi hjá almenningi eitthvað af því, sem þjóðinni kynni að áskotnast þá. En ef við erum í ríkisstj. með Sjálfstfl. eða með Framsfl., þá löðum við fram allt það bezta, sem til er í þessum flokkum, og reynum að virkja það til góðs fyrir alþýðuna og þjóðina. Og þess vegna var nýsköpunarstjórnin svona ágæt stjórn. Og þess vegna gerði vinstri stjórnin svona margt gott.

Af hverju er ég að tala um þetta núna og nota þessa ræðu hv. 7. þm. Reykv. sem ástæðu til að rifja þetta upp? Ég geri það vegna þess, að þetta er ákaflega gott til minnis núna undir kosningarnar. Það er greinilegt, að Framsfl. reynir svo kirfilega að þvo af sér kommúnismann, að það er auðséð, að það eru orðnar allsterkar þrár til þess að komast nú aftur í samstarf við einhverja, sem ekki verða grunaðir um kommúnisma, þó að ég viti satt að segja ekki, hverjir það eiga að vera á Íslandi, en í öllu falli að lenda ekki aftur í vinstri stjórn, þar sem mönnum örugglega yrði borið það á brýn, að þeir væru að reka erindi Moskvu. Maddama Framsókn á það til að tala fallega, þegar hún er í stjórnarandstöðu, eins og hv. 7. þm. Reykv. áðan um íbúðamálið. En um leið og Framsfl. er kominn í stjórn með Sjálfstfl., er þetta allt saman gleymt og breytt þveröfugt. Og það er það, sem fólkið í landinu þarf að muna, líka til að varast það, sem ella kynni að gerast eftir næstu kosningar.

Þá kom hv. 7. þm. Reykv. inn á það, þegar hann var að svara hæstv. viðskmrh., að tap Alþfl. væri því að kenna, að hann hefði gengið til fylgis við íhaldið, sagði hann orðrétt, 7. þm. Reykv. Það rétta í þessu er, að ógæfa Alþfl. er eldri en bara þessi stjórnarsamvinna við Sjálfstfl. núna. Ógæfa Alþfl. stafar af því, að hann gerðist allsnemma *ósjálfstæður gagnvart borgaraflokkunum báðum, gagnvart Sjálfstfl. og Framsfl.*, og raunar þó fyrr gagnvart Framsfl. Og Alþfl. hefur orðið á sínum ferli svo háður þessum flokkum á víxl, að hann hefur ekki borið gæfu til þess að reka sjálfstæða verkalýðspólitík. Þetta er undirrótin undir hans ógæfu. Alþfl. hefur á þessum síðustu 30 árum hvað eftir annað misst sína beztu menn einmitt vegna þess, að þeir vildu ekki una þessu. Þeir vildu ekki una því, að flokkurinn væri eins og hjáleiga hjá öðrum stærri flokki, borgaralegum flokki, Framsfl. eða Sjálfstfl., og þeir risu upp á móti því. Það var ein af ástæðunum til þess, þegar við stofnuðum Kommúnistaflokkinn 1930, að við risum upp á móti því að láta þá menn, sem þá stjórnuðu Framsfl., og fyrst og fremst Jónas Jónsson ráða yfir Alþfl. Og í eina skiptið, sem Alþfl. eftir 1930 hefur risið þannig upp og reynt að vera *sjálfstæður*, var 1934, í *kosningunum* þá. Og þegar Framsfl. í þeirri vinstri stjórnar samvinnu síðan beygir hann, þá fer fram önnur uppreisn í Alþfl. Þegar hv. 7. þm. Reykv. er alltaf að taka sér nafn Héðins Valdimarssonar í munn, þá má hann muna það, að Héðinn Valdimarsson var einmitt foringinn fyrir þeim vinstra armi Alþfl., sem í þeirri stjórnartíð, 1934—1938, reis upp á móti Framsfl. Og þegar Héðinn síðan fór úr Alþfl. og myndaði Sósfl., þá skrifaði hann uppgjör við Framsfl., skuldaskil, kallaði hann það, fyrst og fremst við Jónas frá Hriflu, sem þá var svo að segja einræðisherra Framsóknar. Þannig að hv. 7. þm. Reykv. þarf að gera sér það ljóst, að þessir kraftar risu upp vegna þess, að þeir vildu hafa Alþfl. sjálfstæðan gagnvart *þessum borgaraflokkum. Og sama var 1954, þegar* Hannibal Valdimarsson ris upp, þegar báðir borgaraflokkarnir eru saman í stjórninni. Það er sjálfstæðisbarátta verkalýðsins í Alþfl. á móti yfirráðum fyrst Framsóknar og seinna meir Sjálfstfl. og um tíma þeirra beggja, þegar þrír flokkar áttu að vera svo að segja allir eitt, sem veldur því, að Alþfl. klofnar hvað eftir annað á þessum árum og beztu menn hans rísa upp og þola ekki þetta. Alþfl. hefur tapað í kosningum á Íslandi jafnt hvort sem hann hefur beygt sig fyrir Framsfl. eða Sjálfstfl. Hann hefur tapað vegna þess, að hans fólk sættir sig ekki við það. Hv. 7. þm. Reykv. man vafalaust enn þá Hræðslubandalagið, það er ekki svo langt liðið síðan, þegar átti bókstaflega að innlima Alþfl. í Framsfl. og þessir flokkar buðu fram eins og einn flokkur og ætluðu að svindla á kjördæmaskipulaginu með því.

Eini möguleikinn fyrir Alþfl. til þess að vinna bug á þessari ógæfu sinni var og er að reka sjálfstæða pólitík, þora sjálfstætt að berjast fyrir hagsmunum verkalýðsins. Að vísu, ef Alþfl. hefði gert það á undanförnum 30 árum, þá hefði hann ósjálfrátt skipað sér við okkar hlið, Sósfl. og Alþb. Og ég veit, að það eru ýmsir af hans forustumönnum svo haldnir ótta við slíkt, að þeir vilja heldur hlaupa fyrir björg og eyðileggja flokkinn en láta slíkt verða. En beztu menn hans hafa á þessum 30 árum risið upp og tekið saman höndum við okkur einmitt um að reka sjálfstæða verkalýðspólitík, en samt það djarfa pólitík, að við þorðum jafnt að vinna með Framsfl. og með Sjálfstfl., ef okkur leizt svo á, að það væri hægt að fá fram góð og þjóðnauðsynleg mál með slíku.

Ég vil svo minna hæstv. viðskmrh. á það, þegar hann sagði það hér nokkrum sinnum í sinni ræðu, að það vantaði hagskýrslur og það vantaði skýrslur um þetta og þetta, að það er nú einmitt það, sem sagt hefur verið við hann og fleiri ráðherra í hans stöðu ár eftir ár hér á Alþingi, að það væri allhart, þegar við værum að ræða þessi mál, að það væri ómögulegt að fá fram almennilegar skýrslur, við skulum segja t. d. um gróðamyndun í íslenzku þjóðlífi, um eignaskiptingu í íslenzku þjóðlífi, um tekjuskiptingu í íslenzku þjóðlífi eða annað slíkt, og ég skoraði á hann síðast að láta gera slíkar skýrslur og koma með þær. Ég veit, að það er tiltölulega auðvelt, og ég minni hann á það enn þá, þegar hann er meira að segja farinn að finna til þess sjálfur. Sannleikurinn er, að það er svo mikið af þessum skýrslum, sem fluttar eru fram, fyrst og fremst áróðursskýrslur frá hálfu ríkisstj. Ég ætla hins vegar ekki að fara hér að ræða þær tölur, sem hann var með. Ég þykist vita, að það verði gert annaðhvort í sambandi við þessar umr. eða aðrar af mönnum, sem þekkja þarna betur til en ég, bæði forseta A.S.Í. og formanni Dagsbrúnar.

Ég vil hins vegar að síðustu minna á, að sú þróun, sem orðið hefur bara þetta síðasta hálfa ár, undirstrikar enn frekar réttmætið í því, sem ég legg til í 7. gr. þessa frv., þar sem rætt er um gerð fyrstu 10 ára áætlunarinnar, að á fyrri hluta þess tímabils, næstu 5 árum, skuli einbeitt sér að því að koma á sem mestri fullvinnslu sjávarafurða og landbúnaðarafurða og annarra hráefna og afurða íslenzkra með það fyrir augum, að þjóðin megi verða iðnaðarþjóð, er flytur framleiðslu sína fullunna úr landi. Ég vil minna á það, að lengst af höfum við undanfarin ár, Íslendingar, aflað 500—600 þús. tonna af fiski úr sjó. Nú síðasta árið er það í fyrsta skiptið, sem við förum upp í 800 þús. tonn. Það er 33% aukning á okkar framleiðslu, það er gífurleg aukning, sem náttúrlega skapar gífurlega möguleika líka fyrir að hækka launin hjá almenningi, ef rétt er á haldið. Af þessum 800 þús. tonnum rúmum eru yfir 400 þús. tonn síld, vara, sem gæti verið enn þá dýrari en þorskurinn, ef rétt er farið með. En af þessum 400 þús. smál. af síld, sem við veiðum á síðasta ári, er ekki saltað nema um 400 þús. tunnur, milli 40 og 50 þús. tonn, rúmur 10. hlutinn. Hinu er hent í bræðslu. Þetta er ástand, sem er algerlega óviðunandi. Sú tæknibylting, sem orðið hefur í fiskveiðum og síldveiðunum sérstaklega, kallar á iðnbyltingu í landi í matvælaframleiðslunni. Og það er sú nauðsynlegasta bylting, sem við þurfum að framkvæma í okkar atvinnulífi. Iðnbylting í matvælaframleiðslu Íslendinga er raunverulega allra þýðingarmesta málið í okkar atvinnulífi og nýsköpun þess, sem nú liggur fyrir að vinna að, ekki aðeins að við gætum stóraukið, a. m. k. tvöfaldað það, sem við söltum af síld, flökum eða hraðfrystum og flytjum þannig út hálfunnið, heldur líka hitt, að við tökum okkur til og komum hér upp niðurlagningar- og niðursuðuverksmiðju, bæði á síld og fiski, og gerum ráðstafanir í okkar verzlunarmálum til þess að geta flutt síldina þannig unna, fullunna, út í stórum stíl. Það er óþolandi, að við skulum allan þann tíma, sem við höfum fengizt við síldveiði og síldarútflutning, hafa látið Svíana svo að segja sjá um að vinna úr allri síldinni, allri kryddsíldinni, sem við framleiðum, og þetta bezta hráefni heimsins skuli svo að segja að engu leyti unnið hér á Íslandi. Og sýnir samt sú litla tilraun, sem gerð var einmitt núna nýlega, meðfram fyrir framtak Alþingis, norður á Siglufirði, framleiðslan þar með þeim ágætu gæðum, sem hún hefur upp á að bjóða, sýnir, að við getum gert þetta verk. Og þarna er um að ræða vöru, sem heimurinn, sem skortir mat, þarf meira á að halda og er honum bæði ljúffengari og kaloríuríkari en t. d. allar kjöttegundir, að svínakjöti einu undanskildu, þannig að það, sem um er að ræða, er það, að við sitjum hér uppi með gífurlegan auð í þessum afla, sem við fáum, og við högum okkur eins og villimenn í því, hvernig við förum með hann. Og þetta getur ekki gengið, og þarna verður ekki gerð sú stórbreyting á, framkvæmd sú iðnbylting, sem allt kallar á, nema því aðeins að ríkið láti til sín taka með hana.

Ég held þess vegna, að svo brýnt sem það hefur verið allan þann tíma, sem við höfum barizt fyrir því, bæði Sósfl. og Alþb., að þetta frv. um áætlunarráð næði fram að ganga, þá held ég, að það hafi aldrei verið brýnna en einmitt nú, þegar þær auðlindir, sem við ausum af, gefa okkur meiri gnægtir en nokkru sinni fyrr, og það, sem raunverulega vantar, er aðeins hitt, að við förum með þetta eins og menn, að við gerumst nýtízku iðnaðarþjóð í því að fullvinna þessa vöru og flytja hana sem allra, allra mest fullunna úr landi. Og ég held, að sú till., sem felst í þessu frv. um áætlunarráð, um að stíga þau skref, feli um leið í sér brýnustu viðfangsefnin í íslenzku atvinnulífi á yfirstandandi skeiði.

Umr. frestað.

Á 36. fundi í Nd., 7. febr., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það er óhætt að slá því föstu, að þær miklu og löngu umr., sem hafa orðið um þetta mál strax við 1. umr., hafa ekki nema að litlu leyti orsakazt af efni lagafrv. sjálfs, heldur miklu fremur af þeim

fskj., sem frv. fylgja, og ályktunum, sem dregnar hafa verið af efni þeirra. Hv. flm., 3. þm. Reykv., *Einar Olgeirsson, hefur svo að venju notað* tækifærið til að gera upp við kapítalismann í heiminum, Wallstreet-auðvaldið og vondu karlana í París og aðra slíka. Svo hafa dregizt inn í þessar umr. almennar stjórnmálaumr., umr. um verkalýðshreyfinguna og störf hennar, tímakaupstaxta, atvinnutekjur og svo umr. um vinnutímalengd eða vinnuþrælkun, eins og sumum hv. þm. er orðið tamt að kalla það.

Í umr. um vinnutímann kom það réttilega fram í ræðu hæstv. viðskmrh., að mikill skortur væri hér á landi á fullkomnum launaskýrslum með launa- og vinnutímaskiptingu og slíkt væri ekki til hér á landi. Þessi ummæli hæstv. ráðh. ásamt fullyrðingum stjórnarandstöðunnar um vinnuþrælkun hér á landi eru orsök þess, að ég stend hér upp, því að upplýsingar um þetta efni liggja einmitt fyrir frá árinu 1961. Þessar upplýsingar eru fengnar á vegum hinnar svokölluðu vinnutímanefndar, sem Alþingi kaus fyrir nokkrum mánuðum til að vinna að þál. um að gera 8 stunda vinnudaginn raunhæfan án skerðingar launa.

En áður en ég sný mér að þessari skýrslu eða þessari rannsókn n., vil ég víkja aðeins að nokkrum þeim ummælum, sem hafa komið fram við þessa umr. málsins, t. d. þeirri fullyrðingu hv. 7. þm. Reykv., að það gangi glæpi næst að miða ekki afkomu launþega við lægsta taxta Dagsbrúnar. Því svaraði hæstv. viðskmrh. mjög skilmerkilega í sinni fyrri ræðu um þetta mál, og hann benti mjög réttilega á, að það hafa orðið stórfelldar breytingar á þessum þætti launamálanna, t. d. með hinni öru fækkun verkamanna, sem vinna eftir þessum lægsta taxta, og fjölgun nýrra og hærri taxta, sem komið hafa til sögunnar vegna þeirrar viðurkenningar, sem hefur fengizt á því, að ábyrgð og reynsla og kunnátta og vinnuskilyrði ættu að vera staðreynd, sem tillit yrði að taka til, þegar samningar um kaup væru gerðir. Það má líka benda á stórkostlegar þjóðfélagsbreytingar, sem hafa orðið á síðustu árum. Það hafa orðið til nýjar stéttir, mjög fjölmennar, sem hafa gert sína eigin samninga, með taxta allfrábrugðna töxtum verkamanna hér í Reykjavík. Þessa staðreynd virðast sumir verkalýðsleiðtogar þjóðarinnar hafa átt mjög erfitt með að skilja eins og fleiri, því miður.

Það hefur einnig í þessum umr. og það af hæstv. ráðh. verið bent á nýyrðið launaskrið, en það hefur verið skilgreint sem sú hækkun tekna, sem ætti sér stað umfram það, sem breyting á kauptöxtum ætti að hafa í för með sér. Þessi hækkun getur orðið með ýmsu móti. Í fyrsta lagi eiga sér stað tekjuhækkanir vegna þess, að einstökum mönnum eða heilum starfshópum er greitt umfram samninga eða eftir hærri töxtum en ætlað er samkv. samningum. Í öðru lagi getur aukin eftirvinna valdið tekjuaukningu umfram hlutfallslega hækkun kaupgjaldstaxta, þótt þessi ástæða sé veigaminnst að margra mati. Og í þriðja lagi hafa ákvæðisvinnutekjur og tekjur af hlutaskiptum tilhneigingu til að hækka meira en almennt kaupgjald, vegna þess að launþegar njóta þar beint bættra afkasta, meiri vélvæðingar og aukinna tæknifram*fara. Það er enginn vafi á*, að einmitt þetta síðasta atriði hefur á síðustu 12—15 mánuðum átt stóraukinn hlut í bættum atvinnutekjum launþega hér á landi, þótt ég telji hins vegar, að það sé ekki nema brot af því, sem það gæti orðið. Sú staðreynd er kunn frá sumum löndum, að þar er launaskriðið veigameiri þáttur í aukningu heildartekna heldur en beinar kaupgjaldshækkanir.

Það, sem mér finnst því einna verst, þegar verið er að ræða launa- og verkalýðsmál almennt og það jafnvel að leggja út í aðgerðir, sem eru studdar af og byggðar á blekkingavef og jafnvel að nokkru leyti byggðar á röngum forsendum, með fyrirsjáanlegum afleiðingum, aukinni verðbólgu, — það, sem mér finnst verst, er sá skortur á þekkingu á þessum málum hjá ábyrgum aðilum, sem um það ættu að vita, aðilum beggja hliða, sem ættu að sjálfsögðu að fylgjast með þróun þessara mála. Það mátti t. d. heyra það á síðasta þingi Alþýðusambandsins frá áberandi verkalýðsleiðtogum, er þeir skýrðu frá því, að þeir hefðu því miður hvorki þekkingu né skilning á þeim nauðsynlega undanfara, sem þarf til og er viðurkenndur meðal iðnþróaðra landa eða þjóða, til þess að mögulegt sé að nýta hina einstöku framleiðsluþætti betur, auka framleiðnina og gefa þeim, sem að framleiðniaukningunni vinna, hlutdeild í vaxandi ágóðahlut.

En forustumenn verkalýðshreyfingarinnar eiga ekki einir sök á þessari vanrækslu og vanþekkingu, þótt ég persónulega telji þeirra hlut stórum verri, þótt gleðilegar undantekningar megi finna meðal þeirra. Samtök vinnuveitenda hafa sýnt sama skeytingarleysið, þótt *einnig þar megi* finna undantekningar. Ég tel einn gleðilegasta vottinn á þessu sviði um framfarir hinar umfangsmiklu tilraunir Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, sem hafnar voru á miðju s.l. ári, tilraunir, sem voru gerðar með ákvæðisvinnu, sem byggð var á vinnurannsóknum. Fyrstu upplýsingar um þessar tilraunir fékk ég einmitt á áður tilvitnuðu Alþýðusambandsþingi, en það hefur af einhverjum ástæðum verið furðu hljótt um niðurstöður þeirra, annað en það, sem kom fram í blaði þessara samtaka nú fyrir skömmu.

Í upplýsingum þeim, sem nokkrum forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar voru gefnar, kom það m. a. fram, að þeim, sem náðu svokölluðum normal-afköstum, sem fundin voru með vinnurannsóknum, var greitt 10% hærra kaup en venjulegt tímakaup er, en í þessum normal-afköstum þarf að ná fram lágmarksnýtingu og lágmarkshraða. Fyrir 1% aukningu í nýtingu fengu þeir, sem unnu að þessu, 10% kauphækkun og fyrir 20% hraðaaukningu fengu þeir einnig 10% kauphækkun. Peningalega hafði þetta í för með sér allt að 70% aukningu tekna. En að meðaltali mun þessi tekjuaukning hafa verið um 30%. Eitt af dagblöðunum hér í Reykjavík skýrði frá því fyrir skömmu, að í Vestmannaeyjum hefðu fundizt dæmi þess, að stúlkur, sem unnu að pökkun, hefðu aukið tekjur sínar um allt að 100%. Þegar þess er gætt, að 70—80% þess mikla fjölda, sem

vinnur í frystihúsunum um allt land, getur á tiltölulega auðveldan hátt komizt undir þetta launagreiðslukerfi tæknilega séð og það er möguleiki á bónus-fyrirkomulagi fyrir hina, sem ekki vinna við flökun, snyrtingu, vigtun og pökkun, þá sést, hve geysiþýðingarmikið atriði er hér um að ræða í þessum málum. Og að sjálfsögðu er hægt að koma nýjum launagreiðslukerfum á í flestum atvinnugreinum. Þannig hefur mér verið sagt frá nokkrum iðnaðarfyrirtækjum, sem tekið hafa upp vinnurannsóknir og ný launagreiðslukerfi. Þar er sömu söguna að segja, það eru stórauknar tekjur launþeganna án lengingar vinnutímans.

Eitt atriði í þessu sambandi vil ég draga fram að lokum, sem ekki hefur verið minnzt á í umr. um kjör launþega og atvinnutekjur, en það er liður, sem hefur orðið til og stóraukizt á síðustu árum. Það eru hinar margvíslegu fríðindagreiðslur. Ég tel það auðvitað hreint ábyrgðarleysi hjá þeim, sem halda því fram, að eina viðmiðunin, sem eigi að gera, þegar kröfur eru gerðar um aukna framleiðslu, það sé viðmiðunin við lægsta taxta Dagsbrúnarmanna, þegar hinir sömu, bæði þeir og aðrir launþegar, fá ýmiss konar fríðindi, sem leggjast að sjálfsögðu á vinnukostnaðinn. Það verður að horfast í augu við þessa staðreynd og viðurkenna þá skoðun vinnuveitandans, að þarna sé um einn hluta launa að ræða. Hjá því verður ekki komizt. Það er auðvitað mikilsvert atriði, þegar um það er rætt, hvort laun og fríðindi geti komið hvort í annars stað, og það má deila um, hvort svo sé. En hinu verður ekki móti mælt, að fríðindi eru hluti vinnukostnaðar og þau verða að teljast til tekna vinnuþegans og eru atvinnurekendanum kostnaður. Þó að það sé oft og tíðum erfitt að gera sér fyllilega grein fyrir fríðindunum, þá mynda þau talsverðan og vaxandi hluta framleiðslukostnaðarins. Það vita allir, að fríðindi geta ráðið miklu um viðhorf verkamannsins eða launþegans til ákveðinna starfa. Það er oft, sem þeir velja starf með lægri launum, þar sem hagkvæmni fríðinda er metin fram yfir annað sambærilegt hærra launað. Og það er oft, sem launamismunur er jafnaður með fríðindum. Og þá er um að ræða í flestum tilfellum fríðindi, sem eru jafngild launum. Ég held, að það sé óhætt að slá því föstu, að það sé erfiðara að afnema fríðindi, sem einu sinni eru komin á, heldur en lækka laun. Þannig mundi ég álíta, að vinnuveitendur vildu heldur hækka laun en auka fríðindi, auk þess sem ég mundi segja, að þeir mundu álíta a. m. k., að fríðindi mundu gefa frekar fordæmi til aukinna kaupkrafna heldur en launin sjálf.

Það getur verið í sumum tilfellum, að fríðindi séu launþeganum miklu meira virði en atvinnurekandanum, t. d. í tilfelli þess, að launþegi öðlist tryggingu, sem hann mundi ekki geta náð sem einstaklingur, t. d. sjúkratryggingu. Ef litið er á kostnað vegna vinnu eins starfsmanns hjá vinnuveitanda, þá mætti greina hann í tvennt, þ. e. í bein laun og fríðindi. Fríðindin mætti svo aftur greina í tvo flokka: það, sem hefur verið kallað reglubundin fríðindi, og óviss eða óregluleg fríðindi. Sem dæmi um reglubundin fríðindi má nefna sumarfrí, helgidagafrí o. s. frv., en óviss eða óregluleg fríðindi má nefna sjúkra- og slysagreiðslur. Og það má líka skipta fríðindakostnaðinum í tvo flokka: fríðindi, sem er krafizt samkv. lögum, og fríðindi, sem eru ákveðin eftir samningum.

Hér er orðið um svo stóran þátt vinnukostnaðarins að ræða, að honum verður að gefa meiri gaum en gert hefur verið fram að þessu. Það hefur verið gerð hér á landi rannsókn á samningum nokkurra stéttarfélaga til þess að finna samningsbundinn fríðindakostnað miðað við greiðslu og raunverulega vinnustund. Þar reyndust iðnaðarmenn drýgstir með allt að 32%, Dagsbrúnarmenn með rúmlega 21%, Iðjuverkamenn með tæp 19% og verzlunarmenn með rúm 18%. Í lok þeirrar skýrslu, sem ég hef hér vitnað í, um launa- og fríðindakostnað, segir m. a.:

„Óunnar greiðslustundir eða orlof og frídagar eru áberandi stór liður í fríðindakostnaði þeirra landa, sem á skránni eru (en ég vil taka það fram, að þá hefur verið vitnað til nokkurra Vestur-Evrópulanda). Þar ber Ísland hátt, en allmiklu ofar er þó Ítalía með sína fjölmörgu helgidaga".

Svo segir áfram, með leyfi forseta:

„Með minna móti gætir hér lögboðins fríðindakostnaðar, svo sem til almannatrygginga. Ástæður þess eru, að forsjárkerfi hins opinbera er mjög víðtækt hér á landi og tryggingarnar að mestu kostaðar af hinum almennu skatttekjum. En víða erlendis eru tekjur almannatrygginga að mestu innheimtar þannig, að atvinnurekendur greiða mestan hluta iðgjaldanna með launasköttum, og er því meginhluti fríðindakostnaðar víðast hvar lögboðnar greiðslur til almannatrygginga. Með l. um almannatryggingar frá 1946 var tryggingaskyldan hérlendis látin ná til allra, er störfuðu í annarra þjónustu, og var slysatrygging þá felld inn í hið almenna bótakerfi, er þá var tekið upp. Hvað snertir fjáröflun til tryggingarnna, voru gerðar nokkrar breytingar, sem gengu yfirleitt í þá átt að láta iðgjöld hinna tryggðu standa undir bótunum í stærri stíl en áður var. Þar mun að ýmsu leyti um að ræða þróun, sem er öfug við það, sem víðast hefur orðið síðustu áratugi í þessum efnum. Framlag atvinnurekenda til almannatrygginga reiknast í þessari athugun, eins og að framan er getið, lífeyristryggingagjöld, slysatryggingagjöld og gjöld til atvinnuleysistryggingasjóðs, þar sem það á við.

Þar sem athuganir hafa verið gerðar á fríðindakostnaði, hefur hann sýnt tilhneigingu til þess að fara vaxandi, enda hefur áherzla verið lögð á að afla raunhæfra kjarabóta hjá þeim þjóðum, sem lengst eru komnar á efnahagssviðinu. Yfirleitt hefur þar verið leitazt við að gera kjarasamninga til langs tíma, svo að tóm gæfist til heilbrigðrar samvinnu launþega og vinnuveitenda um þau úrræði, sem helzt gætu leitt til bættra kjara. Í því tilfelli mætti benda á nauðsyn aukins ákvæðisvinnufyrirkomulags, svo og aukinnar hagræðingar við hvers konar störf. Heppilegt væri að taka sem víðast upp vikulaunagreiðslur, þar sem nú er unnin tímavinna, einnig að stofna sem víðast innan hinna ein-

stöku fyrirtækja samstarfsnefndir launþega og vinnuveitenda. Og ekki væri hvað sízt þörf á, að fulltrúar atvinnurekenda og launþega ynnu saman við rannsókn á því, hvert gjaldþol atvinnuveganna og hinna ýmsu greina þeirra væri, til þess að byggja á ráðstafanir til bættra kjara og afkasta.“

Þetta voru lokaorð þeirrar skýrslu um launa- og *fríðindakostnað, sem ég vitnaði hér í.*

Áður en ég sný mér svo að þeim takmörkuðu upplýsingum um vinnutímann, sem vinnutímanefnd hefur í fórum sínum, langar mig til að drepa á nokkur atriði úr ræðu hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ).

Ég býst við, að allir hv. þm. minnist þeirra ofsafengnu árása, sem núv. hæstv. ríkisstj. varð fyrir af hendi stjórnarandstöðunnar, er lögin um viðreisnina voru sett á sínum tíma. Þá átti, samkv. þeirra túlkun, alls kyns óáran að ganga yfir þjóðina, „móðuharðindi af manna völdum“ var það kallað, einn af hv. alþm. hélt því fram, að öll yfirvinna væri skorin niður, að ég tali nú ekki um innihald þeirrar stefnu í efnahagsmálum, sem upp var tekin, að hún var auðvitað þveröfug við það, sem Framsfl. vildi fara. Og þegar nýr forseti var kjörinn í Bandaríkjunum, var það sigur Framsfl., vegna þess að á stefnuskrá hans manna var að finna úrræði, sem féllu alveg að þeim skoðunum, sem Framsfl. hafði á þessum málum, þótt hins væri að vísu ekki getið, að þeir voru að berjast við þveröfug vandamál við okkur. Hér var um ofþenslu að ræða, en þeir voru aftur á móti að berjast við atvinnuleysi og kyrrstöðu, að ég nú ekki tali um baráttu framsóknarmanna gegn upplýsingum í sambandi við Efnahagsbandalagið. Sú gamansaga hefur gengið um Reykjavík nú að undanförnu, að forustumenn Framsfl. hafi haft bein áhrif á Frakklandsforseta, og þá verður að öllum líkindum komið upp úr dúrnum innan skamms, að hann sé framsóknarmaður.

Nýja vígorðið, sem framsóknarmenn hafa tekið upp í baráttu sinni gegn hæstv. ríkisstj., er vinnuþrælkun. Í því sambandi langar mig til að minna þennan hv. þm. á svokallaða 19 manna nefnd, sem höfð var sem skóbót fyrir stjórn Alþýðusambandsins og þáv. hæstv. ríkisstj., vinstri stjórnina. En ef þessi hv. þm. gefur sér tíma til að kynna sér, hvað rétt er í fullyrðingu minni, þá veit ég, að hann getur fengið þær upplýsingar hjá sessunaut sínum, hv. 4. landsk. þm., forseta Alþýðusambandsins, en ítrekaðar kröfur komu um það frá þessari 19 manna nefnd til stjórnar Alþýðusambandsins þáv. og þáv. hæstv. ríkisstj. á þann veg, að 10—12 stunda vinnudagur nægði ekki til lífsviðurværis og það væri krafa verkalýðshreyfingarinnar þá, eins og talið er nú, að svo yrði. Það má því slá því föstu, að hv. 7. þm. Reykv. hafi ekki síður stuðlað að þessari svokölluðu vinnuþrælkun þá heldur en hann telur aðra gera það nú.

Þessi sami hv. þm. vék löngu máli að starfi svokallaðra málfundafélaga sjálfstæðismanna. Hann minntist að vísu ekkert á það, að Framsfl. hefur tekið upp þann ágæta sið og stendur að baki félags, sem starfar innan stærsta verkalýðsfélags landsins, Dagsbrúnar í Reykjavík. Og þar að auki hefur Framsfl. sérstaka nefnd, sem sér um allt samstarf við kommúnista í þessari hreyfingu. Ég vil minna hv. 7. þm. Reykv. á það, að þegar hann er að minnast á þetta svokallaða samstarf okkar launþega úr Sjálfstfl. við kommúnista á árunum frá 1939—1942, þá var auðvitað um allt annað að ræða en nú. Og þar að auki stóðu framsóknarmenn að þessu samstarfi svokölluðu alveg eins. Þá var Alþýðusambandið þannig upp byggt, að alþýðusambandsþing var jafnframt þing Alþfl. Hins vegar átti Framsfl. og forustumenn framsóknarmanna drjúgan þátt í því hér á Alþingi, að ný vinnulöggjöf var sett, og þ. á m. var til þess ætlazt, að stéttarfélögin og þ. á m. þeirra þing yrðu opin öllum án tillits til stjórnmálaskoðana. Á þetta vildi Alþfl. ekki fallast á sínum tíma eða allt fram til 1942. En einmitt gegn þessu stóð barátta okkar sjálfstæðismanna og framsóknarmanna þá og að vísu kommúnista líka. En við vorum fljótir að finna þefinn af þeim lýð, en það hafa framsóknarmenn hins vegar ekki enn þá fundið og eru enn þá í samstarfi við þá. Það þarf ekki að fara lengra aftur í tímann en til gærkvöldsins, þegar sá atburður gerðist hér á aðalfundi fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna, að þeir gengu þar af fundi sáttir og í bróðerni, framsóknarmenn og kommúnistar, vegna þess að þeir voru að mótmæla því, að sjálfsögð réttindi verzlunarmanna og skrifstofufólks væru veitt þar, sem voru tekin af þeim á síðasta alþýðusambandsþingi.

Þessi sami hv. þm. vék einnig í þessari ræðu sinni nokkuð að afstöðu okkar sjálfstæðismanna til tilmæla þáv. hæstv. forsrh., þegar hann gekk sína Kanossagöngu á þing Alþýðusambandsins 1958. Ég hef að vísu gert það áður, en ég tel það ekki eftir mér að gera það enn að lesa upp þá yfirlýsingu, sem ég gaf á þessu þingi fyrir hönd okkar sjálfstæðismanna, sem þar vorum, en hún hljóðar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Í tilefni af bréfi hæstv. forsrh. vil ég leyfa mér að taka fram eftirfarandi:

Ég er kosinn á þetta þing til þess að ræða og gera ályktanir um, hvernig bæta megi kjör alþýðunnar, og vinna að öðrum hagsmunamálum hennar. Fram komið erindi forsrh. felur í sér stórfellda kjaraskerðingu, sem mun bitna mjög tilfinnanlega á öllum launþegum útgjaldaþyngsta mánuð ársins. Ég tel, að ég og aðrir fulltrúar þessa þings hafi alls ekki umboð til þess að rifta gildandi kjarasamningum okkar eigin og annarra verkalýðsfélaga, sem utan Alþýðusambandsins standa, á þennan hátt. Ég vil því vísa málaleitan forsrh. algerlega á bug. Án þess að taka afstöðu til annarra liða till., vil ég skora á alla fulltrúa að styðja fram komna till. um, að kaupgreiðslur fari fram samkv. gildandi lögum og samningum stéttarfélaga, fram borna af Eðvarð Sigurðssyni, Jóni Sigurðssyni o. fl., sem studd er af meiri hl. atvinnu- og verkalýðsmálanefndar.“

Þetta var afstaða mín og annarra sjálfstæðis-

manna á þessu fræga alþýðusambandsþingi, sem hv. 7. þm. Reykv. er svo tamt að vitna til og þá á allt annan veg en staðreyndirnar segja.

Ég gat ekki látið hjá líða að fara nokkrum orðum um þessa ræðu þessa hv. þm., þótt ég, eins og ég tók fram í upphafi, hefði ætlað að koma hér aðallega til þess að skýra frá þeim takmörkuðu rannsóknum, sem gerðar hafa verið á vinnutíma verkafólks. Ég vil taka fram, að það hefur verið ætlazt til þess, að þessar rannsóknir næðu ekki aðeins yfir Reykjavík, heldur einnig yfir alla stærri kaupstaði landsins. En það er með þetta eins og öll slík störf, að þetta gengur mjög seint, og við höfum ekki enn þá fengið nema takmörkuð skil á þeim upplýsingum, sem við höfum beðið um utan af landi. Hins vegar liggur fyrir, eins og ég tók fram áðan, fyrir árið 1961 mjög ýtarleg skýrsla um vinnutímann hér í Reykjavík, vinnutíma ófaglærðs verkafólks, en við það bundum við okkar starf á fyrsta stigi, þótt við hins vegar höfum bætt við einni stétt síðan, sem hefur verið talin búa við mjög langan vinnutíma og um leið lág laun, en það eru undirmenn á verzlunarskipum. Það voru teknir fjórir aðilar hér í Reykjavík inn í þessa rannsókn og þá í fyrsta lagi verkamenn, Dagsbrúnarverkamenn, í öðru lagi verkakonur frá verkakvennafélaginu Framsókn og svo iðnverkamenn og iðnverkakonur frá Iðju. Í þessari grg., sem er frekar uppkast en það megi kalla hana fullfrágengna með þessari rannsókn, segir m. a., að það hafi aldrei verið gerð almenn athugun á vinnutíma verkafólks hér á landi, sem væri byggð á frumgögnum um þau efni, né heldur skiptingu hans í dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu. Að vísu má gera sér lauslega hugmynd um lengd vinnutímans út frá upplýsingum um tekjur innan einstakra starfsgreina. En þær upplýsingar, sem fyrir liggja í þeim efnum, eru of takmarkaðar til þess, að hægt sé að draga af þeim almennar ályktanir um lengd vinnutímans og skiptingu hans í dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu. Og einmitt í þessu sambandi vil ég skjóta því inn í, sem ég gat um í upphafi, að þær tiltölulega háu og óvæntu upphæðir, sem hæstv. viðskmrh. gaf upp að hefðu verið atvinnutekjur ófaglærðs verkafólks og faglærðs á s.l. ári, hafa gefið sumum aðilum í þessu þjóðfélagi tilefni til að reikna vinnutímann út frá því, að það skili í fyrsta lagi fullum dagvinnutíma, sem er á lægsta taxta, fyrir við skulum segja 300 daga ársins, en eins og þessi skýrsla ber með sér, þá er það algerlega rangt — út í loftið. Í þessari grg. segir áfram:

Þar sem tilgangur þessarar athugunar er að leita ráða til að tryggja átta stunda vinnudag án þess að rýra tekjurnar, þ. e. a. s. að stytta vinnutímann, þá var óhjákvæmilegt að safna frumgögnum um tekjur ákveðinna starfsgreina og hvernig þeirra hafi verið aflað, þ. e. a. s. vinnutímann og skiptingu hans í dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu. Slík rannsókn verður þó varla gerð með vísindalegri nákvæmni, nema lögð sé í hana meiri vinna, tími og fyrirhöfn en eðlilegt má telja frá hagkvæmum sjónarmiðum. Það ráð var því tekið að leitast við að leysa verkefnið með tilliti til þess, hvernig mætti fá allgóðar upplýsingar um þetta efni, sem skiptu höfuðmáli. Og vinnutilhögunin var í stórum dráttum á þann veg, að fyrst var fengið almennt yfirlit yfir vinnutíma helztu starfsgreina s.l. ár samkv. upplýsingum um tryggingarskyldar vinnuvikur. Og í öðru lagi fór fram athugun á launatekjum innan viðkomandi starfsgreina, svokölluð úrtaksathugun samkv. launauppgjöri fyrirtækja og skattframtali einstaklinga. Og í þriðja lagi fór fram athugun á vinnutíma nokkurra einstaklinga í hverri starfsgrein samkv. launagreiðsluseðlum fyrirtækjanna.

Fyrsti hluti þessarar athugunar var einfaldastur í framkvæmd, því að upplýsingar um þau atriði, sem þar var um spurt, voru aðgengilegar og í aðgengilegu formi, en samkv. l. um slysatryggingar og atvinnuleysistryggingar safnar skattstofan upplýsingum um vinnuvikur tryggingaskyldra aðila og skiptir þeim niður á áhættuflokka og stéttarfélög. Og úr frumgögnum skattstofunnar má vinna almennt yfirlit yfir vinnutímann hjá tryggingaskyldum fyrirtækjum. En það verður að hafa í huga í þessu sambandi, að þarna er um útreiknaðan vinnutíma að ræða, byggðan á launagreiðslum fyrirtækjanna. Skipting vinnutímans í dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu kemur því ekki fram í þessum gögnum. Slíkt heildaryfirlit eins og fæst með þessari rannsókn gefur vísbendingu um hlutfallslega þýðingu einstakra starfsgreina með tilliti til vinnutímans og gefur um leið nokkra hugmynd um það, hvernig fyrirtæki landsins eru byggð upp innan þjóðfélagsins. Þetta var um fyrsta hluta rannsóknarinnar.

Annar hluti hennar var líka tiltölulega auðveldur viðfangs, en hann var mjög tímafrekur. Hann var það, sem byggt var á stóru úrtaki, til þess að fá sem réttasta mynd af launauppbyggingu einstakra atvinnugreina, launagreiðslu fyrirtækja og tekjum launþega. Þar var stuðzt við tvær aðferðir, sem við nefndum fyrirtækjaaðferð og einstaklingsaðferð. Og fyrirtækjaaðferðin var fólgin í því að byggja upp úrtak úr launauppgjöri einstakra fyrirtækja, en einstaklingsaðferðin felst í því að taka úrtak af ákveðinni stærð fyrir hverja starfsgrein, og þá er miðað við stéttarfélögin sem starfsgrein, þar sem að þeim standa sömu samningsaðilar. En auðvitað liggja þessar upplýsingar hvergi fyrir hjá hagstofunni. En hins vegar er í þessari rannsókn ekki gerð tilraun til þess að meta tekjur né vinnutíma eftir tegund vinnu, t. d. samanborið við vinnutaxta stéttarfélaganna, enda vinna verkamenn, eins og ég kom að í upphafi máls míns, oft á mörgum mismunandi töxtum yfir árið.

En þriðji hluti rannsóknarinnar og það, sem máli skiptir í þessu sambandi, sá hluti, sem snýr að sjálfum vinnutímanum, sú rannsókn var framkvæmd þannig, að það var óskað eftir upplýsingum um vinnutíma þeirra starfsmanna, sem komu fram í fyrsta úrtakinu, og með hliðsjón af því góða samræmi, sem hafði fengizt í undangengnum rannsóknum, þá varð það að teljast nægjanlega nákvæmt, að þetta úrtak gæfi rétta mynd af vinnutímanum. Í þessum tilfellum hafa verið teknar skýrslur um vinnutíma nokkurra

starfsmanna með mismunandi launatekjur, og skýrslurnar, eins og þær liggja fyrir hjá vinnutímanefnd, bera með sér, hversu víðtækt þetta úrtak er. Og ég held, að enginn beri brigður á, að það sé í flestum tilfellum nægjanlega stórt til þess að gefa hugmynd um vinnutímann almennt. Það voru, eins og ég sagði áðan, gerðar rannsóknir einnig á launatekjum verkafólks fyrir árið 1961, og þá var byggt á skattaframtölunum. Þar reyndist meðaltal tekna verkamanna vera 77 þús., iðnverkamanna 70,8 þús. Þetta var samkv. fyrstu aðferðinni. Það var líka, kannske frekar til gamans gert, en það kemur inn á það mál, sem hefur blandazt inn í umr. um það frv., sem hér er til umr., að það var gerður samanburður á launatekjum og heildartekjum samkv. skattframtölum einstaklinga. Og þá er tekið tillit til annarra skattskyldra tekna, bæði húsaleigutekna, eigin og útleigðs húsnæðis, skattskyldra vaxtatekna, opinberra styrkja og trygginga, og laun konu, barna og annað. Það kom í ljós, að hjá verkamönnum var þetta 86,5 þús. meðaltalið, en hjá iðnverkamönnum 85,7 þús., og við samanburð á niðurstöðunum í þessari rannsókn og þeim, sem á undan voru farnar, sást, að heildartekjur launþega voru frá 5—18% meiri en launatekjurnar. En það er rétt að taka það fram, að nokkur hluti af þessum tekjum kemur auðvitað ekki fram sem ráðstöfunarfé hjá launþegunum, t. d. húsaleigutekjurnar. Það kom líka fram í þessari rannsókn, að framfærslubyrði verkamanna og iðnverkamanna er miklu minni en vísitölufjölskyldunnar eða að jafnaði reyndust þeir aðeins hafa eitt barn á framfæri, sem stafar af aldursskiptingu þessara stétta.

Í þeim umr., sem hafa orðið um vinnutímann að undanförnu, bæði hér á hv. Alþingi og utan þess, hefur ekki verið gerður neinn skilsmunur á þessum vinnutíma. Hins vegar var í vinnutímanefnd strax í byrjun gerður skilsmunur þar á, sem nauðsynlegt er, ef verið er að leita að ráðum til þess að stytta þennan vinnutíma. Þannig gerðum við okkur grein fyrir því, að í fyrsta lagi mætti tala um ráðstafaðan tíma vegna vinnunnar eða vinnutímafórn, og í flestum tilfellum mun það vera það hugtak, er verkamaðurinn dregur fram, í öðru lagi um greiddan vinnutíma, í þriðja lagi um samningsbundinn vinnutíma eða vinnutímann við vinnuna og svo í fjórða lagi um framkvæmdatíma eða raunverulegan vinnutíma, sem mundi þá frekar verða notaður í þessu sambandi af vinnuveitandanum. Niðurstöður, svo að ég fari fljótt yfir sögu, heildarniðurstöður þessara rannsókna fyrir 1961 leiddu í ljós, að verkamaður er með 78 þús. kr. meðalárslaun, og ég ætla að taka það fram, að þetta eru meðaltalstölur, með 45,9 unnar vinnuvikur á árinu, og ég ætla einnig að benda á það, að 1961 áttu verkamenn í löngu verkfalli, en miðað við 46 vinnuvikur tæpar, þá unnu þeir samtals 2653 tíma. Þar af voru aðeins 2070 dagvinnutímar, eftirvinnutímar 266 og næturvinnutímar 317. Tímar, sem þeir unnu því á viku, reyndust 57, og ég ætla að taka það fram, að þetta eru meðaltalstölur. En við vorum búnir að skipta þessu í nokkra flokka, byggingarvinnu, hafnarverkamenn, þá, sem unnu við fiskvinnslu o. s. frv., samtals 7 flokka, en þetta er sem sagt meðaltalið, 2653 vinnustundir, að meðaltali á viku 57,8 tímar á 46 vinnuvikum, meðaltal árslauna 78,3 þús.

Þetta taldi ég að væri rétt að kæmi hér fram, og í framhaldi af því, sem ég sagði í byrjun míns máls, þá kemur í ljós, eins og sést í þessum skýrslum, að aðeins er skilað 2070 dagvinnutímum. Hins vegar er mér sagt, að frá hendi Dagsbrúnar sé reiknað með um það bil 300 dögum á ári, sem unnið er, og ef um er að ræða 8 tíma á hverjum degi, þá mundu það vera 2400 tímar, þannig að á dagvinnutímann, sem eftir því ætti að skila á 300 dögum, vantar 330 dagvinnutíma. Þetta skilst, hvað þarna hefur átt sér stað, í ljósi þess, sem ég sagði í upphafi þessarar ræðu minnar. Og þegar horft er á þá staðreynd, að fyrir árið 1961 er meðaltalsvinnutíminn hjá verkamönnum 57 tímar á viku, þá mundi það hafa í för með sér, ef við ættum að draga aðeins ályktanir af þessu ári, sem ég tel þó vera algerlega óraunhæft, því að það er enginn vafi á því, að á þessu hefur orðið breyting frá árinu 1961—1962, — en ef við ættum að horfa aðeins á þetta eina ár og aðeins á verkamenn hér í Reykjavík, þá ættu okkar viðfangsefni að vera að stytta vinnutíma þessara manna úr 57 tímum á viku niður í 48 án þess að skerða laun þeirra.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara frekar út í það starf, sem þessari nefnd hefur verið falið, enda hvorki tími né tækifæri til að þessu sinni. En ég taldi, eins og ég hef margsinnis tekið fram, rétt út af þeim miklu umr., sem hafa orðið um vinnutímann og svokallaða vinnuþrælkun, að þessar upplýsingar lægju fyrir, sérstaklega þegar bæði einn af okkar ráðh. og svo einstakir þm. hafa staðið í þeirri meiningu, að slíkar rannsóknir hafi aldrei verið framkvæmdar hér á landi.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Með frv. þessu á þskj. 91 er lagt til, að tekinn verði upp hér á landi miklu víðtækari áætlunarbúskapur, bæði hvað snertir framkvæmdir einstaklinga, félaga, ríkis og sveitarfélaga, en nokkru sinni áður hefur þekkzt hér og meiri en þekkist í nokkrum öðrum löndum en þeim, sem lúta einræðisstjórnum, enda tæplega hægt að koma slíkum búskap við á þann hátt, sem lagt er til í frv., nema um leið að koma á einveldisskipulagi, ef framkvæma á áætlunina, svo sem ráð er fyrir gert í greinum frv. Í grg. frv. tekur hv. flm. það fram, að eins og málum sé nú komið á Íslandi, verði aðeins tveggja kosta völ. Annar kosturinn sé að koma á heildarstjórn á þjóðarbúskapnum og þá væntanlega eftir þeirri fyrirmynd, sem ákveðin er í sjálfu frv., hinn að gefast upp við að stjórna Íslandi sem sjálfstæðu ríki.

Væri hér ekki um hreint fávíslegt fleipur að ræða, sem vart er sæmandi gömlum og reyndum hv. þm., sem auk þess hefur um áratugi haft forustu fyrir þingflokki, mætti ætla, að Alþingi tæki þeim tökum á þessu máli og á þann hátt að vikja flestum öðrum störfum til hliðar til þess að ræða og koma sér saman um, á hvern hátt skuli mætt slíkum vanda, ef ekkert annað

væri að velja um en það að taka upp áætlunarbúskap í þeirri mynd, sem gert er ráð fyrir í frv., ef forða á því að glata að fullu því frelsi, sem þjóðin hefur barizt fyrir og öðlazt eftir aldaraða baráttu, en hefur nýlega fengið viðurkennt. En eigi að taka nokkurt mark á þeim umr., sem fram fóru hér um frv. s. l. fimmtudag á milli þeirra hv. 7. þm. Reykv. og hv. flm., sýnist, að hvorugur þeirra hv. þm. hafi verið á þeirri skoðun, að hér væri um svo alvarlegt mál að ræða, því að hvorugur þeirra kom allan ræðutímann einu orði að efni frv., heldur ræddu þeir allan tímann um allt önnur atriði, sem þessu frv. voru í einu og öllu gersamlega óviðkomandi. — Vill hæstv. forseti sjá um, að þessum dyrum sé lokað og að eigi sé haldinn þar annar fundur, á meðan á umr. stendur?

Skal ég víkja nokkru síðar að þeim umr. Hv. flm. segir að vísu síðar í grg., að það sé líka til þriðji kosturinn, að Ísland reyni að halda sjálfstæði sínu með því, að íslenzkir auðmenn braski hér hver sem betur getur í stjórnleysi og afskiptaleysi ríkisvaldsins. Þetta er þriðji kosturinn. Hv. flm. hefur að vísu ekki trú á þessari lausn og telur, að jafnvel braskararnir sjálfir, eins og hann titlar alla þá, sem staðið hafa fyrir margvíslegum og happasælum framkvæmdum, hafi misst alla trú á þessu fyrirkomulagi. Það er hygginna manna háttur að athuga vel og vandlega, þegar taka skuli upp nýja siði, að kasta ekki hinu forna, hvað sé að hreppa og hverju sé verið að sleppa, og taka síðan ákvarðanir sínar á grundvelli þeirra athugana og þeirrar niðurstöðu, sem þeir þannig komast að. Þykir því eðlilegt og sjálfsagt að gera hér samanburð á því, sem vér vitum um þróun efnahagsmálanna og menningarmála Íslendinga, sem búið hafa og búa enn við þriðja kostinn, sem hv. flm. fordæmir, og svo þeirra þjóða, sem búa við það hagkerfi, sem hv. flm. vill að tekið sé upp, sbr. frv. það, sem hér er til umr.

Sú kynslóð, sem fædd var á árunum 1880—1890 og nú er að hverfa, tók við landinu í sárustu fátækt. Af völdum einræðis, einokunar og yfirráða annarra þjóða um aldir var svo komið, að fólkið flúði landið í stórum hópum til Vesturheims til þess þar að leita sér betri lífskjara. Svo aum var þá efnahagsafkoma landsmanna, að það þótti rétt, að sveitarsjóðirnir styddu að þessum flótta með því að greiða kostnaðinn við flutninginn, þar sem fólkið sjálft hafði ekki efni til þess að greiða hann. Á þeim 70—80 árum, sem síðan eru liðin, hefur kynslóðin, sem nú lifir og ekki hvarf frá erfiðleikunum, lyft þjóðinni á þessu tímabili úr sárustu neyð upp í þau lífskjör, sem eru fullkomlega sambærileg við lífskjör annarra þjóða í Evrópu, og upp á það stig menningar, frelsis og hugsjóna, sem ekki stendur að baki öðrum þjóðum. Og allt hefur þetta gerzt undir því kerfi, er hv. flm. kallar þriðja kostinn og hann að fullu fordæmir og telur, að verði eigi teknir upp aðrir hættir, þá sé frelsinu og sjálfstæði landsins glatað.

Sú þróun, sem hér hefur átt sér stað, hefur að vísu nærzt á svitadropum þeirra sona og dætra þjóðarinnar, sem haldið hafa uppi harðri baráttu fyrir betri efnahag og meira frelsi. En hún hefur ekki nærzt á blóði þeirra, svo sem átt hefur sér stað hjá öðrum þjóðum. Hún stendur því á miklu fastari fótum en hv. flm. fullyrðir í grg. frv. En hver er svo árangur af því kerfi, sem hv. flm. vill koma á hér með því að lögfesta þetta frv., sem hér er til umr., þar sem því hefur verið komið á? Eftir fyrri heimsstyrjöld var þetta kerfi tekið upp í Þýzkalandi og þó engan veginn í svo víðtækum mæli sem hér er lagt til, en reynslan varð sú, að því varð ekki viðhaldið nema með fullkomnu einræði, sem aftur á móti leiddi af sér aðra styrjöld með öllum þeim ógnunum og böli, sem henni fylgdu. Þessu kerfi hefur einnig verið komið á í Rússlandi og öðrum ríkjum kommúnismans með þeim afleiðingum, að þar hefur það kostað milljónir mannslífa, og beitt er þar hinni verstu miðaldakúgun til þess að viðhalda kerfinu, sem allur hinn frjálsi heimur óskar að verði aflétt sem skjótast. Þetta eru staðreyndir, sem ekki verður haggað. Ég hef aðeins dregið hér fram staðreyndir, sem fyrir hendi eru, reynsluna af því hagkerfi, bæði hér og erlendis, staðreyndir, sem hv. þm. ber skylda til að kynna sér hlutlaust, ekki einasta áður en þeir greiða atkv. um það frv., sem hér liggur fyrir, heldur áður en slík frv. eru fram borin á Alþingi Íslendinga, ef þeir annars vilja hafa nokkurn þingheiður og þingmannsskyldur.

Þessi ummæli mín ber þó ekki að skilja svo, að fordæma beri alla skipulagningu í framkvæmdum einstaklinga, félaga, sveitarfélaga eða ríkisins. En það verður, ef vel á að fara, sannarlega að gerast á allt annan hátt en lagt er til í þessu frv., sem hér er til umr. Vér Íslendingar höfum gert nokkra tilraun til skipulagningar á þessum málum og fengið af því nokkra reynslu. Þykir mér rétt að fara nokkrum orðum um þá reynslu.

Eins og fram er tekið á fskj. I undir tölul. 2, var með l. frá 27. nóv. 1944, um nýbyggingarráð, gerð fyrsta tilraun um skipulagða uppbyggingu ýmissa atvinnugreina þjóðarinnar. Þjóðinni höfðu þá áskotnazt meiri gjaldeyristekjur en nokkru sinni áður, sem þá hópuðust upp í erlendum bönkum, beinlínis vegna þess að eigi var unnt að verja þeim jafnóðum til vöru- og atvinnutækjakaupa vegna ófriðarins, á sama tíma sem vöruþurrð var í landinu og atvinnutæki gengu úr sér. Þó að þá væri farið inn á þá sjálfsögðu braut, að ríkisstj. og Alþingi réðu allmiklu um það, hvernig því fé yrði varið, þegar leið yrði opnuð til frjálsra innkaupa, þá var hér um allt annað að ræða en það kerfi, sem hér er lagt til að upp verði tekið, og skal þó bent á, að ekkert heildarsamkomulag var um þau mál á Alþingi. Nýbyggingarráð var heldur aldrei nein valdastofnun, það var fyrst og fremst tillöguráð til ríkisstj. og Alþingis um ákveðnar framkvæmdir, sem þurfti að gera vegna óvenjulegrar röskunar, sem skapaðist við ófriðarástand í heiminum. Afsprengi nýbyggingarráðs var svo fjárhagsráð, sem gefið var miklu víðtækara vald, og það svo, að ef rétt hefði verið á haldið, tók það á ýmsum sviðum valdið af bæði ríkisstj. og Alþingi. Var fjárhagsráð miklu meira í anda þess ráðs, sem lagt er hér til að komið verði hér á.

En hvernig reyndist fjárhagsráð? Dögum, vikum og mánuðum saman sátu heilir hópar manna í biðsölum, á göngum, í tröppum og í biðröðum alla leið út á götu til þess að ná tali af þeim voldugu mönnum, sem þar áttu sæti og réðu yfir lífi og afkomu þeirra. Öllum ráðum var beitt til að fá þar lausn á erindum, og menn lærðu að stilla upp alls konar áætlunum um væntanlegar framkvæmdir og færa fram alls konar rök, sem þó voru ekkert í samræmi við getu né vilja, bara vegna þess að þeir vissu, að allar beiðnir yrðu skornar niður, og því var um að gera að stilla kröfunum ekki í hóf. Þetta var reynslan, sem við höfðum af fjárhagsráði, og væri einhver svo heppinn að ná í frekari leyfi en þörf var á, var alltaf einhver, sem vildi kaupa afganginn. Og við það myndaðist nýr og oft ábatasamur atvinnuvegur, að krækja í og selja síðan leyfi á svörtum markaði. Aldrei hefur nokkur stofnun getið sér eins illt orð og sú stofnun, ekki vegna mannanna, sem þar stjórnuðu, heldur vegna þeirrar sóunar á vinnuafli, sem fór í það að reka þar nauðsynlegustu erindi, vegna þess viðskiptasiðferðis, sem skapaðist umhverfis hana, og vegna þeirra fjötra, sem með henni voru settir á allt heilbrigt viðskipta- og framkvæmdalíf í landinu.

Gleði manna yfir afnámi þeirrar stofnunar fór ekkert eftir pólitík og flokkaskiptingu eða eftir stéttaskiptingu. Hún var sameiginleg meðal allra landsmanna, annarra en þeirra, sem misstu spón úr askinum við að starfa þar, og hinna, sem auðguðust á svartamarkaðssölu leyfanna. Það voru einu mennirnir, sem söknuðu fjárhagsráðs. Þeir, sem hugsa í alvöru um alla þá reynslu, sem fengizt hefur hér og erlendis í áætlunarbúskap í þeirri mynd, sem lagt er til að hér sé komið á, hugsa sig áreiðanlega ekki lengi um að fella þetta frv. í því formi, sem það er.

Eigi yfirleitt að setja lög um áætlunarbúskap á einn eða annan hátt, verður í þeim lögum að binda verðlag á öllum þeim gjaldaliðum, sem koma til að hafa áhrif á framkvæmdir áætlunarinnar, svo framarlega sem til þess er ætlazt, að áætlunin standist. Einkum er þetta alveg óhjákvæmilegt, ef samtímis á að semja um sölu afurða til margra ára í senn, svo sem hv. flm. ætlast til. Nú er það vitað, að langstærsti gjaldaliðurinn í framleiðslukostnaði er kaupgjaldið. Það er ekki aðeins, að um það meginatriði er ekki einn stafur í frv., heldur er vitað, að hv. flm. og flokkur hans mundu aldrei fallast á, að slíkt ákvæði yrði tekið inn í frv. Áætlunarbúskapur án bindingar kostnaðarliða er gersamlega óraunhæfur, nema því aðeins að gert sé jafnframt ráð fyrir svo öflugu framlagi úr varasjóði, að það gæti jafnan brúað bilið milli vinnuþiggjanda og vinnuveitanda. En þá hygg ég, að lítið yrði eftir fyrir verkamanninn til aukinna atvinnutekna.

Í sambandi við löggjöf um slíkan áætlunarbúskap yrði jafnframt að setja ákvæði um að banna vinnustöðvanir, þar eð þær mundu að sjálfsögðu gereyðileggja allar áætlanir, ef þeim væri haldið uppi um lengri eða skemmri tíma, svo sem verið hefur. En mikið má hugarfar hv. flm. breytast, ef hann fengist til þess að fallast á slík óhjákvæmileg ákvæði til að fyrirbyggja, að áætlunin rynni ekki alveg út í sandinn, hvenær sem þessi mál kæmu til átaka á milli vinnuþiggjenda og vinnuveitenda.

Þetta frv., eins og það er nú, er því ekki til þess að tryggja efnahagsafkomu landsins í heild eða einstaklinga þess, ekki til þess að tryggja frelsi Íslands og sjálfstæði, ekki til þess að lyfta þjóðinni á hærra menningarstig, heldur beinlínis til þess að binda þjóðina traustum böndum við lönd sósíalismans, eins og berlega er tekið fram í grg. frv. Þeir, sem hafa trú á því, að það sé Íslendingum hollast, eða hafa um það fyrirmæli að vinna að því, að svo verði, hvort sem það er til böls eða bóta fyrir þjóðina, þeir fylgja þessu frv., en hinir fella það.

Ég læt þessi orð nægja um sjálft frv. En ég vil, með leyfi hæstv. forseta, ræða nokkuð þau atriði, sem komu fram í umr. tveggja hv. þm., er frv. þetta var hér til 1. umr. s.l. fimmtudag. Hvorugur þessara hv. þm. vék einu orði að efni frv.

Ræða hv. 7. þm. Reykv. gekk öll út á það að hvítþvo Framsfl. af allri samvinnu við kommúnista og sýna síðan fram á, að það séu einmitt sjálfstæðismenn, sem eigi sök á tilveru þeirra og þeim áhrifum, sem þeir hafa og hafa haft á íslenzkt stjórnarfar, og milli þessara tveggja flokka liggi jafnan sterkir leyniþræðir. Kom þetta ekkert frv. við, en um þetta fjallaði ræða hans eingöngu. Ég þykist mega treysta því, að hæstv. forseti hafi ekkert við það að athuga, þótt ég eyði nokkrum tíma til að leiðrétta þau ummæli, sem hv. 7. þm. Reykv. hafði í sambandi við þessi atriði, úr því að honum athugasemdalaust var leyft að viðhafa þau í umr. um þetta frv., sem hér er til umr. og snertir þó á engan hátt það mál.

Hv. 7. þm. Reykv. byggði fullyrðingar sínar um náin tengsl á milli Sjálfstfl. og kommúnistafl. á eftirfarandi sjö atriðum:

Í fyrsta lagi er samstaðan í stjórnarandstöðu á árunum 1933—1939. Ef hv. 7. þm. Reykv. telur það sönnun fyrir leynitengslum milli tveggja eða fleiri flokka, sem lenda í stjórnarandstöðu á einhverjum tíma, þá kann hann sannarlega ekki skil á réttu og röngu, og frýr honum þó enginn vits, sem til þekkir. Hitt eru ekki leyniþræðir, heldur opinber tengsl. sem ekki verður þrætt fyrir, er tveir stjórnarandstöðuflokkar greiða í einni fylkingu atkv. á móti svo að segja hverju máli, sem stjórnarliðið ber fram, svo sem átt hefur sér stað hjá núv. stjórnarandstöðuflokkum allt kjörtímabilið, og láta sér það ekki nægja, heldur halda og uppi skipulögðum andmælum og málþófi, svo að ómögulegt væri ókunnugum að greina annað en að hér væri um einn og sama flokkinn að ræða.

Ég hygg, að það væri mjög þung getraun fyrir mann, sem ekkert þekkti þá hv. 1. þm. Austf. og hv. 6. þm. Sunnl. af öðru en umr. þeirra um fjárlagaafgreiðslu, að segja til um það, í hvorum andstöðuflokknum þeir stæðu. Og væri þó ekki sagt með rökum, að hv. 1. þm. Austf. hafi áður gengið svo algerlega undir jarðarmen kommúnistafl. Sama mundi verða upp á teningnum, ef ókunnugur maður ætti að gera upp á milli

hv. 7. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Reykn. eftir framkomu þeirra í utanríkismálum. Þannig mætti lengi telja. Okkur þm. er stundum álasað af kjósendum fyrir flokksaga og flokkskúgun. En aldrei hef ég í þau 20 ár, sem ég hef setið á Alþingi, séð nokkra flokka svo samanþjappaða við afgreiðslu mála sem þessa tvo flokka, Framsfl. og Alþb., á þessu yfirstandandi kjörtímabili. Og það er því einkennilegra, þegar vitað er, að margir hv. þm. þessara flokka beggja eru þessu mjög andvígir og þúsundir kjósenda þeirra beggja hafa á þessu opinbera samstarfi þeirra megnustu óbeit.

Annað atriði, sem hv. 7. þm. Reykv. taldi sönnun fyrir nánum tengslum milli Sjálfstfl. og kommúnistafl., var samstaðan um stjórnarskrárbreytinguna 1942. Ég held, að það væri heppilegt fyrir Framsfl. að reyna eftir öll þessi ár að gleyma afstöðu sinni til þeirra mála og vera ekki sí og æ að ýfa upp þau sár, sem hann bakaði sér af skammsýni og afturhaldi í þeim átökum. Ástandið á Alþingi var þá þannig, að Framsfl. átti þar miklu fleiri fulltrúa en honum bar miðað við fylgi hans hjá þjóðinni, og hann fékkst ekki til þess að semja um eðlilega og réttláta leiðréttingu á þessum málum, heldur viðhalda með valdi því fyrirkomulagi, sem ekki samræmist lýðræðishugsjón þjóðarinnar. Þeir 3 þingflokkar, sem annars voru ósammála um flest önnur mál, tóku þá höndum saman á Alþingi um breytingu á kjördæmaskipuninni, sem færði málið nokkru nær lýðræðisreglum, þó að sporið væri þá eigi stigið til fulls. Ég efa það ekki, að ef Framsfl. hefði þá viljað sjá sóma sinn í að gefa með frjálsum vilja eftir sérréttindi, sem hann hefði öðlazt fyrir rangláta kjördæmaskipun, hefði að sjálfsögðu verið tekið fullt tillit til till. hans í því máli, svo lengi sem þær gátu rúmazt innan takmarka réttlætis og sanngirni. En því var ekki að heilsa. Kjördæmabreytingin var aðeins undirbúin af Alþingi eins og hver önnur stjórnarskrárbreyting. Hún var síðan borin undir kjósendur landsins, þar sem þeir gengu óháðir í kjörklefann til þess þar að fella sinn dóm. Í kosningabaráttunni gerði Framsfl. allt, sem hann orkaði, til þess að telja kjósendum sínum trú um, að með breytingunni væri verið að taka af þeim fornan og helgan rétt, sem allt ylti á fyrir framtíð þjóðarinnar að ekki yrði rýrður. En þegar úrslitin voru kunn, kom í ljós, að mikill meiri hluti kjósenda fylgdi breytingunum. Í þessu sambandi má benda á, að í einu kjördæmi, sem Framsfl. hafði um 12 ára skeið haft og átt svo traust fylgi, að engum manni hafði dottið í hug, að þar væri frambjóðandi Framsfl. í hættu, enda borinn þar fram einn hinn sterkasti, gáfaðasti og vinsælasti þm. flokksins á móti óþekktum nýliða, sem enga sigurmöguleika sýndist hafa og enga sigra hafði unnið á pólitísku sviði — (**Gripið fram í**: Í hvaða sýslu var þetta?) Það var í Barðastrandarsýslu. Það datt engum manni þá í hug, að sú sýsla félli fyrir þeim ágæta manni, sem Framsfl. bauð þar fram. En einnig þar voru till. Framsfl. í þessu höfuðbaráttumáli kosninganna felldar. Hér var ekki um að ræða neitt kosningabandalag á milli þessara flokka, sem stóðu að stjórnarskrárbreytingunni. Þeir áttu þar allir frambjóðendur og börðust þar hver fyrir sínum frambjóðanda, eftir því sem unnt var, og sínum hugsjónamálum. En hér kom það bersýnilega í ljós, að fólkið vildi ekki fela Framsfl. lengur forustu í þjóðmálunum, eftir áratugareynslu af þeim málum, og því vildi það ekki stuðla að auknu fylgi hans umfram það, sem honum bar eftir lýðræðisreglum, og jafnvel ekki þó að þeir byðu jafnágætan mann fram og þeir buðu fram þá í þessu kjördæmi. Hér var því ekki um að ræða neitt náið samband á milli Sjálfstfl. og kommúnistafl. Hér var um að ræða skýran og ákveðinn vilja meiri hl. þjóðarinnar.

Eftir að gengið hafði verið að fullu frá stjórnarskrárbreytingunum á sumarþingi 1942, lýsti Alþfl. því yfir, að hann styddi ekki lengur stjórn Sjálfstfl. Og að loknum haustkosningum 1942 var enginn flokkur þingsins megnugur að mynda meirihlutastjórn einn. Meginástæða fyrir því, að Framsfl var ekki viðmælandi um þátttöku í myndun stjórnar, var ekki málefnaágreiningur, heldur beinlínis hatur út af kjördæmabreytingunni. Alþfl. var þá andvígur skjótri stofnun lýðveldisins, eða svo lengi sem ófriðurinn stæði. Í trausti þess, að á þessu yrði engin breyting, taldi Framsfl. sér óhætt að neita að uppfylla þá þingskyldu að hefja samræður eða taka þátt í þeim um myndun ríkisstj. Með því að stuðla þannig að því, að utanþingsstjórn sæti við völd um langt árabil, mætti ef til vill telja þjóðinni trú um, að allt þetta væru afleiðingar af breytingunni á kjördæmaskipuninni, sem Framsfl. varaði svo mjög við. Þegar þannig var búið að rýra nægilega virðingu Alþingis, kynni að geta skapazt það álit í næstu kosningum, að betra mundi þó að gefa Framsfl. á ný meiri völd, þótt það stríddi á móti öllu réttlæti, og mætti ef til vill takast að koma þá á aftur kjördæmabreytingu, sem tryggði honum völdin um lengri tíma.

Þegar utanþingsstjórnin lýsti því yfir, að hún mundi beita sér fyrir stofnun lýðveldisins, brustu allar þessar vonir Framsfl. um að koma á meirihlutavaldi á Alþingi með minnihlutafylgi þjóðarinnar. Þeim var það þá þegar ljóst, að eftir að lýðræði væri komið á og fullur skilnaður við Danmörku, mundi í burtu falla meginástæða af hendi Alþfl. um neitun um þátttöku í stjórn landsins, og rættist sú áætlun fullkomlega.

Þriðja ástæðan, sem hv. 7. þm. Reykv. taldi sönnun fyrir nánustu tengslum milli Sjálfstfl. og kommúnista, er þátttaka þeirra í nýbyggingarstjórninni á árunum 1944—47. Eins og ég hef tekið fram hér að framan, var ekki nema um tvennt að velja fyrir Alþingi: Annað að liggja áfram undir þeim sívaxandi ámælum frá þjóðinni, að meiri hl. þm. væri ekki þinghæfur, þar sem hann hefði svo lengi látið undir höfuð leggjast að mynda þingræðisstjórn. Hitt að mynda stjórn með þátttöku þeirra 3 flokka, sem fúsir voru að ræða stjórnarmyndun. Alþingi átti ekki neins annars kost. Höfuðverkefni þessarar stjórnar voru fyrst: að byggja upp fjölþættara atvinnulíf í landinu, þar sem hverju mannsbarni væri tryggð atvinna við sæmileg lífskjör, og til þess að það mætti takast að skipu-

leggja innkaup á nýjum atvinnutækjum bæði til landbúnaðar, fiskveiða og iðnaðar. Og annað: að koma á fullkomnum almannatryggingum, sem tryggðu afkomu þeirra, sem áttu við erfiðustu lífsbaráttuna að stríða, svo að einnig þetta fólk gæti lifað mannsæmandi lífi. Þetta voru tvö höfuðverkefni nýbyggingarstjórnarinnar. Framsfl. neitaði þá að vera þátttakandi í þessu nýbyggingarstarfi. Og þeir völdu sér það að vera í stjórnarandstöðu, á meðan það fór fram, og greiða atkv. gegn öllu því, sem miðaði að því að koma því í framkvæmd. Einn hv. þm. Framsfl., sem brauzt út úr samfylkingunni gegn tryggingalöggjöfinni og greiddi atkv. með frv., var settur út úr framboði og fékk ekki að bjóða sig fram við næstu kosningar þar á eftir.

Framsfl. hefur sí og æ hamrað á því, að sú stjórn hafi eytt öllum innistæðum erlendis. En innistæðunum var eytt á þeim tíma, sem mest verðmæti fékkst fyrir minnsta peninga, enda þörfin aldrei meiri vegna vöruþurrðar í landinu. Ef farið hefði verið þá eftir till. Framsfl. að bíða um árabil með innkaup nauðsynlegra vara til lífsframfæris og uppbyggingar, hefði þjóðin orðið að sætta sig við margfalt óhagstæðari innkaup, eins og berlega kom fram á næstu árum. Hin ströngu ákvæði, sem sett voru um innflutning og gjaldeyrisverzlun, sem hv. 7. þm. Reykv. minntist á að sett hefðu verið 1947, er Framsfl. hafði komið í ríkisstj. í stað kommúnistafl., og stafað hefðu af því, hvernig farið hefði verið með gjaldeyrinn, stöfuðu ekki af neinum mistökum nýbyggingarstjórnarinnar, heldur af hinu, að Framsfl. hafði þá eins og nú óbilandi trú á haftapólitíkinni og setti það beinlínis að skilyrði fyrir þátttöku í ríkisstj., að sú leið yrði farin í viðskiptamálum. En eins og nú hefur sannazt, þegar horfið hefur verið frá henni, var það og verður ávallt versta lausnin á viðskiptamálum.

Framsfl. hefur hins vegar aldrei getað fellt sig við aðra lausn í þessum málum. Stjórnarsamvinnan, sem myndaðist 1944, rofnaði ekki vegna ágreinings um innanlandsmálin og framkvæmd þeirra. Hún rofnaði einungis vegna afstöðu kommúnista til utanríkismálanna og til varnarmála landsins. Þegar kommúnistar sýndu það, að þeir settu hærra vilja erlendrar þjóðar en hagsmuni sinnar eigin þjóðar, þá gat ekki verið um neitt samstarf að ræða milli þeirra og Sjálfstfl. Og með því að þetta hugarfar kommúnistafl. hefur ekkert breytzt, vilja engir aðrir flokkar þingsins en Framsfl. og hann þó ekki nema að hálfu leyti hafa stjórnarsamvinnu við kommúnistana.

Fjórðu rökin, sem hv. 7. þm. Reykv. taldi að sönnuðu náin tengsl á milli Sjálfstfl. og kommúnistafl., voru tilraun til stjórnarsamstarfs 1956. Hér slær hv. þm. fram órökstuddum getgátum, og þarf því ekki að eyða orðum að því atriði. Ásókn Framsfl. og kommúnista til stjórnarsamstarfs og undirlægja Framsfl. við kommúnistana var þá svo alger, að Sjálfstfl. hefði aldrei komið til hugar að fara í kapp um fylgi kommúnista. Gagnstætt vöruðu þeir leynt og ljóst við þeirri stjórn, sem reyndist jafnvel miklu verri en menn almennt vildu trúa í upphafi, og það svo, að enn eftir allan þennan tíma segir almenningur: „aldrei aftur vinstri stjórn".

Fimmtu rökin, sem hv. þm. færir fram máli sínu til stuðnings, eru samstarf Sjálfstfl. og kommúnistafl. um að fella vinstri stjórnina 1958. Ég held nú, að það sé orðið og hafi ávallt verið öllum ljóst, að það þurfti ekkert samstarf á milli Sjálfstfl. og kommúnista til þess að fella vinstri stjórnina 1958. Sú stjórn fór þannig með atvinnu- og fjárhagsmál þjóðarinnar, að forustunni brást möguleikinn til að leysa vandann. Og forsrh. viðurkenndi það vel og drengilega og sagði af sér og tókst síðan ekki að mynda stjórn á ný. Hér komu engin tengsl á milli Sjálfstfl. og kommúnista til greina. Þess þurfti heldur ekki með. Auðnuleysi og vesaldómur Framsfl. var svo alger þá, að þar við var engu á bætandi.

Sjötta atriðið, sem hv. 7. þm. Reykv. telur sönnun fyrir tengslum milli Sjálfstfl. og kommúnista, er samstarf hinna 3 flokka um kjördæmabreytinguna, sem samþykkt var 1959. Vísa ég til alls þess, sem ég hef sagt um þetta í sambandi við kjördæmabreytinguna 1942. Hér var um að ræða innanríkisréttlætismál. Hér kom til eins og 1942 dómur fólksins. Hér missti Framsfl. aftur fylgi og þingsæti á sama hátt og 1942, m. a. vegna þess, að þjóðin hafði fengið meir en nóg af stjórn þessa flokks á landinu á tímabili vinstri stjórnarinnar. Framsfl. ætti að vera orðið það ljóst, að þau réttlætismál gengu ekki fram fyrir neinar flokkssamþykktir annarra flokka, heldur beinlínis fyrir réttlætistilfinningu fólksins annars vegar og fyrir illa reynslu þess af stjórn Framsfl. hins vegar.

Ég hygg, að það væri því miklu hollara fyrir Framsfl. að hætta að ýfa þessi sár sín, læra að sleikja þau og græða og læra að bæta sína afstöðu til málefna með minna eiginhagsmunasjónarmið fyrir augum en verið hefur hingað til og meira hagsmunasjónarmið fyrir þjóðina.

Sjöunda og síðasta atriðið, sem hv. 7. þm. Reykv. taldi að væri sönnun fyrir hinum nánu tengslum á milli Sjálfstfl. og kommúnista, var skipun eða kosning Einars Olgeirssonar, hv. 3. þm. Reykv., í Norðurlandaráð. Þegar Norðurlandaráð var sett á stofn, var það hugsað, að í því ráði tækju sæti allar 5 Norðurlandaþjóðirnar. Í fyrstu fengu Finnar ekki leyfi til þess að taka sæti í Norðurlandaráði, og það var vegna þess, að sovétstjórnin leit svo á, að hér væri verið að koma upp voldugu samstarfi á milli Norðurlanda gegn hagsmunum Sovétríkjanna, og eins og kunnugt er, voru þess vegna Finnar ekki þátttakendur í því samstarfi þá. Það var hvort tveggja, að þá þótti ekki rétt, að Íslendingar sendu kommúnistaforingja til Norðurlandaráðs, enda mjög vafasamt, hvort hann hefði tekið við þeirri kosningu og fengið yfirleitt leyfi til þess að taka þátt í því samstarfi á því stigi málsins. (Gripið fram í.) Ég fullyrði það ekki, segi aðeins, að það hafi verið vafasamt, hvort kommúnistar fengju leyfi til að senda fulltrúa í Norðurlandaráðið. Hitt er víst, að þetta var aðalástæðan fyrir því, að þá var farið þannig með kosningaaðferðir hér í þingi, að það var útilokaður kommúnistaflokkurinn frá að senda þm. En undireins og

samkomulag var um það, að Finnar tækju einnig þátt í Norðurlandaráði og sendu þá m. a. ákveðna menn, sem voru yfirlýstir kommúnistar, þá var ekki ástæða fyrir okkur að útiloka kommúnista hér heima, síður en svo. Svo voru það heldur ekki sjálfstæðismenn, eins og hefur verið tekið fram hér af hv. 3. þm. Reykv., það voru ekki þeir, sem fyrst sendu hann sjálfan sem fulltrúa í Norðurlandaráð. Það var Framsfl. Hann gaf honum eftir annað sæti sitt, sem hann átti samkv. þeirri reglu, sem hefur verið hér viðurkennd. Þegar svo var komið, var engin ástæða til annars en breyta kosningareglunum, því að þá vildi Framsfl. aðeins halda þeim til þess að geta gert kaup við kommúnistaflokkinn.

Ég þykist nú hafa rakið hér þessi mál öll og sýnt fram á, að þetta eru engin rök, sem hv. 7. þm. Reykv. hefur fært fram fyrir því, að einhver náin tengsl séu á milli Sjálfstfl. og kommúnistaflokksins í landsmálum. En hver er þá ástæðan fyrir því, að hv. 7. þm. Reykv. notaði allan sinn ræðutíma til þess að reyna að sanna þingheimi og þeim áheyrendum, sem hér hlusta á ræður, að þetta væri staðreynd, að á milli Sjálfstfl. og kommúnistaflokksins væru þessi nánu tengsl? Hver er meginástæðan? Það verður ekki séð, að hún sé nein önnur en sú, sem raunverulega vitað er, að ákaflega mikið af kjósendum Framsfl. hefur beina skömm á því samstarfi, sem þeir flokkar hafa opinberlega hér á þingi. Og þeir eru sjálfir hræddir við að ganga til kosninga á komandi vori nema þvo þetta af sér. Þess vegna tekur hv. 7. þm. Reykv. upp þann hátt að ætla sér að reyna að telja þjóðinni trú um, að tengslin séu miklu nánari á milli Sjálfstfl. og kommúnistaflokksins.

Nú vil ég segja það, að vitanlega er það engin goðgá að hafa samstarf við umbótaflokk eins og kommúnistaflokkurinn kallar sig og er á ýmsum sviðum, ef ekki væri um það að ræða, að þar ræður að langmestu vilji erlendra þjóða um stefnu hans í utanríkismálum. Ef kommúnistaflokkurinn vildi þvo af sér þann vansa að vera hér umboðsmaður eða þjónn erlendra ríkja um að koma alheimskommúnisma á, mundi það ekki vera neinn vansi að hafa samstarf við hann um ýmis mál. Það er síður en svo, að það væri vansi að hafa samstarf við hann um margs konar umbótamál. En þegar það er gert til þess að ná fólkinu, til þess að treysta aðstöðu sína svo, að það sé hægt að koma enn betur Íslandi undir vald kommúnismans, þá er það ekki lengur sæmilegt. Og það er þetta, sem fólkið hræðist. Og það er þetta, sem er ástæðan hjá hv. 7. þm. Reykv., að hann veit, að fólkið vill ekki þessa stefnu í utanríkismálunum, þótt hann sé sjálfur sammála um hana, eftir því sem framkoma hans hefur verið hér á þingi s.l. 3 ár. Og það er þess vegna, sem hann er að reyna að koma þessu yfir á annan flokk. Önnur ástæða getur ekki verið fyrir því.

En hvers vegna rauf þá Framsfl. samstarf við aðra flokka? Hvers vegna hefur hann alltaf verið fyrstur til þess að gera það? Hvers vegna rauf hann samstarfið 1942? Það var af því, að hann vildi halda í ranglæti. Hvers vegna rauf hann samstarfið 1949? Það voru ekki hinir tveir flokkarnir, Sjálfstfl. og Alþfl., sem rufu samstarfið. Hann rauf þá samstarfið vegna þess, að hann vildi hafa sérréttindi fyrir sjálfan sig, sérréttindi fyrir sig og sína menn á kostnað þjóðarinnar. Og þess vegna rauf hann samstarfið 1953 og 1956, alveg af sömu ástæðu. Hann var alltaf að reyna að koma inn meiri sérhagsmunum fyrir sig og sinn flokk gegn hagsmunum þjóðarinnar. Og hvers vegna var hann raunverulega lengi vel klofinn í lýðveldisstofnuninni? Vegna þess að hann hélt, að þá gæti hann haldið Alþfl. frá því að mynda stjórn með sjálfstæðismönnum og haldið öngþveitinu áfram, sem hafði skapazt við það, að Framsfl. vildi ekki ræða stjórnarmyndun. Hvers vegna klofnaði flokkurinn um Keflavíkursamninginn og stuðninginn við NATO? Af nákvæmlega sömu ástæðu, alltaf sífelld tækifærisstefna.

Ég skal svo ekki ræða meira um ræðu hv. 7. þm. Reykv., en aðeins koma hér nokkrum orðum að einu atriði, sem hv. 3. þm. Reykv. hélt fram. Hann sagði, að það væru tvö höfuðverkefni Alþb., eins og flokkurinn kallar sig nú, sem hann berðist fyrir í þessu landi. Annað væri stöðug kauphækkun verkafólks, hitt væri stefnan um utanríkismálin, um alheimskommúnismann, að rótfesta þá stefnu hér í þessu landi. Þetta er alveg rétt, þetta eru hans tvö höfuðsjónarmið.

Það hefur enginn maður á móti því, þó að kommúnistaflokkurinn eða Alþb., hvað sem hann kallar sig, beiti öllum sínum áhrifum til þess að bæta lífskjörin í landinu, og hv. 3. þm. Reykv. sem formaður flokksins veit, að það hefur hvað eftir annað tekizt um það samstarf. En það hafa allir haft á móti því, sem kommúnistaflokkurinn berst fyrir, að auka vald kommúnismans á Íslandi. Og það er hv. þm. orðið svo ljóst nú og raunverulega fyrir löngu, að þeir þora ekki að þjóða sig fram undir því merki. Þeir urðu að skipta um nafn, reyna að breiða yfir nafn og númer, kölluðu sig Sósfl., hinn sameinaða flokk sósíalista og nú síðast Alþb., af því að þeir vissu, að fólkið vildi ekki kommúnistastefnuna í landinu. Og þeir eru ekki einir manna hér í Norðurálfunni, sem hafa farið þannig að. Þannig fóru Danir að líka. Þegar þjóðin þurrkaði út kommúnistafylgið í Danmörku til þingsins, þá skiptu þeir um nafn. Og það hafa þeir gert víðar, af því að þeir vita, að þjóðirnar vilja ekki það ófrelsi, sem því fylgir að taka upp kommúnistastefnuna, kalla kommúnistastefnuna yfir sig.

Hv. þm. sagði, að það þýddi ekkert að vera að spyrna á móti þessu, menn væru búnir að stríða á móti kommúnismanum núna í meira en heila öld. En kommúnisminn á Norðurlöndum, bæði á Íslandi og annars staðar, ætti hér engan fulltrúa, ef þeir hefðu ekki breitt yfir nafn og númer, og það er það, sem við ávítum. Við ávítum, að þessir menn skuli ekki koma hreint fram við fólkið og segja: Við viljum hafa þessa stefnu hér, við viljum innleiða kommúnismann með öllum hans kostum og löstum, eins og hann er, og ekkert annað. — Þá yrðu þeir þurrkaðir út. Það eru því falsrök, með því að segja fólkinu ósatt, er þeir segja, að þeir séu að berjast eingöngu fyrir hagsmunamálum þess, því að það vita allir, að ef hér væri kominn á kommúnistastefna, eins

og hún er rekin austantjalds, þá liði fólkinu ekki eins vel í dag hér og því líður. Við þurfum ekkert annað en gera samanburðinn, hvernig það er austan múrsins, til þess að vita um það, og það er ekki af vanþekkingu, því að það hefur m. a. hv. 3. þm. Reykv. hvað eftir annað kynnt sér persónulega sjálfur. Og það er því verra, að eftir að hann veit, að það er þannig, skuli hann halda þeirri stefnu áfram hér og vilja koma henni hér á.

Ég þakka hæstv. forseta fyrir að hafa leyft mér að fara hér út fyrir þann ramma, sem ákveðinn er í þingsköpum, að ræða um sjálf málin. En það var gefið tilefni til þess af tveimur hv. þm. áður, svo að ég þóttist mega taka mér tíma til þess að svara því, sem hér hafði komið fram í þeirra umræðum.

Umr. frestað.

Á 37. og 38. fundi í Nd., 11. og 12. febr., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Nd., 12. febr., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Síðan ég talaði seinast í d. í sambandi við þetta mál, hafa ýmsir kvatt sér hljóðs og haft sitt hvað við það að athuga, sem ég sagði. Ég sé ekki ástæðu til að rekja það allt hér, en ætla mér þó að minnast á nokkur atriði, sem fram hafa komið í ræðum þessara hv. þm.

Ég sé, að hæstv. viðskmrh. er ekki staddur í deildinni, og mun þess vegna sleppa því a. m. k. að sinni að ræða það, sem hann sagði um kaup, kjör og vinnutíma. Og ég mun þá ekki heldur víkja að því. — Ég sé, að hæstv. viðskmrh. er kominn og ætla þá að víkja aftur að því, sem hann hafði að segja um launakjör verkamanna og vinnutíma.

Ég held, að það sé alveg óumdeilanlegt, þó að það sé kannske erfitt að koma með óyggjandi tölur um það, að vinnutími verkamanna og lægra launaðra launþega er miklu lengri nú en var fyrir 4—5 árum. Og ég get því til sönnunar m. a. leitt vitni, sem hæstv. viðskmrh. hlýtur að taka nokkurt tillit til, en það er hæstv. félmrh. Í grein, sem hann skrifaði nú um áramótin, þar sem hann var að ræða um ósigur Alþfl. í bæjar- og sveitarstjórnarkosningunum á s.l. vori, var það ein aðalskýring hans á þeim ósigri, að vinnutími manna hefði lengzt svo mikið, að þeir hefðu miklu verri aðstöðu en áður til þess að gefa sig að félagsmálum, og það hefði átt sinn þátt í því, að Alþfl. hefði fengið jafnlélega útkomu og raun bar vitni um. Það má einnig í þessu sambandi vitna til ályktunar, sem samþ. var á s.l. hausti á þingi Alþýðusambands Vestfjarða, þar sem það var mjög átalið, að þrátt fyrir lengri vinnutíma væri afkoma manna ekki eins góð og hún hefði verið fyrir nokkrum missirum. En á þessu þingi áttu fyrst og fremst sæti flokksmenn Alþfl., og þess vegna verður því ekki haldið fram, að það hafi verið einhverjir vondir stjórnarandstæðingar, sem hafi staðið að þessari samþykkt. Ef maður lítur svo á það, sem verkamenn fá nú í laun miðað við 8 stunda vinnutíma annars vegar, og svo það, sem framfærsluvísitalan segir að þeir eigi að fá, þá sést ljóslega, að ef miðað er við 8 stunda vinnudag hefur afkoma manna versnað verulega síðan 1958.

1958, um haustið, ef miðað er við laun Dagsbrúnarverkamanna þá annars vegar og svo það, sem framfærsluvísitalan taldi að menn þyrftu að fá, þá var munurinn á þessu tvennu eitthvað í kringum 16 þús. kr. Ef maður gerir svipaðan samanburð núna, er munurinn eitthvað í kringum 22 þús. kr., þ. e. a. s. sem verkamaðurinn fær minna fyrir 8 stunda vinnutíma, ef miðað er við launin yfir árið, heldur en hann þarf að fá til að fá það, sem framfærsluvísitalan telur að 4 manna fjölskylda þurfi að fá, til þess að hún geti staðið undir þeim útgjöldum, sem talið er að séu óhjákvæmileg. Þannig hefur þessi munur á umræddum tíma aukizt um rúmar 6 þús. kr., sem hann er verkamanninum óhagstæðari en hann var 1958, ef miðað er við 8 stunda vinnutíma yfir allt árið. En það kemur hér einnig til viðbótar, að húsaleiga er reiknuð nokkurn veginn hin sama í framfærsluvísitölunni bæði 1958 og nú. En það vita þó allir, að það hefur orðið stórfelld hækkun á húsaleigunni á þessum tíma eða húsnæðiskostnaðinum. Og þar af leiðandi er það augljóst, að það er miklu verra núna að komast af sæmilega á launum, sem fást fyrir 8 stunda vinnutíma hjá verkamönnum, heldur en var fyrir 4—5 árum.

Fleiri atriði mætti nefna þessu til sönnunar, en ég sé ekki ástæðu til að rekja það frekar að sinni, vegna þess að það mun gefast tækifæri til þess síðar á þinginu að ræða þetta mál rækilegar.

Ég ætla þá að víkja að öðrum hv. þm., sem hér hafa talað, og kem þá fyrst að hv. 12. þm. Reykv., sem hélt hér að ýmsu leyti athyglisverða ræðu, og mörgu því, sem kom fram í hans ræðu, er vissulega ástæða til að gefa verulegan gaum. Að vísu var þar ekki um neitt nýtt að ræða. Það hafa ýmsir bent á þetta áður og hefur verið athugað bæði af samtökum verkalýðsins og atvinnurekenda, en þar var vissulega bent á ýmis atriði, sem ástæða er til að sinna frekar en gert hefur verið til þessa. Ég mun ekki ræða það frekar að sinni, því að það gefst aðstaða til þess síðar, en ég ætla að minnast örfáum orðum á það, sem hann sagði um samband Sjálfstfl. og kommúnista.

Hv. þm. játaði, að málfundafélög sjálfstæðisverkamanna hefðu á sínum tíma haft allnáið samband við kommúnista í verkalýðshreyfingunni, þetta hefði verið á árunum fyrir styrjöldina. Og það er alveg rétt hjá honum, að það var mjög náin samvinna á milli þessara aðila á þeim tíma. En síðar komst þessi hv. þm. þannig að orði, að sjálfstæðismenn hefðu fljótt fundið lyktina af kommúnistum og þess vegna hætt þessari samvinnu. Það getur vel verið, að það gildi um hv. 12. þm. Reykv., að hann finni einhverja sérstaka lykt af kommúnistum og vilji þess vegna ekki vinna með þeim. En það gildir hins vegar ekki um þá forustumenn Sjálfstfl., sem meiru ráða en hann. Til sönnunar öllu því, sem áður hefur verið rifjað upp um samstarf þessara aðila, finnst mér rétt að bæta við einu enn, sem sýnir, að t. d. hæstv. núv. forsrh. og

hæstv. núv. dómsmrh. hafa ekki verið búnir að finna þessa lykt af kommúnistum haustið 1958. Þá gerðist það, eins og oft hefur verið rifjað upp hér, að vinstri stjórnin baðst lausnar, og það, sem forseti Íslands gerði þá fyrst á eftir, var að snúa sér til formanns stærsta þingflokksins, hæstv. núv. forsrh., og óska eftir því, að hann leitaði fyrir sér um stjórnarmyndun. Og hæstv. núv. forsrh. tók það fúslega að sér að reyna að mynda nýja ríkisstj. Maður skyldi nú ætla, að ef hæstv. forsrh. og hæstv. dómsmrh., sem mestu réðu þá í Sjálfstfl., hefðu fundið þá slæmu lykt af kommúnistum, sem hv. 12. þm. Reykv. telur sig finna, þá hefðu þeir ekki farið að tala við kommúnistana um stjórnarmyndun. En það liggur fyrir skjalleg heimild um það, að eitt af því fyrsta, sem hæstv. forsrh. gerði, þegar honum var falið að mynda ríkisstjórn í des. 1958, var að snúa sér til þessara vondu kommúnista og athuga, hvort ekki væri möguleiki á því að mynda stjórn með þeim. Og í Morgunblaðinu 12. des. 1958 segir frá þessu á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Athugun á möguleikum til stjórnarmyndunar var í gær haldið áfram af hálfu Sjálfstfl. Ólafur Thors og Bjarni Benediktsson áttu í því skyni kl. 10 fyrir hádegi viðræður við Einar Olgeirsson, Finnboga Rút Valdimarsson og Lúðvík Jósefsson og kl. 2 eftir hádegi við Hermann Jónasson og Eystein Jónsson. Stóð hvor fundur hér um bil 2 klukkustundir."

Það liggur sem sagt hér fyrir skjalfest í Morgunblaðinu, að í des. 1958 hafi Ólafur Thors og Bjarni Benediktsson gengið á fund þeirra Einars Olgeirssonar, Finnboga Rúts Valdimarssonar og Lúðvíks Jósefssonar og rætt við þá um möguleika um stjórnarmyndun þessara flokka. Og það voru ekki neinar málamyndaviðræður, sem fóru þarna fram, heldur stóðu þessar viðræður rúmar 2 klukkustundir. Og ég hef það eftir allgóðum heimildum úr báðum þessum flokkum, að í raun og veru hafi það ekki verið nema eitt atriði, sem varð þess valdandi þá, að ekki tókst stjórnarsamstarf milli þessara flokka. Og þetta eina atriði var það, að Sjálfstfl. taldi sér ekki fært, eins og líka kemur greinilega fram í skrifum Morgunblaðsins á þessum tíma, að mynda ríkisstj. haustið 1958, nema því aðeins að aftur yrði tekin kauphækkun, sem hann og kommúnistaflokkurinn höfðu átt þátt í að knýja fram sumarið 1958 eða nokkrum mánuðum áður. Enda var það líka eitt fyrsta verk Sjálfstfl., eftir að búið var að mynda stjórn Alþfl., að koma þessari kauplækkun fram. Kommúnistarnir voru ekki við því búnir eins og Sjálfstfl. að taka þannig strax aftur þá kauphækkun, sem þeir höfðu hjálpað til að knýja fram sumarið 1958, og þess vegna varð ekki af stjórnarmyndun þessara aðila í þetta skipti. En það, sem ég hef nú bent á, sýnir, að af hálfu Sjálfstfl. var fullkomlega leitað eftir því, hvort kommúnistar væru tiltækilegir í ríkisstjórn með honum í des. 1958.

Það, sem gerðist haustið 1958 í þessum efnum, getur áreiðanlega átt eftir að gerast enn. Ef þannig færi t. d., að Alþfl. reyndist ekki Sjálfstfl. nægilega sterk hækja eftir næstu kosningar, eins og vel getur farið, þá yrði það ekki nema í samræmi við reynsluna 1958, að þeir Ólafur Thors og Bjarni Benediktsson gengju enn einu sinni á fund Einars Olgeirssonar, Finnboga Rúts Valdimarssonar og Lúðvíks Jósefssonar, eins og þeir gerðu í des. 1958. — Ég mun láta þetta nægja til þess að svara því, sem hv. 12. þm. Reykv. talaði um það, að sjálfstæðismenn fyndu svo vonda lykt af kommúnistum, að þeir vildu ekki nein mök við þá hafa.

Ég ætla þá að koma að því, sem hv. 1. þm. Vestf. hafði að segja um þessi mál. Því miður fór hv. þm. með æðimargar rangfærslur, sem ástæða væri til þess að rekja nánar og hrekja hjá honum, en til þess færi allt of mikill tími, og ég held, að þær hafi verið hv. þm. svo ljósar, að það sé óþarfi að vera að elta ólar við þær. En eitt kom þó mjög athyglisvert fram í ræðu hv. þm., og það var það, að hann viðurkenndi, að a. m. k. 6 eða 7 skipti hefði Sjálfstfl. haft meiri eða minni samvinnu við kommúnistaflokkinn, vildi að vísu aðallega kenna Framsfl. um, að þessi samvinna hefði þurft að eiga sér stað. En hv. þm. viðurkenndi það, að 1937—42 hefði átt sér stað meiri og minni samvinna milli Sjálfstfl. og kommúnista í verkalýðshreyfingunni, að þessir flokkar hefðu tekið höndum saman 1942 um „steiktu gæsirnar" og myndað stjórn, sem tvöfaldaði dýrtíðina á 8 mánuðum, að þeir hefðu verið í stjórn 1944—46, að þeir hefðu staðið að kjördæmabyltingunni 1959, að Sjálfstfl. hefði hjálpað til þess, að Einar Olgeirsson, hv. 3. þm. Reykv., héldi sínu sæti í Norðurlandaráði o. s. frv. Allt þetta viðurkenndi hv. þm. að væri í raun og veru rétt, þ. e. að þessi samvinna á milli sjálfstæðismanna og kommúnista hefði átt sér stað. Og það var það, sem ég hafði haldið fram í minni ræðu, þannig að hv. þm. gerði í raun og veru ekki annað en staðfesta það, sem ég hafði um þetta sagt.

Hv. þm. vék svo að því nokkrum orðum, hvers vegna ég væri að benda á þetta. Ég get sagt hv. þm., hver sé meginástæðan til þess, að ég var að minnast á þetta. Ég er ekkert út af fyrir sig að álasa Sjálfstfl. fyrir það, þó að hann hafi samvinnu við kommúnista eða Alþfl. eða einhvern annan flokk. Það er einkamál hvers einstaks flokks, með hverjum hann vinnur. Og hann ber að sjálfsögðu ábyrgð á því. En það, sem ég ásaka Sjálfstfl. fyrst og fremst fyrir, er, að hann er alltaf að reyna að fela þetta, hann er alltaf að reyna að leyna þessu, hann er alltaf að afneita kommúnistum, segist engin mök vilja við þá hafa o. s. frv. og reyna að klína kommúnistastimpli á aðra. Ég fullyrði, að þetta er einhver sá mesti hræsnisleikur, sem nokkru sinni hefur verið leikinn í íslenzkum stjórnmálum, vegna þess að reynsla undanfarinna 30 ára sýnir, að það hefur verið meira og minna samstarf á milli, og það sést enn í dag, að það er meira og minna náið leynisamband á milli þessara tveggja flokka. Þess vegna er ástæða til að benda á þetta og þá stórfelldu hræsni, sem hér kemur í ljós, þegar Sjálfstfl. er að reyna að afneita þessu og vera svo að bera það á aðra, að þeir vilji þetta, en Sjálfstfl. vilji það ekki, þó að það gagnstæða hafi margsinnis sýnt sig í verki og sýni sig enn í dag. Það er þessi stórkostlega

hræsni Sjálfstfl., sem er alveg sérstök ástæða til þess að benda á, og þessi blekkingaleikur, sem hann hefur í frammi í þessum efnum.

Ég ætla þá að koma næst að hv. 3. þm. Reykv., en það var ýmislegt athyglisvert, sem kom fram í hans ræðu. Og það, sem ég tel einna athyglisverðast, var það, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði um afstöðu Alþb. og Sósfl. til annarra flokka. Hann tók það alveg skýrt fram, að Sósfl. og Alþb. ynnu með öðrum flokkum eftir málefnum, væru tilbúin til þess að vinna með hvaða flokki og hvaða aðila sem væri, aðeins ef það næðist málefnaleg samstaða, eða m. ö. o., að Alþb. og Sósfl. væru ekki síður reiðubúin til þess að ganga í þjóðfylkingu með Sjálfstfl. en Framsfl. eða Alþfl. eða hvaða öðrum flokki. Þetta var sú yfirlýsing, sem hv. 3. þm. Reykv. gaf. Sem sagt, það stendur ekki á Sósfl., það stendur ekki á Alþb. að hefja samvinnu við Sjálfstfl., hvenær sem er, ef sá flokkur kynni að vilja samvinnu við þá.

Þá var einn kafli í ræðu hv. 3. þm. Reykv., sem var mjög eftirtektarverður, þó að hann væri á vissan hátt broslegur, og í raun og veru minnti hv. þm. jafnvel öllu meira á vissan trúarflokk, sem er að prédika hér stundum úti á Lækjartorgi, heldur en á ræðumann hér á þingi, því að hann klökknaði svo mikið, þegar hann fór að tala um þetta atriði. Og þetta atriði, sem hv. þm. var svo orðmargur um, var ást Sjálfstfl. á lýðræði og ást Sjálfstfl. á réttlæti. En hv. þm. taldi, að það stafaði eingöngu af ást Sjálfstfl. á lýðræði og réttlæti, að hann hefði stutt að því, að hann var kosinn í Norðurlandaráð og kosinn í Sogsstjórnina með þeirri skringilegu aðferð, sem þar átti sér stað. Það var skýring hv. þm. á þessu, að þetta stafaði allt saman af ást Sjálfstfl. á lýðræði og ást Sjálfstfl. á réttlæti. Ég get fullvissað hv. þm. um það, að hér er um allt aðra ást að ræða heldur en ást Sjálfstfl. á réttlæti og ást Sjálfstfl. á lýðræði. Sú ást, sem hér kemur til greina, er ást Sjálfstfl. á hv. 3. þm. Reykv., ást Sjálfstfl. á því klofningsstarfi, sem hann og hans flokkur hafa rekið í íslenzkri pólitík, ást Sjálfstfl. á þeirri aðstöðu, sem störf hv. 3. þm. Reykv. og hans félaga hafa skapað Sjálfstfl. frá fyrstu tíð. Það er alveg víst, að ef hér hefði ekki komið til sögunnar jafnöflugur kommúnistaflokkur og starfað hefur í landinu á undanförnum árum og óneitanlega er að þakka miklum áróðurshæfileikum og dugnaði 3. þm. Reykv., þá hefði þróun íslenzkra stjórnmála orðið á allt annan veg en hún hefur verið á undanförnum árum, þá hefði þróun íslenzkra stjórnmála orðið sú, að íhaldsandstæðingar hefðu verið miklu minna klofnir, íhaldsandstæðingar hefðu getað staðið miklu betur saman, og það hefði lamað áhrif og ítök íhaldsins í landinu. Sjálfstfl. hefur ekki fyrst og fremst haft áhrif hér á undanförnum árum vegna þess, hve hann hefur verið stór og sterkur flokkur, heldur fyrst og fremst vegna þess, hve andstæðingar hans hafa verið sundraðir, og í því á hv. 3. þm. Reykv. því miður sinn mikla þátt. Og það er þess vegna, sem Sjálfstfl. hefur þessa ást á honum, því að það er ekki aðeins það, að Sjálfstfl. geti þakkað hv. 3. þm. Reykv. og hans félögum, að þeir hafi sundrað íhaldsandstæðingum í landinu, heldur hefur Sjálfstfl. oft og tíðum getað haft náið samstarf við þessa aðila, þegar hann hefur verið að koma sínum málum fram. Og Sjálfstfl. vill, eins og hefur verið bent á hér í þessum umr. og nefnd ákveðin dæmi um, eiga þessa leið opna, hann vill eiga þá leið opna að geta átt samstarf við hv. 3. þm. Reykv. og hans félaga, ef til hans þarf að sækja, ef t. d. Alþfl. kynni að bresta. Og þess vegna er það, sem Sjálfstfl. sýnir hv. 3. þm. Reykv. og hans félögum slíka ást og umhyggju eins og kemur fram á kosningunni á hv. þm. í Norðurlandaráð og Sogsvirkjunarstjórn, í heiðurslaununum til Brynjólfs Bjarnasonar og þar fram eftir götunum.

Hv. 3. þm. Reykv. vék talsvert að afstöðu Framsfl. til kaupgjaldsmála á undanförnum áratugum. Og hann minntist á það m. a., að það mætti nefna dæmi þess, að Framsfl. hefði staðið á móti ýmsum kauphækkunum. Þetta er alveg rétt. Ég skal viðurkenna það, að Framsfl. hefur stundum staðið á móti kauphækkunum, og það er af þeirri einföldu ástæðu, að skoðun Framsfl. er sú, að kauphækkanir komi ekki að fullum notum, nema því aðeins að atvinnuvegirnir geti fullkomlega undir þeim risið og þær leiði ekki nýja verðbólguskriðu af sér. Þetta hefur verið afstaða Framsfl. í stjórn, og þetta hefur ekki síður verið afstaða Framsfl., þegar hann hefur verið í stjórnarandstöðu, og ég tel alveg sérstaka ástæðu til þess að ræða þetta, vegna þess að afstaða Framsfl. á undanförnum missirum hefur sannað þessa afstöðu flokksins betur en nokkru sinni fyrr, að Framsfl. telur launþega því aðeins hafa gagn af kauphækkunum, að það sé fullkomlega hægt að sýna fram á það, að atvinnuvegirnir geti undir þeim risið og það verði ekki tekið allt aftur með nýrri dýrtíð.

Eftir að hæstv. núv. ríkisstj. var búin að koma viðreisninni á, sem skerti kjör launþega stórkostlega, og þegar verkalýðshreyfingin hóf sína baráttu til þess að létta þessum álögum af sér, þá átti Framsfl. sinn þátt í því, að fyrsta spor launþegasamtakanna til þess að fá kjarabætur, var ekki það að heimta kauphækkanir, heldur að snúa sér til ríkisstj. og óska eftir því, að hún veitti kjarabætur eftir öðrum leiðum en kauphækkunum. Og fyrir atbeina Framsfl. m. a. gengu launþegasamtökin, Alþýðusamband Íslands, eftir þessu um margra mánaða skeið, að ríkisstj. færi aðrar leiðir til þess að mæta kjaraskerðingu viðreisnarinnar heldur en þá, að launþegasamtökin þyrftu að fara út í nýja kauphækkunarbaráttu. Og það var fyrst eftir að ríkisstj. og hennar flokkar höfðu algerlega neitað um alla kauphækkun og kjarabætur í þessu formi, sem launþegasamtökin háðu sína baráttu vorið 1961 með stuðningi Framsfl. Og eftir að þá var allt komið í óefni, búið að standa stærsta verkfall, sem hér hefur verið, í margar vikur og horfur voru á, að síldarvertíðin mundi alveg fara út um þúfur, þá áttu framsóknarmenn á Norðurlandi, sem voru í samvinnufélögunum þar, þátt í því að leysa þessa deilu með kauphækkunum, sem voru svo sanngjarnar, að það var fullkomlega hægt að sýna fram á það, að atvinnuvegirnir gátu vel undir þeim risið. Ég held, að það sé erfitt að benda á nokkrar kauphækkanir, sem

hafa átt sér stað á Íslandi, sem hægt er að sanna betur en þessar kauphækkanir, að atvinnuvegirnir gátu vel undir þeim risið. Stefna Framsfl. á þessum tíma var því nákvæmlega sú sama, þótt hann væri í stjórnarandstöðu, eins og þegar hann er í stjórn, þ. e. að styðja ekki hærri kauphækkanir en það, að fullkomlega sé hægt að sýna fram á, að atvinnuvegirnir geti vel undir þeim risið. Og það er áreiðanlega ekki hægt að benda á aðrar kauphækkanir, sem átt hafa sér stað á Íslandi, sem atvinnuvegirnir áttu öllu betra með að rísa undir, heldur en þær kauphækkanir, sem áttu sér stað sumarið 1961. Þess vegna má líka fullyrða, að það er eitt mesta óhappaverk og ég segi eitt mesta óþurftarverk, sem hefur verið unnið í íslenzkum stjórnmálum, þegar þessum sanngjörnu kauphækkunum var mætt með gengislækkuninni, sem ríkisstj. framkvæmdi sumarið 1961. Þær kauphækkanir áttu fullkomlega rétt á sér frá því sjónarmiði, að atvinnuvegirnir gátu vel undir þeim risið, og þurftu þess vegna ekki að hafa neina dýrtíðarhækkun í för með sér, sem yrði þess valdandi, að kauphækkanirnar reyndust launþegunum ekki nein kjarabót. Nákvæmlega það sama átti sér stað á s.l. sumri, þegar samvinnufélögin norðanlands sömdu enn við verkalýðsfélögin þar um nokkra kauphækkun, sem mjög var átalin í stjórnarblöðunum. Þá var samið um kauphækkun, sem sannanlegt var að atvinnuvegirnir gætu vel undir risið, eins og líka er komið á daginn. Að vísu voru þessir samningar þá kallaðir svikasamningar og öðrum slíkum nöfnum í stjórnarblöðunum, en reynslan sjálf er búin að sýna það, að þessir kaupsamningar og þessar kauphækkanir, sem samið var um á s.l. vori, áttu fullkomlega rétt á sér, því að atvinnuvegirnir gátu vel undir þeim hækkunum risið.

Ég held, að það megi fullyrða, að einmitt nú á undanförnum missirum hefur skilningur launþegasamtakanna, m. a. fyrir atbeina Framsfl., mjög vaxið á því að það þýði ekki að berjast fyrir öðrum kauphækkunum eða knýja fram aðrar kauphækkanir en þær, sem sannanlegt sé að atvinnuvegirnir geti undir risið. Og af hálfu launþegasamtakanna hefur þeirri stefnu aldrei verið betur fylgt en einmitt nú seinustu missirin, síðan Framsfl. fór að hafa áhrif á það, hvernig þeirri baráttu væri háttað. Og það er mér mikil ánægja að geta viðurkennt, að flokkur hv. 3. þm. Reykv. og þeir, sem eru fulltrúar fyrir hann í verkalýðssamtökunum, hafa haft mjög vaxandi skilning á þessu, og þeir hafa ekki á undanförnum missirum knúið fram kauphækkanir eða átt þátt í því að knýja fram kauphækkanir, sem hægt var að benda á, að atvinnuvegirnir gætu ekki staðið við. Ég álít þess vegna hvað þetta snertir, að þá hafi fylgismenn hv. 3. þm. Reykv. haft gagn af því samstarfi, sem hefur verið við framsóknarmenn í verkalýðshreyfingunni, og þeir hafi hagað sínum kröfum miklu skynsamlegar þar en þeir hafa áður gert. Og ég vil vænta, að það verði áframhald á þessu, því að það hefur aldrei, frá því að verkalýðshreyfingin hóf sína baráttu hér á landi, eða a. m. k. á síðari áratugum verið hægt að benda á hófsamari kröfur og hófsamari baráttu hjá henni í launamálum heldur en einmitt nú seinustu missirin, og það er sú ábyrgðartilfinning, sem þarf að haldast hjá verkalýðshreyfingunni framvegis. En hitt er svo jafnsjálfsagt mál og það er að berjast ekki fyrir hærri kröfum en atvinnuvegirnir geta risið undir, að tryggja það með öllu móti, að launþegarnir fái það af þjóðartekjunum, sem þeim réttilega ber, og þeir séu ekki snuðaðir eins og reynt hefur verið af núv. hæstv. ríkisstj., og það er mikið verkefni fram undan, sem felst í því að tryggja réttlátari skiptingu þjóðarteknanna en nú á sér stað, þannig að það safnist ekki eins stór hluti þjóðarteknanna í örfáa eða tiltölulega fáa vasa eins og nú á sér stað og tekjuskiptingin verði réttlátari og launþegarnir fái fullkomlega sína hlutdeild í auknum þjóðartekjum. Ég skal viðurkenna það, að að mínum dómi er því ekki fullnægt í dag, að launþegarnir og sérstaklega verkamenn fái þá hlutdeild í þjóðartekjunum, sem þeim ber, og það þarf að vinna að því, að slík leiðréttíng eigi sér stað, og slíka leiðréttingu á að vera hægt að knýja fram, án þess að það leiði til þess, að atvinnuvegirnir verði að biðjast einhverrar sérstakrar aðstoðar, að þeir geti ekki undir þessum hækkunum risið. Það er áreiðanlegt, að eins og ástandið er í dag, getur einhver lagfæring átt sér stað til bóta á kjörum launþega frá því, sem nú er. En það er að sjálfsögðu mál, sem þarf að athuga gaumgæfilega og undirbúa vel, áður en barátta í þeim efnum er hafin, og ætti að vera hægt að leysa það mál með góðum skilningi valdhafanna, nema þeir sýni óeðlilega þrjózku, og þá verður að mæta henni á réttan hátt. En eins mikið og þjóðartekjurnar hafa aukizt á síðasta ári og eins og horfur eru á því að þær aukist á þessu ári, þá er eðlilegt, að hlutdeild hins vinnandi manns verði eitthvað aukin í þjóðartekjunum frá því, sem nú er. En að sjálfsögðu verður að gæta þess, að það verði ekki gert á þann hátt, að það verði ekki farið fram úr því, sem réttmætt er og atvinnuvegirnir geta þolað, því að slíkar hækkanir að sjálfsögðu hefna sín og verða þar af leiðandi ekki að neinu gagni.

En það er vitanlega mesti misskilningur, sem virtist koma fram hjá hv. 3. þm. Reykv., að það væru ekki til neinar aðrar kjarabætur en þær að hækka kaupið. Það eru til fjöldamargar aðrar leiðir og betri til kjarabóta en kauphækkanir, þó að þær séu sjálfsagðar, að því marki, að atvinnuvegirnir fái undir þeim risið. Ég nefni það t. d., að það væri stórfelld kjarabót fyrir launþega hér í Reykjavík, ef það væru gerðar ráðstafanir til þess að lækka hinn óhæfilega kostnað, sem nú á sér stað í sambandi við húsbyggingar og þau lánskjör, sem húsbyggjendur verða að sæta. Ég álít alveg hiklaust, að lækkun vaxta og aukning lána til íbúðabygginga væri einhver sú bezta kjarabót, sem launþegar hér í Reykjavík gætu fengið og þarf að leggja megináherzlu á að nái fram að ganga. Og þannig mætti nefna mörg atriði önnur, þó að þetta sé kannske það stærsta og veigamesta, því að nú er þannig ástatt í þessum efnum, að íbúar bæjanna verða að greiða miklu hærri hluta launa sinna í húsnæðiskostnað en yfirleitt á sér stað í nokkru öðru landi. Þess vegna er það eitthvert hið

stærsta og þýðingarmesta mál, að unnið sé að því að rétta hlut þeirra að þessu leyti.

Hv. 3. þm. Reykv. rakti hér nokkuð þá sögu, hvernig það bar að, að vinstri stjórnin féll. Ég tel rétt að rifja það nokkru nánar upp, því að það var ekki alls kostar rétt, sem hv. 3. þm. Reykv. hafði að segja um þessi efni.

Þetta gerðist í stuttu máli á þann hátt, að vorið 1958 voru settar sérstakar efnahagsráðstafanir, sem höfðu nokkrar verðhækkanir í för með sér. En til að mæta þessum verðhækkunum var strax látin koma til framkvæmda 5% kauphækkun, svo að þar var um aðra aðferð að ræða en þegar viðreisnarráðstafanirnar komu á sínum tíma og engin kauphækkun átti sér stað. Auk þess var það áskilið, að þegar frá liði, þá skyldi koma full dýrtíðaruppbót á laun, eins og verið hafði. Þetta tvennt höfðu þessar efnahagsráðstafanir umfram viðreisnarráðstafanirnar á sínum tíma, að það kom strax 5% kauphækkun og síðar full dýrtíðaruppbót. Af kunnugum mönnum var talið, að atvinnuvegirnir gætu risið undir þessu tvennu, kauphækkuninni og dýrtíðaruppbótinni, þegar hún kæmi til framkvæmda, en hins vegar mundu þeir ekki geta risið undir meiri kauphækkunum að sinni. En það var þá, sem samstarfið hófst á milli núv. hæstv. dómsmrh. og hv. 3. þm. Reykv. um að knýja fram nýja kauphækkunaröldu sumarið 1958. Og til þess að knýja hana fram voru nokkur félög fagmanna í Reykjavík látin boða verkfall og heimta hærra kaup. Það er alveg rétt, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að Dagsbrún tók ekki þátt í þessum leik. Dagsbrún kom ekki fyrr en miklu síðar, og að sjálfsögðu, eins og hann benti á, studdu framsóknarmenn það, að Dagsbrún fengi kauphækkun haustið 1958, vegna þess að það var ekki nema sjálfsagt, að Dagsbrúnarmenn fengju kauphækkun, eftir að fagfélögin, sem hærri laun höfðu, voru búin að fá hana. En það var sú kauphækkun, sem hv. 3. þm. Reykv. og hæstv. dómsmrh. áttu þátt í að knýja fram sumarið 1958. Þeim tókst þá með verkföllum nokkurra fagfélaga í Reykjavík að ryðja brautina fyrir almennum kauphækkunum og meiri en þeim, sem efnahagsráðstafanir ríkisstj. boðuðu. Og þessar kauphækkanir, sem hv. 3. þm. Reykv. og hæstv. dómsmrh. knúðu fram í sameiningu sumarið 1958, urðu þess valdandi, að það varð nýtt strand í efnahagsmálunum haustið 1958. Framsóknarmenn bentu þá á sérstakar leiðir til þess að leysa þennan vanda, sem þessar sameiginlegu kauphækkanir þeirra félaganna höfðu skapað, hv. 3. þm. Reykv. og hæstv. dómsmrh., en þeim var eindregið hafnað af hv. 3. þm. Reykv. og hans flokki í samvinnu við Sjálfstfl. á Alþýðusambandsþingi þá um haustið. Þá var það, sem þessir aðilar tóku enn á ný höndum saman. Niðurstaðan af þessu varð sú, að vinstri stjórnin var ekki starfhæf lengur og varð þess vegna að segja af sér. En ef þessar kauphækkanir hefðu ekki átt sér stað sumarið 1958, sem hv. 3. þm. Reykv. vann að ásamt núv. hæstv. dómsmrh., þá mundi vinstri stjórnin hafa getað setið enn í dag og þá mundi ástandið í launamálunum og kjör launþeganna vera önnur en þau eru nú. Þá hefði verið komið í veg fyrir það, að önnur eins verðbólga hefði átt sér stað í landinu og orðið hefur á þessum missirum, og eins séð um það, að launþegarnir fengju réttlátari hlutdeild í tekjuskiptingunni og auknum þjóðartekjum en átt hefur sér stað á undanförnum árum. Það er þess vegna hv. 3. þm. Reykv., sem ber mikla ábyrgð á þeirri þróun, sem hefur átt sér stað í landinu á undanförnum árum, ber ábyrgð á þeirri öfugþróun, að aðstaða launþeganna hefur mjög versnað á þessum tíma. Það er vegna þess, að hann lét lokkast til samstarfs við hæstv. dómsmrh. sumarið 1958 og standa þá að verkföllum, sem urðu vinstri stjórninni að falli.

Sennilega hefur hv. 3. þm. Reykv. gert sér einhverjar vonir um það, að þegar vinstri stjórnin félli, gæti skapazt samstaða milli hans og hæstv. dómsmrh. í nýrri ríkisstj., enda komst þetta svo langt, eins og ég hef áður rakið, að það var rætt um stjórnarsamstarf þessara flokka í desember 1958. En þá bara strandaði það á þessu, að hv. 3. þm. Reykv. var ekki viðbúinn að taka til baka kauphækkanirnar, sem hann hafði knúið fram með aðstoð hæstv. dómsmrh. þá um sumarið. Hann taldi sér það ekki fært, og þess vegna náði samvinna þeirra í þetta skiptið ekki lengra en það, að þeir komu sér saman um kjördæmabyltinguna, en treystu sér ekki til þess að fara í stjórn saman, vegna þess að Sjálfstfl. vildi ekki mynda stjórn með öðrum hætti en þeim, að þessar kauphækkanir, sem hann hafði knúið fram um sumarið, yrðu teknar aftur. En það taldi hv. 3. þm. Reykv. sér ekki fært. Annars benda allar líkur til þess, að stjórnarsamstarf hefði tekizt á milli þeirra, eins og rætt var um þá á löngum fundum.

En það er alveg óumdeilanlegt, að það var þessi samvinna hv. 3. þm. Reykv. og hæstv. dómsmrh. sumarið 1958, sem átti meginþátt í því, að vinstri stjórnin féll, og á meginþátt í því, að frá þeim tíma hefur þróunin í efnahagsmálunum og launamálunum verið eins og raun ber vitni um. Undan þessari ábyrgð getur hv. 3. þm. Reykv. ekki komizt.

Þá var hv. 3. þm. Reykv. að þylja hér sinn gamla dýrðaróð um nýsköpunarstjórnina. Ég er nú satt að segja alveg hissa á því, að jafngreindur og athugull maður og hv. 3. þm. Reykv. er skuli ekki hætta þessum söng, að hann skuli ekki vera löngu búinn að sjá það, hve rangur hann er og hefur lítið að styðjast við staðreyndir. Eins og ég vék að í minni fyrri ræðu, á engin stjórn aumari feril að baki sér heldur en nýsköpunarstjórnin, jafnvel ekki viðreisnarstjórnin. Nýsköpunarstjórnin tók við meiri auði en nokkur ríkisstj. hefur gert fyrr og síðar. Og hún fór svo frá eftir tvö ár. Hvernig var hún þá búin að fara með þessa auðlegð, sem hún tók við, og það mikla góðæri, sem var þessi tvö ár, sem hún var við völd? Hún var búin að fara með það þannig, að það var búið að eyða allri þeirri inneign, sem landið átti erlendis, öllum stríðsgróðanum, og það var búið að ganga þannig frá gjaldeyrisafkomunni, að það nægði ekki einu sinni að taka upp innflutningshöft, heldur varð að taka upp skömmtun, sem aldrei áður hefur átt sér stað á Íslandi, ekki einu sinni á stríðstímum, a. m. k. ekki eins ströng og þessi skömmtun var,

vegna þess að gjaldeyrisleysið var orðið svo mikið.

En nú kunna menn að spyrja: Fór þá ekki stríðsgróðinn til einhverra nytsamlegra hluta? Ef við lítum til sveitanna, áttu sér aldrei stað minni ræktunarframkvæmdir og minni byggingarframkvæmdir í sveitum en á þessum tíma, þegar stríðsárin eru undanskilin. Voru kannske byggð hér stór raforkuver, eins og átti sér síðar stað, þegar framsóknarmenn voru komnir í stjórn? Nei, það voru ekki byggð nein stór vatnsorkuver á þessum tíma. Var byggð kannske einhver stór verksmiðja á borð við sementsverksmiðjuna og áburðarverksmiðjuna? Nei, það voru ekki reistar neinar slíkar verksmiðjur á þessum tíma. Og það átti sér stað tiltölulega lítil uppbygging í fiskiðnaði landsins. Hitt er rétt, að fyrir eitthvað ⅕ hluta stríðsgróðans eða þeirrar inneignar, sem ríkisstj. tók við, þegar hún kom til valda, voru keyptir nokkrir togarar og kaupskip. Það var allt og sumt. ⅕ hluti stríðsgróðans eða þar um bil fór til þessara framkvæmda. Hinir hlutar stríðsgróðans fóru allir í súginn. Og hvert fór það? Það fór fyrst og fremst í vasa gróðastéttarinnar, sem þá réð lögum og lofum í landinu, og dreifðist út um hvippinn og hvappinn. Í blaði hv. 3. þm. Reykv. hefur oft mátt lesa það, að ekki lítill hluti þessa gróða hafi hafnað í bönkum erlendis, að stríðsgróðamennirnir hafi komið honum undan og falið hann þar. Þeir byggðu líka, það er alveg rétt, það átti sér stað nokkuð mikið af villubyggingum hér í bænum á þessum tíma. En það voru ekki verkamennirnir og millistéttirnar, sem byggðu á þeim tíma, það voru þeir menn, sem höfðu fengið mest af stríðsgróðanum. Og þess vegna gerðist sá ömurlegi hlutur á þessum árum, þegar ekki voru byggðir verkamannabústaðir og ekki voru byggðir samvinnubústaðir, að stór hluti af verkalýð Reykjavíkur varð að flytjast inn í braggana, sem herinn hafði yfirgefið og taldi ekki lengur mannabústaði. Það voru verkamannabústaðirnir, sem voru reistir í tíð nýsköpunarstjórnarinnar, það voru hinir yfirgefnu hermannabraggar. Og það má segja, að það hafi verið kórónan á hennar stjórnarstefnu og stjórnarathöfnum að reisa stórar villur yfir gróðamennina, en láta verkamennina flytjast inn í hina yfirgefnu hermannabragga. Það er raunalegt að þurfa að rifja þessa sögu upp, en það verður ekki komizt hjá því, að hinn mesti gróði, sem íslenzku þjóðinni mun nokkru sinni hafa hlotnazt, skuli hafa eyðzt þannig, að hans sæi sama og engin merki eftir á, — ekki í aukinni ræktun, ekki orkuverum, ekki í verksmiðjum og ekki í verkamannabústöðum eða íbúðarbyggingum í sveitum. Og það var vegna þess, að mestur hluti hans rann til gróðastéttarinnar. Og það var ein af ástæðunum til þess, að Sjálfstfl. kaus það á þessum tíma að vinna heldur með Sósfl. en Framsfl., að Sósfl. var miklu leiðitamari við hann en Framsfl. í þessum efnum, að stríðsgróðanum skyldi ráðstafað þannig, að auðstéttirnar fengju mestan hluta hans. Og þess vegna var það, sem burgeisarnir í Sjálfstfl. tóku Sósfl. fram yfir Framsfl. til samstarfs á þessum árum. Þeir sáu fram á það, eins og líka reyndist rétt, að það væri miklu betra fyrir þá að koma sínum hlutum vel fyrir í samstarfi við Sósfl. heldur en í samstarfi við Framsfl. Það er alveg rétt, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að Sjálfstfl. gat nokkurn veginn valið um það haustið 1944, stjórnmálaaðstaðan var þannig, að hann gat nokkurn veginn valið um það, hvort hann vildi heldur vinna með Framsfl. eða Sósfl. Það var alveg rétt. Framsfl. hafði látið það koma fram, að hann væri fús til stjórnarsamvinnu við Sjálfstfl. á þessum tíma, ef hann fengi fram þau mál, sem hann teldi nauðsynleg. En Sjálfstfl. taldi þá, að sér mundi betur henta að vinna með Sósfl., og myndaði með honum nýsköpunarstjórnina með þeim afleiðingum, sem ég hef nú lýst. Og það var einfaldlega vegna þess, að undir þeirri stjórn höfðu auðmennirnir í Sjálfstfl. betri tækifæri til þess að koma stríðsgróðanum undan en hefði verið, ef Framsfl. hefði átt þátt í stjórninni.

Hv. 3. þm. Reykv. minntist á það í þessu sambandi, að Framsfl. hefði verið svo afturhaldssamur á þessum tíma, að hann hefði greitt atkv. á móti almannatryggingum, sem þá höfðu verið settar. Mér finnst rétt að víkja nokkru nánar að þessu atriði. Almannatryggingarnar voru upphaflega settar með alþýðutryggingalögunum, sem Alþingi afgreiddi 1935, þegar stjórn Framsfl. og Alþfl. sat að völdum, og rekja rætur sínar til þeirrar löggjafar. Sjálfstfl. barðist þá gegn þeirri löggjöf og greiddi atkv. á móti henni. Nýsköpunarstjórnin átti þátt í því að gera nokkrar endurbætur á l. frá 1935, en því til viðbótar gerði hún þá breyt. á l., að sjúkrasamlögin skyldu felld niður og í staðinn tekin upp sérstök ríkisheilsugæzlu. Þessar till. voru mjög óljósar, eins og menn geta séð, eða mjög vafasamt, hvernig mundi ganga að framkvæma þær, eins og menn geta séð með því að lesa lögin frá þessum tíma, bersýnilega lítt hugsaðar og ekki heldur séð fram á, hve mikinn kostnað þær kynnu að hafa í för með sér. Og þessi breyting hafði verið ákveðin án þess að bera þetta nokkuð undir sjúkrasamlögin eða bæjarfélögin í landinu, án þess að ræða þetta við læknasamtökin og þar fram eftir götunum. Framsóknarmenn töldu vafasamt, að þessi stórfellda breyting væri framkvæmanleg á þessum tíma. Þess vegna tóku þeir þá afstöðu að sitja hjá, þegar l. voru afgreidd frá Alþingi. Hver var svo framkvæmdin í þessum efnum? Jú, nýsköpunarflokkarnir hældu sér mjög af því í kosningunum 1946, að þeir væru búnir að setja lög um heilsugæzlu og það mundi hafa alveg stórkostlega byltingu í för með sér. Þetta var eitt af þeirra stóru kosningamálum. En svo liðu kosningarnar — og hvað gerðist þá? Það var fyrsta verkið þá að ákveða það, að kafli almannatrygginganna um heilsugæzluna skyldi ekki framkvæmdur og sjúkrasamlögin skyldu haldast áfram. Og þannig hélzt þetta ár eftir ár, að þessi lög voru ekki látin koma til framkvæmda. Svo árið 1955 fór fram athugun á almannatryggingalögunum, og þá var það eindregin afstaða læknasamtakanna og meginþorra bæjar- og sveitarfélaga í landinu, að það væri ekki heppilegt að láta þessa breytingu koma til framkvæmda, það væri betra að byggja á sjúkrasamlögunum áfram, eins og gert hafði verið. Þess vegna var það í sambandi við endurskoðun

þessara laga, að þessi mikla skrautfjöður úr lögunum 1946 um ríkisheilsugæzluna var látin falla niður og sjúkrasamlagakerfið látið haldast áfram. Og það komu sáralítil mótmæli þá fram gegn þessari breytingu, auðsjáanlega ekki nema til málamynda. Það gerðist svo síðar, að Sósfl. komst í stjórn án þess að gera kröfu til þess, að þessi heilsugæzlukafli væri tekinn upp. Tveir af þeim flokkum, sem stóðu með honum á þingi 1946, Sjálfstfl. og Alþfl., eru búnir að stjórna landinu núna í 5 ár án þess að minnast nokkru sinni á að láta þessa breytingu komast á. Og þetta stafar einfaldlega af því, að þessir flokkar höfðu ekki neinn raunverulegan áhuga á þessu máli á þingi 1946. Þeir voru bara að búa til skrautfjöður fyrir kosningarnar 1946, og þegar var búið að nota þetta mál í kosningunum og koma átti til framkvæmda, var áhugi þeirra fokinn út í veður og vind.

Framsfl. tekur ekki þátt í slíkum leikaraskap eins og þessum. Hann tekur ekki þátt í þeirri sýndarmennsku, að það séu sett einhver skrautleg lög fyrir kosningar, búin til einhver glansmynd fyrir kosningar, hampað framan í kjósendur og svo strax á eftir, þegar kosningar eru um garð gengnar, þá sé þessari glansmynd fleygt í ruslakörfuna. Það er þetta, sem raunverulega hefur átt sér stað í sambandi við meginatriði almannatryggingalaganna frá 1946. Framsfl. átti hins vegar þátt í því, að árið 1956, eða 10 árum seinna, þegar þessi lög voru endurskoðuð, þá var gerð á þeim veruleg breyting, m. a. sú breyting, að mæðrastyrkurinn var stórkostlega aukinn, þannig að Brynjólfur Bjarnason lét þá þau ummæli falla í Ed., að í raun og veru væri ekki hægt að tala um, að það hefði verið mæðrastyrkur fyrr en eftir að þessi lög komu til sögunnar. Það var sú endurbót, sem Framsfl. átti þátt í að gerð var á l., en Steingrímur Steinþórsson var þá félmrh. Og það er á þennan hátt, sem Framsfl. hefur staðið að alþýðutryggingunum frá fyrstu tíð, að hann hefur staðið að því, að það yrðu gerðar á þeim endurbætur, sem væru framkvæmdar, en ekki einhverjar glæsilegar breytingar, sem aðeins væri hampað fyrir kosningar og svo væri ekki gert neitt meira með á eftir.

Ég held, að það séu nú ekki mörg fleiri atriði hjá hv. 3. þm. Reykv., sem ég tel ástæðu til þess að gera hér að umtalsefni. En það, sem ég vildi víkja að nokkrum orðum að síðustu, var sá tilgangur, sem lá á bak við, þegar þeir áttu seinast með sér samstarf, hæstv. dómsmrh. og hv. 3. þm. Reykv., þegar þeir skiptu þannig með sér forsetaembættum hér á Alþingi, að annar var forseti sameinaðs þings, en hinn var forseti Nd. Þeir voru þá að koma fram kjördæmabyltingunni svonefndu sumarið 1959. Og það var alveg ljóst mál, hver var megintilgangur hæstv. dómsmrh. með þessari breytingu. Hans trú var ekki sízt sú, að ef þetta fyrirkomulag kæmist upp, þá yrði það til þess að auka enn á glundroða meðal vinstri aflanna í landinu, sprengimenn eins og hv. 3. þm. Reykv. og aðrir slíkir ættu þá enn auðveldara með að koma sínum árum fyrir borð, þegar hlutfallskosningar væru almennt upp teknar. En það hefur bara gerzt síðan, að þróunin hefur ekki orðið á þessa leið. Kjósendurnir hafa ekki brugðizt við og vinstri menn hafa ekki brugðizt við eins og hæstv. dómsmrh. reiknaði með að mundi verða afleiðingin af þessu samstarfi hans og hv. 3. þm. Reykv. Frjálslynt fólk í landinu hefur gert sér þess betur grein seinustu ár en nokkru sinni fyrr, að það verður ekki sótt fram til sigurs gegn afturhaldinu í landinu og íhaldsöflunum með því að skipta sér í marga smáflokka, heldur þarf fyrst og fremst að efla einn sterkan flokk frjálslyndra manna gegn afturhaldinu og íhaldinu í landinu. Og þetta hefur það gert í ríkara mæli á undanförnum árum en nokkru sinni fyrr með því að fylkja sér um Framsfl. Þetta gerðist í haustkosningunum 1959, þegar andstæðingarnir voru að gera sér vonir um, að Framsfl. mundi koma inn í þingið með stórkostlega skerta þingmannatölu. Framsfl. hélt sinni þingmannatölu og jók kosningafylgi sitt þrátt fyrir þessa breytingu. Og þetta kom enn betur í ljós í bæjar- og sveitarstjórnarkosningunum á síðasta ári, þegar Framsfl. náði því marki að verða annar stærsti flokkurinn í kaupstöðum og kauptúnum landsins. Þetta sýnir það, að þær vonir, sem vissir menn byggðu á kjördæmabyltingunni, að hún yrði til þess að auka sundrung íhaldsandstæðinga og frjálslyndra manna í landinu, ætla ekki að rætast. Kjósendurnir ætla ekki að láta ginna sig til þess að falla í þá snöru, sem þarna var verið að leggja. Þeir hafa svarað þessari breytingu með því að fylkja sér betur um Framsfl. en nokkru sinni fyrr. Þeir hafa gert sér það ljóst, að til þess að sigrast á íhaldinu verður að vera til einn sterkur, öflugur flokkur íhaldsandstæðinga í landinu, en þetta lið má ekki skipta sér í marga smáflokka, og þess vegna held ég, að niðurstaðan af þessari samvinnu þeirra hv. 3. þm. Reykv. og hæstv. dómsmrh. ætli að verða önnur en a. m. k. hæstv. dómsmrh. hafði gert sér vonir um, að hún verði til þess að fylkja íhaldsandstæðingum saman í einn flokk, en ekki til að dreifa liði þeirra, eins og ætlunin var, a. m. k. af hálfu Sjálfstfl. Og ég hygg, að það eigi eftir að koma enn þá betur fram í næstu kosningum, að vinstri mennirnir í landinu og frjálslyndu mennirnir í landinu, frjálslynda fólkið í landinu muni svara þessari breytingu á kjördæmaskipuninni einmitt með þessum hætti, og það getur líka orðið á fleiri vegu en þennan, sem samvinna hæstv. dómsmrh. og hv. 3. þm. Reykv. ber ekki þann árangur, sem þessir aðilar hafa stundum ætlazt til.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég vil fyrst víkja örfáum orðum að ræðu síðasta hv. ræðumanns og þá aðeins örfáum atriðum. Hann talaði um það og hefur lengi talað um það í ræðum sínum að undanförnu, hverjir hefðu átt pólitískt samstarf og hverjir muni taka upp pólitískt samstarf nú að kosningum loknum. Um þetta veit auðvitað enginn. Við vitum, að allir flokkar hafa átt samstarf við alla flokka á Íslandi oftar en einu sinni á undanförnum árum, og það getur enginn öðrum láð, það getur enginn hermt glæp upp á hinn, og ég hygg, að sá flokkurinn, sem verður kannske einna tregast

um svör, þegar nálgast kosningar í vor, þegar borin verður fram spurningin: ætlar þú að vinna með kommúnistum eftir kosningar? — það verði þá kannske Framsfl., sem verði einna tregast um svör, því að honum mun ekki haldast uppi að hafa uppi rauðan fána í kosningabardaganum um róttæk mál, án þess að hann verði spurður um það, hvort hann ætli svo að sigla með það vinstra fylgi, sem hann fær út á þennan áróður, í föðurskaut íhaldsins. Og þá hygg ég, þegar þessi spurning verður borin upp, að þá verði reynt að svara eins diplómatískt og gert var á frambjóðendafundi norður á Akureyri nú fyrir skömmu af 1. þm. Norðurl. e., þegar hann var spurður að þessu af framsóknarmanni, og þá hafði hann sagt: Við erum nú búnir að læra svo mikið af lífinu, við erum orðnir svo lífsreyndir og við erum orðnir það miklir diplómatar, að það er erfitt að svara þessari spurningu fyrir kosningar, og það geta breytzt aðstæður, forsendur geta verið aðrar eftir kosningar en núna, og þess vegna er bezt að hafa um þetta sem fæst orð. — Og ég hygg, að svörin verði nú eitthvað afslepp í þessu, einkanlega þegar kosningarnar nálgast.

Ekki skal ég verja löngum tíma af minni ræðu til þess að víkja að eftirmælum nýsköpunarstjórnarinnar. En hv. 7. þm. Reykv. fór nokkrum orðum um það og sagði ýmislegt réttilega um það, að sú stjórn hafi ekki framkvæmt umbætur á öllum sviðum þjóðlífsins, sem fáum ríkisstjórnum mun og hent. Þessi stjórn hafði mikil fjárráð, það er rétt, stríðsgróðann. En þó er ekki með öllu drengilega og ærlega frá sagt um nýsköpunarstjórnina, þegar tekin er undan endurbygging togaraflotans. Það má þó finna minna grand í mat sínum og er ekki alveg heiðarlegt að draga strik yfir það, þegar byggður er upp togaraflotinn í landinu. (Gripið fram í: Þm. nefndi það.) Þm. nefndi það, það mun hafa verið í mjög stuttri setningu, ef hún hefur farið fram hjá mér með öllu. Það var a. m. k. ekki undirstrikað í eftirmælum nýsköpunarstjórnarinnar. Ég held, að það hafi alveg gleymzt. Ég hlustaði allvel á ræðu hv. þm., en ég heyrði ekki, að hann hefði uppi mikil eftirmæli um uppbyggingu togaraflotans á nýsköpunarárunum. (Gripið fram í.) Gleymdi alveg síldarverksmiðjunum, segir nú flokksbróðirinn, svo að ýmsu var þó gleymt algerlega, farið laust yfir svona hluti eins og uppbyggingu togaraflotans og alveg gleymt síldarverksmiðjum ríkisins.

Að því er snerti ræðu hv. þm. viðvíkjandi kaupgjaldsmálum, þá vil ég aðeins segja það, að hann talaði um, að það mætti ekki ofbjóða í kröfum þoli atvinnuveganna. Það er vissulega hárrétt. En það er alltaf deiluefni þetta: hvað þola atvinnuvegirnir? Þar ber ekki vitnisburðunum saman. Og þess vegna verða menn ekki alveg sammála um það, hvaða kröfur megi gera til atvinnuveganna. Það er hið eilífa ágreiningsefni. Hv. þm. viðurkenndi, að verkalýðshreyfingin hefði verið mjög sanngjörn í kröfum að undanförnu í kaupgjaldsmálum, og ég held líka, að það verði ekki af verkalýðshreyfingunni skafið, að hún hefur verið sanngjörn og hún hefur verið þolinmóð gegn þeim áföllum, sem hún hefur orðið fyrir og launþegarnir yfirleitt í landinu vegna rangsleitni núv. stjórnarvalda í garð allra launþega. Það skal fyllilega viðurkennt af mér, að samvinnuhreyfingin hefur þar ekki talið sér fært að vera jafnósanngjörn og Vinnuveitendasamband Íslands í viðureigninni við verkalýðshreyfinguna og gengið þannig inn á að leysa málin með því að koma á nokkurn hátt til móts við verkalýðshreyfinguna í kaupgjaldsmálum. Og það, að við höfum þó tvívegis leiðrétt nokkuð þá launaskerðingu, sem orðin var, það eigum við samstarfi við samvinnuhreyfinguna að þakka. Þetta skal ég fyllilega viðurkenna. En þegar hv. þm. sagði svo, að hann vonaði, að sú sanngirni héldist, sem hefði verið sýnd til þessa í launamálum, þá verð ég að segja: Verkalýðshreyfingin hefur ekki fengið sanngjarnan hlut af þjóðartekjunum nú þrátt fyrir það samkomulag, sem samvinnuhreyfingin hefur tvívegis eða þrívegis gert við verkalýðshreyfinguna. Verkalýðshreyfingin býr enn við skertan hlut, og þessi sanngirni, eins og hún er nú afmæld, má ekki haldast, segi ég. Það verður að rétta hlut hinna lægst launuðu í landinu, og breytir þar engu um sú 5% lagfæring, sem seinast hefur verið gerð nú fyrir nokkrum dögum, með miklum semingi þó.

Ég skal þá víkja að málinu og minna á, að hér er til umr. frv. til l. um áætlunarráð ríkisins, þó að umr. hafi löngum og löngum ekki borið þess vottinn, að það mál væri hér til umr., heldur almenn stjórnmál frá síðustu 20—30 árum og verkalýðsmál sama tímabils. Í þessu frv. er lagt til, að Alþingi skuli kjósa að loknum hverjum alþingiskosningum 5 manna nefnd, sem nefnist áætlunarráð ríkisins, og ríkisstj. eigi að skipa formann úr hópi nm. Þetta áætlunarráð ríkisins á svo að semja heildaráætlanir um þjóðarbúskapinn, og þessar áætlanir skulu gerðar í samráði við ríkisstj. á hverjum tíma. Heildaráætlanirnar um þróun atvinnulífsins og um fjárfestinguna eiga að vera til langs tíma, og í frv. er gert ráð fyrir, að tímabilið sé 5—10 ár. Þetta er vitanlega til þess að skapa festu í þjóðarbúskapnum og hafa yfirlit um framkvæmdir miðað við þá fjárhagsgetu, sem þjóðin hefur á hverjum tíma. Og þetta er byggt á þeirri sömu skynsamlegu hugsun og þeirri, að hver einstaklingur reynir með ýmsum hætti að gera áætlun um, hvað hann megi leyfa sér miðað við sínar tekjur. Enn fremur er í þessu frv. gert ráð fyrir því, að áætlunarráð geri einnig áætlanir fyrir eitt og eitt ár í senn um allan þjóðarbúskapinn, ekki aðeins um fjárfestingu og framkvæmdir og fjárhaginn, heldur um allan þjóðarbúskapinn eins árs áætlanir. Um þetta meginefni frv. hefur ekki verið svo mjög rætt, og hafa þó umr. um málið staðið frá því fyrir jól, og enn þá er málið til 1. umr. Umr. um málið hafa því verið einar hinar lengstu, sem orðið hafa á Alþingi Íslendinga um nokkurt mál. Nú höfum við heyrt það, að núv. hæstv. ríkisstj. hafi ætlað sér að koma fram, áður en þessu kjörtímabili lyki, með framkvæmdaáætlun, mikla framkvæmdaáætlun, sem hún sjálf og hennar sérfræðingar treysta sér ekki til þess að gera, heldur fékk útlenda sérfræðinga til að aðstoða sig

við að setja saman. Ég hygg, að nokkrir þeirra séu nú farnir úr landi, e. t. v. eru einhverjir þeirra hér á allgóðu kaupi enn, en áætlunin hefur ekki enn þá séð dagsins ljós. Og nú er mér spurn: Hvenær fáum við að sjá hina miklu framkvæmda- og framfaraáætlun núv. hæstv. ríkisstj., hvenær fáum við að sjá beinagrindina af væntanlegum áætlunarbúskap núv. ríkisstjórnarflokka, ef þeir fengju áfram aðstöðu til að stjórna landi og lýð eftir kosningar? Þetta hlýtur að vera mörgum mjög forvitnilegt, því að menn höfðu yfirleitt ekki vænzt þess, að flokkur einstaklingsframtaksins, Sjálfstfl., gerði það að einni sinni dásamlegustu skrautfjöður fyrir kosningar, að hann ætlaði að undirbúa áætlunarbúskap, skipulagðan þjóðarbúskap. Einstaklingsframtakið og skipulagður þjóðarbúskapur samkv. áætlun hefur hingað til að hyggju flestra manna ekki getað farið saman. En fróðlegt væri að sjá þetta djásn, og það mega ekki líða margar vikur, ef kosningar verða í vor, sem væntanlega verður, að menn fái að sjá grundvöllinn að áætlunarbúskap Sjálfstfl. Þegar það er nú haft í huga, að framkvæmdaáætlun Sjálfstfl. hlýtur að vera nálega tilbúin, þá hefði ekki verið óeðlilegt, að inn í umr., þessar löngu og ýtarlegu umr. um þetta mál, hefði það blandazt: hvernig leggur hv. 3. þm. Reykv. til, að undirbyggður sé áætlunarbúskapur, og hvaða kosti og galla hafa hans till. viðvíkjandi skipulögðum þjóðarbúskap, — og hvaða kosti og galla er hægt að lesa út úr grundvelli núv. stjórnarflokka, þegar þeir eru nú að undirbyggja í fyrsta sinn áætlunarbúskap? — og á þessu væri gerður samanburður, og þá kæmust stjórnarflokkarnir væntanlega að þeirri niðurstöðu, að þeirra áætlunarbúskapur væri miklu hagfelldari og fullkomnari. Nei, umr. hafa ekki snúizt um þetta.

Ég minnist þess ekki, að neinn úr stjórnarliðinu hafi rætt um málið efnislega, nema helzt hv. 1. þm. Vestf. Hann vék að efni málsins nokkuð og sagði í fljótheitum, að málið ætti að vera allt öðruvísi, en hvernig öðruvísi, það fór hann lítið út í. Honum líkaði alls ekki þetta frv., það kom ljóst fram í hans ræðu, og um áætlunarbúskap eða skipulagðan þjóðarbúskap átti hans skoðun að vera allt öðruvísi. Hann dró svo enga dul á það, að hann væri andvígur nokkru og þetta væri svo róttækt frv., að það væri ágætt á því stigi, sem skipulagið væri austur í hinum vonda heimi, austan járntjalds. Og þá var ekki að sökum að spyrja, að þetta hlaut að vera vont mál líka. Hann hafði nokkrar minningar úr pólitískri sögu líka til þess að rifja upp, eins og aðrir ræðumenn, og hann minntist á tvennt. Hann minntist á þá daga, þegar nýbyggingarráð var starfandi, og það voru vondir dagar, það var vont ráð, það var slæmt ráð. En það var þó undir húsbóndahendi góðs sjálfstæðismanns. Mig minnir, að Jóhann Þ. Jósefsson væri formaður ráðsins og einhvers ráðandi í því og með honum einhverjir sjálfstæðismenn, og ríkisstj. var undir handleiðslu þáv. formanns Sjálfstfl., Ólafs Thors. Og hvernig má það nú vera, að slíkur flokkur tók þátt í að láta slíkt ráð starfa undir forustu eins af sínum framámönnum, hins merka þm., síðar fjmrh., Jóhanns Þ. Jósefssonar? Ég hygg, að það verði að játast, ef saga þessa ráðs væri óhlutdrægt rifjuð upp, að þetta ráð hafi ýmislegt af góðum málum undirbúið, sem annars hefðu verið undirbúin af minni fyrirhyggju en ella.

Þá minntist hv. þm. einnig á fjárhagsráð, hið sálaða fjárhagsráð, og um það fór hann enn hraklegri orðum, því að þar hafði verið tilraun til að skipuleggja svolítið vissa þætti þjóðarbúsins. Um það sagði hann orðrétt: „Aldrei hefur nokkur stofnun nokkru sinni getið sér eins illt orð.“ Það var ljóta stofnunin, þetta fjárhagsráð, og hlýtur að hafa verið undir algerri stjórn kommúnista. Það er óhugsandi annað. Svona stofnun í þjóðfélaginu getur varla fengið svona illt eftirmæli jafnmerks þm. og hv. 1. þm. Vestf., nema þetta hafi verið hraklegt kommúnistabæli. En hver var formaðurinn? Það var sjálfur Magnús Jónsson, fyrrum dósent, prófessor í guðfræði, einn af aðalforustumönnum Sjálfstfl. um margra, margra ára skeið. Og samt fær fjárhagsráð, sem laut forustu Magnúsar Jónssonar, þetta eftirmæli af einum af hv. þm. Sjálfstfl.: „Aldrei hefur nokkur stofnun nokkru sinni getið sér eins illt orð.“

En halda menn, að þetta séu hlutlaus eftirmæli? Það er fjarri, að ég láti mér detta það í hug. Ég álít þarna eftirmælin um fjárhagsráð fram sett í miklu fjarstæðuformi. Og ég efast stórlega um það, að forusta Sjálfstfl. vilji taka því með góðu, að menn úr röðum flokksins, eins og Jóhann heitinn Jósefsson og Magnús heitinn Jónsson, guðfræðiprófessor, fyrrum ráðh., fái slík ummæli í þingsögunni ómótmælt eins og þessi, sem ég hef nú orðrétt haft eftir hv. þm. í sambandi við stofnanirnar nýbyggingarráð og fjárhagsráð. Það tel ég alveg fullvíst, að bæði þessi ráð, þótt þau væru veikur vísir til skipulegs þjóðarbúskapar og fyrstu fálmandi tilraunir, þá hafi þau, þegar blöðum sögunnar er flett og eitthvað af þeim réttilega lesið, undirbúið mörg gagnmerk þjóðmál, framfaramál, sem ella hefðu fengið lakari undirbúning, ef ekki hefði verið fjallað um þau á undirbúningsstigi í þessum ráðum og nefndum.

Ég held, að einmitt reynslan af nýbyggingarráði og fjárhagsráði hljóti að vera það, sem hefur leitt núv. stjórnarflokka til þeirrar hugsunar, að það væri vit í því að búa út vandlega uppbyggða framfaraáætlun og taka með nokkrum hætti upp skipulagðan þjóðarbúskap. Það eru ekki bara kommúnistaríki í veröldinni, sem nú viðurkenna, að það sé nauðsyn, óumflýjanleg nauðsyn, sjálfsögð nauðsyn í núverandi þjóðfélagi að láta ekki skeika að sköpuðu um fjármál og framkvæmdastjórn í þjóðfélögunum, heldur undirbyggja þetta, ekki aðeins til eins árs, heldur til 5 ára eða 10 ára, með vandlega undirbyggðum áætlunum. Það eru mörg borgaraleg þjóðfélög, sem fyrir löngu eru búin að viðurkenna þetta, og þó að það væri svo fyrir 15—20 árum, að áætlunarbúskapur væri kenndur við sósíalisma og kommúnisma, þá dettur engum heilvita stjórnmálamanni það í hug lengur, það er fjarstæða. Áætlunarbúskapur getur alveg eins átt sér stað í borgaralegu þjóðfélagi og er af mörgum viðurkenndur sem nauðsyn. Það er því

fásinna hin mesta að snúast gegn þessu frv. eingöngu út af því, að það sé á sósialistiskum eða kommúnistiskum nótum, þegar lagt er til, að 5 manna nefnd, áætlunarráð, starfi að þessu tvennu, að semja áætlun um þjóðarbúskapinn til eins árs og einnig framfara- og fjárfestingaráætlanir til 5 eða 10 ára um það, sem þjóðfélagið telur sig hafa efni á að framkvæma og gera. Það eru bara sjálfsagðir búskaparhættir, ef allt á ekki að vera með losarabrag og ringulreið í þjóðfélaginu.

Það var hæstv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, sem hélt hér langa ræðu á fyrsta stigi þessara umr., og síðar, þegar umr. var haldið áfram eftir jól, þá talaði hann einnig um þetta mál og þó að minnstu leyti um málið sjálft, heldur sem þátttakandi í almennri upprifjun um stjórnmál, stjórnmálaþróun og verkalýðsmálaþróun á 20—30 ára tímabili. Hann rakti þróunarsögu verkalýðshreyfingarinnar á þann hátt, hæstv. ráðh., að hér hefði þróun verkalýðshreyfingarinnar verið hægfara, lítil, hér væri veik verkalýðshreyfing, sem nyti lítillar virðingar, og allur var hans dómur á þennan veg. Hann var álíka lítið sanngjarn og af álíka lítilli þekkingu byggður hjá hv. prófessor og ráðh. eins og hjá hv. 1. þm. Vestf., þegar hann var að fordæma sem allra hvassast nýbyggingarráð og fjárhagsráð undir forustu hinna mætu flokksbræðra sinna.

Ég kveinka mér ekkert undan dómi neinna af prófessorum háskólans, fordæmingum þeirra um verkalýðshreyfinguna, þó að þeir allir kæmu fram í röð og fordæmdu hana, því að á henni hafa þeir harla litla þekkingu, hafa aldrei í henni starfað og vita á henni lítil deili. Dómar þeirra eru því engin vísindi, engin vísindaleg niðurstaða, þótt vísindamenn séu. En vissulega hafa þeir atburðir gerzt í stjórnmálum undanfarandi áratuga, sem sannanlega hafa veikt verkalýðshreyfinguna. Því verður ekki neitað. Hann staðnæmdist við tvennt. Hann staðnæmdist við það, þegar ýmsir af foringjum Alþfl., eins og Héðinn Valdimarsson, Sigfús heitinn Sigurhjartarson o. fl., viku frá Alþfl. og gengu til myndunar Sameiningarflokks alþýðu, Sósfl., og kallaði þessa menn skammsýna og misvitra. Og hann vék aftur að þeim atburði, þegar nokkrir af forustumönnum Alþfl. viku frá honum síðar, og þeir fengu auðvitað sömu eftirmælin: skammsýnir, misvitrir. En hinir, sem þá sneru sér til annarrar áttar, sneru sér í fóstbræðralag við íhaldið, gengu þar undir jarðarmen og létu sér blæða saman undir torfunni, þeir voru auðvitað ekki skammsýnir og þeir voru auðvitað ekki misvitrir. Það var engin skammsýni, sem þeir höfðu framið, þegar þeir breyttu stefnu Alþfl. sem baráttutæki verkalýðsins gegn einkahagsmunum auðvaldsins á Íslandi og til þess að verða griðkona í þjónustu þessa flokks efnamannanna í landinu. Það heitir framsýni, það heitir hagsýni. Það er kannske hagsýni þeirra manna, sem að þessu eiga hlut. Ég gæti bezt trúað því, að sú stefna hefði verið tekin út frá hagsýnissjónarmiðum. Ég tel það eitt það hörmulegasta, sem gerzt hafi í íslenzkum stjórnmálum, að Alþfl. Íslands, sem stofnaður var til þess að berjast móti Íhaldsflokknum og síðar Sjálfstfl. og auðsöfnunaröflunum í þjóðfélaginu, íhaldspólitíkinni, hvað sem hún kallar sig á hverjum tíma, — þegar hann gerðist stuðningsaðili við hina örgustu íhaldsstefnu í íslenzkum stjórnmálum, sem nokkurn tíma hefur verið rekin, í raun og veru afturhaldsstefnu. Það var vissulega ekkert nema eðlilegt og mátti við því búast, það var ekki fjarri stefnumiðum Sjálfstfl., þegar hann tók að sér það hlutverk að vera bakhjarl við Alþfl. 1959, að krefjast þess, að kaupið yrði lækkað þegar í stað um 5%. Það mátti vel búast við því af íhaldsflokki, jafnvel þótt hann hefði stutt að því nokkrum mánuðum áður, að kaupið væri hækkað upp í þetta. Sem pólitískri brellu gat hann tekið þátt í því, en það mátti við því búast af honum, að hann krefðist lækkunar, og það gerði hann. En það var ekki alveg jafneðlilegt að vænta þess, að stjórn, sem Alþfl. átti alla ráðh. í, beygði sig undir þetta. Það var ekki Alþfl.-stefna. Það máttu allir búast við því, að Sjálfstfl. sætti hverju færi, sem byðist, til þess að framkvæma gengislækkun, fyrst og fremst í þeim tilgangi að mola niður kaupmátt launastéttanna og til þess að færa ágóðann af þessari stjórnarráðstöfun í hendur atvinnurekendum og kaupsýslumönnum, sem eru burðarásinn og bakhjarlinn í Sjálfstfl. Þetta var auðvitað alveg sjálfsögð íhaldsstefna. En furðulegt er, að það skyldi vera Alþfl. Íslands, sem styddi að þessari stefnu, ekki einu sinni, heldur tvisvar, og mundi vafalaust gera það í þriðja skipti að afloknum kosningum í vor, ef hann ætti þess kost að vera þá í sama hlutverki og þessir flokkar gætu framkvæmt þriðju gengislækkunina. Það vita allir nú, að gengislækkanirnar eru fyrst og fremst framkvæmdar til þess að mola niður kaupmátt launanna á þennan hátt með hækkuðu verðlagi nauðsynjanna og til þess að færa þegjandi og hljóðalaust með þessum hætti yfir til kaupsýslumanna og stórútgerðarmanna þær fúlgur, sem af launþegunum eru sniðnar með gengislækkuninni. Algerlega er eðlilegt, að íhaldsflokkur geri þetta, en einsdæmi í veröldinni, hygg ég, að verkalýðsflokkur ljái sig til slíkrar þjónustu hvað eftir annað.

Ég var nýlega að tala við aldraðan stjórnmálamann, sem nú er hættur og setztur í helgan stein, og hann sagði við mig: „Nú held ég, að þinn gamli flokkur hafi sett heimsmet.“ Þú átt við með þátttöku Alþfl. í stjórn með Sjálfstfl.? „Nei, ég á ekki við það,“ sagði hann. „Það hefur þó gerzt í veraldarsögunni, a. m. k. á stríðstímum, að Sósfl., t. d. Verkamannaflokkurinn brezki, hafi tekið þátt í stjórn með íhaldsflokki, en þó aðeins á stríðstímum minnist ég þess.“ Hann mundi ekki eftir neinu dæmi þess, að verkalýðsflokkur hefði gert það á friðartímum, en það hefur nú Alþfl. blessaður gert. „Nei, en ég á við það, að verkalýðsflokkur skuli ljá sig til að styðja svona afturhaldsstefnu eins og hér er framkvæmd nú með lækkun kaupgjalds og riftun allra samninga um kaup og kjör, með löggjöf um gengislækkun eftir gengislækkun, með því að færa skattabyrðina af hátekjumönnum og stóreignamönnum yfir á neyzluna og koma þannig þyngstu höggi á fátækasta fólkið, stærstu fjölskyldurnar.“ Já, þetta er áreiðanlega heims-

met. Ég hafði engar aths. við það að gera. Ég varð að fallast á, að minn gamli flokkur hefði víst áreiðanlega með þessum stuðningi sínum við þessa pólitík afrekað því að ná heimsmeti.

Sannleikurinn er sá, að ef með nokkrum hætti er hægt að rökstyðja það, að íslenzk verkalýðshreyfing sé veikari í dag en hún ætti að vera með eðlilegum hætti, þá er það vegna þessa atburðar, að Alþfl. vék frá sínu upphaflega hlutverki að berjast verkalýðsbaráttu og styðja verkalýðspólitík, lét af því, hætti því og tók að styðja íhaldspólitík og vera þátttakandi í ríkisstj. með íhaldsflokknum, sem kallar sig Sjálfstfl. Vitanlega hefur þetta ekki getað gerzt án þess, að verkalýðshreyfingin á Íslandi veiktist nokkuð. En af þessu hefur svo auðvitað leitt það, að flokkurinn hefur smátt og smátt þvegið af sér verkalýðsfylgið og styðst nú ekki lengur við það, styðst nú við launabitlingahjörð aðallega í röðum millistéttarmanna. Öðruvísi gat heldur þróunin ekki orðið.

Þetta er mín niðurstaða um þá hörmulegu atburði, sem hafa gerzt í íslenzkri verkalýðspólitík, og mín niðurstaða er allt önnur en hv. prófessors, hæstv. viðskmrh. Ég álít, að það sé ekki nein hörmung fyrir íslenzkan verkalýð að vita það, að ég taldi mér ekki fært að snúast á sveif með íhaldinu, þegar ég þó átti þess kost, og ég hygg, að þeir séu fáir í íslenzkri verkalýðsstétt, sem harma það, að ég fór aðra leið. Prófessor og ráðh. í íhaldssamvinnu má gjarnan harma það, en það staðfestir bara það, að ég tel mig hafa farið réttari leið með því að halla mér ekki að íhaldinu, sem vitanlega á í sérhverju stórmáli andstæðra hagsmuna að gæta við verkalýð landsins og hefur aldrei dregið neina fjöður yfir það, að Sjálfstfl. er fyrst og fremst flokkur stórkaupsýslumanna, stórútgerðarmanna, stórefnamanna og hátekjumanna þjóðfélagsins, en ekki hinna mörgu smáu.

Hæstv. viðskmrh. var að fagna því, að það væri ekki atvinnuleysi í landinu. Ja, hvernig mundi ástandið á Íslandi hafa verið við þá samdráttarpólitík, sem rekin hefur verið, þegar skipastóllinn er ekki endurnýjaður, þannig að hann gengur úr sér, þegar ekki er byggð nema önnur hver íbúð í Reykjavík og kaupstöðum landsins af þeim, sem þarf að byggja, til þess að fullnægt sé húsnæði fyrir viðbót þjóðarinnar og það, sem þarf að endurnýja af gömlum húsum, það er annað hvert hús byggt o. s. frv., það *má tákna samdráttinn með þessu tvennu*, — ef ekki hefði gerzt sú bylting í atvinnulífi þjóðarinnar, að síldarútvegurinn, sem var tveggja mánaða atvinnuvegur, varð atvinnuvegur yfir allt árið? Ný tækni, vísindalegar niðurstöður gerðu það að verkum, að við gátum veitt síld allt árið um kring. Tekjurnar af síldarútvegi margföldust, og auk þess kom síldargóðæri, síld tók að veiðast *eftir langa hríð*. Ef hér hefði engin síldveiði verið nema tvo mánuði af árinu s.l. tvö ár, engin Faxasíld, hvorki í fyrra né núna, hvernig hefði atvinnulífið í Reykjavík þá verið, að öllu öðru óbreyttu í stjórnarstefnunni? Halda menn, að það hefði verið blómlegt atvinnulíf? Halda menn, að meðaltekjur verkamannsins og sjómannsins hefðu þá verið miklar? Ég held ekki, sízt af öllu miðað við það verðlag, sem þrátt fyrir það hefði þjakað landslýðinn. Nei, það má alveg slá því föstu, að ef það einstaka góðæri hefði ekki borið að höndum og ekki verið sú vísindalega tækni, sem skilað hefur okkur síldveiðunum í það form að vera ársatvinnuvegur nú, þá hefði verið hér eymdarástand hjá vinnustéttum landsins.

Aðra skrautfjöður fann hæstv. ráðh., og hún var það, að Alþfl. hefði í sinni stjórnaraðstöðu þrívegis breytt félagsmálalöggjöfinni, tryggingalöggjöfinni. Það er rétt. En hvernig hefði tryggingalöggjöfin litið út, og hvaða tryggingu hefði hún veitt gamalmennunum og þeim, sem verða sjúkir eða verða fyrir slysum, ef Alþfl. hefði látið líka þetta undir höfuð leggjast? Þá hefði *tryggingalöggjöfin eftir tvennar gengislækkanir* verið orðin lítils virði. Mér finnst nú, að það sé verkalýðsflokki varla þakkandi, þó að hann hafi ekki einnig gengið af þessu hugsjónamáli sínu dauðu.

Þær hækkanir á greiðslum til hinna tryggðu, sem nú eru ákveðnar samkv. tryggingalöggjöfinni, eru góðra gjalda verðar. En eru þær meira virði eða *vega þær þyngra til framfæris fólki*, sem þeirra nýtur, nú en t. d. 1958? Það má vera, að rannsókn leiddi í ljós, að svo væri. En þar held ég, að öllu sé samt til skila haldið. Ég held, að öllu sé til skila haldið um það, að endurbæturnar, sem Alþingi hefur gert á tryggingalöggjöfinni á undanförnum árum, hafi haldið fyllilega í við dýrtíðarauknginguna, sem þetta *fólk eins og allir aðrir býr* við. Ef það skyldi reynast svo, að bæturnar, sem nú eru greiddar samkv. almannatryggingalögum, hafi meiri kaupmátt en þær áður höfðu, þá viðurkenni ég það sem rétt, að Alþfl. hafi þarna starfað á sínum gamla grundvelli og skilað þessu máli óskemmdu úr heiðnabergi íhaldsins.

Hæstv. viðskmrh. taldi sig sanna tvennt, að kaupmáttur tímakaupsins væri hærri nú, 10% hærri en 1958, og að meðaltekjur verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna væru hvorki meira né minna en 98 þús. kr. á ári. Og þetta átti að vera byggt á rannsókn, sjálfsagt vísindalegri rannsókn. Hæstv. ráðh. taldi það alrangt að miða við kaupmátt tímakaupsins og taldi, að það ætti ekki að miða við lægsta taxta Dagsbrúnar, heldur ætti að miða við meðalárstekjur verkamannsins. Það má vel vera, að það sé ekki hárnákvæmt að miða við lægsta kauptaxta Dagsbrúnar 1958 og nú, af því að örlitlar tilfærslur hefðu átt sér stað úr lægstu töxtunum og upp í aðra launaflokka. En þetta gerbreytir engan veginn grundvellinum. Ég viðurkenni, að þar hefur tilfærsla átt sér stað, og þetta er ekki hárnákvæmt. En 1958 var lægsti taxti Dagsbrúnar almenna verkamannakaupið í landinu. Enn þá er lægsti taxti Dagsbrúnar almenna verkamannakaupið í landinu, gildir um miklu meira en Dagsbrúnarmenn, gildir um alla verkamenn í kringum allt landið. Sums staðar fellur 1% inn í kaupið, gerir það örlitið hærra, en þá fá þeir verkamenn heldur ekki neitt fyrir sína tryggingasjóði í staðinn. En að öðru leyti er lægsti taxti Dagsbrúnar og var það kaupið, sem ófaglærði verkamaðurinn átti við að búa 1958

og á við að búa nú. Þess vegna held ég, að ekki finnist annar mælikvarði, sem þræðir nákvæmar það rétta, heldur en einmitt þessi mælikvarði, og þá er þó því réttlætisatriði fullnægt, að það er miðað við verkeiningu, eina klst. í báðum tilfellunum. En með því að miða við árstekjur manna 1958 og árstekjurnar nú, þá er verið að miða við gerólíkan vinnutíma, þá er verið að miða við meðaltal af tímabili, þar sem voru atvinnuleysiseyður í hjá verkamönnum. Ég efast um, að meðaltalið hafi náð meira en 8—9 tímum þá. En svo mikið er víst, að meðaltalið, sem nú er um að ræða, er ekki undir 11 tímum. Og ef maður ætti að taka mark á meðaltalstölu hæstv. viðskmrh., 98 þús. kr. árstekjum, hvað táknar það þá, ef reiknað er út á vinnulaunataxta verkamanna? Það táknar hvorki meira né minna en 12 stunda vinnu á dag hvern einasta virkan dag ársins, — með öðru móti kemst maður ekki að 98 þús. kr. tekjum hjá verkamanni, — og það rúmlega, því að 12 stunda vinna, 8 stunda vinna á dagkaupi, 2 stundir með eftirvinnuálagi og tvær næturvinnustundir, þ. e. a. s. 12 tímar, gera ekki nema 94800 kr., áður en 5% álagið kom núna á, svo að hún er á 13 klst., þessi meðaltalstala, 98 þús. kr., sem hæstv. viðskmrh. endar sinn rökstuðning með. Og þar af sér maður, að þar er farið rangt með tölur, þó að þessu sé gefið rannsóknarnafn. Þá vita allir það, að kaupgjaldið hefur á klst. hækkað um 4% frá 1958, áður en 5% komu nú til, en verðlagsvísitala vöru og þjónustu hefur hækkað yfir 40%. Hver getur leitt líkur að því, að kaupmáttur tímakaupsins hafi aukizt, þegar hægt er að nefna svona tölur, sem eru gefnar út af hinu opinbera? Það er og öndvert allri reynslu allra þeirra, sem þurfa að kaupa inn lífsnauðsynjar til heimilishalds, að launatekjur manna séu nú drýgri, hafi meiri kaupmátt en þær höfðu fyrir 2—3 árum. Það gladdi mig líka að heyra, að þegar hæstv. viðskmrh. talaði í annað sinn, þá lauk hann ræðu sinni á því að segja: Það er því miður ekki hægt að færa fram óyggjandi tölurök í þessu máli. — Það hefði hann bara átt að viðurkenna í upphafi máls sins. En samt fengum við í hendur tímaritið Nordisk kontakt, og þar voru tölurök hæstv. viðskmrh. orðin óyggjandi tölurök og færð fram á vettvangi norrænna stjórnmála í þessu tímariti, þó að hæstv. ráðh., eftir að við höfðum fengið heftið aftur í hendur, viðurkenndi hér frammi fyrir þingheimi, að því miður væri ekki hægt að færa fram óyggjandi tölurök í þessu máli. Þar var slegið fram sem staðreynd, að kaupmáttur launanna hjá verkamönnum á Íslandi hefði aukizt um 10% síðan 1958 og meðaltekjur verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna væru nú 98 þús. kr. á ári.

Ég veit a. m. k. það, að ef verið er með þessum tölum að gefa í skyn, að verkamaðurinn á Íslandi hafi 98 þús. kr. árstekjur, þá er verið að segja ósatt í tölum. Það er þá verið að gera það í skjóli þess, að sjómenn hafi hærra kaup og iðnaðarmenn, verulega hærra. Verkamennirnir eru, eins og allir vita, ef þeir vinna alla virka daga, allt árið um kring, þá eru þeir með 60 þús. kr. tekjur. Það vantar á 9. þús. kr. til að hafa tekjur móti þeim útgjöldum, sem meðalfjölskyldum eru ætlaðar samkv. vísitöluútreikningi hagstofunnar. En til þess að ná því þarf hann að vinna eftirvinnutímana báða og einn næturvinnutíma allt árið um kring. Mér finnst, að það ættu allir að viðurkenna, að kaupið þarf að vera hjá verkamanninum a. m. k. það, að hann hafi tekjur, ef hann vinnur alla daga ársins, alla virka daga ársins 8 stundir, fyrir viðurkenndum vísitöluútgjöldum þjóðfélagsins. En með kaupinu, eins og það er nú, er fjarri því, að svo sé.

Ég held því, að það sé óhætt að fullyrða, að það er röng niðurstaða hjá hæstv. viðskmrh., þegar hann fullyrðir, að kjör launþega hafi farið batnandi á stjórnartíma núv. hæstv. ríkisstj. Og ég held, að það sé einnig röng niðurstaða hjá honum að fullyrða, að svo sé, þegar hann segir, að hluti launþeganna í þjóðartekjunum hafi haldizt óbreyttur. Hann hefur vissulega rýrnað, um það er ekkert að villast. Alþýðan hefur ekki bætt kjör sín. Alþýðan hefur orðið fyrir launaskerðingu, rýrnandi kjörum við þá stjórnarstefnu, sem framkvæmd hefur verið á seinustu árum. Og til þess liggur bein orsök, og hún er þjónusta Alþfl. við þá afturhaldsstefnu, sem rekin hefur verið á þessu umræddа tímabili. Ef Alþfl. hefði ekki léð sig til þeirrar þjónustu, hefði áreiðanlega verið unnt að halda lífskjörunum óskertum og þjóðartekjurnar, eins og þær hafa vaxið vegna góðærisins, hefðu leyft það. Það er þessi leiðrétting, sem þarf að framkvæmast. En það er þessi leiðrétting, sem hæstv. viðskmrh. segir að ekki þurfi að framkvæma, því að hann segir, að verkamennirnir hafi fengið sinn hlut, þeir hafi fengið bættan kaupmátt, þeir hafi fengið gífurlega háar árstekjur, þeir hafi haldið sínum hlut í hinum auknu þjóðartekjum. Hann ætlast því ekki til, ef hann mætti ráða, að neinar lagfæringar fengjust á þessu fyrir launastéttirnar, það er opinbert.

Eitt af því, sem bæði hæstv. viðskmrh. og síðar í umr. hv. 12. þm. Reykv. viku að, var það, sem nefnt hefur verið nú seinustu vikurnar á íslenzku launaskrið. Og þeir voru með sínar sérstöku skýringar á því. Þetta fyrirbæri var alþekkt í Danmörku fyrir nokkrum árum og var kallað lönsglidning, og þetta fyrirbæri var aðallega kunnugt í Danmörku, þegar verkalýðshreyfingin þar hafði hvað eftir annað gert kaupgjaldssamninga til tveggja ára við verkalýðshreyfinguna dönsku. Þá kom það í ljós, að ein afleiðing af hinum margrómuðu tveggja ára samningum, sem hér hefur oft verið klifað á að þyrfti að gera, varð sú, að ýmsar aðstæður breyttust á tveggja ára samningstímabilinu og verkamenn, jafnvel á stórum vinnustöðvum eins og t. d. hjá Burmeister & Wain og Carlsbergsverksmiðjunum og fleiri verksmiðjum, vildu ekki una þeirri skerðingu launa, sem hafði orðið á samningstímabilinu, og framkvæmdu skyndistöðvanir, að visu ólögleg verkföll, og knúðu þannig fram kauphækkanir, jafnvel oftar en einu sinni hjá sama fyrirtæki á umsamda tveggja ára tímabilinu. Þegar tímabilinu lauk, var því kaupið orðið hærra en það var skráð í byrjun tímabilsins. Þetta hafði ekki gerzt við lögformlega samninga af hendi verkalýðshreyfingarinnar, heldur við svona upphlaup byggð á samtökum á hinum

einstöku vinnustöðvum, og hafði breytt kaupinu þrátt fyrir að nýir kauphækkunarsamningar hefðu ekki verið gerðir. Þetta kölluðu þeir í Danmörku launaskrið.

Þetta hefur ekki gerzt hér. Það hafa ekki verið gerðir samningar til langs tíma af þeirri góðu og gildu ástæðu, að svo ótryggt hefur verið um verðlagsástandið, að enginn ábyrgur forustumaður í verkalýðsfélagi hefur talið sig þess umkominn að geta gert samning til langs tíma við svo breytilegt og síhækkandi verðlag. Móti því hefðu orðið að koma fullar tryggingar frá hendi stjórnarvalda um það, að á því tímabili, sem samið væri fyrir, yrðu ekki verðhækkanir. Hér hefur verið samið til skamms tíma. Hér hefur ekki almennt verið knúið fram hækkað kaup af verkamönnum á samningstímabilinu, þannig að það hafi verið orðið ööruvísi í lok samningstímabilsins en það var skráð, þegar samningur var gerður. Ég tel því, að hér hafi launaskrið ekki átt sér stað.

Það er allt annars eðlis, sem hér hefur gerzt. Hér hefur það gerzt mjög almennt, að atvinnurekendurnir hafa jafnvel í heilum stéttum borgað hærra kaup en umsamið hefur verið til að tryggja sér vinnuafl, og þetta er orðið nú býsna algengt. Þegar íhaldsblöðin eru að ásaka verkalýðshreyfinguna fyrir að hafa samið um of hátt kaup, þvingað kaupið of hátt upp, þá vitum við þó, að staðreyndin er sú, að kaupið er í mörgum tilfellum 10—15—20% lægra umsamið heldur en það er í raunveruleikanum og jafnvel hjá heilum stéttum. Það er búið að vera nú í fleiri en eitt ár og fleiri en tvö þannig hjá prentarastéttinni, að kaupið, sem greitt er prenturum, er í mörgum tilfellum 20—25% hærra en umsamið kaup. Þannig er það líka í mörgum iðngreinunum, og þegar nýir samningar eru gerðir, þá er samið gjarnan um það, að greiðsla skuli vera hin sama. Þróunin, eftirspurnin eftir vinnuafli hefur verið slík, að samningarnir hafa verið um lægra kaup en greitt hefur verið af atvinnurekendunum, nema hjá hinum ófaglærðu verkamönnum og verkakonum, þar hefur kaupið verið sannarlega eins og það hefur verið umsamið.

Svo hefur hæstv. ríkisstj. gert það að stefnuatriði sínu að falsa allt kaupgjald eins og hún hefur getað. Það hefur sannarlega átt að heita svo, að það væri óbreytt kaupgjald hjá verkfræðingum. En hvernig fór það úr hendi? Raunverulegt kaup hjá verkfræðingum er það tímakaup, sem þeir settu upp sjálfir, og þannig eru verkin keypt af þeim og í akkorði, sem byggist á þeim töxtum, sem þeir settu upp. En það á að heita, að það hafi ekki breytzt kaup verkfræðinganna. Það á að heita svo, að kaup kennara sé óbreytt. Það er það ekki. Hæstv. viðskmrh. er búinn að gangast inn á það, að það skuli borga kennurum sérstaklega fyrir að leiðrétta stíla, sérstaklega fyrir að leysa úr heimadæmum, sérstaklega fyrir að gera þetta og hitt í starfi kennarans, og þannig er raunverulega búið að breyta launum kennarans, þó að það sé ekki viðurkennt. Þetta er ekki launaskrið, þetta er fölsun á kaupgjaldi í landinu. Stjórnarvöldin hafa forustuna fyrir þessu, en blygðast sín svo ekki fyrir að halda miskunnarlaust niðri kaupgjaldi ófaglærðra verkamanna og verkakvenna. Þar er garðurinn lægstur, og á hann skal ráðizt. Þar er nú manndómur þessarar hæstv. ríkisstj., en annars hefur hún orðið að leysa niður um sig eftir kröfum hverrar stéttar á fætur annarri. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. þm., hvort hann gæti lokið máli sínu á nokkrum mínútum eða óski eftir að fresta framhaldi ræðunnar). Ég mundi nú, held ég, óska eftir því að fresta ræðunni. Það er að vísu ekki mjög mikið, sem ég á eftir, en ég á eftir að víkja að því, sem hér hefur verið dregið inn í umr. um vinnuþrælkunina og um afstöðu verkalýðshreyfingarinnar til vinnurannsókna og ákvæðisvinnu. Ég tel bæði atriðin, sem hafa verið gerð hér að umræðuefni í umr., vera þess eðlis, að það sé ekki óeðlilegt, að ég víki að þeim nokkrum orðum, og mundi því fallast á það að fresta nú ræðunni.

Umr. frestað.

Á 47., 48., 49. og 50. fundi í Nd., 28. febr., 4., 5. og 7. marz, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Nd., 11. marz, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 52. fundi í Nd., 12. marz, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

34. Efnahagsmál (frv. ÞÞ o. fl.).

Á 12. fundi í Nd., 6. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 1960, um efnahagsmál [78. mál] (þmfrv., A. 95).

Á 17. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Hæstv. forseti. Samkv. 16. gr. l. nr. 4 frá 1960, um efnahagsmál, er ríkisstj. heimilt að innheimta sérstakt gjald af innfluttum bifreiðum og bifhjólum, og má það nema allt að 135% af fob-verði hverrar bifreiðar eða bifhjóls. Gjald þetta skal innheimta um leið og gefin eru út innflutningsleyfi fyrir bifreiðar.

Ríkisstj. hefur framkvæmt þetta lagaákvæði þannig, að hún hefur látið þetta gjald, sem kallað er leyfisgjald, ná til allra bifreiða annarra en stórra vörubifreiða og jeppa. Þær tegundir bifreiða hefur hún talið rétt að undanþiggja, og er ég henni sammála um það. En það er áreiðanlega jafnrétt að undanþiggja einnig bifreiðar

leigubílstjóra, minni vörubifreiðar og læknabifreiðar, því að þar stendur mjög líkt á um og hinar stærri vörubifreiðar og jeppa. Það er ekki nema réttlætismál, að þessar bifreiðar séu einnig undanþegnar gjaldinu, og til þess að tryggja það, er þetta frv. flutt.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri að sinni, en legg til, að að umr. lokinni verði frv. vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá meiri og minni hl. fjhn., á þskj. 586 og 681, var útbýtt 9. og 18. apríl, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

35. Áfengisvarnasjóður.

Á 9. fundi í Sþ., 7. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um áfengisvarnasjóð [81. mál] (þmfrv., A. 99).

Á 21. fundi í Sþ., 26. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Hæstv forseti. Efni þessa frv. er að setja á stofn sérstakan sjóð, áfengisvarnasjóð, er styrki áfengisvarnir, fræðslu um skaðsemi áfengis og bindindisstarfsemi, einkum meðal ungs fólks. Sjóðurinn má styrkja önnur æskulýðssamtök, bindindisfélög, ef þau annast starfsemi, sem vinnur gegn áfengisnautn, og hindra fullkomlega alla áfengisneyzlu á samkomum sínum.

Gert er ráð fyrir, að tekjur þær, sem áfengisvarnasjóður fær, séu árlegt framlag frá Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins og sé þetta framlag í því formi, að verzlunin greiði til sjóðsins 3% af hagnaði hennar af áfengissölu næsta ár á undan. Lagt er svo til, að það verði áfengisvarnaráð ríkisins, sem stjórni sjóðnum.

Það er kunnara en nauðsynlegt sé að rekja hér, að áfengisneyzla hefur farið mjög vaxandi í landinu á undanförnum árum og þó einkum meðal ungs fólks. Vafalaust eru margar ástæður, sem valda þessu, en sú veigaminnsta er ekki sú, að það hefur verið dregið talsvert — það má segja verulega — úr hömlum gegn áfengisnautn, m. a. á þann hátt, að áfengisveitingar í veitingahúsum eru nú orðnar miklu meiri en þær áður voru. Það leiðir svo af sjálfu sér, að þegar hömlur eru þannig minnkaðar, án þess að nokkrar sérstakar mótráðstafanir, eins og aukin bindindisfræðsla og bindindisstarf, hafi komið á móti, þá hafi áfengisneyzlan aukizt, enda er það nú komið á daginn. Áfengisneyzlan í landinu er orðin svo mikil og einkum meðal unga fólksins, að það er alveg óhjákvæmilegt, að einhverjar sérstakar ráðstafanir verði gerðar til að hamla þar á móti. Ég hygg, að sú leið, sem er heppilegust í þeim efnum og muni reynast bezt, sé að auka bindindisstarfsemina og bindindisfræðsluna og þó alveg sérstaklega meðal yngra fólksins í landinu.

Þegar núgildandi áfengislög voru sett árið 1954, þá má segja, að þar hafi borið sérstaklega á tveimur nýmælum. Í fyrsta lagi var gert ráð fyrir því að draga nokkuð úr vissum hömlum, sérstaklega á vínveitingum á veitingastöðum, en jafnframt var líka gert ráð fyrir því að auka verulega bindindisstarfsemina. Einn kafli í áfengislögunum fjallar alveg sérstaklega um þetta efni. En það, sem gerðist hins vegar í sambandi við setningu áfengislaganna, var, að það var ekki séð fyrir nægu fjármagni til þessarar starfsemi. Nefnd sú, sem undirbjó lögin, en þar áttu sæti bæði fulltrúar frá veitingamönnum og bindindismönnum, gerði ráð fyrir því, að í l. væri alveg sérstakt ákvæði um að tryggja þá fjáröflun, 3% af hreinum ágóða áfengisverzlunarinnar væru látin renna til bindindisstarfseminnar. Þannig var frá frv. gengið, eins og það var undirbúið af þeirri nefnd, sem hafði verið falið að semja það. Og þannig var það líka lagt fyrir þingið af þáv. dómsmrh., sem er einnig dómsmrh. nú. En það gerðist svo, þegar Alþingi fékk málið til meðferðar, að þetta ákvæði um að tryggja nægilegt fjármagn til þessarar starfsemi var fellt niður. Niðurstaðan hefur orðið sú, að það hefur verið vanrækt af hálfu Alþingis og þeirra ríkisstj., sem síðan hafa setið, að tryggja nægilegt fjármagn í þessum efnum. Það er af þessum ástæðum, sem hér er raunverulega ekki annað lagt til en að taka upp þær till., sem voru í frv. til áfengislaga, þegar það var lagt fram á þinginu 1954, þ. e. a. s. að 3% af hagnaði áfengisverzlunarinnar verði látin renna í sérstakan áfengisvarnasjóð og fé hans ráðstafað eins og segir í frv.

Ef þetta næði fram að ganga, má reikna með því, miðað við þá sölu, sem nú er á áfengi í landinu og hefur verið á undanförnum árum, að tekjur sjóðsins yrðu eitthvað í kringum 4.5 millj. En þess er að gæta, að lagt er til, að sjóðurinn kosti starf áfengisvarnaráðunautar og þá bindindisfræðslu, sem nú er haldið uppi, en til hennar er varið á núgildandi fjárlögum um 1.2 millj. kr., svo að raunveruleg aukning, ef frv. næði fram að ganga, á fjármagni til bindindisstarfseminnar væri um 3.3 millj. kr. En það mun áreiðanlega ekki veita af því, að þessi upphæð fáist, því að hér er ekki aðeins gert ráð fyrir því, að þetta fé fari til þess að auka bindindisstarfsemi og bindindisfræðslu, heldur einnig fari það til styrktar starfsemi æskulýðsfélaga, sem halda áfengisneyzlu utan sinna takmarka og vinna á þann hátt, að starfsemi þeirra er líkleg til þess að draga úr áfengisneyzlunni. Undir það gæti komið t. d. starfsemi æskulýðsráðs Reykjavíkur og jafnvel einhverra kristilegra æskulýðsfélaga og e. t. v. ungmennafélaga og íþróttafélaga, sem hefðu þó það takmark að halda áfengisneyzlu algerlega utan vébanda sinna, þannig að áfengi yrði ekki veitt á skemmtunum eða samkomum þeirra. En víst er það, að starfsemi margra þessara félaga, ekki sízt t. d. æskulýðsráðs Reykjavíkur og ýmissa kristilegra samtaka ungra manna, hamlar verulega á móti áfengisnautn og þess vegna ekki óeðlilegt, að slíkur félags-

skapur væri eitthvað styrktur í sambandi við þessi mál.

Ég hygg, að sú reynsla, sem menn hafa haft fyrir augum, síðan áfengislögin 1954 voru sett, sé þannig, að nú ættu þm. að geta orðið sammála um það, — þótt ekki fengist samkomulag um það 1954, — að nauðsynlegt sé að tryggja aukið fjármagn til bindindisstarfseminnar. Í því trausti er þetta frv. flutt.

Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta mál að sinni, en leyfi mér að leggja til, að því verði vísað til allshn. að þessari umr. lokinni. Ég hygg, að allshn. hafi á sínum tíma haft áfengislögin til meðferðar og þess vegna sé ekki óeðlilegt, að þetta mál gangi þangað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

36. Vegalög (frv. KGuðj).

Á 16. fundi í Nd., 19. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947 [97. mál] (þmfrv., A. 118).

Á 23. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja frv. til laga um breyt. á vegalögunum. Þetta frv. er þó dálítið annars eðlis en þau frv., sem flutt hafa verið til breytinga á þessum l., en þau hafa yfirleitt verið þess efnis að bæta inn á vegalögin nýjum vegum. Þetta frv. er ekki um það, heldur um hitt að breyta nokkuð til um þá hætti, sem á eru hafðir um þjóðvegi, viðhald þeirra og endurbætur, þar sem þjóðvegur liggur í gegnum þorp eða kaupstað.

Í gildandi vegalögum er án undantekninga gert ráð fyrir því, að þjóðvegur, sem liggur í gegnum þorp eða kaupstað, skuli vera á ábyrgð þess þorps eða þess kaupstaðar, sem hann liggur í gegnum, þannig að af ríkissjóði er í rauninni létt vegaviðhaldinu af þjóðveginum á þeim slóðum, þar sem hann liggur í gegnum þorpið eða kaupstaðinn. Nú er það svo, að allvíða á landinu liggja þjóðvegir í gegnum þorp mismunandi fjölmenn og eru notaðir máske að miklum meiri hluta til af allt öðrum aðilum en íbúum viðkomandi þorps, og virðist þá lítil sanngirni í því að láta þorpsbúa sjálfa og eina annast kostnaðinn af viðhaldi og endurbótum vegarins í gegnum þorpið. Þetta frv. gerir þess vegna ráð fyrir breytingum á þessu. Og þær breytingar, sem í frv. felast, eru tvenns konar. Annars vegar leggur frv. til, að þar sem þjóðvegur liggur í gegnum þorp eða kaupstað, skuli það kannað, að hve miklu leyti hann er notaður í þágu þorpsbúa sjálfra, og þar sem vegurinn er aðeins að minni hluta til notaður af þorpsbúum sjálfum eða í þeirra þágu, þá skuli ríkið eftir sem áður bera kostnaðinn af viðhaldi vegarins, þó að þjóðvegurinn liggi í gegnum ákveðna verzlunarlóð ákveðins þorps eða kaupstaðar. Í öðru lagi er hér lögð sú skylda á herðar ríkinu, að þar sem slíkur vegur, þjóðvegur um þorp eða kaupstað, er svo mikið notaður, að umferð um hann nær ákveðnu marki eða fer upp fyrir ákveðið mark, þá skuli ríkinu skylt, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum, að byggja varanlegt slitlag á viðkomandi veg, þ. e. a. s. gera hann úr steinsteypu eða malbika hann.

Ég þarf ekki að fara um það mörgum orðum hér, hver óþægindi eru að því fyrir íbúa í kaupstöðum eða þorpum, sem sagt á þéttbyggðum stöðum, að fá mjög mikla umferð í gegnum þorpið eða kaupstaðinn á malarvegi, sem rýkur og veldur margs konar óþrifum í viðkomandi byggð. Á því verður að ráða bót, en sú framkvæmd er, svo sem allir vita, mjög dýr og ekki hægt til þess að ætlast, að íbúar í viðkomandi þorpi annist hana á eigin kostnað, enda engin sanngirni að ætlast til þess, þar sem vegirnir eru kannske að miklum meiri hluta til notaðir í annarra þágu en viðkomandi þorpsbúa eða kaupstaðarbúa sjálfra. Það væri ákaflega einföld leið til þess að finna það út, að hve miklu leyti vegur er notaður í þágu viðkomandi þorps og að hve miklu leyti í þágu annarra, að gera á því úrtaksrannsókn einn eða tvo eða máske einhverja daga á ári, athuga þá, hvar eru skrásett þau farartæki, sem um þorpið fara. Og ég held, að í framkvæmd mundu ekki verða vandkvæði á því að komast að hinu rétta um það.

Það er allra manna mál, að ekki sé tæknilegur möguleiki að halda sæmilega þriflegum eða góðum til umferðar malarvegum, sem mikil umferð er orðin á. En það er svo í sumum þorpum landsins, að í gegnum þau liggja malarvegir, sem þau hafa ekki efni á að breyta í varanlegri vegi og hafa á sér umferð, sem er langt fyrir ofan það mark, sem möguleiki er að halda slíkum vegi sæmilegum með. Það er þess vegna sýnilegt, að hér er ekki bara um réttlætismál að ræða, heldur líka óumflýjanlegt nauðsynjamál.

Ég flutti frv. um þetta sama efni á síðasta þingi, en það varð ekki útrætt þá og bíður því enn efnislegrar meðferðar hjá Alþingi, og vænti ég þess, að það verði tekið til meðferðar og afgreiðslu á þessu þingi.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og samgmn.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Með þessu frv. er hreyft mjög veigamiklu vandamáli, sem snertir bæði vegakerfi landsins í heild og alveg sérstaklega vega- og gatnamál þéttbýlisins, þorpa, kaupstaða og borga.

Í tilefni af frv. vil ég geta þess, að fyrir tæplega tveimur árum var samkv. ákvörðun Alþingis sett á laggirnar nefnd til þess að endurskoða vegalög. Þessi nefnd hefur fyrir nokkru skilað áliti sínu, og ég hygg, að það muni vera til athugunar hjá hæstv. ríkisstj. Ég tel mig geta

skýrt frá því, að eitt af því fyrsta, sem tekið var til athugunar í þessari nefnd, var einmitt það vandamál, sem fjallað er um í þessu frv. Það varð ljóst, að eins og vegakerfið hefur verið undanfarið, hafa verið í því göt, þar sem umferðin er mest. Þjóðvegunum hefur lokið við mörk þéttbýlisins, og oft hefur farið svo, að vegirnir gegnum þorpin hafa verið hvað verstir, einmitt vegna þess að ríkið sleppir þar afskiptum, sem sízt skyldi og umferðin oftast nær og eðlilega er langmest.

N. fjallaði um þetta mál og gerir í till. sínum ráð fyrir að leysa það. Ég tel ekki rétt að fara á þessu stigi nánar út í það, hvernig þær till. eru, en mér virðist fljótt á litið, að þær gangi þó nokkuð lengra en hv. flm. gerir með þessu frv.

Ég vil vænta þess, að þetta mál verði leitt til lykta á þessu þingi, hvort sem það verður með þessu frv. eða með heildarfrv. um vegalög, sem ég tel æskilegra, þar sem þetta mál yrði leyst í samhengi við önnur vega- og gatnamál í landinu.

Flm. (Karl Guðjónsson): Ég vil í tilefni af ræðu hv. síðasta ræðumanns láta í ljós ánægju mína yfir því, ef svo skyldi reynast, sem hann gefur hér mjög í skyn, að stjórnarvöld landsins séu á það að fallast að hér sé um réttlætismál að ræða, og að sjálfsögðu mundi ég fagna því einnig, ef þar væri lengra gengið en í mínu frv., sem er fyrst og fremst miðað við það, sem mér finnst vera lágmarkskrafa um, að sinnt verði sanngirni málsins. En mér er það að sjálfsögðu ljóst, að það væri ánægjuefni fyrir mig, ef hægt væri að fá samþykkt Alþingis fyrir því að ganga lengra og að þjóðvegirnir í gegnum þorp og kaupstaði yrðu yfirleitt ekki slitnir úr kerfi þjóðveganna að því er varðar kostnað við þá. Ég teldi að ýmsu eðlilegt að gera það fullkomlega, en hef miðað mitt frv. fyrst og fremst við það að ganga ekki lengra en svo, að það væri ómótmælanleg sanngirniskrafa, að því væri sinnt.

Hæstv. ríkisstj., sem nú situr, hefur brugðið þeim vana flestra, ef ekki allra ríkisstj., sem efnt hafa til endurskoðunar á vegalögum, að þær hafa yfirleitt leyft Alþingi að kjósa til þeirrar endurskoðunar nefndir, þannig að ekki bara flokkar ríkisstj. vissu, hvað um væri að vera, og gætu komið á framfæri sínum till., áður en gengið væri frá allsherjarfrv. um þessa hluti. Þessi ríkisstj. hefur kosið að fara að með öðrum hætti, og harma ég það út af fyrir sig, að hún skuli ekki hafa getað haldið þeirri gömlu og góðu og lýðræðislegu reglu, sem áður var á höfð. Engu að síður er það mér fagnaðarefni, ef sú nefnd, sem ríkisstj. hefur skipað til þessara hluta, getur komið fram með skynsamlegar og réttlátar breytingar á lögunum, og læt ég í ljós óskiptan fögnuð minn yfir því, sem fram kann að miða í þeim till., sem þar er um að ræða.

En fyrst þetta mál hefur komið til umr. og ég geri ráð fyrir því, að frv., sem hér er til umr., verði vísað til n., þá teldi ég eðlilegt, að sú þingnefnd óskaði eftir því að kynna sér, hverjar till. væru á ferðinni frá hinni stjórnskipuðu nefnd, og ekki skal ég sem flm. þessa frv. mælast undan því, að á því yrðu gerðar breytingar, sem gengu lengra en það að gera þjóðvegi í gegnum þorp og kaupstaði að raunverulegum þjóðvegum, þannig að ríkið bæri af þeim kostnaðinn, jafnvel þótt eitthvað kynni að dragast með heildarskipun vegalaga. En þar er ég sem sagt eins og aðrir þm. stjórnarandstöðunnar óvitandi um það, hvernig þau mál standa eða hversu nálægt því muni komið, að þar verði gert frv. af ríkisstj. hálfu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til samgmn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

37. Lögtak og fjárnám (frv. BGr o. fl.).

Á 26. fundi í Nd., 6. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undangengins dóms eða sáttar [114. mál] (þmfrv., A. 164).

Á 29. og 33. fundi í Nd., 17. des. og 31. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., 4. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Kjarabaráttu verkalýðshreyfingarinnar má að vissu leyti skipta í tvo þætti. Annars vegar er barátta, sem miðast að sjálfu kaupgjaldinu, en hins vegar sú, sem kalla mætti félagslega baráttu og stefnir að því að tryggja ýmiss konar réttindi og hlunnindi, sem bæta kjör hinna vinnandi manna.

Eitt af því, sem síðast vannst á sviði hinna félagslegu umbóta með samningum við atvinnurekendur og að vísu eftir verkfall, voru greiðslur í sjúkrasjóði og aðra sambærilega sjóði verkalýðsfélaga. Þegar þetta náðist fram, voru að vísu uppi skiptar skoðanir um, hvort þetta 1%, sem í flestum tilfellum var um að ræða, skyldi renna í slíka sjóði eða greiðast sem kaup. Niðurstaðan varð á flestum stöðum að fara sjúkrasjóðsleiðina.

Nú hefur komið í ljós, að ýmis verkalýðsfélög eiga í erfiðleikum við að innheimta þessar greiðslur. Fyrir ábendingar forráðamanna í nokkrum verkalýðsfélögum höfum við þrír Alþýðuflokksmenn flutt frv., sem mundi heimila lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar á slíkum gjöldum. Í lögum eru þegar nokkur ákvæði, sem eru þess eðlis, að hér er ekki um nýja eða óeðlilega leið að ræða, og eftir þeim upplýsingum, sem við höfum fengið, mundi þessi lagasetning ein verða til þess, að innheimtan gengi mun betur, án þess að þyrfti beinlínis að grípa til þeirrar heimildar, sem lögin veita. Mundi verða svo, að skoðun kunnugra, að heim-

ildin ein mundi skapa nægilega mikið aðhald til, að slík innheimta gengi vandræðalítið.

Með því að ýmis félagsleg ákvæði, sem hafa komizt inn í samninga, hafa vaxandi þýðingu varðandi lausn á vinnudeilum og góða sambúð á milli vinnusala og vinnukaupenda, teljum við, að það væri eðlilegt og mundi verða til bóta fyrir báða aðila, ef sú heimild, sem við leggjum til að veitt verði, næði fram að ganga.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

38. Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Á 21. fundi í Sþ., 13. des., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 19. júní 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. [117. mál] (þmfrv., A. 186).

Á 34. fundi í Nd., 4. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., 5. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Pálsson): Herra forseti. Afurðir bænda eru verðlagðar samkv. framleiðsluráðslögum landbúnaðarins. 4. gr. l. hljóðar þannig:

„Söluverð landbúnaðarvara á innlendum markaði skal miðast við það, að heildartekjur þeirra, er landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta.“

Lengri er gr. ekki. Samkv. þessu ákvæði hefðu bændur átt að hafa hliðstæðar tekjur og aðrar vinnandi stéttir þjóðfélagsins, og er þá miðað við iðnaðarmenn, sjómenn og verkamenn, en það á að miða við þessar stéttir. Það er ljóst, að samkv. þessari gr. eiga þeir að hafa þessar tekjur, hvort sem þeir framleiða mikið eða lítið. Nú hygg ég, að flestum muni koma saman um, að það sé ekki til þess að hvetja menn til framfara, ef þeir eiga að fá sama kaup, hvort sem þeir vinna vel eða illa. Ég hygg, að það yrði ekki til þess að efla framfarir sjávarútvegs, iðnaðar eða yfirleitt neinna atvinnuvega, ef kaupgjald þeirra stétta væri miðað við það, að þeir fengju jafnmikið, hvort sem þeir ynnu vel eða illa og afköstuðu miklu eða litlu. Þetta gat verið gott til að byrja með á sínum tíma, en til lengdar getur þetta ekki gengið, ef eðlileg þróun á að verða í einum atvinnuvegi. En nú skyldi maður ætla, að þetta væri svo, að bændur hefðu fengið þetta kaup. Því er ekki að heilsa. Arnór Sigurjónsson hefur gert ýtarlega athugun á tekjum bænda í hagskýrslum, og hann hefur unnið þar mikið og þarft verk. Þar kemur í ljós, að meðaltekjur bænda árið 1960 hafa verið 55840 kr. af landbúnaði. Auk þess hafa bætzt við aukatekjur, sem eru fyrir vinnu annars staðar, og aðrar slíkar tekjur, þannig að heildartekjurnar hafa orðið 66104 kr. Þegar verðlag er reiknað út, eru reiknaðir vextir af eigin fé, en þegar þessi upphæð fæst, þá er búið að draga frá vexti af skuldum, en ekki vexti af eigin fé. Og samkv. því, sem verðlagsráð landbúnaðarins hefur ákveðið, áttu bændur að fá í vexti af eigin fé þetta ár 6896 kr. Þetta þýðir það, að bændur hafa fengið í heildartekjur 59208 kr. árið 1960. En hæstv. viðskmrh. lýsti því yfir samkv. úrdrætti frá hagstofunni, að þetta ár hefðu tekjur sjómanna, iðnaðarmanna og verkamanna verið 79 þús. Það munar þarna 20 þús., en það þýðir 30%. Það er því hvorki meira né minna en það er hallað á bændur um 30% árið 1960. Þeir fá 30% minna kaup en þeir eiga að fá samkv gildandi lögum.

Nú hefur hlutur bænda versnað síðan, vegna þess að þegar hinn mikli síldarafli kom árið 1961 og 1962, óx mikið atvinna í síldarþorpunum. Þetta varð mikill tekjuauki fyrir þá, sem þar búa. Konurnar unnu við síldarsöltun, og unglingarnir fengu vinnu líka. En hjá bændum er það þannig, að tekjur fjölskyldunnar eru að mestu leyti innifaldar í áætluðu kaupi bóndans, vegna þess að yfirleitt er börnum ekki reiknað kaup og konum alls ekki, þótt þær vinni að bústörfum, sem þær gera í mörgum tilfellum. Ég hygg, að það sé ástæða til þess að gera sér ljóst, í hverju þetta liggur. Og ég hef farið í gegnum þau gögn, sem ég hef getað fundið, til þess að fá þetta upplýst.

Það hefur verið miðað við svokallaðan verðlagsgrundvöll, sem 6 manna nefndin hefur ákveðið í flestum tilfellum. Og ég hef aðallega miðað við árið 1953 og svo aftur nú síðasta árið. Og ég hef orðið var við það, að yfirleitt hefur afurðamagnið verið reiknað hærra til bænda en það hefur raunverulega verið, sérstaklega bar á þessu fyrstu árin, en það hefur alltaf verið. Magnið hefur verið reiknað meira og verðið hefur orðið lægra til bænda en þeim hefur verið ætlað, þótt í sumum tilfellum síðari árin hafi þeir fengið nokkurn veginn svipað verð. Samkv. verðlagsgrundvellinum hefur framleiðsluauknningin orðið frá 1953 til síðasta árs 32% á mjólk, 3% á nautgripakjöti, 72% á kindakjöti, 72% á gærum, 53% á ull og 33% á hrossum. En þetta eru áætlaðar tölur. 1953 var magnið, sem bændur framleiddu, miklu minna en gert var ráð fyrir í verðlagsgrundvellinum. En auk þess hefur aðstaða bænda breytzt frá þessu ári þannig, að þá hefur aðkeypt vinna, ef henni er breytt í núgildandi gengi, 43 kr. dollarinn, þá hefur verið talið, að bændur keyptu vinnu fyrir 33583 kr., en nú er þeim ætlað að kaupa vinnu fyrir 13946 kr. En tekjur af aukabúgreinum hafa hins vegar verið hækkaðar hjá bændum úr 9870 og upp í 19580 kr. Útkoman samkv. síðasta verðlagsgrundvelli er því þannig, að aukatekjur bóndans, það sem hann vinnur annars staðar fyrst og fremst, eiga að vera 19580 kr., en það, sem hann á að greiða í kaup, 13946 kr. Á því er auð-

séð, að hann getur ekki reiknað börnum sínum mikið kaup. Sem sagt, bóndinn á að vinna meira annars staðar en hann greiðir öðrum í kaup, þannig að hann á að gera betur en að vinna fyrir vísitölubúinu. Þetta vitum við, sem búskap höfum stundað, að er ekki rétt. Það er ekki hægt að reka bú algerlega án aðkeyptrar vinnu. Þetta liggur í því, að vinna barna er ekki reiknuð nema að litlu leyti. Hins vegar hafa vaxtatekjur verið reiknaðar nokkru meiri nú síðasta árið en áður. Í raun og veru voru 1953 sama og engir vextir reiknaðir af eignum, sem stóðu í búinu. Aðkeypta vinnan hefur því lækkað um 60%, en aukatekjur bóndans hafa tvöfaldazt.

Ef við lítum nú yfir, hvað bændur hafa gert s.l. 10 ár, þá er það meira en lítið, sem framleiðslan hefur aukizt. Innlögð mjólk var 47 millj. 571 þús. árið 1953, en árið 1962 er hún komin upp í 88 millj. 656 þús. kg. Mjólkurmagnið hefur aukizt um 86%. Kjötið hefur aukizt úr 3714 tonnum í 11781 tonn. Það hefur um það bil þrefaldazt. Þessu ber ekki saman við prósenturnar, sem ég reiknaði út áðan, miðað við verðlagsgrundvöllinn 1953, og það liggur í því, að magnið var reiknað miklu hærra árið 1953 en bændur fengu. En enn þá brennur það við, að magnið er áætlað meira en bændur fá. Ég t. d. álít, að árið 1953 hafi mjólkurframleiðsla bónda raunverulega verið 12 þús., en þá var áætlað, að meðalbóndinn ætti að framleiða 14900 lítra. 1962 eru mjólkurtekjur bóndans áætlaðar 19710 lítrar, en hafa, eftir því sem ég kemst næst, ekki verið nema um 16000 lítrar. Verðlagið hefur lækkað, eftir því sem framleiðslan hefur aukizt. Bóndinn hefur ekkert grætt á að auka sína framleiðslu. Og það hlýtur að vera öllum ljóst, að það getur ekki gengið til lengdar. Það er ekki eðlilegt, að bændur leggi á sig aukið erfiði og meiri kostnað við að kaupa vélar, ef þeir njóta þess í engu. En þannig hefur löggjöfin verið, að hlutur bóndans hefur ekkert batnað, þó að framleiðslumagnið hafi aukizt.

Ég hef athugað, hvert verðlagið ætti að vera nú, ef það væri miðað við gengisbreytingarnar, sem orðið hafa. 1953 var dilkakjötið á 13,80. Nú ætti það að vera, miðað við þær gengisbreytingar, sem orðið hafa síðan, 37 kr., en er 28 kr. Mjólkin var áætluð árið 1953 á 2,75. Nú ætti bóndinn að fá 7,45, en það er gert ráð fyrir, að hann fái 5,27. Á þessu sést, að hin aukna framleiðsla hefur ekki komið bændum til góða, heldur þeim, sem vöruna keyptu. Mér hefur verið það ljóst, að kaupgeta neytenda hefur verið takmörkuð. En ég hygg, að þetta hafi breytzt til batnaðar síðustu tvö árin vegna þess mikla sjávarafla, sem borizt hefur á land, og aukinnar atvinnu af þeim ástæðum.

Það er staðreynd, að nú í ár eru bændur langlægst launaða stétt landsins. Þetta liggur fyrir í hagskýrslum, sem ekki er ástæða til að rengja. Yfirleitt er ekki um mjög vafasamt framtal að ræða. Það virðist t. d. samkv. athugunum, sem Arnór Sigurjónsson hefur gert, að það vanti 10% af lömbum inn á landbúnaðarskýrslurnar, en þetta þýðir það, að gamalt fólk og börn, sem ekki gerir skýrslur, á þessi lömb. Mjólkurmagnið er mjög eðlilegt, og hann telur, að áburður og fóðurbætir séu mjög eðlilega talin, þannig að það er ekki mikið, sem skakkar í röngum framtölum, og ekki ástæða til að ætla, að það sé frekar hjá bændum en öðrum. Samkv. upplýsingum, sem hæstv. viðskmrh. gefur, eru tekjur annarra vinnandi stétta 1960 79 þús. kr., en bændanna um 59 þús. Það munar um 30%, sem bændur fá minna en þeir eiga að fá. Og þetta er alvarlegur hlutur. Ég álít, að Arnór Sigurjónsson hafi unnið mjög þarft verk í vinnu sinni á hagstofunni. Ég skal játa það, að bændur reka ekki bú sín alls staðar á þann hátt, sem hagkvæmast er. Og það er einmitt með hagfræðilegum athugunum, sem á að vera hægt að bæta úr slíku. Það ætti að vera hægt að laga það, sem aflaga fer, að einhverju eða öllu leyti. Lægstar tekjur virðast menn hafa í Norður-Múlasýslu, þar næst í Barðastrandarsýslu. Ég skal ekki fullyrða um, hvort aðstaða til markaða eða búskaparskilyrði eru verri í þessum sýslum eða hvort það liggur í því, að búskapur er ekki rekinn á réttan hátt þar. En slíkt þarf að athuga.

Ef bændur fá eitthvað meira fyrir það, ef þeir vinna vel, þá fyrst fást þeir til að leggja sig fram um að gera betur. Ég fer fram á það, að 25% af aukinni framleiðslu komi fram í hækkuðu kaupi bóndans. Samkv. þeim grundvelli, sem sex manna nefndin miðar aðallega við, er um helmingur af brúttótekjum búsins kostnaðarliðir, en um helmingur er vinna, og þá geri ég ráð fyrir, að ef framleiðslan vex vegna betri tækni eða aukinna vinnuafkasta, þá skiptist þetta jafnt á milli neytenda og framleiðenda. Mér er það alveg ljóst, að fulltrúar bæjanna eiga dálítið erfitt með að ganga einhliða til móts við bændur, en ég hygg, að það sé engin áhætta fyrir þá að ganga það til móts við bændur, að báðir græði 50% á betri vinnuafköstum. Það er ómögulegt fyrir neytendurna í bæjunum að deila á þá fyrir það. Ég tek það fram í grg., að ég legg enga áherzlu á það, hvort prósentan er einu stigi minni eða meiri eða við hvaða ár er miðað. Það er gert ráð fyrir í lagabreytingunni, sem ég kem með, að það sé miðað við árið 1962—1963. Ég skyldi fúslega ganga inn á, að það væri miðað við eitthvert annað ár fyrr. Sem sagt, það er ekki aðalatriðið. En aðalatriðið er það, að þessari spennitreyju, sem bændum er haldið í nú, sé hneppt frá þeim, því að annars getur íslenzkur landbúnaður ekki þróazt og þrifizt. Þetta er grundvallarskilyrði, til þess að landbúnaðurinn geti tekið eðlilegum framförum, að hann sé ekki fjötraður á þennan dæmafáa hátt.

Áhrifin af þessu eru þau, að þeir, sem meira mega sín, þeir, sem meiri hafa efnin, eiga tiltölulega auðvelt með að stækka búin. Þeir fá þess vegna meiri tekjur, bæði brúttótekjur og nettótekjur. En þetta kemur ekki fram í, að hagur bændastéttarinnar batni í heild. Þetta kemur eingöngu fram þannig, að það er þrengt að þeim, sem eru efnaminni, framleiða minna. Þetta hefur komið glöggt í ljós nú síðari árin, að það eru minni bændurnir, sem þrengir að, en stærri bændurnir komast vel af. Það eru þess vegna hættulegar skorður, sem þarna eru reistar. Stærri bændurnir framleiða á kostnað minni bændanna,

og ef þessu heldur áfram, þá verður það beinlínis til þess, að minni bændurnir gefast upp. Gengislækkunin hefur líka unnið að þessu. Á henni hafa efnameiri bændurnir hagnazt, en þeir efnaminni skaðazt. Þeir, sem eru að byrja búskap, eiga örðugt. Ég kom til hjóna, meðan ég var fyrir norðan í jólaleyfinu, og það voru óvenju efnileg og dugleg hjón. Bóndinn var búinn að reisa 40 kúa fjós eða langt kominn að byggja það. Hann sagði mér, að það kostaði á 6. hundrað þús. kr. Hann sagðist hafa um 150—200 þús. í lausaskuldum og hafði von um 300 þús. kr. fast lán. Þetta þýðir, að vaxtabyrði hans af fjósinu er um 40 þús. Þá átti hann eftir að fjölga kúnum. Þetta var bara fyrir fjósið, fyrir utan öll önnur mannvirki. Það er þess vegna erfiður hlutur þeirra, sem hafa að meðaltali 70 þús. kr. nettótekjur á ári og borga slíka vexti, það er óframkvæmanlegt.

Ég hef tiltölulega lítið vonzkazt út af þessu eina prósenti, sem við erum látnir greiða til Búnaðarbankans, og ég skal greiða það með glöðu geði og jafnvel þótt það væri 1½%, ef vextirnir væru lækkaðir við þá, sem eru að byrja búskap, því að það er ógerlegt fyrir bændur, sem nú eru að byrja búskap, að eiga að borga 6½% af föstum lánum og 10% af víxlaskuldum, á meðan við, sem höfum eldri lán, borgum tiltölulega verðmiklar krónur með verðlitlum krónum og ekki nema 4% vexti. Aðstaðan er svo ólík, að það er óverjandi. Það er ekkert við það að athuga, þótt við værum á einhvern hátt skattlagðir, sem betur erum settir, til þess að hjálpa þeim, sem nú eru verr settir. En vaxtahækkunin og gengislækkunin gerði þeim, sem eru að byrja búskap, svo að segja ómögulegt að reka búskap, og þegar þar við bætist, að bændastéttin í heild vinnur fyrir 30% lægra kaupi en aðrar stéttir, þá sjá allir menn, hvert stefnir.

Bændunum hefur verið að fækka. Því er slegið fram á hagskýrslunni, að þeim muni hafa fækkað um 600 síðustu 5 árin, en það er ekki rétt, því að það er tekið fram í aths. með hagskýrslunni, að þarna sé að nokkru leyti um það að ræða, að menn hafi verið felldir niður, sem hafa haft svo litla landbúnaðarframleiðslu, að þeir hafi tæplega getað talizt bændur. Og eftir þeim ályktunum, sem ég gat dregið af þessu, þá geri ég ráð fyrir, að á síðustu 5 árum hafi bændum fækkað um ca. 200. En haldi þessu áfram, að bændur eigi að hafa 30% lægri laun en aðrar stéttir og þar að auki vanta vinnuskilyrði fyrir konu og fyrir stálpuð börn eða vinna þeirra hverfi inn í þessar litlu tekjur, sem bóndinn hefur, — haldi því áfram og þrengt sé að þeim, sem eru að byrja búskap á þann hátt, sem gert er nú, með háum vöxtum og lánsfjárskorti, þá sé ég ekki annað en ungir menn hverfi frekar að öðrum atvinnugreinum en búskap.

Hér er því um tvennt að ræða, sem ég legg sérstaka áherzlu á í þessari lagabreytingu, sem ég ber hér fram. Það er, að það er ógerlegt, að landbúnaðurinn geti þróazt í þessari spennitreyju, sem hann er í samkv. þessum l., það er ekki hægt. Og í öðru lagi er óviðunandi fyrir íslenzka bændastétt að fá 30% minna fyrir vinnu sína en hún á að fá lögum samkvæmt. Ég skal játa það, að minni búin þurfa að stækka, en þau geta ekki stækkað, nema bændum séu veitt þau skilyrði, að þeir geti komið fyrir sig meiri ræktun og stækkað búin, og yfirleitt skilyrðin gerð þannig, að þeir geti framleitt með minni tilkostnaði. Ég er sannfærður um, að það er hægt að framleiða sauðfjárafurðir hér með minni kostnaði en nú gerist. Við skulum bara taka Norður-Múlasýslu með sín grösugu beitilönd. Það er talið, að þar sé meira grasi gróið land miðað við hverja kind en nokkurs staðar annars á landinu. Með því að nota þessa beit og gefa t. d. síldina með er hægt að framleiða mjög ódýrt dilkakjöt. En það geta menn ekki, ef það er kreppt svo að þeim, að þeir geti engan veginn rétt sig við, hvorki stækkað búið, byggt fjárhús né yfirleitt rekið sinn búskap á hagkvæman hátt.

Ég hef trú á framtíð íslenzks landbúnaðar og er sannfærður um, að hann á mikla framtíð, ef rétt er á hlutunum haldið. Hitt er annað mál, að þegar sjórinn er eins gjöfull og nú, meðan síldin er hér við landið, þá er það freisting fyrir unga menn að fara frá landbúnaðinum og veiða síld. En skeð getur, að þetta breytist, síldin hverfi frá landinu, og þá standa þeir, sem eiga þessi dýru síldarskip, ráðalausir og tekjurnar hverfa að miklu leyti. Ég hygg því, að það sé bezt að stilla öllu í hóf, fækka bændunum ekki allt of mikið. Ég skal játa það, að bændur geta framleitt meira, ef skilyrði eru fyrir hendi. Það er þess vegna ekki bein ástæða til að leggja mikla áherzlu á að fjölga þeim. Fólksfjölgunin er ör hér á landi, og bæirnir stækka. Ég hygg því, að það verði miklu meiri markaður fyrir landbúnaðarvörur á komandi árum en nú er, þannig að það megi gera ráð fyrir, að meginið af landbúnaðarvörum seljist innanlands. Um markaðshorfur skal ég ekki spá. En ég er sannfærður um það, að Ísland á framtíð fyrir sér að vissu marki sem landbúnaðarland, ekki sem skógaland eða til kornræktar, heldur til sauðfjárræktar og mjólkurframleiðslu. En landið verður ekki ræktað eða byggt, ef þeir, sem við það vinna, eiga að búa við allt önnur og verri skilyrði en aðrir menn í þjóðfélaginu.

Ég veit, að það er á valdi stjórnarflokkanna, hvað þeir gera við þessa lagabreytingu. En um grundvallarverðlagið þarf ekki að semja nein lög, þar er aðeins um framkvæmdaratriði að ræða. Bændur hafa ekki haldið nægilega vel á sínum málum eða verið rangindum beittir. En það þarf lagabreytingu til þess að breyta því ákvæði, að laun bænda skuli vera hliðstæð launum annarra stétta án tillits til þess, hvort þeir vinna sitt verk vel eða illa, því að það hindrar algerlega eðlilega þróun og verður til þess, að þeir sterkari útrýma eða hrekja þá, sem minna mega sín, frá jörðunum. Ég veit, að það er á valdi stjórnarliðsins, hvort þetta verður samþ. eða ekki. Ég geri ráð fyrir, að ég skrifi um þetta og bændum verði ljóst, hvar þeir standa í þessu efni, og það skrýtna er, að bændum sjálfum var þetta atriði miklu betur ljóst en yfirleitt flestum af þeim mönnum, sem eiga að fást við þeirra mál í framkvæmdinni. Ég hef talað við margan bónda, sem er það ljóst, að það er

þýðingarlaust að vera að erfiða þetta, þeir fengju ekkert meira fyrir það. Og það er rétt hjá þeim. Verði þessi lagagrein látin vera óbreytt, er langskynsamlegast og eðlilegast fyrir bændur að koma sér saman um það í bróðerni að minnka sína framleiðslu um helming, þeir fá sama kaup. Þess vegna sjá allir menn með heilbrigða skynsemi, hversu fáránlegt þetta er. En ég hef alltaf viljað þessari ríkisstj. vel og ráðið henni heilræði, eftir því sem ég hef getað eða haft vit til, og ég held, af því að það á að kjósa í sumar, þá væri skynsamlegast að leysa þessi mál nú. Eins væri skynsamlegra að lækka vexti á föstu lánunum hjá Búnaðarbankanum, ef ríkisstj. ætlast til þess, að unga fólkið í sveitinni kjósi með sér í næstu kosningum. (Gripið fram í.) Ef ég væri í stjórnarliðinu, mundi ég a. m. k. mæla með því, að þetta væri gert. Það er ekki óeðlilegt, þótt sumum verði dálítið þungt í skapi vegna þeirra vandkvæða, sem eru nú á því að byrja búskap.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ekki efast ég um það, að hv. þm. hafi flutt ræðu sína af mikilli velvild í garð ríkisstj. og hennar stuðningsflokka. Hitt vil ég þó ekki ætla honum, að með henni hafi hann beinlínis verið að höggva mjög nærri sínum eigin flokki, Framsfl. En ef orð hans væru rétt, þau sem hann mælti í ræðu sinni, væri þar um að ræða eina mestu gagnrýni, sem flutt hefur verið á hans eigin flokk hér á hinu háa Alþingi um langt skeið, og skal ég víkja að þessu í örfáum orðum.

Það var kjarni í ræðu hv. flm. þessa frv. annars vegar, að gildandi lög um verðlagningu landbúnaðarafurða væru mjög ófullkomin og bændum óhagstæð, og svo hins vegar, að framkvæmd sex manna nefndarinnar svokölluðu, sem hefur með höndum ákvörðun verðlagsgrundvallar landbúnaðarins, á þessum lögum hefði verið með þeim endemum, að hvorki meira né minna en 30% hefðu verið höfð af bændum við ákvörðun verðlagsgrundvallar landbúnaðarins, m. ö. o., þær tekjur, sem bændur hefðu upp úr verðlagsgrundvellinum, væru 30% minni en þær ættu að vera samkv. ákvæðum l. Er vissulega illt í efni, ef þetta væri rétt annars vegar, að lög, sem sett voru með tilstilli Framsfl. á sínum tíma, væru jafnmeingölluð og þm. vildi vera láta. En út yfir tæki þó, ef það væri rétt, að ákvörðun sex manna nefndarinnar svokölluðu, þar sem sitja sérstakir trúnaðarmenn bænda, gildir framsóknarmenn, — ef vinnubrögð þessarar n. væru með þeim endemum, að haft væri af bændum sem svaraði 30% af þeim launum, sem þeir ættu rétt á. Ég hygg, að það sé nóg að draga efni ræðu hv. þm. saman í þessar niðurstöður til þess að sjá, að hér er mjög hallað réttu máli.

Ég skal ekki, a. m. k. ekki að þessu sinni, víkja í einstökum atriðum að þeim útreikningum, sem hv. þm. flutti í ræðu sinni, enda þurfa þeir nokkru nánari athugunar við, ef gera á þeim rækileg skil. En á það vildi ég benda, hversu ósennilegt er, að hv. þm. geti farið hér með rétt mál, að sex manna nefndin svokallaða, sem ákveður verðlag á afurðum bænda, náði fullu samkomulagi á s.l. hausti um verðlagið fyrir næsta verðlagsár, fulltrúar bænda og neytenda náðu algeru samkomulagi um verðlagsgrundvöllinn. Má geta nærri, hvort líkur væru á því, að slíkt samkomulag hefði náðst, ef niðurstaðan væri jafnfráleit og hv. þm. vildi gera skóna, að hún hafi verið. Á það má líka benda, að undanfarin ár hefur, að ég held, ávallt náðst samkomulag í sex manna nefndinni um grundvöllinn, að einu ári undanskildu, þegar ekki náðist samkomulag í yfirdómi og verðlagningarmálin gengu til úrskurðar oddamanns, sem er hagstofustjóri. Ég hygg, að það sé í raun og veru alveg nóg að benda á þetta samkomulag í þeirri opinberu nefnd, sem ákveður bændum verðlag, til þess að sýna fram á, að staðhæfingar hv. þm. um það efni, að stórlega væri haft af bændum, eiga ekki við nein rök að styðjast.

Enn fremur er ég þeirrar skoðunar, að dómur hans um löggjöfina um verðlagningu landbúnaðarafurða, sá dómur hans, að sú löggjöf sé bændum mjög óhagstæð, sé mjög rangur. Ég er þvert á móti þeirrar skoðunar, að þessi löggjöf veiti bændum meiri rétt en nokkur önnur stétt í landinu býr við varðandi kjör sín, vegna þess að með þessum lögum eru bændum ákveðin hliðstæð kjör og launastéttir í bæjum njóta. En þetta eru skilyrði, sem engin önnur stétt í landinu býr við, þau skilyrði að fá kjarabót sjálfkrafa, ef launastéttir í bæjum hafa komið fram kjarabótum fyrir sig, sem oft hafa kostað þær mikla baráttu og erfið verkföll. Bændur landsins þurfa aldrei að standa í kjarabaráttu, aldrei að standa í verkfalli til þess að fá fram kjarabætur. Þeim eru færðar þær á silfurfati, um leið og aðrar stéttir hafa, eins og ég segi, e. t. v. eftir harða baráttu náð fram bótum á sínum kjörum. Löggjafinn hefur því búið mjög vel að íslenzkum bændum, og ættu forustumenn bænda sízt að vanþakka það, svo sem þó kom greinilega fram í ræðu hv. þm. áðan.

En fyrst þetta tilefni gafst til að skjóta hér fram nokkrum aths., vil ég nota það til þess að vekja athygli á öðru atriði í sambandi við framleiðsluráðslögin, atriði, sem ég tel að bráðnauðsynlega þurfi endurbóta við í þeirri löggjöf. Það eru ákvæði l. um heimildir til greiðslu útflutningsuppbóta á útfluttar landbúnaðarvörur. Ákvæði l. virðast nú vera framkvæmd þannig, að gerð er krafa til þess, ef landbúnaðarafurð er flutt úr landi, að á hana séu greiddar útflutningsbætur sem svarar mismun á því verði, sem fæst fyrir vöruna erlendis, og því grundvallarverði, sem sex manna nefnd eða framleiðsluráð hefur ákveðið á þessa vöru hér innanlands, án þess að nokkur takmörk séu fyrir því, hversu háar þessar útflutningsuppbætur geti orðið. Það er þetta atriði, sem ég tel skorta ákvæði um í framleiðsluráðslögin. Það væri eðlilegt, að þar væri eitthvert ákvæði, sem takmarkaði það, að útflutningsuppbætur gætu numið hlutfallslega mjög mikilli upphæð af því verði, sem fæst fyrir vöruna erlendis, eða svo að notað sé venjulegt mælt mál, að varan sé ekki allt að því gefin úr landi, en veitt sé með henni úr opinberum sjóði hér innanlands e. t. v. tvöföld sú upphæð, sem fæst fyrir vöruna, þegar hún

er flutt úr landi, þannig að í raun og veru séu íslenzkir skattgreiðendur að gefa íslenzkar landbúnaðarvörur úr landi. En ástæðan til þess, að ég nota þetta tækifæri til að vekja athygli á þessari staðreynd, er sú, að einmitt nú um þessar mundir eru Íslendingar að gera viðskiptasamninga við Ungverja, og ein af þeim vörum, sem undanfarin ár — einnig á síðasta ári — hefur verið flutt til Ungverjalands, er undanrennuduft. Þangað hafa í raun og veru verið fluttar margar fleiri íslenzkar landbúnaðarafurðir, sem Samband ísl. samvinnufélaga hefur selt þangað til lands, en ein af þeim vörum, sem fluttar hafa verið til Ungverjalands, er undanrennuduft, og í sambandi við viðskiptasamningana eða undirbúning þeirra kom í ljós, að útflutningsbætur á þessa vöru hafa verið svo háar, að ég tel fullkomið hneyksli, að slík vara skuli hafa verið flutt úr landi með jafnstórkostlegri meðgjöf af hálfu íslenzkra skattborgara og raun ber vitni um. Þessum orðum mínum skal ég nú finna stað.

Á s.l. ári voru framleidd í landinu 717 tonn af þessari vörutegund, undanrennudufti. Sala innanlands nam á milli 150 og 200 tonnum, sumpart þó sala af fyrra árs framleiðslu, en útflutningur janúar—nóvember nam 650 tonnum. Þessi vara var flutt úr landi fyrir 2.9 millj. kr., og var meðaleiningarverð 4,50 kr. En útflutningsuppbætur úr almannasjóði námu á þessa vöru hvorki meira né minna en 8.4 millj. kr. eða 12,92 kr. á hvert kg, eða m. ö. o. útflutningsbæturnar námu hvorki meira né minna en næstum þrefaldri upphæðinni, sem varan var seld úr landi fyrir. Hér er vara seld úr landi fyrir u. þ. b. einn fjórðung af því verði, sem bændum er greitt fyrir hana. Útlendi neytandinn borgar u. þ. b. einn fjórðung af því verði, sem bóndinn fær, íslenzkir skattgreiðendur greiða upp undir ¾ af því verði, sem íslenzki bóndinn eða framleiðandinn fær. Verðið er nokkuð misjafnt. Til Vestur-Þýzkalands var þessi vara flutt á s.l. ári fyrir 5,54 kr. kg, en útflutningsbætur námu 12,61 kr. Til Ungverjalands var varan flutt á 4,72 kr. til 4,79 kr., lægra verð til Ungverjalands en til Vestur-Þýzkalands, útflutningsuppbætur námu frá 13,01 kr. upp í 13,53 kr. Nokkurt magn var enn fremur flutt til Sviss. Þar fékkst lægsta verðið, 3,63 kr., útflutningsuppbætur 12,30. Meðalútflutningsbætur á þessa landbúnaðarafurð námu því á s.l. ári 287% á útflutningsverð. Og nú leyfi ég mér að spyrja hv. alþm., hvort ekki sé ástæða til þess að taka til athugunar breytingar á framleiðsluráðslögunum, sem komi í veg fyrir aðra eins fjarstæðu og hér á sér stað, að verið sé að framleiða landbúnaðarvöru í landinu, svo að segja gefa hana til útlanda, en halda framleiðslunni hreinlega uppi á kostnað íslenzkra skattgreiðenda.

Fyrst hv. þm. hefur gert till. um það, að framleiðsluráðslögin séu athuguð, með því að gera till. um breyt. á 4. gr. l., vildi ég beina því til þeirrar hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, hvort hún telji ekki ástæðu til þess að setja í framleiðsluráðslögin ákvæði, sem komi í veg fyrir, að annað eins og þetta geti gerzt í framleiðslumálum íslenzks landbúnaðar og íslenzkum utanríkisviðskiptum.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er um að ræða, fer fram á það, að bændur njóti meira en verið hefur þeirrar framleiðsluaukningar, sem orðið hefur í landbúnaðinum. Þessi till. er ekki ný af nálinni. Hún hefur verið rædd í framleiðsluráði, hún hefur verið rædd í stjórn Stéttarsambands bænda, og nú hefur stjórn Stéttarsambands bænda og framleiðsluráð kosið nefnd til þess að endurskoða framleiðsluráðslögin, og till. um þetta er þar til rækilegrar athugunar. Ég vildi því leggja til, að þegar þetta frv. kemur í n., verði sú nefnd, sem vinnur nú að endurskoðun framleiðsluráðslaganna, kvödd til viðræðu í sambandi við þetta mál, og veit ég þá, að það fær undirtektir, sem eðlilegar eru og verða bændum til mests gagns.

Það er ekki alveg einfalt, þetta mál, það er ýmislegt, sem kemur til greina, þegar framleiðsluráðslögin eru athuguð. Og ef bændafulltrúar sex manna nefndarinnar hefðu nú málfrelsi hér í hv. d. og tækju til máls á eftir hv. flm. þessa frv., hefðu þeir margt að segja sér til varnar, og ég býst við, að sumir þeirra mundu segja ýmislegt til sóknar á hendur þeim málflutningi, sem hv. frsm. viðhafði hér áðan og er þessum hv. þm. ekki svo tamur. En það, sem ég á við með því, að málflutningurinn hafi verið dálítið sérstæður, var, að hv. þm. fór með fullyrðingar, sem hann að sjálfsögðu hefur haldið að væru réttar, en hafa ekki stoð í veruleikanum, þegar það er kannað og réttra heimilda er leitað. T. d. það, þegar hv. þm. fullyrðir, að bændur hafi 30% lægra kaup en þeim er ætlað lögum samkv., og sex manna nefnd hefur náð samkomulagi um laun bóndans og afurðaverðið, þá nær þetta ekki nokkurri átt. Og ég sé það líka hér, ég er með eitt hefti af Árbók landbúnaðarins 1962, þar sem síðasti verðgrundvöllur er skráður. Ég færi hv. ræðumanni það til afsökunar, að hann hefur ruglað tölum, og held, að það geti komið fyrir ágæta menn. Í verðgrundvellinum 1962 eru laun bóndans reiknuð 94576 kr. (Gripið fram í.) Laun bóndans í verðgrundvellinum 1961 voru lægri, mig minnir 79 þús., en hv. þm. sagði 59 þús. Þegar við tölum um launatekjur verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna annars vegar og hins vegar launatekjur bænda, verðum við að hafa sambærilegar tölur í báðum tilfellum. Við megum ekki í öðru tilfellinu taka tekjur, sem miðast við dagvinnukaup 8 stunda vinnu og eftirvinnu og í hinu tilfellinu taka aðeins 8 stunda vinnutekjur og sleppa eftirvinnunni. Það er þannig, að tekjur verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna hafa verið 1961 um 79 þús. kr., þegar eftirvinnan er reiknuð með, en um 60 þús. kr., þegar miðað er við 8 stunda vinnudag. Og bóndinn fær í þessu tilfelli reiknaða bæði dagvinnuna og eftirvinnuna í samræmi við það, sem verkamenn, iðnaðarmenn og sjómenn fá. En ef bóndinn vinnur lengri vinnudag, sem hann mun oft gera, þá ber hann skarðan hlut frá borði, og skv. hlutföllunum 1962 eru launatekjur bóndans 94576 kr., og er þá reiknað með þeim launatekjum, sem verkamenn, sjómenn og iðnaðarmenn fengu, þegar eftirvinnutekjur þeirra eru teknar með.

Þetta er allt of mikil ásökun á fulltrúa bænda í 6 manna nefnd, sem kom hér fram. Hins vegar get ég tekið undir það með hv. þm., að það væri æskilegt, ef hægt væri að búa betur að bændum, það er allt annað mál. En við vinnum ekki bezt að því með því að fara ekki rétt með staðreyndir, sem fyrir liggja.

Nú er það svo, að framleiðsluráðslögin eru frá 1947 og voru á sínum tíma ágæt, sérstaklega fyrir bændur, og ef við flettum Tímanum frá 1947 og alveg til ársloka 1958, þá voru þessi lög í því blaði talin ágæt vernd fyrir bændastéttina. Ég gerði mér hins vegar grein fyrir því, að til þess að þessi lög væru verulega góð fyrir bændastéttina, þurfti að endurbæta þau. Og það var eitt af fyrstu verkum núv. ríkisstj. að gera það. Það var gert með því að taka ábyrgð á því, sem þurfti að flytja úr landi, tryggja það, að bændur fengju sama verð fyrir vöruna, hvort sem hún væri seld innanlands eða utan. Þetta er ein sú mesta og bezta trygging, sem bændastéttin hefur fengið, og hafa fulltrúar bænda í 6 manna nefnd, í stjórn Stéttarsambands bænda og framleiðsluráði skilið þetta og ekki látið neinar öfgar á sig fá, heldur gert sér grein fyrir, að með þessu atriði í lögunum hafa bændur fengið tryggingu, sem þeir lengi vildu fá, en áttu ekki kost á að fá fyrr en í árslok 1959.

Það var oft, sem bændur báru skarðan hlut frá borði, og það er rétt, sem hv. flm. sagði hér áðan, að bændur fengu ekki áður fyrr það verð, sem þeim var reiknað í verðgrundvellinum. Og hvers vegna var það? Það var vegna þess, að þeir þurftu að flytja út kjöt, þeir þurftu að flytja út osta á mun lægra verði en innanlandsverðið var. Og áður en útflutningstryggingin kom til skjalanna, urðu bændur sjálfir að bera þennan halla. Það var t. d. hjá Mjólkurbúi Flóamanna eitt árið, sem vantaði 20 aura á lítra, vegna þess að það voru fluttir út ostar á lágu verði. Ég tel, að bændur megi ekki missa þessa tryggingu. Þeir verða að hafa hana. Það er undirstaðan til þess, að hægt sé að tryggja bændum það, sem lögin ætlast til, að tekjur þeirra verði í samræmi við aðrar vinnandi stéttir. Þess vegna mega bændur ekki missa þetta ákvæði úr lögunum, og bændur eru mér sammála um það.

Um það, sem hv. flm. fullyrti hér áðan, að afurðirnar í grundvellinum væru reiknaðar miklu meiri en þær reyndust vera, ef það væri rétt, þá væri það eingöngu vegna þess, að 6 manna nefndin og ráðunautar hennar hafa reiknað skakkt. Ég held, að þetta geti alls ekki verið rétt. 6 manna nefndin hlýtur að miða við það raunverulega, og ég hef reyndar ekki heyrt, að það hafi verið vefengt t. d. á mjólk, sem er tekin eingöngu skv. skýrslum mjólkurbúanna, ekki heldur á kjöti, sem er tekið skv. skýrslum. En það var eitt atriði, sem deilt var um 1961 um haustið. Það var ullarmagnið. Það var deilt um það, hvort ullarmagnið væri raunverulega eins mikið og áætlað var, en það mun hafa verið leiðrétt á s. l. hausti og ullarmagnið áætlað í grundvellinum fyrir 1962—63 í samræmi við raunveruleikann.

Það, sem hæstv. viðskmrh. sagði hér áðan um útflutning á mjólkurdufti, er ein bezta sönnunin á því, hversu mikils virði útflutningstryggingin er fyrir bændur. Hvað ættu bændur að gera við umframframleiðsluna, ef þeir hefðu ekki kauptryggingu? Þeir gætu auðvitað ekki gert við hana annað en flytja hana út. Áður voru fluttir út ostar, á meðan framleiðslan var meiri en fyrir innanlandsmarkaðinn. Nú tvö síðustu árin hefur verið flutt út mjólkurduft. Ég hef rætt það við framleiðsluráðið, hvort ekki væri hagstæðara að flytja út ost, og hafa þeir talið, að það væri mjög svipað, það mundi vera lítið hagstæðara. Eigi að síður er nú orðið það mikið til af osti, að það verður að flytja eitthvað út af osti. Mjólkurmagnið hefur aukizt gífurlega nú 2—3 síðustu árin og er meira en til neyzlu innanlands. Og það er vitanlega ekki nema gott við því að segja. Ég held, að við megum ekki telja það eftir, þótt við greiðum með því, sem flutt er út af offramleiðslu landbúnaðarins miðað við innanlandsmarkaðinn. Ég held, að við verðum að gera það m. a. til þess að tryggja það, að þó að árferði versnaði, þá hefðum við samt nægilega mikið af landbúnaðarvörum, og líka til þess að fólkið fari ekki úr sveitunum meira en verið hefur. Og ég held, að þetta út af fyrir sig ætti að vera einn þáttur til þess að draga úr fólksflótta úr sveitunum. Framleiðslan hefur aukizt gífurlega, sem betur fer, segi ég, og það er í samræmi við þá stefnu, sem er mörkuð, og í ósamræmi við þá spádóma, sem hafðir voru hér uppi, að landbúnaðarframleiðslan, ræktunin og allt þess háttar mundi dragast saman.

Ef við lesum skýrslur um ræktunina í landinu, kemur í ljós, að ræktunin hefur verið að meðaltali á áratugnum 1950—60 3400—3500 hektarar. En árið 1961 voru ræktaðir 3960 hektarar og sennilega ekki minna s. l. ár. Og ef við förum að athuga áburðarnotkunina, þá hefur hún aldrei verið eins mikil og á s. l. ári, sem er í samræmi við það, að hinir ræktuðu blettir hafa stækkað, og einnig það, að farið er að bera áburð á jafnvel bithaga.

Það hefur verið talað um, að fólksflóttinn úr sveitunum væri óhollur, og það er rétt. Það eru vitanlega takmörk fyrir því, hversu langt má ganga í því efni. En þannig hefur þetta gengið frá því um aldamót, og hafi hv. alþm. hlustað á fyrirlestur eftir Pál Zóphóníasson, sem lesinn var í útvarpið í vetur, kemur greinilega fram, að fólksflutningar úr sveitum eru minni nú en þeir hafa oft verið áður. Ég hef látið taka saman, ég er ekki með þær skýrslur með mér hér, skýrslur um eyðijarðir, fjölgun þeirra á undanförnum árum og nú. Ég hef gert það af sérstöku tilefni, vegna þess að það hefur stundum verið látið í það skína, að jarðir hafi jafnvel ekki farið í eyði fyrr en nú, eftir að núv. ríkisstj. kom til valda. En ég vil geta þess, að árið 1957 fjölgaði eyðijörðum um 45 og 1958 um 45, 1959, næsta ár eftir að vinstri stjórnin fór frá völdum, um 73, en 1961 fjölgaði eyðijörðum um 42, þannig að það er ekki aukning á fjölda eyðijarða núna, síðan núv. ríkisstj. tók við völdum, nema síður sé. Og ég hef sagt það áður og ég segi það enn, og ég veit ekki, hvort til þess var vitnað í þeirri ræðu, sem ég nefndi hér áðan, hjá Páli Zóphóní-

assyni, hann hefði það eftir mér frá aðalfundi Stéttarsambands bænda, að það gæti verið eðlilegt, að litlar jarðir væru sameinaðar. Er nokkur hv. þm., sem telur það óeðlilegt, að litlar jarðir séu sameinaðar í eina jörð, ef þær eru svo litlar, að það sé ekki hægt að hafa það stór bú á þeim, að það skapi fjölskyldu lífsviðurværi? Ég held ekki. Ég held, að það sé eðlileg þróun, ef tvær litlar jarðir liggja saman, að þær séu sameinaðar í eina jörð. Og þá er hægt að hafa lífvænlega framleiðslu og lífvænlegan búskap á henni. En með því að gera þetta getur verið, að bændunum fækki eitthvað. En framleiðslan minnkar ekki. Framleiðslan getur einmitt aukizt við það. Einn bóndi, sem býr á tveimur litlum jörðum, hefur jafnvel aðstöðu til að framleiða meira en tveir bændur, sem eru á litlum jörðum og hafa ekki efni á að rækta eða fá sér vélakost.

Ég held, að þróunin í landbúnaðinum verði að miðast við það, hvernig framleiðslan er og hvernig að henni er búið á hverjum tíma, og það er vitanlega ekki æskilegt fyrir fámenn þjóðfélög eins og Íslendinga að binda allt of margt fólk í landbúnaði. Við vitum það, að Bandaríki Norður-Ameríku væru ekki forustuþjóð í heiminum, ef meginhluti þjóðarinnar byggi við landbúnað, eins og var fyrir 100 árum. Í öllum nútímaþjóðfélögum hlýtur að vera verkaskipting, og það, sem þarf að gera, er að stuðla að því, að það sé jafnvægi í þjóðarbúskapnum og það séu hæfilega margir í hverri atvinnugrein. Þannig er unnt að byggja upp þjóðfélag, sem verður frjálst og velmegandi efnalega.

Hv. flm. talaði um það, að verðgrundvöllurinn hefði versnað upp á síðkastið. Ég er ekki á þeirri skoðun. Ég er á þeirri skoðun, að verðgrundvöllurinn megi verða mun betri en hann nú er. En við getum látið tölurnar tala og sýnt fram á, að verðgrundvöllurinn er hagstæðari nú fyrir bændur en hann var fyrir 3—4 árum. Fyrir 3 árum fékk bóndinn enga vexti af eigin fé í grundvellinum, nú fær bóndinn 5% vexti af eigin fé, sem reiknað er 372 þús. kr., eða 18600 kr. Við getum verið sammála um, að þetta er of lítið, því að bóndinn þarf að binda meira fjármagn en 372 þús. kr. í búinu, jörðinni og húsunum. Það er auðvitað of lítið, að hann fái 5%, en vissulega er það kjarabót, að hann skuli þó hafa fengið 5% í grundvöll 1962, þegar hann fékk ekkert 1958. Það er mikil kjarabót. Það eru ekki nema fá ár síðan farið var að reikna út fyrningu á útihúsum, og er undarlegt, hversu lengi það dróst. En nú er reiknuð 3% fyrning á útihúsum, sem vitanlega er allt of lítið. Við vitum, að útihúsin fyrnast á mun skemmri tíma en 33 árum. Það er þess vegna of lítið að reikna 3%. Þetta þarf að laga. Og það er vitanlega ýmislegt annað, sem þarf að laga. Það er t. d. ekki nokkur meining í því að vera að reikna öllum bændum í landinu tekjur af hlunnindum, að reikna öllum bændum í landinu t. d. tekjur af laxveiði, þar sem engin lax veiðist, reikna öllum bændum tekjur af dún, þar sem engin dúntekja er, reikna öllum bændum í landinu tekjur af selveiði, þar sem engin selur veiðist. En þannig hefur þetta verið framkvæmt undanfarin ár, síðan framleiðslulöggjöfin var sett, og ég verð að segja, að þetta er atriði, sem þarf að lagfæra í lögunum, og eitt af því fáa, sem er algerlega raunhæft, því að við höfum hlustað á samþykktir af ýmsum fundum, sérstaklega í fyrrasumar, til breytinga á framleiðsluráðslögunum, og það er vitað, að meginhlutinn af tillögunum, sem samþykktar voru á slíkum fundum, var ekki til bóta, þó að þær hafi verið teknar til greina. En þetta væri tvímælalaust til bóta, að fella niður þennan hlunnindalið, sem er reiknaður til tekna bændum, sem alls ekki njóta hlunnindanna. Ég mundi einnig taka undir það, ef 6 manna nefnd og þeir, sem nú eru að endurskoða framleiðsluráðslögin, teldu eftir atvikum, þegar allt er tekið með í reikninginn, sem hlýtur óhjákvæmilega að koma fram, að það sé nauðsynlegt að koma þessu inn í framleiðsluráðslögin, sem hv. þm., Björn Pálsson, fer fram á, þá gæti það verið út af fyrir sig gott. Og það er rétt, sem hann sagði, að með þessu móti gætu bæði neytendur og framleiðendur notið góðs af aukinni framleiðni í landbúnaði. Þess vegna er eðlilegt, að tekið sé eftir þessu, og þess vegna er það, sem framleiðsluráð og stjórn Stéttarsambands bænda hafa rætt um þessa till. undanfarna mánuði.

Ég sé ekki ástæðu til að fara nánar út í ræðu hv. þm. hvað þetta snertir. Ég veit, að frv. er flutt í góðum tilgangi hjá hv. þm. til þess að bæta framleiðsluráðslögin, og það má segja, að þó að hv. þm. verði það á að fullyrða ef til vill óþarflega mikið, þá er vel hægt að fyrirgefa það, sérstaklega þegar það er gert í ógáti. Og ég get lokið máli mínu, um leið og ég viðurkenni, að það væri æskilegt, að bændur gætu búið við betri kjör en þeir nú búa við. En ég er ekki sammála hv. flm. um það, að það sé verra hjá bændastéttinni nú en var, og ég er sannfærður um, að ef engin skemmdarverk verða unnin, þá munu bændur búa við batnandi hag. Það er t. d. alveg augljóst, að ef tíðarfarið verður sæmilegt á þessu ári, þá mundi hagur bænda verða betri á árinu 1963 en 1962, og það er vegna þess, að þeir njóta þeirrar hækkunar, sem hefur orðið á landbúnaðarvörum, allt árið 1963, en ekki nema lítils hluta 1962. Og ef rekstrarvörur bænda þyrftu ekki að hækka, ef t. d. áburður þyrfti ekki að hækka eða fóðurbætir, þá er enginn vafi á því, að það yrði hagstæðari rekstur hjá bændum á árinu 1963 en áður. Ég veit, að bændur hafa gert sér það ljóst og finna það. Ég hef iðulega rætt við bændur og spurt þá um það, hvernig hagurinn sé, og mér er kunnugt um það, hvar skórinn kreppir að. Og ég veit, að þeir segja mér alveg í einlægni, hvað þeim finnst um þessi mál. Og þeir hafa upplýst mig um, að það sé ekki verri aðstaða til búrekstrar nú en verið hefur og það sé batnandi, og það er vitanlega ákaflega mikið atriði. Hitt er svo rétt, sem oft er sagt, að það er erfiðleikum bundið fyrir fátæka menn að byrja búskap. Það hefur alltaf verið erfitt. Unnið hefur verið að því, eins og þið vitið, hv. þm., að byggja upp lánasjóði landbúnaðarins, en það má segja, að þar sem ekki er nema eitt ár liðið, síðan grundvöllurinn var lagður að því, þá er árangurinn af því vitanlega

ekki enn orðinn eins áhrifaríkur og hann mun verða eftir tiltölulega fá ár. Það er rétt, að það vantar t. d. fjármagn í veðdeild landbúnaðarins, sem gæti haft það hlutverk að veita lán til jarðakaupa og búfjárkaupa. Þetta eru verkefni, sem þarf að leysa, þangað til stofnlánadeildin er orðin svo öflug, að hún geti tekið þetta hlutverk að sér. En það getur hún eftir tiltölulega fá ár með þeirri uppbyggingu, sem henni er gefin með stofnlánadeildarlögunum.

Flm. (Björn Pálsson): Herra forseti. Ég þarf í sjálfu sér ekki mjög miklu að svara. Það er óviðkunnanlegt, að hæstv. viðskmrh. hleypur út, þegar hann er búinn að halda ræðu sína, svo að það er leiðinlegra að svara honum. Hann talaði aðallega um mjólkurduft og hrakti ekki eina einustu tölu, sem ég hafði fram að færa.

Hæstv. landbrh. virtist vera að rengja tölur, sem ég kom með, en það byggðist á misskilningi hans eða misheyrn, — ég veit ekki, hvort heldur var, — því að ég nefndi aldrei árin 1961 og 1962 viðvíkjandi þessum hagskýrslum, heldur árið 1960. Það er síðasta hagskýrslan, sem hefur komið út, og ég skal standa við hverja einustu tölu, sem ég nefndi. Ég er hér með hagskýrsluna og get sýnt hæstv. ráðh. hana, ef hann vill. Landbúnaðartekjurnar eru, eins og ég sagði, 55840 kr., ef hæstv. ráðh. vildi gera svo vel að skrifa það upp. Og heildartekjur bóndans eru 66104 kr., ef ráðh. vildi skrifa það upp. Og þá er eftir að draga frá vexti af eigin fé, sem hann taldi raunar að hefðu komið til greina síðar en þeir komu. Ég tók einnig fram, hvað mikið það væri, upp á krónu, og skal ég gefa honum það upp. Það eru 6896 kr. vextir af eigin fé, sem þarf að draga frá þessum 66104 kr., og kemur þá út 59208 kr., ef hæstv. ráðh. vildi skrifa það hjá sér. Og þetta getur hann allt borið undir Arnór Sigurjónsson í hagstofunni, hvort þetta er ekki allt satt hjá mér. Ég hef ekki farið með eina einustu tölu nema sem ég get staðið við, — ekki eina. En það er ekki hægt fyrir mig að byggja endanlega á landbúnaðarskýrslu nema fyrir árið 1960, vegna þess að það er ekki búið að vinna úr árunum 1961—1962. Og ég hef ekki sagt neitt um, hvernig verðlagsgrundvöllurinn hefði staðizt s. l. haust. Það á eftir að koma í ljós, hvort afurðamagnið verður eins mikið og áætlað var og hvernig landbúnaðarskýrslur koma þá út. Tekjur af meðalbúinu eru 59208 kr. nákvæmlega útreiknað af hagstofunni. Þetta getur hæstv. ráðh. allt saman farið með til þeirra og vitað hvað ég skrökva miklu. Það getur ekkert verið rangt í þessu, nema ef hæstv. viðskmrh. hefur sagt eitthvað rangt, því að það var hann, sem lýsti því hér yfir í ræðu fyrir jólin, að meðaltekjur sjómanna, verkamanna og iðnaðarmanna hefðu árið 1960 verið 78 þús. kr. Og ég tek enga ábyrgð á því, hvort hann hefur sagt satt eða ekki, en ég reiknaði með, að hann gerði það. Ég býst við, að hann hafi þessar tölur frá hagstofunni líka, og reikna með, að þar sé rétt með farið. Ef eitthvað er rangt í þessu máli, þá er það sú tala. Hitt er allt saman skjalfest hérna, og ég get meira að segja lofað hæstv. ráðh. að sjá þetta prentað hér, ef hann vill, undireins. Bændur fá um 20 þús. kr. minna en aðrir launþegar þetta ár, sem þýðir um 30% lægri tekjur.

Viðvíkjandi umr. um búskap, sem hæstv. landbrh. hélt, þá er það hlutur, sem má halda langa ræðu um. Út af fyrir sig var það ekki ádeila á það, sem ég hef sagt, og ég þarf ekki að svara því.

Viðvíkjandi fóðurmjöli er það í rauninni athyglisvert, að það eru vissar vörutegundir, sem ekki er skynsamlegt eða hyggilegt að flytja út og greiða miklar niðurgreiðslur á. Út af fyrir sig skiptir það bændur ekki máli. Þeir geta gefið sitt fóðurmjöl og selt mjólkina dýrar. Þeir þurfa bara að fá ákveðið verð fyrir mjólkina. Það er alveg eins hægt að selja mjólkina hærra og bændur gæfu sjálfir sitt fóðurmjöl. Fóðurmjölið er einhver bezta fóðurtegund, sem til er, og það borgar sig fyrir bændur að kaupa hana miklu hærra en nokkra aðra fóðurvöru. Ég hygg, að það borgi sig að kaupa hana tvöfalt hærra en síldarmjölið, og nú er síldarmjölið orðið eitthvað 6 kr. Það er sannarlega athugandi, að það eru vissar vörutegundir, sem ekki er rétt að flytja út og borga svo og svo mikið niður. Það er þá betra að bæta mjólkina meir upp og bændur gæfu sem fóðurbæti fóðurmjölið, því að það er tvímælalaust langbezta fóður handa mjólkurkúm, sem til er.

Það er atriði, sem þarf að athuga og ræða, en það kemur ekki því við, sem ég sagði, hvort bændur hafi fengið minna en þeir áttu að fá fyrir afurðir sínar 1961 og 1962. Það er óranns aka mál. En bændur segja mér, að þetta sé versta ár, sem þeir hafi fengið, og þeir hafi aldrei átt örðugra en nú. Það var einmitt vegna umkvörtunar frá bændum, að ég fór að rannsaka þetta og studdist þá við hagskýrslur Arnórs Sigurjónssonar. Ég fór að fikra mig áfram og leita í öllum verðlagsgrundvellinum, í hverju þetta lægi. Og útkoman er þessi, eftir að ég er búinn að athuga verðlagsgrundvöll margra ára, að yfirleitt hefur vörumagnið, sem bóndinn átti að framleiða, verið áætlað of hátt, stundum miklu hærra, og enn fremur hefur verðið reynzt lægra en þeir áttu að fá, einkum hjá mjólkurbúum, sem hafa ekki mjólkursölu í stærri kaupstaði.

Ég held satt að segja, eins og ég benti á áðan, að á erfiðleikaárunum eftir 1950, þegar bændur urðu að skera niður fé sitt, má eiginlega undarlegt teljast, að þeir héldust í húsum. Það var veitt yfir þá flóðbylgju af sauðfjársjúkdómum. Það, sem verndaði bændur frá því að flosna upp, voru hagstæð lán. En nú, þegar atvinnan eykst við sjávarsíðuna, þá þrengir fyrst og fremst að þeim vegna verðhækkana, sem hafa orðið á öllum hlutum, og hárra vaxta. Ef eitthvað amar nú að bændum umfram það, sem hefur verið, þá er það fyrst og fremst þetta. Ég get vel gengið inn á, að þó að bændum fækki eitthvað, þá sé hægt að framleiða nóg kjöt og mjólk í landinu. En það er kannske ekki aðalatriðið. Sveitirnar hafa verið og munu verða beztu uppeldisskólar þessa lands. Og ef við athugum, hvaðan þeir koma, skipstjórarnir, sem mest afla nú, þá eru það ekki synir hagfræðinga eða prófessora hér úr Reykjavík, heldur eru það menn, sem komnir

eru frá eyjum og útskerjum og hafa háð sína hörðu lífsbaráttu á smábátum við ýmsa örðugleika. Það eru þeir, sem færa drýgstar tekjurnar í þjóðarbúið nú. Með því að flæma fólkið frá þessum stöðum, þá getur vel verið, að þjóðin hafi nóg af kjöti og mjólk, en ég efast um, að hún hafi of mikið af manndómi á eftir.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er nú ekki mikið, sem ég þarf að segja. Þetta er ekki eins mikill misskilningur hjá mér og hv. þm. vildi halda fram. Í sjálfu sér skiptir það ekki svo miklu máli, hvort við erum að ræða um árið 1960, 1961 eða 1962. Það, sem skiptir máli, er, að við förum með réttar tölur, þegar er verið að bera saman hvert ár fyrir sig. Hv. þm. vitnar hér í skýrslu Arnórs Sigurjónssonar og telur, að samkv. henni megi hann fullyrða, að bændur hafi vantað 30% á launatekjur sínar miðað við verkamenn, sjómenn og iðnaðarmenn. Þetta er ekki í þessari skýrslu. Og Arnór Sigurjónsson er þekktur fyrir mjög nákvæma útreikninga og skýrslugerð. Skýrslan segir ekki þetta. Hún segir ekki heldur, að þegar búið er að reikna bændum vexti af eigin fé, 6 þús. kr. árið 1960, þá eigi að draga það frá launatekjunum, ef ekki á að draga 18600 frá launatekjum 1962. Skýrsla Arnórs segir hins vegar, að því meira sem er fært á kostnað hjá bændum og hægt að fá samkomulag við neytendafulltrúana um að færa á kostnaðinn, því betri verður útkoma bóndans, — því meira sem hann fær samkomulag um að reikna vélakostnaðinn, benzínið, vaxtakostnaðinn og útgjöld búsins, því betri og hagstæðari verður útkoma bóndans, og þessir liðir hafa farið hækkandi. Í staðinn fyrir 6 þús. kr. í vexti af eigin fé árið 1960 eru 18600 kr. 1962.

Ég held nú, að mér og hv. flm. frv. beri svo lítið á milli í aðalatriðum, að það sé þess vegna ekki ástæða fyrir okkur að vera að ræða þetta öllu meira. Ég held, að við séum innilega sammála um, að það eigi að búa betur að bændum. En svo hefur hv. þm. talið ástæðu til þess, þó að hann sé svona velviljaður núv. ríkisstj., að gefa áminningu í mátulega háværum róm, og vissulega er hægt að fyrirgefa hv. þm. það, þó að hann telji, að ýmislegt hafi farið betur, áður en núv. ríkisstj. kom til valda, því að enn sem komið er er hann nú ekki a. m. k. yfirlýstur stuðningsmaður ríkisstj., þó að hann vilji henni virkilega vel.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar, en brtt. við það barst á þskj. 475.

---

39. Stuðningur við togaraútgerð.

Á 28. fundi í Sþ., 6. febr., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um sérstakan stuðning við togaraútgerðarfyrirtæki, sem skortir hráefni til fiskvinnslustöðva sinna vegna aflabrests togaranna og siglinga á erlenda markaði [131. mál] (þmfrv., A. 236).

Á 37. fundi í Nd., 11. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., á þskj. 236, var flutt í lok síðasta þings og varð þá eigi afgreitt.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að undanfarin ár hefur togaraútgerð á Íslandi verið rekin með halla og mjög verið að togaraútgerð þrengt. Sífellt fleiri togarar hafa helzt úr lestinni og þeim skipum fækkað, sem stöðugt hafa stundað veiðar. Flestir, sem um mál togaraútgerðarinnar hafa fjallað, hafa þrátt fyrir allt þetta verið þeirrar skoðunar, að rekstri togaranna beri að halda áfram, þótt illa hafi árað um skeið, þar til séð verður, hvort aflaleysið er tímabundið eða varanlegt. Hafa því flestir litið svo á, að vegna þess, hversu ríkan þátt togaraútgerðin hefur átt í uppbyggingu atvinnulífsins á Íslandi, beri að gera þjóðfélagslegar ráðstafanir til þess að fleyta henni yfir erfiðleikaskeiðið. Í samræmi við þessar skoðanir hefur hv. Alþingi samþ. með sérstökum lögum um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins að veita togarafélögum bætur vegna taprekstrar árin 1960, 1961 og síðan, ef um aflabrest verður að ræða, miðað við meðaltal næstliðinna 5 ára. Auk þess eru á fjárl. þessa árs ætlaðar 15 millj. kr. til stuðnings togaraútgerð.

Ég mun ekki ræða hér, hvort líkur eru á, að sú aðstoð, sem ég hef getið um, muni nægileg til þess, að unnt sé að gera togarana út, né heldur koma að því vandamáli, hvort unnt væri annars vegar að gera aðrar fjárhagslegar ráðstafanir, t. d. í vaxtamálum og lánamálum, eða hins vegar tæknilegar breytingar á skipunum, er dygðu til úrbóta, en vil þó leggja áherzlu á, að ekki dugir til lengdar að gera einungis þær ráðstafanir, sem auðvelda reksturinn, heldur verði þær beinlínis að gera hann kleifan, ef ráðamenn þjóðfélagsins vilja framfylgja þeim skoðunum sínum, að ekki beri að leggja togaraútgerð niður á Íslandi.

Þetta frv. miðast þannig ekki við rekstur togaranna sjálfra, en ég vil með flutningi þess leggja til, að tekið sé á alveg sérstöku vandamáli sumra togarafyrirtækja, en lausn á því vandamáli mundi mjög auðvelda þeim fyrirtækjum að standa undir taprekstri togara sinna. Svo hagar rekstri sumra þeirra togarafyrirtækja, sem hvað verst eru sett nú, að þau hafa komið sér upp stórum og miklum fiskvinnslustöðvum, sem gætu mjög bætt afkomu fyrirtækjanna, ef ekki kæmi það til, að þau skortir hráefni vegna aflaleysis togaranna og siglinga þeirra með aflann á erlendan markað. Afleiðing þess, að hin dýru fiskiðjuver, sem hafa mikla afkastagetu, nýtast ekki sem skyldi vegna hráefnisskorts, er sú, að þau togarafyrirtæki, sem

eiga þau, eru hvað verst stödd allra togarafyrirtækja, vegna þess að þau verða auk taprekstrar togaranna að standa undir nýrri og dýrri fjárfestingu í vannýttum fiskvinnslustöðvum. Hins vegar ætti þessi eign togarafyrirtækjanna og yfirráð yfir slíkum fiskiðjuverum einmitt að geta orðið til þess að létta þeim taprekstur inn á togurunum, ef þau hefðu aðeins nægjanlegt hráefni til vinnslu, svo að minni þörf væri á beinum rekstrarstyrk til togara þeirra úr opinberum sjóðum.

Þótt það sé þjóðinni að sjálfsögðu dýrt að gera út togara með tapi, þá er jafnvel enn dýrara að láta undir höfuð leggjast að gera ráðstafanir til þess að tryggja skynsamlega nýtingu fullkominna fiskvinnslustöðva, sem varið hefur verið tugum millj. kr. til að reisa. Vitaskuld væri eðlilegt að álykta sem svo, að einfaldasta ráðið fyrir þau togarafyrirtæki, sem skortir hráefni til fiskvinnslustöðva sinna, væri að hætta að láta togarana sigla og láta aflann fremur í sínar eigin fiskvinnslustöðvar. En málið er því miður ekki svo einfalt og auðleyst. Eins og sakir standa og hag togarafyrirtækjanna er komið og með tilliti til margvíslegra atriða, vaxtakostnaðar, erfiðleika við útvegun rekstrarfjár, fiskverðs á erlendum markaði, miðað við afurðaverð til frystihúsa, erfiðleika við útvegun vinnuafls, ef ekki er siglt, og fleiri atriða, sem valda því, að stórum erfiðara er að koma togara út í nýja veiðiferð eftir að hafa landað heima heldur en ef landað hefði verið erlendis, þá tel ég, að togarafyrirtækjunum sé að óbreyttu mjög illkleift að fella niður siglingarnar, og er það miður farið. En þetta mun almenn skoðun þeirra, er til rekstrar togara þekkja. Siglingarnar eru sannarlega algert neyðarúrræði fyrir þau togarafyrirtæki, sem sjálf vantar hráefni til fiskvinnslustöðva sinna, en þau eiga því miður naumast á öðru völ, eins og málum er nú háttað.

Hverjar sem menn vilja telja orsakirnar til stórminnkaðs aflamagns togaranna, hafa afleiðingar þess, hversu mjög hefur minnkað það aflamagn, sem þeir hafa lagt á land hérlendis, orðið þær, að hinar dýru og fullkomnu fiskvinnslustöðvar einstakra togarafyrirtækja hefur skort hráefni og verið starfslitlar og verkafólk, sem vinnur við fyrirtækin, orðið að búa við stopula og ótrygga vinnu, þótt vinnudagur sé hins vegar oft langur, þegar vinnslufiskur fæst. En það getur reynzt slíkum fyrirtækjum erfitt að fá fólk til starfa, þegar á þarf að halda, ef ekki er hægt að tryggja jafna og stöðuga vinnu, því að verkafólki er ekki hægt að bjóða þau kjör, að það sé lagt til hliðar eins og dautt verkfæri, þegar ekki þarf á vinnu þess að halda.

Afkoma fiskvinnslustöðva togarafyrirtækjanna hefur orðið þeim mun óhagstæðari, sem hjá þeim er um að ræða dýrari fjárfestingu með hárri vaxtabyrði og fastur kostnaður að því leyti mun meiri en hjá eldri fiskvinnslustöðvunum. En það, sem hinar nýju vinnslustöðvar hafa fram yfir hinar eldri í fullkomnari tækni, nýtist ekki vegna hráefnisskorts. Afkastageta frystihúsa í eigu togarafyrirtækja mun vera nálægt 550 tonnum af hráefni á dag, og fjárfesting, sem í þeim er bundin, miðað við núverandi verðlag, mun nema eigi minna en 185 millj. kr. Samanlagður vaxtakostnaður af þeirri fjárhæð næmi með 8% vöxtum um 15 millj. kr. á ári og fyrning af húsum og tækjum álíka upphæð. Samtals gætu vextir og afskriftir af frystihúsum togarafyrirtækja numið um 30 millj. kr. á ári. Það ríður því á miklu fyrir þjóðina alla, að slík fjárfesting sé nýtt til hins ýtrasta. Reynslan hefur hins vegar orðið sú, í sumum tilfellum a. m. k., að þessi nýtizku fyrirtæki, sem ættu að geta orðið togarafyrirtækjunum öflugur fjárhagsstuðningur, hafa ekki bætt afkomu fyrirtækjanna sem skyldi eða eins og unnt væri, ef þeim væri veitt sérstök aðstoð ríkisvaldsins til þess að bæta úr hráefnaskortinum. Í þeim tilgangi, að þær ráðstafanir verði gerðar, er þetta frv. flutt.

Ég vil nú í nokkum orðum gera grein fyrir því, hvert það fiskmagn, sem togararnir hafa lagt á land undanfarin ár, hefur verið. En þær tölur sýna ljóslega, hver þróunin hefur verið að undanförnu og hve brýn nauðsyn er á að gera ráðstafanir til þess, að fiskvinnslustöðvum togarafyrirtækjanna verði gert kleift að auka við þann vinnslufisk, sem þær hafa fengið frá togurum sínum.

Árið 1948 nam afli togaranna 209 þús. tonnum eða 39% af öllum afla landsmanna, árið 1959 166 þús. tonnum eða 28%, 1960 120 þús. tonnum eða 22%, árið 1961 81 þús. tonnum eða 11%. Árið 1962 lágu togararnir svo að mánuðum skipti vegna verkfalls, svo að það ár er ekki hæft til samanburðar, en úr aflabrögðum hefur ekki rætzt sem skyldi. Auk þess sem heildarafli togaranna hefur minnkað ár frá ári, hefur einnig sífellt minni og minni hluti af afla þeirra verið lagður á land hérlendis, svo að hlutur fiskvinnslustöðva togarafyrirtækjanna hefur rýrnað enn meir en heildaraflamagnið sýnir, enda er ein orsökin til minnkandi heildarafla togaranna sú, að vegna siglinganna eru þeir meira frá veiðum en ella.

Árið 1958 voru 188 þús. tonn eða 94% af afla togaranna unnin innanlands, árið 1959 143 þús. tonn eða 92% unnin hérlendis, árið 1960 88 þús. tonn, 77%, og árið 1961 45 þús. tonn eða 66%. Jafnhliða því, sem heildaraflinn minnkar þannig stöðugt, fer hlutfallslega meira og meira af hráefninu á erlendan markað. Það magn, sem lagt hefur verið á land af togarafiski til frystingar, segir nokkuð til um verkefni frystihúsa togarafyrirtækjanna. Í því sambandi er athyglisvert að bera saman, hve mikill hluti alls þess afla, sem lagður er á land til frystingar á ári hverju, er frá togurunum. Árið 1958 var togarafiskur til frystingar 143 þús. tonn, en bátafiskur 114 þús. tonn. Árið 1959 var togarafiskur til frystingar 112 þús. tonn, en bátafiskur 124 þús. tonn. Árið 1960 var togarafiskur 62 þús. tonn, en bátafiskur 137 þús. tonn. Árið 1961 var togarafiskur til frystingar 28 þús. tonn, en bátafiskur 116 þús. tonn, þ. e. a. s. á sömu árum og magn bátafisks til frystingar vex úr 114 þús. tonnum í 116 þús. tonn, þá minnkar magn togarafisks til sömu vinnslu úr 143 þús. tonnum í 28 þús. tonn. Hlutur togarafisks af öllum afla til frystingar var árið 1958 55%, 1959 47%, 1960 31% og 1961 20%. Sé miðað við, að afkastageta frystihúsa togarafyrirtækjanna sé um 550 tonn af hráefni á dag, svara þessar tölur til þess, að árið 1958 hafi frystihús togara-

fyrirtækjanna haft hráefni frá togurunum til 262 daga vinnslu, árið 1959 til 203 daga vinnslu, árið 1960 til 113 daga vinnslu og árið 1961 til 51 dags vinnslu.

Ætti hverjum manni að vera ljóst, hver áhrif þessi þróun hefur haft á afkomu þeirra frystihúsa, sem togarafyrirtækin hafa byggt upp á síðustu árum. Það fer ekki á milli mála, hver áhrif þetta hefur haft á afkomuöryggi þess verkafólks, sem starfað hefur við frystihús og aðrar vinnslustöðvar togarafyrirtækjanna. Auk alls þess kemur svo hið þjóðfélagslega tap, sem hlýzt af vannýtingu þess gífurlega fjármagns, sem í fiskiðjuverin hefur verið lagt. Það ætti því að vera augljóst, að hvað sem líður frekari ráðstöfunum hins opinbera til þess að gera kleifan rekstur togaranna sjálfra, þá er það brýnt hagsmunamál allra aðila, að vandamál togaranna sjálfra verði ekki látið bitna svo á rekstri fiskvinnslustöðva togarafyrirtækjanna sem verið hefur og því fólki, er þar vinnur. En vegna erfiðleikanna við rekstur togaranna er togarafyrirtækjum miklum mun erfiðara en ella að gera ráðstafanir til þess að afla fiskvinnslustöðvum sínum hráefnis annars staðar frá en frá togurunum. Augljóst er, að á ýmsum stöðum á landinu, þar sem fiskvinnslustöðvar togaranna eru vannýttar, væri hægt að bæta mjög hag þeirra með því að fá til báta, sem legðu þar upp afla til vinnslu. Vegna langvarandi taprekstrar á togurunum er þessum fyrirtækjum þó um megn að afla sér þeirra báta, sem til þyrfti. Hentugir bátar kosta um 8 millj. kr. hver, svo að til viðbótar lánum fiskveiðasjóðs þyrftu togarafyrirtækin að leggja fram 2—2½ millj. kr. fyrir hvern bát eftir því, hvort hann er byggður hér á landi eða erlendis. Þrátt fyrir þá aðstoð, sem togaraútgerðinni hefur verið veitt, tel ég, að hag hennar sé svo illa komið, að þeim, sem mest þurfa bátanna við, sé um megn að festa kaup á þeim án sérstakrar aðstoðar. Aðstoðin til togaranna er til þess eins að halda þeim úti.

Fyrirtækjunum er beinlínis fjárhagslega um megn að gera þær ráðstafanir, sem hagkvæmastar væru til þess að bæta rekstur fiskiðjuveranna og auðvelda þeim þannig að halda áfram rekstri togaranna. Þess vegna hef ég með frv. því, sem hér liggur fyrir, lagt til, að ríkisstj. sé heimilað að taka lán allt að 35 millj. kr. til að framlána til kaupa á nýjum fiskibátum þeim togarafyrirtækjum, sem skortir hráefni til vinnslustöðva sinna vegna aflabrests togaranna og siglinga á erlendan markað. Auk þess verði ríkisstj. heimilað að veita sömu aðilum ríkisábyrgð á láni samtals að upphæð 20 millj. kr. vegna bátakaupanna. Fyrirgreiðslan gagnvart einstökum togarafyrirtækjum yrði þá á þann veg, svo sem fram kemur í 3. gr. frv., að samanlögð lán úr fiskveiðasjóði og lán veitt með þeirri aðstoð, sem frv. gerir ráð fyrir, mættu nema allt að 90% af kaupverði hvers báts og ríkisábyrgð væri heimilt að veita fyrir eftirstöðvunum. Sú upphæð, sem hér er lagt til að ríkisstj. verði heimilað að taka að láni og framlána í þessu skyni, 35 millj. kr., ætti að duga til aðstoðar við kaup á 20—30 fiskibátum eftir því, hvort er um að ræða báta smíðaða innanlands eða utan.

Þrátt fyrir að ekki muni vera fyrir hendi á hv. Alþingi samstaða um efnahagslegar ráðstafanir til að breyta aðstöðu togaraútgerðarinnar varðandi rekstur togaranna sjálfra, vænti ég þess, að fallizt verði á að styðja með lánveitingum og ríkisábyrgðum þau togarafyrirtæki, sem auk rekstrartaps togaranna eiga við að etja vannýtingu á dýrum fiskvinnslustöðvum, sumum hverjum hinum fullkomnustu á landinu, vegna hráefnisskorts, sem bæta mætti úr með því að veita þessum fyrirtækjum þá aðstoð, sem hér er lagt til, svo þau geti aflað sér hentugra fiskibáta. Sú upphæð, sem hér er lagt til að ríkisstj. verði heimilað að taka að láni í þessu skyni, 35 millj. kr., er svipuð upphæð og vextir og afskriftir frystihúsa togarafyrirtækjanna nema á einu ári. Ég tel, að ráðstöfun sú, sem hér er lögð til, væri þjóðarbúinu til hagsældar og auðveldaði togarafyrirtækjunum að standa undir rekstri togaranna.

Sú aðstoð, sem hér er gerð till. um að sé veitt togarafyrirtækjum, er, eins og ég hef áður tekið fram, ekki lausn á því vandamáli sem rekstur togaranna sjálfra er og verða kann enn um sinn. En með þessum hætti ætti að vera unnt að auðvelda mörgum togarafyrirtækjum að bera þau áföll, sem af aflaleysi togaranna leiðir, og stuðla að því, að minna fjármagn þurfi í beina styrki til þeirra. Ég held, að það sé ekki síst nauðsynlegt að leita jákvæðra leiða til að aðstoða togarafyrirtækin, — leiða, sem miða að því að nýta betur en gert hefur verið það fjármagn, sem í þeim er bundið. Með þeirri aðstoð, sem hér er lagt til að veitt verði, verður gert þrennt í senn: Í fyrsta lagi: tryggð yrði betri og jafnari fjárhagsafkoma þess verkafólks, sem við fiskvinnslustöðvar togarafyrirtækjanna vinnur. Í öðru lagi: bætt yrði rekstrarafkoma þeirra togarafyrirtækja, sem eiga fiskvinnslustöðvar, sem hafa verið vannýttar vegna hráefnisskorts. Og í þriðja lagi er það þjóðfélagslega hagkvæmt að nýta betur en verið hefur þær fiskvinnslustöðvar, sem hefur verið varið hundruðum millj. kr. til að reisa á undanförnum árum.

Ég vænti þess, að frv. þetta hljóti jákvæða afgreiðslu að þessu sinni, og legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 38. fundi í Nd., 12. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

40. Áburðarverksmiðja.

Á 36. fundi í Nd., 7. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju [133. mál] (þmfrv., A. 238).

Á 37. fundi í Nd., 11. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Þetta frv., sem ég legg hér fyrir, er gamall kunningi í þessari d. Það er búið alloft að flytja þetta frv. og reyna að koma því fram í því formi, sem það nú er, svo að ég býst ekki við að þurfa að hafa langt mál til þess að gera hv. þdm. grein fyrir því í stuttu máli. En tilgangur frv. er sá að slá því föstu, að núv. áburðarverksmiðja sé eign ríkisins, eins og hún er samkv. 3. gr. l., og fella niður 13. gr. l., sem stundum hefur valdið nokkrum misskilningi í þessum efnum, þar sem svo er kveðið á, að reksturinn skuli vera framkvæmdur af hlutafélaginu. Ég álít, að það megi ekki lengur við svo búið sitja, að það sé á huldu í augum ýmissa manna í landinu, hver eigi þessa verksmiðju, og það verði að slá því föstu í eitt skipti fyrir öll, að þetta er eign ríkisins. Ég vil taka það um leið fram, að þetta á ekkert skylt við eignarnám eða neitt þess háttar, það væri algerlega rangt að mínu áliti að fara að taka núv. áburðarverksmiðju eignarnámi, það ætti bara ekki að fara að gefa vissum hluthöfum stórfé. Það, sem þarna er um að ræða, er að slá því föstu, að þetta er eign ríkisins, eins og er samkv. l., og eyða þeim misskilningi, að það séu einhverjir aðrir, sem eiga þetta fyrirtæki, þó að þeir hafi hins vegar tekið að sér með sérstökum lagaákvæðum að reka það.

Ég vil svo enn fremur í þessu sambandi benda á, að nú hafa í 3 ár viðgengizt lögbrot í sambandi við rekstur áburðarverksmiðjunnar, þar sem eru þær fyrningarafskriftir, sem á henni eru. 1961 — reikningar fyrir 1962 eru ekki komnir fram enn þá — er reiknað með fyrningarafskriftum upp á tæpar 20 millj., sem er miklu meira en heimild er til samkv. l. Gróðinn af verksmiðjunni, ef reikningar hafa verið færðir rétt, er 1961 12 millj., var 1960 11 millj. Á þrem árum, 1959, 1960 og 1961, er sá raunverulegi gróði, sem hefði átt að færa, um 30 millj. kr., en það hefur ekki verið fært sem gróði og hvorki verið notað til þess að hækka laun verkamanna við verksmiðjuna né til þess að lækka áburðarverðið, heldur hefur þetta með lögbrotum verið fært sem fyrningarafskriftir. Þetta er annað atriðið, sem rétt er að benda á og rétt er að sú nefnd, sem fær þetta til athugunar, geri sér ljóst.

Út af þessu hafa orðið nokkrar deilur á undanförnum árum. Það hefur verið af hálfu hæstv. landbrh. tvisvar sinnum á undanförnum þingum flutt frv. um að breyta fyrningarákvæðum l. Þessi frv. hafa ekki verið samþykkt hér á Alþingi, og nú í ár hefur hæstv. ráðh. ekki treyst sér til þess að flytja neitt frv. um þetta efni, en hins vegar hefur þeim lögbrotum verið haldið áfram að setja fyrningarafskriftirnar miklu hærri en þær lögum samkv. eiga að vera.

Þá vil ég í þriðja lagi benda á og væri gott, að sú nefnd, sem þetta fer til, athugaði það mjög alvarlega, að það fer nú í hönd, að Sogsvirkjunarstjórnin segi upp samningnum um rafmagn til áburðarverksmiðjunnar. Sá samningur var gerður á sínum tíma undir þrýstingi Alþjóðabankans. Stjórn Sogsvirkjunarinnar var hótað því, að svo framarlega sem hún ekki samþykkti þann samning við áburðarverksmiðjuna, fengi hún ekki lán 1952 til að leggja út í Írafossvirkjunina, og 4 af Sogsvirkjunarstjórnarmeðlimum létu undan þessu og samþykktu þessa samninga, ég fyrir mitt leyti greiddi atkv. á móti þeim. Samkv. þeim samningum hefur áburðarverksmiðjan nú öll þessi ár fengið með alveg sérstökum kjörum, sem enginn annar í landinu hefur notið, rafmagn frá Sogsvirkjuninni eða að meðaltali a. m. k. síðustu árin á 4 aura kwst. Það á að segja samningnum upp með 5 ára fyrirvara, hann er til 15 ára og rennur út 1968, þannig að í ár kemur honum tvímælalaust til með að verða sagt upp. Það þýðir að mínu áliti og ég býst við fleiri, að það er alveg óhjákvæmilegt, að þarna verði alger breyting á og að það verði aldrei lægra verð en sem svarar 12 aurum kwst. Sementsverksmiðjan kaupir, held ég, á 15—20 aura kwst. núna og önnur iðnfyrirtæki í landinu, og ég býst ekki við, að iðnaðinum almennt í landinu, hvorki ríkisreknum né öðrum, þyki ástæða til þess, að áburðarverksmiðjan sitji ekki nokkurn veginn við sama borð og önnur iðnfyrirtæki. Hins vegar fær hún alltaf sérsamninga í krafti þess, að hún notar ákaflega mikið af ljósarafmagni eða næturrafmagni, en ég gæti trúað, að samt sem áður yrði breytingin sú, að í staðinn fyrir, að 1961 hafa raforkuútgjöld áburðarverksmiðjunnar verið 5.7 millj. eða tæpar 6 millj., ofur lítið meira en verkalaunin, þá væri ekki ólíklegt, að það mundi hækka upp í einar 20 millj., og öll aðstaða áburðarverksmiðjunnar mundi þar með breytast.

Ég held, að það sé alveg nauðsynlegt, áður en að þessum breytingum kemur, sem óhjákvæmilegar eru, að það verði búið að koma þessu á hreint, að það sé ríkið, sem á þetta fyrirtæki, og að þetta fyrirtæki sé rekið með það fyrir augum að geta framleitt áburðinn sem ódýrast handa notendum hans og án þess að vera eitthvert sérstakt gróðafyrirtæki fyrir hluthafa. Ef skilningur þeirra manna, sem vilja skoða áburðarverksmiðjuna sem eign hlutafélagsins, reyndist réttur eða yrði þvingaður í gegn, þá mundi það þýða, að þeim mönnum, þegar maður reiknar út frá, að áburðarverksmiðjan sé nú um 350 millj. kr. virði, að þeim aðilum, sem lögðu fram 4 millj. kr. í hlutafé, yrði reiknað, þegar búið væri að skrifa þessa áburðarverksmiðju niður, að þeir ættu 140 millj. kr. eign í henni, og hafa hvorki þeir, sem lögðu þetta fram á sínum tíma, né Alþingi né nokkrir aðrir gengið út frá, að það væri meiningin með þessu, hins vegar álitið sjálfsagt, að þeim hluthöfum, sem hafa á sínum tíma lagt fram þetta fé til rekstrar, sé fyllilega bætt það upp, þeir fái bæði uppbætt þá verðrýrnun fjár, sem síðan hefur farið fram, og það tap á vöxtum og öðru slíku af sínu fé, sem þeir hafa

beðið. En þá álít ég, að þetta þurfi að gerast sem allra, allra fyrst, að það megi ekki bíða eftir því, að það sé farið að koma slík hefð á þetta eða ýmsir menn séu farnir að líta þannig á, að áburðarverksmiðjan sé eign hlutafélagsins. Ég álít þess vegna nauðsynlegt, að einmitt á þessu þingi, síðasta þinginu fyrir kosningar, síðasta þingi þessa kjörtímabils, sé gengið úr skugga um þetta endanlega.

Ég hef orðið var við það, að úti um allt land og ekki síst hjá bændum er mikill áhugi á því, að því sé slegið föstu, að þetta fyrirtæki sé eign ríkisins, en ekki einstaks hlutafélags, og ég held, að það sé alveg nauðynlegt, að það komi nú fram við atkvgr. við 2. umr. um þetta mál, hvaða afstöðu menn taka í því. Þetta mál hefur verið flutt a. m. k. tíu sinnum á þinginu, og það hefur aldrei fengið að komast til 2. umr. einvörðungu vegna þess, að menn hafa ekki treyst sér til þess að greiða atkv. um það. En lengi vel hefur það verið svo, að raunverulega hefur meiri hl. í fjhn. og ég held meiri hl. í þessari hv. d. verið fylgjandi þessu frv. En ég álít, að við svo búið megi ekki lengur standa, það verði að koma í ljós, hvaða afstöðu menn hafa um þetta, því að þeir, sem eru á móti því, að frv. nái fram að ganga, eru raunverulega þar með að gefa hluthöfunum, einkahluthöfunum í hlutafélaginu, rekstrarhlutafélaginu Áburðarverksmiðjunni h/f, ⅗ hluta úr áburðarverksmiðjunni. Ég vil þess vegna eindregið mælast til þess, að sú hv. n., sem fær þetta frv. til meðferðar, sem ég legg til að verði fjhn., eins og verið hefur, skili áliti um þetta frv., bezt þætti mér, að hún gæti orðið sammála um það, en alla vega, að þetta frv. fái þá þinglegu meðferð að geta komið til 2. umr. aftur, þannig að hv. d. geti tekið ákvörðun um það.

Við þrjár umr., þegar þessi lög voru upphaflega samþ., samþykkti þessi hv. d., að áburðarverksmiðjan skyldi vera eign ríkisins og rekin af ríkinu. Þá var engin 13. gr. í því, og aldrei, meðan áburðarverksmiðjan var undirbúin, var rætt um annað en þetta væri ríkiseign, og þegar það var lagt fyrir af þáv. hæstv. ríkisstj., 1949 eða hvenær sem það nú var, þá var það lagt fram sem hrein ríkiseign og enginn efi á því. Það var ekki fyrr en við 2. umr. í Ed., að sú breyt. var gerð á frv., sem valdið hefur öllum ruglingnum, 13. gr. var bætt við, og hef ég síðan fengið að heyra, að það mundi hafa verið eins konar málamiðlun til þess að friðþægja eitthvað vissum amerískum fjármálayfirvöldum, sem vildu heldur a. m. k., að reksturinn á þessu væri í hlutafélagsformi, ef þeir ættu að veita þau miklu lán til verksmiðjunnar, sem fyrirhugað var. Það er kunnugt, að samsvarandi þrýstingur eins og kann að hafa farið þarna fram átti sér stað seinna í sambandi við sementsverksmiðjuna, og var reynt af hálfu þeirra erlendu aðila, sem lán skyldu veita, að knýja þáv. ríkisstj. — það var ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl. — til þess að gera sementsverksmiðjuna að einkafyrirtæki. Sú ríkisstj. stóð algerlega á móti því og lét aldrei undan með það, og sementsverksmiðjan er hreint ríkisfyrirtæki í dag og varð það eftir þeim lögum, sem ríkisstj. þá lagði fyrir. Sama var um áburðarverksmiðjuna, þegar hún var lögð fyrir, það frv. Og þessi breyting, sem gerð var í Ed., þessi málamiðlun, sem þá var fundið upp á af hálfu þáv. stjórnarflokka, var einungis að láta þetta vera sem rekstrarfélag. Og það, sem hefur gefið tilefni til þess, að sumir hafa farið að líta þarna öðruvísi á, það er, að það álpaðist einu sinni út úr landbrh. Framsfl., að hann skoðaði áburðarverksmiðjuna sem eign hlutafélagsins. Ég gerði þá strax, þegar sú ræða var haldin, aths. við þetta og hef síðan flutt þetta frv. til þess að fá tekin af öll tvímæli um eignina á þessu. En ég vil vekja athygli á því, að þarna er um að ræða, hvort 130 millj. kr., sem í dag eru ríkiseign og eiga að vera það, eigi að gefast nokkrum hluthöfum, sem einu sinni lögðu fram 4 millj. kr. í ákveðið hlutafélag, eða ekki. Þetta getur ekki verið lengur svona á huldu. Það er nógu slæmt að vera búnir að láta þetta vera svona í 10 ár, og ég álít, að það verði að binda enda á allar efasemdir um það. Hins vegar hvað snertir þá menn, sem lögðu fram til rekstrar hlutafélagsins þessar 4 millj., — ég geng út frá í þessu frv., að það sé gert vel við þá, ég hef ekkert á móti því, síður en svo, en aðeins ekki hitt, að þeim séu gefnir ⅗ hlutar í þessu ríkisfyrirtæki.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að að lokinni þessari umr. sé þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 38. fundi í Nd., 12. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjhn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

41. Vestfjarðaskip.

Á 42. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um kaup og rekstur á Vestfjarðaskipi [152. mál] (þmfrv., A. 280).

Á 43. fundi í Nd., 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Fyrir nokkrum árum mátti segja, að það hafi verið tveir staðir hér á landi, sem væru svipað settir í samgöngumálum, þ. e. a. s. Vestfirðir og Vestmannaeyjar. Báðir áttu við alltilfinnanlega einangrun í samgöngumálum að búa. Síðan má segja, að sú breyting hafi orðið, að Vestmanneyingar hafi fengið nokkra bót á sinni samgönguleinangrun. Þeir fengu byggt sérstakt Vestmannaeyjaskip, sem nú heldur uppi ákveðnum og öruggum ferðum milli Vestmannaeyjakaupstaðar og Reykjavíkur. Þetta gerir það að verkum, að þeir Vestmanneyingar og aðrir, sem þurfa að fara milli Vestmannaeyja og meginlandsins, áttu

þess áður ekki neina vissu að komast til baka aftur, gátu jafnvel orðið tepptir viku eða hálfan mánuð, þó að þeir vildu treysta á flugið, þar var aðeins ein flugbraut og ekki flugskilyrði góð nema í einni veðurátt. En síðan Vestmannaeyjaskipið kom, eru menn öruggir um það að geta komizt frá Reykjavík til Vestmannaeyja eða frá Vestmannaeyjum til Reykjavíkur, vegna þess að skipið er í bakhöndinni og þeir eiga þess kost að komast á einni nóttu aftur sína leið sinna erinda.

Vestfirðir eru svipað settir. Þeir hafa stopular og strjálar samgöngur á sjó milli Vestfjarða og Reykjavíkur og telja þá aðbúð, sem þeir eiga að þessu leyti við að búa, allsendis ófullnægjandi og hafa um langa hríð krafizt þess, að úr þessu yrði bætt með einhverjum ráðum. Flugsamgöngurnar eru í svipuðu ástandi og við Vestmannaeyjar. Á Ísafirði er flugvöllur, ein flugbraut, ekki flugfært á hann nema í einni veðurátt líkt og í Vestmannaeyjum og þannig lítt á flugið að treysta fyrir þá, sem þurfa að komast áfram sinna ferða og erinda örugglega án tafa. Strandferðaskipin koma að vísu að sjálfsögðu við á Ísafirði í ferðum sínum norður og austur um landið eða á leiðinni til Reykjavíkur úr hringferðunum norður og vestur um landið, en þessar ferðir eru of strjálar fyrir Vestfirði og einangrun kreppir að íbúum og atvinnulífi, svo að þar er vafalaust að finna eina af mörgum ástæðum þess, að fólki fækkar meira á Vestfjörðum en í öðrum landshlutum og fólkið streymir þaðan, þó að efnahagsaðstaða sé þar nú hin síðari ár a. m. k. fyllilega sambærileg við það, sem er víða annars staðar á landinu.

En öfugt við þá þróun, sem ég áðan lýsti með örfáum orðum að því er snertir Vestmannaeyjar, er það þannig með Vestfirði, að flugsamgöngunum hefur hrakað við það, að sjóflugvélarnar, sem gátu lent á einum 5—6 stöðum á Vestfjörðum, eru nú hættar og flugsamgöngurnar við Vestfirði eru aðallega í höndum Flugfélags Íslands, sem hefur vél, sem einungis getur lent á Ísafjarðarflugvelli. Það er alveg óumdeilanlegt, að flugsamgöngunum við Vestfirði hefur því hrakað frá því, sem áður var. Þar er veitt einhæfari og lakari þjónusta en hægt var, þegar hægt var að hafa áætlunarflug til margra staða þar vestur frá, t. d. Patreksfjarðar, Bíldudals, Dýrafjarðar, Ísafjarðar, Hólmavíkur. En allt stendur við það sama að því er snertir samgöngurnar á sjó.

Félagasamtök á Vestfjörðum hafa gert ítrekaðar áskoranir til Vestfjarðaþm. um að reyna að fá bættar samgöngurnar á sjó, annað tveggja með því að ná samkomulagi við Skipaútgerð ríkisins um að breyta áætlunarferðum þeirra skipa þannig, að að betra gagni kæmi fyrir Vestfjarðabyggðirnar og ferðirnar yrðu öruggari og áreiðanlegri fyrir þessar byggðir, en ef ekki fengist fullnægjandi lausn á þennan hátt, þá með byggingu nýs skips, þ. e. a. s. með sams konar lausn á málinu og Vestmanneyingar fengu nú fyrir nokkrum árum. Eðlilega var því málið rætt fyrst við forstöðumann Skipaútgerðar ríkisins, og hann mun e. t. v. hafa rætt málið við samgmrh., en hann benti á, að sá skipakostur, sem Skipaútgerð ríkisins hefði til umráða, væri ekki heppilegur til þessara ferða. Hekla og Esja væru of stór skip og of dýr til þess að vera bundin við þessar styttri og tíðari ferðir milli Vestfjarða og Reykjavíkur, farþegarúm þeirra óþarflega stórt og jafnvel lestarúm líka og skipin of dýr í rekstri, breytingar á þeim vafalaust mjög dýrar og einnig orðin það gömul skip, að þau eru dýrari í rekstri og viðhaldi en nýtt skip mundi vera. Ég gat því ekki betur heyrt á forstöðumanni Skipaútgerðar ríkisins, þegar ég ásamt öðrum Vestfjarðaþm. átti tal við hann um þessi mál, heldur en hann drægi sízt úr því, að e. t. v. væri heppilegasta lausnin á þessum vandamálum sú, að byggt yrði nýtt skip, sem hefði þetta afmarkaða hlutverk að halda uppi samgöngum, fólks- og vöruflutningum, milli Vestfjarðahafna og Reykjavíkur. Svo mikið er víst, að hann taldi það sízt neina fjarstæðu, að sú lausn yrði fundin á málinu, en vandkvæði margvísleg, sem hann með rökum taldi fram á því að leysa málið til hlítar með þeim skipastóli, sem hann nú hefði. Breiðirnar taldi hann líka óheppilegar til þess að taka upp þetta hlutverk. Þær voru hafðar af þeirri stærð, sem þær eru, á sínum tíma með tilliti til þess, að stærri skip komu ekki að notum á fjöldamörgum höfnum í kringum landið. En ef skip væru byggð nú til þess að inna af hendi þeirra hlutverk, að gegna hinni almennu strandþjónustu við Ísland, þá mundu þar vafalaust vera valin nokkru stærri skip, einkum vöruflutningaskip, því að hafnarskilyrði hafa nú gert það mögulegt, að stærri skip gætu fengið þar þjónustu, og þau þá verið þannig, að þau inntu betur af hendi sitt hlutverk.

Fyrir tveimur árum eða svo hélt Fjórðungssamband Vestfjarða fund í Bjarkalundi og bauð þar til, eins og venjulega, Vestfjarðaþm., og var þar auðvitað rætt um samgönguvandkvæði Vestfirðinga. Og þar var gerð ályktun, að ég hygg einróma, þar sem skorað var á Vestfjarðaþm. að beita sér fyrir umbótum í þessum málum og alveg sérstaklega bent á byggingu sérstaks Vestfjarðaskips sem úrlausn í málinu. Þegar við hugðum að þessu máli fyrir rúmu ári, var okkur sagt frá því, að þar væru ýmsar athuganir í gangi, m. a. hefðu erlendir sérfræðingar verið fengnir til þess að athuga rekstur Skipaútgerðar ríkisins og till. væru nú frammi um það að breyta rekstri Skipaútgerðarinnar í hagkvæmara horf og jafnvel stórbreytingar fyrirhugaðar á hinum stærri skipum útgerðarinnar, Esju og Heklu, eða jafnvel í ráði að selja annað skipið og fá nýtt í staðinn. Nú er liðið meir en ár síðan, og enn eru sagðar fréttir af þessum hagræðingartill. norskra sérfræðinga í sambandi við Skipaútgerð ríkisins, en hvort þær, sem nú eru á döfinni. reynast betur framkvæmanlegar en þær, sem menn höfðu til athugunar fyrir meira en ári, skal ég ekki um segja. En frekar er ég vantrúaður á það, að nokkrar hagræðingartill. erlendra sérfræðinga geti komið að gagni til fullrar og viðunandi lausnar á þessu máli í sambandi við þann skipastól, sem Skipaútgerð ríkisins hefur nú yfir að ráða.

Þess vegna er það, að eftir að við Vestfjarðaþm. höfðum rætt þetta mál, var ég ákveðinn í

því að flytja þetta frv., jafnvel þó að ekki fengist samstaða um það við Vestfjarðaþm. Efnislega hygg ég, að ég megi segja, að allir Vestfjarðaþm. séu samþykkir þessu máli. En það, sem á milli ber, er það, að nokkrir af Vestfjarðaþm. hafa trú á því, að e. t. v. kunni það að vera ómaksins vert að rannsaka málið og velta fyrir sér möguleikum á lausn þess með núv. skipastóli, breytingum á honum og framkvæmd þeirra hagræðingartill., sem nú alllengi hafa verið á döfinni í sambandi við þá útgerð. Mér skilst á þeim, að þeir vilji ganga úr skugga um þetta fyrst og þess vegna hafi þeir til lausnar á þessu máli lagt fram þáltill. á þskj. 279, sem fer fram á það að skora á ríkisstj. að láta fara fram ýtarlega athugun á því, hvernig bezt verði bætt úr þörf Vestfjarða fyrir öruggar og reglubundnar samgöngur á sjó, og skuli þessum athugunum þannig hagað, að niðurstöður liggi fyrir fyrir næsta reglulegt Alþingi. Ég hef þegar tekið það fram, að ég hef ekki trú á þessari lausn, og held, að þetta sé óþarfa töf á málinu, ef sú niðurstaða yrði neikvæð, sem mig uggir, þá yrði að taka málið upp eftir ár eða svo til þeirrar lausnar, sem hér er lagt til í frv. því, sem ég er fyrsti flm. að og hv. 4. þm. Reykn. flytur ásamt mér. Flutningi málsins er hagað þannig af þeirri ástæðu, að báðir þm. Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, sem vildu gjarnan eiga aðild að flutningi þessa máls, eiga sæti, eins og kunnugt er, í hv. Ed. og gátu því ekki verið aðilar að flutningi málsins hér í hv. Nd.

Ég skal svo ekki fjölyrða um málið. Í þessu frv. er lagt til, að ríkisstj. Íslands fái heimild til þess að láta smíða nýtt strandferðaskip fyrir reikning ríkissjóðs, og er lagt til, að skipið verði 600—700 rúmlestir að stærð og verði byggt til fólks- og vöruflutninga með það fyrir augum að þjóna þessu hlutverki, fólks- og vöruflutningum milli Reykjavíkur og Vestfjarðahafna.

Líkt og til var hagað með Vestmannaeyjaskipið, þar var ákveðið, að heimahöfn þess skyldi vera Vestmannaeyjar, er hér lagt til í 2. gr. frv., að heimahöfn þessa skips skuli vera Ísafjörður.

Í 3. gr. frv. er ákveði um það, að ríkisstj. skuli fela Skipaútgerð ríkisins rekstur þessa skips eða hverjum öðrum þeim aðila, sem treysta megi til þess að annast góða flutningaþjónustu á siglingaleið skipsins með sem hagkvæmustum hætti. Því er ekki að leyna, að það einasta ágreiningsatriði efnislega, sem ég varð var við í hópi Vestfjarðaþm. um þetta mál í raun og veru, var það, að einn úr hópi okkar Vestfjarðaþm. er andvígur Skipaútgerð ríkisins, hefur áður á Alþingi lagt til, að hún verði lögð niður, og hann sagðist því ekki vilja verða aðili að flutningi frv., sem færi fram á það að bæta einu skipi við hjá Skipaútgerð ríkisins, og það er heil brú vissulega í þeirri afstöðu og ekkert við því að segja. Það er alkunnugt sjónarmið þessa hv. þm., og tek ég það gott og gilt, að hann vegna þess gat ekki verið meðflm.

Að lokum er svo lagt til í þessu frv., að ríkisstj. sé heimilað að taka allt að 20 millj. kr. lán til byggingar þessa skips, og skal ég játa, að það er ekki nein nákvæm áætlunarupphæð, sem hér er um að ræða, en nefnd sú tala, sem mundi undir öllum kringumstæðum gera mögulegt að hefja byggingu þessa skips, ef ríkisstj. hefði þá heimild í höndum, og væri því hægt að hefja framkvæmdir samkv. frv. að fenginni þessari heimild. Vera má, að skipið kynni að kosta eitthvað minna eða eitthvað meira, um það er ekki gott að segja, það fer líka eftir því, hversu fljótt yrði við brugðizt. Ég fullyrði það, að Vestfjarðabyggðunum er hin fyllsta þörf á því, að myndarlegt átak sé gert til bættra samgangna á sjó, því að öryggi í samgöngum við Vestfirði verður ekki fengið með öðrum hætti fremur. Eins og Vestmanneyingar komast nú örugglega, þegar þeir eiga skipið í bakhönd, frá Vestmannaeyjum til Reykjavíkur eða öfugt á einni nóttu, þá er það þannig, að innan eins sólarhrings geta menn komizt milli Vestfjarða og Reykjavíkur eða öfugt, ef þeir eiga örugga skipsferð í bakhöndinni, og vöruflutningar allir ganga með engum hætti örugglegar eða greiðlegar milli Reykjavíkur og Vestfjarðahafna en með skipi, a. m. k. þegar litið er á allt árið. Það má leysa þetta mál með bifreiðum um hásumarið og hefur að nokkru leyti verið gert, en það er ekki fullnægjandi þjónusta fyrir allt árið. Lausnin að því er snertir þennan þátt í vestfirzkum samgöngum er því skip, sem hafi það hlutverk og sinni því og helzt ekki öðru.

Það var af mörgum spáð illa fyrir Vestmannaeyjaskipinu, þegar umr. voru um það á Alþingi, þetta mundi verða til þess að auka taprekstur Skipaútgerðar ríkisins, sögðu margir. En hvað segir reynslan? Reynslan segir, að það skip og það eitt af þeim skipum, sem Skipaútgerð ríkisins rekur, mun vera rekið án taps a. m. k., jafnvel með hagnaði. Þannig hefur það gefizt, og er þó aðeins einn kaupstaður, að vísu nokkuð stór, gagnaðilinn að þessum samgönguráðstöfunum. En Vestfjarðabyggðirnar allar með Ísafjarðarkaupstað og hin 7—8 allfjölmennu kauptún í viðbót eru viðskiptaaðilinn að því er snertir fólks- og vöruflutningana milli Reykjavíkur og Vestfjarða. Rekstrargrundvöllur ætti því allur að vera traustari til þess að bera uppi ámóta skip og Vestmannaeyjaskipið er, þegar um væri að ræða skip til að leysa þessi sömu verkefni fyrir Vestfjarðabyggðir.

Ég leyfi mér því fyrir hönd okkar flm. að mæla fastlega með samþykkt þessa frv. og einkanlega með tilliti til þess, að allt of lítið hefur verið gert af hendi Alþingis til þess að bæta úr samgönguþörfum Vestfirðinga og samgöngunauðsyn Vestfirðinga að því er snertir samgöngur á landi. Miðað við það ástand, sem þeir þættir samgöngumálanna eru í, tel ég, að það sé enn þá ríkari ástæða til þess að gera nú enn betur að því er snertir hinn meginþáttinn í samgöngumálum þessa landshluta og byggðarlaga, þ. e. a. s. samgöngurnar á sjónum, og ég vil því vænta þess, að hv. Alþingi taki þessu máli vel og víki ekki frá sér þeirri nauðsyn, sem nú blasir við að leysa þarf og hér hefur með nokkrum orðum verið reynt að gera grein fyrir.

Ég tel einsætt, að frv. verði vísað til hv. samgmn., og legg til, að því verði, þegar umr. lýkur, vísað til þeirrar hv. nefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til samgmn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

42. Menntaskóli Vestfirðinga.

Á 42. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði [153. mál] (þmfrv., A. 281).

Á 44. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 5. þm. Vestf. og hv. 1. þm. Vestf., þ. e. a. s. Sigurði Bjarnasyni, sem nú situr í stað 1. þm. Vestf., Gísla Jónssonar, leyft mér að flytja frv. til l. um menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði. Þetta frv. hefur verið flutt tvívegis áður, og hefur flutningi frv. bæði fyrr og nú verið hagað þannig, að þm. Vestf. í hv. Nd. flyttu frv., en að því standa einnig aðrir hv. þm. Vestf., þeir sem í Ed. eiga sæti. Málið er þannig flutt af öllum þm. Vestf.

Ég hef tvívegis fyrir hönd okkar flm. flutt allrækilega framsöguræðu fyrir þessu máli og gert grein fyrir öllum meginþáttum þess, og ef ég færi nú í þriðja sinn að rekja það, yrði það að langmestu leyti endurtekning. Ég ætla því ekki að gera það, en ég tek það fram, að við teljum það, flm., að þetta sé mjög mikið hagsmunamál fyrir fólkið, sem á Vestfjörðum býr, og af fskj., sem málinu fylgja, má það vera ljóst, að mörg félagssamtök og einstaklingar á Ísafirði láta sig málið mjög skipta og leggja áherzlu á það, að Vestfjarðaþingmenn fylgi því fast fram.

Í einu fskj. er t. d. sagt, að þess sé vænzt og það sé skorað mjög eindregið á alla þm. Vestf., að þeir standi við yfirlýst loforð og flytji málið á þingi. Þessi orðsending var okkur send — og til þess var full ástæða — skömmu eftir síðustu kosningar, þegar við vorum að undirbúa flutning málsins í fyrsta sinn. Frambjóðendur höfðu mjög eindregið og ákveðið heitið þessu máli stuðningi sínum og það þm. Vestf. eða frambjóðendur í öllum flokkum.

Það er sannfæring okkar, að menntaskólar eigi að rísa í öllum landshlutum, það eigi að gera menningarlega aðstöðu fólksins sem jafnasta í landinu, þannig að sérhver ungur maður og ung stúlka, sem áhuga hefur á framhaldsskólanámi, eigi sem jafnasta aðstöðu til þess að fara þá menntabraut, ef hugur og hæfileikar standa til. Þess vegna er það sannfæring okkar flm., að stefna beri að því, að það sé rétt stefna að menntaskólar rísi af grunni í öllum landsfjórðungum. Þá er það og álit flestra uppeldisfræðinga, að skólar séu því betri uppeldisstofnanir fyrir æskulýðinn, ef þeir eru ekki mjög stórir, og það mælir einnig með því að dreifa menntaskólunum um landið, hafa þá ekki alla sem stór skólabákn hér í Reykjavík, heldur smærri menntaskóla úti á landsbyggðinni.

Það er vissulega rétt, að Reykjavík á að hafa góða aðstöðu í þessu efni, og það má segja, að hún hafi það. Hún hefur hinn aldna og virðulega menntaskóla í Reykjavík. Hér er og annar skóli í Reykjavík, sem útskrifar stúdenta, og í nágrenni Reykjavíkur hér á Suðvesturlandinu er hinn þriðji menntaskóli, og til stendur, að því er virðist, að reisa hinn fjórða, þ. e. a. s. hinn þriðja í Reykjavík, en hinn 4. á Suðvesturlandinu, og þætti okkur þá ójafnt skipt aðstöðunni til framhaldsnáms fyrir unga fólkið, ef synjað væri síendurteknum kröfum og óskum fólksins á Vestfjörðum og Austfjörðum um menntaskóla, en Norðlendingar fengu eftir langa baráttu sínum skólamálum borgið í höfn.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um málið að þessu sinni, vísa til fyrri framsöguræðna minna og til ýtarlegrar grg., sem fylgir málinu, og til fskj., sem einnig eru prentuð með því að þessu sinni. Ég vona, að málið fái nú myndarlega og afdráttarlausa afgreiðslu að ósk okkar flm.

Ég legg svo til, þegar þessari umr. er lokið, að þá verði málinu vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

43. Sala Lækjabæjar í Fremri-Torfustaðahreppi.

Á 43. fundi í Nd., 19. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja eyðijörðina Lækjabæ í Fremri-Torfustaðahreppi [155. mál] (þmfrv., A. 284).

Á 44. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 284, fjallar um það eitt að heimila sölu á eyðijörðinni Lækjabæ í Fremri-Torfustaðahreppi í Vestur-Húnavatnssýslu. Þessi jörð er búin að vera mjög lengi í eyði, og bóndinn Sigurgeir Jónatansson á Skeggjastöðum, sem hefur haft landið á leigu á undanförnum árum, óskar nú að fá það keypt.

Ég sé enga ástæðu til að fjölyrða um þetta einfalda og eðlilega mál, en óska, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 284, n. 352).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

44. Ríkisábyrgðir (frv. JSk).

Á 48. fundi í Nd., 4. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 29. marz 1961, um ríkisábyrgðir [179. mál] (þmfrv., A. 335).

Á 49. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Á þskj. 335 hef ég leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 frá 29. marz 1951, um ríkisábyrgðir. Frvgr. hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1. gr. Aftan við 1. mgr. 4. gr. l. komi nýr málsl., svo hljóðandi: Undanþegnir áhættugjaldi eru þó þeir, sem fá ríkisábyrgðir til byggingar íbúðarhúsa á vegum byggingarsamvinnufélaga.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Með l. nr. 37 frá 1961 var það nýmæli upp tekið, að þeir, sem fengu ríkisábyrgð á lán, urðu að gjalda fyrir það svokallað áhættugjald. Er það 1% af ábyrgðarfjárhæðum, ef um einfalda ríkisábyrgð er að ræða, en 1½%, ef um sjálfskuldarábyrgð er að ræða. Meðal þeirra, sem orðið hafa að greiða áhættugjald þetta, eru félagsmenn byggingarsamvinnufélaga, sem hafa fengið ríkisábyrgðir á lán, er þeir hafa tekið til þess að reisa íbúðir fyrir sig og fjölskyldu sína. Samkv. l. nr. 36 1952, um opinbera aðstoð við byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, er fjmrh. heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast lán slíkra byggingarsamvinnufélaga allt að 80% af byggingarkostnaði húsa, sem reist eru af félagsmönnum byggingarsamvinnufélaganna. Framkvæmd þessa ákvæðis í höndum fjmrn. hefur verið sú á undanförnum árum, að það hefur ábyrgzt allt að 60% af kostnaðarverði íbúða, sem reistar eru á vegum byggingarsamvinnufélaga, og hefur þá verið miðað við verð, sem Hagstofa Íslands reiknar út frá ári til árs. Vegna veittra ábyrgða í þessu skyni hefur svo ríkissjóður fengið örugga tryggingu, sem bezt má á því marka, að þrátt fyrir það að ábyrgðir þessar hafa verið veittar um langt árabil, þá mun ríkissjóður ekki, að því er ég bezt veit, í einu einasta tilfelli hafa orðið fyrir fjárhagstjóni vegna þeirra. Og meðan framkvæmd þessara mála verður í sama farvegi og hún hefur verið til þessa, þá er útilokað, að til slíks fjárhagstjóns geti komið hjá ríkissjóði. Vegna þessa tel ég algerlega ástæðulaust og ranglátt að innheimta í ríkisábyrgðasjóð 1% áhættugjald af ábyrgðum, sem ríkinu er engin hætta í að veita.

Samkv. reglum, sem fjmrn. hefur sett um þessar ábyrgðir, er nú heimilt að ábyrgjast allt að 470 þús. kr. lán til einstaks félagsmanns, sem byggir á vegum byggingarsamvinnufélags. Vegna ábyrgðar á slíku láni yrði þessi félagsmaður að greiða 4700 kr. í áhættugjald, en auk þess verður hann að greiða í stimpilgjald af skuldabréfi um 3384 kr. og í þinglestursgjald 2375 kr., eða m. ö. o. samtals mundi hann greiða í ríkissjóð og ríkisábyrgðasjóð af slíku láni 10549 kr. Þegar enn fremur er á það litið, að ríkissjóður mun nú innheimta tæp 20% af kostnaðarverði húsa, sem byggð eru í dag, með sölusköttum og innflutningstollum af byggingarefni, þá sjá allir, að engin sanngirni og engin þörf mælir með því, að haldið sé áfram að innheimta áhættugjald af ríkisábyrgðum, sem félagar byggingarsamvinnufélaga fá á lán, hvort sem þau eru úr lífeyrissjóðum eða eftir öðrum leiðum. Ég hef því leyft mér að flytja frv. til breyt. á l. nr. 37 frá 1961, um ríkisábyrgðir, sem miðar að því að undanþiggja þá, er byggja íbúðarhús á vegum byggingarsamvinnufélaga, greiðslu áhættugjaldsins.

Ég legg svo til, herra forseti, að máli þessu verði að umr. lokinni vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 68., 71. og 72. fundi í Nd., 9., 16. og 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 335, n. 572 og 608).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

45. Aðstoð til vatnsveitna.

Á 48. fundi í Nd., 4. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna [180. mál] (þmfrv., A. 337).

Á 49. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Við fjórir þm. þessarar hv. d. höfum leyft okkur að flytja frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 frá 1947 um aðstoð af ríkisins hálfu til vatnsveitna. Í þessum lögum er kveðið á um efnahagslega aðstoð ríkissjóðs við sveitarfélög, sem koma sér upp vatnsveitu. Ákvæði l. um þetta atriði og reyndar fleiri eiga einnig við um vatnsveitufélög, sem stofnuð eru samkv. vatnalögunum frá 1923. Styrkur sá, sem heimilt er að veita í þessu skyni úr ríkissjóði, má nema allt að helmingi kostnaðar við stofnæðar, vatnsgeyma, dælur og jarðboranir.

Þessi löggjöf frá 1947 hefur reynzt um margt hin nýtasta og gert mörgum sveitarfélögum kleift að leggja í tiltölulega dýrar vatnsveitugerðir með hliðsjón af því að fá kostnað að þessu leyti endurgreiddan. En í framkvæmd hefur þó sá hængur komið í ljós á þessari löggjöf, sem okkur flm. og enda fleirum kemur saman um að þörf sé á að ráða bót á. Það hefur komið í ljós, að þessi styrkur, sem heimilt er að veita úr ríkissjóði, getur orðið æðilítill, þegar sérstaklega háttar, og langt umfram það, sem ætla má að

löggjafinn hafi á sinni tíð hugsað sér. Það er í tilfellum, þegar stofnæð svokölluð, sem er einn af fjórum flokkum þeim, sem styrkja má, er tiltölulega lítill hluti af öllu vatnsveitukerfinu. Þá koma svokallaðar aðaldreifiæðar til mjög snemma, og miðast þá styrkurinn við stofnæð, en ekki við dreifiæðar. Svo kemur hitt og til í slíkum tilvikum, að mannvirkjagerð að öðru leyti, sem er styrkhæf, svo sem jarðboranir, vatnsgeymar og dælur, er teljandi lítill hluti kostnaðarins. Þegar svo er, miðast styrkurinn samkv. löggjöfinni einungis við stofnæðina sjálfa, og hún er skilgreind af hálfu þeirra aðila, sem styrkjum úthluta, sem sá hluti vatnsæðar, sem liggur frá vatnsbóli eða upptöku vatns að fyrstu greiningu. Við þessa skilgreiningu er svo styrkurinn bundinn hverju sinni. Við flm. drögum það ekki í efa út af fyrir sig, að þessi túlkun af hálfu þeirrar nefndar, sem úthlutar styrkjum, sé rétt, en hitt er auðsætt, að þegar svo háttar sem ég hef lítillega greint, þá er nauðsynlegt, að styrkurinn nái einnig til aðaldreifilínukerfisins að einhverju leyti, ef gagn á að vera að styrkjum úr ríkissjóði. Þessi aðstaða getur komið til, bæði í kauptúnum, þorpum og ekki hvað síst í sveitum, þar sem strjálbýli er mikið og dreifingarkerfið hlýtur að verða æðiviðáttumikið oftast nær. Við þessar aðstæður getur svo beinlínis framkvæmd vatnsveitugerðarinnar stöðvazt eða orðið allsendis ónóg, nema ríflegur styrkur komi til, en þá skortir heimildir í löggjöfinni til nauðsynlegrar aðstoðar, en þörfin hvað brýnust.

Til þess að ráða bót á þessu höfum við flm. gert till. um það í þessu frv., að heimildir til styrkja við vatnsveitugerð verði færðar nokkuð út og þannig, að styrkur úr ríkissjóði skuli einnig ná til aðaldreifiæða. Þetta er að okkar dómi, flm., mjög aðkallandi, þar sem við vitum, að vatnsveitugerðir eru áformaðar, þar sem nauðsynlegt er að geta komið við hærri styrkjum en annars væri, og víða sjálfsagt í kauptúnum og þorpum mun þannig haga til, að þessarar breytingar er þörf. Við flm. teljum, að ekki muni ágreiningi valda þessi okkar stefna í höfuðatriðum, og við lestur á ræðum og grg. frá því 1947, þegar frv. til l. um aðstoð til vatnsveitna var á ferðinni hér í hv. þingi, má ljóslega greina, að meining löggjafans hafi verið sú að geta hverju sinni greitt allt upp í 50% styrk til vatnsveitna á vegum sveitarfélaga eða einstakra vatnsveitufélaga, enda hefur oft komið til þess, að styrkurinn hafi numið allt að þeirri fjárhæð. Að öðru leyti hlýtur sú nefnd, sem þessum styrkjum til vatnsveitna úthlutar, að viðhafa mat um mörg atriði, og svo yrði að sjálfsögðu að nokkru leyti um túlkunina á svokölluðum aðaldreifiæðum, en við flm. erum óhræddir um að leggja slíkt á vald þeirrar nefndar, sem fjallar um úthlutun styrkja.

Sé ég ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um frv., en óska þess, að málinu verði vísað að þessari umr. lokinni til 2. umr. og til heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

46. Strandferðaskip fyrir siglingaleiðina Vestmannaeyjar—Þorlákshöfn.

Á 51. fundi í Nd., 11. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um smíði nýs strandferðaskips fyrir siglingaleiðina Vestmannaeyjar—Þorlákshöfn [187. mál] (þmfrv., A. 361).

Á 52. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt tveimur öðrum þm. úr Suðurlandskjördæmi að flytja hér frv. til l. um smíði nýs strandferðaskips fyrir siglingaleiðina Vestmannaeyjar—Þorlákshöfn. Efni frv. er það, að ríkisstj. sé heimilað að byggja nýtt strandferðaskip, 500—1000 lesta stórt, til þess að flytja fólk og farartæki, en einnig eigi að vera í skipinu farmrými og hluti af því farmrými eigi að vera búinn kælitækjum, þannig að auðvelt sé að flytja mjólk á milli þessara staða, en fyrir þá flutninga er mikil þörf. Þá er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður reki þetta skip, en geti falið Skipaútgerð ríkisins eða öðrum aðilum að annast reksturinn, en reksturinn eigi að vera þannig, að skipið fari jafnaðarlega a. m. k. eina ferð hvora leið á þessari siglingaleið daglega. Ríkisstj. er síðan heimilað að taka lán til þess að standa straum af undirbúningi og byrjunarkostnaði við smíði skipsins.

Það má öllum vera ljóst, að á okkar tímum er það miklum annmörkum bundið að halda blómlegri byggð á eyjum, enda höfum við horft á það að undanförnu, að fjölmargar þær eyjar hér við land, þar sem smærri byggð hefur verið, hafa ekki tekið þeirri framþróun, sem aðrar byggðir landsins hafa náð, heldur hafa þær yfirleitt heldur gengið saman og ýmsar eyjar lagzt í eyði, ekki vegna þess, að þar væri síður búsældarlegt eða möguleiki til lífsafkomu heldur en á öðrum stöðum, en hinu er ekki að neita, að samgönguerfiðleikar eru miklir við eyjabyggðir, þannig að fólkið, sem þar býr, fer að verulegu leyti á mis við ýmislegt það í menningarlífi nútímans, sem aðrir geta veitt sér. Einasta ráðið til þess að halda í horfinu um þessa hluti og gera því fólki, sem eyjar byggir, lífið svipað og öðru fólki, er að halda uppi við slíkar eyjar sem allra greiðustum samgöngum.

Vestmannaeyjar eru eftir okkar mælikvarða allfjölmennt byggðarlag, þar sem atvinnulíf hefur blómgazt vel, og búskapur þar hefur verið ríkinu sem slíku mjög hagkvæmur. Þar hefur verið dregin mikil björg í þjóðarbúið, svo að illa mætti íslenzka þjóðfélagið við því, að þar yrði á samdráttur, hvað þá að hugsa til þess, að sú framleiðsla gæti lagzt niður. Til þess er heldur engin ástæða, því að það er hægt að búa svo í haginn, að byggð í Vestmannaeyjum sé álíka

vel sett og þær byggðir, sem á fastalandinu eru. En til þess verður að leggja verulega rækt við það að halda uppi góðum og greiðum samgöngum við þennan stað. Á því hefur á umliðnum árum verið mikill misbrestur, og um skeið var svo komið, að samgöngur við Eyjar voru með öllu óviðunandi. Þetta kom ekki fram í óánægju Eyjabúa einna saman eða þeirra, sem samskipti þurftu við þá að hafa, heldur kom það beinlínis fram í því, að kyrkingur hljóp í framþróun mála þar á staðnum og fólki fækkaði þar um skeið. En eftir að samgöngur komust þar í betra horf, var bót á þessu ráðin. En það er greinilegt, að á tímum þeirrar framþróunar og þess hraða, sem við lifum á núna, þá er ekki lengi hægt að standa í sömu sporunum um þessa hluti, heldur verður stöðugt að fylgjast með öllum þeim möguleikum, sem skapast til bættra samgangna, og nýta þá eins og bezt eru möguleikar til á hverjum tíma.

Fyrir rúmlega 3 árum kom til sögunnar nýtt skip, sem ríkissjóður lét byggja til að halda uppi samgöngum milli Vestmannaeyja og nálægra hafna. Það var strandferðaskipið Herjólfur, og hefur það nú um skeið sinnt þessu hlutverki með þeim árangri, að Vestmanneyingar segja gjarnan, að það sé næsta óskiljanlegt, hvernig var hægt að komast af án þess skips fyrir tilkomu þess. Og ef það skip hætti ferðum sínum einhvern góðan veðurdag og ekki yrði hlaupið þar í skarðið, er alveg víst, að það mundi hafa verulega þungar búsifjar í för með sér fyrir Vestmanneyinga. En eins og ég hef áður tekið fram, þá er ekki vert að miða Vestmannaeyjasamgöngur eingöngu við það, hvað eru þarfir Vestmanneyinga, því að það eru ekki síður þarfir íslenzka þjóðarbúsins, að byggð sé blómleg í Vestmannaeyjum, heldur en hitt, að Vestmanneyingar geti verið ánægðir og unað vel við sínar samgöngur.

Þegar strandferðaskipið Herjólfur var smíðað, var auðvitað undirbúningur þeirrar smíðar miðaður við það, að siglingaleið skipsins væri fyrst og fremst á milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja. Þetta er sjóleið, 112 mílna löng, liggur yfir einn erfiðasta kaflann af siglingaleiðinni hér við íslenzku ströndina. Á þessari leið er t. d. yfir Reykjanesröst að fara, en hún er oft mjög ill yfirferðar, og þar hefur margur farþeginn goldið veltuskatt á sinn máta og búið við slæma líðan. Ferð skipsins tekur yfirleitt um það bil 10 klst. Það er svo löng leið, að hún er í rauninni ófarandi, nema því aðeins að farþegar allir geti haft legurúm og notið næðis með þeim hætti á leiðinni. Á hinn bóginn hefur verið tekin upp sú regla, að yfir sumarmánuðina siglir Herjólfur einnig eina ferð í viku hverri á milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar hvora leið. Sú leið er ekki nema rösklega 40 sjómílur — 41 sjómíla nánar til tekið — og verður auðveldlega farin á svo sem eins og 3½ klst. Sú leið er ekki lengri en svo, að það reynist ekki nauðsynlegt, ekki a. m. k. á öllum árstímum, að farþegar á þeirri leið þurfi að njóta legurúms, heldur eru það fjölmargir farþegar, sem kjósa heldur að sitja uppi á þeirri leið, og þannig er hægt að flytja með sama skiprými miklu meiri fjölda farþega á þeirri leið heldur en á hinni löngu sjóleið milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja.

Nú hagar því svo til, að fyrirhugaðar eru og raunar á döfinni allmiklar hafnarbætur í Þorlákshöfn. Þegar þeim áfanga hefur verið náð, sem nú er unnið að í þeirri hafnargerð, verður að ætla, að hægt væri að taka upp fastar siglingar strandferðaskips á milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar allt árið. Að vísu er vitað, að einhverjir dagar, einhverjir aftaka illviðrisdagar koma, sem mundu trufla þá siglingu. En venjan er sú, að slíkt skeður ekki nema fáa daga á ári hverju, og er því greinilega að opnast nýr möguleiki til þess að bæta samgöngur við Vestmannaeyjar með því að taka upp fastar áætlunarsiglingar með góðum farkosti, sem flutt gæti farþega og farartæki, svo sem eins og bíla og bifhjól, án þess að það þyrfti að vera mjög miklum vandkvæðum bundið að koma slíkum farartækjum fyrir í skipi á milli þessara staða, og mundu þá skapazt alveg ný viðhorf hjá bæði Vestmanneyingum og þeim öðrum, sem hygðu á Vestmannaeyjaferðir eða Vestmannaeyjaviðskipti, ef hægt væri að komast hvora liðina sem væri, til Vestmannaeyja eða frá Vestmannaeyjum, hvern dag vikunnar, sem menn óskuðu eftir. En það er greinilega þetta, sem verður að koma, ef framþróun á að geta orðið með eðlilegum hætti í Vestmannaeyjum, þannig að menn fyndu sig í föstu og öruggu sambandi við aðrar byggðir þessa lands.

Það hefur frá fornu fari tíðkazt, að Vestmanneyingar og þeir, sem byggja sveitir Suðurlands, hafa haft mikil samskipti hvorir við aðra. Fyrr á árum var það títt, að farið var á milli Vestmannaeyja og Landeyja eða Eyjafjalla á bátum, en auðvitað voru það stopular ferðir, þar sem ekki var um annað en brimlendingu að ræða á suðurströnd landsins, á söndum suðurstrandarinnar. Nútímahættir hafa lagt þessar ferðir algerlega niður, og við það hefur rofnað býsna eðlilegt samband og æskilegt, sem vera ætti á milli Vestmanneyinga og íbúa sveitanna á Suðurlandsundirlendinu. Með tilkomu skips eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. er líklegt, að hægt væri að tengja þarna gömul viðskipta- og menningarbönd að nýju, þótt rofin hafi verið um skeið. Það er t. d. alkunna, að Vestmanneyingar fá núna langmest af sinni daglegu neyzlumjólk ofan úr sveitum Suðurlands, en allt slíkt gengur nú í gegnum höfuðborg landsins. Það væri til þæginda, ef hægt væri að taka upp beinni samskipti á þessu sviði en verið hafa. Og fjölmargt er það annað í viðskipta- og menningarlífi á þessum slóðum, sem svipuðu máli gegnir um, að ávinningur væri, að hér gætu myndazt beinni tengsl en áður hafa verið. En þrátt fyrir það, þótt Vestmanneyingar og íbúar sveitanna á Suðurlandi gætu komizt í nánari tengsli hvorir við aðra en nú er, þá breytir það ekki því, að veruleg samgönguþörf er milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur, bæði vegna vöru- og fólksflutninga.

Það mundi breyta svo svip á þessum samgöngum, ef til kæmi skip eins og hér er gert ráð fyrir, að það má segja, að það væru alger umskipti.

Að vísu geta menn komizt nú á hálfri klukkustund á milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur flugleiðis. En þær ferðir eru, eins og allir vita, ærið stopular og aldrei hægt að dagsetja þær fyrir fram með neinu öryggi, því að það fer allt eftir tiltölulega litlum veðrabrigðum, hvort þá leið verður komizt eða ekki. Sjóleiðin er að því leyti og verður um einhverja framtíð a. m. k. miklu öruggari, þannig að þær ferðir mundu geta talizt nokkurn veginn dagvissar þrátt fyrir það, að þar getur aðeins borið af áætlun, en aðeins lítið í samanburði við það, sem af ber um flugferðir. Öll leiðin á milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur, sem farin yrði þá almennt í farþegaflutningum, væri sú, að það yrði farið með bifreið frá Reykjavík til Þorlákshafnar. Sú leið er 55 km löng nú, eftir að Þrengslavegurinn nýi hefur verið tekinn í notkun. Hana er því auðvelt að fara á einni klst. Síðan tæki við sjóferð, sem tæki um það bil 3½ stund, eða alls mundi það taka farþegann um það bil 4½ klst. að komast á milli þessara staða, og þar af þyrfti hann ekki að vera á sjó nema 3½ klst., en það er einmitt ósk margra farþega að losna við langar sjóferðir. Það hnígur því allt að því, að um leið og hafnarskilyrði myndast í Þorlákshöfn, beri að taka upp fastar daglegar ferðir á sjó milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar, en síðan yrði farþegaleiðin framlengd með bílferðum milli Þorlákshafnar og Reykjavíkur. Ég tel þess vegna hina brýnustu nauðsyn, að jafnsnemma og hafnarskilyrði leyfa í Þorlákshöfn, verði slíkar ferðir teknar upp. En til þess að svo geti orðið, þarf þegar að fara að huga að farkosti á þessa leið, og ég tel því í alla staði eðlilegt, að það yrði verkefni ríkisins að láta byggja skip til þessara siglinga.

Hér á Alþingi hafa að undanförnu heyrzt um það raddir, að tími sé til þess kominn að endurskipuleggja í megindráttum starfsemi Skipaútgerðar ríkisins. Ég tel eðlilegt, að svo verði gert, en ég tel, að sú endurskoðun eigi fyrst og fremst að miða að því, að landsmenn geti notið aukinnar og bættrar þjónustu af siglingum við strendur landsins. Inn í þá endurskoðun, sem fyrirhuguð kann að vera á starfsemi Skipaútgerðarinnar, tel ég nauðsynlegt að taka möguleikana á því að breyta aðalsiglingaleiðinni með farþega á milli Vestmannaeyja og lands á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir í þessu frv. Ég vænti þess svo, að hv. alþm. sjái þá nauðsyn, sem hér er á, og ég vænti þess einnig, að sú nefnd, sem fær þetta frv. væntanlega til meðferðar, muni athuga það í allri vinsemd og leggja sig fram um það að tryggja því greiða afgreiðslu.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til samgmn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

47. Veiting prestakalla.

Á 51. fundi í Nd., 11. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um veitingu prestakalla [188. mál] (þmfrv., A. 362).

Á 52 fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég hafði búizt við, að það yrði hér einhver á undan mér, sem mælti fyrir þessu frv. af hálfu hv. n., en það hefur nú ekki orðið. Mér finnst eigi að síður rétt að láta það koma fram nú við 1. umr. þessa máls, að mér finnst þetta frv. vera hér á skökkum stað. Þetta frv. fjallar um það að taka rétt af söfnuðum landsins, rétt, sem þeir hafa lengi haft. Og það hefur verið venja, að þegar tillögur hafa verið gerðar um það að taka rétt af einhverjum aðila, þá hafi honum verið gefinn kostur á því að láta sitt álit í ljós, áður en þingið hefur um það fjallað að taka þennan rétt af honum. Ég veit ekki til þess, að þetta mál hafi enn verið rætt í einum einasta söfnuði landsins. En ég tel það alveg eðlileg og sjálfsögð vinnubrögð, að áður en slíkt mál eins og þetta er tekið til endanlegrar afgreiðslu hér á Alþ., fái þeir aðilar, sem verið er að taka réttinn af, að segja sitt álit um það, sem eru söfnuðir landsins. Ég hygg, að hin rétta vinnuaðferð í þessu máli hefði verið sú, að þegar t. d. kirkjuráð og kirkjuþing og biskup og kirkjumálaráðh. hefðu verið búnir að ganga frá þessu frv., þá hefði það verið sent til umsagnar þeirra aðila, sem það snertir alveg sérstaklega, sem eru söfnuðirnir, og málið fyrst tekið til meðferðar hér á þinginu, þegar þeirra álit lægi fyrir. Þess vegna álít ég, að það hljóti að vera hin eðlilegu vinnubrögð hér á þinginu, að þegar þetta mál hefur gengið til þeirrar n., sem það fer til, þá hlutist hún til um það, að áður en lengra sé haldið, verði málið sent söfnuðum landsins til umsagnar.

Mér þykir hins vegar rétt að láta það koma fram strax, að ég er því frv., sem hér liggur fyrir, fullkomlega andvígur. Ég hef heyrt það, og það kemur líka fram í grg. frv., að það megi finna ýmsa ágalla á prestskosningum, og mér dettur ekki í hug að neita því. En hvaða kosningar eru það, sem ekki er hægt að finna sams konar ágalla á? Ég held, að þeir ágallar, sem eru taldir fram í sambandi við prestskosningar, komi ekki síður til greina t. d. í sambandi við alþingiskosningar, bæjarstjórnarkosningar og sveitarstjórnarkosningar. Og ef það er rétt að afnema prestskosningar vegna þessara ágalla, vegna þess að það sé kannske ýmis áróður, sem eigi sér stað í sambandi við þær, þá má náttúrlega nota sams konar rök til þess að réttlæta það, að það eigi að afnema sveitarstjórnarkosningar, bæjarstjórnarkosningar og þingkosningar. En ég hygg, að það verði samt niðurstaða manna, að þrátt fyrir þessa ágalla, sem hægt er að finna á hinum ýmsu kosningum, hvort heldur er um prestskosningar eða þingkosningar að ræða, þá sé þó

þetta fyrirkomulag, frjálsar kosningar, hið bezta, sem enn hefur verið fundið upp til þess að ráða slíkum málum til lykta. Og ég óttast það, að ef byrjað er á því að skerða kosningarrétt manna á einu sviði, þá geti það orðið upphaf þess, að hann verði einnig skertur að öðru leyti og víðtækari skerðing geti komið í kjölfarið.

Um prestskosningarnar vil ég annars segja það, að ég held, að það megi að öllum líkindum rekja það til þeirra, sem ég tel vera einna bezt fyrir íslenzka þjóðkirkju. Ég tel það íslenzkri þjóðkirkju mest til gildis, að hún er yfirleitt víðsýn og frjálslynd kirkja. Hún er víðsýnni og frjálslyndari kirkja en yfirleitt þekkist í öðrum löndum. Það hafa ekki einstakir trúarhópar, jafnvel sértrúarhópar, náð eins sterkum ítökum innan íslenzku þjóðkirkjunnar og á sér stað í mörgum öðrum þjóðkirkjum, og þetta þakka ég ekki sízt prestskosningunum. Prestskosningarnar hafa verið trygging fyrir því, að það hefur meira víðsýni og meira frjálslyndi fengið að njóta sín innan íslenzkrar þjóðkirkju heldur en yfirleitt annars staðar tíðkast, vegna þess að hinn frjálslyndi kosningarréttur hefur tryggt það, að einstakir trúarhópar og sértrúarflokkar hafa ekki náð eins miklum ítökum og ella. Ég óttast það mjög, ef það fyrirkomulag yrði tekið upp, sem stefnt er að í þessu frv., að það gæti orðið til þess, að einstakir sértrúarhópar og sértrúarmenn næðu tökum á sóknarnefndunum og notuðu svo þá aðstöðu til þess að tryggja það, að prestar væru fyrst og fremst valdir út frá því sjónarmiði, að þeir væru fylgjendur þessa ákveðna sértrúarhóps eða sértrúarmanna, og þess vegna geti fyrir kirkjuna falizt veruleg hætta í því, að þetta fyrirkomulag verði tekið upp, að sú víðsýni og það frjálslyndi, sem hingað til hefur ríkt innan íslenzkrar þjóðkirkju, verði í hættu, ef vikið verður frá prestskosningunum og það fyrirkomulag tekið upp, sem hér er stefnt að. Ég hygg, að söfnuðirnir verði þá ekki eins vel á verði um það að gæta frjálslyndis og víðsýni eins og þeir eru nú, þar sem þeir hafa aðstöðu til þess að velja sér prest hverju sinni. Þess vegna álít ég það frá kirkjulegu sjónarmiði spor aftur á bak að taka upp það fyrirkomulag, sem stefnt er að í þessu frv. Og frá sjónarmiði þjóðfélagsins í heild tel ég það spor aftur á bak, að verið sé að afnema kosningar, því að ef það tekst á einu sviði, getur þess verið skammt að bíða, að það verði gert í öðrum efnum á eftir, því að eins og ég sagði áðan eru engir þeir ágallar til í sambandi við prestskosningar, sem ekki eru þá í sambandi við aðrar kosningar, og ef það er rétt að nota þá sem röksemd til þess að afnema prestskosningar, þá má alveg eins gera það á öðrum sviðum á eftir. Vegna þjóðfélagsins í heild og vegna þjóðkirkjunnar álít ég, að það mál, sem hér liggur fyrir, eigi ekki að ná fram að ganga.

Ég vil svo endurtaka það, sem ég sagði í upphafi, að ég tel það vera rétta vinnuaðferð í sambandi við þetta mál, ef það er meiningin að reyna að knýja það fram, að áður en lengra er haldið, hlutist sú þn., sem fær málið til meðferðar, til um það, að það verði sent söfnuðum landsins til umsagnar, því að það er ómótmælanlegt, að söfnuðir landsins hafa enn ekki fengið neitt um þetta mál að fjalla. Því hefur verið haldið alveg utan við þá enn sem komið er.

Umr. frestað.

Á 53 fundi Nd., 14. marz, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Nd., 15. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég hafði fjarvistarleyfi, þegar umr. þessi hófst, og skilst mér því, að raunverulega hafi engin framsaga verið fyrir máli þessu. Vil ég því gegna þeirri skyldu minni sem formaður menntmn., er málið flytur.

Ég hygg, að ekki þurfi að gera ýtarlega grein fyrir efni frv., það er einfalt og augljóst. Frv. leggur til að afnema prestskosningar með þeim hætti, sem tíðkazt hefur hér í rúmlega hálfa öld, en í staðinn eiga kjörmenn að kjósa presta. Kjörmenn eiga að vera sóknarnefndarmenn og safnaðarfulltrúar, og eru um þetta ýtarlegar reglur. Þá eru einnig ákvæði, þar sem kjörmönnum er heimilað að kalla prest, og nánari ákvæði um, með hverju móti það getur gerzt.

Frv. þetta er þannig til komið, að það var samþykkt á 3. kirkjuþingi þjóðkirkjunnar 1962, en þar var það flutt af biskupi og kirkjuráði. Hæstv. kirkjumálaráðh. hefur samkv. ósk biskups sent frv. til menntmn., og samkv. ósk ráðh. og þingvenju flytur menntmn. frv. Hins vegar hafa einstakir nm. óskað, að ekki væri aðeins tekið fram, eins og venja er, að þeir hafi frjálsar hendur um afstöðu til málsins, heldur einnig, að n. fjallaði efnislega um frv. fyrir 2. umr. Má því vænta þess, að n. láti frekar frá sér heyra um frv., þó að hún sé formlegur flytjandi þess, og vil ég vænta þess, að það verði ekki tekið til 2. umræðu fyrr en menntmn. hefur skilað áliti um það.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Vegna ummæla hv. 7. þm. Reykv., þegar þetta frv. var fyrst á dagskrá, þykir mér rétt að skýra frá því, að frv. þetta hefur verið samþ. á kirkjuþingi og er till. þess. Á sínum tíma var kvartað um það á kirkjuþingi, að þau frv., sem þar væru samþykkt, hefðu ekki öll verið lögð fram á Alþingi, og hét ég því þá, að meðan ég væri kirkjumálaráðh., skyldi ég hlutast til um, að slíkar till. kirkjuþings, sem fjölluðu um lagafrv., kæmu fram á Alþingi með einum eða öðrum hætti, þannig að Alþingi gæfist kostur á því að taka afstöðu til slíkra till. kirkjuþings. Ég gat þess, að að sjálfsögðu gæti ég ekki beitt mér fyrir, að þau frv., sem ég annaðhvort væri mótfallinn eða hefði ekki tekið afstöðu til, væru flutt sem stjórnarfrv., en þó mundi ég, þegar svo stæði á, eiga hlut að því, að þau væru send réttri n. Alþingis, sem síðan tæki ákvörðun um það, hvort hún mundi flytja þau eða ekki.

Mér sýnist það vera sjálfsögð hæverska við kirkjuþing, sem er fulltrúastofnun þjóðkirkjunnar, sett með lögum, að þess till. fái a. m. k. meðferð á Alþingi, þannig að tryggt sé, að það falli ekki algerlega dautt niður, sem kirkjuþingið

gerir till. um. Og einmitt miðað við þetta loforð, sem ég gaf kirkjuþinginu, þá taldi ég rétt, að frv. þetta yrði flutt í því formi, sem gert hefur verið.

Ég hef sjálfur ekki til hlítar tekið afstöðu til þess málefnis, sem hér er um að ræða, en mér finnst það þess eðlis, að sjálfsagt sé, að það komi til athugunar hjá Alþingi. En m. a. hef ég ekki sjálfur tekið afstöðu til þess enn, vegna þess að ætlunin var bæði hjá biskupi og kirkjuþingi, að samtímis því, sem þessi breyting yrði gerð á skipun sóknarpresta, yrði einnig gerð breyting á skipun sóknarnefnda og kosningu til þeirra. Frv. um þetta náði ekki samþykki á síðasta kirkjuþingi, m. a. vegna þess að sú n., sem um það fjallaði, var andvíg breytingunni á skipun sóknarpresta og taldi því ekki tímabært að taka afstöðu til frv. um aðra skipun sóknarnefndanna. Þessi skoðun n. varð undir á kirkjuþingi og samþ. frv. um breyt. á skipun sóknarpresta.

Biskup ætlaði svo að beita sér fyrir, að samið yrði nýtt frv. um skipun sóknarnefnda, en af ýmsum ástæðum er því verki ekki lokið enn, en hann óskaði þó eftir því, að þetta frv. um skipun sóknarprestanna yrði lagt fyrir Alþingi nú, ekki í þeirri veru, að knúin yrði fram samþykkt frv. á þessu þingi, eins og hv. 7. þm. Reykv. í öðru orðinu gerði ráð fyrir, að vera kynni ætlunin. Ég hygg, að biskup sé fyllilega ásáttur með, að frv. nái ekki fram að ganga að þessu sinni og raunar ekki fyrr en fyrir liggja hinar fyrirhuguðu till. um skipun sóknarnefndanna, enda er það ljóst, að hún er undirstaðan undir þessari nýju skipan á vali sóknarpresta, og því ekki eðlilegt, að menn geti tekið afstöðu til þess til hlítar, fyrr en það frv. liggur fyrir. Og það er heldur engan veginn óeðlilegt, að slíkt mál, svo viðkvæmt og viðurhlutamikið, sem hér er um að ræða, verði athugað a. m. k. á tveimur þingum. En eins og ég segi, þá þótti mér það sjálfsögð hæverska við kirkjuþing og í samræmi við yfirlýsingu mína þar, að málinu yrði hreyft í þessu formi nú þegar á þessu Alþingi.

Ég vil einnig leiðrétta, ef svo má segja, þá skoðun, sem kom fram hjá hv. 7. þm. Reykv., að með þessu frv. væri í raun og veru verið að fara á bak við sóknarnefndirnar. Það er að vísu rétt, að frv. hefur ekki verið sent hverri einstakri sóknarnefnd til umsagnar. Hins vegar hefur málið verið lagt fyrir alla héraðsfundi í landinu, og á þessum héraðsfundum eiga sæti sóknarprestar og safnaðarfulltrúar, þ. e. a. s. einn maður kjörinn frá hverjum söfnuði, og það er að nokkru leyti byggt á till. þessara héraðsfunda í því frv., sem fyrir liggur. Og ég tel víst, að safnaðarfulltrúarnir hafi ekki tekið afstöðu til málsins nema í samráði við sínar sóknarnefndir, a. m. k. hafa þeir haft fullt tilefni til þess og aðstöðu að hafa samráð við sóknarnefndirnar. Það er þá þeirra sök, ef það hefur ekki verið gert. Ekki svo að skilja, að ég hafi á móti því, að málið sé sent til sóknarnefnda til umsagnar, ef alþm. telja það eðlilegt. Málið hefur hingað til verið í höndum biskups og hann með þessum hætti leitað til sóknanna í landinu, og ég get ekki séð, að hann sé ámælisverður fyrir að hafa haft þann hátt á.

Um sjálft efni málsins skal ég ekki ræða á þessu stigi. Ég tel, að málið þurfi að grandskoða og að það verði ekki skynsamleg ákvörðun í því tekin, fyrr en það liggur fyrir í heild, eins og ég reyndar lýsti í fyrri hluta minnar ræðu. Hitt er engan veginn óeðlilegt, eins og þegar hefur komið fram hjá hv. 7. þm. Reykv., að menn láti uppi almenna skoðun sína á þessu máli, og það er ljóst og hefur ætíð verið vitað, að málið mundi verða mikið ágreiningsefni og það yrði ekki fyrirhafnarlaust að taka kosningarréttinn af mönnum, þann rétt, sem þeir hafa svo lengi notið. Hitt verðum við einnig að játa, að þeirri skipan, sem nú er, fylgja ýmsir ókostir, m. a. sá og e. t. v. ekki síztur, að það er mjög erfitt fyrir þá menn, sem komnir eru af — það má segja annaðhvort unglingsárum eða a. m. k. af léttasta skeiði, að fá tilflutning í starfi með þeirri skipan, sem verið hefur. Þetta er verulegur ókostur og leiðir m. a. til þess, að það verði í vaxandi mæli erfitt að fá menn til þess að taka að sér prestsþjónustu á unga aldri í hinum strjálu byggðum landsins, smærri sóknum, vegna þess að þeir óttist, að ef þeir eru einu sinni þangað komnir, þá eigi þeir ekki kost á öðru en sitja þar alla sína starfsdaga. Þetta er ekki einungis ókostur fyrir mennina sjálfa, heldur hlýtur að bitna á öðrum, ef sú skoðun festir rætur, að það þýði lítt fyrir aðra en tiltölulega unga menn að sækja um hin eftirsóknarverðari brauð. Nú vitum við, að frá því eru undantekningar og nokkrir rosknir menn hafa fengið tilfærslu í starfi. En þetta er þó annmarki, sem prestarnir mjög hafa á orði og telja, að sé sinni stétt og sínu starfi til mikils trafala.

Eins og ég segi, þá er ekki ætlan ríkisstj. og ekki heldur ósk biskups, að málið verði knúið fram á þessu þingi, heldur er það fyrst og fremst af hæversku við kirkjuþing, að málið er hér lagt fram, og til þess að menn geti af meiri alvöru en áður hafið athugun á því vandamáli, sem hér er óneitanlega við að etja, hvort sem menn telja, að þetta sé heppilegasta lausnin á því eða ekki.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hafði sem meðlimur í menntmn. fallizt á að flytja þetta frv., af því að ég álít það sjálfsagða kurteisi gagnvart þeim aðila, sem fór fram á það, kirkjumálaráðh., að verða við því, en áskildi mér um leið, að þetta frv. hlyti venjulega meðferð í n., þannig að þótt það væri að formi til flutt af nefnd, þá yrði því vísað til n. og tekið til meðferðar í n. og væri hægt að gefa nál. út um það, ef til greina kæmi. En það hefur stundum komið fyrir, þegar n. hafa tekið að sér að flytja svona mál, að gera það fyrst og fremst raunverulega af kurteisi við ráðh., að nm. missa þann rétt, sem þeir annars hafa, til þess að gera grein fyrir sínu máli og sinni afstöðu í sérstökum nál., og ég vildi gjarnan, að það yrði notað sem fordæmi nú, þegar slíkt er gert, að það væri möguleiki fyrir menn, þó að þeir tækju að sér einmitt út frá hreinum kurteisisforsendum að flytja mál fyrir hæstv. ríkisstj. hverju sinni, að þeir gætu gefið út sín nál. og farið yrði með málið engu að síður, þó að það væri flutt af nefnd, eins og farið er með önnur mál.

Hvað snertir þetta frv., þá er það svo, að svona frv. hafa verið flutt hér áður. Fyrir nokkrum árum var líka eftir ósk kirkjuþings flutt svona frv. í þessari hv. d. og komst þá aldrei lengra en til n. vegna þeirrar andstöðu, sem það mætti. Og það gleður mig að heyra frá hæstv. ráðh., að það sé hvorki meining hæstv. ríkisstj. né biskups, að þetta mál fari lengra en til n. nú.

Það, sem fyrst og fremst er flutt hér fram sem rök fyrir því, að það eigi að afnema prestskosningar, er eins og segir í grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Einkum hefur í því sambandi verið bent á það tvennt, að prestskosningar í núverandi mynd reynast einatt illkynjuð þolraun fyrir söfnuðina og þær geri prestum óeðlilega erfitt að færa sig til á starfssviði sínu."

Þetta er náttúrlega dálítið einkennileg rökfærsla að koma með í þjóðfélagi, sem vill viðhalda lýðræði, og í kirkju eða söfnuðum, sem um aldaraðir hafa barizt fyrir því að hafa sjálfstæði til þess að geta sjálfir valið sína starfsmenn. Það er vitanlegt, að öllum ágreiningi í einu þjóðfélagi, einum félagsskap fylgja oft deilur, og svo hefur það og verið í kristinni kirkju frá upphafi vega, og þær eru oft harðvítugar. Og þegar um það er að ræða, að menn vilja fá að kjósa sína starfsmenn, eins og í þessu tilfelli hinir lúthersku söfnuðir á Íslandi, þá getur náttúrlega komið upp ágreiningur um, hvaða starfsmenn séu beztir, og þegar kosningar fara fram um það, þá geta þær vissulega, eins og þarna er orðað, orðið nokkur þolraun fyrir viðkomandi kjósendur, og það eru nú kosningar yfirleitt og verða stundum allillkynjuð þolraun fyrir hv. kjósendur, sem þeir stundum jafnvel kvarta yfir, og ég held, að það hafi engum dottið í hug að fara að afnema lýðræðið af þeim sökum. Ég held, að þetta sé nokkuð, sem fylgir því að hafa sjálfir réttinn til þess að velja sér starfsmenn. Vissulega má ýmislegt færa fram fyrir því, að það væri ákaflega heppilegt, að slíkar kosningar, bæði þegar verið er að kjósa presta og þegar verið er að kjósa þm., bæjarfulltrúa eða hvað annað sem vera skal, þá gæti þetta farið sem allra hófsamlegast fram og orðið sem minnstur ágreiningur og þetta yrði sem minnst þolraun fyrir hv. kjósendur. En ég held, að þetta verði að fara nokkuð eftir því, hvernig viðkomandi þjóðfélög eru innréttuð og hvernig viðkomandi söfnuðir hugsa. Þetta er sem sé bein afleiðing af því, að þarna er um að ræða allstórt félag. Þeir lúthersku söfnuðir á Íslandi eru mjög fjölmennir. Ég skal ekki fullyrða, að það sé endilega vegna þess, að áhuginn fyrir þeim lútherska kristindómi sé svo afskaplegur, heldur máske líka að nokkru leyti vegna hins, að lúthersk kirkja hefur fram að þessu verið ríkiskirkja hér á Íslandi og þess vegna frekar verið ýtt á það, að menn væru í þessum söfnuðum, jafnvel þótt þeir gerðu ekki mikið að því að sækja fundi þar eða jafnvel ekki messur. Ef þess vegna hinir lúthersku söfnuðir vilja halda þeim réttindum, sem þeir hafa á Íslandi sem ríkiskirkja, þá verða þeir vafalaust líka að hlíta þeim hætti, sem menn yfirleitt hafa á í okkar þjóðfélagi, að kosningar geti farið fram. Hins vegar, svo framarlega sem lútherskir söfnuðir kjósa frekar að skilja við ríkið og vera því óháðir að öllu leyti, þá geta þeir haft þann hátt á með kosningu sinna starfsmanna sem þeim þóknast. En meðan þeir heyra að einhverju leyti undir ríkið eða standa í sambandi við það og Alþingi þess vegna verður að fjalla um lög viðvíkjandi þessum málum, þá álít ég eðlilegast, að það sé hafður sami háttur á í hinum lúthersku söfnuðum og öðrum þeim félögum, sem ríkið viðurkennir, ég tala nú ekki um, þegar það styður það, að það séu látnar fara fram frjálsar kosningar.

Þá er enn fremur annað, sem verður alvarlegt atriði í þessu sambandi, og það er, að sú tilraun, sem hér er gerð til þess að svipta hina lúthersku söfnuði réttindum til þess að kjósa sína starfsmenn, virðist fyrst og fremst koma fram frá embættismönnum kirkjunnar. M. ö. o.: þeir aðilar, sem hér flytja þetta mál, eru í fyrsta lagi prestarnir. Prestastefnan 1960 telur á því brýna nauðsyn að hreyfa þessu, að endurskoða gildandi lög um veitingu prestakalla, og það hefur komið greinilega fram þar, að prestarnir virðast vera allmikið á því að sleppa við kosningar, og enn fremur kemur fram í þessari grg., að nokkrir af þeim safnaðarfulltrúum, náttúrlega þeir, sem gegna trúnaðarstöðum í söfnuðum landsins, munu að öllum líkindum vera hlynntir þessu. M. ö. o.: embættismennirnir, sem kosnir hafa verið í þessum söfnuðum, mæla með því, að lýðræðið fyrir söfnuðina sé afnumið og embættismennirnir skuli ráða einir. Þetta hefði einhvern tíma á dögum kristinnar kirkju sætt mótmælum. Ég veit ekki betur en það hafi a. m. k. á vissu skeiði í kristinni kirkju verið mjög mikið áhugamál, sérstaklega sem afleiðing af siðbótarbaráttunni, ekki hvað sízt í róttækustu söfnuðunum, sem upp risu þá á móti kaþólskunni, að söfnuðirnir fengju sjálfir að kjósa sína presta, og þrátt fyrir það, þó að kirkjan hér hafi verið að ýmsu leyti tengd ríkisvaldinu, þá hélt ég, að það hefði aldrei verið hugsjón kristinnar kirkju að vera gersamlega innlimuð í ríkisvaldið, þó að slíkt hafi gerzt með allhrapallegum afleiðingum, a. m. k. hvað snertir kaþólsku kirkjuna á vissum skeiðum. Ég held þess vegna, að sú tilraun, sem hér kemur fram frá hálfu embættismannanna í þessum félögum hinna lútherskú safnaða á Íslandi til að koma söfnuðunum inn undir vald ríkisvaldsins fyrst og fremst og þessara embættismanna, það sé tilraun, sem sé ekki þess eðlis, að hinu opinbera beri að styðja hana. Það, sem fyrst og fremst eigi að gera í þessu efni, sé að láta söfnuðina sjálfa ráða.

Ég sé í grg., að það kemur hér fram, að þetta hefur verið rætt á héraðsfundum. Vann kirkjuráð úr álitsgerðum héraðsfundanna, og hlaut sú hugmynd mestan stuðning að breyta fyrirkomulagi líkt og þetta frv. gerir ráð fyrir. Einn héraðsfundur skilaði áliti, eftir að málið hafði verið undirbúið af kirkjuráði og kirkjuþing var tekið til starfa. Það er héraðsfundur Kjalarnesprófastsdæmis, sem lagði til, að núverandi fyrirkomulag skyldi haldast. Þar sem hefur verið leitað til safnaðanna, þar skilst mér, að söfnuðirnir hafi látið þá skoðun í ljós, að svo miklu leyti sem þeir hafa látið nokkra skoðun í ljós,

að núv. fyrirkomulag skyldi haldast. Ég er ákaflega hræddur um, að söfnuðirnir vilji halda þessum rétti, en embættismennirnir séu á því að vilja svipta söfnuðina þessum rétti.

Svo framarlega sem hinir lúthersku söfnuðir hér á Íslandi hafa áhuga á því að missa þennan rétt, þá hefur hver söfnuður sína aðstöðu til þess bara með því að mæta ekki á þeim fundum, þegar kallað er til kjörfunda. Það er vitanlegt, að svo framarlega sem mjög illa er mætt á þeim kjörfundum, ef það eru fáir, sem taka þátt í atkvgr., þá fellur það í vald ríkisins að útnefna raunverulega embættismennina, útnefna prestana, svo að söfnuðurinn getur látið sína skoðun í ljós, ef hann vill svipta sig þessum rétti, með því að nota hann ekki. Það er þess vegna ekki heldur verið að kúga menn í hinum lúthersku söfnuðum á Íslandi til þess að láta prestskosningar fara fram. Meiri hl. í þessum söfnuðum getur auðveldlega látið vera að mæta á kjörfundi, og þá er þetta komið fram, sem hér er farið fram á í frv., að ríkið fái að ráða þessu. Ég er algerlega andvígur því, að það sé hins vegar verið með löggjöf af hálfu ríkisins að taka það vald af hinum lúthersku söfnuðum á Íslandi, sem þeir hafa nú til þess að kjósa sína starfsmenn, til þess að kjósa sína sálusorgara eða presta. Ég álít, að þeir eigi að halda áfram þessum rétti og það eigi ekki að ganga lengra í því að innlima hina lúthersku kirkju á Íslandi í ríkistækið en þegar hefur verið gert.

Með allri virðingu fyrir frjálslyndi lúthersku kirkjunnar hér á Íslandi, þá held ég, að það sé ekki að öllu leyti sem heppilegast fyrir hana, að þessi háttur sé hafður á, sem nú er, að hún sé í þessum tengslum við ríkisvaldið. Ég held, að það bókstaflega ýti undir sýndarmennsku og skinhelgi og dragi úr eðlilegu trúarlífi. En ég held, að hvað þetta frv. snertir, þá beri að halda þeirri afstöðu, sem Alþingi hefur tekið fram að þessu, að verða ekki við óskum embættismannanna um að svipta söfnuðina kosningarrétti. Það er óhjákvæmilegt, að þessir söfnuðir, svo lengi sem þeir vilja vera í þessum tengslum við ríkisvaldið, þá séu þeir háðir þeim sömu reglum, sem ríkisvaldið ætlast til, að beitt sé í þjóðfélaginu almennt og í þeim félögum, sem ríkisvaldið að einhverju leyti kemur nærri. Þar ríkir lýðræði og þar geta menn kosið og neytt síns kosningarréttar. Ef lúthersku söfnuðirnir vilja skilja við ríkið, þá geta þeir auðsjáanlega ráðið, hvaða hátt þeir hafa þarna á.

Það er líka annað, sem gerir það að verkum, að það er eðlilegt að reyna að standa á móti svona frv. Hver tilraun, sem fram kemur til þess að draga úr því lýðræði, sem er á hinum ýmsu sviðum, hlýtur alltaf að verka til þess að skapa fordæmi. Það er vitað, að við Íslendingar höfum gert minna af því en ýmsar aðrar þjóðir að kjósa t. d. embættismenn. Við höfum meira haldið þeim erfðum, sem við tókum við frá hinum dönsku auðvaldskonungum, að útnefna embættismennina frekar en láta almenning kjósa þá. Í ýmsum lýðræðislöndum hefur sá háttur verið hafður á að kjósa t. d. svo og svo mikið af dómurum, kviðdómurum, ýmsa beina embættismenn ríkisins og annað slíkt. Það er ágreiningur um, hve heppilegt slíkt sé, hve vel það reynist, en við höfum haft þarna allt annan hátt á. Það er miklu færra af slíkum embættismönnum, sem eru kosnir hér hjá okkur, en víða er annars staðar. Hins vegar hvað snertir prestskosningarnar, þá hefur það yfirleitt verið svo, að almenningur hefur viljað halda þessu, og þá er rétt, að hann fái að gera það, enda mundi það geta orðið nokkuð slæmt fordæmi, ef farið væri að byrja á því að afnema kosningarnar í þessum félögum. Lúthersku söfnuðirnir eru frjáls félög á Íslandi, og ef farið væri að beita þá slíkum aðferðum eins og að svipta þá kosningarrétti á sínum starfsmanni, þá gæti það gefið mjög slæmt fordæmi. Ég er þess vegna eindregið mótfallinn þessu frv. og mun fyrir mitt leyti, ef til þess kemur, að það ætti að fara að taka ákvörðun í n. um það, sem máske kemur ekki til á þessu þingi, vera því mótfallinn, að það yrði samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 55. fundi í Nd., 18. marz, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til menntmn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

48. Fiskveiðar í landhelgi.

Á 53. fundi í Nd., 14. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt á l. nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi [200. mál] (þmfrv., A. 401).

Á 54. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Nd., 18. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Eins og kom fram í þeim umr., sem hér urðu um skýrslu hæstv. ríkisstj. varðandi Efnahagsbandalag Evrópu, þá er þetta frv. flutt að verulegu leyti að gefnu tilefni. En áður en ég vík að því, finnst mér rétt að minnast á nokkur atriði, sem koma fram í grg. frv. Eins og nú háttar íslenzkri löggjöf, geta útlendingar átt og rekið atvinnutæki hér á landi, ef þeir eru búsettir í landinu. Á þessu er þó sú undantekning, sem sett var í lögin um rétt til fiskveiða í landhelgi árið 1922, að Íslendingar einir geti átt og rekið fiskiskip, sem mega stunda veiðar innan fiskveiðilandhelginnar. Þetta ákvæði þótti nauðsynlegt að setja þá, vegna þess að fiskveiðar voru á þeim tíma taldar sá atvinnuvegur, sem útlendingar mundu helzt sækjast eftir að ná tökum á hér á

landi, og þar af leiðandi væri það nauðsynleg öryggisráðstöfun að setja þessi ákvæði, að það væru aðeins íslenzkir ríkisborgarar, sem ættu að eiga og reka skip, sem stunduðu veiðar innan fiskveiðilandhelginnar.

Síðan þessi lög voru sett fyrir 40 árum, hafa að sjálfsögðu margar og miklar breytingar orðið, ekki sízt á fiskvinnslu og fiskiðju, sem hafa haft það í för með sér, að þessi atvinnugrein er orðin miklu eftirsóknarverðari en áður, og ef að líkum lætur, verður einmitt fiskvinnslan og fiskiðjan álitlegasta framtíðaratvinnugreinin á Íslandi næstu áratugina. Þetta leiðir að sjálfsögðu til þess, að útlendingar hafa meiri áhuga á því en áður að koma sér fyrir innan þessarar atvinnugreinar og ná meiri og minni tökum á henni, ekki sízt ýmsir útlendir hringar, sem eru í þessari atvinnugrein erlendis, enda hefur talsvert borið á því að undanförnu, að slíkir aðilar væru að sækjast eftir því að komast yfir atvinnufyrirtæki hér á landi í þessari grein. Þar af leiðandi er alveg nauðsynlegt að setja sömu ákvæði um fiskiðjuverin og fiskvinnslustöðvarnar og nú gilda um fiskiskipin, að það séu aðeins Íslendingar eða íslenzkir ríkisborgarar, sem hafi rétt til þess að eiga og reka þessi atvinnutæki.

Ég held, að ef menn athuga þetta nokkru nánar, sjái þeir það fljótt, að hér sé um svo mikilvæga atvinnugrein að ræða, að Íslendingar geti ekki treyst öðrum en sjálfum sér til að fást við rekstur hennar. En alveg sérstök ástæða er til þess að gefa þessu máli gaum og taka það til meðferðar nú vegna þess, að það hefur komið mjög greinilega fram í sambandi við þær umr., sem hafa orðið um hugsanlega aðild Íslands að Efnahagsbandalagi Evrópu, að af hálfu útlendinga væri sótzt eftir því að komast inn í fiskiðjuna hér á landi. Ég vildi í þessu sambandi — með leyfi hæstv. forseta — rifja upp ummæli, sem hæstv. viðskmrh. lét falla á fundi hjá Verzlunarráði Íslands sumarið 1961, en sú ræða hans var síðar birt í Morgunblaðinu. Hæstv. viðskmrh. fórust þá þannig orð samkv. því, sem Morgunblaðið segir 12. júlí 1961, og hef ég þau nú yfir, með leyfi hæstv. forseta. Það, sem hæstv. viðskmrh. sagði, hljóðaði á þessa leið:

„Það skiptir sérstöku máli fyrir Íslendinga, að gert sé ráð fyrir því, að öll aðildarríki bandalagsins hafi jafnan rétt til þess að koma á fót fyrirtækjum á öllu bandalagssvæðinu og að öllu leyti jafna aðstöðu til atvinnurekstrar. Ef til einhvers konar aðildar okkar að þessu bandalagi kæmi," — þar er að sjálfsögðu bæði átt við fulla aðild og aukaaðild, — „hlytum við að ætlast til þess, að þessi almenna regla gilti ekki um fiskveiðar. Hagnýtingu fiskimiða innan íslenzkrar fiskveiðilögsögu getum við ekki deilt með öðrum þjóðum, enda hafa fiskstofnar algera sérstöðu samanborið við aðrar náttúruauðlindir. Hins vegar kæmumst við ekki hjá að athuga stefnu okkar varðandi réttindi útlendinga til löndunar á fiski og rekstrar fiskiðjuvera, ef til aðildar okkar ætti að koma, enda yrði sú stefna, sem nú er fylgt, okkur sjálfum ekki lengur nauðsynleg, ef tryggja mætti með öðru móti, að breyting á henni leiddi ekki til ofveiði."

Eins og fram kemur í þessum ummælum hæstv. viðskmrh., telur hann það bersýnilega óhjákvæmilega afleiðingu af fullri aðild eða aukaaðild okkar að Efnahagsbandalagi Evrópu, að útlendingar fengju hér rétt til fisklöndunar og rétt til að reka hér fiskiðjuver, og það kemur líka fram í þessum ummælum hæstv. viðskmrh., að hann álítur þetta engan veginn óeðlilegt, og gefur fullkomlega til kynna, að þetta sé í lagi, aðeins ef það sé tryggt í leiðinni, að þetta leiði ekki til ofveiði innan fiskveiðilandhelginnar. Það virðist því af þessu mega ráða, að hæstv. viðskmrh. og hæstv. ríkisstj. telji það ekkert óeðlilegt, þó að erlendum aðilum yrðu veitt þessi réttindi, þ. e. réttur til fisklöndunar á Íslandi og réttur til að reka hér fiskiðjuver.

Þetta sama kemur líka fram í grein, sem aðalhagfræðingur og ráðunautur ríkisstj. í efnahagsmálum, Jónas Haralz, birti í Fjármálatíðindum, sem Seðlabankinn gefur út, vorið 1962. Hann minnist þar á ýmsa fyrirvara, sem við þyrftum að setja, ef við gerðumst einhvers konar aðilar að Efnahagsbandalagi Evrópu, og segir m. a. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Þeir" — þ. e. fyrirvararnir — „verða enn fremur að tryggja það, að erlendir fiskimenn geti ekki stundað veiðar innan íslenzkra fiskveiðitakmarka og að hugsanleg þátttaka útlendinga í rekstri fiskvinnslustöðva leiði ekki til ofveiði fiskstofna við Ísland."

Það kemur hér fram alveg sama hugsunin eða skoðunin hjá Jónasi Haralz og hæstv. viðskmrh., að af þátttöku okkar í Efnahagsbandalaginu, hvort sem þar væri um að ræða fulla aðild eða aukaaðild, muni leiða hugsanlega þátttöku útlendinga í rekstri fiskvinnslustöðva hér á landi, og við það sé ekki annað að athuga en það, að það þurfi að setja einhverjar reglur til tryggingar því, að þessi þátttaka þeirra leiði ekki til ofveiði fiskstofna við Ísland. Að öðru leyti sé ekkert við slík sérréttindi að athuga.

Nú hefur það líka greinilega komið fram í þeim umr., sem síðar hafa orðið um þessi mál, að ekki aðeins viðskiptamálaráðherrann og Jónas Haralz, heldur þeir flokkar og þau málgögn, sem að núv. ríkisstj. standa, hafa bersýnilega ekki neitt við það að athuga, þó að slík réttindi væru veitt, því að t. d. málgögn þessara flokka hafa hafið mjög harða sókn gegn þeim mönnum, sem hafa mælt gegn því, að útlendingum yrðu veitt atvinnuréttindi hér á landi, því að í blöðum stjórnarflokkanna heita þessir menn nú einangrunarsinnar, og það er talað um, að þeir vilji halda í úrelt sjálfstæði, og ýmis önnur álíka ummæli eru höfð um þessa afstöðu, þ. e. þá afstöðu að vilja ekki veita útlendingum atvinnuréttindi hér á landi, og sérstaklega og þó ekki sízt það að vilja ekki gefa útlendingum aðstöðu til að flytja fjármagn sitt og atvinnurekstur hingað til landsins.

Mér finnst nú ekki úr vegi af þessu tilefni, áður en lengra er haldið, að ræða nokkuð um það, hvort það sé nokkuð hættuleg einangrunarstefna eða úrelt sjálfstæði að vilja hafa nægar hömlur á því, að útlendingar nái fótfestu til atvinnurekstrar á Íslandi, og hvort reynsla annarra þjóða, sem hefur fengizt í þessum efnum, sé slík, að við eigum að kalla það úrelt sjálf-

stæði eða einangrunarstefnu, ef menn vilja ekki á þetta fallast. Ég vil í þessu sambandi rifja upp reynslu nokkurra landa. Ég vil rifja upp t. d. reynslu landanna í Suður-Ameríku af því að hafa hleypt erlendu einkafjármagni og erlendum atvinnurekendum inn í þeirra land og gefið þeim möguleika til þess að hafa þar með höndum ýmiss konar stórkostlegan atvinnurekstur. Það er alveg rétt, að á vissu tímabili höfðu löndin í Suður-Ameríku nokkurn hagnað af þessu, eða mönnum virtist það. Þá var flutt allmikið erlent fjármagn til landsins, og það reis þar upp einhver atvinnurekstur, og þetta virtist vera ekki óheppileg uppbygging um nokkurt skeið. En þegar fram leið, þá kom það í ljós, að þessu fylgdu margvíslegir ókostir og m. a. sá, að í fyrstunni var það að vísu þannig, að fjárfesting útlendinganna leiddi til þess, að það var flutt þangað meira af erlendu fjármagni en það, sem þurfti að láta í staðinn. Nú er þetta orðið algerlega breytt. Síðan útlendingarnir komu sér þarna fyrir með sinn atvinnurekstur, flytja þeir ekki aðeins í burtu vexti og afborganir af því fé, sem þeir lögðu í þessi fyrirtæki sín, heldur flytja þeir nú út meiri og minni gróða, svo að þetta leiðir til stórkostlegs halla á greiðslujöfnuði þessara landa við önnur ríki, þannig að útlendingarnir taka nú það aftur mörgum sinnum, sem þeir einu sinni lögðu í þessi fyrirtæki. Auk þess kemur það í ljós, að hinir útlendu aðilar hafa ekki neina sérstaka hagsmuni eða sérstakar skyldur að rækja í sambandi við þessi fyrirtæki. Ef t. d. illa horfir með rekstur, þá draga þeir að sér höndina og eru alveg óragir við að láta skella á atvinnuleysi, og hugsa ekki heldur um uppbyggingu þessara fyrirtækja eins og vera skyldi og landsmenn sjálfir mundu gera, ef þessi atvinnurekstur væri í þeirra höndum.

En það eru fleiri aðilar en Suður-Ameríkumenn, sem hafa þessa sögu að segja. Fyrir nokkrum árum mátti lesa um það í blöðum, hve stórkostlegan hagnað Kanada hefði af því, að amerískt fjármagn flyttist þangað til lands, og amerískir iðjuhöldar ynnu að því að koma þar upp stórfelldum atvinnurekstri. Nú sjást slík skrif ekki lengur. Nú er ekki lengur talað um þann hagstæða greiðslujöfnuð í Kanada, sem fylgdi þessari fjárfestingu útlendinganna. Nú er dæminu snúið við. Nú flytja útlendingarnir miklu meira í burtu af fjármagni en það, sem þeir láta í staðinn, þannig að greiðslujöfnuðurinn verður óhagstæður af þessum sökum, því að þeir flytja ekki aðeins út vexti af sínu fjármagni og afborganir, heldur meiri og minni gróða í ýmsu formi, og þetta veldur stórkostlega óhagstæðum greiðslujöfnuði við Kanada. En það er meira en þetta, sem Kanadamenn hafa þurft að reyna í þessu sambandi. Það er stórkostlegt atvinnuleysi í Kanada núna, vegna þess að þegar eitthvað fer að ganga illa í sambandi við atvinnurekstur, sem útlendingar hafa sett fjármagn sitt í, þá kippa þeir að sér hendinni og hugsa ekki um hann lengur, eins og t. d. innlendir aðilar mundu gera, láta atvinnurekstrinn dragast saman og hirða ekki um þá uppbyggingu, sem nauðsynleg er. Þetta veldur því stórkostlegum samdrætti í atvinnurekstri í Kanada nú og á sinn mikla þátt í því atvinnuleysi, sem þar er um þessar mundir.

Það hefur að undanförnu verið allmjög rætt um það, að Vestur-Evrópa hefði notið góðs af því, að þangað hefði verið flutt mikið einkafjármagn frá Bandaríkjunum, og það er alveg rétt, að það hefur átt sér stað stórfelld uppbygging eða fjárfesting amerísks fjármagns í Vestur-Evrópu á undanförnum árum. Og það er óneitanlegt, að þetta hefur átt nokkurn þátt í þeirri uppbyggingu, sem þar hefur orðið. Og enn sem komið er, þá er V.-Evrópa í þessum efnum á sama stigi og Suður-Ameríka og Kanada voru, áður en dæmið snerist við. En nú stefnir óðum í þá áttina, að þetta dæmi snúist við og það verði útlendingarnir, sem flytji meira fjármagn frá V.-Evrópu en það, sem þeir flytja þangað inn, þegar þeir fara í vaxandi mæli ekki aðeins að flytja afborganir og vexti aftur heim til sín, heldur líka þann mikla gróða, sem þeir hafa af atvinnurekstrinum í þessum löndum. Það er líka ekkert leyndarmál, að sá ágreiningur, sem nú er að skapast á milli V.-Evrópu annars vegar og Bandaríkjanna hins vegar og de Gaulle er talinn sérstakur forsvarsmaður fyrir, hann stafar ekki sízt af þessu. Og það hefur komið mjög fram í afstöðu franskra stjórnmálamanna að undanförnu, að þeir vilja verja V.-Evrópu fyrir meira einkafjármagni frá Bandaríkjunum, verjast því, að bandarískt fjármagn nái t. d. meiri tökum á atvinnufyrirtækjum í Frakklandi en átt hefur sér stað að undanförnu. Og það er t. d. ekki talið hafa ráðið litlu um þá afstöðu de Gaulle nú fyrir nokkrum vikum, þegar hann hindraði áframhaldandi umræður um aðild Breta að Efnahagsbandalagi Evrópu, að amerískir auðhringar voru nýlega búnir að kaupa upp 2 mjög stórar og þýðingarmiklar verksmiðjur í Frakklandi. Þessa þróun taldi de Gaulle nauðsynlegt að stöðva, og það réð vafalaust ekki litlu um þá afstöðu, sem hann tók gagnvart aðild Breta, vegna þess að Bretar hafa verið taldir ekki eins sterkir á svellinu í þessum efnum og a. m. k. de Gaulle vill vera láta. Og það er alveg víst, að það eiga menn eftir að sjá, að það verður fátt, sem mun koma til með að valda meiri erfiðleikum í sambúð vestrænna þjóða en sá ágreiningur, sem rís út af því, hve bandarískt einkafjármagn hefur skapað sér sterka aðstöðu í V.-Evrópu, og farin að rísa upp sérstök sjálfstæðishreyfing til þess að vinna gegn þessu og vinna að því, að fyrirtækin verði ekki amerísk, heldur evrópsk. Við eigum áreiðanlega eftir að sjá fram á það, að sá lofsöngur, sem nú er um hina amerísku einkafjárfestingu í Evrópu, á eftir að breytast verulega.

Þannig mætti halda áfram að rifja það upp, hvernig öðrum þjóðum hefur gefizt að láta útlendinga fá sterka aðstöðu í sínum atvinnurekstri. En í raun réttri þurfum við Íslendingar ekki að fara til annarra landa í þeim efnum til þess að gera okkur grein fyrir þessu. Við höfum þessa reynslu sjálfir, og við höfum þessa reynslu meira að segja í fiskiðnaðinum sjálfum. Ég rifjaði það upp hér á sínum tíma, þegar rætt var um skýrslu ríkisstj. um Efnahagsbandalagið, hvernig Íslendingum hefði gefizt það að láta útlendinga

fá fótfestu í síldariðnaðinum á sínum tíma. Það eru ekki mjög margir áratugir síðan sú síldariðja, sem var til hér á landi, bæði síldarbræðsla og síldarsöltun, var að langsamlega mestu leyti í höndum útlendinga. Og reynslan, sem fékkst af þessum rekstri útlendinga, var slík, að á Alþingi 1928 voru allir flokkar sammála um það. Sjálfstfl., sem að vísu þá hét Íhaldsflokkur og er yfirleitt ekki fylgjandi þjóðnýtingu, taldi óhjákvæmilegt að grípa til þjóðnýtingar í síldariðnaðinum þá til þess að koma í veg fyrir það hörmungarástand, sem þá ríkti í síldariðnaðinum vegna þess, hvernig útlendingar hefðu haldið á þessum málum. Útlendingar ráku síldariðnaðinn eingöngu með sína hagsmuni fyrir augum, skeyttu ekkert um hagsmuni Íslendinga, hvorki útvegsmanna né sjómanna eða annarra íslenzkra aðila, sem þar komu nálægt. Og niðurstaðan var líka sú, að það voru ekki talin önnur ráð út úr þessum vanda en að taka upp allsherjar þjóðnýtingu í síldariðnaðinum. Og ég held, að þeir menn, sem þykjast fylgjandi einkarekstri og vilja nú opna útlendingum leið inn í fiskiðjuna á Íslandi, ættu að athuga vel þessa reynslu, áður en þeir gengju þau spor að hleypa útlendingum inn í þennan atvinnurekstur.

Það hefur verið talað talsvert um það, að það væri vafalaust til ýmissa hagsbóta fyrir Íslendinga að hleypa erlendum atvinnurekendum og erlendum fjármagnseigendum inn í atvinnurekstur hér á landi. Þeir mundu leggja til fjármagn, sem annars væri ekki fyrir hendi. Þeir mundu koma með ýmsa tækni með sér, sem nú er hér ekki fyrir hendi, og þar fram eftir götunum. Ég vil aðeins svara þessu með því, að reynsla okkar Íslendinga á undanförnum áratugum er sú, að við höfum verið alveg einfærir um að byggja upp þann atvinnurekstur, sem nauðsyn hefur verið á í landinu, og alveg einfærir um að koma með þær nýjungar og tækni, sem nauðsynleg hefur verið. Ég held, að það megi fullyrða, að íslenzkir atvinnurekendur eru það vel færir um að gegna sínum störfum, og íslenzku verkamennirnir það vel færir um þá vinnu, sem þarf að leysa af hendi, að við þurfum ekki á neinni sérstakri erlendri aðstoð að halda til þess að notfæra okkur þær nýjungar og tækni, sem er að skapast í atvinnuvegunum hverju sinni. Íslenzkir atvinnurekendur hafa yfirleitt verið mjög fljótir til þess að hagnýta sér slíkar nýjungar og slíka tækni, og þess vegna sætir það undrum, hve okkur hefur tekizt að byggja hér ýmiss konar iðnað í landinu á undanförnum árum. Sú reynsla sýnir alveg ótvírætt, að það er hægt að bera fullt traust til íslenzkra atvinnurekenda og íslenzks verkalýðs til þess að leysa þetta starf af hendi, svo að vel sé, og við þurfum ekki að sækjast eftir útlendingum til þess að vinna það fyrir okkur. Ég held líka, ef við lítum yfir okkar eigin reynslu og reynslu annarra þjóða í stórum dráttum, að þá sannist það vel í sambandi við atvinnureksturinn, að sjálfs er höndin hollust, að það sé hollast fyrir hverja þjóð að hafa hann í höndum eigin atvinnurekenda og eigin fyrirtækja, en láta útlendinga koma þar sem allra minnst nálægt. Og ég held, að því fari fjarri, að það sé nokkur einangrunarstefna eða það sé nokkurt úrelt sjálfstæði, þegar er verið að segja það og berjast fyrir því, að Íslendingar eigi sjálfir að annast atvinnurekstur hér á landi, en ekki gefa útlendingum kost á því að komast þar að meira og minna. Það er a. m. k. óhætt að fullyrða, að það er hið úrelta sjálfstæði, sem hingað til hefur gefizt Íslendingum bezt, og þeim hefur gefizt hitt jafnan illa, þegar þeir hafa látið útlendinga annast atvinnurekstur eða verzlun fyrir sig.

Við getum aðeins í þessu sambandi litið á okkar eigin höfuðstað í þessum efnum. Ef við lítum þó ekki sé nema nokkra áratugi aftur í tímann, þá var verzlun hér í Reykjavík og allur atvinnurekstur í höndum útlendinga. Síðan hefur sú mikla breyting orðið, að verzlunin hér í höfuðstaðnum er í höndum Íslendinga sjálfra og atvinnureksturinn er í höndum Íslendinga að svo að segja öllu leyti. Eru þau umskipti þannig, að við eigum að hverfa aftur til gamla tímans í þessum efnum? Eigum við að vinna að því, að hér skapist aftur sú gamla Reykjavík, þegar atvinnurekstur og verzlun var í höndum útlendinga? Það er víst ekki úrelt sjálfstæði, eftir því sem þeir menn halda fram, sem vilja nú koma útlendingum sem mest inn í atvinnurekstur hér á landi. En ég segi það hiklaust sem mína skoðun, að ég kýs miklu heldur þá Reykjavík, sem blasir við í dag í þessum efnum, en þá Reykjavík, sem var hér fyrir 100 árum. Og ég held, að flestir verði þeirrar skoðunar, þegar þeir fara að athuga þetta mál, og þess vegna eigum við að halda í þetta úrelta sjálfstæði að vilja eiga okkar atvinnufyrirtæki sjálf, og trúa okkar eigin mönnum fyrir því, en sleppa útlendingum sem allra minnst inn í þá starfsemi. Það er reynsla okkar og annarra, að það sé langheppilegast.

Þess vegna vænti ég þess líka, að það frv., sem ég hef hér lagt fyrir, fái góðar undirtektir hér í þinginu og skjóta afgreiðslu, því að um það held ég líka að allir hljóti að vera sammála, að ef það sé nokkur atvinnurekstur hér á landi, sem Íslendingar þurfi sjálfir að hafa í sínum höndum, sem sé eiginlega lykillinn að öllu öðru, þá sé það reksturinn á raforkuverunum og rekstrinn á fiskiðjuverunum, því að þeir, sem ná í aðra hvora þessa atvinnugrein, hafa orðið svo mikla lykilaðstöðu hér á landi, að þeir geta ráðið mjög miklu öðru á eftir. Þess vegna er þetta tvennt alveg sérstaklega, sem er nauðsynlegt fyrir okkur að verja. Í sambandi við orkuverin erum við búnir að setja ákvæði um það, að nú er það ríkið eitt, sem má reisa öll meiri háttar orkuver. Við þurfum ekki og eigum ekki að fara þá leið í sambandi við fiskiðjuna, því að við eigum að hafa fiskiðnaðinn sem mest í höndum einstaklinga og samvinnufyrirtækja. Það er heppilegasta lausnin. En við eigum að gera ráðstafanir til að tryggja það, að þessi atvinnurekstur verði í höndum þessara aðila, en útlendingar fái þar ekki aðstöðu til að koma ár sinni fyrir borð, og að því er stefnt með þessu frv. Þess vegna vænti ég þess, að það fái góðar undirtektir. En að sjálfsögðu er það líka rétt, að það þarf að gera ýmsar fleiri ráðstafanir til að tryggja það, að atvinnureksturinn hér á landi verði í höndum Íslendinga einna. Og í sambandi við það vil ég

geta þess, að af hálfu framsóknarmanna hefur í sameinuðu Alþingi verið lögð fram sérstök þáltill. um endurskoðun þeirrar löggjafar, sem þetta efni snertir, til tryggingar því, að atvinnurekstur verði í höndum landsmanna sjálfra, en færist ekki meira og minna í hendur útlendinga.

Ég læt þetta svo nægja að sinni, en sem sagt treysti því, að þetta frv. fái góðar undirtektir hjá þm. og afgreiðslu á þessu þingi.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég er dálítið hissa á því, að hv. þm., sem var að ljúka máli sínu, skuli kjósa að flytja þann áróður, sem hann undanfarna mánuði hefur flutt í blaði sínu, inn á vettvang hins háa Alþingis. Sá áróður hefur verið fólginn í því að reyna að telja lesendum blaðs síns trú um, að til séu hér á landi og þá auðvitað í stjórnarherbúðunum menn, sem vinni að því öllum árum að koma útlendingum sem mest inn í atvinnurekstur á Íslandi, eins og honum þóknaðist að orða það í ræðu sinni áðan, eða svo að ég vitni til annars orðalags, sem hann notaði í ræðu sinni, að til séu hér menn, sem vilji opna útlendingum leið inn í fiskiðjuna.

Hv. þm. notar það sem tilefni ummæla sinna að rangfæra setningar, sem ég á sínum tíma viðhafði í ræðu, sem ég flutti um viðskiptamál Vestur-Evrópu á aðalfundi Verzlunarráðs Íslands. Ég hélt satt að segja, að ekki aðeins ég, heldur fjölmargir aðrir alþm. stjórnarflokkanna hefðu tekið alveg nógu skýrt fram, að það er ein meginástæða fyrir því, að okkur hefur aldrei dottið í hug, að Ísland ætti að gerast fullgildur aðili að Efnahagsbandalaginu, og sú ástæða er ákvæði Rómarsáttmálans um gagnkvæm réttindi þegna aðildarríkjanna til atvinnurekstrar, til vinnuréttinda og til fjármagnsflutninga. Það eru þessi atriði fyrst og fremst, og þau ein væru alveg nægileg til þess að taka af öll tvímæli um það að okkar skoðun, að Ísland getur ekki gerzt fullgildur aðili að Rómarsáttmálanum. Þetta hefur verið sagt svo oft og undirstrikað svo rækilega, að það er í raun og veru furðulegt, að nokkur skuli leggja sig niður við það að leitast við að snúa út úr setningum til þess að telja menn hafa meint það, að útlendingar eigi að fá sem bezt skilyrði til atvinnurekstrar á Íslandi, að opna eigi útlendingum leið inn í íslenzka fiskiðju.

Með hliðsjón af því, hve þetta grundvallaratriði, sem ég gat um áðan, hefur oft verið sagt og oft verið undirstrikað, má geta nærri, hvort það hefur nokkurn tíma verið meining mín eða nokkurs annars, sem um þetta mál hefur talað af hálfu ríkisstj., að koma útlendingum sem mest inn í atvinnurekstur á Íslandi eða opna útlendingum leið inn í fiskiðjuna. Það er einmitt vegna þess, að við höfum ekki viljað opna útlendingum leið inn í íslenzka fiskiðju, það er vegna þess að við höfum ekki viljað koma útlendingum sem mest inn í atvinnurekstur á Íslandi, sem við höfum eindregið og ákveðið frá upphafi hafnað þeirri leið til lausnar á vandamálum Íslands, að Ísland gerðist fullgildur aðili að Efnahagsbandalaginu.

Nú skal ég koma að því, sem hv. þm. vitnaði til í verzlunarráðsræðu minni. Þann texta hef ég því miður ekki við höndina, en ég hef við höndina þá skýrslu, sem ég flutti hér í haust á hinu háa Alþingi um efnahagsbandalagsmálið, þar sem ég ræði nákvæmlega þetta sama atriði og geri það nokkru ýtarlegar en tími og ástæða var til á fundinum í Verzlunarráðinu. Með leyfi hæstv. forseta, ætla ég að leyfa mér að lesa niðurlag þess kafla í skýrslunni, sem fjallar einmitt um þetta atriði, sem hv. þm. er nú að reyna að gera mig og ríkisstj. tortryggilega út af, en niðurlag kaflans hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Mér virðist kjarni málsins vera þessi: Annars vegar getur atvinnurekstur útlendinga og störf sérmenntaðra erlendra manna hér á landi orðið okkur til mikilla hagsbóta. Í því sambandi er sérstaklega vert að benda á, að tæknikunnáttu er oft ekki hægt að verða aðnjótandi nema í sambandi við nýtingu erlends fjármagns. Hins vegar fylgir atvinnurekstri útlendinga og erlendri fjárfestingu hér á landi sú hætta, að útlendingar gætu náð úrslitaáhrifum í einstökum atvinnugreinum og starfsemi þeirra stuðlað að eyðingu náttúruauðlinda. Gegn þessu hvoru tveggja verðum við að geta tryggt okkur. Við verðum að hafa það á okkar valdi, hvern atvinnurekstur útlendingar megi stunda hér og hver áhrif þeirra í hverri atvinnugrein megi verða. Fiskveiðar útlendinga innan íslenzkrar fiskveiðilögsögu koma að sjálfsögðu ekki til greina. Hugsanlegur aukaaðildarsamningur yrði að veita Íslendingum rétt til þess að setja reglur um þessi efni. Aðalspurningin við aukaaðildarsamning eins og þann, sem ég hef hér rætt, yrði að sjálfsögðu, hvort Efnahagsbandalagið teldi slík ákvæði, sem takmörkuðu skyldur okkar, samrýmanleg því, að við hefðum tollfrjálsan og ótakmarkaðan aðgang að sameiginlegum markaði."

Í þessum setningum kemur fram skoðun ríkisstj. á þeim efnum, sem hv. þm. er að reyna að gera okkur tortryggilega um með flutningi þessa frv. Þessar setningar eru svo ótvíræðar og skýrar um skoðun okkar á málinu, að ég trúi því ekki, að neinn vitiborinn maður geti látið blekkjast af þeim áróðri, sem hér er hafður í frammi.

Ég vil að síðustu bæta því við, að það, sem ekki er sérstaklega rætt hér, en ég og ýmsir fleiri höfum rætt áður og í öðru sambandi, og það, sem er grundvallarhugsunin í þeirri einu setningu, sem hv. þm. las upp úr verzlunarráðsræðu minni áðan, er það, að hvað svo sem líður hugsanlegum tengslum okkar við Efnahagsbandalag Evrópu, hefur það um margra ára bil, um áratugabil verið viðfangsefni, sem allir ábyrgir menn á Íslandi hafa hugsað um, hvort ekki sé ástæða til þess að breyta í einhverju íslenzkri löggjöf til þess að auðvelda íslenzkum aðilum að hagnýta erlent fjármagn og erlenda tæknikunáttu til uppbyggingar íslenzkum atvinnuvegum. Svo skemmtilega vill til, að því fer fjarri, að skoðanir manna greinist eftir flokkslínum í þessu efni. Mér er t. d. mjög minnisstæður áhrifaríkur málflutningur ungra manna í Framsfl. um þetta efni, svo sem framkvæmdastjóra rannsóknaráðs, Steingríms Hermannssonar, sem birt hefur mjög ýtarlegar greinar í sjálfu blaði hv. þm. og flutt hefur mjög fróðleg erindi einmitt

á vettvangi ungra framsóknarmanna um nauðsyn þess að afla í ríkari mæli en átt hefur sér stað hingað til erlends fjármagns til landsins. Hann, sem hefur kynnt sér mjög rækilega möguleika á aukinni stóriðju á Íslandi, hefur, eins og auðvitað allir, sem það hafa hugleitt, gert sér ljóst, að við komum ekki aukinni stóriðju á fót, nema því aðeins að við hagnýtum okkur erlent fjármagn og erlenda tæknikunnáttu í ríkari mæli en átt hefur sér stað. Það var þessi hugsanagangur, sem lá að baki þeirra setninga, sem hv. þm. vitnaði til úr verzlunarráðsræðu minni. Mér hefði aldrei dottið í hug að fara í gegnum langar greinar og langar ræður t. d. Steingríms Hermannssonar, sem manna mest hefur skrifað um stóriðjumál og hagnýtingu erlends fjármagns af ungum framsóknarmönnum og framsóknarmönnum yfir höfuð að tala, — mér hefur aldrei dottið í hug að leita í löngum greinum og ræðum hans að því, hvort þar kynni að standa ein setning, sem með góðum vilja mætti takast að snúa út úr í þessum efnum og túlka þannig, að hann vilji hleypa útlendingum sem mest inn í atvinnurekstur á Íslandi eða opna útlendingum leið inn í íslenzkan iðnað. Slík vinnubrögð hafa mér aldrei komið til hugar, enda yrðu þau satt að segja engum til sóma. En því miður hefur hv. þm., sem er einnig áhrifamikill stjórnmálaritstjóri, fallið fyrir þessari freistingu. Honum hefur þóknazt að slíta úr samhengi eina setningu úr meira en hálftíma ræðu, sem ég flutti, og viljað gera sína rangtúlkun á henni ekki aðeins að minum skoðunum, heldur skoðunum ríkisstj., og það þrátt fyrir það, að hann eins og allir aðrir þm. hafi fyrir sér skýlausa yfirlýsingu um það í skýrslu ríkisstj. frá s.l. hausti, hver er afstaða og skoðun okkar í ríkisstj. í þessu máli. En hún er, eins og kom fram í þeim setningum, sem ég las, tvímælalaust sú, að við höfum ekki talið önnur tengsl geta komið til greina en annaðhvort aukaaðildarsamning í tilteknu formi eða tollasamning. Ástæðan fyrir þessari skoðun er einmitt sú, að við höfum ekki viljað hleypa útlendingum inn í íslenzkan atvinnurekstur, að við höfum ekki viljað opna útlendingum leið inn í íslenzka fiskiðju.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég verð að segja, að þessi ræða hæstv. viðskmrh. kom mér dálítið á óvart, því að ég hafði þekkt hann sem greindan og gegnan mann og hélt þess vegna ekki, að hann mundi koma hér upp til að afneita jafnaugljóslega staðreyndum eins og hann gerði, að hann væri allt of reyndur og hygginn maður til þess að gera slíkt. En það er hins vegar þannig með hæstv. ríkisstj. um þessar mundir, að hún virðist telja það mjög nauðsynlegt að afneita ýmsum staðreyndum og jafnvel eins augljósri staðreynd og þeirri, að Efnahagsbandalag Evrópu sé raunverulega lengur til, því að það hefur komið hér fram, bæði hjá hæstv. viðskmrh. og hæstv. dómsmrh., að raunverulega sé það mál alveg úr sögunni, að við þurfum nokkuð að hugsa um afstöðu okkar til Efnahagsbandalags Evrópu í framtíðinni. Ég held, að hæstv. viðskmrh. hafi orðað þetta þannig, að málið væri í raun og veru úr sögunni, og hæstv. dómsmrh. væri búinn að segja, að það væri búið að taka þann vanda frá okkur að þurfa að fjalla nokkuð um það, hver afstaða okkar til Efnahagsbandalags Evrópu eigi að vera.

Ég held, að það geri sér allir ljóst, og ég veit, að hæstv. ráðh. gera sér það líka, að þetta er fjarri réttu lagi. Efnahagsbandalag Evrópu er til, og það er ekki aðeins til, það fer vaxandi og það eru fleiri og fleiri lönd, sem leita eftir að ná einhverjum samningum við það, annaðhvort um aðild eða um tolla- og viðskiptamál, og það er óhjákvæmilegt fyrir okkur að taka einhverja afstöðu til þess fyrr eða síðar. Við megum ekki vera að blekkja þjóðina í þeim efnum. En hæstv. ráðh. vinna að því öllum árum nú fyrir þessar kosningar að afneita jafnaugljósum staðreyndum og þeim, að við þurfum fyrr eða seinna að taka afstöðu til Efnahagsbandalags Evrópu, og þar að auki keppast þeir við, eins og hæstv. viðskmrh. nú gerði, að afneita því, sem þeir hafa sjálfir haldið fram um þessi mál áður. Hæstv. viðskmrh. kom hér upp núna og sagðist alls ekki hafa sagt það, sem ég hafði eftir honum úr ræðu hans á fundi Verzlunarráðs Íslands sumarið 1961. En það vill nú svo vel til, að þessi ræða hæstv. ráðh. er birt í Morgunblaðinu og þar standa þessi ummæli hans alveg svart á hvítu, og ég skal nú lesa þau fyrir hann og ég skal lesa allan þann kafla, sem fjallar um þetta atriði, þ. e. atvinnuréttindi útlendinga hér á landi. Þau hljóða þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Það skiptir sérstöku máli fyrir Íslendinga, að gert er ráð fyrir því, að öll aðildarríki bandalagsins hafi jafnan rétt til að koma á fót fyrirtækjum á öllu bandalagssvæðinu og að öllu leyti jafna aðstöðu til atvinnurekstrar. Ef til einhvers konar aðildar okkar að þessu bandalagi kæmi, hlytum við að ætlast til þess, að þessi almenna regla gilti ekki um fiskveiðar. Hagnýtingu fiskimiða innan íslenzkrar fiskveiðilögsögu getum við ekki deilt með öðrum þjóðum, enda hafa fiskstofnar algera sérstöðu samanborið við aðrar náttúruauðlindir."

Svo kemur það í ummælum hæstv. ráðh., sem máli skiptir í þessu sambandi og snertir fiskiðjuverin og fiskiðnaðinn. Þar segir hæstv. ráðh.:

„Hins vegar kæmumst við ekki hjá að athuga stefnu okkar varðandi réttindi útlendinga til löndunar á fiski og rekstrar fiskiðjuvera, ef til aðildar okkar ætti að koma."

Og svo segir ráðh. enn fremur:

„Enda yrði sú stefna," — það er hans skoðun, sem þar kemur fram, — „sem nú er fylgt, okkur sjálfum ekki lengur nauðsynleg, ef tryggja mætti með öðru móti, að breyting á henni leiddi ekki til ofveiði."

Þarna kemur alveg glöggt fram í þessum ummælum hæstv. ráðh., að hann álítur það ekkert varhugavert, þó að breytt sé þeirri stefnu, sem við fylgjum nú, þ. e. að leyfa ekki erlendum skipum að landa fiski hér á landi og leyfa ekki útlendingum að reka fiskiðjuver hér á landi. Hann telur, að þessi stefna, sem við fylgjum nú, sé ekki lengur nauðsynleg, aðeins ef við getum sett þær reglur, að rekstur útlendinga á fiskiðjuverum hér á landi leiði ekki til ofveiði. Það eru einu reglurnar, sem við þurfum að setja. Inn-

an þess ramma er okkur fullkomlega óhætt, að því er hæstv. ráðh. sjálfur heldur fram, að leyfa útlendingum að reka fiskiðjuver hér á landi. Og svo kemur hæstv. ráðh. upp, eftir að þetta liggur skjalfest fyrir frá honum, og segist aldrei hafa haldið því fram, aldrei gefið það neitt til kynna, að hann álíti það rétt, að útlendingar fái að reka fiskiðjuver hér á landi, og hann sé algerlega mótfallinn því, að útlendingar hefðu eiginlega nokkurn atvinnurekstur hér á landi, og það væri vegna þess, að ríkisstj. væri á móti atvinnurekstri útlendinga hér á landi, sem hún vildi ekki, að Ísland væri fullgildur aðili að Efnahagsbandalagi Evrópu. Og hæstv. ráðh. blés sig út og talaði hér mjög mikið um það, hvað hann og ríkisstj. væru ákaflega mótfallin því, að útlendingar hefðu nokkurn atvinnurekstur hér á landi. En svo gerir hæstv. ráðh. það í sömu andránni, að hann les upp úr sinni eigin skýrslu, sem hann birti hér á Alþingi 12. nóv. 1962, þar sem hann segir m. a.:

„Annars vegar getur atvinnurekstur útlendinga og störf sérmenntaðra erlendra manna hér á landi orðið okkur til mikilla hagsbóta."

Hæstv. ráðh. les það hér upp eftir sjálfum sér, að atvinnurekstur útlendinga hér á landi geti orðið okkur til mikilla hagsbóta, og svo segir hann rétt á eftir, að hann sé alveg eindregið á móti því að leyfa útlendingum atvinnurekstur hér á landi og ríkisstj. sé alveg á móti því að leyfa nokkurn atvinnurekstur útlendinga hér á landi, þó að það standi í hennar eigin skýrslu, að þetta geti orðið okkur til mikilla hagsbóta. Hvaða mark á að taka á slíkum málflutningi eins og þessum, og hvers vegna getur það átt sér stað, að jafnhygginn maður og hæstv. viðskmrh. og jafngreindur maður og hæstv. viðskmrh. er skuli leyfa sér annan eins endemis málflutning og þetta? Af hverju stafar það, að hann heldur uppi slíkum málflutningi eins og þessum? Það er vegna þess, að aðstaða hæstv. ríkisstj. í þessu máli er orðin slík, að hún treystir sér ekki lengur til að verja það, sem hún hafði áður haldið fram og hún raunverulega vill. Hún þarf að gera allt, sem hún getur, til þess að neita sinni raunverulegu stefnu fyrir kosningar, og þess vegna koma hæstv. ráðh. hér upp og afneita sínum eigin ummælum og eigin skýrslum, eins og hæstv. viðskmrh. hefur nú gert. Og hæstv. viðskmrh. gekk miklu lengra en þetta í þessum svardögum, að afneita því, sem áður hafði verið stefna og vilji ríkisstj. Hann sagði t. d. annað eins og það, að það hefði aldrei verið vilji stjórnarinnar, að Ísland yrði fullgildur aðili að Efnahagsbandalagi Evrópu, henni hefði aldrei dottið jafnvoðalegur hlutur í hug eins og það að ætlast til þess, að Ísland yrði fullgildur aðili að Efnahagsbandalagi Evrópu, ekki dottið í hug að ræða um slíkt mál, hugsa um slíkt mál einu sinni.

En hvað segir nú reynslan í þessum efnum? Hver er fortíð hæstv. ríkisstj. í þessum efnum? Hún er engin önnur en sú, að sumarið 1961 kallaði ríkisstj. hér saman fulltrúa frá ýmsum fyrirtækjum, sem hafa með utanríkisverzlun og atvinnurekstur að gera, og þetta var, held ég, seint í júlímánuði, og krafðist þess, að þessi fyrirtæki væru búin að svara því fyrir miðjan ágúst, hvort þau álitu rétt, að Ísland ætti að sækja um fulla aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu eða ekki. Og það var ekki látið þar við sitja af hæstv. ríkisstj., að fyrirtækin ættu að svara þessu, heldur var það skýrt tekið fram af hæstv. viðskmrh. og efnahagsráðunaut ríkisstj., sem mætti á þessum fundum, að það væri ógerningur að ná nokkru sambandi við Efnahagsbandalagið, nema það yrði send inn umsókn um fulla aðild, og það voru jafnframt birtir alls konar útreikningar og upplýsingar um það, hvílík stórkostleg hætta það yrði fyrir okkur, ef við kæmumst ekki inn í sameiginlega markaðinn, eins og Efnahagsbandalagið þá var kallað. Og það gerðist meira en þetta sumarið 1961. Það birtist varla svo forustugrein í Morgunblaðinu um langan tíma, að það væri ekki talað um nauðsyn þess, að Ísland kæmi sem allra fyrst sem fullgildur aðili inn í Efnahagsbandalag Evrópu. Ríkisstj. vann þess vegna að því öllum árum á þessum tíma, að Ísland yrði fullgildur aðili að Efnahagsbandalagi Evrópu. Það var hennar stefna, og hún fór ekki dult með það, ekki einu sinni í blöðum sínum og þá enn þá síður á lokuðum fundum, því að vitanlega dettur engum í hug að fara að senda inn umsókn um eitthvað nema það, sem hann ætlar sér að standa við. Hver fer að sækja um umsókn í félag öðruvísi en að ætla sér að ganga í félagið og þar fram eftir götunum? Enda var það vitanlegt, að þegar ríkisstj. vildi sækja um fulla aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu, þá fylgdi þar fullkomlega hugur máli, það var hennar stefna. En hvað var það, sem orsakaði svo það, að ríkisstj. féll frá þessu? Var það vegna þess, að hún fengi eftir á einhverja eftirþanka í sambandi við það, að það kynnu að vera einhver ákvæði í efnahagsbandalagssamningnum, sem væru óhagstæð fyrir Íslendinga, eins og atvinnuréttindi og annað þess háttar? Nei, það var ekki neitt slíkt, sem breytti afstöðu hæstv. ríkisstj. Það var allt annað, sem varð þess valdandi, að hún féll frá því að senda inn umsókn um fulla aðild Íslands, og það kom fram í þeirri ræðu, sem hæstv. viðskmrh. hélt hér á Alþingi fyrir nokkru, eða þegar seinast var rætt um skýrslu ríkisstj. varðandi Efnahagsbandalag Evrópu. Það, sem gerðist, var það, að tveir af hæstv. ráðh. fóru til Þýzkalands og ræddu við fulltrúa ríkisstj. í Bonn í sept. 1961. Og þar fengu þeir upplýsingar, að það mundi verða þýðingarlaust fyrir Ísland að sækja um fulla aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu, sennilega m. a. vegna þess, sem hefur hvað eftir annað komið fram í ræðum Adenauers kanslara, að ef Ísland fengi fulla aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu, þá mundi það fá atkvæðisrétt í stofnunum bandalagsins, og hinir stóru úti í Evrópu kærðu sig ekkert um þetta atkvæði Íslands þar. En hvort sem það var þessi ástæða eða einhver önnur, þá voru svörin, sem íslenzku ráðh. fengu í Bonn í september 1961, þannig löguð, að það mundi vera þýðingarlaust fyrir Ísland að sækja um fulla aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu, og það var þá fyrst, sem ríkisstj. tók upp þá stefnu, sem hæstv. viðskmrh. segir hana núna hafa, að Ísland eigi ekki að gerast aðili að Efnahagsbandalagi Evrópu. Það voru erlendir aðilar, sem komu í veg fyrir

það, að Ísland sækti um fulla aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu, eins og hæstv. ríkisstj. vildi, en ekki vegna þess, að hæstv. ríkisstj. væri neitt hrædd við ákvæði efnahagsbandalagssamningsins eða hún væri eitthvað mótfallin atvinnuréttindum útlendinga hér á landi, enda stendur það í skýrslu hennar sjálfrar, eins og hæstv. viðskmrh. las upp áðan, að það gæti verið til stórra hagsbóta fyrir Íslendinga að leyfa útlendingum meiri og minni atvinnurekstur hér á landi.

Hjá hæstv. viðskmrh. hefur það komið eins skýrt fram og verða má, eins og ég hef nú lesið upp úr hans ræðu, að hann telur alls ekki neitt athugavert við það, að útlendingum sé leyft að reka fiskiðjuver hér á landi eða erlendum skipum séu leyfðar hér fisklandanir. Hann telur, að bara ef við setjum ákvæði, sem koma í veg fyrir, að þetta leiði til ofveiði, þá sé ekkert við að athuga, þó að slík réttindi séu leyfð. En ég vil í fullu bróðerni segja það við hæstv. viðskmrh., því að við erum gamlir kunningjar, að ég vænti þess, að hann leggi þann vana niður að flytja slíkar ræður eins og hann flutti hér áðan, því að hann bætir ekki fyrir sér með því að ætla að afneita þannig skýlausum staðreyndum um það, sem hann hefur áður sagt. Ég vænti þess vegna fastlega, að hæstv. viðskmrh. meti það við mig, að ég ráðlegg honum þetta, taki þetta sem vinarráð, enda er það líka áreiðanlega langbezt fyrir hann sjálfan, að hann hætti aftur þessum afneitunum og svardögum, sem hann hafði hér áður í frammi, því að það er honum algerlega tilgangslaust, og það er ekki með nokkru móti hægt að leyna því eða afneita því, að hæstv. ríkisstj. ætlaði að vinna að því, að Ísland yrði fullur aðili að Efnahagsbandalaginu, að hún hafði ekki neitt við það að athuga, þó að útlendingar fengju meiri og minni atvinnurekstrarleyfi hér á landi, og það voru erlendir aðilar, sem á sínum tíma komu í veg fyrir það, að lögð væri inn umsókn um fulla aðild Íslands að Efnahagsbandalaginu.

Það liggur skjalfest fyrir, að hæstv. viðskmrh. hafði ekki neitt við það að athuga, heldur telur það eðlilegt og sjálfsagt, að útlendingar fái að reka fiskiðjufyrirtæki hér á landi. Og það var ekki eingöngu hæstv. viðskmrh., sem taldi þetta eðlilegt og sjálfsagt, heldur taldi aðalmálgagn Sjálfstfl. þennan boðskap hans svo mikils virði, að það birti alla þá ræðu, þegar hæstv. viðskmrh. birti þennan boðskap sinn, án þess að gera við hann nokkra aths., heldur til að árétta það, að sú stefna, sem kæmi þarna fram í ræðu viðskmrh., væri líka stefna hins stjórnarflokksins.

Að síðustu vil ég svo segja það, að ef það er rétt hjá hæstv. viðskmrh., að hugur hans sé nú orðinn svo breyttur eins og hann vilji vera láta og hann afneiti öllu því, sem hann hefur áður sagt um það, að það ætti að veita útlendingum atvinnurekstrarréttindi hér á landi, þá vænti ég, að það verði þó a. m. k. til þess að þetta frv., sem ég hef lagt hér fyrir, fái skjóta afgreiðslu og góða í þinginu, því að það er alveg inni á þessari stefnu, sem hæstv. ráðh. segist nú hafa og ríkisstj. telur sig nú hafa, að það eigi ekki að veita útlendingum atvinnuréttindi hér á landi nema með sérstökum hömlum og alls ekki í jafnþýðingarmikilli atvinnu fyrir Íslendinga og fiskiðjan er.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er orðið mjög einkennandi fyrir málflutning hv. framsóknarmanna í þessu máli og skyldum málum, að þeir hafa nú enga ástæðu til að deila á ríkisstj. fyrir það, sem hún er að gera, og ekki heldur fyrir það, sem hún hafi gert, heldur snúast allar ádeilurnar um það, hvað hún hafi ætlað að gera, að hún hafi ætlað á sínum tíma að sækja um fulla aðild að Efnahagsbandalaginu, að hún hafi ætlað að opna íslenzka fiskveiðilögsögu og íslenzkan fiskiðnað fyrir útlendingum og þar fram eftir götunum. Og rökin fyrir þessu eru svo sótt í meira og minna hæpnar hártoganir á ummælum, sem um málin hafa fjallað. En ég tel ríkisstj. mega vel við una, þegar hún sætir ekki gagnrýni fyrir það, sem hún er að gera, ekki einu sinni fyrir það, sem hún hefur gert, heldur fyrir það, sem hún er talin hafa ætlað að gera.

Varðandi það, að tilmæli ríkisstj. til helztu útflutningssamtaka og hagsmunasamtaka 1961 hafi borið vitni um það, að ríkisstj. hafi þá ákveðið að sækja um að vilja gerast fullgildur aðili, þá er hér um að ræða svo augljósan útúrsnúning, að mig furðar á jafnreyndum stjórnmálamanni og hv. þm. að bera þetta á borð hér á hinu háa Alþingi. Hitt finnst mér fyrirgefanlegra, þó að hann láti þetta flakka í dálki, Á víðavangi, í blaði sínu, það er ekki tekið svo hátíðlega. En ummæli hér í sjálfri hv. Nd. verður að taka hátíðlegar, og þess vegna furðar mig á því, að þm. skuli láta sér slíkt um munn fara. Honum hlýtur að vera það algerlega ljóst, að í umsókn um hvort heldur er fulla aðild eða aukaaðild, — um það var aldrei tekin nein ákvörðun, um hvort umsóknin skyldi vera, — að í umsókn um aðild að Efnahagsbandalaginu fólst auðvitað engin skuldbinding um aðild að því. Umsókn þyddi auðvitað það eitt að fá aðstöðu til þess að ræða vandamál sín við Efnahagsbandalagið. Þetta var vandinn, sem ríkisstj. var á höndum á þeim tíma, sem þessar viðræður fóru fram. Engum datt í hug, að umsókn Breta um fulla aðild þyddi ákvörðun þeirra um að gerast fullgildir aðilar, hverju sem tautaði og raulaði. Hverjum dettur það í hug, að umsókn Svía um aukaaðild að Efnahagsbandalaginu hafi þýtt, að þeir væru búnir að ákveða að gerast aukaaðilar, á hverju sem gengi? Reynslan hefur auðvitað tekið af öll tvímæli um sannleikann í þessu efni. Bretar fengu ekki fullgilda aðild að Efnahagsbandalaginu. Hvernig hefði slíkt átt að geta gerzt, ef umsókn þeirra um fulla aðild var sá raunverulegi samningur? Hér er um svo fáránlegan málflutning að ræða, að það er í raun og veru varla svara vert. En þegar það er orðið eitt helzta árásarefni af hálfu Framsfl. á ríkisstj., að það, að hún ræðir við hagsmunasamtök á árinu 1961 og ber þá spurningu undir hagsmunasamtök á árinu 1961, hvort þau telji ráðlegt, að Ísland sæki um einhvers konar aðild að Efnahagsbandalaginu, það skuli teljast sönnun fyrir því, að stjórnin hafi verið búin að ákveða fulla aðild, þá finnst mér satt að segja ekki þurfa að taka gagnrýnina mjög

hátíðlega, þegar hún er ekki á traustari rökum reist en þetta ber vott um. Það var þannig, að öll hagsmunasamtökin að einu undanteknu litu þannig á, að eins og málið horfði þá við, væri rétt fyrir ríkisstj. að skapa sér samningsaðstöðu við Efnahagsbandalagið, auðvitað án nokkurra skuldbindinga, með því að leggja fram umsókn um einhvers konar aðild að Efnahagsbandalaginu. Þetta var skoðun allra hagsmunasamtakanna, að Alþýðusambandinu einu undanteknu. Þrátt fyrir þetta ákvað ríkisstj. að rækilega athuguðu máli að leggja enga slíka umsókn fram. Þetta eru staðreyndir málsins. Samt er því haldið fram mánuð eftir mánuð, viku eftir viku í blöðum stjórnarandstöðunnar, og nú síðast á hinu háa Alþingi, að ríkisstj. hafi verið búin að ákveða að sækja um fulla aðild. Það mætti e. t. v. kalla slíkan málflutning ýmsum nöfnum, en það ætla ég alveg að spara mér.

Nokkuð líku máli gegnir um tilraunir hv. þm. til þess að leggja ranga merkingu í ummæli mín á aðalfundi Verzlunarráðsins á þessu sama sumri, og aðferð hans þar er dálítið svipuð þeirri, sem hann beitir við túlkun á þeim setningum úr skýrslunni frá í haust, sem ég las, þar sem hann segir einnig þær skýrslur sanna vilja minn og ríkisstj. til þess að hleypa útlendingum inn í íslenzkan fiskiðnað, þar sem hann segir, að þar segi ég — með leyfi hæstv. forseta — þessa setningu: „Annars vegar getur atvinnurekstur útlendinga og störf sérmenntaðra manna hér á landi orðið okkur til mikilla hagsbóta.“ Þarna hafið þið það, hv. þm. Þarna segir hann, að atvinnurekstur útlendinga geti orðið til mikilla *hagsbóta. Hann vill atvinnurekstur útlendinga*, hann vill hleypa útlendingum inn í íslenzkan fiskiðnað. En hann gleymir bara að lesa framhaldið. Ég er að bera saman kosti og galla þess að veita útlendum mönnum atvinnurekstrarleyfi á Íslandi. Þetta eru óneitanlega kostir við að gera það, en hann sleppir framhaldinu. Beint á eftir segi ég, með leyfi hæstv. forseta:

„Hins vegar fylgir atvinnurekstri útlendinga og erlendri fjárfestingu hér á landi sú hætta, að útlendingar gætu náð úrslitaáhrifum í einstökum atvinnugreinum og starfsemi þeirra stuðlað að eyðingu náttúruauðlinda. Gegn þessu hvoru tveggja verðum við að geta tryggt okkur.“

Hv. þm. þóknaðist að þegja um, að þetta var áframhaldið. Og enn segi ég: Við verðum að hafa það á okkar valdi, hvern atvinnurekstur útlendingar megi stunda hér og hver áhrif þeirra í hverri atvinnugrein megi verða. Þetta er kjarni málsins. En þetta kýs hv. þm. að þegja um, af því að það stangast auðvitað á við þá fullyrðingu hans, að við í ríkisstj. höfum verið ólmir í það að hleypa útlendingum inn í íslenzkan fiskiðnað. Og þessar setningar hefði ég að sjálfsögðu einnig getað sagt í verzlunarráðsræðu minni, ef það hefði verið meining mín að ræða þetta mál alveg sérstaklega og ýtarlega þar.

Sú hugsun, sem lá til grundvallar þeim setningum, sem hv. þm. er nú búinn að tvílesa, er sú sama, sem hefur vakað fyrir ýmsum mönnum í sjálfum Framsfl., — ég nefni einn þeirra, Steingrím Hermannsson, sem ég man greinilega eftir, því að hans skoðun á málinu þekki ég greinilega, — það er nákvæmlega sama hugsunin, sem lá að baki mínum ummælum, sem hann las, og ótalmörgum ummælum Steingríms Hermannssonar og fjölmargra annarra framsóknarmanna um, að það gæti verið hagkvæmt og rétt *fyrir Íslendinga að endurskoða afstöðu sína* til þeirra lagaákvæða íslenzkra, sem fjalla um rétt Íslendinga til þess að hagnýta erlent fjármagn og erlenda tæknikunnáttu á Íslandi. Það hvarflar ekki að mér, að það hafi vakað fyrir Steingrími Hermannssyni eða nokkrum öðrum, sem svipaðar skoðanir hafa, að Íslendingar afsali sér úrslitayfirráðum yfir því fjármagni, sem bundið er í nokkrum íslenzkum atvinnuvegi. Það hvarflar ekki að mér, og slíkt hefur heldur aldrei hvarflað að mér. Það hefði ég auðvitað sagt alveg skýrum stöfum í verzlunarráðsræðunni, ef ég hefði verið að ræða það mál sérstaklega þar, en hér er það sagt skýrum stöfum, af því að hér er þetta mál tekið til rækilegri umr., og þess vegna er niðurstaðan í þessari skýrslu, þar sem málið er rætt ýtarlega, sú, með leyfi hæstv. forseta, í þessari setningu: „Hugsanlegur aukaaðildarsamningur yrði að veita Íslendingum rétt til þess að setja reglur um þessi efni“ — m. ö. o. til þess að setja reglur um hagnýtingu erlends fjármagns á Íslandi, og engum sjálfsákvörðunarrétti væri afsalað. Hann ætti eftir sem áður að vera í höndum okkar. Ef við sjálfir teldum okkur hag að því að losa um einhver lagaákvæði, sem nú gilda í þessum efnum, mundum við gera það. En við afsölum ekki rétti til eins eða neins útlends aðila til þess að hagnýta sér rétt hér á landi, hvorki atvinnurekstrarrétt, réttindi til *þess að leita sér atvinnu né beita hér fjármagni*, án þess að úrslitavaldið sé í höndum Íslendinga. Þetta er kjarni málsins, þetta er sú hugsun, sem auðvitað lá að baki ummælum mínum í verzlunarráðsræðunni, en þar er ekki sögð skýrum stöfum, af því að málið er ekki sérstaklega á dagskrá þar, en er sögð hér með alveg ótvíræðum orðum, enda var það nauðsynlegt hér. Auðvitað eru það þessi ummæli, sem gilda um skoðanir mínar og ríkisstj. á málinu, auðvitað eru það þau ummæli, þar sem málið er rætt ýtarlega, og þar á enginn vafi að geta komizt að, en ekki setningar, sem slitnar eru úr samhengi og í raun og veru fjalla um mál, sem í því sambandi var talið aukaatriði, því að þar er ég alls ekki að ræða neinn samanburð á fullri aðild eða aukaaðild eða tollasamningi, en það er í því tilfelli, sem útskýringar á þessum efnum koma fyrst og fremst til greina. Auk þess liggur í augum uppi, að þegar ríkisstj. leggur hér áherzlu á að undirstrika rétt Íslendinga til að setja reglur um þessi efni, — reglur, sem tryggja það, að útlendingar nái aldrei úrslitayfirráðum í einstökum atvinnugreinum, — er því auðvitað sérstaklega beint að fiskiðnaðinum. Þetta á að vera alveg óþarfi fyrir nokkurn góðviljaðan mann að misskilja.

Ég vil enda mína ræðu í garð hv. þm. á líkan hátt og hann endaði sína ræðu í minn garð, að ég þrátt fyrir það, þó að við höfum ólíkar stjórnmálaskoðanir, ber þó svo góðan hug til hans, að ég vil óska þess, að hann láti af því að ætla mönnum annað en hann veit að eru skoðanir þeirra.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég held, að það sé heppilegast fyrir okkur hæstv. viðskmrh. að halda okkur við aðalefni þessa máls, sem hefur verið það, hver sé afstaða hans til þess, að útlendingar megi reka fiskiðjuver hér á landi, þ. e. að halda sér við þau ummæli hans, þegar hann ræðir þetta mál sérstaklega, en það gerir hann ekki í skýrslu sinni til Alþingis um Efnahagsbandalagið, og eins að halda sér við þau ummæli hans, áður en hann er nokkuð farinn að flækja þetta mál, og segir þess vegna hug sinn allan.

Í ræðunni, sem hann flutti á þingi Verzlunarráðsins, stendur alveg skýrum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Hins vegar kæmumst við ekki hjá að athuga stefnu okkar varðandi réttindi útlendinga til löndunar á fiski og rekstrar fiskiðjuvera, ef til aðildar okkar ætti að koma, enda yrði sú stefna, sem nú er fylgt, okkur sjálfum ekki lengur nauðsynleg, ef tryggja mætti með öðru móti, að breyting á henni leiddi ekki til ofveiði."

Það kemur alveg greinilega fram í þessum ummælum hæstv. ráðh, svo að ekki verður um villzt, að hann telur frá sínu sjónarmiði ekkert athugavert við það að veita útlendingum rétt til fisklöndunar á Íslandi eða rétt til þess að reka hér fiskiðjuver, ef aðeins sé sett sú eina regla, að þetta leiði ekki til ofveiði. Aðrar reglur nefnir hann ekki. Innan þess ramma telur hann ekkert athugavert við það, að þeim verði veitt þessi réttindi. Það kemur ekki neitt fram í þeim ummælum, sem hann var að vitna til í skýrslu ríkisstj. um Efnahagsbandalagið, sem dregur úr þessu varðandi fiskiðjuverin, því að allt það, sem hann segir þar, rúmar það fullkomlega, hvað fiskiðjuverin snertir, að þá þurfi ekki að setja aðrar hömlur en þessar. Og það eru að sjálfsögðu hömlur, sem ekki aðeins verða settar gagnvart útlendingum, heldur og gagnvart okkur sjálfum. En ég er hins vegar hræddur um það, að þegar svo væri komið, að útlendingar væru búnir að ná verulegum tökum á fiskiðnaði hér á landi og þeirri aðstöðu, sem því fylgdi, þá gæti verið erfitt fyrir okkur að framfylgja einhverjum reglum, sem kynnu að vera settar til tryggingar því, að komið væri í veg fyrir ofveiði. Ég er hræddur um, að hinir erlendu hagsmunir væru þá orðnir svo sterkir hér á landi, að það gæti orðið erfitt fyrir okkur að framfylgja þeim reglum. En það er alveg ljóst mál af því, sem hæstv. viðskmrh. hér segir og hann dregur ekkert úr í sínum síðari ummælum, þó að hann sé að reyna að halda því fram núna, að hann og að því er virðist ríkisstj. eru því fylgjandi, að útlendingar fái rétt til að reka hér fiskiðjuver innan þess ramma, að það leiði ekki til ofveiði. En ég er hræddur um, að ef við leyfðum þeim slík réttindi, þá gæti svo komið að það yrði erfitt fyrir okkur á eftir að framfylgja reglum, sem kynnu að vera settar til að koma í veg fyrir, að ofveiði ætti sér stað.

Þessar umr. okkar hæstv. viðskmrh. um þetta atriði eru í raun og veru alveg óþarfar, vegna þess að það stendur alveg svart á hvítu í Morgunblaðinu, hvað hæstv. viðskmrh. sagði um þetta mál, um rekstur útlendinga á fiskiðjuverum hér á landi, og hvaða afstöðu hann hefur til þess. Og það er alveg tilgangslaust fyrir hæstv. viðskmrh. að vera að afneita þeim ummælum. Hann getur að sjálfsögðu lýst því yfir, að hann sé orðinn annarrar skoðunar núna. Og það væri ekki nema þakkarvert, ef svo væri. En ég verð að segja það, að þau ummæli, sem hann las upp úr skýrslu ríkisstj. frá 12. nóv. s. l., gefa það alls ekki nægilega til kynna, því að hann er að tala um það fram og aftur, eins og hann sjálfur las upp, að það sé rétt að veita útlendingum atvinnuréttindi hér á landi. Hann er að tala um, að það verði settar þessar eða þessar hömlur gegn því, að atvinnuréttindi útlendinga gangi úr hófi fram. Ég er hræddur um, að þegar svo er komið, að við förum að semja við erlenda aðila um þau mál, þá geti verið erfitt fyrir okkur að setja slíkar hömlur, og þess vegna sé það bezta og hyggilegasta fyrir okkur í þessum efnum að byrja aldrei á slíkum viðræðum, gefa aldrei fangs á því, að það færu fram nein viðtöl um það, hvaða atvinnuréttindi útlendingar ættu að hafa hér á landi umfram það, sem nú er. Og að sumu leyti væri eðlilegt að þrengja þau.

Ég vænti, að það komi líka fram í sambandi við afgreiðslu þessa máls á þinginu, hver er hin raunverulega afstaða ríkisstj. í þessu máli. Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, eru sett ákvæði til að tryggja það, að útlendingar geti ekki stundað fiskiðju hér á landi. Ef ríkisstj. er komin á skoðun mína í þessu máli, eins og hæstv. viðskmrh. virtist vilja vera láta, þá ætti ekki að vera nein fyrirstaða á, að þetta frv. yrði samþ. á þinginu og fengi nú þegar afgreiðslu. Það mundi styrkja það, sem kom fram hjá hæstv. viðskmrh., að ríkisstj. hefði nú einhverja aðra og betri skoðun á þessu en þá, sem kom fram í ræðu hæstv. viðskmrh. á fundi Verzlunarráðs Íslands fyrir 2 árum. Og við sjáum þess vegna nokkuð viðhorf hæstv. ríkisstj. til þessa máls á því, hver verður afstaða hennar og stjórnarflokkanna til þess frv., sem hér hefur verið lagt fram.

Hæstv. viðskmrh. var að ræða um það, að þó að það væri lögð fram umsókn um aðild að bandalaginu, þá þyrfti ekki að fylgja því nein skuldbinding um það að ganga í bandalagið. Þetta er að sjálfsögðu ekkert nema orðaleikur. Það gerir enginn aðili það að gamni sínu eða bara í einhverju spaugi að sækja um fulla aðild eða aukaaðild að slíku bandalagi. Hann gerir það ekki nema vegna þess, að hann ætli sér að ná samkomulagi, annaðhvort um fulla aðild eða aukaaðild, ef það er takmark hans með umsókninni. Mér dettur ekki í hug t. d., að hæstv. viðskmrh. vilji halda því fram, að Bretar hafi verið að sækja um fulla aðild að Efnahagsbandalaginu í einhverju alvöruleysi og það hafi ekki verið markmið þeirra að komast inn í bandalagið. Að sjálfsögðu sóttu Bretar um fulla aðild að Efnahagsbandalaginu með það fyrir augum að verða slíkur aðili að bandalaginu. Það var þeirra ákveðni ásetningur. Á sama hátt var það fullur ásetningur Svía, þegar þeir sóttu um aukaaðild að bandalaginu, að ná aukaaðildarsamningi. Þeir gerðu það ekki til að sýnast, það gerðu þeir í fullri alvöru. Og mér dettur ekki í hug, að hæstv. ríkisstj., þó að ég beri að vísu takmarkað traust til hennar, sé nokkuð alvörulausari en aðrar ríkis-

stj. í þessum efnum, að hún fari að sækja um aukaaðild eða fulla aðild að ríkjabandalögum, nema hún ætli sér eitthvað með því, nema það sé einhver tilgangur með því, að það sé ekki bara gert í einhverju prófunarskyni. Að sjálfsögðu er hæstv. ríkisstj. ekki svo ábyrgðarlaus, að hún fari fram á slíkt, nema því aðeins að það sé ásetningur hennar að komast inn í viðkomandi bandalag. Og þess vegna dettur mér ekki í hug að halda því fram, að gerður hafi verið í einhverju alvöruleysi allur þessi mikli málatilbúnaður, sem hæstv. ríkisstj. hafði í frammi sumarið 1961, það hafi ekki verið vegna þess, að hún hafi haft einhvern ákveðinn ásetning, hún hafi ekki ætlað sér að fá sitt mál fram, þ. e. að komast inn í Efnahagsbandalagið. En það, sem stöðvaði það, að umsókn var nokkurn tíma lögð fram, var það, að ríkisstj. í Bonn sagði fulltrúum íslenzku ríkisstj., að það væri tilgangslaust að senda inn umsókn um slíka aðild, og það var það eitt, sem réð því, að frestur varð á þessu máli, en ekki það, að hæstv. ríkisstj. hafi nokkuð skipt um skoðun. Annars verður að sjálfsögðu tækifæri til þess að ræða nánar um þetta atriði, þegar framhaldsumr. verða hér um skýrslu ríkisstj. varðandi Efnahagsbandalag Evrópu.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri skrýtið, þegar svo væri komið, að stjórnarandstæðingar gætu ekki deilt á ríkisstj. fyrir annað í þessum málum en það, sem hún hefði ætlað að gera, en ekki það, sem hún ætlaði að gera nú. Ég held, að það sé ekki neitt ósamræmi í þessu, því að ég held, að hina raunverulegu stefnu ríkisstj. megi fyrst og fremst marka af því, sem hún ætlaði að gera, en ekki því, sem hún segir nú. Ég held, að það eigi eftir að koma á daginn eftir kosningar, að þá reyni ríkisstj. að framkvæma það, sem hún ætlaði sér að gera, en fari ekki eftir því, sem hún segir nú.

Nú segir hæstv. ríkisstj., t. d. hæstv. dómsmrh., að þetta mál sé úr sögunni, það sé búið að taka þann vanda frá okkur að þurfa að taka nokkra afstöðu til Efnahagsbandalags Evrópu. Hæstv. viðskmrh. segir það líka. Ég deili fullkomlega á hæstv. ríkisstj. fyrir að halda slíku fram eins og þessu. Ég álít, að það sé fullkomlega rangt, og ég álít, að hæstv. ríkisstj. sé að blekkja þjóðina með því að halda því fram, að það sé búið að taka þann vanda frá henni að þurfa að taka afstöðu til þessa máls. Ég er fullkomlega sannfærður um, að það á eftir að gerast, áður en mjög langur tími líður, að það verður óhjákvæmilegt fyrir Íslendinga að taka einhverja afstöðu til Efnahagsbandalags Evrópu. Við verðum þá að velja á milli þess, hvort við viljum heldur fara tolla- og viðskiptasamningsleiðina eða aukaaðildarleiðina, ef menn vilja þá ekki stefna að fullri aðild, eins og Adenauer hefur af einhverjum einkennilegum ástæðum alltaf verið að gefa í skyn. Þess vegna er það ekki rétt hjá hæstv. ráðh., að við stjórnarandstæðingar deilum ekki á ríkisstj. fyrir þá afstöðu, sem hún segist hafa í dag. Við deilum á þá afstöðu hennar að halda því fram, að það sé búið að taka þennan vanda frá okkur og það komi ekki til þess, að við þurfum að taka afstöðu til Efnahagsbandalagsins. Ég held því, að það sé fullkomlega rangt hjá hæstv. ríkisstj. að halda slíku fram. Og þó að ríkisstj. hafi nú loðna afstöðu í málinu og að því er virðist kannske, eins og hæstv. viðskmrh. segir, að ýmsu leyti aðrar fyrirætlanir en hún áður virtist hafa og við deildum á hana fyrir áður, þá hygg ég, að það eigi einmitt eftir að koma á daginn, að eftir kosningar muni stefna hennar vera nokkuð svipuð og hún áður var, á þeim tíma, þegar hún var að hugsa um það í fullri alvöru að sækja um fulla aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu. Ég hygg, að það eigi þá einnig eftir að koma upp, að stefna hæstv. ríkisstj. hvað fiskiðjuver snertir verði líkari því, sem stendur í ræðu hæstv. viðskmrh. á verzlunarráðsfundinum fyrir 2 árum, heldur en því, sem hann var að halda fram hér úr þessum ræðustól. Og ég held, að þjóðin eigi að taka miklu meira mark á því, sem hæstv. viðskmrh. sagði fyrir tveimur árum um þetta mál, áður en hann var nokkuð byrjaður að flækja málið, heldur en því, sem hann segir nú fyrir kosningarnar, þegar hann vill reyna að dylja sína raunverulegu afstöðu til þess.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að lengja þessar umr. að sinni. Eins og ég áður sagði, gefst tækifæri til þess að ræða nánar um efnahagsbandalagsmálið, þegar framhaldsumr. verða um skýrslu ríkisstj. um það mál. En ég vil aðeins að lokum segja það, að ef það er rétt, sem hæstv. viðskmrh. heldur nú fram, að það sé orðin stefna ríkisstj. að sporna sem mest gegn óeðlilegum atvinnurekstri útlendinga hér á landi, þá ætti það frv., sem hér liggur fyrir, að fá greiða göngu gegnum þingið.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég stend ekki upp til þess að halda áfram pexi við hv. þm. um það, hver sé raunveruleg skoðun ríkisstj. á rétti útlendinga til þátttöku í íslenzkum atvinnurekstri, í íslenzkum fiskiðnaði. Ég vona, að öllum hv. þm. sé orðið algerlega ljóst, hverjar eru skoðanir ríkisstj. í þessum efnum. Þeim var skýrt og ég vona skilmerkilega lýst í skýrslu ríkisstj. á s.l. hausti. Nokkur ummæli úr þeirri skýrslu hef ég lesið, og þau taka af öll tvímæli um það, að fyrir ríkisstj. hefur aldrei vakað að áskilja útlendingum nein óeðlileg réttindi til þátttöku í íslenzkum fiskiðnaði eða íslenzkum fiskveiðum. Þeir fyrirvarar, sem þar voru gerðir, þegar málið var rætt sérstaklega og ýtarlega, voru svo ljósir, að engum góðviljuðum manni ætti að vera þörf á nokkurri tortryggni í þeim efnum. Er svo útrætt um þetta atriði af minni hálfu, og raunar hefði ég ekki staðið upp aftur einu sinni enn, ef hv. þm. hefði ekki í síðustu ræðu sinni viðhaft ummæli, sem eru mjög alvarlegs eðlis og brýna nauðsyn ber til að leiðrétta skýrt og skilmerkilega.

Hv. þm. virtist enn vilja gera það að uppistöðu ádeilna sinna á ríkisstj., að hún hafi ætlað að gerast fullgildur aðili að Efnahagsbandalaginu á sumrinu 1961. Þannig hafi menn orðið að skilja fsp. hennar til ýmissa hagsmunasamtaka um, hvort þau teldu réttmætt eða nauðsynlegt, að Ísland sækti um einhvers konar aðild að Efnahagsbandalaginu. Á það litla samhengi í rökum,

sem hér er um að ræða, hafði ég bent í ræðu minni áðan. Þetta endurtók hv. þm. nú, og nú bætti hann við þeirri yfirlýsingu, sem ég tel óhjákvæmilegt að neita. Hann sagði: Það, sem kom í veg fyrir, að ríkisstj. legði inn umsókn um fulla aðild, — og það hefur aldrei verið rætt sérstaklega, — var ekki það, að ríkisstj. skipti um skoðun á málinu, að hún sjálf hyrfi frá vilja sínum til að gerast fullgildur aðili, heldur hitt, að tveir ráðh. fengu það álit þýzku ríkisstj. í Bonn, þegar þeir fóru þangað til viðræðna við hana, að Íslendingar fengju ekki fulla aðild, þó að þeir sæktu um hana.

Hér er málum blandað á mjög alvarlegan hátt. Það, sem gerðist í viðræðum okkar hæstv. fjmrh. við efnahagsmálaráðherra Þýzkalands og embættismenn hans, var m. a., að við gerðum grein fyrir þeirri skoðun íslenzku ríkisstj., að full aðild Íslands að Efnahagsbandalaginu kæmi ekki til greina. Svo mjög er málum blandað í þessum ummælum hv. þm. Það atriði, sem við beindum fsp. um til þýzku ríkisstj. eða til þýzka efnahagsmálaráðh. og hans embættismanna, var það, hvaða leiðir þýzka ríkisstj. og hennar sérfræðingar teldu koma til greina til að leysa þann vanda, sem Íslendingum óneitanlega væri á höndum, ef Bretland og nær öll ríki Vestur-Evrópu fengju inngöngu í Efnahagsbandalagið. Við þessu fengum við ýmis svör og margar mjög gagnlegar upplýsingar. Það var skýrt fram og til baka, hvað falizt gæti í aukaaðildarsamningi og hvað falizt gæti í tollasamningi. En við Íslendingarnir létum að sjálfsögðu aldrei í ljós neina skoðun um, hvað við teldum eða íslenzka ríkisstj. teldi bezt samrýmast íslenzkum hagsmunum í þessu efni, enda höfðum við, sem í Bonn vorum, ekkert umboð til slíks, enda ekki við því að búast, þar sem ríkisstj. og Alþingi var ekki búið að taka neina endanlega ákvörðun í málinu. En við höfðum alltaf gert ráð fyrir því, að endanleg ákvörðun í þessu máli yrði í hendi Alþingis sjálfs. Það er því algerlega úr lausu lofti gripið, að nokkuð það, sem gerðist í Bonn, hafi haft nokkur áhrif á það, að umsóknin um tengsl við Efnahagsbandalagið eða einhvers konar aðild að því yrði lögð fram.

Þessar fsp., sem við beindum til þýzku ríkisstj. og hennar embættismanna og fengum ýmis góð og gagnleg svör við, styrktu hins vegar skoðun íslenzku ríkisstj. á því, að það lægi ekkert á, að ríkisstj. og Alþingi tækju ákvörðun sína í málinu. Við fengum þær mikilvægu upplýsingar um stöðu samninganna við Breta og aðrar þjóðir, að okkur í íslenzku ríkisstj. virtist augljóst, að við þyrftum ekki að taka ákvörðun alveg á næstunni, og af því drógum við, að því er ég tel, þá sjálfsögðu og skynsamlegu ályktun að hafast ekki að, heldur bíða enn átekta. Og ég skil ekki í öðru en allir hv. þm. geti nú verið sammála um, að sú ákvörðun var rétt.

En að því er varðar spurninguna um, hvort það hafi verið rangt eða hvort það hafi sýnt mikla léttúð, hvort það hafi verið allt að því glæpsamlegt að hugleiða það á miðju ári 1961, þegar Bretar höfðu sótt um fulla aðild og hvert ríkið af öðru sótti um ýmist fulla aðild eða aukaaðild að Efnahagsbandalaginu, — hvort það hafi verið rangt af ríkisstj. að hugleiða þá, hvort Íslendingar ættu ekki að reyna að skapa sér hliðstæða samningsaðstöðu við borð Efnahagsbandalagsins og t. d. Norðmenn höfðu ákveðið að afla sér með umsókn um fulla aðild, þá vildi ég aðeins láta þessa getið: Framsfl. hefur aldrei dregið dul á það, heldur þvert á móti látið það skýrt í ljós og hafði gert það fyrir mitt ár 1961, að hann teldi viðskiptahagsmuni Íslendinga í Vestur-Evrópu vera svo mikla og hann teldi tengslin, menningartengslin og stjórnmálatengslin, jafnvel hernaðartengslin, við þjóðirnar í Vestur-Evrópu svo mikilvæg fyrir Íslendinga, að til þess mætti ekki koma, að við einangruðumst frá Vestur-Evrópuþjóðunum. Þess vegna væru tengsl Íslendinga við hið stækkaða Efnahagsbandalag Íslendingum beinlínis lífsnauðsyn. Þetta var skoðun Framsfl., eins og hún kom fram bæði opinberlega og í þeim viðræðum, sem ráðh. ríkisstj. áttu við aðalforustumenn Framsfl. Þessi skoðun kom greinilega fram, bæði opinberlega og í þessum viðræðum. Og ég verð að segja, að ég mat mjög og met enn mjög þá ábyrgðartilfinningu, sem kom fram í þessari afstöðu. En fyrst það var skoðun Framsfl., að tengsl við Efnahagsbandalagið væru nauðsynleg, án þess að flokkurinn þá hefði gert sér skýra grein fyrir því, í hvaða formi tengslin ættu að vera, því að þá hefðu þær hugmyndir, sem hann nú heldur fastast fram, ekki enn fæðzt í höfðum forustumanna Framsfl., — en fyrst þeir voru þeirrar skoðunar, að tengsl við Efnahagsbandalagið væru nauðsynleg, varð auðvitað með einhverjum hætti að fá upplýsingar um, með hvaða hætti slík tengsl gætu orðið. Á þessum tíma var það svo, að almennt var talið, að ógerningur væri að fá nokkrar viðræður við Efnahagsbandalagið án þess að leggja fram umsókn um aðild. Það var skilið þannig, að umsókn yrði að vera annaðhvort um fulla aðild eða aukaaðild. Aðeins ein þjóð gerði annað. Við hana fóru aldrei fram neinar viðræður. Það voru Portúgalar. Hún lagði fram umsókn um tengsl við bandalagið án þess að skilgreina, hvort tengslin ættu að vera í formi fullrar aðildar eða aukaaðildar. Þetta hefði að sjálfsögðu líka komið til greina fyrir okkur. En allar þær þjóðir, sem töldu sér lífsnauðsyn að varðveita viðskiptahagsmuni sína í Vestur-Evrópu, urðu að leggja fram einhvers konar umsókn í Brussel.

Það var þetta vandamál, sem við í ríkisstj. sáum, að okkur var á höndum, og það vildi ég segja og það vildi ég undirstrika, að ef fylgja átti stefnu Framsfl. í málinu, sem líka taldi tengsl við Efnahagsbandalagið nauðsynleg, til þess að framfylgja þeirri stefnu var einnig nauðsynlegt að leggja fram umsókn í Brussel, svo að það var ekki aðeins til þess að ná markmiðum ríkisstj., sem eðlilegt var að telja einhvers konar umsókn nauðsynlega á árinu 1961, heldur einnig til þess að ná markmiðum Framsfl. Þess vegna verð ég að segja, að það kemur úr hörðustu átt, að okkur sé sífellt mætt með brigzlum í sambandi við þessa umsókn um aðild, vegna þess eins, að hún hlaut á þeim tíma að teljast nauðsynleg til þess að ná því markmiði, sem þá var okkur í ríkisstj. og Framsfl. sameiginlegt markmið, þó að síðan hafi ýmsir hlutir gerzt, sem

greint hafi á milli okkar og ég skal ekki fjölyrða um.

Hins vegar leiddu þær viðræður, sem við tveir íslenzkir ráðh. áttum haustið 1961 ásamt embættismönnum og sendiherrum og ég ásamt embættismönnum og sendiherrum vorið og sumarið 1962 við stjórnir annarra efnahagsbandalagsríkja og sjálfa framkvæmdastjórnina í Bonn, hins vegar leiddu ýmsar upplýsingar, sem í þessum viðræðum fengust, til þess, að við komumst að þeirri niðurstöðu, að við gætum fengið þær litlu viðræður, sem við töldum okkur nauðsynlegar á þessu stigi, án þess að hafa lagt fram nokkra umsókn um aðild að bandalaginu, og þess vegna var það aldrei gert. Við höfðum aldrei hugsað okkur neinar samningaumr. við bandalagið, heldur aðeins að fá hjá bandalaginu upplýsingar. Þegar við fengum sumarið 1962 þau svör í Brussel í viðræðunum við forustumenn Efnahagsbandalagsins, að þessar upplýsingar gætum við fengið án þess að leggja fram aðildarumsókn eða tengslaumsókn, gerðum við það að sjálfsögðu ekki. Enn sem fyrr held ég, að dómur sögunnar um hegðun okkar í þessu efni verði sá, að hún hafi verið skynsamleg og hún hafi verið varfærin, að hér hafi ekki verið hrapað að neinu, ekki flanað að neinu, heldur tekin raunhæf og ábyrg afstaða með íslenzka hagsmuni í huga. Og þeim mun ástæðulausara tel ég af Framsfl. nú að reyna að halda áfram að sá tortryggni í huga þm. og þjóðarinnar varðandi afstöðu og aðgerðir íslenzku ríkisstj. í málinu, því að ég tel allt, sem gerzt hefur í málinu seinna, hafa staðfest það, að sú stefna, sem ríkisstj. fylgdi, sú stefna að bíða átekta og sjá, hvað sæti, hafast ekki að, leggja fram enga umsókn, sú stefna var rétt og þjónaði vel íslenzkum hagsmunum.

Umr. frestað.

Á 56., 57., 58., 59., 60., 61., 62. og 63. fundi í Nd., 19., 21., 22., 25., 26., 28. og 29. marz, 1. apríl, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Nd., 2. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Frv., sem hér liggur fyrir, fjallar um rétt útlendra til þess að reka hér fiskiðjuver. Og hv. flm. málsins hefur gert grein fyrir því, að ýmsar ástæður valda því, að hann flytur nú frv.

Við athugun kemur í ljós, að ákvæði íslenzkrar löggjafar um, hverjir megi setja hér upp fiskvinnslustöðvar og reka þær, eru ófullkomin. Og frv. stefnir að því að taka af tvímæli í þessu efni, að útlendingar geti ekki sett upp fiskiðjuver með því einu að búsetja sig í landinu.

Hv. flm. frv. hefur gert grein fyrir því, og ég vil taka undir það með honum, að full ástæða er til að endurskoða öll þau ákvæði, sem snerta rétt útlendinga í þessu efni, í tilefni af ýmsu því, sem fram hefur komið frá hæstv. ríkisstj. og úr stjórnarherbúðunum undanfarið varðandi þessi mál, einkum þó í sambandi við bollaleggingar stjórnarflokkanna um einhvers konar þátttöku eða aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu.

Það dylst engum, að í stjórnarherbúðunum og stjórnarráðinu hjá ríkisstj. löðrar allt í ráðagerðum um að breyta alveg stefnunni í sjávarútvegsmálum Íslendinga á þá lund að hleypa útlendingum inn í fiskiðnaðinn og leyfa þeim hér fisklandanir. Þessar ráðagerðir fara alls ekki dult, því að það er um þær ritað hispurslaust í blöðum stjórnarflokkanna, og þetta kemur líka fram hjá hæstv. ráðh. sjálfum í blaðagreinum og með ýmsu öðru móti.

Í þessu sambandi hefur verið vitnað til yfirlýsingar, sem hæstv. viðskmrh. gaf á fundi hjá Verzlunarráðinu, ætla ég, að það hafi verið, þar sem hann kemst þannig að orði, með leyfi hæstv. forseta, þegar hann talar um afstöðuna til Efnahagsbandalagsins:

„Hins vegar kæmumst við ekki hjá að athuga stefnu okkar varðandi réttindi útlendinga til löndunar á fiski og rekstrar fiskiðjuvera, ef til aðildar okkar ætti að koma, enda yrði sú stefna, sem nú er fylgt, okkur sjálfum ekki lengur nauðsynleg, ef tryggja mætti með öðru móti, að breyting á henni leiddi ekki til ofveiði."

Eins og hefur verið upplýst, er ekkert hér úr sambandi slitið. Þessi yfirlýsing stendur ein út af fyrir sig, og þarna er gert ráð fyrir því, að það þurfi aðeins einhverjar reglur til að fyrirbyggja ofveiði, en að öðru leyti sé það augljóst, að endurskoða þurfi þá stefnu, sem fylgt hefur verið undanfarið, en hún er sú að leyfa útlendingum alls ekki fisklandanir Í reyndinni hefur það orðið þannig, að útlendingar hafa ekki heldur sett hér á fót fiskiðjuver. Þótt lagaákvæðin um það séu óljós eða loðin, hafa þeir þó ekki sett hér á fót fiskiðjuver.

Þetta hefur að vísu ekki alltaf verið orðað á þá lund af hendi hæstv. ráðh., sem hæstv. viðskmrh. orðaði það í þetta sinn, sem ég var að lýsa. Stundum hefur þetta verið orðað þannig, að á hinn bóginn kæmi til greina breyting á þeim reglum, sem nú hafa verið í gildi um alllangt skeið varðandi landanir og stofnsetningu atvinnufyrirtækja, þar sem þær séu nú að ýmsu leyti orðnar úreltar. Þannig hefur þetta stundum verið orðað af hendi hæstv. ríkisstj., en jafnframt hefur af og til verið látið fylgja með, svo að allt sé til tínt, að þessi réttur ætti ekki að vera ótakmarkaður, það ætti að setja einhver takmörk. Stundum hefur þó aðeins verið rætt um, að það þyrfti að vernda gegn ofveiði, en stundum að einhver takmörk yrði að setja fyrir fisklöndunum útlendinga og réttindum þeirra til að reka hér fiskiðjuver.

Það er því alls ekki hægt að deila um, að hæstv. ríkisstj. hefur haft uppi margvíslegar bollaleggingar um að breyta stefnunni í sjávarútvegsmálum og hleypa útlendingum inn í fiskiðnaðinn og fisklandanirnar.

Það eina, sem er óljóst, er það, hversu langt ríkisstj. hefur viljað ganga í þessu. En hún heldur þessu öllu opnu og hefur marglýst því yfir sem sinni stefnu, að þetta þurfi að endurskoða og sé ekkert því til fyrirstöðu að ætla útlendingum slíkan rétt innan vissra takmarkana. Það kemur því meir en einkennilega fyrir, þegar hæstv. viðskmrh. vill nú drepa þessu á dreif og tæpast kannast við, að þessar bollaleggingar hafi

verið uppi hafðar, þar sem þær hafa þó verið svo augljósar fyrir allra augum.

Hér er ekki um neitt smámál að ræða, því að mín skoðun er sú, að Íslendingar hafi einmitt getað búið jafnvel í landi sínu undanfarið og raun hefur á orðið vegna þess, að þeir hafa einir getað notfært sér fiskveiðarnar í fiskveiðilandhelginni og hafa einir haft réttindi til þess að landa fiski á Íslandi og í framkvæmdinni setið alveg einir að því að reka hér fiskiðnað.

Það eru ekki aðeins fiskveiðarnar sjálfar, heldur líka rétturinn til að landa fiski og rétturinn til að reka hér fiskiðnað, reka hann hér ihlutunarlaust af útlendingum, sem er og hefur verið undirstaðan undir velmegun þjóðarinnar í landinu, og þannig vænti ég, að þetta verði áfram. Ég tel það lífsnauðsyn fyrir Íslendinga að halda þessum rétti áfram fyrir sig og láta þetta ekki öðrum í té, einkum þegar þess er gætt, að ef útlendingar ná hér yfirráðum í fiskiðnaði og hafa rétt til fisklandana hér, þá eru þeir þar með komnir inn í sjálfa fiskiveiðilandhelgina með veiðarnar, því að það er augljóst mál, að fiskiðjuver, sem útlendingarnir ráða yfir, gætu eignazt skip og báta og gert út í landhelginni. Þar með væri búið að opna landhelgina sjálfa.

Ég hef ævinlega verið talsmaður þess að breyta ekki um stefnu í sjávarútvegsmálunum að þessu leyti og hef talið og tel, að við eigum að halda fast við stefnu fiskveiðilaganna, en ekki breyta til. En hæstv. ríkisstj. er óðfluga og hefur óðfluga nú um nokkur missiri verið að bollaleggja að breyta frá þeirri stefnu, sem mótuð er í fiskveiðilöggjöfinni. Um það er alls ekki hægt að deila, og það er ósæmilegt, ef hæstv. viðskmrh. er að bera brigður á slíkt. Það er ósæmilegt. Hitt er annað mál, að það liggur ekki fyrir, hversu langt hæstv. ríkisstj. hefur hugsað sér að ganga. En hún heldur öllu opnu, jafnvel allt upp í það, að ofveiðin ein ætti að setja takmörkin. En stundum eru, eins og ég sagði áðan, aðrir fyrirvarar nokkuð öðruvísi orðaðir. En stefnunni hefur hæstv. ríkisstj. sífellt verið að ráðgera að breyta.

Í sambandi við þær umr., sem hér hafa orðið á hv. Alþingi varðandi Efnahagsbandalagið og málefni Íslands, hefur hæstv. viðskmrh. fyrir hönd ríkisstj. einnig verið að bollaleggja þessa stefnubreytingu í sjávarútvegsmálum, þar sem hann og ríkisstj. hefur viljað halda alveg opinni aukaaðild og fært henni margt til gildis, en tekið jafnframt fram, að aukaaðild muni þurfa að fylgja samningar um atvinnurekstrarréttindi útlendra bandalagsþjóða á Íslandi og þá vitaskuld ekki sízt um réttindi til að landa hér fiski og til að reka hér fiskiðnað. Hæstv. ráðh. hefur beinlínis orðað þetta þannig, að aukaaðildarleiðinni hlytu að fylgja samningar um viðkvæm mál, og viðkvæmu málin, sem hann á við, — allir vita, hver þau eru. Það fer ekki dult, það eru einmitt þessi atvinnurekstrarmál og þá ekki sízt réttindin til fisklandana fyrir útlenda og til að hafa hér með höndum fiskiðnað.

Hæstv. viðskmrh. hefur líka stundum gert mjög lítið úr þeirri hættu, sem af því stafaði fyrir Íslendinga, þótt inn á þessa braut yrði farið. Er öllum hv. þm. það kunnugt, að hann hefur viljað gera mjög lítið úr þeirri hættu. En aftur á móti við, sem viljum fara tolla- og viðskiptasamningsleiðina í efnahagsbandalagsmálinu, álítum stórhættulegt að veita útlendingum slíkan rétt. Og það er ekki sízt það, sem veldur því, að við höfum svo eindregið viljað beita okkur fyrir því, að einmitt tolla- og viðskiptasamningsleiðin yrði farin, einmitt til að ljá ekki máls á þessum atvinnurekstrarréttindum.

Í sambandi við tollaleiðina og viðskiptasamningsleiðina segir hæstv. ríkisstj. einmitt í sinni skýrslu, að atvinnurekstrarréttindi útlendinga komi að sjálfsögðu ekki til greina í sambandi við þá leið, en aftur á móti einmitt mjög í sambandi við aukaaðildarleiðina, sem ríkisstjórnin hefur alveg tvímælalaust miklu fremur viljað snúa sér að.

Það er enginn sleggjudómur, þó að þetta sé tekið fram, enda verður augljóst m. a. af því, að hæstv. ríkisstj. og hennar flokkar hafa deilt mjög á Framsfl. fyrir að taka tolla- og viðskiptasamningsleiðina fram yfir hina. Og það er augljóst, hvað stjórnin vill og stjórnarflokkarnir vilja, það er einmitt aðildarleiðin, og í því sambandi hafa verið þessar sífelldu bollaleggingar um stefnubreytingu í sjávarútvegsmálunum, að gerbreyta þeirri stefnu, sem fiskveiðilöggjöf Íslands er byggð á og bezt hefur reynzt íslenzku þjóðinni.

Ég tók það fram áðan, að það væri ýmislegt óljóst um lagaákvæði hér varðandi fiskiðnaðinn, og það þarf að athuga gaumgæfilega, hvort þetta frv. nær nógu langt til að gera það allt ljóst, t. d. um réttindi félaga í því sambandi. Það þarf að athuga þetta gaumgæfilega í nefnd, og ég vil í því sambandi alveg sérstaklega benda á þáltill., sem framsóknarmenn hafa flutt, þar sem gert er ráð fyrir, að allsherjar endurskoðun fari fram á öllum lagaákvæðum varðandi rétt útlendinga til að eiga hér fasteignir og reka hér atvinnu. Það er einmitt slík allsherjar endurskoðun, sem þarf að fara hér fram í tilefni af öllum þessum bollaleggingum um að hleypa útlendingum meira en verið hefur inn í íslenzkan atvinnurekstur. En fram að þessu hafa menn ekki fundið svo sárt nauðsyn þess að endurskoða þessi ákvæði sakir þess, hve útlendingar hafa lítið sótt hér inn í rekstur. En með tilkomu Efnahagsbandalagsins gerbreytist allt þetta viðhorf og einnig í sambandi við það, hversu kaupgjald á Íslandi er orðið lágt samanborið við kaupgjald í öðrum nálægum löndum, og hefur það snúizt mjög við á síðustu missirum.

Það breytir einnig mjög viðhorfinu í þessu og það dylst heldur engum, að útlendir hringar eru með alls konar bollaleggingar um að komast inn í íslenzka fiskiðnaðinn, eins og málum er nú komið, og reyna vafalaust með ýmsu óbeinu móti á næstunni, ef ekki verða sterkari skorður við reistar en enn þá er um að ræða í okkar löggjöf. Ég tala nú ekki um, hver niðurstaðan yrði, ef hér yrðu veitt almenn réttindi í þessum efnum í sambandi við aukaaðild að Efnahagsbandalagi Evrópu.

Í sambandi við þetta mál, við umr. hér á hv. Alþingi, sveigðist talið nokkuð að ýmsu því, sem gerzt hefur í sambandi við málefni Efnahags-

bandalags Evrópu, og er það ekkert einkennilegt. Hæstv. viðskmrh. fór að ræða nokkuð um afstöðu framsóknarmanna í því máli einmitt í sambandi við þetta mál og að sumu leyti gaf það mér tilefni til þess að kveðja mér hljóðs.

Ég gat ekki skilið hæstv. ráðh. öðruvísi en svo, að það væri óeðlilegt af hendi framsóknarmanna að finna nokkuð að meðferð þessara mála á vegum hæstv. ríkisstj., t. d. sumarið 1961, og hæstv. ráðh. vildi jafnvel gefa í skyn, að þá hefðu ekki þær hugmyndir um þessi mál verið fæddar hjá framsóknarmönnum, sem síðar hefðu mótazt, sem sé: hann vildi gefa í skyn, að um eitthvert ósamræmi væri að ræða og að nokkrar aths., sem hv. flm. þessa máls, 7. þm. Reykv., lét falla, væru óeðlilegar eða ófyrirsynju gerðar. En þær lutu fyrst og fremst að því, sem gerðist sumarið 1961 og þá um haustið. Þetta gefur mér tilefni til þess að segja aðeins fáein orð um þau efni, og vil ég nota þetta tækifæri einmitt til að koma inn á örfá atriði, sem ekki hefur orðið svigrúm til að ræða í sambandi við skýrslu ríkisstj. um Efnahagsbandalag Evrópu. En hún hefur raunar hlotið þá fáheyrðu meðferð hér í þinginu, að hún hefur verið látin liggja mánuðum saman og ekki fengizt rædd nema örlítið.

Það, sem ég vildi minnast á nú, var þetta: Þegar Alþingi lauk störfum vorið 1961, var afstaða Íslands til Efnahagsbandalagsins sáralítið eða raunar ekki komin á dagskrá, og það var fyrir það, að þá virtist mönnum horfa þannig, að EFTA, þ. e. a. s. sjö landa sambandið, mundi halda áfram fullum fetum út af fyrir sig og Efnahagsbandalagið mundi verða út af fyrir sig. Og þá var ekki talið aðkallandi fyrir Íslendinga að skoða nánar viðhorfið til Efnahagsbandalagsins. Þannig munu margir hafa hugsað um vorið. En um sumarið snemma gerist það, að Bretland sækir um aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu. Þá var þingið farið heim, og hæstv. ríkisstj. sá enga ástæðu til þess að hafa neitt samband við Framsfl. út af því vandamáli. Á hinn bóginn fréttu menn utan að sér, að hæstv. ríkisstj. væri farin að safna saman fulltrúum frá ýmsum samböndum eða félagssamtökum í landinu til þess að gefa þeim upplýsingar eða ræða við þá um Efnahagsbandalag Evrópu. En stjórnmálaflokkunum var ekki gefinn neinn kostur á að eiga hlut að þessu eða fylgjast neitt með. Ég var þetta sumar, eins og oftar upp á síðkastið, í síldarverksmiðjustjórn ríkisins og nokkuð mikið á Norðurlandi. Einn góðan veðurdag í ágúst, það mun hafa verið 18. ágúst, var ég norður á Siglufirði, og sé þá, að það stendur í Morgunblaðinu með talsvert stórri fyrirsögn „Inntökubeiðni í Efnahagsbandalagið“. Þar er þá frétt í blaðinu um, að sú spurning hafi verið borin upp fyrir fulltrúum ýmissa félagasamtaka á vegum einhverrar nefndar, sem ríkisstj. hefði starfandi, hvort fulltrúar samtakanna teldu, að Íslendingar ættu að leggja fram þá þegar beiðni um inngöngu í Efnahagsbandalag Evrópu. Það stendur þannig í fréttinni, með leyfi hæstv. forseta, að hálfum mánuði fyrir þennan „merka“ fund hafi embættismannanefndin, sem fylgzt hafi með þróun markaðsbandalagsmálanna, lagt fyrir, — stendur einmitt: „lagt fyrir“ fulltrúa atvinnuveganna að gefa svör varðandi afstöðu samtaka sinna á þessum fundi. Sem sagt, það var lagt fyrir fulltrúa þessara samtaka, að því er Morgunblaðið segir, að gefa svör við þeirri spurningu fyrir 18. ágúst í hittiðfyrra, hvort samtökin vildu að gengið yrði í Efnahagsbandalag Evrópu eða ekki. Og síðan segir blaðið, að það hafi komið fram stuðningur af hendi fulltrúanna yfirleitt við það, að inngöngubeiðni yrði send, en alveg afsvar frá einum samtökum, Alþýðusambandi Íslands, en nokkrir fulltrúanna hafi gert eðlilega fyrirvara um stuðning sinn, stendur, og þótti nú sannast að segja engum merkilegt!

Það er auðséð, að blaðinu finnast þetta vera mikil fagnaðartíðindi, hversu þessu sé vel tekið hjá fulltrúum svona margra félagssamtaka á Íslandi í ágústmánuði 1961 um beiðni um inntöku í Efnahagsbandalag Evrópu. Það er enginn vafi á því, hvar hjarta blaðsins slær í þessu. Það telur þetta mikil fagnaðartíðindi, en á hinn bóginn höfðu þó verið á þessu ýmsir fyrirvarar.

Ég segi það hreint eins og er, að mér hefur sjaldan orðið meira bilt við á ævi minni en þegar ég sá þessa frétt í Morgunblaðinu. Þetta kom hreinlega eins og þruma úr heiðskíru lofti og gersamlega á óvart, að efnahagsbandalagsmálið, sem stjórnmálaflokkar, sem utan við stjórnina stóðu, höfðu bókstaflega engar upplýsingar fengið um, væri komið á það stig, að ríkisstj. væri farin að leggja þá spurningu fyrir fulltrúa félagssamtaka í landinu, hvort þau vildu láta sækja um inngöngu í Efnahagsbandalagið eða ekki, slík spurning væri borin fram og „lagt fyrir“ fulltrúa atvinnuveganna að gefa svör varðandi afstöðu samtaka sinna 18. ágúst.

Út af þessu fór ég samstundis til Reykjavíkur og beitti mér fyrir fundi í framkvæmdastjórn Framsfl. Og í leiðinni kynnti ég mér hjá einum samtökum af þessum, sem ég átti aðgang að, þ. e. a. s. hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga, hvað hefði skeð. Var mér þá sagt það tíðinda, að því hefði verið haldið blákalt fram í þessum samtölum, að engar upplýsingar fengjust um Efnahagsbandalag Evrópu, nema umsókn um aðild yrði send, og síðan hefði verið hamrað á því, að umsóknin gæti verið alveg óbindandi og bara til að hægt væri að fá upplýsingar. Síðan var mér sagt, að framkvæmdastjóri sjávarafurðadeildar Sambandsins hefði fylgzt með á þessum fundum, sem haldnir voru á vegum ríkisstj. og samtaka atvinnurekendanna, og hann hefði skýrt frá því, að hann hefði tjáð sig samþykkan því, að slík umsókn yrði send, með þeim fyrirvara, að hún væri óbindandi og aðeins til þess að fá upplýsingar. Þessi afstaða hans, var mér sagt í SÍS, mótaðist af því, að ekki væri talið hægt að fá að kynnast Efnahagsbandalagi Evrópu öðruvísi en með því að senda umsókn.

Það er óþarfi að taka það fram, það sést a þessu, að þetta hafði ekki verið á nokkurn hátt borið undir stjórn SÍS, því að ég á sæti í henni, en sá eða heyrði ekkert um þetta fyrr en í þessu Morgunblaði norður á Siglufirði 18. ágúst 1961. Þannig var nú haldið á þessu máli þá af hendi hæstv. ríkisstj. og þeirra, sem hún hafði í málinu fyrir sig.

Ég skal svo taka það fram, að við héldum, eins

og ég sagði, fund í framkvæmdastjórn Framsfl. og ákváðum undireins að kjósa menn til að snúa sér til hæstv. ríkisstj., til að krefjast upplýsinga um Efnahagsbandalag Evrópu og hvað ríkisstj. væri raunverulega að fara, en fyrst og fremst auðvitað til að reyna að stöðva það, sem mönnum sýndist þarna standa til að gera, — hreinlega til þess að stöðva það, ef hægt væri. Við snerum okkur síðan til ríkisstj., ég og Hermann Jónasson, sem til þess vorum kjörnir, og óskuðum eftir því að hafa aðstöðu til þess að fylgjast með málinu, og var það samþ., eins og skýrt var frá í blöðunum.

Okkur var sagt, að það hefði verið búið að taka ákvörðun um það í stjórninni um sömu mundir að hafa samband við okkur til þess að gefa okkur kost á að fylgjast með. Síðan höfum við fylgzt með því, sem stjórnin hefur viljað láta okkur fylgjast með, og höfum fengið upplýsingar um það, sem fram hefur farið í málinu, sem hæstv. ríkisstj. hefur látið taka saman jafnóðum. Þetta hefur verið upplýst áður og er út af fyrir sig ekki nein ný tíðindi. Við fórum þá fram á það að fá Rómarsáttmálann, sem er grundvöllur Efnahagsbandalagsins, á íslenzku, en þá kom í ljós, að Rómarsáttmálinn var ekki til á íslenzku og ekki heldur útdráttur úr honum, og hvorugt fengum við fyrr en nokkru síðar. Það liggur því fyrir hreint og klárt, að þegar ríkisstj. flutti málið á þá lund fyrir samtökunum, sem ég var að lýsa, og var að reyna að þrýsta þeim til eða fá þau til að játa því, að send yrði inn umsókn í EBE, um þær mundir var ekki einu sinni til útdráttur úr Rómarsáttmálanum á íslenzku, hvað þá meira.

Við fulltrúar Framsfl. héldum því strax fram við hæstv. ríkisstj., að það kæmi auðvitað ekki til mála að senda inn inntökubeiðni af neinu tagi eða neinar óskir um samninga, það ætti að bíða átekta, kynna sér Rómarsáttmálann og önnur efnisatriði málsins og leggja vinnu í að skoða aðstöðu Íslands. Og okkar afstaða hefur verið sú alla tíð, að það hefði ekki átt að fara að flytja þetta mál fyrir Íslands hönd á erlendum vettvangi, fyrr en Íslendingar, réttir aðilar á Íslandi, væru búnir að gera það upp við sig, að hverju ætti að stefna. Þetta hefur alltaf verið okkar afstaða. En hæstv. ríkisstj. hefur ekki viljað fara eftir þessu, sent ýmist ráðh. eða aðra menn, að því er látið hefur verið í veðri vaka, til að kynna málstað Íslands, sem gat þó ekki orðið til að kynna málstað Íslands, því að málstaður Íslands í þessu efni hefur aldrei verið mótaður. Þess vegna hefur í þessum samtölum allt löðrað af alls konar ráðagerðum hæstv. ríkisstj., t. d. í sambandi við fiskiðnaðarmál og annað slíkt, án þess að réttir aðilar hafi fjallað um á Íslandi, hvað kæmi til greina að gera í þeim málum, verið bollalögð stefnubreyting í sjávarútvegsmálum, án þess að réttir aðilar á Íslandi hafi fjallað um málið. Ég undirstrika þetta. Og þetta hefur ekki farið neitt dult í sambandi við skrif hér innanlands einnig um þessi efni, þar sem sífellt hafa verið ráðagerðir um, að það komi fullkomlega til greina að breyta stefnu Íslands í sjávarútvegsmálum varðandi landanir erlendra á fiski og rekstri fiskiðnaðar.

Við lögðum höfuðáherzluna á, að það væri rangt að taka þessi mál upp við erlendar ríkisstj. eða forustu Efnahagsbandalagsins, án þess að Íslendingar hefðu mótaðan málstað af réttum aðilum. Ég kalla það ekki málstað Íslands, sem ráðh. kann að hafa dottið í hug í þessu sambandi, án þess að það hafi verið rætt eða upp gert innanlands á réttum vettvangi.

Við bentum á, að ef farið væri út í slíkar viðræður og slíkar bollaleggingar, yrði það til þess, að útlendingarnir mundu halda fyrirlestra yfir sendimönnunum um, hvað þeim sýndist eðlilegast fyrir Ísland, og mundi það hafa allt of mikil áhrif á mótun afstöðu Íslendinga. Enn fremur, að þegar farið væri að spyrja, hvað þeim sýndist, hinum íslenzku sendimönnum, þá mundu þeir væntanlega svara einhverju, og þá væri engin trygging fyrir því, að það, sem þeir svöruðu, væri í samræmi við fyrirætlanir Íslendinga, ef þetta mál fengi ekki eðlilega meðferð hér innanlands fyrst. Þess vegna væri það eina rétta að bíða átekta, þangað til þessi mál skýrðust mun betur og Íslendingar gætu gert það upp við sig, eftir hverju þeir ættu raunverulega að sækjast í sambandi við Efnahagsbandalag Evrópu. Það væri því ekki tímabært að taka upp viðræður við Efnahagsbandalag Evrópu, fyrr en Íslendingar hefðu gert það upp við sig, eftir hverju þeir ættu að sækjast, Íslendingar hefðu stefnu í viðræðunum.

Við óttuðumst, að ef út í þessar umræður yrði farið, fengju hinir útlendu aðilar algerlega ranga mynd af því, hvað Íslendingar gætu raunverulega hugsað sér að gera í þessum málum. Við óttuðumst þetta ekki síst vegna þess, hvernig stjórnin hafði þá þegar tekið málið upp á sínum vegum sumarið 1961 og hvað komið hafði úr stjórnarherbúðunum varðandi afstöðu Íslands — hugsanlega aðild og hugsanlegar breytingar á stefnu í sjávarútvegsmálum og fleira. Þess vegna lögðum við höfuðáherzlu á, að það yrði beðið átekta.

Jafnframt reyndum við að kynna okkur þetta mál sem bezt og móta okkar afstöðu. Auðvitað tók það sinn tíma að átta sig á því. En í janúarmánuði 1962, örfáum mánuðum eftir að við fyrst höfðum aðstöðu til að kynna okkur þessi efni, var haldin ráðstefna um þetta mikilsverða mál á vegum Frjálsrar menningar. Þá var þessum athugunum okkar það langt komið og búið að sjá það mikið yfir málið, að ég túlkaði þá á þeirri ráðstefnu þá skoðun, að Íslendingar ættu fyrst og fremst að reyna að leysa sín mál, samskipti sín við Efnahagsbandalagið, með tolla- og viðskiptasamningi. Ég hélt þá, að slíkur samningur kynni að geta komið til greina undir 238. gr. Rómarsáttmálans, því að um þær mundir var því haldið fram m. a. í stjórnarherbúðunum, að undir þá grein gæti komið allt frá 1% skuldbindingum eða 1% innihaldi Rómarsáttmálans upp í 99%. Hafa þau orð, sem ég sagði um þau efni, síðan verið misnotuð, eins og við mátti búast, til að rangtúlka mína afstöðu og halda því fram, að ég hafi á þessari ráðstefnu mælt með aukaaðild. En þar er öllu snúið við, því að ég mælti með tolla- og viðskiptasamningi sérstökum sem leið í málinu, en ekki neins kon-

ar aðild, en gerði ráð fyrir því þá, að slíkur samningur kynni að geta rúmazt innan 238. gr.

Sú stefna að leysa málið þannig var þá af minni hendi strax tekin upp. Í næsta mánuði var svo haldinn miðstjórnarfundur Framsfl., þar sem ályktað var í sömu átt og greinilega tekið fram, að miðstjórnin teldi fulla aðild ekki geta komið til mála. Það gæti ekki komið til mála að ganga undir samstjórn efnahagsmála í einu eða öðru formi eða afsala sér því, að Íslendingar hefðu það algerlega á sínu valdi, hverjir gætu haft með höndum atvinnurekstur í landinu. Enn fremur, að það ætti að fara inn á þá braut að reyna að semja við Efnahagsbandalagið um tolla- og viðskiptamál. Sama stefnan var tekin á aðalfundi miðstjórnar Framsfl., eins og ég hafði talað fyrir á ráðstefnu Frjálsrar menningar.

Samt lét hæstv. viðskmrh. sér sæma hér um daginn í sambandi við þetta mál að gefa í skyn, að hugmyndir okkar framsóknarmanna um þessi efni væru eitthvað talsvert öðruvísi nú en þær hefðu verið í upphafi, eins og hann orðaði það, þá hefðu þessar hugmyndir ekki fæðzt hjá framsóknarmönnum, sem síðar hefðu mótazt. Ég kann ekki við þennan málflutning, og það var ekki sízt þetta, sem varð til þess, að ég ákvað að kveðja mér hljóðs nú og gefa þessar skýringar.

Hér fer ekkert á milli mála um þá stefnu, sem framsóknarmenn hafa tekið í málinu, sem þeir mótuðu eins snemma og hugsanlegt var að taka stefnuna. Og ég vil bæta því við, að strax um haustið 1961, skömmu eftir að við leituðum eftir upplýsingunum frá hæstv. ríkisstj. og fórum fram á að fá að fylgjast með þessu máli, — skömmu eftir að þetta gerðist létum við það greinilega í ljós, að full aðild kæmi ekki til greina og Íslendingar gætu ekki gengið undir samstjórn í efnahagsmálum með bandalagsþjóðunum. Það sögðum við þá strax, en hæstv. ríkisstj. var ekki reiðubúin þá að lýsa þessu yfir. Og það er ekki viðkunnanlegt, ef hæstv. viðskmrh. vill vefengja þetta. Við vorum reiðubúnir þá strax til að segja þetta, sem fyrstu skref af okkar hendi, og bættum síðan við frekari upplýsingum um okkar afstöðu, eins fljótt og hugsanlegt var vegna skoðunar á málinu. Okkar stefna hefur ætíð verið þessi sama, sem mótuð var af aðalfundi miðstjórnar Framsfl. snemma á árinu 1962.

Það er svo athyglisvert, að þegar ég hélt því fram á fundi Frjálsrar menningar í jan. 1962, að fyrst og fremst þyrfti að reyna að leysa málefni Íslands á grundvelli tolla- og viðskiptasamninga, þá hélt hæstv. viðskmrh. því fram af miklu kappi, að óhugsandi væri að fá nokkra viðhlítandi lausn á málefnum Íslands eftir þeirri leið. En aftur á móti núna, þegar hæstv. ríkisstj. gerði skýrslu sína í haust og hún var lesin hér á Alþingi, þá er hæstv. ríkisstj. farin að gera ráð fyrir því, að mögulegt muni vera að leysa mál Íslands eftir þessari leið, en telur þó tvær leiðir opnar. Því miður voru heilindi hæstv. ríkisstj. þó ekki meiri en svo, að þegar Framsfl. í umr. í haust endurnýjaði fyrri afstöðu sína, að hann vildi fara tolla- og viðskiptasamningsleiðina, og valdi þannig aðra þá leið, sem hæstv. ríkisstj. hefur nú viljað telja að væri opin, þá réðst hæstv. ráðh. á Framsfl. fyrir ábyrgðarleysi í þessu sambandi, fyrir að lýsa sig samþykkan annarri þeirri leið, sem hæstv. ríkisstj. vildi láta líta svo út að hún teldi opna.

Við vitum ákaflega vel, hvernig á þessu stendur. Það stendur þannig á þessu, að þó að hæstv. ríkisstj. telji það nú af pólitískum ástæðum innanlands henta að láta menn halda, að hún vilji alveg eins vel tolla- og viðskiptasamningsleiðina, eins og aðildarleiðina, þá er því ekki til að dreifa. Þess vegna ræðst ríkisstj. á Framsfl. fyrir að velja tolla- og viðskiptasamningsleiðina. Það er vegna þess, að ef hæstv. ríkisstj. fær að ráða þessum málum eftir kosningarnar, þá verður tolla- og viðskiptasamningsleiðin lögð til hliðar og aðildarleiðin tekin upp, þegar það telst tímabært að leita samninga við Efnahagsbandalag Evrópu. Og sannleikurinn er sá, að hæstv ríkisstj. og hennar lið hefur svo margt látið frá sér fara í þessa átt, að um þetta getur enginn vaðið í neinni villu. Það er svo aftur á móti af því, að mikill meginþorri þjóðarinnar er á hinn bóginn gersamlega á móti því að ganga undir samstjórnina og á móti aðild að Efnahagsbandalaginu, sem ríkisstj. vill nú stinga höfðinu í sandinn að dæmi strútsins og halda því að þjóðinni, að efnahagsbandalagsmálið sé í raun og veru úr sögunni á Íslandi. Það er af því að hún óttast, að sú afstaða, sem ber er orðin af hennar hendi, sé óvinsæl með þjóðinni, og þá er gripið til þess ráðs að halda því fram, að í raun og veru sé efnahagsbandalagsmálið úr sögunni.

En hvað er það rétta í því, og hvernig horfir það við? Það horfir einfaldlega þannig við, að sex þjóðir hafa myndað Efnahagsbandalag Evrópu, að langflestar þær þjóðir, sem utan Efnahagsbandalagsins eru í Evrópu, hafa sótt um inngöngu, hafa lýst sig reiðubúnar að ganga undir samstjórn í efnahagsmálum, hafa lýst sig reiðubúnar til að opna lönd sín og náttúrugæði fyrir öðrum þjóðum. Þetta eru þær stefnuyfirlýsingar, sem nú liggja fyrir frá langflestum þeirra þjóða, sem ekki eru nú þegar í Efnahagsbandalagi Evrópu. En það hefur aðeins komið snurða á þráðinn og innganga Breta tafizt vegna ágreinings um þau efni innan Efnahagsbandalags Evrópu. En tæplega finnst sá ábyrgur stjórnmálamaður í Evrópu, sem ekki lýsir yfir því, að hann telji það vafalaust, að þessi þróun verður ekki stöðvuð, að þjóðir Evrópu sameinist á næstu missirum og næstu árum í Efnahagsbandalagi Evrópu, annaðhvort sem fullir aðilar eða sem aukaaðilar, Bretar og hinir. Það linnir ekki yfirlýsingum frá ábyrgum stjórnmálamönnum í Evrópu, að þetta hljóti að ske, straumnum verði ekki snúið við. Allir lýsa þessu yfir nema íslenzku ráðherrarnir. Þeir segja: Efnahagsbandalagið er ekki lengur til sem nokkurt mál á Íslandi. Til þess þarf enga afstöðu að taka, þó að það sé svo að segja hverju barni ljóst, að á næsta kjörtímabili verður Ísland að taka stefnuna í þessum málum. Ísland verður að taka stefnuna. Það verður að ákveða um, hvort það ætlar að vinna að því að ganga í Efnahagsbandalag Evrópu eða standa utan við bandalagið og reyna að leysa mál sín með samningum við bandalagið um viðskiptamál og tollamál, eins og Íslendingar hafa leyst sín vandkvæði í samn-

ingum við þær þjóðir, sem nú eru komnar í Efnahagsbandalagið eða stefna þangað inn.

Við, sem teljum, að Íslendingar geti ekki gengið í Efnahagsbandalagið, við segjum það hispurslaust og álítum, að það verði að leysa þessi mál með samningum við þessar þjóðir, þó að þær gangi í bandalag. Við getum ekki, svona dvergþjóð eins og við, gengið í þjóðasamtök eins og þessi, sem stefna óðfluga að því að verða að nýju ríki. Við mundum drukkna algerlega í þjóðahafinu. Og við getum ekki opnað okkar land fyrir þessum þjóðum, þar sem efnahagsstarfsemin og atvinnustarfsemin er rekin í svo stórum stíl, að einn evrópskan auðhring mundi ekkert muna um að kaupa upp allar eignir á Íslandi, mundi ekki muna neitt um það.

Fyrir ekki mjög löngu var birtur listi yfir fyrirtæki í Þýzkalandi, og það mun hafa þurft að fara niður fyrir 44 fyrirtæki í V.-Þýzkalandi einu saman til þess að finna fyrirtæki, sem hafði jafnlitla umsetningu og nam öllum þjóðartekjum Íslendinga, ekki fjárlögunum, heldur öllum þjóðartekjum Íslendinga. Síðan eru þessi fyrirtæki tengd saman mörg af þessari stærð, og þá sjáum við, hvers konar efnahagslíf er í þessum löndum samanborið við okkur. Augljóst er því, að við getum alls ekki sameinazt þessum þjóðum. Við verðum að koma okkar málum þannig fyrir, að við getum samið við þær um eðlileg viðskipti, en haldið áfram okkar fullveldi.

Ég hef nú gerzt nokkuð langorður um þessi efni, en það er fullkomlega að gefnu tilefni í þeim umr., er fram fóru einmitt um þetta mál í sambandi við þetta frv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Maður var nefndur MacCarthy. Hann átti heima í Ameríku, og um skeið varð hann víðfrægur í landi sínu og ekki aðeins þar, heldur um víða veröld. Það, sem gerði þann mann frægan, var sú viðleitni hans að leita uppi þjóðhættulega menn í sínu eigin landi, menn, sem sætu á svikráðum við brýna hagsmuni þjóðar sinnar, Bandaríkjamanna. Hann var þó ekki einvörðungu frægur fyrir þennan tilgang sinn, heldur öllu heldur fyrir þá aðferð, sem hann beitti til þess að ná þessu markmiði sínu. En aðferð hans við að leita að þjóðhættulegum mönnum og þá fyrst og fremst kommúnistum var sú að grafa upp gömul ummæli ýmissa stjórnmálaandstæðinga sinna, slíta þau úr samhengi og segja: Þessi ummæli bera sannarlega vott um, að um þjóðhættulegan mann sé að ræða, að um kommúnista sé að ræða. — Eins gerði hann og hans fylgismenn mikið að því að vitna til einstakra athafna manna, sem taldar voru bera vott um mjög grunsamlegar fyrirætlanir. Það var í það vitnað, ef menn áttu kunningja, sem voru taldir hafa grunsamlegar skoðanir eða grunsamlegar fyrirætlanir á prjónunum. Þá var frá því sagt, það undirstrikað, allt saman í því skyni að koma því orði á hlutaðeigandi menn, að þeir væru þjóðhættulegir, hefðu vafasamar skoðanir og við þeim ætti að gjalda mikinn varhug.

Ég rifja upp feril þessa manns, sem nú er að vísu næstum alveg gleymdur, og þeir fáu, sem eftir honum muna enn sem atkvæðamiklum stjórnmálamanni, hafa lítið álit á honum satt að segja. En þess vegna minni ég á feril þessa manns, að mér sýnist nokkrir forustumenn Framsfl. vera að falla fyrir þeirri sömu freistingu og hann gerði að ævistarfi sínu að sverta einstaka menn, jafnvel stjórnmálaflokka, jafnvel ríkisstj., með því að leita að einni, tveimur, þremur setningum úr gömlum ræðum, gömlum blaðaskrifum, til þess að eigna hlutaðeigandi mönnum allt aðrar skoðanir en þeir sjálfir segjast nokkurn tíma hafa haft eða hafi í dag. Og undir þessum kringumstæðum virðist það vera jafngagnslítið gagnvart þessum leiðtogum Framsfl. og það reyndist mönnum í Bandaríkjunum á sínum tíma gagnvart MacCarthy að vitna til annarra ummæla, gamalla og nýrra, sem í felst önnur skoðun en sú, sem MacCarthy vildi að mennirnir hefðu. Ef hlutaðeigandi menn sögðu: Ég er ekki þessarar skoðunar, — þá endurtók MacCarthy og hans menn það tvisvar, þrisvar sinnum, að þeir væru þessarar skoðunar.

Nokkuð líkt gerðist við fyrri hluta 1. umr. þessa frv., þegar flm. þess, einn af helztu og ágætustu leiðtogum Framsfl., sem jafnframt er ritstjóri aðalblaðs hans, hv. 7. þm. Reykv., Þórarinn Þórarinsson, gerði það að einu aðalatriði í sinni framsöguræðu um breyt. á l. um fiskveiðar í landhelgi Íslands að leiða rök að því, að núv. ríkisstj. og þá alveg sérstaklega ég hefði mikinn áhuga á því að leyfa útlendingum atvinnurekstur á Íslandi og þá alveg sérstaklega í íslenzkum fiskiðnaði. Og rökin, sem flutt voru fyrir þessari staðhæfingu, þessum brigzlum í garð minn og ríkisstj., voru ein setning í ræðu, sem ég flutti í Verzlunarráði Íslands hinn 11. júlí 1961, eða fyrir næstum tveimur árum. Ég átti að sjálfsögðu ekki von á þessu og hafði auðvitað ekki texta þessarar ræðu við höndina, þegar framsöguræðan var flutt. En hér á skrifstofu Alþingis var að sjálfsögðu skýrsla sú, sem ég nú nýlega hef flutt hinu háa Alþingi um stefnu ríkisstj. í efnahagsbandalagsmálinu. Ég las kafla úr þeirri skýrslu, þar sem rædd er sérstaklega stefna ríkisstj. varðandi rétt útlendinga til að stunda atvinnurekstur á Íslandi og þá sérstaklega í fiskiðnaðinum, þar sem tekin voru af öll tvímæli um, að það væri ekki stefna ríkisstj. að greiða útlendingum gang eða bæta aðstöðu útlendinga, veita útlendingum rétt til atvinnurekstraraðstöðu í íslenzkum fiskiðnaði. En það hefur ekkert þýtt, þótt ég hafi lesið skýrt og greinilega, endurtekið skýrt og greinilega, hver stefna ríkisstj. í þessu máli sé. Það skal vera skoðun mín og ríkisstj. að vilja hleypa útlendingum inn í íslenzkan fiskiðnað og þá væntanlega íslenzkan atvinnurekstur yfir höfuð að tala.

Nú hef ég hér fyrir framan mig texta þeirrar ræðu, sem ég flutti 11. júlí 1961, og sú setning, sem hefur verið gerð að þessu mikla árásarefni á mig, bæði hér á hinu háa Alþingi og í aðalmálgagni Framsfl., hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta, — ég hef áður verið að ræða um fiskveiðilögsöguna og segi í framhaldi af því:

„Hins vegar kæmumst við ekki hjá að athuga stefnu okkar varðandi réttindi útlendinga til löndunar á fiski og rekstrar fiskiðjuvera, ef til aðildar okkar ætti að koma, enda yrði sú stefna,

sem nú er fylgt, okkur ekki lengur sjálfum nauðsynleg, ef tryggja mætti með öðru móti, að breyting á henni leiddi ekki til ofveiði.“ Og hér lýkur tilvitnuninni.

Þetta segi ég á miðju sumri 1961, þegar allir ábyrgir og hugsandi menn á Íslandi eru að hugleiða, hvort við Íslendingar eigum að sækja um einhvers konar tengsl við Efnahagsbandalagið til þess að fá það upplýst, með hverjum hætti, með hvaða skilyrðum Íslendingar gætu tengzt Efnahagsbandalaginu, ef þeir teldu það óhjákvæmilegt vegna brýnna viðskiptahagsmuna sinna. Ég hélt satt að segja, að það hefði þá legið alveg í augum uppi og það liggi alveg í augum uppi enn, að það hlyti að bera á góma í viðræðum milli Íslands og fulltrúa Efnahagsbandalagsins, hver stefna Íslendinga nú er og skyldi vera varðandi réttindi útlendinga til löndunar á fiski og rekstrar fiskiðjuvera, því að það er öllum mætavel kunnugt, sem nokkuð þekkja til þessara mála, að eitt grundvallaratriði Efnahagsbandalagsins er að jafna rétt borgara landanna í Efnahagsbandalaginu til hvers konar atvinnurekstrar, og til einhvers slíks ætlast ríki Efnahagsbandalagsins og stjórn þess af þeim, sem tengjast Efnahagsbandalaginu einhverjum böndum, hver svo sem þau bönd eru. Það er gersamlega útilokað fyrir annan aðilann í viðræðum að ráða því, hvað hinn aðilinn talar um. Og það er ekki annað en einfaldasta skynsemisregla að gera sér fyrir fram grein fyrir því, um hvað hinn aðilinn mundi tala, sé líklegur til þess að tala, ef til viðræðu kæmi. Og getur nokkrum heilvita manni dottið í hug annað en það sé líklegt, ef til einhvers konar viðræðna við Efnahagsbandalagið kæmi, að af hálfu Efnahagsbandalagsins mundi einmitt verða rætt um það, hvaða réttindi til handa útlendingum til löndunar á fiski og til rekstrar fiskiðjuvera kæmu til greina af íslenzkri hálfu? Ég fullyrði, að það er nákvæmlega sama, hvort rætt yrði við Efnahagsbandalagið, — um fulla aðild er ekki að ræða í þessu sambandi, vegna þess að full aðild grundvallast á því, að réttindi skuli vera jöfn, — en ég fullyrði, að það er nákvæmlega sama, hvort Íslendingar ræddu við stjórn Efnahagsbandalagsins um aukaaðild eða um tolla- og viðskiptasamning, sem Framsfl. telur að hefði átt að gera við Efnahagsbandalagið, — ég fullyrði, að það er nákvæmlega sama, hvort Íslendingar vildu ræða við stjórn Efnahagsbandalagsins um hugsanlegan aukaaðildarsamning eða hugsanlegan tolla- og viðskiptasamning, þessi mál mundu verða rædd af hinum aðilanum. Þau mundu verða rædd af hinum aðilanum, og ef við á annað borð hugsuðum okkur ekki, að þeim viðræðum lyktaði þannig, að við ætluðumst til alls af gagnaðilanum, en vildum sjálfir bókstaflega ekkert gera í staðinn, þá kæmumst við ekki hjá því að athuga stefnu okkar í þessum málum, og hingað til hef ég ekki haldið, að það væri neitt skaðlegt fyrir nokkurn mann að hugsa sig vel um. Það ber nú eitthvað nýrra við á Íslandi, ef það er verra að hugsa, áður en menn hafast að. Það er ekkert annað, sem ég sagði í þessari ræðu, en þetta, að Íslendingar yrðu að sjálfsögðu að hugleiða þennan mikla vanda, sem þeim og öllum öðrum er búinn, sem leita tengsla við Efnahagsbandalagið. Hvort sem tengslin eiga að vera í formi aukaaðildar eða í formi tolla- og viðskiptasamnings, þá eru þetta atriði, sem ber á góma af hálfu forvígismanna Efnahagsbandalagsins, og þess vegna er sjálfsagt að hugsa vel og vandlega, hvernig við eigum að taka á því máli eða þeim rökum af hálfu þeirra. Það var engan veginn tímabært í júlí 1961. Það ræddi ég hins vegar í skýrslu stjórnarinnar til hins háa Alþingis á s.l. hausti. Þar var farið nánari orðum um þetta efni, og þar segi ég, með leyfi hæstv. forseta:

„Við verðum að hafa það á okkar valdi, hvern atvinnurekstur útlendingar megi stunda hér og hver áhrif þeirra í hverri atvinnugrein megi verða. Fiskveiðar útlendinga innan íslenzkrar fiskveiðilögsögu koma að sjálfsögðu ekki til greina. Hugsanlegur aukaaðildarsamningur yrði að veita Íslendingum rétt til þess að setja reglur um þessi efni. Aðalspurningin í sambandi við aukaaðildarsamning eins og þann, sem ég hef hér rætt, yrði að sjálfsögðu, hvort Efnahagsbandalagið teldi slík ákvæði, sem takmörkuðu skyldur okkar, samrýmanleg því, að við hefðum tollfrjálsan og ótakmarkaðan aðgang að sameiginlega markaðinum.“

Hér er stefna ríkisstj., hér er stefna mín persónulega í þessu máli. Og hún tekur af öll tvímæli um það, að hvorki ríkisstj. né ég höfum hugsað okkur að veita útlendingum rétt til löndunar á fiski eða rekstrar fiskiðjuvera hér á Íslandi, ef til tengsla okkar við Efnahagsbandalagið kæmi. En þrátt fyrir þetta, þó að öllum hv. þm. séu ummæli skýrslunnar ljós, þá skal það samt vera endurtekið aftur og aftur, að við séum fylgjandi því að losa um löndunarreglurnar og hleypa útlendingum inn í fiskiðnaðinn, af því að ég hef sagt það fyrir tæpum tveimur árum, að í þessum viðræðum kæmumst við ekki hjá því að athuga stefnu okkar í þessum málum.

Ég held, að ég þurfi ekki að fara frekari orðum um þetta til þess að sýna fram á, að hér er beitt þeirri aðferð, sem sá löngu látni Ameríkumaður varð heimsfrægur fyrir, að slíta setningar úr samhengi, til þess að reyna að gera menn tortryggilega á þann hátt að eigna þeim aðrar skoðanir en þær, sem þeir hafa haft eða vilja hafa. En fyrst hv. leiðtogar Framsfl. hafa viljað nota þessa gömlu ræðu mína til árása á mig og ríkisstj., þó að ég hafi að vísu sýnt fram á, að þær árásir eru með öllu óréttmætar, og þetta er eins konar hólmgönguáskorun þeirra til mín, þá skal ég taka þeirri áskorun og ræða það við þá, hvort hér séu virkilega til menn, sem ástæða sé til þess að vara við í þessum efnum, hvort ég hafi haldið fram skoðunum, sem ástæða er til þess að berjast gegn og reyna að kveða niður. Ég þarf ekki að taka það fram, að ég mun ekki beita sams konar aðferðum og þessir leiðtogar Framsfl. hafa beitt gagnvart mér í málinu, og mun málflutningur minn á eftir leiða í ljós, að það geri ég ekki.

Hv. framsóknarmenn virðast undanfarið hafa verið að leita að hættulegum mönnum, mönnum með þær hættulegu skoðanir að vilja leyfa útlendingum atvinnurekstur á Íslandi og þá alveg sérstaklega í fiskiðnaðinum. En slíkir menn eru

ekki til í Alþfl., þá þekki ég ekki. Slíkir menn eru ekki heldur til í ríkisstj. Íslands. En slíkir menn eru til á Íslandi. Ég þekki t. d. einn mann, sem gegnir mjög mikilli trúnaðarstöðu í ákveðnum stjórnmálaflokki og gegnir jafnframt mjög mikilli trúnaðarstöðu hjá sjálfu ríkisvaldinu. Sá flokkur, sem þessi maður gegnir trúnaðarstöðu hjá, hver skyldi hann vera? Það er Framsfl., flokkurinn, sem hv. flm. frv. er aðalritstjóri fyrir, og flokkurinn, sem síðasti ræðumaður í málinu, hv. 1. þm. Austf., er formaður fyrir. Starf þessa manns hjá ríkinu er það að vera framkvstj. rannsóknaráðs ríkisins, mjög mikilvæg staða. Það skiptir mjög miklu máli, hvaða skoðanir menn í þeirri stöðu hafa einmitt í þessum málum. Og hann er hvorki meira né minna en formaður Félags ungra framsóknarmanna í Reykjavík og heitir Steingrímur Hermannsson. Ég mundi nú eflaust ekki gera skoðanir formanns rannsóknaráðs ríkisins að tilefni umr. hér á hinu háa Alþingi, þegar um slíkt mál er að ræða og þetta, til þess tel ég ekki ástæðu. En fyrst sá maður tekur þátt í stjórnmálabaráttunni og hefur hlotið þann sérstaka trúnað að vera kjörinn formaður Félags ungra framsóknarmanna, *formaður pólitískra samtaka* framsóknarmanna í sjálfum höfuðstaðnum, þá getur hann að sjálfsögðu ekki til annars ætlazt en skoðanir hans á þessu mikilvæga máli, hvort eigi að leyfa hagnýtingu erlends fjármagns á Íslandi, í hversu ríkum mæli eigi að leyfa útlendingum atvinnurekstur á Íslandi, veki sérstaka athygli, og ekki hvað sízt þegar tveir aðalleiðtogar Framsfl. hafa gert það að aðaluppistöðum í ræðum hér á Alþ. og skrifum í sínu aðalmálgagni, að það séu aðrir menn og þá sérstaklega í ríkisstj., sem hafi stórhættulegar skoðanir í þessum efnum.

Ég minnist þess, að formaður ungra framsóknarmanna, Steingrímur Hermannsson, hafi haldið framsöguræðu um erlent fjármagn á Íslandi á fundi Stúdentafélags Reykjavíkur, sem haldinn er í nóv. 1961, eða eftir að ég held ræðu mína í Verzlunarráði. Ég skal enga tilraun gera til að slíta hér neitt úr samhengi fyrir formanni ungra framsóknarmanna, heldur skal leyfa mér — með leyfi hæstv. forseta — að lesa nokkra heila kafla úr þessari ræðu, þannig að við kynnumst ýtarlega skoðunum þessa leiðtoga ungra framsóknarmanna á því máli, sem tveir höfuðforingjar Framsfl. hafa gert að umræðuefni hér í sölum Alþingis.

Að loknum löngum inngangi spyr formaður ungra framsóknarmanna, hver afstaða okkar Íslendinga sé til þess að fá erlent einkafjármagn, sem hann kallar erlent áhættufjármagn, en það er einkafjármagn, sem hann á við — hann spyr orðrétt: „Viljum við leita samstarfs við erlent áhættufjármagn við uppbyggingu okkar atvinnuvega?“ Hann svarar því afdráttarlaust játandi. En svo spyr hann orðrétt: „Hvað höfum við þá upp á að bjóða þeim, sem hér vildu festa erlent fjármagn, þeim einkaaðilum, sem hér vildu festa erlent fjármagn?“ Hann segir nokkru síðar orðrétt: „Við höfum vatnsorku og getum á vissum stöðum boðið upp á ódýrari raforku en þekkist annars staðar í Evrópu.“ Síðar segir hann orðrétt: „Við höfum einnig hverahita, og er ekki ólíklegt, að í sambandi við hann megi byggja upp ýmsan efnaiðnað. Við eigum einhver auðugustu fiskimið í heimi. Og þó að ég álíti í flestum tilfellum ekki nauðsynlegt eða æskilegt að beina erlendu áhættufjármagni inn á þau svið, sem við ráðum sjálfir yfir bæði tæknilega og markaðslega,“ — þetta held ég, að ég verði að lesa aftur, ef það kynni að hafa farið fram hjá ritstjóra Tímans og formanni Framsfl. „Við eigum einhver auðugustu fiskimið í heimi. Og þó að ég álíti í flestum tilfellum ekki nauðsynlegt eða æskilegt að beina erlendu áhættufjármagni inn á þau svið, sem við ráðum sjálfir yfir bæði tæknilega og markaðslega, er það staðreynd, að okkur hefur ekki tekizt að fullnýta svo okkar sjávarafurðir sem skyldi. Á vissum sviðum fiskiðnaðar gæti e. t. v. verið gott að leita samstarfs við aðila, sem hafa fullkomna þekkingu og e. t. v. einhverjar aðrar aðferðir en við eigum að venjast.“ M. ö. o.: formaður ungra framsóknarmanna í Reykjavík útilokar alls ekki þann möguleika að hleypa útlendu einkafjármagni inn á sjálf fiskimiðin, og hann undirstrikar gagnsemi þess að hleypa útlendu einkafjármagni inn í íslenzkan fiskiðnað. Um það er öll seinni setningin. Svo heldur formaður ungra framsóknarmanna áfram síðar í ræðu sinni orðrétt:

„Eins og ég hef áður sagt, er nauðsynlegt að athuga þegar reynslu annarra þjóða af erlendu áhættufjármagni og lög og reglur, sem þar gilda. Þetta þurfum við að aðlaga að innlendum staðháttum. Hver niðurstaðan verður, veit ég ekki. Slíkt verður að byggjast á ýtarlegri athugun. En í fljótu bragði virðist mér, að hafa ætti í huga eftirfarandi höfuðsjónarmið.“ — Og takið þið, hv. þm., nú vel eftir því, sem nú kemur, sérstaklega leiðtogar Framsfl.: „1) Við eigum að gera stofnun erlendra fyrirtækja í landinu sem frjálsasta.“ Þarna hafa menn það. „Við eigum að gera stofnun erlendra fyrirtækja í landinu sem frjálsasta, en kappkosta hins vegar að hafa tögl og hagldir í okkar eigin hendi með því að krefja slíka aðila um leyfi til þess að kaupa fasteignir, raforku og e. t. v. fleira, sem nauðsynlegt er flestum atvinnurekstri. 2) Við eigum að kappkosta að beina hinu erlenda fjármagni inn á svið, þar sem okkur skortir tækni, reynslu og markaðsöryggi, inn á nýjar atvinnugreinar, sem mundu breikka fjárhagsgrundvöll okkar og gera þjóðarbúskapinn fjölbreyttari og öruggari.“

Að síðustu langar mig til þess að leyfa hv. þdm. að heyra einn kafla enn úr þessari ræðu, og skal hann vera sá síðasti, annars er hún öll mjög *fróðleg aflestrar*. Formaður ungra framsóknarmanna segir hér, — og það er engu líkara en hann hafi verið forspár og séð fyrir hv. 7. þm. Reykv., aðalritstjóra Tímans, vera að halda þá ræðu, sem hann hélt hér síðast, þegar frv. hans var til umr., en formaður ungra framsóknarmanna segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég hef ekkert minnzt á þá hræðslu, sem lengi vel hefur ríkt hér á landi og víða annars staðar við óviðráðanleg áhrif erlends stórfjármagns í allri þjóðfélagsþróun. Ég tel okkur Íslendinga skynsama og menntaða þjóð, sem skilur, að nýlendutíminn er liðinn. Jafnvel undirokaðar og

ómenntaðar þjóðir Afríku brjóta nú hver eftir aðra af sér fjötra nýlenduveldanna, og fá þau lítið að gert. Ef við leitum samstarfs við erlent áhættufjármagn, er á engan hátt um að ræða einhliða ákvörðun þess um fyrirkomulag og aðbúnað. Við setjumst við samningaborðið eins og tveir sjálfstæðir aðilar og semjum um hagnað báðum til handa. Af þessu stafar sáralítil hætta. Þjóðir, sem eru stórar á okkar mælikvarða, sjá sig tilneyddar að hópast saman til þess að geta keppt við efnahagsþróun stórveldanna. Getum við Íslendingar til lengdar staðið einir, 180 þús. manns, og boðið þessari þróun byrginn? Áhrif einstakra erlendra fyrirtækja í landinu munu reynast hverfandi borið saman við þátttöku okkar í þessum samböndum.“ — Einhverjum kynni nú að detta í hug, að hann væri hér að mæla með inngöngu í Efnahagsbandalagið. Hefðu aðrir sagt þetta, hefði ekki staðið á þeirri túlkun, en nú held ég áfram: „En ýmsir telja, að hjá því eða einhvers konar samstarfi verði varla komizt til lengdar. Að þeirri niðurstöðu fenginni, að leita beri samstarfs við erlent áhættufjármagn, er nauðsynlegt að kanna lög og reglur, sem gilda hjá öðrum þjóðum um þessi efni, og reynslu þeirra af slíku samstarfi.“

Svo mörg eru þau orð, og sé ég ekki ástæðu til þess að vitna meira í formann ungra framsóknarmanna hér í höfuðstað landsins. En í þessari löngu ræðu hans, sem birt er í tveimur eintökum í sjálfu blaði flokksins, í Tímanum, í tveimur tölublöðum þar, — í þessari ræðu formanns ungra framsóknarmanna er sterkari áróður en ég minnist eftir að hafa heyrt eða séð áður á Íslandi fyrir því, að erlent einkafjármagn sé flutt til landsins, meira að segja í því formi, að stofnun erlendra fyrirtækja á Íslandi sé gerð sem frjálsust. Og svo mikill er áhugi formanns ungra framsóknarmanna í Reykjavík fyrir því að fá erlent einkafjármagn til landsins, að hann útilokar ekki möguleikana á því, að erlendir aðilar fái að nota íslenzka fiskveiðilögsögu. Hann útilokar ekki möguleikana á því, en telur alveg sjálfsagt, að þeir fái aðstöðu til þess að reka fiskiðnað á Íslandi, og telur verkefnin þar einmitt vera mest, af því að þar séu líkur á mestri aukningu, á mestum nýjungum.

Ég held, að ekki verði komizt hjá að spyrja, hvort formaður Framsfl., sem hér talaði síðast, og ritstjóri aðalblaðs Framsfl., sem flytur frv., sem hér er til umr., hafi stutt mann með þessar skoðanir til einnar helztu trúnaðarstöðu innan Framsfl. Og það er ekki ástæðulaust, að um það er spurt, hver sé afstaða þeirra til starfs þessa manns í þeirri stöðu, sem hann nú gegnir. Og ef ástæða er til þess fyrir þessa tvo aðalleiðtoga Framsfl. að hefja sérstakan áróður gegn mér og ríkisstj. á röngum forsendum, hvernig geta þeir þá þolað mann með þessar skoðanir, sem ég hef hér lýst rækilega með hans eigin orðum, og ég veit, að hann hefur þessar skoðanir, hafði þær þá og hefur þær enn, — hvernig geta þeir látið mann með þessar skoðanir vera í þeirri valdaaðstöðu, sem hann er innan þeirra eigin flokks, ef þeir raunverulega telja það jafnhættulegt og kom fram í ræðum þeirra hér áðan, að menn hafi slíkar skoðanir? Hvers vegna snúa þeir ekki geiri sínum þangað, sem nærtækara væri fyrir þá, að fela ekki þeim mönnum trúnað, sem sannanlega hafa skoðanir, sem þeir ráðast harkalega á aðra fyrir að hafa, þótt með röngu sé?

Í rauninni var þetta erindið, sem ég átti í ræðustólinn, að upplýsa þessi atriði, sem ég nú hef upplýst. En í ræðu hv. 1. þm. Austf. voru áðan nokkur atriði, sem ég kemst ekki hjá að leiðrétta og skal gera það stuttlega.

Hv. þm. sagði, þegar hann var að lýsa aðdragandanum að hinum margumtalaða fundi mínum með fulltrúum hagsmunasamtaka 18. ágúst 1961, að hann hefði verið utanbæjar, fyrir norðan, og rekið í rogastanz, þegar hann sá blaðafregnir af þessum fundi, kom í skyndi í bæinn til að kippa í þá þræði, sem hann taldi tilkippilega. Og hann sagði, og í því fólst alvarleg ásökun, að ég og ríkisstj. hafi rætt við fulltrúa hagsmunasamtaka um viðhorf í þessu máli án þess að hafa látið stjórnarandstöðuflokkana fylgjast nokkurn skapaðan hlut með, þeir hafi bókstaflega ekkert um það vitað, hvað var að gerast í málinu, fyrr en þeir lásu blaðafregnir um viðræður, sem fram höfðu farið við fulltrúa hagsmunasamtakanna. En um þessa nefnd hagsmunasamtakanna er það að segja, að strax og markaðsmálin í Evrópu komust á dagskrá, það viðskmrh. öll helztu hagsmunasamtök í landinu um að tilnefna fulltrúa til að koma öðru hvoru saman til skrafs og ráðagerða í viðskmrn. við þá embættismenn, sem einkum fjölluðu um málið í stjórnarráðinu, og mig. Þeir tóku þessu mjög vel. Ég hef aldrei fundið annað en þeir hafi verið þakklátir fyrir að hafa fengið tækifæri til að fylgjast með og beina fsp. um málið til okkar, sem fylgdumst með því af hálfu ríkisstj. Margir slíkir fundir hafa verið haldnir, auk þess sem sérstök embættismannanefnd hefur starfað að málinu frá því að það yfir höfuð kom á dagskrá. Það var um einn slíkan fund að ræða 18. ágúst, og einn af mörgum, sem nú hefur orðið svo umtalaður. En í því, sem hér hefur verið sagt af hálfu sjálfs formanns stærra stjórnarandstöðuflokksins, felst alvarleg ásökun, ef það væri rétt, að ríkisstj. hefði gefið upplýsingar hagsmunasamtökum í landinu og beint til þeirra ákveðnum fsp. án þess að hafa rætt nokkuð áður við stjórnmálaflokkana, sem sæti eiga á hinu háa Alþingi, því að að sjálfsögðu eiga stjórnarandstöðuflokkar rétt til þess að fylgjast með jafnveigamiklum málum og hér er um að ræða. Vitneskja á ekki að vera einkamál ríkisstj., þegar um slík mál er að ræða. Mér og ríkisstj. hafði aldrei dottið í hug að ræða þetta mál jafnýtarlega og gert var við fulltrúa hagsmunasamtakanna án þess að vera áður búinn að ræða málið við fulltrúa þingflokkanna. Af því að ég mundi og vissi, að það hafði verið gert, lét ég senda eftir gerðabók utanrmn. og hef hana hér fyrir framan mig. Það er haldinn fundur utanrmn. 2. júní 1961, kl. 4, í alþingishúsinu, og þótt að sjálfsögðu sé ekki venja að lesa fundargerðir utanrmn., ætla ég að leyfa mér að lesa upphaf hennar, þar sem greint er frá því, hverjir eru viðstaddir og hvert fundarefnið var, og láta þar staðar numið, en þar stendur: „Mættir voru Gísli Jónsson, Gylfi

Þ. Gíslason, er mættur var fyrir Emil Jónsson, Finnbogi R. Valdimarsson, Þórarinn Þórarinsson, Hermann Jónasson og Jóhann Hafstein. Fyrir var tekið að ræða viðskiptabandalög Evrópu.“ Það var fundarefnið. Fundargerðin er mjög löng. Ég flyt hér skýrslu í upphafi fundarins og frásögn af henni er 4 síður, af skýrslunni, sem ég flyt á þessum fundi, og á fundinum eru Hermann Jónasson, sem ég hygg að þá hafi enn verið formaður Framsfl., og Þórarinn Þórarinsson, aðalritstjóri flokksins. Og það var ekki aðeins, að þarna væri gefin ýtarleg skýrsla um allt viðhorf málanna, eins og var þá, 2½ mánuði áður en hinn margumtalaði fundur með fulltrúum hagsmunasamtakanna var haldinn, heldur fengu allir fundarmenn mjög ýtarleg gögn um allt málið, öll þau gögn, sem þá lágu fyrir um málið í íslenzka stjórnarráðinu. Þrátt fyrir þetta leyfir formaður Framsfl. sér að halda því fram hér í hinu háa Alþingi, að stjórnarandstöðuflokkarnir hafi bókstaflega ekkert fengið að vita um málið, fyrr en þeir fréttu í blöðum af því, að þessi margumtalaði fundur hafi verið haldinn 18. ágúst 1961. En þannig eru því miður ýmsar staðhæfingar fulltrúa stjórnarandstöðunnar í því máli, sem hér er um að ræða.

Þá ræddi hv. 1. þm. Austf. nokkuð um afstöðu fulltrúa Sambands ísl. samvinnufélaga á þessum margumtalaða fundi. En ég tel, að hann eins og raunar nær allir, sem þennan fund og aðra slíka fundi hafa setið, hafi tekið mjög ábyrga afstöðu til málsins, því að hann svaraði þeirri spurningu, sem ég hafði áður með góðum fyrirvara beint til fundarmanna um það, hvort þeir teldu, eins og ástand mála væri þá, rétt að leggja fram umsókn um einhvers konar tengsl við Efnahagsbandalagið, ef fyrir lægi og staðfest væri, að sú umsókn væri algerlega óskuldbindandi. SÍS-fulltrúinn svaraði þessu játandi eins og allir aðrir aðilar á fundinum að einum undanteknum, fulltrúa Alþýðusambandsins. Þessa afstöðu taldi ég mjög ábyrga, fagnaði henni og þótti vænt um hana. Nú hins vegar veit ég, sem ég hef ekki vitað áður, hvað gerðist, skömmu eftir að fundurinn var haldinn. Það gerðist, að 1. þm. Austf. skundaði í bæinn að norðan, kynnti sér málið og hélt um það fund í framkvæmdastjórn Framsfl. til að móta aðra afstöðu en fulltrúi Sambands ísl. samvinnufélaga hafði tekið á þessum fundi, en það er að sjálfsögðu mál, sem kemur þeim við og aðrir þurfa ekki að skipta sér af.

Af því að hv. þm. ræddi nokkuð um það og vildi enn reyna að gera það tortryggilegt, hvers vegna yfir höfuð var rætt sumarið 1961, hvort Íslendingar ættu að senda umsókn um einhvers konar tengsl að Efnahagsbandalaginu, skal ég fara um það örfáum orðum.

Sumarið 1961 var yfirleitt talið, að miklu meiri hraði yrði á öllum viðræðum um stækkun Efnahagsbandalagsins en í ljós kom, að raun varð á. Það töldu meira að segja ýmsir, að í raun og veru væri samið um aðild Breta að Efnahagsbandalaginu, það væri búið að semja um það bak við tjöldin, það væru formsatriði ein, sem ætti eftir að ganga frá. A. m. k. var talið, að hraðinn á málinu mundi verða mikill. Þannig litu öll hin Norðurlöndin á málið, og þess vegna flýttu þau sér öll að leggja fram sínar umsóknir, ýmist um fulla aðild eða um aukaaðild, af því að það var skoðun þeirra eins og allra annarra, að umsókn um einhvers konar aðild eða tengsl væri eina leiðin til þess að fá viðræður við Efnahagsbandalagið. Það var líka ekkert leyndarmál, að Efnahagsbandalagið sjálft, hvorki stjórn þess né helztu aðildarríki þess voru sérlega áfjáð í það, að Efnahagsbandalagið stækkaði. Það er komið á daginn nú, að grunur manna um þetta, jafnvel þá strax var á fullum rökum reistur. Þess vegna sýndi Efnahagsbandalagið mikla tregðu gagnvart þeim ríkjum, sem vildu tengjast því, jafnvel skoraðist undan því að hafa viðræður við ríki, sem þó höfðu sótt um fulla aðild eða aukaaðild eða einhvers konar tengsl. Hitt var talið gersamlega útilokað, að nokkurt ríki fengi aðstöðu til þess að ræða við Efnahagsbandalagið, án þess að slík umsókn lægi fyrir.

Allir menn, sem eitthvað þekktu til mála og þekkja til mála enn, munu vita, að þetta var rétt skoðun á sínum tíma. Hitt var líka alveg augljóst mál, að umsókn gat verið algerlega og hlaut raunar að vera algerlega óbindandi. Þess vegna tel ég víðs fjarri, að það geti verið ásökunarefni á ríkisstj. eða nokkurn þann aðila, sem hugleiddi það í alvöru, hvort ekki væri tímabært fyrir Íslendinga að leggja fram umsókn um einhvers konar tengsl á sumrinu 1961, og það hefði verið ábyrgðarleysi að hugleiða þennan möguleika ekki. Ríkisstj. vildi hins vegar ekki stíga neitt slíkt spor án þess að vera viss um, að ef til kæmi, hefði hún skoðun hagsmunasamtakanna, sem hér áttu hlut að máli, bak við sig, og hún reyndist hafa þau á bak við sig, hefði haft þau bak við sig, ef hún hefði stigið slíkt spor, en það gerði hún ekki og það er líka staðreynd í málinu, að það gerði hún ekki. Á því hafa komið fram ýmsar skoðanir, hvers vegna stjórnin gerði það ekki. Því var enn haldið fram af formanni Framsfl., hv. 1. þm. Austf., í ræðu hans hér áðan, sem hefur verið margsagt í blaði hans, Tímanum, að ástæðan til þess, að ríkisstj. hafi ekki sótt um fulla aðild sumarið eða haustið 1961, hafi annars vegar verið hörð andstaða Framsfl. og hins vegar, að ég og íslenzkir embættismenn hefðum fengið þær upplýsingar hjá þýzku ríkisstj., að við mundum ekki fá fulla aðild að Efnahagsbandalaginu, þó að við sæktum um hana. Ég sé enga sérstaka ástæðu til að andmæla þeirri staðhæfingu, að ríkisstj. hafi ekki sótt um fulla aðild að Efnahagsbandalaginu eða tengsl við það sumarið eða haustið 1961 vegna andstöðu Framsfl. Um það tel ég enga ástæðu til þess að fara nokkrum orðum yfir höfuð að tala. Ríkisstj. er einfær um að mynda sér skoðun í málum yfirleitt og gerir það í þessu máli eins og öðru, sem hún sjálf telur rétt vera. Hitt er alvarlegri ásökun, þegar því er haldið fram, að þýzka ríkisstj. hafi sagt okkur, að ekki þýddi að sækja um fulla aðild, og þess vegna hefðum við hætt við það. Hér er sannleikanum svo gersamlega snúið við, að þýzku ríkisstj. var gert jafnljóst og aðilum hér heima og öllum þeim öðrum ríkisstj., sem við höfðum átt viðræður við um þetta mál, að engum stjórnmálaflokki á Íslandi hefur dottið í hug, að Ísland ætti að ger-

ast fullgildur aðili að Efnahagsbandalaginu. (EystJ: Sagði ráðh. þetta í þeim umræðum?) Þetta hefur öllum aðilum, sem við höfum átt viðræður við, verið gert ljóst, að full aðild að Efnahagsbandalaginu kemur ekki til greina frá íslenzku sjónarmiði. Þá fer skörin að færast upp í bekkinn, ef á að endurtaka það enn við mig hér, að ég og þá væntanlega aðrir ráðh. höfum viljað og viljum enn fulla aðild að Efnahagsbandalaginu.

Þær upplýsingar, sem við fengum í Þýzkalandi hjá þýzku ríkisstj. og fulltrúum hennar haustið 1961, voru, að þróun málanna mundi ekki verða eins hröð og gert hafði verið ráð fyrir um sumarið og Íslendingum lægi því ekki á að taka ákvörðun í málinu, auk þess væri sjálfsagt fyrir Íslendinga að ræða við aðrar ríkisstj. aðildarríkja Efnahagsbandalagsins og stjórn þess í Brussel, og þó að það gæti ekki orðið fyrr en á næsta vori eða næsta sumri, mundu Íslendingar á því engu tapa, hagsmunir Íslendinga mundu í engu skerðast, þó að Íslendingar biðu með að taka ákvörðun sína í málinu þangað til vorið eða sumarið 1962, eftir að hafa þá rætt við hinar ríkisstj. Efnahagsbandalagsins og stjórn bandalagsins í Brussel. Þegar við skýrðum frá þessum niðurstöðum af viðræðunum við þýzku ríkisstj. haustið 1961, skýrðum ríkisstj. og fulltrúum Framsfl. frá þessari niðurstöðu og skýrðum opinberlega frá henni, var ríkisstj. á einu máli um að hafast ekki að í málinu, að bíða átekta, taka engar ákvarðanir, leggja málið ekki fyrir Alþingi, því að það væri ótímabært, heldur biðja um viðræður við ríkisstj. hinna efnahagsbandalagsríkjanna og stjórnina í Brussel. Þessar viðræður fóru svo fram vorið og sumarið 1962. Í þeim viðræðum fengust ýmsar aðrar mjög gagnlegar upplýsingar, og þegar þær höfðu verið skoðaðar vandlega ofan í kjölinn, markaði ríkisstj. þá stefnu, sem kemur fram í skýrslunni, sem ég flutti fyrir hönd ríkisstj. nú á þessu hausti, að full aðild kæmi ekki til greina fyrir Íslendinga, en þær leiðir, sem mundu geta hentað Íslendingum til þess að leysa þeirra viðskiptavandamál, væru annaðhvort aukaaðildarsamningur eða tolla- og viðskiptasamningur. Þetta var sú ályktun, sem ríkisstj. dró af þeim upplýsingum, sem fengust í viðræðunum vorið og sumarið 1962. En jafnframt voru upplýsingarnar þess eðlis, að það var ekki talið tímabært að taka ákvörðun um, hvor leiðin hentaði Íslendingum betur, vegna þess að nógu góðar upplýsingar lægju enn ekki fyrir, væru enn ekki fyrir hendi. Og þetta var stefna ríkisstj., þangað til þeir stóru atburðir gerðust nú alveg nýlega, að útséð er um það, að Efnahagsbandalagið stækki á næstunni.

Það er rétt, sem hv. formaður Framsfl. sagði, að Framsfl. var á móti því, að til þessara viðræðna við stjórn Efnahagsbandalagsins og ríkisstj. aðildarríkjanna væri efnt. Engu að síður urðu þær stórgagnlegar við það að móta stefnu Íslendinga í málinu, þá stefnu, sem fylgt hefur verið, að rasa ekki um ráð fram, að bíða átekta, og það, sem var mikilvægast við viðræðurnar, var það, að í þeim fengum við upplýsingar um, að það væri engin hætta fyrir Íslendinga fólgin í því að bíða. Það var kannske ein mikilvægasta niðurstaðan, sem af viðræðunum fékkst. Við gátum beðið átekta, eins og við vildum gera, með góðri samvizku, vegna þess að við vorum ekki að stefna hagsmunum Íslendinga í neinn voða með því að bíða. Slíka ályktun hafði engin önnur þjóð í Vestur-Evrópu þorað að draga. Allar aðrar þjóðir, að Finnum undanskildum, sem af augljósum ástæðum höfðu aldrei hugsað sér að leita neinna tengsla við Efnahagsbandalagið, — allar aðrar þjóðir höfðu haldið, að það stefndi sínum viðskiptahagsmunum í bráðan voða, ef þær biðu með að leita tengsla við Efnahagsbandalagið. Það gat því verið, að ýmis öfl hér héldu því fram, að íslenzka ríkisstj. væri sofandi, hún svæfi á verðinum, hún vanrækti að gæta hagsmuna Íslendinga með því að fá ekki upplýsingar um, hvers konar tengsl við Efnahagsbandalagið við gætum fengið. En einmitt vegna þessara viðræðna, sem áttu sér stað haustið 1961, vorið 1962 og sumarið 1962, var augljóst mál, að við vorum engum hagsmunum Íslendinga að stofna í voða með því að bíða. Þess vegna gerðum við það með góðri samvizku. Og nú hefur reynslan sýnt, að það var ekki aðeins að við stofnuðum ekki hagsmunum í voða með því að bíða, heldur gerðum fullkomlega rétt og það eina rétta með því að bíða eins og við gerðum.

Að síðustu er svo eitt atriði, sem varðar umr., sem fram fóru á ráðstefnu Frjálsrar menningar um efnahagsbandalagsmálið í janúar 1962. Eysteinn Jónsson segir, að á þeim fundi hafi ég haldið því fram af miklu kappi, að tolla- og viðskiptasamningsleiðin væri Íslendingum ekki fær. Þetta er ekki rétt, og þetta teljum við verða að leiðrétta, og það þarf að segja nokkra sögu í þessu sambandi.

Það er alveg rétt, sem hv. formaður Framsfl. heldur fram hér og skal ég með ánægju staðfesta það, að hann hefur frá upphafi talið, að tolla- og viðskiptasamningsleiðin væri eina leiðin, sem hentaði Íslendingum í þessu máli. Það kom fram í fyrsta samtalinu, sem við áttum um málið. Á því hefur aldrei verið nokkur vafi í mínum huga, að hv. 1. þm. Austf. hefur haft þessa skoðun, þó að ég hafi hins vegar talið, að á sínum tíma í upphafi hafi hún ekki verið nægilega vel rökstudd, en það er annað mál. Þess vegna verð ég að segja, að mér kom ræðan, sem hann flutti á ráðstefnu Frjálsrar menningar í janúar 1962, dálítið á óvart, vegna þess að þótt það væri augljóst aðalatriði í boðskap hans, að leysa ætti vanda Íslendinga eftir tolla- og viðskiptasamningsleiðinni, sagði hann í ræðunni, því tók ég eftir strax, — þá sagði hann í ræðunni, að Íslendingar gætu e. t. v. leyst vanda sinn á grundvelli 238. gr. Rómarsamningsins, en það er sú grein, sem fjallar um aukaaðild. Ég verð að segja, að þegar á fundinum kom ég þessu ekki heim og saman, að hv. þm. boðaði sem aðalatriði stefnu sinnar, að Íslendingar ættu að gera viðskipta- og tollasamning við Efnahagsbandalagið, sem ég vissi að var í samræmi við skoðanir hans, en sagði jafnframt, að taka ætti til athugunar, hvort leysa mætti vanda Íslands á grundvelli 238 gr. samningsins, sem er aukaaðildarleiðin. Þessu kom ég ekki heim og saman og hef satt að segja ekki komið heim og saman enn í dag.

Nú sagði hv. þm. í ræðu sinni áðan, að þá hafi hann talið, að tolla- og viðskiptasamningur væri hugsanlegur sem einhvers konar form á aukaaðildarsamningi. Hann tók ekki fram, hvort hann væri þessarar skoðunar enn. En ef hann hafði þá þessa skoðun, er náttúrlega hreinlega verið að deila um keisarans skegg, hvort menn tala um aukaaðildarsamning eða tolla- og viðskiptasamning. Þá er enginn munur á þessu tvennu. Mér virtist það vera alveg augljóst mál á ræðu hans á þessari umræddu ráðstefnu, að um einhvers konar misskilning væri að ræða hjá hv. formanni Framsfl., og misskilningurinn gat verið tvenns konar, annaðhvort að hann héldi, eins og hann segir núna, að tolla- og viðskiptasamningur gæti orðið á grundvelli 238. gr. Rómarsamningsins, þ. e. tolla- og viðskiptasamningur gæti orðið eitt form aukaaðildarsamnings. Þetta segir hann nú að sé misskilningur. Hann telur þetta nú vera misskilning. Hinn misskilningurinn, sem verið gat um að ræða og mér datt strax í hug á þessum fundi, var, að hv. formaður Framsfl. héldi, að Íslendingar gætu fengið tolla- og viðskiptasamning, sem í fælist lækkun á tollum Efnahagsbandalagsins gagnvart Íslendingum einum, að hugsanlegt væri, að það mætti ræða þess konar tollasamning við Efnahagsbandalagið, að það lækkaði tolla á sjávarafurðum og sú tollalækkun gilti gagnvart einni þjóð, Íslendingum einum. Ég hélt satt að segja, að um þennan misskilning hjá hv. þm. væri að ræða á þessum fundi, og þess vegna stóð ég upp svo að segja strax á eftir til að undirstrika það, að þetta væri misskilningur. Það var það atriði, sem hann vitnaði í hjá mér hér áðan, þegar ég leiðrétti þennan alveg augljósa misskilning, því að ég sagði, — það er endurtekning á tveimur stuttum ræðum, sem ég hélt um málið:

Ég vil vara menn við að halda, ef einhverjum dettur það í hug, að Íslendingar gætu átt kost á þess konar tollasamningi við Efnahagsbandalagið, að tollalækkunin gilti gagnvart Íslendingum einum, og skýringin á þessu er einfaldlega sú, að öll ríki Efnahagsbandalagsins eru aðilar að GATT, þ. e. alþjóða tolla- og viðskiptasamningnum, en reglur hans eru þannig, að ef eitt ríki lækkar tolla sína, verður sú tollalækkun að gilda gagnvart öllum þjóðum. Það er því fullkomlega útilokað, sagði ég, að hugsanlegt væri, að Íslendingar fengju lausn á sínum vandamálum með sértollum við Efnahagsbandalagið. Slíkur viðskipta- og tollasamningur kemur ekki til greina, sagði ég strax í janúar 1962.

Ég vissi vel, hvað ég var að segja um þetta, og öll reynsla síðan hefur staðfest, að þetta var auðvitað fullkomlega rétt. En nú segir hv. þm. enn í ræðu áðan, að ég hafi á þessari ráðstefnu prédikað af kappi gegn tolla- og viðskiptasamningsleiðinni. Ég talaði ekki nema gegn slíkum ímynduðum tolla- og viðskiptasamningi, sem ég vissi þá og veit enn að útilokað er að Íslendingar og nokkur önnur þjóð geti fengið. Ef jafnáhrifamikill maður og fær maður og hv. formaður Framsfl. kynni enn að vera í einhverjum vafa í þessu atriði, ef hann kynni enn að trúa því, að tolla- og viðskiptasamningsleiðin, sem hann er alltaf að mæla með fyrir Íslendinga, geti þýtt þetta, þá satt að segja held ég, að það mundi aldrei hafa hvarflað að nokkrum manni hér að taka ekki tolla- og viðskiptasamningsleiðina fram yfir allar aðrar hugsanlegar leiðir um tengsl við Efnahagsbandalagið. Það gefur alveg auga leið, að þá væri þetta það eina, sem við ættum að keppa og stefna að. En þetta er ímyndun. Slík leið er ekki og hefur aldrei verið fyrir hendi, hvorki fyrir okkur né fyrir nokkra aðra þjóð. Raunar væri mjög gott að fá það staðfest af hálfu formælenda Framsfl., að um þennan misskilning sé a. m. k. ekki lengur að ræða, hafi hann einhvern tíma verið fyrir hendi.

Að síðustu skal ég svo aðeins segja, að mér finnst í raun og veru hið háa Alþingi hafa annað þarfara við sinn tíma að gera á þessum síðustu annadögum þingsins en eyða tíma sínum í umr., sem fyrst og fremst virðast hafa það að markmiði að snúa út úr gömlum ummælum manna og eigna mönnum skoðanir, sem þeir hafa varla við að afneita, að þeir hafi eða hafi nokkurn tíma haft.

Umr. frestað.

Á 65. fundi í Nd., 4. apríl, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Hæstv. forseti. Það eru nú þegar búnar að vera allmiklar umr. um þetta mál, og ég skal ekki lengja þær mikið úr þessu, enda hef ég að sjálfsögðu mestan áhuga á því, að þetta mál komist áleiðis gegnum þingið. Hins vegar voru það nokkur atriði í ræðu, sem hæstv. viðskmrh. hélt hér fyrir nokkrum dögum, sem ég tel mig knúinn til að gera nokkrar aths. við.

Ég ætla þá fyrst að víkja að því, sem hæstv. viðskmrh. sagði um MacCarthyisma. Hann hélt því fram, að MacCarthyisma hefði verið beitt í þessu máli. Þetta er mikill misskilningur hjá hæstv. menntmrh., því að MacCarthyisminn, eins og kunnugt er, var fólginn í því að bera það á ýmsa frjálslynda stjórnmálamenn, að þeir væru kommúnistar. Það var það, sem MacCarthy varð frægur fyrir á sínum tíma, að hann hélt því fram um ýmsa af leiðtogum demókrata í Bandaríkjunum, að þeir væru kommúnistar, og reyndi að færa að því rök með ýmsum blekkingum og útúrsnúningum, og ég held, að það sé algerlega rangt hjá hæstv. menntmrh., að í þessum umr. hafi því nokkuð verið haldið fram af mér eða öðrum, sem hér hafa talað af hálfu Framsfl., að þeir væru að bera einhverjum á brýn, að þeir væru kommúnistar. En það er rétt að rifja það upp í þessu sambandi, hverjir það eru, sem nú eru merkisberar MacCarthyismans hér á landi, og ég álít, að það sé mjög heppilegt, að einmitt hæstv. menntmrh. skyldi verða til þess að minna á þetta, því að merki MacCarthyismans hér á landi er nú ekki sízt haldið uppi af hans flokki og því blaði, sem hann gefur út. Ég minnist þess t. d., að það er mjög sjaldan minnzt á mig í því blaði öðruvísi en ég sé kallaður 11. þm. kommúnista eða framsóknarmönnum sé borið það á brýn, að þeir séu meira og minna undirlægjur kommúnista. Ég minnist þess t. d. fyrir nokkrum dögum, að í Alþýðublaðinu var verið að segja frá

bók, sem nýlega var skrifuð af afturhaldssömum rithöfundi í Bretlandi, eða skáldsögu, sem gekk út á að sanna það, að forustumenn vinstri armsins í Verkamannaflokknum þar í landi, Bevan og Wilson, væru líklegir til þess að koma Bretlandi undir Sovétríkin. Það var skrifað um þessa bók þannig í Alþýðublaðinu, að það væri ekki aðeins líklegt, að þetta gæti gerzt í Bretlandi, að leiðtogar vinstri arms jafnaðarmanna þar, Verkamannaflokksins þar, mundu verða þess valdandi, að Bretland kæmist undir Sovétríkin, heldur var haldið áfram og sagt, að það væri mjög líklegt, að slíkt gæti gerzt hér á landi og ég væri ekki sízt einn af þeim mönnum, sem væru líklegir til þess að vinna á þann hátt.

Sem sagt, af hálfu flokks hæstv. ráðh. og þeirra blaða, sem hann heldur úti, hefur ekki linnt um langt skeið sams konar ásökunum í garð ýmissa frjálslyndra manna hér á landi og MacCarthy var frægastur fyrir í Bandaríkjunum á sínum tíma. Og hvers vegna er það, sem þessum ásökunum hefur verið haldið fram gegn mér og öðrum á undanförnum árum? Það er alveg á sama hátt og um frjálslynda stjórnmálamenn í Bandaríkjunum, sem beittu sér þar gegn ýmsum röngum ráðstöfunum og hreyfðu ýmsum umbótamálum, að þeim ásökunum er nú beint gegn mér og öðrum, að við séum handbendi kommúnista, göngum erinda þeirra og séum líklegir til þess að koma Íslandi undir Sovétríkin. Ástæðan er einfaldlega sú, að við höfum barizt á móti ýmsum óhæfuverkum núv. ríkisstj., eins og gengisfellingunum, eins og gerðardómunum, eins og okurvöxtunum, eins og vinnuþrælkuninni, eins og margháttuðum kjaraskerðingum, sem þessi ríkisstj. hefur framkvæmt. Fyrir þetta hefur ekki linnt á kommúnismabrigzlum í okkar garð í Alþýðublaðinu og öðrum málgögnum stjórnarflokkanna. Og ég tel það mjög heppilegt, að hæstv. menntmrh. skyldi verða til þess hér að minna á þetta, vegna þess að þetta er ljótur blettur á íslenzkum stjórnmálum og ósæmilegur, alveg eins og MacCarthyismi var á sínum tíma. Og ef hæstv. menntmrh. vill átelja nokkra fyrir MacCarthyisma eða vara við honum, þá á hann sérstaklega að beina þeim skeytum til sinna flokksmanna og blaða, sem halda uppi nákvæmlega sama áróðrinum og MacCarthy hélt uppi í Bandaríkjunum á sínum tíma og nú er fordæmdur víða um heim. Og það mætti segja mér, að það ætti eftir að setja ekki svo lítinn blæ á þá kosningabaráttu, sem er nú fram undan, að einmitt af hálfu hæstv. ráðh. og þeirra flokka verði reynt að berjast með sama hætti og MacCarthy barðist í Bandaríkjunum á sínum tíma, og þess vegna fagna ég því, að hæstv. menntmrh. skyldi verða til þess að minna á þetta hérna, því að hér er vissulega um fyrirbrigði að ræða, sem ástæða er til þess að vara við.

Ég kem þá að því hjá hæstv. menntmrh., sem hann taldi að bæri merki um svipaðar vinnuaðferðir hjá mér og hjá MacCarthy á sínum tíma, sem væri fólgið í því að snúa út úr vissum ummælum, og ég hefði snúið út úr ummælum, sem hann hefði viðhaft fyrir tveimur árum, og reynt að láta þau hafa allt aðra merkingu eða túlka þau á allt annan veg en rétt væri. Ég ætla einu sinni enn að lesa þessi ummæli upp og jafnframt greina þá útskýringu, sem hæstv. menntmrh. vildi láta þau hafa. Þessi ummæli hæstv. menntmrh. voru á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Hins vegar kæmumst við ekki hjá að athuga stefnu okkar varðandi réttindi útlendinga til löndunar á fiski og rekstrar fiskiðjuvera, ef til aðildar okkar ætti að koma, enda yrði sú stefna, sem nú er fylgt, okkur sjálfum ekki nauðsynleg lengur, ef tryggja mætti með öðru móti, að breyting á henni leiddi ekki til ofveiði."

Hæstv. ráðh. las þessi ummæli þannig, aðeins fyrri hluta þeirra, sem hljóðar þannig: „Hins vegar kæmumst við ekki hjá að athuga stefnu okkar varðandi réttindi útlendinga til löndunar á fiski og rekstrar fiskiðjuvera." Og þar lauk hann lestrinum og túlkaði þetta á þann veg, að það, sem hann hefði hér sagt, væri ekkert annað en það, að þessi mál yrði að taka til athugunar, ef til aðildar okkar ætti að koma. En ef hæstv. ráðh. les þetta dálítið lengra, þá verður dálítið annað upp á teningnum, því að áframhaldið hljóðar á þessa leið: „enda yrði sú stefna, sem nú er fylgt, okkur sjálfum ekki nauðsynleg lengur, ef tryggja mætti með öðru móti, að breyting á henni leiddi ekki til ofveiði."

Hér kemur alveg skýrlega fram í þessum ummælum sú skoðun hæstv. ráðh., að það sé ekki nauðsynlegt að fylgja lengur þeirri stefnu, sem við höfum fylgt gagnvart löndunum erlendra fiskiskipa hér á landi eða gagnvart rekstri fiskiðjuvera hér á landi, heldur sé ekkert við það að athuga, þó að breyting verði á þessari stefnu, ef það er aðeins tryggt, að ekki leiði af ofveiði. Og það er á þessum ummælum hæstv. ráðh., sem ég hef fyrst og fremst byggt þann málflutning og útleggingar á hans ummælum, sem ég hef hér í frammi haft, og þau eru alveg tvímælalaus. Hæstv. ráðh. vill aðeins binda sig við það, sem segir í fyrri hluta málsgr., sem snertir það, að það sé nauðsynlegt að athuga þessi mál, en sleppir svo alveg síðari hluta setningarinnar, sem fjallar um það, að hann telji ekki neitt athugavert við það, þó að horfið verði frá þeirri stefnu, sem hann hefur fylgt að undanförnu í þessum efnum, aðeins ef það sé tryggt, að komið sé í veg fyrir, að breytingin á henni leiði til ofveiði. Þess vegna liggur það hér fyrir alveg skjalfest eins skýrt og verða má, að það var skoðun hæstv. ráðh. á þessum tíma, þegar hann lét þessi ummæli falla sumarið 1961, að hann teldi ekki neitt athugavert við að hverfa frá þeirri stefnu, sem fylgt hafði verið áður í þessum málum, þ. e. a. s. að neita útlendingum um fisklandanir hér á landi og spyrna gegn því, að þeir hefðu hér rekstur fiskvinnslustöðva eða fiskiðjuvera með höndum.

Hæstv. ráðh. er að vitna til þess, að í þeirri skýrslu, sem hann hafði hér flutt 12. nóv. s. l. um Efnahagsbandalag Evrópu, hafi hann látið ummæli falla, sem voru í mótsögn við það, sem hann hafði sagt 1961 um þetta efni. En það er alveg sama, hversu vandlega hæstv. ráðh. leitar í gegnum þessa skýrslu, þá finnur hann hvergi ummæli um það þess efnis, sem útiloki það, að útlendingum verði veitt einhver aðstaða til fisklandana eða rekstrar fiskiðjuvera hér á landi.

Þvert á móti er talað um, að það sé ekki óeðlilegt, þó að útlendingum verði veitt einhver aðstaða til atvinnurekstrar hér á landi. Það er ekkert skilgreint, um hvaða atvinnurekstur eigi þá að vera að ræða, en hins vegar sagt, að þetta yrði að sjálfsögðu að gera með einhverjum fyrirvörum. En hverjir eru þeir fyrirvarar, sem hæstv. stjórn á við í þessum efnum, og hvernig hyggst hún láta framkvæma þá? Ættu þessir fyrirvarar að vera fólgnir í því, að það væri t. d. háð leyfisveitingum ríkisstj., að hve miklu leyti útlendingar mættu annast þessa starfsemi hér á landi? Ég held, að ef þá sæti við völd svipuð ríkisstj. og sú, sem nú situr að völdum, þá yrði sáralítil trygging fólgin í slíkum fyrirvörum eins og þessum. Nei, það, sem er nauðsynlegt í þessum efnum, er að sjálfsögðu að hafa þær reglur, sem um þetta gilda, sem allra skýrastar og afdráttarlausar, og það verður ekki gert á annan hátt betur hvað snertir fiskiðnaðinn og fiskveiðarnar en það sé skýrt tekið fram, að þessi atvinnurekstur sé í höndum Íslendinga einna og ekki annarra, enda er annað alger óþarfi, vegna þess að Íslendingar eru búnir að sýna það um áratugi, að þeir þurfa ekki á neinni erlendri aðstoð að halda í þessum efnum. Þeir hafa verið algerlega einfærir um að stunda fiskveiðar hér við land og reka þann fiskiðnað, sem hefur verið í landinu og munu ekki síður verða það á komandi árum. Þess vegna er engin ástæða til þess að vera að opna þá hættu, sem í því getur fólgizt og í því mun felast, ef útlendingum væri veitt aðstaða til þess að annast slíkan atvinnurekstur hér á landi. Þess vegna eigum við að útiloka það, að slíkt geti átt sér stað, en ekki vera að opna það, jafnvel þó að því séu látnir fylgja ýmiss konar fyrirvarar, sem munu reynast meira og minna haldlausir, eins og þeir, sem hæstv. ráðh. er að tala um.

Ég held, að það, sem ég hef hér rakið, sýni það fullkomlega, að ég hef ekki snúið neitt út úr ummælum hæstv. ráðh., þeim sem hann lét falla á aðalfundi Verzlunarráðs Íslands á sínum tíma, því að þar kemur svo skýrt fram eins og ég hef marglesið hér, að hæstv. ráðh. segir það alveg blákalt, að hann sé ekkert smeykur við það, þó að vikið verði frá þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið að undanförnu í þessum efnum, þ. e. að banna útlendingum fisklandanir og stemma stigu við rekstri þeirra í fiskiðnaði hér á landi, aðeins ef það væri tryggt, að af því leiði ekki ofveiði. Það er sá eini fyrirvari, sem hæstv. ráðh. hefur nokkru sinni gert í sambandi við fiskiðnaðinn fram að þessu, og þess vegna er það algerlega ósæmilegt af hæstv. viðskmrh. að vera að líkja þessu við einhvern MacCarthyisma eða fara með útúrsnúninga og blekkingar í þessum efnum, vegna þess að ummæli hans sjálfs taka af allan vafa um þetta atriði.

Þá kem ég að öðru atriði í ræðu hæstv. ráðh., sem mér finnst ástæða til að gera sérstaka aths. við. Og það var það, að hann lét þau orð falla, að það hefði aldrei komið fram af hálfu hæstv. núv. ríkisstj., að hún vildi semja um atvinnuréttindi til handa útlendingum hér á landi, það væri bara MacCarthyismi, hreinar blekkingar, hrein ósannindi að halda einhverju slíku fram, ríkisstj. hefði aldrei dottið neitt slíkt í hug. Þetta margendurtók hæstv. ráðh. En hvað segir svo um þetta efni í þeirri skýrslu, sem hæstv. ríkisstj. lagði fram fyrir Alþingi um Efnahagsbandalag Evrópu og Ísland 12. nóv. s.l.? Í þeirri bók eða í þeirri skýrslu er verið að gera grein fyrir því, hver sé munurinn á hinum tveimur leiðum, sem ríkisstj. álíti að komi til greina varðandi afstöðuna til Efnahagsbandalagsins, þ. e. munurinn á tollasamningsleiðinni og aukaaðildarleiðinni, og þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Höfuðmunur tollasamningsleiðarinnar og aukaaðildarleiðarinnar er í rauninni fólginn í því, að með aukaaðildarleiðinni er auðveldara að tryggja Íslendingum hagkvæma viðskiptaaðstöðu. En það kostar samninga um viðkvæm mál, eins og rétt útlendinga til atvinnurekstrar hér á landi og innflutning erlends fjármagns og erlends vinnuafls.“

Hér segir hæstv. ríkisstj. eins skýrt og verða má, að það muni fylgja aukaaðildarleiðinni, ef sú leið verði farin, að semja verði um þessi viðkvæmu mál, eins og rétt útlendinga til atvinnurekstrar hér á landi, innflutning erlends fjármagns og erlends vinnuafls. Það kemur svo skýrt fram í þessari skýrslu og hefur komið hvað eftir annað fram í þessum umr. og þó miklu greinilegar í blöðum, að ríkisstj. telur það vel koma til mála að fara aukaaðildarleiðina, sem þessir samningar fylgja, og telur það ekki aðeins vel koma til mála, heldur telur þá leið miklu betri og réttari en hina leiðina, því að strax eftir að það kom fram hér í þinginu, að framsóknarmenn hölluðust að tolla- og viðskiptasamningsleiðinni, þá linnti ekki þeim ásökunum af hálfu hæstv. ráðh., að þetta væri neikvæð leið, sem Framsfl. hefði valið, þetta væri óábyrg leið. Þessi ummæli lét hæstv. viðskmrh. falla, og hæstv. forsrh. gekk enn þá lengra í fordæmingum sínum á því, að framsóknarmenn skyldu taka tolla- og viðskiptasamningsleiðina fram yfir aukaaðildarleiðina. Sem sagt, það kom eins skýrt fram og verða mátti í þeim umr., sem hér urðu um Efnahagsbandalagið fyrir nokkru, að ríkisstj. kýs miklu heldur aukaaðildarleiðina en tolla- og viðskiptasamningsleiðina, þó að hún a. m. k. nú fyrir kosningar vilji telja þessar báðar leiðir geta komið til greina.

Og hvað þýðir það að taka aukaaðildarleiðina fram yfir viðskiptasamningsleiðina, eins og hæstv. ríkisstj. hefur gert og ljóst er og hefur komið fram í umr. hér á þinginu? Það þýðir það samkv. skýrslu sjálfrar ríkisstj. frá 12. nóv. s.l., að ríkisstj. er fús til þess að taka upp samninga við erlenda aðila um rétt útlendinga til atvinnurekstrar hér á landi, um innflutning á erlendu fjármagni og um innflutning á erlendu vinnuafli. Það liggur þess vegna eins greinilega fyrir og verða má, að ríkisstj. er fús til samninga um þessi efni og tekur þá leið, sem þessir samningar fylgja, fram yfir hina leiðina í afstöðunni til Efnahagsbandalagsins, eins og ég nú hef rakið. Þrátt fyrir það kemur svo hæstv. viðskmrh. hér upp í þinginu og kallar það MacCarthyisma, kallar það blekkingar, falsanir og ósannindi, að því sé haldið fram, að ríkisstj. sé fús til að ganga til samninga um þessi mál, eftir

að það liggur jafnglögglega fyrir og ég nú hef rakið.

Hvers vegna hefur hæstv. viðskmrh. valið sér slíkan málflutning eins og þennan, að afneita jafneindregið því, sem liggur fyrir í skýrslu frá hæstv. ríkisstj., og hvað er það, sem veldur því, að hæstv. viðskmrh. vill nú ekki kannast við ummæli sín frá 1961 og afneitar meira að segja því, sem hann segir í skýrslu, sem lögð er fyrir Alþingi fyrir fáum mánuðum? Hvers vegna er hæstv. viðskmrh. að afneita þessu jafnákveðið nú og hann gerði hér í seinustu ræðu sinni í þessum umr.? Hvað hefur komið til? Það er alveg augljós skýring á þessu. Það er vegna þess, að hæstv. ráðh. óttast orðið þá stefnu, sem fram kemur í þessum ummælum hans og yfirlýsingum. Hann vill ekki láta það sjást fyrir kosningarnar, að þetta sé raunverulega stefna hans og hæstv. ríkisstj. Og þess vegna grípur hann til þessa óvenjulega og ég vil segja óheiðarlega málflutnings að reyna að afneita öllu saman og telja það bara útúrsnúning og falsanir, þegar vitnað er í opinberar skýrslur, sem liggja fyrir frá hæstv. ríkisstj., og í ræður, sem hann hefur flutt og birtar hafa verið í velflestum blöðum, og segir bara, að þetta hafi aldrei átt sér stað, þetta séu falsanir og ósannindi, þó að það sé hægt að leggja þetta skjallega á borðið, eins og ég hef hér gert. Það er ótti hæstv. viðskmrh. við þá stefnu, sem hann og ríkisstj. raunverulega fylgir, sem kemur fram í öllum þessum afneitunum hans og svardögum. Það getur ekki farið á milli mála. Og ég verð að segja það, að ég held, svo að maður noti ekki um það mjög sterk orð, að í raun og sannleika sé hægt að hugsa sér fátt lítilmannlegra en vera að afneita svona ummælum sínum og yfirlýsingum, eins og hæstv. viðskmrh. hefur gert hvað eftir annað í þessum umr., og ég er líka viss um það, að það mun ekki koma hæstv. ráðh. og stjórnarflokkunum að neinu gagni. Þeir eru búnir að segja svo mikið í þessum málum, og það liggur svo mikið fyrir skjalfest um viðhorf þeirra í þessum málum, að slíkir svardagar eins og þessir nú fyrir kosningarnar munu ekki koma að neinu haldi.

Ég sé ekki ástæðu til að þessu sinni að ræða það sérstaklega, sem kom til tals hér í umr. á þriðjudaginn, hygg ég, að það hafi verið, varðandi afstöðuna til Efnahagsbandalags Evrópu, þ. e. a. s. um þá málsmeðferð, sem hæstv. ríkisstj. hefur haft varðandi það mál að undanförnu. Það var svo rækilega rakið í ræðu hv. 1. þm. Austf., og ég býst líka við því, að hann muni ræða hér á eftir þær missagnir og blekkingar, sem komu fram í svari hæstv. ráðh. varðandi það atriði. En aðeins á eitt ætla ég þó að benda í þessu sambandi, sem er varðandi það, hvort hæstv. ríkisstj. hafi á sínum tíma ætlað að sækja um fulla aðild að Efnahagsbandalaginu eða ekki.

Það kom mönnum talsvert á óvart á s. l. sumri, þegar það kom hvað eftir annað fram í ummælum, sem kanzlari Vestur-Þýzkalands, Konrad Adenauer, lét falla, að Ísland væri á meðal þeirra ríkja, sem hefðu hugsað sér að sækja um fulla aðild, og það var sagt, að þetta væri einhver misskilningur hjá gamla manninum, sem stafaði af því, að hann væri sennilega orðinn kalkaður og vissi ekki alltaf, hvað hann segði. En það hefur nú komið á daginn, að Adenauer er ekki eins kalkaður og hæstv. ríkisstj. hér á landi var að reyna að gefa í skyn á s. l. sumri, því að það liggur nú skjalfest fyrir í erlendum heimildum, að á sumrinu 1961 hafi ríkisstj. frekar hallazt að því að sækja um fulla aðild en aukaaðild. Í skýrslu, sem Evrópuráðið gaf þá út um afstöðu þeirra landa, sem stæðu bæði utan Efnahagsbandalagsins og Fríverzlunarbandalagsins, ef England gengi í Efnahagsbandalagið, þá var m. a. rætt sérstaklega um Ísland. Og í þessum bæklingi Evrópuráðsins er það tekið fram um afstöðu Íslands, að Ísland muni fremur kjósa að sækja um fulla aðild en aukaaðild, ef Bretland gerist aðili að Efnahagsbandalaginu. Þetta segir alveg skýrum orðum í skýrslu Evrópuráðsins, sem var gefin út sumarið 1961. Hvaðan halda menn, að Evrópuráðið hafi þessar upplýsingar? Halda menn, að embættismenn Evrópuráðsins hafi búið þetta til, að þetta séu einhverjar falsanir hjá þeim? Mér dettur ekki í hug að halda því fram. Mér dettur ekki í hug að álíta annað en hér sé um að ræða vitneskju, sem embættismenn Evrópuráðsins hafa fengið frá íslenzkum aðilum, ábyrgum íslenzkum aðilum, frá íslenzku ríkisstj. eða þeim embættismönnum, sem hún hefur falið að gefa upplýsingar um þessi efni. Þessi skýrsla Evrópuráðsins sker alveg úr um þá deilu, sem hefur verið á milli t. d. mín og hæstv. viðskmrh. um það, hver hafi verið afstaða ríkisstj. sumarið 1961, því að þetta hefur ekki komizt inn í skýrslu Evrópuráðsins af einhverjum misskilningi, heldur vegna þess, að hér er um upplýsingar að ræða, sem það hefur fengið frá réttum aðilum, frá íslenzkum stjórnarvöldum sjálfum, enda er það í fullu samræmi við allt það, sem var að gerast hér heima sumarmánuðina 1961, eins og sést greinilega í blöðum frá þeim tíma og eins af því, þegar hæstv. ríkisstj. vildi fá afdráttarlaus svör frá ýmsum stofnunum um það, hvert viðhorf þeirra væri til þess, að sótt yrði um fulla aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu eða ekki. Það er þess vegna alveg tilgangslaust fyrir hæstv. ríkisstj. og hæstv. viðskmrh. að ætla að reyna að mæla á móti því, að þessi hafi verið afstaða ríkisstj. 1961. Ríkisstj. frestaði svo a. m. k. að sinni af þeim ástæðum, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, að senda þessa umsókn inn, en af þessu má hins vegar vel ráða, hver sé raunveruleg afstaða hennar í þessum efnum og hvaða leið hún muni velja, ef það félli í hennar hlut að taka endanlegar ákvarðanir um það, hvað Ísland ætti að gera í þessum efnum á sínum tíma. Það er alveg augljóst af þessu, að þá mundi það verða niðurstaðan hjá ríkisstj., að ef ekki yrði um fulla aðild að ræða, þá a. m. k. um svo nána aukaaðild að ræða, að ekki yrði neinn teljandi munur á því og fullri aðild.

Ég skal svo ekki ræða um þetta atriði meira að sinni, heldur vil að lokum, vegna þess að fundartíma er nú að verða lokið og ég tel ekki ástæðu til þess að lengja mál mitt mikið úr þessu, að minnast nokkrum orðum á sjálft frv., sem hér liggur fyrir og að sjálfsögðu skiptir meginatriði að rætt sé um.

Ég tel alveg hiklaust, að það sé mikil hætta

á ferðum um það, að útlendingar leiti eftir því að ná yfirráðum yfir fiskiðjuverum hér á landi. Þeir atburðir eru nú að gerast í öðrum löndum, sem sýna þetta alveg ótvírætt. Það hefur t. d. nýlega gerzt í Noregi, að svissneskt firma hefur keypt upp fiskiðjuver í Norður-Noregi. Það er sagt svo frá í erlendum blöðum, að það standi yfir viðræður milli stjórna Bretlands og Noregs um, að norskir togarar fái rétt til fisklöndunar í Norður-Noregi. Það var nýlega sagt frá því einnig í norskum blöðum, að enski hringurinn Unilever sæktist eftir því að fá aðstöðu í Færeyingahöfn á Grænlandi og Norðmönnum stæði verulegur uggur af því, að þessi hringur mundi koma sínum ráðagerðum fram, og það er kunnugt um það, að ýmsir erlendir aðilar hafa verið að leita fyrir sér hér á landi um það að fá einhverja svipaða aðstöðu. Þetta veldur því, að aðstaðan í þessum efnum er nú orðin verulega önnur en áður var, að hinir erlendu auðhringar sækjast miklu meira eftir því að komast inn í fiskiðnað hinna ýmsu landa og þá ekki sízt Íslands heldur en átti sér stað fyrir fáum árum. Og það er þó ekki minnst hættan í því fólgin, að það kemur fram hjá fleiri en hæstv. viðskmrh., að það er lítil andstaða gegn því, að slík aðstaða verði veitt útlendingum hér á landi. Ég vil t. d. minna á það, að í tilefni þess, að ég hef flutt þetta frv. um, að Íslendingar einir skuli eiga og reka fiskiðjuver hér á landi, eru hvorki meira né minna en skrifaðir tveir leiðarar um mig í Morgunblaðið í dag, þar sem ég er stimplaður einangrunarsinni fyrir það að hafa flutt þetta frv. Það sýnir, hvernig afstaðan er á því heimili, stjórnarheimilinu, til þess, að útlendingum verði veitt aðstaða til þess að komast inn í fiskiðnaðinn hér á landi. Það er m. ö. o. kölluð hrein einangrunarstefna, ef menn vilja ekki veita erlendum aðilum þessi réttindi. (**Forseti:** Ég vil nú biðja hv. ræðumann — —) Ég skal ljúka máli mínu strax.

Ég vil aðeins segja það að lokum, að ég tel mikla nauðsyn á því, að það frv., sem hér liggur fyrir, verði gert að lögum strax á þessu þingi til þess að koma í veg fyrir það eða hamla gegn því, að fyrirætlanir hinna erlendu auðhringa takist um það að komast inn í fiskiðnaðinn, sem er tvímælalaust ein mikilvægasta atvinnugrein okkar.

Umr. frestað.

Á 66. fundi í Nd., 5. apríl, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að segja nokkur orð til viðbótar og þá ekki sízt í tilefni af ræðu hæstv. viðskmrh. á dögunum, en hann svaraði nokkuð því, sem ég hafði lagt til þessa máls. En mjög margt af því, sem hæstv. ráðh. sagði, var á hinn bóginn alveg út í hött.

Hann tók sér fyrir hendur að tilgreina hér mörg ummæli, sem ungur maður, Steingrímur Hermannsson, hafði viðhaft í ritgerð eða ritgerðum undir nafni í blöðum varðandi afstöðu hans persónulega til þess, hvort til greina kæmi og þá hvernig, að erlendu fjármagni yrði leyft að koma til greina í íslenzkum atvinnurekstri. Allt var þetta að sjálfsögðu þessu máli gersamlega óviðkomandi og óviðkomandi afstöðu Framsfl. varðandi rétt útlendinga til að taka þátt í fiskiðnaði eða landa hér fiski. Ekkert af því, sem hæstv. ráðherra sagði um þetta, kemur afstöðu Framsfl. í því atriði eða þeim mikilsverðu málum nokkurn skapaðan hlut við. En það var ósmekklegt af hæstv. ráðherra að lesa þessi ummæli og hártoga þau á ýmsa lund og leggja út af þeim, vegna þess að þessi ungi myndarmaður hefur ekki aðstöðu til þess að ræða hér við ráðherrann eða skýra sitt viðhorf. Þess vegna var þetta mjög ósmekklegt af hæstv. ráðherra. Og allur var hæstv. ráðherra í mjög óviðfelldnum ham í þessum ræðuhöldum, eins og kemur raunar fram óbeint af sumu því, sem ég mun segja hér á eftir.

Hann hafði hin furðulegustu ummæli um ýmislegt í sambandi við Steingrím Hermannsson, eins og t. d. hvernig forráðamenn Framsfl. gætu látið slíkan mann hafa trúnaðarstöðu í Framsfl. Þessi ungi maður er formaður í Félagi ungra framsóknarmanna í Reykjavík, og það er ekki siður í Framsfl., að svokallaðir framámenn í flokknum skipi menn í slíkar stöður. Menn eru valdir í þær, og hinir ungu menn velja þá menn í slíkar stöður, sem þeir vilja fyrir þeim trúa, algerlega íhlutunarlaust af öllum svokölluðum forráðamönnum flokksins, þannig að þetta var náttúrlega einnig mjög út í hött, eins og allt það, sem hæstv. ráðherra sagði um þetta efni.

En fyrst hæstv. ráðherra fór að ræða hér um skoðanir Steingríms Hermannssonar í þessu sambandi, finnst mér hann hafa brotið af sér, ráðherrann, stórkostlega með því að greina þá ekki líka frá skoðunum þessa unga manns, — fyrst hann vildi draga upp mynd af þeim hér í þinginu, — skoðunum þessa unga manns á afstöðu Íslands til Efnahagsbandalags Evrópu. En þær skoðanir hefur einmitt þessi ungi myndarmaður látið í ljós í skörulegri grein, sem birt hefur verið og ég efast ekki um, að hæstv. ráðh. er ákaflega vel kunnugt um. Hann hefur vafalaust fylgzt mjög vel með öllu því, sem ritað hefur verið um þau mál, efnahagsbandalagsmálin, í blöðin. Og þessa grg. er að finna í Tímanum laugardaginn 9. febr. 1962, og ég vil skora á hæstv. ráðh. að bæta úr með því að gera þingheimi grein fyrir þeim skoðunum, sem koma fram af hendi þessa unga manns í þeirri grein, til þess að menn fái heildarmynd af þeim. Ég skora á ráðh. að láta sig ekki henda að slíta út úr einstaka þætti, sem komið hafa frá þessum manni um þessi efni, og verða þannig sekur um það, sem hann ásakar aðra um, í sambandi við sjálfan sig. Hann segir sem sé, að öðrum hætti svo mikið við því að taka bara einstök atriði út úr, en gefa ekki heildarmynd af afstöðu hans og skoðunum. Vil ég því skora á hæstv. ráðherra að bæta úr þessu og bæta líka úr þeim óréttí, sem hann hefur sýnt þessum manni, með því að gera grein fyrir skoðunum hans á afstöðu Íslands til Efnahagsbandalagsins, sem koma greinilega fram í þessari grein, sem ég vísaði ráðherranum á og er í Tímanum laugardaginn 9. febr. Ráðherra á aðgang að þessari grein hér frammi á lestrarsaln-

um og getur fengið hana á augabragði til að bæta hér um.

Það er ekki drengskaparlegt að haga sér eins og hæstv. ráðherra gerir í garð Steingríms Hermannssonar, með því að hártoga ýmislegt af því, sem hann sagði, og láta svo algerlega undir höfuð leggjast að gera grein fyrir afstöðu hans til Efnahagsbandalagsins og einmitt réttinda útlendinga í því sambandi til þess að hafa hér atvinnurekstur, þ. á m. fiskiðnað og annað slíkt, þar sem þetta lá allt saman fyrir og hæstv. ráðherra var það vel kunnugt.

Þá vil ég þessu næst víkja að aðalefni þess frv., sem hér er verið að ræða, þ. e. a. s. réttindi útlendinga til að reka hér fiskiðnað og landa hér fiskafurðum.

Ég hef haldið því fram, að hæstv. ríkisstj. hafi undanfarin missiri alveg ótvírætt látið það í ljós, að hún væri til með að breyta stefnu Íslendinga í sjávarútvegsmálum frá því, sem hún er mörkuð í fiskveiðilöggjöfinni, og þetta er ekki í eitt skipti látið í ljós, heldur þráfaldlega og kemur alls staðar þannig fram, að ríkisstj. telur geta komið til greina í samningum við Efnahagsbandalagið að leyfa útlendingum að landa hér fiski og fiskafurðum og að leyfa útlendingum að taka þátt í fiskiðnaði. Þetta kemur þráfaldlega fram. Hæstv. ráðherra vill drepa þessu á dreif og flækja þetta með því að segja, eftir því sem bezt verður skilið, að það sé ekki stefna hæstv. ríkisstj., að útlendingar eigi að hafa hér frjálsan aðgang að fisklöndunum og þátttöku í fiskiðnaði. En því hefur aldrei verið haldið fram af mér, að hæstv. ríkisstj. hafi ráðgert það í þessum yfirlýsingum, að útlendingar ættu að hafa hér frjálsan aðgang í þessum efnum. Hitt er öruggt, að ráðh. hlýtur að segja þetta beinlínis til að flækja málið og á einhvers konar flótta frá því, sem hæstv. ríkisstj. hefur marglýst yfir. Ríkisstj. hefur haft þann fyrirvara á um þetta, að þetta gæti ekki orðið frjálst. Alltaf í seinni tíð a. m. k. hefur ríkisstj. haft þann fyrirvara á, að þetta gæti ekki orðið frjálst, en jafnframt, að á hinn bóginn kæmi til greina að breyta þeim reglum, sem nú hafa verið í gildi um alllangt skeið varðandi landanir og stofnsetningu atvinnufyrirtækja útlendinga, þar sem þær séu að ýmsu leyti orðnar úreltar, eins og hæstv. ráðh. hefur orðað þetta á einum stað. Það er ekkert um þetta að villast, það þarf ekkert að vera að þræta um það, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki aðeins viljað halda þessum möguleika opnum og heldur honum opnum, heldur hefur hún beinlínis sífellt alið á því, að það væri ekki nema eðlilegt að breyta þannig stefnunni í sjávarútvegsmálum að hleypa útlendingum að. Þess vegna er það náttúrlega stórkostlega ámælisvert, þegar hæstv. ráðh. er að reyna að flækja þetta hér á þá lund, að helzt er að skilja, að hann vilji ekki kannast við það viðhorf ríkisstj., að það eigi að breyta um stefnu í sjávarútvegsmálum, ef á því þurfi að halda í samningum við Efnahagsbandalagið, og leyfa útlendingum landanir og þátttöku í íslenzkum fiskiðnaði, að vísu með þeim fyrirvara, að þetta eigi ekki að vera frjálst, heldur verði að vera um þetta reglur, og stundum er talað um, að þetta megi ekki ganga lengra en svo, að það megi ekki stafa af því ofveiði. Þetta er í mörgum yfirlýsingum hæstv. ráðh. og fleiri ráðh., bæði innanlands og utan, og í ræðunni, sem hæstv. ráðh. vitnar til og hann flutti hér sem skýrslu um Efnahagsbandalagsmálið, er sagt, að það verði að vera um þetta reglur.

En hitt er alveg augljóst, að ríkisstj. stefnir að því að breyta þessu í sambandi við aukaaðild Íslands að Efnahagsbandalagi Evrópu. Það getur því hver sem vill gert það upp við sig, hvort hann vill styðja ríkisstj. til að taka upp þessa stefnu eða ekki, og það er það, sem menn verða hreinlega að gera upp við sig. Vilja menn styðja ríkisstj. til að breyta stefnunni í sjávarútvegsmálum þannig að leyfa útlendingum landanir á fiski og þá eftir einhverjum óákveðnum reglum, sem ríkisstj. virðist hugsa sér að ákveða, því að hún segir ekkert um það núna, hversu víðtækt hún vill hafa þetta? En þetta er stefnan.

Um það á auðvitað ekki að vera hægt að deila, þar sem nokkurt siðferði ríkir í opinberum málum, að þetta hefur ríkisstj. margoft látið í ljós, bæði innanlands og utan, og það veit hæstv. viðskmrh. mætavel. Þess vegna á hann ekki að vera að þræta fyrir þetta, enda skildi ég hann sannast að segja tæpast þannig, heldur hafi hann helzt viljað flækja þetta með því að segja, að menn héldu því fram, að ríkisstj. hefði lýst því yfir, að útlendingarnir ættu að hafa hér frjálsan — algerlega frjálsan aðgang í þeim efnum. Það hefur ríkisstj. ekki beinlínis sagt, hún hefur haft fyrirvara þá, sem ég hef verið að lýsa. En það er augljóst, hvert hún stefnir. Hún stefnir að breytingu á viðhorfinu í sjávarútvegsmálum að þessu leyti, stefnir að því að setja hér nýja fiskveiðalöggjöf, og það er einmitt ein ástæðan fyrir því, að Framsfl. hefur ákveðið að taka upp baráttu gegn aukaaðild í efnahagsbandalagsmálinu, það er ein af ástæðunum fyrir því.

Í tilefni af þessu öllu viljum við líka endurskoða íslenzka löggjöf og gera strangari og gleggri ákvæði um, hverjir möguleikar útlendinga geti verið hér í landinu varðandi þátttöku í fiskiðnaðinum o. fl. Við teljum ákvæðin um þessi efni ekki nógu sterk. Og það eru þessar sífelldu bollaleggingar hæstv. ríkisstj. um að hleypa útlendingum inn í fiskiðnaðinn og láta þá landa hér fiski, sem gera það lífsnauðsynlegt að draga þetta mál núna mjög sterklega fram og fá sterkari og betri ákvæði í lögin en nú eru þar fyrir.

Ég veit, að það er hægt að vernda íslenzkan fiskiðnað talsvert mikið með beitingu útflutningslöggjafarinnar, því að það er ekki hægt að flytja vörur út úr landinu nema með leyfi yfirvaldanna, og þannig má náttúrlega styðja þá framkvæmd, að fiskiðnaðurinn sé algerlega í höndum íslenzkra að óbreyttri löggjöf. En núv. hæstv. ríkisstj. er alls ekki treystandi til að styðja íslenzka fiskiðnaðinn á þessa lund. Reynslan sýnir það. Núv. hæstv. ríkisstj. væri líklegust til þess að beita þannig útflutningslöggjöfinni, að útlendingum verði raunverulega hleypt hér inn í fiskiðnaðinn, yrði greitt fyrir þeim t. d. í gegnum leppa.

Við vitum, að það er ein af aðferðunum, sem útlendingar reyna að hafa á næstunni til að reyna

að komast hér inn í fiskiðnaðinn, að brjóta niður fisksölusamtökin, mola þau niður. Og það ber nokkuð á þessu nú þegar. Það er reynt að mola niður fisksölusamtökin og fá fiskafurðirnar inn í sölukerfi erlendra hringa, í stað þess að sala þeirra sé á vegum íslenzkra samtaka, fiskframleiðendanna. Það er ekki hægt að treysta eins á útflutningslöggjöfina í þessu efni og menn hafa í raun og veru áður haldið, og það er vegna þess, að hæstv. ríkisstj. er veik fyrir í þessu og virðist ekki hafa skilning á því, hver lífsnauðsyn það er, að Íslendingar verndi sig fullkomlega að þessu leyti.

Alveg sérstaklega kemur þetta allt glöggt og skýrt fram í sambandi við Efnahagsbandalagið. Hæstv. viðskmrh. veit það ákaflega vel einmitt í sambandi við þau samtöl, sem hafa átt sér stað á milli okkar í Framsfl. og þeirra til að fylgjast með, hvað verið væri að gera í efnahagsbandalagsmálinu, að við höfum alveg sérstaklega varað sterklega við þessum bollaleggingum um breytingar á stefnunni í sjávarútvegsmálum Íslendinga, sem hæstv. ríkisstj. hefur verið með, bæði innanlands og utan. Og þetta ætti hæstv. ráðh. að kannast mjög vel við.

Hér er því ekki verið að þeyta upp neinu moldviðri, eins og hæstv. ráðh. vildi láta í veðri vaka, og alveg ósæmilegt að minni skoðun af hæstv. ráðh. að kenna þetta við MacCarthyisma og annað þess konar. Hér eru bara dregnar fram í dagsljósið skýrar og glöggar stefnuyfirlýsingar hæstv. ríkisstj., sem ekkert lát hefur verið á.

Hitt er svo annað mál, að hæstv. ráðh. og ríkisstj. hafa nú beyg af þessum yfirlýsingum, þegar nálgast kosningaátökin. En hún kemst auðvitað ekki undan því, að í þessum kosningum, sem nú eru fram undan, verður það eitt stórmálið, hvort menn þora beinlínis að styðja stjórnarflokkana, sem bollaleggja þetta undanhald í fisklöndunar- og fiskiðnaðarmálunum, sem í framkvæmdinni þýddi í raun og veru sama sem að hleypa útlendingum inn í landhelgina sjálfa, eins og kröftuglega hefur verið sýnt fram á af fyrsta flm. þessa máls. Og það er alveg sama, hvernig ráðh. hamast, undan því verður vitanlega alls ekki komizt, að þetta dregst inn í það uppgjör, sem fram undan er, og á og hlýtur að gera það. Menn væru orðnir undarlega saman settir, ef þeir gætu hlustað á og vitað um sífelldar yfirlýsingar um stefnubreytingar í öðru eins máli og þessu án þess að ræða þær á Alþingi og annars staðar, þar sem vettvangur gefst með eðlilegu móti.

Einnig hefur það verið mjög skilmerkilega greint af flm. þessa máls og síðast í þeirri ræðu, sem hann flutti, þegar þetta var á dagskrá nú síðast, að afstaða stjórnarflokkanna í efnahagsbandalagsmálinu er sem sagt sú að vilja raunverulega aukaaðild. Það dylst engum, að það er það, sem þeir fyrst og fremst vilja, afstaðan er beinlínis byggð á því, að það verði samið um atvinnuréttindi fyrir útlendinga í landinu. Hún er byggð á því.

Allt, sem komið hefur frá hæstv. ríkisstj., og allar fregnir og upplýsingar úr öðrum löndum benda alveg eindregið til þess, að slík aukaaðild sé alls óhugsandi öðruvísi en einhver veruleg réttindi verði látin í sambandi við fisklandanir og fiskiðnað.

Í skýrslunni, sem hæstv. ráðh. lagði hér fram, er þetta raunar hreinskilnislega sagt, en óhreinskilnin í skýrslugerðinni liggur í því, að þó að hæstv. ráðh. viti, að það er fiskiðnaðurinn og fisklandanirnar, sem hafðar eru í huga, þá nefnir hann það hvergi berum orðum. Það er bara talað um atvinnurekstrarréttindi. En þó að þar sé náttúrlega margt annað haft í huga, þá er það alveg sérstaklega fiskiðnaðurinn og fisklandanir, sem eru hafðar í huga. Og það hefur ekkert verið farið dult með það við hæstv. ráðh., og hann veit þetta.

En hvers vegna er þá hæstv. ráðh. að reyna að láta líta svo út sem fiskmálið sé ekkert þessu viðkomandi? Samt segir hæstv. ráðh. í skýrslunni, að gallinn á aukaaðildarleiðinni sé sá, að þá komi til samninga um viðkvæm mál. Það eru einmitt atvinnurekstrarmálin. Hvers vegna er ráðh. með þessi látalæti? Og hvað eru þeir yfirleitt að tala um aukaaðild og þykjast svo í öðru orðinu ekki vilja ljá máls á neinu í þessa stefnu? Þetta er alveg furðulegur málflutningur, að telja það árásir á sig, að á það sé bent, að þeir telji til greina koma nýja stefnu í þessum málum, þótt þeir jafnframt dragi sterklega fram aukaaðildarleiðina og segi, að henni fylgi einmitt þetta. Hver botnar í þessu? Menn mega nú ekki verða svo hræddir, að þeir tapi bókstaflega öllu samhengi, eins og óneitanlega virðist helzt eiga sér stað í sambandi við það, sem frá hæstv. ríkisstj. kemur í þessu tilliti.

Þá er annað, sem er þessu skylt, sem hæstv. ráðh. drap á. Við vitum, að þó að hæstv. ríkisstj. hafi sagt upp á síðkastið og núna í skýrslunni, að tvær leiðir gætu komið til greina fyrir Ísland í efnahagsbandalagsmálinu, þá hefur hún kallað tolla- og viðskiptasamningsleiðina ábyrgðarleysi, því að hún hefur sagt það ábyrgðarleysi, að framsóknarmenn hafa gert það upp við sig, að þeir vilja taka hana fram yfir. Í því sambandi segir svo hæstv. ráðh., að þó að menn vildu fara tolla- og viðskiptasamningsleiðina, þá komi alls konar kröfur til greina frá Efnahagsbandalaginu og aðilum þar kannske, segir hann, og sótti svo í sig veðrið og fullyrti, að slíkt mundi koma til greina. En í skýrslu hæstv. ráðh., sem hann lagði fyrir þetta þing í haust, stendur orðrétt: „Ef tollasamningsleiðin er farin, kemur hins vegar alls ekki til slíkra samninga,“ þ. e. a. s. samninga um atvinnurekstrarréttindi og annað slíkt, sem fylgdi aukaaðildarleiðinni.

Ráðh., sem sagði þessi orð í haust og gerði svona grein fyrir tollasamningsleiðinni þá, að ef hún væri farin, kæmi ekki til samninga um viðkvæmu málin, hann segir nú alveg þveröfugt. Það er m. ö. o. ekkert að marka, sem þessi hæstv. ráðh. — og það er grátlegt að þurfa að segja það — sem þessi ráðh. segir um þessi mál. Ég segi: það er sorglegt. Ég sagði grátlegt, en ég meina nú fremur sorglegt, — sorglegt að þurfa að segja þetta. Ef ráðh. meinar, að þessi atriði komi líka til í sambandi við tolla- og viðskiptasamningsleiðina, hvers vegna sagði hann þá í haust í skýrslunni eftir margra missira athug-

anir á þessum málum, að ef tollasamningsleiðin væri farin, kæmi hins vegar alls ekki til slíkra samninga? Og þetta „slíkra“ vísar til samninganna um atvinnurekstrarréttindin, þ. e. a. s. hin viðkvæmu efni.

Í framhaldi af þessu sagði svo hæstv. ráðh., að menn yrðu að búa sig undir að taka afstöðu til slíks, og ef menn gerðu það ekki, en væru til viðtals, ætluðust menn til alls og vildu ekkert láta.

Hér er allt orðið öfugt í huga hæstv. ráðh. Ef samningar eru teknir upp um tolla- og viðskiptamál, þá er ekkert gagnkvæmt til í því, að hér sé krafizt atvinnurekstrarréttinda af okkur í staðinn fyrir tollalækkanir. Það er auðvitað hliðstætt, að tollalækkun komi á móti tollalækkun og fyrirgreiðsla í viðskiptum á móti fyrirgreiðslu í viðskiptum. Þetta veit ég, að hæstv. ráðh. hefur oft sjálfur bent á í sambandi við þessi mál og það alveg réttilega og tekið fram á réttum stöðum. Það er þetta, sem er hliðstætt. En hvers vegna er hann allt í einu núna að snúa þessu við? Ég skil þetta ekki — og skil það þó, því að hér getur ekki legið annað til grundvallar en kvíði hæstv. ráðh. út af því, að þjóðin vilji alls ekki þessa nýju stefnu m. a. í fiskimálum og atvinnurekstrarmálum, sem stjórnin er sífellt að bollaleggja og þjóðinni mun ekkert þykja aðgengilegri, þó að hæstv. ráðh. láti fylgja einhverja fyrirvara um, að réttur útlendinga eigi að vera eftir einhverjum reglum og ekki ótakmarkaður. Við þekkjum nú svona hér um bil, hvernig það mundi verða í framkvæmdinni hjá þeim, sem nú stjórna a. m. k. En það er rétt, þeir hafa látið slíka fyrirvara fylgja. En þeir hafa í mínum augum sáralítið gildi og sennilega í augum fleiri. Þeir fylgja, fyrirvararnir, oftast nær, en stundum er ákafinn svo mikill, að það eitt er látið nægja sem fyrirvari, að þátttaka útlendinga megi ekki valda ofveiði. En ég held því fram, að hér sé um svo stórkostleg mál að ræða, að allgóður þjóðarbúskapur Íslendinga og það, að við höfum getað lifað hér menningarlífi, byggist beinlínis á því, að við höfum haft fiskveiðarnar fyrir okkur eina, fisklandanirnar fyrir okkur eina og fiskiðnaðinn fyrir okkur eina. Og ég held því fram, að ef þessu verður breytt, öllu snúið við og útlendingar látnir taka við þessum málum, þá sjáum við okkar sæng útbreidda, þess vegna sé aldrei of varlega farið í þeim efnum. Og ég verð að segja eins og er, að mér hefur fátt gramizt meira síðustu missirin en þessar léttúðugu bollaleggingar hæstv. ríkisstj. um, að það eigi að breyta stefnunni í þessum málum og það sé Íslendingum fyrir beztu með meiru.

Hæstv. ráðh. sagði ýmislegt fleira í þessu sambandi, sem full ástæða er til að minnast aðeins örfáum orðum á, ekki sízt þar sem sá nýstárlegi háttur er nú hafður á, að efnahagsbandalagsmálið fæst alls ekki rætt. Ég benti á það hér utan dagskrár, að þm., sem kvöddu sér hljóðs um efnahagsbandalagsmálið í nóvember í fyrra, eru ekki farnir að fá að taka til máls enn og komið fram undir páska. Þetta er nú þingræðið á Íslandi og lýðræðið í dag. Og þetta er bara fyrir það, að hæstv. ríkisstj. vill bæla niður umr. um efnahagsbandalagsmálið, af því að hún óttast málstað sinn, að hann sé ekki vinsæll meðal þjóðarinnar. Þess vegna er haldið svona á þessum málum, og á 64 þingdögum hefur málið einu sinni verið tekið til umr.

En hæstv. ráðh. sagði, og vildi leiðrétta hv. 7. þm. Reykv., að það hefðu allir flokkar undireins gert sér ljóst, að full aðild gæti ekki komið til greina, og það hefði verið kirfilega látið vitnast í allar áttir, — efnislega var það þannig, sem hæstv. ráðh. tók fram. Þetta veit hæstv. ráðh. að er alls ekki rétt. Og ég er alveg hissa á honum að segja þetta. Það er til dæmis um þetta, að í októbermánuði í fyrra vildum við láta segja þetta, stungum upp á því, fulltrúar Framsfl., að þetta væri sagt strax. Við vildum helzt, eins og margkunnugt er, ekki láta neinar viðræður fara fram erlendis um þessi mál, en ef viðræður færu fram, þá vildum við láta segja það sem lágmark strax, til þess að fyrirbyggja allan misskilning, að full aðild kæmi ekki til greina og það kæmi aldrei til greina, að Íslendingar gengju undir samstjórnina. Ríkisstj. vildi alls ekki segja þetta þá, og það var ekki fyrr en síðar, að full aðild kæmi ekki til, og enn í dag hefur hæstv. ríkisstj. ekki viljað lýsa því yfir, að það kæmi ekki til greina, að Íslendingar gengju undir samstjórnina í efnahagsmálum. Enn í dag hefur hæstv. ríkisstj. ekki viljað lýsa því yfir, að það kæmi ekki til greina, að Íslendingar gengju undir samstjórnina. Og það var ekki fyrr en hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. voru búin að heyra hljóðið erlendis, að þeir fóru smátt og smátt að síga í þá átt, að full aðild kæmi ekki til greina. Þetta eru staðreyndir.

Mér finnst vera alveg óþarfi að vera að deila um þetta, og ég skil satt að segja ekkert í því, að hæstv. ráðh. skuli reyna að standa í því. Í því sambandi má benda á margt. Það voru miklar bollaleggingar um fulla aðild, sem breyttust svo og úr varð aukaaðild. En við vitum, að a. m. k. sú aukaaðild, sem hæstv. ráðh. túlkar í sinni skýrslu, ráðgerir svo sterk tengsl, að þar má fullkomlega tala um aðild að bandalaginu. Og það er ákaflega langt síðan það var sagt hér í umr. á Alþingi í sambandi við efnahagsbandalagsmálið einmitt af hæstv. dómsmrh., formanni Sjálfstfl., og valið sem fyrirsögn fyrir því, sem hann sagði í þinginu, af Morgunblaðinu, að rödd Íslands yrði að heyrast innan EBE. Það var tekið út úr sem einkunnarorð fyrir stefnunni í ræðu hæstv. ráðh.

Þá vil ég aðeins minnast á eitt, sem vakti líka furðu mína og ég verð að leiðrétta, og það er þetta: Ég gerði nokkuð grein fyrir því, sem skeði sumarið 1961 í sambandi við EBE, eins og það horfði við frá mínum sjónarhóli, og ég sagði, að ég hefði 18. ágúst séð í Morgunblaðinu tilkynningu um, að fulltrúar félagssamtaka í landinu hefðu lýst sig fylgjandi umsókn um aðild að Efnahagsbandalaginu. Og ég varð alveg þrumu lostinn, — ég orðaði það þannig, og það er ekki ofsagt, — ég varð alveg þrumu lostinn, vegna þess að það hafði ekkert samband verið haft við stjórnmálaflokkana um þetta mál, aðeins við þessi félagssamtök, og við í Framsfl. höfum ekkert fengið um þetta mál að vita, að það yfirleitt gæti komið til mála hjá stjórninni að sækja um

aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu. Þetta var efnislega það, sem ég sagði hér um þetta.

Út af þessu brást hæstv. viðskmrh. mjög hart við og sagði, að ég hefði gefið af þessu algerlega ranga mynd, — ég man nú ekki, hvort hann sagði, að ég hefði farið rangt með, en a. m. k. allur málflutningurinn var þannig, að menn áttu að skilja það svo, að ég hefði farið beinlínis rangt með. Það hefði verið haft samráð við stjórnmálaflokkana, sagði ráðh., um þessi efni og þeim hefði ekki þurft að koma neitt á óvart. Síðan kom hann með gerðabók, hafði í höndunum hér gerðabók utanrmn. og sagði síðan með miklum þjósti, að í gegnum utanrmn. hefðu flokkarnir verið látnir fylgjast með og þar hefði verið haldinn fundur, sagði hæstv. ráðh., 2. júní og gefið yfirlit um þessi mál, þannig að flokkunum hefði ekki þurft að koma neitt á óvart það, sem var að gerast í júlí og ágúst og t. d. það, sem skeði 18. ágúst. (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þm. að gera svo vel að gera hlé á ræðu sinni. Það var ætlunin að fresta fundi núna til kl. 5.) Ég á ekki eftir nema svo sem 3 mínútur. (**Forseti:** Þá finnst mér sanngjarnt, að þm. fái að ljúka máli sínu.) Já, 5 mínútur eða svo. — Það var haldinn fundur 2. júní í utanrmn. Nú las ég þessa fundargerð frá 2. júní í utanrmn., og ég legg áherzlu á, að menn taki vel eftir, að það er það síðasta, sem stjórnmálaflokkarnir heyra frá ríkisstj. um þetta mál þangað til 18. ágúst, að það er tilkynnt í Morgunblaðinu, að það hafi fengizt þessi svör frá fulltrúum fyrirtækjanna. Og hvað er sagt í þessari fundargerð? Hvað er það, sem Gylfi Þ. Gíslason segir 2. júní 1961 að sé stefna stjórnarinnar varðandi þessi mál? Hann segir, að stefna sexveldanna, þ. e. Efnahagsbandalagið, er þannig að áliti ríkisstj., að ekki er raunhæft fyrir Ísland að gerast þar aðili, eins og stendur. Þetta er það síðasta, sem stjórnmálaflokkarnir fá að heyra frá ríkisstj., þetta er yfirlýsing hæstv. viðskmrh. 2. júní á fundi utanrmn. Og síðan heyrist ekkert og ekkert samband haft, engar upplýsingar gefnar, fyrr en menn lesa Morgunblaðið 18. ágúst. Svo kemur þessi ráðh. hér, belgir sig út og segir, að það sé furðulegt að heyra, að forráðamenn stjórnmálaflokkanna í landinu skuli kvarta yfir því, að þeir hafi ekki verið látnir fylgjast með í þessu máli. Hverju eiga menn að trúa um málflutninginn, þegar önnur eins dæmi og þetta gerast? Og hæstv. ráðh. sagði meira 2. júní skv. fundargerðinni. Hann sagði: „Ríkisstj. álítur því, að rétt sé að bíða og sjá, hvað setur."

Þetta er það, sem stjórnmálaflokkarnir heyra um þessi efni 2. júní og síðan ekki meir. Þetta eru þau samráð, sem við þá eru höfð, og svo gerast þessir atburðir 18. ágúst. Síðan kemur þessi ráðh. hér og segir, að það séu mikil býsn, að menn skuli finna að því að hafa ekki verið látnir fylgjast með í þessum málum, sækir þennan doðrant, fundargerðabók utanrmn., og veifar honum hér framan í menn og segir: Það var haldinn fundur 2. júní 1961. — Já, það var haldinn fundur 2. júní, til þess að hæstv. viðskmrh. lýsti því yfir fyrir hönd ríkisstj., að hún sæi ekki, að það væri neitt raunhæft í því fyrir Ísland að gerast aðili að EBE eins og stæði og hún væri ákveðin í því að bíða. Til þess var fundurinn haldinn.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð. Ég þarf ekki mörg orð til þess að svara þessum tveim síðustu ræðum, sem haldnar hafa verið af hálfu Framsfl. um þetta mál eða raunar öllu heldur um efnahagsbandalagsmálið.

Varðandi síðasta atriðið, sem hv. þm. gerði að umtalsefni, þ. e. skýrslu mína til utanrmn. 2. júní 1961, er það að segja, að það var niðurstaða þeirrar skýrslu, að ríkisstj. teldi, eins og hann vitnaði til, aðild að Efnahagsbandalaginu og Fríverzlunarbandalaginu ekki koma til greina og ríkisstj. hefði ákveðið að bíða átekta enn um sinn, eins og hún og gerði. Sú könnun, sem fór fram hjá hagsmunasamtökum tveim mánuðum síðar, átti að vera ríkisstj. til leiðbeiningar, ef ný viðhorf sköpuðust í málinu. Ríkisstj. taldi slík viðhorf ekki skapast í málinu, að ástæða væri til að hverfa frá þeirri stefnu, sem hún hafði markað, að bíða átekta. Það er því ekkert ósamræmi í skýrslu minni til utanrmn. og þeim skýrslum, sem ég flutti hagsmunasamtökunum raunar oftar en einu sinni.

En það var sérstaklega það atriði í sambandi við ræðu hv. 1. þm. Austf. (EystJ), sem gefur mér tilefni til örfárra orða, að hann sagði, að það hefði verið ósmekklegt af mér að draga ummæli ungs manns í Framsfl., Steingríms Hermannssonar, inn í þessar umr. hér á Alþingi, þar sem hann gæti ekki svarað fyrir sig hér. Þessu verð ég að vísa alveg heim til föðurhúsanna. Þessi ungi maður er enginn einkaaðili, hann tekur þátt í opinberu lífi á Íslandi, hann er stjórnmálamaður, hann er formaður stærsta æskulýðsfélags næststærsta stjórnmálaflokks landsins, og þegar það hefur gerzt, eins og hér hefur átt sér stað á hinu háa Alþingi, að ræðumenn Framsfl. hafa gert það að sérstöku árásarefni á mig og ríkisstj., að við í ríkisstj. og þeir flokkar, sem að okkur standa, höfum þá stefnu að opna íslenzkt atvinnulíf og þá sérstaklega íslenzkan fiskiðnað fyrir útlendingum og erlendu fjármagni, og gert þetta með mjög hæpnum málflutningi, þá getur enginn maður undrazt það, þótt ég neiti mér ekki um það að tilfæra skoðanir eins af forustumönnum Framsfl. sjálfs, þó að hann eigi ekki sæti hér á hinu háa Alþingi, því að formaður ungra framsóknarmanna hlýtur að teljast í hópi forustumanna Framsfl. Það er því alveg óþarfi að kvarta undan því, þó að vitnað sé til hans skoðana í þessum efnum, einkum og sér í lagi þegar hans skoðanir hljóta að teljast beinlínis þjóðhættulegar að dómi formanns Framsfl. og ritstjóra aðalmálgagns hans, því að formaður ungra framsóknarmanna hér í Reykjavík lýsti því greinilega í ræðu tveim mánuðum áður en ég hélt þá ræðu, sem hér er aðallega vitnað til, að gera ætti stofnun erlendra fyrirtækja á Íslandi sem allra frjálsasta, það ætti að kappkosta að fá einkafjármagn til Íslands til nota jafnvel í þágu íslenzkra fiskveiða, en einkum og sér í lagi í íslenzkum fiskiðnaði. Með hliðsjón af því, að sjálft aðalmálgagn Framsfl.

hafði birt þessa ræðu alla í heild, tveim mánuðum eftir að ég flutti mína ræðu í Verzlunarráðinu, og aldrei gert við þessa ræðu hinar allra minnstu aths., ekki haggað við efni hennar einu orði, þá hlaut mér að þykja það undarlegt, að nú eftir næstum 2 ár skuli vera rifjuð upp ræða, sem ég hafði haldið, áður en formaður Félags ungra framsóknarmanna talaði, tekin úr þeirri ræðu ein setning, sem fjallar um sama efni og klukkutímaræða formanns ungra framsóknarmanna fjallaði, og þessi eina setning er gerð að rökstuðningi fyrir árásum ekki aðeins á mig og minn flokk, heldur ríkisstj. í heild varðandi stefnu hennar í þessu máli. Ég tel mig því hafa fullgildar afsakanir fyrir því að hafa skýrt frá því, hvaða skoðanir formaður ungra framsóknarmanna hafði fyrir tveimur árum og ég hygg að hann hafi enn á þessum málum.

Í ræðu hv. 7. þm. Reykv. í gær voru ýmis atriði, sem ég mundi svara, ef þessari umr. væri ekki að ljúka, og ég tel, að það sé tími til þess kominn, að henni ljúki, hún er þegar orðin löng, en það eru þó atriði, sem ég verð að andmæla.

Þegar hv. þm. endurtók staðhæfingar sínar um það, að ríkisstj. hafi ætlað að sækja um fulla aðild að Efnahagsbandalaginu sumarið 1961, þá vitnaði hv. þm. til ummæla Adenauers kanzlara, sem oft hafa verið gerð að umtalsefni og ég skal ekki fjölyrða neitt um hér, en hann vitnaði einnig í það, sem hann kallaði skjalfestar erlendar heimildir, sem er skýrsla Evrópuráðsins, eins konar fréttabréf Evrópuráðsins, sem gefið er út öðru hverju og þar sem segir, að ýmislegt bendi til, að íslenzka ríkisstj. muni ætla að sækja um fulla aðild að Efnahagsbandalaginu. Ég hef séð þetta fréttabréf Evrópuráðsins og þessi tilvitnun hv. þm. í það gefur mér mjög kærkomið tilefni til þess að lýsa því yfir, að höfundur þessa fréttabréfs Evrópuráðsins hefur aldrei haft neitt samband við íslenzkan ráðh. né við neinn íslenzkan embættismann, sem hafi getað gefið honum tilefni til þess að viðhafa þessi ummæli, sem eru alröng, sögð algerlega á ábyrgð þess fréttamanns Evrópuráðsins, sem hér á hlut að máli, og ekki er fótur fyrir. Það er því miður mjög algengt, að rangar fregnir birtist í erlendum blöðum, fregnir erlendra fréttastofnana, og jafnvel hjá fréttamönnum alþjóðlegra samtaka. Hér er engin ný bóla á ferðinni, og undrar mig satt að segja nokkuð, að jafnvanur blaðamaður og hv. 7. þm. Reykv. skuli treysta sér til þess að vitna í ummæli erlends blaðamanns, starfsmanns hjá Evrópuráðinu, sem óyggjandi sönnun fyrir því, hvað íslenzka ríkisstj. hafi ætlað að gera, þvert ofan í margendurteknar yfirlýsingar ríkisstj. sjálfrar.

Hv. 7. þm. Reykv. sagði einnig, að í fyrirætlunum ríkisstj. um að sækja um fulla aðild að Efnahagsbandalaginu árið 1961, sem að vísu alls ekki voru fyrir hendi, fælist raunveruleg afstaða ríkisstj. til málsins. Þetta snertir einnig þýðingarmikið atriði, sem formaður Framsfl. kom að í ræðu sinni áðan, og skal það, sem ég segi um þetta, vera það síðasta, sem ég hef til þessara mála að leggja.

Hv. formaður Framsfl. sagði, að ríkisstj. hafi í upphafi ekki fengizt til þess að lýsa því yfir, að full aðild að Efnahagsbandalaginu kæmi ekki til greina, og hann bætti við með að vísu mjög óljósu orðalagi, að enn í dag hafi stjórnin ekki fengizt til þess að lýsa því yfir, að Íslendingar gætu ekki eða vildu ekki gangast undir samstjórnina, sem hann svo kallaði, hvað sem hann á við með því. En þetta gefur mér tilefni til þess að segja eftirfarandi, og ég legg á það áherzlu og veit raunar, að hv. formanni Framsfl. er algerlega ljóst, að í því, sem ég nú segi, fer ég með rétt mál og rétta lýsingu á því, sem gerðist í þessu máli í upphafi, þegar málið fyrst kom á dagskrá.

Ríkisstj. var frá upphafi þeirrar skoðunar, að ekki kæmi til mála fyrir Íslendinga að gangast undir Rómarsáttmálann, að samþykkja ákvæði Rómarsáttmálans, eða m. ö. o. að taka á sig þær skuldbindingar, sem í Rómarsáttmálanum fælust. Ég trúi því ekki, að hv. formanni Framsfl. detti í hug að andmæla því, að þetta sé rétt. Það hefur aldrei hvarflað að ríkisstj. að samþykkja Rómarsáttmálann, að undirgangast ákvæði hans. Það var ljóst þegar í upphafi og kom fram í fyrstu viðræðunum, sem við áttum um þetta mál fyrir löngu. Hins vegar gat enginn vitað í upphafi, hvaða form væri framkvæmanlegast og skynsamlegast til þess að koma Íslendingum undan ákvæðum Rómarsáttmálans, hvort formið væri sérsamningur samfara fullri aðild, hvort það væri aukaaðildarsamningur, og þá ekki í hvaða formi, né heldur gat nokkur maður vitað, hvort hugsanlegt væri, að samfara tollasamningi gætu fylgt réttindi innan Efnahagsbandalagsins. Þetta gat í upphafi engum manni verið ljóst. En mjög fljótlega skýrðust málin þó svo, að það mundi vera útilokað að fá undanþágu frá mikilvægum ákvæðum Rómarsáttmálans samfara fullri aðild, jafnframt sem það virtist koma í ljós, að mjög erfitt mundi vera að fá réttindi innan Efnahagsbandalagsins samfara tollasamningi. Þó að þessi atriði tvö virtust sæmilega skýr, var samt sem áður ógerningur að fá nokkra haldgóða vitneskju um, hvað í aukaaðildarsamningi gæti falizt og mundi felast. Og þannig stendur málið enn í dag, og þetta er meginástæðan fyrir því, að íslenzk ríkisstj. taldi aldrei tímabært að taka endanlega afstöðu til þess, hvaða leið Íslendingum hentaði bezt í málinu. Þetta er hv. formanni Framsfl. án efa ljóst að eru meginstaðreyndir málsins, og þess vegna harma ég mjög, ef þeim ljóta leik á að halda áfram að reyna að gera afstöðu ríkisstj. í málinu tortryggilega á þann hátt, að hún hafi einhvern tíma getað talið koma til greina, að Íslendingar gengjust almennt undir skuldbindingar Rómarsáttmálans, því að ef ríkisstj. hefur haft í hyggju að sækja um fulla aðild að Efnahagsbandalaginu og gerast fullgildur aðili að því, þá hlýtur það að þýða, að ríkisstj. hafi verið reiðubúin til þess að gangast undir skuldbindingar Rómarsáttmálans, sem Framsfl. vissi frá upphafi að ríkisstj. aldrei taldi koma til greina.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, en ég skal aðeins vekja athygli á því, að þegar fréttir eru sagðar af fyrirætlunum ríkisstj. á erlendum vettvangi, þá virðast dálítið óvenjulegir hlutir

eiga sér stað. T. d. þegar Adenauer segir frá því, að íslenzka ríkisstj. hafi viljað sækja um fulla aðild að Efnahagsbandalaginu, þá er sagt, að það stafi af kölkun hjá honum, og þegar Evrópuráðið gefur út skýrslu um það, að ríkisstj. hafi viljað sækja um fulla aðild að Efnahagsbandalaginu, þá er það sagt stafa af óráðvendni hjá fréttamanni Evrópuráðsins. Ég vil aðeins segja það um þetta til þess að lengja þetta mál ekki um of, að ég held, að kölkunina í þessu máli sé að finna annars staðar en hjá Adenauer, og ég held líka, að óráðvendnina í þessu máli sé að finna annars staðar en hjá fréttamanni Evrópuráðsins.

Eysteinn Jónsson: Hæstv. ráðh. segir, að þegar þeir hafi hugsað sér fulla aðild, þá hafi þeir hugsað sér hana með fyrirvara. Ég skal ekki draga það í efa. En á hinn bóginn hugsuðu þeir sér og útilokuðu alls ekki, eins og ég sagði, fulla aðild. Það náttúrlega þýddi að ganga undir samstjórnina í þeim málum, sem þar eiga hlut að máli, og aðalákvæði Rómarsamningsins. En ég skal láta útrætt um það nú.

En varðandi Steingrím Hermannsson og það, sem hæstv. ráðh. sagði um hann, tel ég, að það hafi verið ósmekklegt, eins og hann gerði það. Sérstaklega sakna ég þess, að hæstv. ráðh. skyldi ekki verða við þeirri áskorun minni, sem var sanngjörn og eðlileg á alla lund, að hann héldi áfram og gæfi heildarmynd af skoðunum Steingríms Hermannssonar varðandi efnahagsbandalagsmálið og erlent fjármagn með því að gera grein fyrir því, sem hann sagði í Tímanum 9. febr. 1962. Það var hæstv. ráðh. í lófa lagið, ef hann vildi koma drengilega fram í þessu. En það gerði hann því miður ekki.

Loks vil ég svo segja, að hæstv. ráðh. sagði, að það hefði verið haft samráð við stjórnarflokkana sumarið 1961. Það er nú upplýst, að þetta er ekki rétt, vegna þess að síðustu samráð voru 2. júní 1961 og þá því lýst yfir, að stjórnin teldi ekki koma til greina að sækja um aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu að svo vöxnu. Síðan var haft um sumarið samráð við hin og önnur félagssamtök, en stjórnmálaflokkana ekki. Þetta var það, sem ég sagði, og það er það rétta í þessu og nú allt upplýst og játað af hæstv. ráðh., en þá átti hann ekki heldur að vera að segja annað.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 67. fundi í Nd., 8. apríl, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

49. Sjúkrahúsalög.

Á 41. fundi í Sþ., 20. marz, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953 [208. mál] (þmfrv., A. 423).

Á 57., 58., 59. og 60. fundi í Nd., 21., 22., 25. og 26. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., 28. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Hæstv. forseti. Tilefni þess, að þetta frv. er flutt, er það, að bæjarstjórinn á Ísafirði skrifaði þm. Vestf. í byrjun þessa mánaðar svo hljóðandi bréf, með leyfi hæstv. forseta:

„Ísafirði 4. marz 1963.

Ég leyfi mér að tilkynna yður, hv. alþm., eftirfarandi einróma samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðar:

Bæjarstjórn Ísafjarðar skorar á þm. Vestf. að flytja þegar á þessu þingi frv. um breyt. á l. um sjúkrahús, nr. 93 frá 31. des. 1953, þess efnis, að ríkisstyrkur til sjúkrahúsa verði hækkaður í hlutfalli við hækkun, sem orðið hefur á rekstri sjúkrahúsa frá því, að umræddum lögum var breytt 1958. Bæjarstjóra sé falið að semja grg. með till."

Eftir að við höfðum fengið þetta bréf, þótti mér einsýnt að verða við þessum sanngjörnu og réttmætu tilmælum og ræddi það við samþm. mína í Vestfjarðakjördæmi. Nokkrir þeirra höfðu þá vikið því frá sér að flytja um þetta frv. til breyt. á sjúkrahúsal. og höfðu án samráðs við mig eða þm. Framsfl. í kjördæminu ákveðið að flytja þáltill., þar sem skorað væri á ríkisstj. að undirbúa til næsta þings endurskoðun á sjúkrahúsalögunum í þá átt, sem bæjarstjórnin hafði farið fram á. Ég taldi hins vegar rétt að verða við tilmælunum, og standa hv. þm. Framsfl. í Vestf. einnig að flutningi málsins, en geta af eðlilegum ástæðum ekki verið flm., þar sem þeir eiga sæti, eins og kunnugt er, í hv. Ed., en hv. 3. þm. Vesturl. er meðflm. að málinu, þar sem breyt. á sjúkrahúsalögunum varðar einnig sérhver önnur sjúkrahús í landinu.

Bæjarstjórinn á Ísafirði gerir samkv. fyrirmælum bæjarstjórnarinnar grein fyrir þeirri þörf, sem Ísafjarðarkaupstaður telur vera á, að sjúkrahúsalögunum verði breytt þegar á þessu þingi. Bæjarstjórinn upplýsir m. a., að á árunum 1956—1963, að báðum meðtöldum, nemi fjárframlög Ísafjarðarkaupstaðar til fjórðungssjúkrahússins þar í bæ 3 millj. 765 þús. kr., og segir hann réttilega, að þessa upphæð hafi orðið að innheimta með auknum álögum á bæjarbúa og nemi framlagið á þessu ári t. d. 840 kr. á hvern útsvarsgjaldanda í bænum.

Nú spyrja menn sjálfsagt, þegar þeir heyra um þessi fjárútlát Ísafjarðarkaupstaðar vegna fjórðungssjúkrahússins þar, hvort ekki sé hægt að sjá þessu sjúkrahúsi og þá öðrum sveitarfé-

lögum fyrir hallalausum rekstri með hækkun daggjalda. En bæjarstjórinn gerir grein fyrir því, að þess sé ekki kostur. Til þess gefist ekki svigrúm frá ríkisvaldsins hendi. Tryggingastofnun ríkisins samþykki ekki, að sjúkrasamlög greiði hærri daggjöld en Landsspítalinn innheimtir, og daggjöld fyrir ríkisframfærslusjúklinga séu samkv. fyrirmælum stjórnarvalda einskorðuð við daggjöld, sem Tryggingastofnun ríkisins heimili sjúkrasamlögunum að greiða. Þannig sé það í föstum skorðum, hvernig hægt sé að haga tekjuöflun handa sjúkrahúsunum.

Nú er það upplýst, að því er snertir fjórðungssjúkrahús Ísafjarðar, að sjúklingarnir, sem nota fjórðungssjúkrahúsið, eru auðvitað engan veginn aðeins meðlimir Sjúkrasamlags Ísafjarðar eða bæjarmenn, heldur er það þannig, að um 40% af vinnudagafjölda þessa sjúkrahúss er vegna fólks, sem er búsett í bænum og meðlimir í Sjúkrasamlagi Ísafjarðar, en 60% eru utanbæjarmenn og ríkisframfærslusjúklingar. Á árunum 1956—1962, að báðum árum meðtöldum, voru legudagar í þessu sjúkrahúsi alls 89034, fyrir öll árin. Þar af voru legudagar Sjúkrasamlags Ísafjarðar 35163, legudagar sjúklinga annarra sjúkrasamlaga 31605 og legudagar framfærslusjúklinga ríkisins 22266. Það er því enginn vafi á því, að hinn mikli halli á rekstri sjúkrahússins stafar að 60% af kostnaði vegna sjúklinga annarra héraða og ríkisframfærslusjúklinga. Legudagafjöldi í fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði hefur ekki aukizt á undanförnum árum, með því að mörg undanfarin ár hefur sjúkrahúsið oftast nær verið fullnotað, svo að ekki getur það orðið því til tekjuauka. Ástæðan til hallans er því auðvitað sú dýrtíðaraukning, sem átt hefur sér stað, síðan sjúkrahúsalögunum var síðast breytt 1958, að því er snertir aðstoð ríkisins við rekstur sjúkrahúsa. Þá var ákveðið, að hin smærri sjúkrahús sveitarfélaganna skyldu fá 10 kr. á legudag, hin stærri sjúkrahús sveitarfélaganna, sem hefðu a. m. k. tvo fastráðna lækna í þjónustu sinni og væru vel búin að tækjum, skyldu fá 15 kr. á legudag sem ríkisstyrk og hin stærstu og bezt búnu sjúkrahús sveitarfélaga með eigi færri en 3 fastráðna lækna og sem bezt væru útbúin að tækjum, ásamt fjórðungssjúkrahúsunum, skyldu fá 25 kr. frá ríkissjóði á legudag. En síðan þessar tölur voru ákveðnar með l. frá 1958, hefur dýrtíð gífurlega aukizt og rekstur sjúkrahúsa auðvitað eins og annað.

Í þessu frv., sem ég og hv. 3. þm. Vesturl. flytjum, er lagt til, að ríkisstyrkur til rekstrar hinna almennu sjúkrahúsa sveitarfélaganna, sem nú er 10 kr. á legudag, verði 20 kr., þeirra sjúkrahúsa, sem hafa a. m. k. tvo fastráðna lækna og eru allvel búin að tækjum og nú er 15 kr. á legudag, verði 30 kr. á legudag og að ríkisstyrkurinn til fjórðungssjúkrahúsanna og hinna bezt búnu sjúkrahúsa sveitarfélaga, sem hafa þrjá fastráðna lækna, verði 45 kr. á legudag. Það er álit okkar flm., að ef þetta frv. yrði samþ., mundi þó aðstoð ríkisins til rekstrar sjúkrahúsanna sízt vera ríflegri nú, miðað við rekstrarkostnað, heldur en ríkisaðstoðin var, þegar þessir ríkisstyrkir voru ákveðnir með l. frá 1958.

Ég held, að ég þurfi ekki að gera frekari grein fyrir frv. Þetta er sú efnisbreyting, sem nú er lagt til að samþykkt verði á sjúkrahúsal., og held ég, að þetta sé tímabær lagfæring, miðað við þá dýrtíðaraukningu, sem orðið hefur frá árinu 1958, því að öðrum kosti verður rekstur sjúkrahúsanna óbærileg byrði á þeim sveitarfélögum, sem sjúkrahús reka. En það, að hallinn verður svona óbærilegur, stafar af því, að sveitarfélögin hafa algerlega bundnar hendur um tekjuöflunina vegna þess, sem ég áðan gerði grein fyrir og mjög skýrt er fram tekið í grg. bæjarstjórans með ályktun bæjarstjórnar Ísafjarðar.

Ég taldi sjálfsagt að verða við ósk bæjarstjórnar Ísafjarðar um að flytja þessa breytingu á sjúkrahúsalögunum. Það var ekki beiðni bæjarstjórnarinnar, að við þm. Vestf. beittum okkur fyrir því á þessu þingi að flytja þáltill. um endurskoðun á sjúkrahúsalögunum á næsta þingi eða síðar, og þeir menn, sem þannig hafa tekið erindi bæjarstjórnar Ísafjarðar, hafa vikið sér undan því að verða við þeirri ósk. Sá vandi, sem hvílir á herðum Ísafjarðarkaupstaðar vegna fjórðungssjúkrahússins þar, hvílir og á flestum þeim sveitarfélögum, sem sjúkrahúsi hafa komið á fót hjá sér og reka sjúkrahús með þeim ríkisstyrkjum, sem nú eru orðnir allsendis ófullnægjandi. Ég hygg því, að fleiri þm. muni á það fallast, að þörf sé á að gera þessa lagfæringu á sjúkrahúsalögunum, sem fram á er farið, því að það er sízt farið fram á hlutfallslega meira nú en Alþingi féllst á að veita sem aðstoð til sveitarfélaganna í sambandi við rekstur sjúkrahúsa á árinu 1958, og ég sé engin rök mæla með því, að úr þeirri ríkisaðstoð sé dregið, því að það hefur áreiðanlega ekki verið of ríflega skömmtuð þá aðstoðin til sveitarfélaganna til rekstrar sjúkrahúsanna.

Ég legg til, hæstv. forseti, að frv. verði, þegar þessari umr. lýkur, vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

50. Jarðgöng gegnum Breiðadalsheiði.

Á 57. fundi í Nd., 21. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um jarðgöng gegnum Breiðadalsheiði [209. mál] (þmfrv., A. 424).

Á 58. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Fáir bæir eða borgir taka eðlilegum vexti, nema þær styðjist við sveitir, byggðir í sveitum eða uppland, eins og það er kallað. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að öllu öðru fremur er það sú staðreynd, að umhverfi Akureyrar er blómleg sveitahéruð, sem veldur því, að Akureyrarkaup-

staður er nú annar stærsti bær landsins. Ég er einnig sannfærður um það, að ein af orsökunum til þess, að Ísafjarðarkaupstaður hefur ekki tekið eðlilegum vexti á undanförnum árum, er einkanlega það, að bæjarfélagið er einangrað frá sveitahéruðunum í Ísafjarðardjúpi og sveitabyggðunum vestan Breiðadalsheiðar, þ. e. a. s. sveitunum við Önundarfjörð og Dýrafjörð. Borg getur ekki blómgazt og dafnað án náinna samskipta við sveitir og landbúnað, og landbúnaður fær ekki heldur þrifizt, nema hann hafi sem markað kaupstað við sitt hæfi. Þannig er það nú, að Ísafjarðarkaupstaður er aðgreindur frá byggðunum í innanverðu Ísafjarðardjúpi. Það er ekki komið vegasamband enn þá þarna á milli, og samgöngur á sjó hafa verið þau einustu tengsl, sem verið hafa á milli kaupstaðarbyggðarinnar og sveitahéraðanna við Ísafjarðardjúp.

Nú standa þó vonir til innan nokkurra ára, — við skulum kannske gera okkur vonir um, að það yrði innan 5 ára, — að sveitir Inndjúpsins komist í beint og órofið akvegasamband við Ísafjarðarkaupstað og að lausn á þeirri hlið málsins sé því ekki allfjarri. En Breiðadalsheiði mun enn um sinn verða þröskuldur á vegi náinna samskipta og eðlilegra viðskipta milli sveitabyggðanna í Dýrafirði og Önundarfirði vestan Breiðadalsheiðar. Þessi fjallvegur er á 7. hundrað m yfir sjó, og akvegur um hann helzt ekki opinn nema 4—5 mánuði ársins. Hann er lokaður að öllum jafnaði 6—7 mánuði ársins og marga vetur 7—8 mánuði árs. Nú mundi einhver spyrja: Er ekki auðvelt úr þessu að bæta og leggja veg, sem haldizt gæti opinn að vetri til, yfir þessa heiði eins og margar aðrar íslenzkar heiðar? En ég hef það svar við þessu, að ég hef fyrir mér ummæli verkfræðinga, sem fengizt hafa við þessi verkefni, um það, að yfir Breiðadalsheiði, háheiðina, verði naumast lagður akvegur, sem fær verði að jafnaði að vetrinum. Þetta er það hátt yfir sjó, að fannkoma er þarna mikil uppi, en það sker úr, að vestanvert við háheiðina liggur vegurinn utan í snarbrattri fjallshlíð og í slíkri fjallakreppu, að þar verður ekki byggður vegur, segja mér verkfræðingar, sem varinn verður vetrarsnjóum og haldið opnum. Það mundi því nánast sagt ekki vera um annað úrræði að ræða til þess að halda vetrarsamgöngum opnum um Breiðadalsheiði en annaðhvort, eins og Norðmenn gera stundum, að yfirbyggja veg yfir háheiðina eða gera jarðgöng gegnum heiðarkambinn. Að vestanverðu að Breiðadalsheiði liggur Breiðadalur, og að norðanverðu liggur að heiðinni Dagverðardalur. Það er talið, að unnt sé að byggja nútímavegi um þessa dali upp í 400—500 m hæð, þannig að þeir geti haldizt opnir fyrir umferð í flestum vetrum. En þegar kemur ofar, þá er fannkingi svo mikið, að ekki er talið fært að halda vetrarvegum opnum miklu hærra. Þannig hagar til, að breiður hjalli myndast í um það bil 500 m hæð að norðanverðu við Breiðadalsheiðina og hjalli, sem er nokkru lægri, að vestanverðu við háheiðina, en upp af þessum hjöllum rís hár fjallskambur, og það er í gegnum hann, sem lagt er til í þessu frv. að jarðgöng verði gerð.

Vegamálaskrifstofan hefur nokkuð athugað þetta mál, því að hugur verkfræðinganna hefur fyrir nokkru stefnt að því, að málið verði ekki leyst með öðru en jarðgöngum, og einn af verkfræðingum vegamálaskrifstofunnar hefur mælt, hve löng þau jarðgöng yrðu, sem gera þyrfti, ef jarðgöngin væru tekin í um það bil 500 m hæð yfir sjó eða á þessum hjöllum, sem ég áðan nefndi. Niðurstaða þessara mælinga er sú, að yrðu jarðgöngin gerð þarna, yrði um 600 m löng jarðgöng að ræða. Nú segja verkfræðingarnir, að þessi jarðgöng þyrftu að vera um það bil 6 × 6 m, og væri því flöturinn, sem þyrfti að sprengja úr berginu, um 36 fermetrar. Þeir telja, að kostnaður við að sprengja rúmmetrann við venjulegar aðstæður muni vera um 250 kr. Það má því af þessu sjá, að lengdarmetri í slíkum jarðgöngum mun að áliti verkfræðinganna kosta um 9—10 þús. kr. eða 600 m 5½—6 millj. kr. Það er að vísu nokkuð há upphæð. En ef við berum það saman við annað, komumst við að þeirri niðurstöðu, að þetta er ekki meiri upphæð en svo, að fyrir hana er hægt að kaupa 120—150 tonna vélbát, fiskibát, sem einstaklingar margir leika sér að með nokkurri aðstoð frá þjóðfélagsins hendi, og upphæðin ein ætti því ekki að hræða, þegar um er að ræða samfélagið og allfjölmennar byggðir, sem þessa mannvirkis mundu njóta. Það verður a. m. k. ekki sagt, að þetta séu neinir draumórar, því að það eru það alls ekki. Þetta er verkefni, sem hægt er, ef vilji er fyrir hendi, að leysa og leysa á skömmum tíma. Ég er t. d. sannfærður um það, að ef ríkisvaldið beitti sér fyrir því, væri ekki torvelt að fá 1 millj. norskra kr. að láni og sérfræðinga norska, alvana við slíka mannvirkjagerð, til þess að leysa þetta verk af hendi á einu sumri, ef hægt væri jafnframt að endurgreiða þetta lán á við skulum segja 10—15 árum, og það ætti ekki að vera neinn ómöguleiki að ætla til Breiðadalsheiðarvegar 700 þús. kr. á fjárlögum hvers árs, þangað til upphæðin væri greidd.

Ég skal að vísu taka það fram, að við höfum þegar verkfræðilega þekkingu í landinu, sem nægir til þess að framkvæma slíkt verk. Jarðgöngin gegnum Arnardalshamar voru fyrstu jarðgöng, sem hér voru gerð. Þau eru að vísu örstutt, ekki nema 33 eða 35 m, en þar var farið í gegnum eitt harðasta berg, sem til er á Íslandi, og tókst þó að vinna það, að vísu eftir ýmsa byrjunarerfiðleika. En við fengum frekari reynslu af gerð jarðganga í sambandi við síðustu virkjun Sogsins. Þar var um að ræða mikil jarðgöng, sem gerð voru sem liður í því virkjunarmannvirki. Og ég hef einmitt haft tal af þeim verkfræðingi, sem hafði yfirumsjón með því verki, og heyrt hans álit á því, hvernig aðstaða sé til þess að vinna hið vestfirzka blágrýti einmitt í sambandi við gerð jarðganga, og telur hann, að það sé jafnvel auðveldara en að vinna ýmsar mýkri bergtegundir, því að blágrýtið sé oftast lítið sprungið og valdi það meir um en harkan, hvort auðvelt sé eða ekki að vinna það.

Ég get þess líka í grg., að frændur vorir Færeyingar eru nú að ljúka við 1400 m löng jarðgöng í Færeyjum, og það skemmtilega við það er, að það er íslenzkur verkfræðingur, sem stjórn-

ar því verki. Þetta verk var boðið út, og mér er tjáð, að það kosti 2½ millj. d. kr., eða 15 millj. ísl. kr., 1400 m löng jarðgöng. Þessi verkfræðingur heitir Páll Sigurjónsson og hann er nú að ljúka þessu verki.

Í sambandi við þetta mál vil ég geta þess, að það er brýn og aðkallandi nauðsyn að leggja veg um Breiðadalsheiði. Um þessa heiði hefur aldrei verið lagður vegur. Vegurinn um Breiðadal og Dagverðardal og yfir heiðina er niðurgrafinn ruðningsvegur til bráðabirgða, og það er álit margra, að þetta sé versti vegarspottinn, erfiðasti vegarspottinn á allri leiðinni frá Reykjavík til Ísafjarðar. Það er jafnvel gefið, að það er nærtækt verkefni, sem ekki verður skotið lengi á frest, að byggja góðan veg um Breiðadal og Dagverðardal og Breiðadalsheiði, eða e. t. v. frekar um Seljalandsdal norðan heiðarinnar og til Ísafjarðar, færa veginn þannig til að norðanverðu.

Og þá kemur að því, hvar er eðlilegast að byrja á þessu verki? Ég held því fram, að eðlilegast sé að byrja á jarðgöngunum gegnum háheiðina, vegna þess að út frá þeim fasta punkti er eðlilegast að mæla fyrir veginum til beggja handa, norður yfir og vestur yfir, og einnig eru það rök fyrir því að byrja á jarðgöngunum, að úr þeim kemur grjót, sem er auðvitað valið efni í undirbyggingu vegarins til beggja handa. Ég tel þetta allnokkurt stórmál, ekki bara fyrir Ísfirðinga, heldur engu síður, eins og ég gat um í upphafi míns máls, fyrir búendur Önundarfjarðar og Dýrafjarðar, — ég nefni báða þessa firði, — fólkið, sem þar býr, af því að heiðin, sem skilur Önundarfjörð og Dýrafjörð, Gemlufallsheiði, er svo lág, að engum vandkvæðum er bundið að byggja vetrarfæran veg yfir hana, og þess vegna tengjast báðir þessir firðir Ísafirði, ef öruggur vetrarvegur fæst yfir aðaltorfæruna, Breiðadalsheiði.

Í þessu frv. er í fyrsta lagi lagt til, að vegamálastjóra og sérfræðingum hans sé falið að annast allan nauðsynlegan verkfræðilegan undirbúning að því, að jarðgöng verði gerð gegnum Breiðadalsheiði milli Skutulsfjarðar og Önundarfjarðar og skuli þessum undirbúningi hraðað. Í annan stað er það svo meginefni frv., að ríkisstj. sé heimilað að taka lán, allt að 7 millj. kr., til undirbúningsframkvæmda og byrjunar verksins, og er í raun og veru þegar upplýst, að verkfræðingar telja, að miðað við núv. kostnað mundi verðið á jarðgöngum í 500 m hæð yfir sjó ekki nema nema um 6 millj. kr. En yrði það niðurstaða rannsóknar að hafa jarðgöngin neðar í gegnum fjallgarðinn, þá yrðu jarðgöngin auðvitað að sama skapi lengri og dýrari.

Ef þessi lánsheimild yrði notuð, er það hyggja mín, að þetta lán mætti endurgreiða af fjárlagafjárveitingum á 10—15 ára tíma með því að taka 600—700 þús. kr. á fjárlög hverju sinni, eftir að *undirbúningur verksins væri hafinn og framkvæmd ákveðin*. E. t. v. hefur til skamms tíma verið haft á móti því að byggja vegagerð á lánsfé, en það verður ekki gert nú, það verður ekki gert á þessu þingi, eða a. m. k. get ég ekki látið mér detta það í hug. Á þessu þingi hefur verið ákveðið að taka marga tugi millj. kr. að láni til vegagerðar, og þegar það hefur verið gert, getur enginn borið fram ástæður fyrir því, að ekki ætti að vera tiltækilegt að ráðast í allra nauðsynlegustu og þýðingarmestu vegagerð, sem hægt er að ráðast í á Vestfjörðum, fyrir lánsfé. En um það verður ekki heldur deilt, að Vestfirðir hafa tvímælalaust dregizt aftur úr í samgöngumálum og eru verr staddir í vegamálum en nokkur landshluti annar. Það þarf því að láta hendur standa fram úr ermum umfram aðra landshluta, án þess að ég dragi nokkuð úr þörfum annarra á bættum vegum og efldum samgöngum.

Ég tel málið varða mikinn fjölda fólks á Vestfjörðum, þ. e. a. s. íbúa kauptúnanna í Vestur-Ísafjarðarsýslu og íbúa sveitanna í Önundarfirði og Dýrafirði, og ég tel málið varða íbúa Ísafjarðarkaupstaðar á sama hátt og íbúa kauptúnanna við Ísafjarðardjúp, Bolungarvíkur, Hnífsdals og Súðavíkur, og allra helzt fólkið í sveitunum við Ísafjarðardjúp. Eftir að vegasamband hefur opnazt inn um Djúpið frá Ísafirði, væru þessar sveitabyggðir orðnar tengdar fjölbýlinu við Ísafjarðardjúp, en það eru vitanlega beztu markaðarnir fyrir landbúnaðarvörur og þörf kaupstaðabúanna og kauptúnanna bezt tryggð með akvegasambandi, sem nothæft væri allt árið, en ekki lokað 7—8 mánuði árs, eins og nú á sér stað.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta mál. Ég vil vænta þess, að hv. alþm. hafi skilning á, að hér er um nauðsynjamál að ræða fyrir mikinn hluta af íbúum Vestfjarða. Og það er hér bent á leið til úrbóta, en vart verður önnur fundin, til þess að leysa þau vandamál, sem þar er um að ræða. Þar byggi ég ekki á eigin skoðun, heldur á áliti sérfræðinga, sem ég hef rætt þetta mál við.

Það gæti verið hæfilegt, að þessu máli væri vísað til samgmn., en ég tel samt réttara vegna fjárhagshliðarinnar á málinu, — þetta er mál, sem er upp á nokkrar millj., — að málinu væri vísað til hv. fjhn., og mundi þá láta hæstv. forseta um það, hvort hann teldi nokkuð fráleitt að vísa því til fjhn., ef hann kynni frekar að vera þeirrar skoðunar en það ætti heima í samgmn. Ég skal ekki deila um það. Ég læt svo máli mínu lokið og vil vænta þess, þó að nú sé mjög áliðið þings, að þetta mál, ekkert síður en ýmis stórmál, sem hæstv. ríkisstj. er að leggja fyrir þingið um þessar mundir og ætlar að fá afgreidd, gæti flotið þar með og yrði ekki borið við tímaleysi í sambandi við það, en hin væru látin strunsa í gegnum þingið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 59. fundi í Nd., 25. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

51. Stækkun Mosfellshrepps.

Á 57. fundi í Nd., 21. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um stækkun Mosfellshrepps í Kjósarsýslu [210. mál] (þmfrv., A. 425).

Á 58. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef borið fram þetta litla frv. samkv. eindreginni ósk íbúa þess hluta Kjalarneshrepps, sem liggur austan Kleifa á Kjalarnesi. Er frv. þess efnis, að þessi hluti Kjalarneshrepps verði sameinaður Mosfellshreppi.

Landfræðilega hagar þarna þannig til, að Kjalarneshreppi er í rauninni skipt í tvennt, og skiptist hreppurinn um svonefndar Kleifar við Kollafjörð. Vegna legu þess hreppshluta, sem liggur austan Kleifa, hafa mestöll félagsleg samskipti íbúanna þar fyrr og síðar verið við íbúana í Mosfellshreppi, og virðist allt benda til þess, að í framtíðinni muni þessi samskipti frekar aukast en minnka. Sem dæmi um þessi nánu samskipti milli Kjalnesinga austan Kleifa og Mosfellshreppsbúa má nefna það, að þessir aðilar hafa sameiginlega kirkjusókn, þeir hafa sameiginlegt búnaðarfélag, sameiginlegt ungmennafélag og kvenfélag, og barnafræðslan í þessum hluta Kjalarneshrepps fer fram að langsamlega mestu leyti í Mosfellshreppi. Samskipti hins vegar á milli austur- og vesturhluta Kjalarneshrepps eru mjög lítil eða nær því engin. Það er því staðreynd, að landfræðilega liggur Kjalarneshreppur þannig, að austurhluti hans á í rauninni ekki heima með vesturhlutanum, heldur miklu frekar með Mosfellshreppi, og fyrst og fremst af þessari ástæðu hafa íbúar austurhlutans mjög eindregið óskað eftir því, að þeir yrðu sameinaðir Mosfellshreppi.

Við þetta bætist og, að á seinustu tveimur árum hafa komið upp miklar og alvarlegar deilur um byggingu félagsheimilis í Kjalarneshreppi, sem sýna mjög ljóslega, hvernig íbúar þessa sveitarfélags eiga í raun og veru ekki heima í einu sveitarfélagi, og hefur það ráðið úrslitum að ýta á eftir ósk íbúa austurhlutans um, að þetta frv. yrði samþ.

Íbúarnir í austurhlutanum eru 60—70 talsins, en í vesturhlutanum um 120 talsins. Það má vel vera, að á því verði auknir erfiðleikar fyrir íbúa vesturhlutans að halda uppi sínu sveitarfélagi, ef úr skiptingu sem þessari yrði. Það hafa verið nokkrir erfiðleikar, má segja, og þetta yrði að sjálfsögðu frekar til þess að auka þá erfiðleika en draga úr þeim, og gæti þá komið til athugunar, hvort ekki væri heppilegt, að Kjalarneshreppur nyrðri athugaði sinn gang um sameiningu við Kjósarhrepp. Ég hef ekki viljað fara út í þá hluti í sambandi við þetta frv., enda engin ósk borizt um slíkt.

Um flutning frv. hef ég ekki haft samráð við hreppsnefndir Mosfellshrepps né Kjalarneshrepps og ekki heldur við sýslunefnd Kjósarsýslu. Ég vildi því óska eftir því, að sú nefnd, sem fær frv. til athugunar, sendi það báðum þessum hreppsnefndum til umsagnar og einnig sýslunefnd Kjósarsýslu. Ég sé ekki ástæðu til að fara um frv. fleiri orðum, en leyfi mér að leggja til, að því verði vísað til 2. umr., og ég hygg, að það eigi heima í allshn.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Hæstv. utanrrh. hefur lagt hér fram frv. til l. um stækkun Mosfellshrepps í Kjósarsýslu. Hann kom að því í sinni framsöguræðu með þessu frv., að deilur hafi átt sér stað í Kjalarneshreppi í Kjósarsýslu, og er það rétt, og er það út af staðsetningu og byggingu félagsheimilis. Þetta mál hefur verið nokkuð lengi á döfinni þar, og hafa menn skipzt nokkuð á skoðunum, en ég held, að það sé ekki neinum blöðum um það að fletta, að sú ákvörðun, sem tekin var varðandi staðsetningu félagsheimilisins, hafi verið löglega tekin og að Kjalarneshreppur sé á löglegan hátt aðili að þessu félagsheimili, það sé líka fyrir hendi, a. m. k. var það samþykkt af hálfu sýslunefndar á s. l. sumri, að sýslunefndin fyrir sitt leyti samþykkti, að hreppurinn gerðist aðili að þessu félagsheimili.

Í grg. sinni fyrir þessu frv. rekur flm. ýmsa þætti í félagsmálalífi þeirra Kjalnesinga, getur um kirkjusóknir og félög. Hann nefnir t. d., að Austur-Kjalnesingar og Mosfellshreppsbúar hafi sameiginlega kirkjusókn, og það er rétt. En þeir, sem búa vestast í Kjalarneshreppi, hafa líka sameiginlega kirkjusókn með hluta af Kjósarhreppi, svo að ekki sýnist það beint vera ástæða fyrir því að gera skiptingu á hreppnum, enda um kirkjusóknir oft og tíðum ekki farið eftir hreppamörkum. Hann nefnir sameiginlegt búnaðarfélag. Það hefur hingað til verið eitt búnaðarfélag í Kjalarneshreppi. Hins vegar hafa nokkrir bændur úr Kjalarneshreppi óskað eftir inngöngu í Búnaðarfélag Mosfellshrepps, eftir að þessar deilur risu, og fengið þar inngöngu. Sameiginlegt ungmennafélag hefur ekki verið með þessum tveim hreppum, heldur sérstakt ungmennafélag í Kjalarneshreppi. Hitt má svo vel vera, að einhverjir íbúar Kjalarneshrepps hafi haft meiri samskipti við ungmennafélagið í Mosfellssveit og búnaðarfélagið nú síðast, en þarna hafa ekki verið sameiginleg félög, eins og um getur í grg.

Það er að sjálfsögðu ekki hægt á þessu stigi málsins að segja ákveðið um afstöðu til frv., því að eins og frsm. gat um áðan, þá liggur ekki fyrir umsögn þess hrepps, sem hér er ætlað að kljúfa frá, þ. e. a. s. Kjalarneshrepps, hreppsnefndarinnar, ekki heldur umsögn hreppsnefndarinnar, sem ætlazt er til að taki við þessu fólki, og því síður sýslunefndar, sem að sjálfsögðu mundi fjalla um þetta mál. En eins og flm. gat um, var óskað eftir því, að sú nefnd, sem fjallaði um þetta, leitaði umsagnar þessara aðila, og er það sjálfsagt, eins og venja er til, þegar mál eru flutt inn í þingið, sem skipta sérstaklega einhver félagssamtök.

Flm. getur um það í sinni framsögu réttilega, að þetta frv. sé flutt að eindreginni ósk íbúa þess hluta Kjalarneshrepps. Nú á síðustu tveimur árum hafa tvær jarðir úr austurhlutanum, sem undir þennan hluta falla, verið seldar ríkissjóði, svo að þá dettur manni í hug að varpa fram þeirri spurningu, hvort landbrn., sem fer með

þær jarðir fyrir hönd ríkisstj., sé aðili að þeirri ósk, sem hér liggur fyrir. Það kemur ekki fram í grg., og væri sjálfsagt að óska eftir því eða fá það fram líka. Áður en efnisafstaða yrði tekin um þetta frv., þurfa þessar umsagnir að liggja fyrir, svo að aðilar geti gert sér grein fyrir því, hvernig þessum málum er háttað, og þær hreppsnefndir, sem hér um ræðir, og sýslunefnd fá tækifæri til að fjalla um þetta frv. og segja álit sitt á því.

Ég ætla ekki að ræða það, sem fram kemur hér líka í sambandi við landfræðilegar staðreyndir í málinu. Þær eru nú æði misjafnar, og ef ætti að leiðrétta öll hreppatakmörk í sambandi við það, þyrfti að gera töluvert mikla gangskör að því. Hvort þessi hluti sé eðlilega með í Mosfellshreppi eða þá í Kjalarneshreppi, það geta að sjálfsögðu verið um það misjafnar skoðanir. Við getum aðeins til skýringar skotið því fram hér, að Garðahreppur hér fyrir sunnan er sundurlimaður og lítill hluti hans er fyrir sunnan Hafnarfjörð, — og væri ekki ástæða til að sameina þennan hluta Vatnsleysustrandarhreppi, sem hann liggur næst? Þannig mundu rísa ótal spurningar, ef það landfræðilega ætti að ráða í þessum efnum. En ég er sammála flm. um, að um svo viðkvæm mál sem þessi mál tvímælalaust eru, þá verði rækilega athugað, hver afstaða þessara aðila er, áður en afgreiðsla á þessu máli fer fram. Ef hins vegar flm. hefði verið akkur í því að fá þetta mál afgreitt á þessu þingi, mundi hann að sjálfsögðu hafa aflað sér umsagnar um þetta og lagt það fram í grg., því að þá hefði e. t. v. ekki þurft á öðru að halda en hafa viðtöl við oddvitana, sýslunefndar og hreppsnefnda, og málið þar af leiðandi getað gengið töluvert greiðar í gegnum þingið. En þetta er að sjálfsögðu grundvallaratriði, sem þarf að koma fram og hefði verið mjög æskilegt að hefði getað legið fyrir nú.

Jón Skaftason: Herra forseti. Það mál, sem nú er til umr., er tvímælalaust að mínu áliti furðulegasta mál og furðulegasti málatilbúnaður, sem ég hef orðið áhorfandi að á fjögurra ára þingsetuferli mínum. Hæstv. utanrrh. leyfir sér að kasta inn í hv. Alþingi frv. um málefni eins sveitarfélags, sem honum er fullkunnugt um að er mikið deilumál heima í héraði og vandmeðfarið. Hæstv. ráðh. lætur sér sæma að flytja frv. til l. um að kljúfa Kjalarneshrepp í tvennt. Þetta gerir hann án þess, að fyrir liggi nokkur ósk frá viðkomandi hreppsnefnd um þessa skiptingu, sem þó lögum samkv. er réttur aðili og einasti aðilinn, sem getur beðið um slíka skiptingu á hreppsfélaginu. Ekki nóg með þetta, hæstv. ráðh. gerir ráð fyrir því í þessu frv., að sá hluti Kjalarneshrepps, sem hann vill kljúfa út úr, verði lagður undir næsta hreppsfélag, Mosfellshrepp. Þetta gerir hann án þess að hafa kynnt sér viðhorf hreppsnefndarinnar í Mosfellssveit um þetta mál, og hann upplýsti það í umr. áðan, þegar hann fylgdi máli þessu úr hlaði, að hann hefði ekki hugmynd um viðhorf hennar til málsins og óskaði eftir því sérstaklega, að sú nefnd, sem mál þetta fengi til meðferðar, sendi m. a. hreppsnefnd Mosfellssveitar málið til umsagnar, svo að hann gæti fengið að kynnast áliti hennar á málinu. Þá hefur hv. flm. ekki heldur haft fyrir því að kynna sér viðhorf og álit sýslunefndar Kjósarsýslu til þessa máls.

Af þessum staðreyndum, sem ég hef nú nefnt, er augljóst, að undirbúningur þessa máls er fyrir neðan allar hellur. Og meir en það, ég hef grun um og það er spá mín, að mál þetta fari ekki lengra hér í hv. þingi en í gegnum þessa 1. umr., og ég spái því, að hv. flm. muni ekki mjög gráta það, þó að málið nái ekki lengra fram að ganga.

Það málefni, sem við nú erum að tala um, er að mínu viti mikið prinsipmál, ef svo mætti segja. Í stjórnarskrá okkar er ákveðið, að sveitarfélögin skuli hafa mikið sjálfsforræði um sín innri mál, og ég hygg, að allir, sem hugsa eitthvað um uppbyggingu þjóðfélaga, hljóti að vera um það sammála, að það sé eðlilegt. 76. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Rétti sveitarfélaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lögum.“

Þetta stjórnarskrárákvæði er því algerlega ótvírætt og skýrt. Lög hafa verið sett í samræmi við þetta stjórnarskrárákvæði, lög nr. 58 frá 1961, sveitarstjórnarlög, sem eru mikill lagabálkur og tiltölulega nýr. Lögin eru ýtarleg og taka til flestra þeirra tilvika, sem hugsanlegt er að risið geti upp um stjórn eins sveitarfélags og samskipti eins sveitarfélags við annað sveitarfélag og við ríkisvaldið. Í 1. gr. sveitarstjórnarlaga segir m. a., að engu máli, sem varðar sérstaklega hagsmuni sveitarfélags, skuli til lykta ráðið án umsagnar sveitarstjórnar. Skv. þessu lagaákvæði ætti spurning um skiptingu eins hreppsfélags ekki að geta risið, nema áður væri búið að leita álits viðkomandi sveitarstjórnar á því málefni. Hér er þveröfugt farið að. Kastað er inn í þingið undirbúningslítið frv., sem gerir ráð fyrir, að Kjalarneshreppi skuli skipt í tvennt, og það er gert án þess, að talað hafi verið við hreppsnefnd í viðkomandi hreppi, og fjarri er það því, að hún hafi æskt eftir þessu.

Í 7. gr. sveitarstjórnarlaga er ákvæði að finna um, hvernig farið skuli að, er hreppi er skipt. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðuneytið, þ. e. a. s. félmrn., getur skipt hreppi skv. beiðni hreppsnefndar og að fengnum meðmælum sýslunefndar, enda verði íbúatala hvors hrepps, eftir að skipt hefur verið, eigi lægri en 200. Ráðuneytið ákveður hreppamörk, þegar skipt er skv. 1. mgr. þessarar gr.“

Grein þessi er alveg skýr. Hér er í lögum ákveðið, hvernig með skuli fara, ef óskir koma fram um að skipta einu hreppsfélagi. Það er alls ekki gert ráð fyrir því í gildandi l., að um slíka skiptingu skuli fjallað á hv. Alþingi. Og það er alls ekki gert ráð fyrir því í þessum lögum, að sú leið skuli farin, sem flm. þessa máls virðist ætla að halda. Hér tel ég því, að um mikið prinsipmál sé að ræða, spurningu um það, hvort hv. Alþingi telji sér það sæma að grípa inn í innri málefni eins sveitarfélags, án þess að nokkur ósk hafi komið fram frá hlutaðeigandi hreppsnefnd. Ég held, að ef það yrði ofan á hér á hv. Alþingi að fara þá leið, þá séum við komnir inn

á töluvert hættulega braut, sem erfitt verði að fóta sig á í framtíðinni. Þess vegna undrast ég mjög, að hæstv. ráðh. í ríkisstj. á Íslandi skuli láta sér sæma að flytja frv. það, sem liggur fyrir hér.

Þess var getið af flm. þessa frv., hæstv. utanrrh., og enn fremur af hv. síðasta ræðumanni, 3. þm. Reykn., að ástæðuna fyrir frv. þessu mætti rekja til ágreinings, sem risið hefur heima í héraði út af byggingu félagsheimilis. Ég veit, að þetta er rétt. En þótt út af fyrir sig sé ekki mikil ástæða til að skýra gang þess máls í héraði fyrir hv. alþm., því að það skiptir hv. alþingismenn ekki mestu að þekkja hann, því að það eru önnur atriði, sem við hv. alþm. eigum fyrst og fremst að líta á, þau er ég vék hér að í upphafi ræðu minnar, þá þykir mér þó rétt að rekja með örfáum orðum gang málsins.

Það var samþykkt á almennum fundi hreppsbúa í Kjalarneshreppi, að byggja skyldi félagsheimili, og ákveðið, að hreppsfélagið tæki þátt í slíkri byggingu ásamt með ýmsum félögum, sem starfandi eru í hreppnum. Hins vegar náðist ekki á þessum fundi samkomulag um staðarval, og var því ákveðið, að efnt skyldi til almennrar atkvæðagreiðslu meðal kosningarbærra hreppsbúa um þá tvo staði undir félagsheimilisbyggingu, sem aðallega komu til greina, en það voru Kollafjörður annars vegar og hins vegar Klébergi, þar sem barnaskólinn er. Sú atkvæðagreiðsla fór fram, og var samþ. með 42 atkv. hreppsbúa gegn 22 atkv. að byggja félagsheimili þetta að Klébergi. Nú skal ég ekkert fara að ræða það hér á þessum stað, enda ekki ástæða til þess að telja fram rök með og móti þeim stað, sem varð ofan á um byggingu félagsheimilisins, en það er ótvírætt, að heima í hreppnum var mikill meiri hl. fyrir því að velja þann stað til félagsheimilisbyggingarinnar, sem ofan á varð. Það var enn fremur samþ. í félagsheimilasjóðsstjórninni að byggja þetta félagsheimili að Klébergi. Á s. l. sumri, minnir mig að það hafi verið, að þessi félagsheimilisbygging var samþ. í sýslunefnd Kjósarsýslu. Málið liggur því ljóst fyrir. Allra lagakrafna hefur verið gætt í meðferð málsins frá byrjun og uppfylltar til hins ýtrasta allar kröfur, sem lögin gera ráð fyrir að uppfylltar þurfi að verða, áður en ráðizt verður í félagsheimilisbyggingu. Það út af fyrir sig hefur ekki sætt andmælum. Nú á hins vegar að nota þennan skoðanamun hreppsbúa á þessu staðarvali til þess að flytja hér á hv. Alþingi frv. um að kljúfa Kjalarneshrepp í tvennt, hreppsfélag, þar sem íbúar eru í fæsta lagi, svo að mögulegt sé að halda uppi sjálfstæðu sveitarfélagi við slík skilyrði. Íbúar Kjalarneshrepps eru nú, að því er ég held, um 280, og ég geri ráð fyrir, að ¾ hlutar þeirra búi vestan Kleifa, en ¼ hluti austan Kleifa, og það er samkv. ósk þessa hluta íbúanna, sem býr austan Kleifa, sem þetta frv. er flutt, að því er flm. sjálfur segir í grg.

Ég hygg, að það væri frekar þörf á því að sameina smæstu hreppsfélögin í stærra hreppsfélag heldur en að kljúfa það niður, eins og tilgangurinn er með frv. því, sem hér er til umr. Og ég er sannfærður um, að ef mál þetta nær fram að ganga, þá er ekki fjárhagsgrundvöllur til þess að halda uppi sjálfstæðum hreppi á Kjalarnesi, í þeim hluta hans, sem eftir yrði, ef hlutinn austan Kleifa yrði sameinaður Mosfellshreppi.

Frv. þessu var útbýtt í gær, og ég átti satt að segja ekki von á, að það yrði tekið til umr. hér fyrr en á mánudag, en svo hefur nú orðið. Ég hef því miður ekki getað aflað mér upplýsinga á þessum stutta tíma, sem ég gjarnan vildi hafa gert til upplýsingar í málinu, en ég legg áherzlu á, að aðalatriði þessa máls verður spurningin um, hvort það geti talizt réttmætt, að Alþingi grípi inn í málefni eins sveitarfélags á þann hátt. sem gert er með því frv., sem hér liggur fyrir, án þess að ósk liggi fyrir um slíkt frá viðkomandi hreppsnefnd. Ég vil láta það í ljós hér sem mína skoðun, að ég tel, að með frv.-flutningi þessum sé mjög höggvið nærri sjálfstæði sveitarfélaga, sem sjálf stjórnarskráin á að vernda. Ég vil enn fremur halda því fram, að með því séu tvímælalaust brotin sveitarstjórnarlögin, því að þau hafa inni að halda ákvæði, sem skipa fyrir um þær leiðir, sem fara á, ef óskað er eftir skiptingu á einu hreppsfélagi.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að víkja fleiri orðum að frv. þessu við þetta tækifæri, en ef málið kemur einhvern tíma til 2. umr., mun ég e. t. v. flytja gleggri og fyllri upplýsingar um þetta mál en ég hef getað gert nú.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af þeim tveim ræðum, sem nú hafa verið fluttar í sambandi við þetta frv.

Hv. síðasti ræðumaður komst að þeirri niðurstöðu, að þetta frv. og flutningur þess væri eitt það furðulegasta, sem hann hefði séð þau 4 ár, sem hann hefur verið á þingi, og hann reyndi að finna þessum orðum sínum stað. Rökin voru í fyrsta lagi þau, að í sveitarstjórnarlögunum væri sagt, að áður en málefnum, sem snertu sveitarfélögin, væri til lykta ráðið, skyldu þau borin undir viðkomandi hreppsnefnd. Ég þóttist hafa tekið það greinilega fram í minni framsöguræðu, að ég óskaði eftir því, að n. sú, sem fengi frv. til athugunar, sendi það beint til viðkomandi sveitarstjórna, tveggja, og sýslunefndar að auki. Ég hef þess vegna fullkomlega hagað mér í mínum málflutningi skv. þessari grundvallarreglu.

Þá vildi hv. síðasti ræðumaður einnig færa það fullyrðingu sinni til stuðnings, að hér væri verið að ákveða hreppamörk með lögum, enda þótt í sveitarstjórnarlögunum væri gert ráð fyrir því, að íbúar sveitarfélaganna skyldu þar ráða, hvernig með væri farið, og taldi ræðumaður, að það væri einsdæmi í þingsögunni, að frv. sem þetta væri fram borið. Hér er á ferðinni alger misskilningur hjá þessum hv. þm. Það hefur komið fyrir oft og iðulega hér á hv. Alþingi, að hreppamörkum hafi verið breytt með lögum frá þinginu, og það meira að segja þvert ofan í vilja sveitarstjórna, og Mosfellshreppur, sem hér á hlut að máli, er eitt af gleggstu dæmunum, sem við höfum um það. Það hefur hvað eftir annað verið skorið utan úr Mosfellssveit og lagt undir Reykjavík meira og minna landssvæði gegn ein-

dregnum mótmælum Mosfellshrepps. Seltjarnarneshreppi hefur verið breytt hvað eftir annað með löggjöf. Og þannig gæti ég nefnt fleiri dæmi einmitt úr Gullbringu- og Kjósarsýslu um, að þetta hafi verið gert. Því fer þess vegna víðs fjarri, að hér sé nokkurt einsdæmi á ferðinni.

Hann fann að því, hv. síðasti ræðumaður, og einnig sá hv. þm., sem talaði á undan honum, hv. 3. þm. Reykn., að þetta mál skyldi ekki hafa verið borið undir hreppsnefnd Kjalarneshrepps, áður en ég flutti það inn í þingið. En fyrir því liggja alveg fullgildar ástæður. Það er eindregin ósk um það bil ⅓ íbúa Kjalarneshrepps, að þeir verði sameinaðir Mosfellshreppi, en hinir ⅔, sem eftir eru, hafa ekki viljað undir þetta taka, og það er fyrir fram vitað, að hreppsnefndin, sem er eingöngu skipuð vestanmönnum, muni ekki taka undir þennan málflutning, að þessi sameining eigi sér stað.

Ég benti á það mjög greinilega í minni ræðu, að þeir, sem búa í austurhluta Kjalarneshrepps, hafa ekki átt og eiga ekki félagslega samleið með þeim, sem búa í vesturhluta hreppsins. Austurhlutinn sækir alla sína félagsstarfsemi til íbúa Mosfellshrepps, og það er eingöngu á þessum grundvelli, sem málinu var upphaflega hreyft í Kjalarneshreppi, og það er ekki nýtt af nálinni, þó að það komi fyrst fram á þingi nú. En það, sem endanlega hefur hert á því, að málið yrði flutt, er áreiðanlega sá ágreiningur, sem kom upp um félagsheimilið. Það má segja, að hreppsnefndin í hverju sveitarfélagi eigi að sjálfsögðu að hafa mest um þessa hluti að segja. En fram hjá hinu verður ekki séð, að þegar svo verulegur hluti eins sveitarfélags eins og hér er á ferðinni óskar þess eindregið að sameinast öðru sveitarfélagi og þegar færð eru fyrir því jafngild og ótvíræð rök eins og austurhluti Mosfellshrepps færir fyrir sínu máli, þá er ekki hægt að skella skollaeyrum við slíkum óskum. Það er hægt að þumbast við um tíma, en það verður ekki hægt til frambúðar. Þessi ósk og krafa íbúa austurhluta Kjalarneshrepps hlýtur að ná fram að ganga fyrr eða síðar. Hitt má vel vera, að það verði erfitt fyrir vesturpartinn á Kjalarnesi að halda sínu sveitarfélagi áfram. Það hefur verið erfitt hingað til, og það verður að sjálfsögðu erfiðara eftir þetta. En þá er bara þess að minnast, að vesturhlutinn hefur sótt verulegan hluta af sinni félagsmálastarfsemi upp í Kjósarhrepp og er í nánu samstarfi við hann, og þá vaknar spurning: Er ekki eðlilegt að sameina vesturhluta Kjalarneshrepps og Kjósarhrepp?

Hv. 3. þm. Reykn. sagði, að það væri ekki hægt að hlaupa alveg eftir landfræðilegri tilhögun um skipun sveitamarka, og hann nefndi sem dæmi Garðahrepp, hann lægi í nokkrum aðskildum hlutum umhverfis Hafnarfjarðarkaupstað, og ef það ætti hér algerlega að fara eftir landfræðilegri tilhögun og samskiptum íbúa hreppshluta við nágrannasveitarfélög, þá væri nokkuð margt, sem þyrfti að laga í sveitaskipan á Íslandi. Ég get sagt þessum hv. þm. það sem mína afdráttarlausu skoðun, að ef einhver hluti íbúa Garðahrepps óskaði þess eindregið og óskipt, að sá hluti þess sveitarfélags yrði sameinaður annaðhvort Hafnarfirði, Kópavogskaupstað eða öðrum aðliggjandi hreppum, þá fyndist mér það sjálfsögð skylda Alþingis að taka það mál til athugunar, og þannig hagar til á ýmsum stöðum í Garðahreppi, að ég teldi, að ef íbúar úr þeim hluta Garðahrepps, sem um væri að ræða, óskuðu eftir því eindregið og óskipt, þá ætti að taka tillit til þeirra óska, nákvæmlega á sama hátt og ég álít, að það sé ekki hægt fyrir Alþingi að komast hjá því að taka tillit til óska þess þriðja hluta Kjalarneshrepps, sem hér óskar svo eindregið sameiningar við Mosfellshrepp. Og það má ekki láta þá gjalda þess, þó að þeir séu í minni hl. í sínu sveitarfélagi. Það væri að misnota vald meiri hl. sveitarfélagsins.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég vildi aðeins út af ræðu hæstv. utanrrh. leiðrétta það, sem hann sagði hér um hreppsnefnd Kjalarneshrepps, að hún væri eingöngu skipuð mönnum vestan Kleifa. Í síðustu hreppsnefndarkosningum var kosinn í hreppsnefnd Kjalarneshrepps maður austan Kleifa, og skv. sveitarstjórnarlögunum er hverjum borgara skylt að taka þátt í sveitarstjórn, en hann getur skorazt undan því, hafi hann áður setið þar síðasta kjörtímabil. Í þessu tilfelli var ekki um það að ræða. Enda þótt ég viti, að þessi hv. hreppsnefndarfulltrúi hafi sagt af sér, mundi ég skv. lögunum ekki álíta, að hann hefði rétt á því og sæti þar af leiðandi í hreppsnefnd enn þá. Þess vegna hefði flm. þessa frv. getað fengið, eftir því sem hann upplýsti hér áðan, bæði meðmæli og mótmæli með þessu frv. og sú forsenda fyrir því að hafa ekki sent það til hreppsnefndarinnar fallið burt.

Jón Skaftason: Herra forseti. Hæstv. ráðh. var af veikum mætti, að því er mér fannst, að reyna að sannfæra þingheim um, að sú leið, sem hann hefur valið í þessu máli, væri sú rétta og fyrir henni væri fjöldi fordæma hér á hv. Alþingi. Um síðara atriðið skal ég ekki segja neitt, ég þekki ekki svo til þingsögunnar lengur en 4 seinustu árin, en ég vil benda á, að sveitarstjórnarlögin frá 1961 gera alveg ákveðið ráð fyrir fastákveðinni leið í þessum efnum. Þau gera alls ekki ráð fyrir, að mál sem þetta um skiptingu hreppa eigi að afgreiðast á Alþingi. Þau gera ráð fyrir, að það sé framkvæmdavaldshafanna að skipta hreppsfélagi, ef óskir koma fram um það frá viðkomandi sveitarstjórn. Og fram hjá þeirri staðreynd kemst hæstv. ráðh. ekki, og ég verð að segja eins og er, að hann fer algerlega ranga leið, þegar hann ætlar að taka málefni sem þetta upp á hv. Alþingi.

Um rökstuðning hæstv. ráðh. fyrir nauðsyn þess að skipta þessu hreppsfélagi get ég verið fáorður. Rökin er að finna í grg. Ég hygg, að enginn hv. alþm., sem les grg., geti talið þau rök mikilvæg. Það dettur engum í hug, að þeir íbúar Kjalarneshrepps, sem búa austan Kleifa, geti ekki haldið áfram að sækja skemmtanir inn að Hlégarði í Mosfellssveit, enda þótt Kjalarneshreppur sé óklofinn. Og Kjalarneshreppsbúar, sem búa austan Kleifa og hafa notið ýmissar þjónustu í Mosfellshreppi, geta vafalaust notið hennar áfram, eins og þeir hafa gert hingað til. Það

þarf enga skiptingu á hreppnum til þess að tryggja slíkt. Þetta tal um, að landfræðilega sé óeðlilegt, að Kjalarneshreppur, eins og hann er nú, sé áframhaldandi samfelld heild, er fjarstæða.

Nei, rökin fyrir nauðsyn þessa máls eru vægast sagt léttvæg. Málatilbúnaðurinn er að mínu viti mjög óviðunandi, og leiðin, sem valin er í þessu máli, er ekki í samræmi við það, sem sveitarstjórnarlög ákveða.

Hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að það mætti ekki láta hreppsbúa í Kjalarneshreppi austan Kleifa, þótt þeir væru aðeins ⅓ hluti allra hreppsbúa, gjalda þess, að þeir væru minni hl. og þeir gætu ekki fengið hreppsfélaginu skipt þess vegna. En ef á að fara að taka þá reglu upp að láta minni hl., hvort sem er í hreppsfélagi eða í stærri bæjarfélögum eða á hv. Alþingi, ráða gangi mála, þá ber nokkuð nýtt við. Það er ekki að mínu viti nema um ¼ hluti íbúa Kjalarneshrepps, sem býr austan Kleifa, og þar af eru 2 ríkisjarðir, eins og hv. 3. þm. Reykn. upplýsti hér áðan, Mógilsá og Kollafjörður, og ég þykist geta fullyrt það, að það hafa engar óskir komið frá eigendum þeirra jarða um þessa skiptingu.

Mitt álit hefur því ekkert breytzt við ræðu hæstv. ráðh. Ég held enn þá, að engin nauður reki til þess að skipta Kjalarneshreppi. Og þó að ég hafi á vissan hátt samúð með sjónarmiði minni hl. í sambandi við staðsetningu félagsheimilisins, þá dettur mér ekki í hug, að slíkt eigi eða geti leitt nokkurn mann til þess að viðurkenna það sem reglu, að minni hl. í einu sveitarfélagi geti risið upp hvenær sem er og heimtað, að hv. Alþingi skipti viðkomandi hreppsfélagi, af því að hann hefur orðið í minni hl. út af einhverju ákveðnu máli heima í héraði.

Ég undirstrika það að endingu, að ef á að fara þá leið, þá er í hreint óefni komið, og þá veit ég ekki, hvernig við ætlum að draga mörkin eða hvernig við ætlum að fóta okkur í framtíðinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 59. fundi í Nd., 25. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

52. Stjórnarskrárbreyting.

Á 59. fundi í Nd., 25. marz, var útbýtt:

Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944 [216. mál] (þmfrv., A. 450).

Á 61. og 62. fundi í Nd., 28. og 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Það frv., sem við leggjum hér fyrir, hv. 4. landsk. (HV) og ég, til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, var upphaflega ákveðið að undirbúa á þingflokksfundi Alþb. 16. nóv. í haust, og hefur síðan verið unnið að því að reyna að útbúa þetta frv. þannig, að tryggður væri sá tilgangur með því, sem ég nú skal reyna að gera grein fyrir.

Til þess að gera sér fullkomlega ljóst, af hverju það er nauðsynlegt að gera breyt. á 68. gr. stjórnarskrárinnar, er nauðsynlegt að athuga það ástand, sem við nú búum við hvað þessi mál snertir, og hvernig viðhorfið hér á Íslandi er orðið gerbreytt frá þeim tíma, er lögin um eignarrétt og afnotarétt fasteigna voru sett 1919. Eins og nú er ástatt á Íslandi, eru þeir menn, sem hafa rétt til þess að eiga hér fasteignir, eða þeir aðilar fyrir utan Íslendinga sjálfa, það eru þeir útlendingar, sem eru búsettir á Íslandi í fyrsta lagi, það eru í öðru lagi hlutafélög, sem útlendingar geta átt allt að helming í og útlendingar, sem búsettir eru hér á Íslandi, geta með þeim skapað meiri hluta í, það eru í þriðja lagi erlend félög, svo framarlega sem þau fá leyfi til þess af hálfu ríkisstj., eins og gert er ráð fyrir í 1. gr. l., og enn fremur er með milliríkjasamningum, sem ríkisstj. gerir, hægt að opna þetta alveg eins og vill.

Í 11. gr. núgildandi laga segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Lög þessi taka eigi til“ — svo kemur fyrst umboðsmanna ríkisins og síðar annarra ríkja, en seinast: „þegna annarra ríkja, að því leyti sem það kynni að koma í bága við milliríkjasamninga.“ Þetta mun að vísu á sínum tíma hafa verið sett inn með tilliti til Dana, sem höfðu þá sérstök réttindi samkv. sambandslögunum. En þetta ákvæði stendur enn þá í l., þannig að svo framarlega sem ein ríkisstj. nú gerir milliríkjasamninga, sem opna möguleika fyrir borgara þess lands, sem samningurinn er gerður við, að geta notið sömu réttinda og Íslendingar viðvíkjandi því að eiga fasteignir hér á landi, þá er þar með slíkur milliríkjasamningur af sjálfu sér búinn að heimila borgurum viðkomandi lands að hafa sama rétt og Íslendingar hafa. Þegar þessi lög voru sett, munu menn almennt ekki hafa gengið út frá því, að hætta væri á svona löguðu. Milliríkjasamningurinn við Dani þá þótti hvað snerti jafnrétti hér á Íslandi vera nauðungarsamningur, og það var mikil andúð gegn honum og gerðar vissar ráðstafanir í okkar kosningalögum og öðru slíku og stjórnarskrá til þess að koma í veg fyrir, að af því hlytust slæmar afleiðingar. Síðan hann féll úr gildi, hefur þetta staðið, en hins vegar hefur almenningsálit verið svo sterkt í þessum efnum, að það hefur engin ríkisstj. enn þá beitt þessum aðferðum.

Ég vil þess vegna í fyrsta lagi leggja áherzlu á, að lögin frá 1919, eins og þau eru nú, opna, svo framarlega sem íslenzk ríkisstj. vill, mjög mikla möguleika fyrir útlendinga til þess að öðlast hér alls konar aðstöðu um eignarrétt og afnotarétt fasteigna og náttúruauðlinda. Og það, sem hefur breytzt frá því, sem var fyrir 40 árum, er, eins og ég mun síðar koma nánar að, að það

er ekki lengur hægt að vera jafnöruggur um vilja og afstöðu ríkisstj. í þessum efnum og Íslendingar voru í þann tíð. Samt sem áður hefur það nú orðið svo, að hér á Íslandi er ekkert útlent auðmagn að heita má, þrátt fyrir það þó að þetta hafi staðið opið nú um nokkurt skeið eftir þessum lögum. Og hvernig stendur á því, að hér skuli ekki raunverulega vera verulegt útlent auðmagn? Fyrir því hafa verið þennan tíma fjórar ástæður: Í fyrsta lagi: Skattakerfið á Íslandi hefur verið þannig, að það hefur verið frekar erfitt fyrir auðfélög yfirleitt, íslenzk sem erlend, og það hefur þess vegna þótt alveg sérstaklega óárennilegt allan þennan tíma að heita má fyrir erlend auðfélög að fara að leggja sitt fé í hlutafélög hér á Íslandi vegna þess, hve skattalöggjöfin hér væri harðvítug. Í öðru lagi: Allan þennan tíma hafa gjaldeyrisyfirfærslur eða a. m. k. frá 1930 verið ákaflega óvissar, svo að ekki sé sterkar að orði kveðið. Þær hafa yfirleitt verið ákaflega erfiðar allan þennan tíma, þannig að útlendingar, sem hefðu lagt fé sitt í fyrirtæki hér á Íslandi, hefðu verið mjög óvissir um það, hvort þeir fengju slíkt yfirfært í gjaldeyri síns lands, og enn fremur hefðu þeir átt það á hættu vegna sífelldrar verðbólgu allan þennan tíma, að þeirra fé mundi missa gildi sitt, svo framarlega sem þeir ættu að geyma það í peningum a. m. k. og gætu ekki fest það í fasteignum. Í þriðja lagi hefur pólitíska ástandið á Íslandi allan þennan tíma verið álitið mjög ótryggt, eins og auðmenn erlendis venjulega orða það, m. ö. o. eins og auðmennirnir mundu segja: Kommúnisminn hefur verið mjög sterkur hér á Íslandi og erlent auðvald hefur ekki þótzt vera öruggt um sína fjárfestingu hér. En í fjórða lagi hefur verið rótgróin andúð hjá þjóðinni yfirleitt og raunar lengst af hjá ríkisstj. líka gegn því, að erlent auðvald eignaðist ítök hér á Íslandi.

Nú er þetta breytt, a. m. k. margir þættir í þessu, og sumar af þessum ástæðum, sem hafa hrætt erlent auðvald frá fram að þessu, brott fallnar.

Í fyrsta lagi: Skattakerfið, eins og það er nú, hefur verið lagað þannig að hagsmunum hins íslenzka auðvalds og þar með raunverulega um leið hagsmunum erlends auðvalds, svo framarlega sem það kynni að vilja festa sitt fé hér, að skattakerfið er nú allmiklu rýmra. Það er í raun og veru svo, að það nálgast allt að því skattfrelsi fyrir auðfélög, ef þau vildu festa sitt fé hérna núna, og það, sem var um tíma mjög hættulegt fyrir auðfélögin í þessum efnum, hið ótakmarkaða vald íslenzkra sveitarfélaga til þess að leggja á útsvör, er að heita má afnumið. Ríkið er búið að svipta raunverulega þessi sveitarfélög því valdi, þannig að það mikla og harðvítuga vald, sem sveitarfélögin höfðu frá gömlum tíma um útsvarsálagningu, og sú hætta, sem í því fólst fyrir erlend auðfélög, er brott numin.

Í öðru lagi, hvað gjaldeyrismálin snertir, er búið að hafa alveg hausavíxl á. Þar sem það var hingað til mjög erfitt fyrir auðfélög að festa sitt fé hér á Íslandi vegna aðstöðunnar með gjaldeyrinn, bæði yfirfærslu og óvissu, þá er það orðið þveröfugt nú. Undanfarna áratugi hefur það alltaf þótt vera svo, að íslenzk króna hafi verið of hátt skráð. Ameríkanarnir, þegar þeir hafa verið að gagnrýna okkur út af fjármálaástandinu, þá hafa þeir alltaf sagt, að dollarinn væri of lágt skráður hér á Íslandi. Og meðan íslenzk króna er of hátt skráð að áliti erlends auðvalds, er náttúrlega ekki girnilegt fyrir það sama erlenda auðvald að fara að kaupa mikið af þeim íslenzku krónum, sem það álítur vera of dýrar fyrir sig. Nú hefur þessu verið gerbreytt þannig, að íslenzk króna er skráð mun lægra en hennar sannvirði er, ekki aðeins gagnvart dollar, því að allar aðrar myntir Evrópu líka, jafnt pund, dönsk króna sem aðrar, eru raunverulega skráðar algerlega rangt gagnvart dollarnum. Dollarinn er helmingi hærri t. d. gagnvart danskri krónu en hann ætti í raun og veru að vera samkv. kaupgildi. Það er raunverulega aðferð fyrir þá, sem dalina hafa, að kaupa upp eignir í Evrópu fyrir lítið gjald, fyrir hálfvirði á móts við það, sem mundi vera heima hjá þeim. En íslenzka krónan hefur þar að auki raunverulega nú verið skráð fyrir neðan það jafngildi, sem t. d. dönsk króna eða pund hefur, þannig að nú er það frá sjónarmiði erlends auðvalds eftirsóknarvert að kaupa íslenzkar krónur og það, sem fæst fyrir íslenzkar krónur. Ísland er orðið með ódýrustu löndum álfunnar. Það er komið í sama flokk og Spánn hvað það snertir. Jafnt fyrir erlenda ferðamenn sem erlenda hugsanlega fjárfestingaraðila er Ísland nú orðið með ódýrustu löndum, þannig að fyrir ranga skráningu á ísl. krónu er nú eftirsóknarvert fyrir útlent auðvald að festa sitt fé hér á Íslandi. Það þýðir m. ö. o. með þeirri aðstöðu, sem hér er smátt og smátt að skapast, að verið væri bókstaflega, ef ekki yrði rönd þar við reist, að gefa útlendingum Ísland, það væri verið að bjóða þeim upp á það að kaupa upp hér náttúruauðæfi og fasteignir, að svo miklu leyti sem lög eða stjórnarskrá heimiladi það, að kaupa það ódýrt. Þetta er hvað snertir þá breytingu, sem orðið hefur á skattakerfinu og gjaldeyriskerfinu, og hvort tveggja hjálpar til þess að ryðja erlendu auðvaldi braut hér á Íslandi eða gera Ísland eftirsóknarverðara fyrir það.

Hvað snertir þriðju ástæðuna, sem ég nefndi áðan, þá er að vísu það ástand minna breytt. Pólitíska ástandið á Íslandi er enn mjög ótryggt frá sjónarmiði erlends auðvalds, og ég býst við, að þar komi ekki aðeins til, að verkalýðshreyfingin hér á Íslandi þyki sterk og róttæk, heldur líka ef þeir útlendu fjárfestingarmenn trúa því, sem aðalblöð stærstu borgaraflokkanna hér á Íslandi, Framsfl. og Sjálfstfl., segja hvert um annað, þá er ástandið síður en svo girnilegt hvað slíkt snertir samkv. frásögnum Morgunblaðsins fyrir þá útlendu auðmenn, sem kynnu að trúa því, að Framsókn sé alveg í greipum kommúnista. Og samkv. frásögn Tímans er Sjálfstfl. í mjög nánu bandalagi við kommúnista. Ef útlent auðvald fer eftir þeim blöðum, sem það ætti bezt að geta treyst hér af sínum Atlantshafsbandalagsblöðum á Íslandi, þá er það náttúrlega ekki rétt efnilegt. En hins vegar vitum við, að það eru ýmsar tilhneigingar uppi til þess að gera ýmsar ráðstafanir með lögum á Alþingi til þess að veikja verkalýðshreyfinguna og svipta hana því frelsi, sem hún hefur, og þar með að miklu

leyti þeim styrkleika, sem hún hefur haft, þannig að líka hvað þetta atriði snertir væri náttúrlega ekki óhugsandi, að breyting gæti orðið á. En jafnvel þrátt fyrir þetta hlutverk, sem verkalýðshreyfingin hefur, og þrátt fyrir allar þær grýlur, sem blöð Framsfl. og Sjálfstfl. mála upp fyrir útlendu auðvaldi og kunna eitthvað að hræða það enn þá, ef það trúir þeim, þá er hitt þó því miður orðið staðreynd, að kaupgjald á Íslandi er orðið með því lægsta í Evrópu frá sjónarmiði t. d. amerískra fjárfestingarmanna.

Um fjórða atriðið hefur e. t. v. ein stærsta breytingin orðið á. Það þótti fyrr á tímum alveg nóg, ef ríkisstj. þyrfti að veita leyfi útlendum auðmönnum hér á Íslandi, þá þóttist þjóðin viss um, að það yrði ekki gert. Aftur á móti er svo komið, að hjá þeim ríkisstj., sem verið hafa nú undanfarið og það í vaxandi mæli, þá virðist vera áhugi fyrir að hleypa erlendu auðvaldi inn í landið, öfugt við það, sem var 1918. Og nú hefur áróðurinn fyrir þessu, ekki hvað síst í blöðum Sjálfstfl., farið alveg gífurlega vaxandi og virðist raunar eiga ítök víðar. Að mínu áliti er að vísu þjóðin enn þá mjög hrædd við að hleypa útlendu auðvaldi inn, og ég held, að það mundi verða mjög erfitt að fá hana inn á slíkt, nema þá kannske ef skipulagt yrði mjög mikið atvinnuleysi hér, þá kynni hún í neyð sinni að vilja gína við einhverju slíku. En a. m. k. á meðan nægileg atvinna helzt, yrði ákaflega erfitt að fá þjóðina inn á það að hleypa erlendu auðvaldi inn í landið. En hins vegar hefur sú ríkisstj., sem að völdum situr, eins og lögum nú er háttað, svo mikil völd í því efni, að ef hún vill slíkt, getur hún gert það. Þess vegna er nú hætta á ferðum, sem við þurfum að horfast í augu við. Þessari hættu hefur sérstaklega brugðið upp í sambandi við Efnahagsbandalag Evrópu og umr. um það, og skal ég koma að því síðar, en annars gera nokkra grein fyrir þessari hættu og minna á jafnvel, hvernig henni hefur verið mætt áður.

Það er rétt á þessu stigi, sem við stöndum nú, að minna á, að það brá fyrir þessari sömu hættu nokkru eftir 1918, sem sé einmitt í sambandi við það jafnrétti, sem Danir fengu þá á Íslandi til fjárfestingar, í sambandi við eina af þeim íslenzku auðlindum, sem einna dýrmætust er, sem sé í sambandi við fossana, og þá var svo komið eftir 1920, að meginið af fossunum var þá komið í útlenda eign, og það var stórhætta á, að Íslendingar misstu yfirráðin yfir sínum fossum alveg í hendur útlendinga. Jón Þorláksson, formaður Sjálfstæðisfl., gaf 1923 lýsingu á, hvernig þá væri komið, í ræðu, sem hann hélt hér í Nd. 3. maí. Þá sagði hann svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú var svo ástatt, að þegar fossanefndin sat að störfum, voru svo að segja öll stærstu og hagkvæmustu fallvötn landsins komin í hendur útlendinga, nema hluti landssjóðs og Reykjavíkurbæjar í vatnsréttindum Sogsins. Ýmist voru vötnin seld eða leigð útlendum félögum til lengri eða skemmri tíma. Af þessum ástæðum tókum við, fossanefndin, til athugunar, hvort fara skyldi að eins og Norðmenn 1880 og viðurkenna eignarréttinn og leggja síðan strangar sérleyfishömlur á verzlun þeirra. En okkur þótti of seint að fara þá leið, við vorum þegar búnir að selja vatnsréttindin í hendur útlendinga.“

Þetta var lýsingin, sem Jón Þorláksson gaf þá á, hvernig komið var, og lýsti því þá yfir, hvaða hætta væri á ferðum. Jón Þorláksson var þá einn af fremstu forustumönnum íslenzkrar borgarastéttar. Íslenzk borgarastétt var þá enn ung, og áhrifin frá aldalangri sjálfstæðisbaráttu okkar voru þá mjög sterk, þannig að það þótti sjálfsagt — og borgarastéttinni þótti það ekki síður en öðrum, að Íslendingar ættu sjálfir að sitja að þeim auðlindum, sem þeir ættu. Þegar Jón Þorláksson var að lýsa hættunum, sem fólust í því frv., sem var lagt fram einmitt um fossamálin, vitnaði hann í þann mann, sem hafði verið með honum í fossanefndinni, staðið með honum í þeim hluta hennar, sem stóð á móti útlendingunum, sem var Guðmundur Björnsson landlæknir, og vitnaði í þessi orð eftir honum í þessari sömu ræðu, með leyfi hæstv. forseta:

„En nú vill hv. meiri hl. fara þessa leið og gefa útlendingunum allan þann framtíðargróða, sem við getum haft af notkun fallvatnanna. Ég er ekki fyrir að nota stór orð, en get þó ekki látið hjá líða að flytja þessari hv. d. þá orðsendingu frá fyrrv. forseta Ed. og fyrrv. meðnm. mínum, Guðmundi Björnssyni landlækni, eftir beinum tilmælum hans, að hann geti ekki skoðað þetta öðruvísi en föðurlandssvik.“

Svo segir hann á eftir:

„Við höfðum og höfum enn trú á því, að sá tími komi, að unnt verði að ráða fram úr þeirri fjárhagslegu þraut að nota vatnsorkuna fyrir ljósgjafa og hitagjafa handa landsmönnum. Og við förum fram á það, að löggjafarvaldið sýni þá framsýni að taka tillit til nauðsynjarinnar á þessum framkvæmdum og leggja ekki stein í götu þeirra, og við förum fram á það, að þeir jarðeigendur, sem kynnu að hafa gert sér von um að geta selt einhver vatnsréttindi, sleppi þeim vonum vegna nauðsynjar eftirkomendanna.“

Þannig voru áskoranirnar frá þeim manni, sem þá var einn af helztu forustumönnum borgarastéttarinnar á Íslandi, um að varðveita vald Íslendinga sjálfra yfir þessum auðlindum landsins, fossunum, til þess að bjarga þessu handa eftirkomendunum og selja það ekki á þessu stigi í hendur útlendu valdi. Það munaði litlu þá, að þetta yrði gert. Þeir voru í minni hl., sem börðust þá harðast, Jón Þorláksson og Bjarni frá Vogi, nema um eina brtt., sem þeir fengu samþykkta, en þessi brtt. var um það að tryggja ríkinu virkjunarvaldið. Það fékkst í gegn, að ríkið skyldi vera sá aðili, sem eitt saman mætti virkja fossana, en það fékkst ekki í gegn að svipta þá yfirráðunum yfir fossunum, og á þessu höfum við flotið síðan. Það bjargaðist, að það var eyðilagður eignarréttur útlenda auðvaldsins yfir ánum, sem útlenda auðvaldið var búið að kaupa á Íslandi, vegna þess að það fékk ekki leyfi til þess að virkja þær. Það var að vísu þá aðeins sett í hendur ríkisstj., það þótti líka nóg, engin ríkisstj. mundi gera þetta. Og eins og margir hv. núv. þm. muna eftir, var það svo 1948, að þá keyptum við Þjórsá af útlendingum, af Dönum, fyrir 3 millj. kr. Hún var búin að vera þeim eyðilögð allan þennan tíma, og það var

ekkert fyrir okkur að snara út 3 millj. kr. í að borga þeim fyrir vatnsréttindin í Þjórsá. En svona var þetta allt saman. Svona skall hurð nærri hælum, strax eftir að við fengum fullveldið, að útlent auðvald gæti hremmt eina af dýrustu auðlindunum, sem við áttum þá. Og forustumenn íslenzkrar borgarastéttar, eins og Jón Þorlákssson, voru óhræddir við að grípa bókstaflega til þjóðnýtingar, til þess að ríkið ætti þessi vatnsföll, til þess að hindra útlent auðvald í því að ráða þeim.

Bjarni frá Vogi var þá e. t. v. einna harðorðastur um þá fulltrúa útlendinganna, sem töldu það skerða eignarrétt einstaklingsins að ætla að svipta þá, sem áttu jarðirnar að fossunum, réttinum til þess að selja þá, og sagði svo, þegar hann var að mæla 18. sept. 1919 hér á Alþingi fyrir sérleyfislögum, sem þá voru lögð fram og fengust ekki í gegn, þá sagði hann þessi orð, með leyfi hæstv. forseta:

„Og samþykki ekki þetta þing sérleyfislög og setji þannig skorður við frekara braski, þá mun *eftir nokkurn tíma ekki eitt einasta vatn vera* óselt, og mun það, sem selt er, ekki aðeins verða metið á 12 millj. kr., heldur 100 millj. kr.“ Það var öðruvísi milljónin þá en nú. „Þessar vífilengjur, að sérleyfislög eigi ekki að samþykkja nú, eru því til þess eins fram bornar, að fossafélögin geti grætt sem mest á bralli því, sem þau hafa haft hér í frammi, með því að senda hingað leynilega sendimenn til þess að ginna þessa hluti út úr fáfróðum mönnum fyrir smámuni. Það er því til góðs þjónum þessara félaga, sem eiga hér bæði heil blöð og venzlamenn og nú er að sjá að eigi suma þm. líka. Þetta er það, *sem orsakar allt hatrið og allar skammirnar*, sem dynja á okkur, meiri hl. fossanefndar, í blöðum þessara þjóna erlendra auðkýfinga.“

Þetta voru orð Bjarna frá Vogi þennan dag. Við sjáum þess vegna, að í þeirri baráttu, sem háð var 1919—1923, tókst að verjast því, að Íslendingar misstu eignarréttinn og valdið yfir fossunum í hendur útlends auðvalds. Þá þótti nóg að gefa ríkisstj. það vald. Það þurfti leyfi hennar til þess, að útlent auðvald fengi þessa aðstöðu. Það datt engum öðrum í hug þá, að það væri alltaf öruggt, að ríkisstj. mundi standa á verði um hag landsmanna.

Ég rifja þetta upp hér aðeins vegna þess, að nú stöndum við ekki aðeins í þeirri hættu að geta misst það, sem jafngildir yfirráðunum og notkunarréttinum yfir fossunum. Nú stöndum við í þeirri hættu að geta misst yfirráðin yfir fiskimiðunum, fossunum og jörðinni líka. Hættan, sem vofði yfir okkur 1919 og þar á eftir, er komin aftur margfalt meiri. Við skulum aðeins rifja upp í því sambandi, hvað það er, sem Efnahagsbandalag Evrópu, sú mikla auðhringasamsteypa, sækist eftir hér á Íslandi, og hvað það er, sem auðvald hvaða annarrar þjóðar sem er, sem á einn eða annan hátt yrði hleypt hér inn í landið, þótt það væri bara með einföldum milliríkjasamningi, — hvað það er, sem það getur náð tökum á hérna, og hvað það er, sem það sækist eftir. Það er fyrst og fremst þrennt:

Það eru í fyrsta lagi fiskimiðin sjálf. Hér hefur verið rætt allmikið um þau oft áður og þá hættu, sem vofði yfir, hvort útlendingar fengju rétt til þess að veiða í okkar landhelgi, og annað slíkt. Ég vil taka það fram, að jafnvel þótt við hindruðum það að öllu leyti, settum þar rammar skorður, bæði í milliríkjasamningum, stjórnarskrá og öðru slíku, að útlendingar gætu ekki fengið að vera hér í landhelgi, þá geta þeir náð sömu aðstöðu með því að eiga hér fiskiðjuver. Ef útlendingar, sem eru búsettir hér á Íslandi, *eins og hægt er meira að segja eftir lögum frá* 1919 enn í dag, — ef þeir og útlend félög í sambandi við þá, sem birgja þá að fé, geta eignað sér fiskiðjuverin eða réttara sagt komið sér upp almennilegum fiskiðjuverum, verulega vel reknum, þá ráða slík vel rekin fiskiðjuver, sem standa í sambandi við stóra, volduga hringa erlendis, sem ráða að miklu leyti markaðnum þar, — þá ráða slík fiskiðjuver raunverulega yfir flotanum. Flotinn er háður þeim. Ef erlendum aðilum að viðbættum útlendum mönnum búsettum á Íslandi væri látið haldast uppi að hafa áfram þann rétt, sem þeir hafa núna, eftir að það er komið í ljós, að áhugi er orðinn fyrir því og jafnvel vilji ríkisstj. að hleypa þeim hér inn, þá vofir hættan yfir. Nú veit ég, að sumir mundu segja, að þessi hætta vofi raunverulega alltaf yfir okkur á annan máta, sem sé þann máta, að einhverjir Íslendingar geti gerzt leppar fyrir það útlenda auðvald. Það er rétt á vissan máta, að sú hætta er alltaf fyrir hendi, en hún er ekki nærri því eins slæm og hin, að útlendir aðilar beinlínis geti átt fiskiðjuverin. Ef íslenzkur maður á fiskiðjuver, þó að hann sé á einhvern máta leppur fyrir útlent auðvald, þá hefur það útlenda auðvald, sem hefur léð honum sitt fé, enga tryggingu og ekkert öryggi gagnvart íslenzku ríkisvaldi. Eign íslenzks ríkisborgara, sem á slíkt fiskiðjuver samkv. lögum, getur t. d. íslenzk ríkisstj. tekið eignarnámi samkv. okkar stjórnarskrá, hvenær sem hún álítur þess þörf, og út af því hljótast engin vandræði. Það ber aðeins að greiða honum þær skaðabætur, sem honum ber samkv. íslenzkri stjórnarskrá. Ef það er hins vegar opinberlega útlendingur, sem á þetta fiskiðjuver eða á verulegra hagsmuna að gæta þar, þá hefur sá útlendingur aðstöðu til þess að láta sína ríkisstj. koma í spilið, þegar farið er máske að gera ráðstafanir til þess að þjóðnýta hans eign. Og við höfum einmitt kynnzt því af mörgu, sem gerzt hefur í heiminum undanfarið, hvað harðvítugir árekstrar við erlent vald geta hlotizt af því, þegar þjóðir, sem eitt sinn voru nýlenduþjóðir, eru að eignast aftur sitt eigið land og þau mannvirki, sem í því eru. Þó að útlent auðvald kynni að vilja leppa hér á Íslandi svo og svo mikið af eignum, þá á það allt á hættu, þannig að það mætti þá vera mjög óruggt um sína aðstöðu, ef það færi inn á slíkt. Hins vegar, ef útlendir aðilar geta í félagi við útlendinga t. d., sem búsettir eru á Íslandi, eignazt stór fiskiðjuver, getur erlent auðvald drottnað yfir íslenzkum sjávarútvegi. Það eru fiskiðjuverin, sem hafa tökin á bátunum, og þar að auki hefur það sýnt sig, að það er vaxandi tilhneiging hjá íslenzku ríkisvaldi að beita ríkisvaldinu gegn framleiðendum fisksins, gegn sjómönnunum og útgerðarmönnunum, og skammta þeim með gerð-

ardómi ákveðið verð fyrir fiskinn og tryggja þannig hagsmuni þeirra, sem eiga fiskiðjuverin.

Ef það gerðist svo á sama tíma, að t. d. viðskiptin, sem Ísland hefur haft meira eða minna undanfarna áratugi til sósialistísku landanna, væru brotin niður, þá yrði þessi hætta enn þá meiri. Viðskipti þar austur á bóginn hafa verið íslenzkum sjávarútvegi mjög góður bakhjallur í hans sjálfstæðisbaráttu, ef ég mætti svo að orði komast. Það hefur verið miklu hægara fyrir okkur fjárhagslega að heyja þá hörðu baráttu, sem við höfum háð t. d. á mörkuðum Bandaríkjanna til þess að reyna að komast þar inn, meðan við gátum selt allt að ⅔ af freðfiskinum til sósíalistísku ríkjanna og fengum borgað út í hönd, en gátum svo notað það fé til þess að festa það í fyrirtækjum vestanhafs, þannig að hvenær sem t. d. viðskiptin austur á bóginn yrðu brotin niður, yrði aðstaða íslenzks sjávarútvegs gagnvart slíku erlendu auðvaldi, sem farið væri að teygja sig hér inn í sjávarútveginn, miklu, miklu lakari. Það hefur aukið á okkar baráttumöguleika fyrir mörkuðum í þeim kapítalistísku löndum, að við höfum haft þennan allstóra og örugga markað í þeim sósíalistísku löndum.

Við skulum muna það, að víðast hvar erlendis er ástandið svo, að fiskimenn eru fátækir menn, en það eru voldugir hringar — lítum bara til Englands — sem ráða hins vegar yfir sjálfum fiskiðjuverunum, fisksölunni og úrvinnslunni. Og það mundi skjótt skapast það ástand hér líka, svo framarlega sem útlent auðvald gæti komizt hér inn. Því er það, að eins og okkar lög eru í dag, er hægt hvenær sem er að hleypa útlendum aðilum og þó sérstaklega útlendingum búsettum á Íslandi inn í íslenzkan sjávarútveg, og ef útlenda auðvaldið þyrði að treysta að öðru leyti á það pólitíska ástand á Íslandi, þá gæti það þess vegna farið að festa fé hér í stórum stíl. Þess vegna, ef við viljum girða fyrir, að þessar lagasmugur séu notaðar, þá þarf að gera þær breytingar, sem í þessu frv. felast, á stjórnarskránni, sem ég mun síðar koma að. Fiskveiðarnar og fiskimiðin og aðgangurinn að þeim er fyrsta dýrmæta auðlindin, sem erlenda auðvaldið mundi sælast eftir, önnur eru fossarnir. Ég hef þegar rakið tilraunina fyrir 40 árum fyrir útlenda auðvaldið að eignast þá. Það er ekki nauðsynlegt fyrir útlenda auðvaldið að eignast fossana í dag til þess að njóta þeirra. Það er nóg fyrir útlent auðvald í dag að fá fossana leigða, t. d. til 25 ára, til þess að hafa öll not af þeim, sem það útlenda auðvald mundi girnast. Hér á Íslandi er í okkar fossum um 4 millj. kw. ónotað afl, sem er að verða með bezta og ódýrasta afli í heimi. 25 ára leigutími á rafmagni úr slíkum fossum þýðir raunverulega sama sem ófyrirsjáanlega framtíð, miðað við það, hve ört allt þróast nú. Ef útlendingar fengju nú aðstöðu til þess að reisa iðjuver við íslenzka fossa og fengju samninga, um leið og þeir t. d. lánuðu Íslendingum fé til þess að virkja fossana, — fengju samninga um rafmagn úr þeim orkuverum til 25 ára, þá væru þeir þar með búnir að fá það, sem þeir þyrftu. Og undanfarin ár hefur beinlínis verið eftir því sótzt og það ekki bara af fulltrúum núv. ríkisstj., heldur líka annarra ríkisstj., að athuga, hvort ekki væri hægt að ná samningum við ameríska alúmíníumauðhringa um að veita slík lán til virkjunar íslenzkra fossa og koma upp iðjuverum hér á Íslandi. Sú aðferð mundi nú vera útlendu auðvaldi það sama og eign fossanna var Titan og öðrum slíkum auðfélögum 1919—1923, þegar þeir voru að berjast fyrir því að ná yfirráðunum yfir þeim, þannig að líka eftir núverandi lögum, svo framarlega sem ein ríkisstj. vill það viðhafa og viðkomandi erlend auðfélög þyrðu það vegna pólitísks ástands á Íslandi, þá vofir þessi hætta yfir, að leigurétturinn á fossunum yrði þannig seldur í hendur útlendinga.

Í þriðja lagi, það, sem útlent auðvald mundi girnast hérna á Íslandi, er íslenzk jörð eða íslenzkt land. Ég býst við, að landið hér á Íslandi sé nú eitt ódýrasta land Evrópu. Í allri Vestur-Evrópu er landið sjálft ákaflega dýrt. Í þessum þéttbýlu löndum er sjálf jörðin jafndýr oft eins og mikill hluti þeirra fasteigna, sem á jörðinni eru reistar. Hér á Íslandi, ekki sízt hér á Suðurlandsundirlendi, er ágætis ónotað landbúnaðarland, sem hefur það fram yfir flesta landbúnaðarjörð annars staðar í Evrópu, að það er hægt að hita stóran hluta af því upp með hveraorku og koma hér upp samfelldum breiðum, svo að skiptir hundruðum hektara, af gróðurhúsum, þar sem hægt væri að framleiða allt mögulegt, sem landbúnaður, sem rekinn væri í stórum stíl, virkilega girntist. Það er enginn efi á því, að það er nú þegar orðið eftirsóknarvert fyrir útlendinga að eignast t. d. jarðir bæði í Árnessýslu og Rangárvallasýslu, og það eru þegar að skapast möguleikar með búsetu og öðru slíku á Íslandi fyrir útlent auðvald til þess að sölsa slíkt undir sig. Ég hef að vísu ekki orðið var við, að okkar íslenzku burgeisar reyni slíkt í stórum stíl. Dálítið ber á því, að þeir kaupi upp jarðir. Virðist manni það þó vera meira vegna sportsins en framkvæmdanna. Það er eins og það sé laxveiðin, sem skapar í þeirra augum meiri auð í jörðunum heldur en það, sem jörðin sjálf gæti gefið af sér. En ástandið er þannig í dag, að fyrir nokkra milljónatugi er hægt að kaupa upp alla Árnes- og Rangárvallasýslu. Og fyrir útlent auðvald verður það leikur að leggja fé í slíkt, ef það hefur aðstöðu til þess og ef sú leið er opnuð. Það er hverfandi lítill vandi, eins og lög eru á Íslandi núna, fyrir eina ríkisstj., sem vildi slíkt gera, að hleypa útlendingum í það. Það hefur meira að segja verið svo með þessa hluti alla, að sjálf hitaorkan í jörðinni hefur enn þá ekki fengizt hér á Alþingi gerð þannig að þjóðareign, að ekki væri hægt að selja hana með jörðunum. Það er enn þá ekki búið að bjarga henni út úr einkabraskinu, þannig að Ísland liggur næstum eins og frumstæð nýlenda sem bráð á fótum þess auðvalds, sem hér væri hleypt inn og áður en menn áttuðu sig á gæti verið búið að kaupa upp margt af því, sem hér væri dýrmætast. Þannig er það sem sé bæði með fiskimiðin, fossana og sjálfa íslenzku jörðina. Þetta er allt saman í hættu, eins og hugsunarhátturinn er orðinn hjá þeim, sem voldugastir eru á Íslandi nú. Auk

þessa er eitt, sem menn kannske gera lítið úr, en er óskaplega dýrmætt, það eru öll auðæfi okkar óbyggða.

Um óbyggðirnar eru ekki einu sinni almennileg lög, hvað þá heldur að það sé nokkuð í stjórnarskrá um þær. Óbyggðirnar á Íslandi ættu fyrir löngu að hafa verið gerðar að slíkri þjóðareign samkv. stjórnarskrá, að ekki væri hægt að selja þær. Sósfl. reyndi á sínum tíma að fá slíkt fram, en það tókst ekki. Eignarrétturinn á óbyggðunum er þannig núna, að það er komið undir úrskurði hæstaréttar í hvert sinn, hvernig er litið á hann. Og jafnvel stundum hættir við, að sé blandað saman gömlum afnotarétti einstakra hreppa og eignarréttinum að þessum óbyggðum sjálfum. Í þessum óbyggðum felst orka, bara hvað hveraorkuna snertir, sem er 4 millj. kw. eins og fossarnir, bara þó að það sé metið til þess krafts, sem orkan er, svo að maður tali nú ekki um sjálfan hitann í þessu. Og þarna eru auðlindir, sem við vitum að hvað eftir annað hefur verið rætt um, þegar t. d. hefur verið rætt um þungavatnsvinnslu hér á Íslandi eða annað slíkt.

M. ö. o.: eins og auðæfi Íslands eru í dag, aðgangurinn að fiskimiðunum, fossarnir, jörðin sjálf og allar okkar óbyggðir, liggur þetta allt flatt eins og bráð fyrir útlendu auðvaldi til þess að láta það hremma það ódýrt, hvenær svo sem það vill hagnýta sér núv. íslenzk lög og þannig ríkisstj. situr að völdum, að hún hafi ekkert á móti því, að útlendingar festi sitt fé hér á Íslandi. Útlendingar þurfa ekki nema búsetja sig hérna og það í nokkuð stórum stíl, þá geta þeir verið búnir að kaupa þetta upp, áður en við vitum af, — og hver veit, hvað þeir eru komnir langt með það nú þegar? Við, sem nú lifum, megum hins vegar ekki hugsa þannig, eins og kannske ýmsir þeir bændur gera í dag, sem eru að flosna upp frá sínum jörðum og geta ekki einu sinni selt þær og þykir gott að geta losnað kannske við þær fyrir eitthvað smáræði, 150—200 þús. kr. skuld í Búnaðarbankanum eða eitthvað slíkt. Við, sem lifum í dag, verðum að hugsa um Ísland sem byggt af milljónum Íslendinga og að þær milljónir Íslendinga, sem eiga eftir að erfa þetta land og verða okkar eftirkomendur hér, geri þær kröfur til okkar, að við stöndum vörð um þeirra rétt til þess að eiga þetta land og allar þess auðlindir og eiga það einir. Okkar land er gífurlega auðugt. En það er ekki nema hálfnumið og ekki nærri því hálfnumið enn þá. Og það, sem við verðum að reyna að tryggja í dag, er, að það verði Íslendingar einir, sem nema það, að það setjist ekki hér að aðrir aðilar, fyrst voldugir aðilar, sem kaupa upp aðstöðuna til þess að ráða því, og síðan útlendingar, sem flytjast hér inn og smám saman eignast landið. Þess vegna verður að koma í veg fyrir, að útlendingar geti eignazt landið.

Mönnum brá nokkuð við og menn sáu þessa hættu skýrar en áður, þegar hættunni af Efnahagsbandalagi Evrópu brá upp 1961. Það er talað um það, að þessi hætta sé ekki mikil nú þessa dagana. Það er rétt, hún hefur minnkað í augnablikinu. En það er alveg víst, að hún kemur aftur, og það er nokkurn veginn alveg víst, að hún kemur alvarlega aftur til umr. árið 1966, þegar kemur að öðru stiginu í þeim samningum, sem fram fara um afnám tolla og annars slíks í Efnahagsbandalaginu, og aftur verða gerðar tilraunir, vafalaust mjög alvarlegar, til þess að semja við England og fríverzlunarbandalagslöndin yfirleitt, þannig að 1966 kemur þessi hætta alveg jafnt upp aftur eins og hún kom 1961. Hættan á inngöngu í Efnahagsbandalagið kom upp 1961, án þess að á þá hættu hefði verið minnzt í kosningunum 1959 og menn hefðu yfirleitt gert sér nokkra grein fyrir því verulega, hver hún væri. Og alveg eins getur hún komið upp 1966, jafnvel þó að menn vildu sem minnst ræða þetta í kosningunum 1963. Þetta mál hefur verið það mikið rætt hér, að ég þarf ekki að gera það að miklu umtalsefni. Hættan er í tvennu formi. Það er í fyrsta lagi spurningin um innlimun í slíkt Efnahagsbandalag, þ. e. fulla aðild. Það eru allir orðnir hræddir við, a. m. k. fyrir kosningarnar, að standa með henni. Það er í öðru lagi spurningin um aukaaðild, sem menn vilja líka, meira að segja þeir, sem voru mjög mikið með henni um tíma, fara mjög varlega í. En ég vil minna á, að meira að segja þótt engin aukaaðild kæmi til að Efnahagsbandalagi Evrópu á næsta kjörtímabili, þá væri hægt án allrar aukaaðildar, þá væri hægt í skjóli núv. íslenzkra laga að veita ríkisborgurum erlends lands með milliríkjasamningum, jafnvel við hvert land út af fyrir sig, slík réttindi, sem sköpuðu okkur nákvæmlega sömu hættu og aukaaðild eða jafnvel full aðild. Hættan er þess vegna fyrir hendi, hvenær sem ein ríkisstj. meira að segja vill nota þær lagaheimildir, sem nú eru til á Íslandi.

Nú vilja máske sumir segja, að það væri nóg til þess að afstýra þessari hættu allri, sem gæti stafað hvort heldur væri af Efnahagsbandalaginu eða milliríkjasamningum við einstök lönd, þá væri nóg að breyta íslenzkum lögum. En þó að við breytum íslenzkum lögum í dag, þó að við vildum samkomulag um það á þessu þingi, þá er hægt að breyta þeim lögum aftur eftir næstu kosningar, ef sú ríkisstj., sem fer hér með völd, hefur vilja til slíks, þannig að í lagabreytingunum sjálfum felst ekki mikil trygging né löng. Það er jafnvel hægt, — og það höfum við séð, að gert hefur verið allfreklega á þessu kjörtímabili, sem nú er að enda, — það er jafnvel hægt með brbl., ef ríkisstj. þykir það vissara, að breyta svona lögum og taka sér slíka heimild, stilla Alþingi frammi fyrir orðnum hlut og treysta síðan á flokkshollustu sinna fylgismanna, til þess að þeir, jafnvel þó að óánægðir væru, staðfestu slík brbl. á eftir. Því er það, að það er einvörðungu stjórnarskrárbreyting, sem getur komið í veg fyrir það, að útlendu auðvaldi sé hleypt inn í landið í skjóli meira að segja núv. laga og ríkisstjórnar, sem væri slíks sinnis. Það er einungis stjórnarskrárbreyting, sem gæti komið í veg fyrir það, og hún ein, sem gæti tryggt, að fólkið sjálft fengi þá að dæma, áður en nokkru yrði breytt, því að þá yrði að rjúfa þing, ef ætti að fara að breyta slíkri stjórnarskrá, og þjóðin ætti þess vegna að dæma, áður en hún væri svipt þeim rétti, sem hún hefði öðlazt með slíkri stjórnarskrá.

Því er það, að við, sem alllengi höfum verið að athuga þessi mál, höfum komizt að þeirri niðurstöðu, sem felst í frv. okkar hv. 4. landsk. Þar leggjum við til að breyta núv. 68. gr. stjórnarskrárinnar, sem er ákaflega stutt og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Enginn útlendingur getur fengið ríkisborgararétt nema með lögum. Um heimild útlendinga til þess að eiga fasteignaréttindi hér á landi, skal skipa með lögum.“

Í staðinn fyrir þessa grein komi nú ný og mjög ákveðin og einbeitt grein, eins og menn taka eftir. Samkv. núv. stjórnarskrá getur hvaða þingmeirihl. sem er gefið útlendingum hvaða rétt sem vera skal á Íslandi með einfaldri lagasetningu. Það er hægt að veita útlendum ríkisborgurum öll sömu réttindi og Íslendingum með einfaldri lagasetningu samkv. núv. stjórnarskrá. Þess vegna leggjum við til, að í fyrsta lagi sé kaflinn um eignirnar og eignaaðstöðuna orðaður þannig, með leyfi hæstv. forseta, þ. e. 68. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands orðist svo:

„Fasteignir og náttúruauðæfi hér á landi skulu Íslendingar einir eiga, eða stofnanir, sem Íslendingar eiga einir. Sendiráð erlendra ríkja mega þó eiga hér húseignir samkv. alþjóðavenjum, sem um það gilda. Alþjóðlegar stofnanir, sem Ísland er aðili að, mega og eiga fasteignir til menningar- og heilbrigðisstarfsemi, þó þarf lög um það hverju sinni. — Engir nema Íslendingar mega taka á leigu atvinnutæki eða íslenzk náttúruauðæfi. Undanþegin þessu ákvæði eru þó flutningaskip og flugvélar. Að því er snertir erlenda menn búsetta hérlendis, skal mæla fyrir um þessi atriði með lögum.“

Þetta er það, sem snertir fasteignirnar og náttúruauðæfin. Í fyrsta lagi er með þessu því slegið föstu, að það verði Íslendingar einir og stofnanir, sem Íslendingar eiga einir, sem megi eiga hér fasteignir og náttúruauðæfi. Það þýðir: félög, sem Íslendingar einir eru í. Þar með eru útilokuð hlutafélög, sem útlendingar eiga í. Þau hafa nú alveg sama rétt, ef þeir eiga þar minni hl., eins og Íslendingar. Og með þessu er útilokaður líka í þessu efni réttur þeirra útlendinga, sem búsettir eru á Íslandi. Um það er aftur á móti ákveðið, að mæla skuli sérstaklega fyrir með lögum.

Þessi setning: „Fasteignir og náttúruauðæfi hér á landi skulu Íslendingar einir eiga, eða stofnanir, sem Íslendingar eiga einir“ — þetta er mjög róttæk og harðvítug löggjöf, það skal ég viðurkenna, og við hugsuðum ákaflega mikið og lengi og bárum undir lögfróða menn þetta atriði til þess að sjá, hvernig hægt væri að ganga þannig frá þessu, að engin smuga væri á. Og þetta var sú niðurstaða, sem við komumst að. Og ég held, að þetta eigi að tryggja það, að Íslendingar eigi einir að geta átt öll þau auðæfi, sem í okkar landi felast.

Í núgildandi lögum er það tekið fram, að sendiráð erlendra ríkja megi eiga hér húseignir samkv. alþjóðavenjum, og það urðum við þess vegna að taka upp í stjórnarskrá. Þá er spurningin viðvíkjandi alþjóðlegum stofnunum, sem Ísland er aðili að. Þar eru þó nokkur vandkvæði á. Það er ekki hægt að ætla að hindra — við skulum segja t. d. stofnun eins og Norðurlandaráð, sem nú ætlar að koma hér upp norrænu húsi, hvernig sem yrði með eignina á því, að það gæti átt slíkt. Og einstakar stofnanir, við skulum segja eins og stofnanir Sameinuðu þjóðanna, sem við erum þátttakandi í, gætu óskað eftir að koma hér upp einhverjum sérstökum stofnunum, rannsóknarstöð í sambandi við fisk eða eitthvað þess háttar, matvælastofnun eða einhverju þess háttar, sem við mundum ekki geta haft á móti. Þess vegna höfum við þarna þann hátt á, að þetta væri opnað, þegar um væri að ræða stofnanir, sem ynnu að menningar- og heilbrigðismálum, en þó þyrfti lög um það hverju sinni frá Alþingi. Og ég held, að þar með eigi að vera skapaðir möguleikar til þess, að þetta verði ekki óhæfilega þröngt, en samt sem áður nægilega sterkt til þess að tryggja rétt okkar Íslendinga í þessum efnum.

Þá var spurningin um að taka á leigu atvinnutæki. Það er náttúrlega gefið mál, að svo framarlega sem útlendingar hefðu rétt til þess að taka t. d. hér á leigu — við skulum segja, að hér væri komið upp stórri alúmíníumverksmiðju og útlendingar mættu taka hana á leigu til 25 ára, þá gætu þeir á nákvæmlega sama máta farið í kringum þetta, og þeirra leiguréttindi og annað slíkt mundi frá sjónarmiði t. d. þeirra erlendu ríkisstj., ef slík leiguréttindi væru tekin leignámi eða eignarnámi, jafnt geta skapað árekstra við erlent vald. Sú niðurstaða, sem við komumst að eftir satt að segja mjög miklar bollaleggingar í þessu, var, að engir nema Íslendingar mættu taka hér á leigu atvinnutæki, t. d. verksmiðjur og annað slíkt, eða íslenzk náttúruauðæfi, það þýðir jafnt jörð, fossa og annað þess háttar, eða hagnýtingu þeirra náttúruauðæfa. Þar með er að vísu ekki girt fyrir þá hættu, sem ég hef minnzt á áður viðvíkjandi leppmennsku. En sú hætta skapar okkur ekki neina lögfræðilega árekstramöguleika við erlent vald. Ég tók það greinilega fram áðan, að ef útlent auðvald vill eiga það á hættu að leppa hér fé, þá gerir það það á eigin áhættu og viðkomandi ríkisstj. hjálpar þeim ekkert í slíkum efnum, svo framarlega sem íslenzk ríkisstj. t. d. ætti eftir að þjóðnýta slíkar eignir, sem þá væru að lagaforminu til eignir íslenzks borgara.

Það undanþáguákvæði, sem við álítum hins vegar óhjákvæmilegt að setja þarna inn í, var, að flutningaskip og flugvélar gætu íslenzkir aðilar fengið að leigja öðrum en Íslendingum. Við vildum náttúrlega ekki útiloka þann hlut t. d., að íslenzk flutningaskipafélög gætu, ef þau hefðu hagsmuni af því einhvern tíma, t. d. leigt skip, eitt eða tvö eða fleiri, útlendum aðilum. Það væri ómögulegt fyrir þau að starfa upp á þann máta að geta ekki hagnýtt sér slíkt. Sama væri með íslenzkar flugvélar, ef það mætti ekki leigja íslenzka flugvél erlendum aðila. Við erum farnir að verða það mikið í alþjóðlegum siglingum, jafnt í hafi sem lofti, að þessi möguleiki verður að standa opinn fyrir þá íslenzku aðila, sem eiga flutningaskip og flugvélar, að þeir geti jafnvel leigt slíkt um tíma útlendum aðilum. Hins vegar á ekki að geta stafað nein almenn hætta af slíku. Hins vegar skal ég fyllilega viðurkenna

það, að þegar maður á að setja í stjórnarskrá ákvæði um þessa hluti, er það lögfræðilega séð þó nokkuð erfitt, og það er oft búið að umsteypa þessu hjá okkur til þess að reyna að finna það út, að það geti ekki hamlað eðlilegri þróun íslenzkra atvinnugreina, sem hafa t. d. síðustu 10 árin tekið hjá okkur gífurlegum stakkaskiptum, svo gífurlegum framförum eins og t. d. flugið, að það geti ekki hamlað því, og ég held, að það sé alveg tryggt með þessu orðalagi.

Þá var eftir aðstaðan fyrir erlenda menn, sem búsettir eru hérlendis. Þar var um mjög erfitt mál að ræða. Þegar erlendir menn eru hér búsettir, og þeir geta jafnvel búið hér áratugum saman og það jafnvel án þess að kæra sig um að verða íslenzkir ríkisborgarar og haft sín atvinnuréttindi hér og allt annað slíkt, þá er mjög erfitt að meina þeim að geta leigt hér atvinnutæki, — það er mjög erfitt. Þeir geta ekki eignazt fasteignir eða náttúruauðæfi eftir 1. mgr. Þeir eru útilokaðir frá því. En hvað snertir það að taka á leigu íslenzk atvinnutæki, íslenzk náttúruauðæfi, þá þarf um það sérstaka löggjöf. Ég skal viðurkenna, að það er þó nokkuð hörð löggjöf að hindra erlenda menn búsetta hér í því að eignast hér fasteignir og eignast hér náttúruauðæfi. En við sáum ekki neitt annað ráð til þess að vera öruggir um það, ef útlendir aðilar kærðu sig um að láta fjölda erlendra manna búsetja sig hér, að þeir gætu ekki keypt upp svo og svo dýrmætan hluta af okkar landi. Hitt aftur á móti, að þeir gætu tekið hér á leigu, slíkt vildum við ekki útiloka og höfðum þess vegna það ráð, að það skyldi mæla fyrir um slíkt með lögum.

Tilgangurinn með þessum tveim mgr. er sá að reyna á núverandi stigi, þegar Ísland liggur svo að segja opið og jafnvel varnarlítið fyrir útlendu auðvaldi og búið að afnema flestar þær hindranir, sem verið hafa hingað til fyrir erlendri fjárfestingu hér á Íslandi, eins og skattakerfið og gjaldeyrisskráninguna, þá er þetta flutt til þess að reyna að tryggja það, að öll þau auðæfi, sem á Íslandi eru til, geti í framtíðinni haldizt í eigu Íslendinga einna, — Íslendinga sjálfra og Íslendinga einna. Og ég held, að eins og nú er komið málum, sé það alveg óhjákvæmilegt, að svona strangar ráðstafanir séu gerðar til þess að tryggja slíkt. Við gátum ekki séð, að það væri hægt að bjarga þessu með vægari ákvæðum en þarna er lagt til.

Í öðru lagi fjallaði svo þessi 68. gr. stjórnarskrárinnar um ríkisborgararétt útlendinga. Þar stóð, með leyfi hæstv. forseta:

„Enginn útlendingur getur fengið ríkisborgararétt nema með lögum.“

M. ö. o.: eins og nú er, er hægt að veita útlendingum ríkisborgararétt á Íslandi, ef Alþingi vill, ef meiri hl. Alþingis vill, bara einu ári eftir að þeir koma hér eða hvað fljótt sem vera skal og gefa þannig fjölda útlendinga rétt til þess að vera íslenzkir ríkisborgarar. Hins vegar er í stjórnarskránni það ákvæði, að kosningarrétt öðlast menn ekki fyrr en eftir fimm ára búsetu hér. Það er gamla ákvæðið, sem sett var inn til þess að reyna að hamla gagnvart Dönum, ef þeir vildu fara að setjast hér að í ríkum mæli, af því að þeir höfðu sömu réttindi sem við á Íslandi eftir 1918, og þetta fimm ára ákvæði var þá sett. En nú þarf eftir stjórnarskránni aðeins lagafyrirmæli um, hvernig útlendingar öðlist ríkisborgararétt. Við vildum, um leið og hert væri með ákvæðum á rétti útlendinga viðvíkjandi eignum hér á Íslandi, líka taka fyrir spurninguna um þeirra ríkisborgararétt. Og þar setjum við í fyrsta lagi, með leyfi hæstv. forseta:

„Enginn útlendingur getur fengið ríkisborgararétt nema með lögum, enda hafi hann haft búsetu á landinu í 10 ár.“

Þetta er sú regla, sem hefur verið notuð af hálfu allshn. á Alþingi undanfarin ár. Og þessa reglu mundum við gera að stjórnarskráratriði með þessu móti. Þó er þar strax ein undantekning: „Þó geta Norðurlandabúar fengið ríkisborgararétt eftir 5 ára búsetu í landinu.“ Við höfum alltaf litið svo á, og það hefur líka verið framkvæmt þannig hér á Alþingi, að Norðurlandabúar gætu fengið hér ríkisborgararétt eftir 5 ára búsetu. Við höfum alltaf haft aðra afstöðu til Norðurlandabúa í þessum efnum, og sú hætta, sem okkur stafar af ýmsum öðrum útlendum þjóðum, stafar, býst ég við, að flestra okkar áliti ekki af Norðurlandabúum almennt. Vissulega kann stundum að stafa einhver hætta af auðvaldi Norðurlanda, en þó er hún ekki neitt svipuð og sú, sem mundi stafa af sumu öðru erlendu auðvaldi. Við vitum að vísu, að t. d. sænskir auðhringar eru ríkir og voldugir. En jafnvel þó að þeir eignuðust hér hluti og það allmikla á Íslandi og þó að Ísland seinna meir kynni að vilja þjóðnýta eitthvað af þeirra eignum hér, þá mundi sænsk ríkisstj. aldrei fara að senda herlið hingað til lands á móti Íslendingum út af slíku. Sambandið milli okkar frændþjóðanna á Norðurlöndum er það gott, að slíkt mundi ekki vilja til, en gæti hins vegar gerzt með ýmsar aðrar þjóðir.

Enn fremur er sett þarna það ákvæði, að menn af íslenzku bergi brotnir geti fengið ríkisborgararétt fyrr samkv. sérstökum lögum. Þar kemur tvennt til. Annars vegar er það oft svo, að Íslendingar, sem fæddir eru erlendis og af því að foreldrar þeirra hafa þar verið, hafa verið erlendir ríkisborgarar og jafnvel ekki aðgætt það sjálfir eftir að hafa flutt hingað heim, að öðlast í tíma íslenzkan ríkisborgararétt, og þá er náttúrlega sjálfsagt, að það sé mögulegt bara með einföldum lögum að tryggja þeim slíka aðstöðu. Og enn fremur mundi ég fyrir mitt leyti líta svo á, — ég veit ekki, hvernig lögfræðingar endanlega mundu úrskurða það, en þeir lögfræðingar, sem við höfum ráðfært okkur við, flm., litu svo á, að t. d. Vestur-Íslendingar, sem kæmu hingað heim, mundu þá líka koma undir þetta. Og ég held, að að öllu leyti væri rétt að hafa þessa möguleika opna.

Ég tel eðlilegt, að ef sett eru svona hörð ákvæði til að tryggja eignarrétt og umráðarétt Íslendinga yfir auðæfum Íslands, þá sé líka rétt um leið að setja svona ákvæðin fyrirmæli í stjórnarskrána um ríkisborgararéttinn, því að kæmist t. d. ríkisstj. undir sérstaklega mikinn þrýsting erlendra ríkisstj., sem hún máske væri að semja við í sambandi við efnahagsmál eða annað slíkt,

þá væri jafnvel sá möguleiki opinn, að gerðar væru hér ráðstafanir til þess að opna landið mjög mikið fyrir erlendum ríkisborgurum og veita þeim hér þá máske miklu fyrr ríkisborgararétt en tíðkazt hefur undanfarin ár. Við höfum horft upp á það, að þetta hefur verið að slappast hjá okkur, og það veitir ekki af, að við stöndum þarna betur á verði.

Öll þessi grein stjórnarskrárinnar, eins og við leggjum til að henni sé breytt, miðar þess vegna að því að tryggja Íslendingum í fyrsta lagi eignarréttinn á sínu eigin landi og öllum þess auðlindum og í öðru lagi tryggja hann þeim einum, sem hafa ríkisborgararétt, og þeim einum slíkum, ef þeir væru búnir að dveljast hér það lengi, að þeir mundu vera orðnir meira eða minna og sérstaklega þó þeirra börn hugsandi sem Íslendingar. Ég held, að þessi breyting sé, eins og viðhorfið er nú í þjóðfélaginu, alveg lífsnauðsyn til þess að tryggja og varðveita rétt Íslendinga einna og Íslendinga sjálfra yfir Íslandi í framtíðinni. Við skulum hugsa til þess, í hvaða erfiðleikum sumar þjóðir, sem áttu einu sinni fræga sögu í sínu eigin landi, standa í dag, bara nefna Ísraelsmenn, hvað það kostar, ef útlendingar geta komizt inn í eitt land um tíma og náð þar tökum, og hve mikils getur þurft við til þess að ná í hendur þjóðarinnar slíku valdi aftur, ef hún einu sinni missir það. Í þessu máli býst ég við, að mjög margir þm., ef ekki flestir, hlytu að vera á einu máli um, að svona ströng fyrirmæli væru það eina, sem gæti tryggt rétt og vald Íslendinga og Íslendinga einna til að ráða sínu landi. Sumir mundu kannske vera reiðubúnir að setja slík ákvæði með lögum. En það er ekki einhlítt, það er ekki nóg, eins og ég hef getið um áður. Þeim lögum er aftur hægt að breyta. Ef allir þm. og allir þingflokkar eru á því að vilja tryggja þennan rétt Íslendinga í eins ríkum mæli og við flm. leggjum til með þessu frv., þá ættu þeir að fallast nú á þessa stjórnarskrárbreytingu. Nú standa kosningar fyrir dyrum. Nú þarf hvort sem er að rjúfa þing. Ef svona stjórnarskrárfrv. er samþykkt, þá eru það fyrirmælin, að um leið og það er samþykkt í síðari deild, skuli þing rofið og efnt til nýrra kosninga. Og þó að sé vitanlegt, að slíkar kosningar mundu ekki fyrst og fremst snúast um sjálft stjórnarskrárfrv., — það er margt annað, sem nú er um að ræða, — þá mundi það þýða, ef allir flokkar þings hefðu lýst því yfir, að þeir væru fylgjandi þeim ákvæðum, sem hér eru, þá leiðir náttúrlega þar af, að þeir skuldbinda sig siðferðilega til þess að samþykkja það að loknum kosningum, þannig að þá væri þetta orðið þáttur í stjórnarskrá Íslands.

Það var oft um það talað og settar til þess ýmsar nefndir, eftir að lýðveldið var stofnsett, að breyta okkar stjórnarskrá. Það var margt í henni, sem menn vildu breyta, bæði víðvíkjandi félagslegum réttindum og annað slíkt, því að hún er enn þá hvað ákaflega margt slíkt snertir næstum því að stofni til eins og 1874. Það hefur ekki orðið samkomulag um neinar breytingar slíkar, enn sem komið er, þó að brátt séu nú liðnir tveir áratugir frá stofnun lýðveldisins, og þær einu breytingar, sem framkvæmdar hafa verið, hafa verið breytingar á kjördæmaskipuninni og kosningunum. Og vafalaust er það eitt af því, sem meðfram hindraði lengi vel, að aðrar breytingar yrðu gerðar á stjórnarskránni, að í hvert skipti, sem um þær var rætt, sérstaklega á tímabilinu 1945—1955, þá kom kjördæmamálið alltaf upp, og frá sjónarmiði okkar, sem nú erum í Alþb., var það svo á þeim tíma, — við vorum ýmsir þá fulltrúar Sósfl., — þá vofði allan þann tíma sú hætta yfir, að hér yrði komið á einmenningskjördæmum með samkomulagi stærstu flokkanna á þingi, þannig að það var ekki hættulaust í raun og veru á þeim tímum að breyta stjórnarskránni mikið frá sjónarmiði þeirra, sem vildu reyna að efla lýðræðið í landinu og skapa mönnum jafnan kosningarrétt og jöfn áhrif á Alþingi og ríkisstj. Slík stjórnarskrárbreyting hins vegar, sem hér er lögð til, er raunverulega í fyllsta samræmi við það, sem gert var 1944, þegar Ísland var gert að lýðveldi, þegar seinustu erlendu fjötrarnir voru höggnir af Íslandi og konungsvaldið afnumið. Þessi stjórnarskrárbreyting, sem við hér leggjum til, á að tryggja Íslendingum það, sem greinilegt er að þeim er ekki tryggt að fullu nú, tryggja þeim einum eignarréttinn og umráðaréttinn yfir sínu landi og öllum þess auðæfum, þannig að útlendingar geti aldrei aftur öðlazt aðstöðu til þess að ráða hér í okkar landi og drottna í því í krafti eignarhalds, sem þeir eitt sinn höfðu. Ég álít, að það sé þess vegna prófsteinn á afstöðu þingflokkanna og heilindi þeirra í þessum málum, hverja afstöðu þeir taka til þessa stjórnarskrárfrv. Vilji þeir samþykkja þetta stjórnarskrárfrv., þýðir það um leið, að þingflokkarnir vilja standa saman um að gera það alveg hreint og ótvírætt, að það séu Íslendingar sjálfir og Íslendingar einir, sem eigi náttúruauðæfin og fasteignirnar hér á Íslandi, og skapa þannig sameiginlega varðstöðu um rétt, fyrst og fremst okkar eftirkomenda, til að ráða þessu. Ég vil taka það fram um leið, að við flm. erum auðvitað reiðubúnir til þess að endurskoða orðalag þessa frv. Ég hef getið þess í minni framsöguræðu, að það er allerfitt mál að setja löggjöf, þegar hún á að vera í stjórnarskrá, um þetta efni. Og við erum vissulega til samninga um þá hluti, ef þeim tilgangi, sem fyrir okkur vakir, er náð. Ég skal líka taka það fram, að það er vel hugsanlegt, að um einhver einstök atriði kunnum við kannske að hafa gengið of langt og þurfi að skapa einhverjar smugur. Ég skal bara nefna sem dæmi, að t. d. kaþólska kirkjan á Íslandi á eignir hér. Ég skal ekki segja, hvernig um þær eignir er lögfræðilega séð. Ef sá íslenzki kaþólski söfnuður á þær eignir, sem hér eru, þá samrýmist það alveg okkar stjórnarskrá, að hann geti átt þær. Í þeim kaþólska söfnuði eru Íslendingar, og það er eins og hver önnur stofnun, sem kemur þar undir. Væri það hins vegar sú alþjóðlega kaþólska kirkja, sem ætti þær eignir, sem kaþólski söfnuðurinn e. t. v. telst eiga hér núna, þá þyrfti að athuga þetta mál. Það eru nokkur atriði, sem geta komið upp í sambandi við þetta og við höfum þó nokkuð rætt, en þarf nokkurrar athugunar við. En ég efast ekki um, að væri vilji fyrir að ná höfuðtilganginum með þessari stjórnarskrár-

breytingu, þá sé hægt að finna orðalag, sem mundi tryggja — við skulum segja aðstöðu kaþólskra manna hérna þannig, eða þá hitt, að svo framarlega sem sú alþjóðlega kaþólska kirkja ætti slíkar eignir, þá yrði hún að gefa þeim kaþólska söfnuði á Íslandi einum slíkar eignir. Það eru nokkur slík atriði, sem þó varða ekki í raun og veru höfuðtilgang þessa frv., því að það er ekki lengur hætta á því, að sú kaþólska kirkja eignist þorrann af auðæfum á Íslandi, sem hún átti einu sinni, en þá er ég auðvitað reiðubúinn til samninga og samkomulags um slíka hluti.

Það hefur verið venja, þegar breytingar á stjórnarskránni hafa verið gerðar hér á Alþingi, að til þess að athuga slíkar breytingar væri sett sérstök nefnd, það væri kosin sérstök nefnd, sem kölluð hefur ætíð verið stjórnarskrárnefnd, til þess að athuga slíkt, og ég mundi leggja til, að við hefðum þann hátt á að vísu. Það er náttúrlega mögulegt að vísu að vísa hvaða frv. sem er til einhverrar n., sem manni finnst rétt, en ég held, að það sé rétt hjá okkur að halda þeirri hefð. Að vísu kann oft að verða komið fram með brtt. við stjórnarskrána, sem varða kannske ekki mjög miklu, við skulum segja bara sem dæmi kosningarréttinn og 5 ára búsetuna, sem máske mönnum fyndist líka vera rétt að endurskoða í sambandi við þetta, og mönnum mundi þá ekki finnast e. t. v. nauðsyn að vísa því til stjórnarskrárnefndar. En ég held þó, að sé réttara af okkur að gera stjórnarskránni alltaf það hátt undir höfði, að í hvert skipti, sem einhver breyting er við hana gerð, skuli skipuð sérstök nefnd í þessu, enda er það líka frá öðru sjónarmiði rétt. Um leið og við nú flytjum þetta frv. um breytingu á stjórnarskránni, þá geta auðvitað komið fram ýmsar aðrar till., t. d. í þeirri nefnd, sem málið fer til, um breytingar á stjórnarskránni, sem snerta ýmsa aðra hluti. Það kynnu að verða veigamiklar breytingar og það kynni að vera óhjákvæmilegt, að það væri sérstök stjórnarskrárnefnd, sem um það fjallaði. Ég vil þess vegna, herra forseti, gera það að till. minni, að kosin sé, eins og áður hefur tíðkazt, sérstök stjórnarskrárnefnd fimm manna í hv. d. til þess að fjalla um þetta mál, og legg svo til, að því sé að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og slíkrar nefndar, er hún hefur verið kosin.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 64. fundi í Nd., 2. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

53. Seðlabanki Íslands.

Á 60. fundi í Nd., 26. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 16. apríl 1962, um breyt. á l. nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands [220. mál] (þmfrv., A. 456).

Á 62., 63. og 64. fundi í Nd., 29. marz, 1. og 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Um það leyti, sem þing kom saman á s. l. hausti, mátti lesa þær yfirlýsingar í stjórnarblöðunum, að meginmálið, sem yrði tekið fyrir á komandi þingi, væri það að stöðva verðbólguna. Það kom réttilega fram í stjórnarblöðunum á þeim tíma, að verðbólgan væri þá mjög mikið vandamál og þess vegna skipti meira máli að fást við það mál á þinginu heldur en nokkuð annað. Ég minni á það í þessu sambandi t. d., að í Alþýðublaðinu 30. sept. s. l. sagði þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Verðbólgan hlýtur að verða aðalmál þess þings, sem hefst í steinhúsinu við Austurvöll eftir 10 daga. Landsfólkið hefur miklar áhyggjur af verðbólgunni og mun fyrst og fremst bíða eftir að heyra, hvað ríkisstj. geri á því sviði. Að vísu er hreyfing kaupgjalds og verðlags enn ekki eins hröð og hún var flest árin milli 1950 og 1958, en hættan er engu að síður geigvænleg."

Þessi ummæli Alþýðublaðsins voru að flestu leyti rétt eða öllu leyti rétt, nema ef vera skyldi um samanburðinn á árunum 1950—1958, en undir hitt er hins vegar óhætt að taka, að hættan af verðbólgunni, sem blasti við í árslok, þegar þing kom saman, var geigvænleg og þess vegna, ef allt hefði verið með eðlilegum hætti, hefði það átt að vera aðalmál þingsins að fást við hana. Þetta kom líka fram í ummælum sumra hæstv. ráðh. um þetta leyti. Þannig var nokkru eftir að þing kom saman haldinn fundur í Varðarfélaginu, þar sem hæstv. dómsmrh. hafði framsögu, Bjarni Benediktsson, og þar lýsti hann því m. a. yfir, að aðalvandinn nú sem fyrr væri að reyna að stöðva verðbólguna.

Þrátt fyrir þessar yfirlýsingar hæstv. stjórnarflokka eða forsvarsmanna stjórnarflokkanna, um það leyti sem þing hóf störf á s.l. hausti, um, að aðalmálið nú sem fyrr væri að reyna að stöðva verðbólguna, hefur ekki neitt bólað enn á því, að ríkisstj. flytti slík mál á þessu þingi, þó að nú sé komið að lokum þess. Þvert á móti hefur yfirleitt allt það, sem komið hefur fram frá hæstv. ríkisstj., stefnt miklu frekar í þá átt að auka á verðbólguna heldur en draga úr henni. Þetta finnst mér rétt að láta koma fram hér, þó að það snerti ekki nema að nokkru leyti það mál, sem hér liggur fyrir.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að það er kappsmál allra ábyrgra ríkisstj. að vinna að því, að sem minnst röskun verði á gjaldmiðlinum og skráningu gjaldmiðilsins. Það er talin

yfirleitt í öðrum löndum meginundirstaða heilbrigðs efnahagslífs og efnahagskerfis, að sem allra minnst röskun verði á gengi eða verðskráningu gjaldmiðilsins. Að vísu hljóta alltaf að verða nokkrar breytingar í þessum efnum, sem leiðir af hækkuðu kaupgjaldi og hækkuðu verðlagi, en í öðrum löndum er reynt að draga úr þessari þróun og a. m. k. alls ekki að ýta undir hana með óþörfum og tilefnislausum breytingum á skráningu gjaldmiðilsins.

Síðan hæstv. núv. ríkisstj. kom til valda, hefur verið fylgt alveg gagnstæðri stefnu hér á landi, — stefnu, sem hefur beinzt að því að fella gjaldmiðilinn í verði við skráningu miklu meira en nokkur ástæða hefur verið til. Það hefur sem sagt verið talin ein aðallausn á öllum efnahagslegum vanda að fella gjaldmiðilinn í verði. Þetta kom strax í ljós, þegar viðreisnarlöggjöfin var sett hér veturinn 1960, því að þá var gengið fellt miklu meira en nokkra nauðsyn bar til, þó að þá hefði verið hallazt að gengislækkunarleið, eins og ríkisstj. gerði. Þó kom þetta enn þá greinilegar í ljós sumarið 1961, þegar gripið var til algerlega tilefnislausrar gengislækkunar, sem ég mun síðar víkja að.

Niðurstaðan af þessu öllu er sú, að þó að tekið sé fullt tillit til þeirra yfirfærslugjalda, sem voru í gildi, þegar núv. ríkisstj. kom til valda 1959, þá hefur verðgildi gjaldmiðilsins verið fellt um nærri helming. Samkv. viðreisnarbókinni, sem ríkisstj. gaf út í febr. 1960, var verðgildi gjaldmiðilsins að yfirfærslugjöldum viðbættum, þ. e. a. s. dollarinn á 21—25 kr., en er nú kominn í 43 kr. Þetta er hin stórfellda breyting, sem hefur verið gerð á skráningu gjaldmiðils á þessum tíma, og veldur algerri röskun á okkar efnahagsmálum og raunar miklu meiri en menn gera sér grein fyrir nú, og á eftir að verða enn þá augljósari í framtíðinni, hve stórkostleg röskun hefur átt sér stað.

Gengislækkunin 1961 var enn óeðlilegri vegna þess heldur en þó fyrri gengislækkunin, að ríkisstj. hafði fengið alveg sérstakt tækifæri til verðjöfnunar og jafnvægis í þjóðlífinu. Eftir nokkurt verkfall hafði náðst samkomulag um kaupsamninga, sem fullkomlega var sjáanlegt að atvinnuvegirnir gætu vel undir risið, og þessir kaupsamningar voru gerðir til tveggja ára, þannig að ef grundvelli þeirra hefði ekki verið raskað, var tryggður vinnufriður til tveggja ára. Þá var tryggt jafnvægi í efnahagslífinu til tveggja ára og skapaður með því öruggur grundvöllur fyrir vaxandi atvinnurekstur í landinu og uppbyggingu, eftir því sem vinnuafl þjóðarinnar leyfði. Ef þetta hefði verið látið standa óbreytt þá, byggi þjóðin nú við öruggt efnahagskerfi eða byggði á öruggum, efnahagslegum grundvelli. En í stað þess að notfæra sér þetta, sem lagt var upp í hendur hæstv. ríkisstj., greip hún til þess óráðs að fella gengið algerlega að þarflausu. Og afleiðingar þess, sem nú blasa við, eru hinar geigvænlegustu.

Ég nefni það fyrst, að í kjölfar þessarar gengisfellingar hefur skapazt óðaverðbólga, sem enn hefur ekki tekizt að ráða neitt við og má segja að fari vaxandi með hverjum degi. Ég skal aðeins nefna tölur þessu til sönnunar. Þegar gengisfellingin var gerð sumarið 1961, var vísitala framfærslukostnaðar, eins og ríkisstj. reiknar hana út, ekki nema 106 stig, þ. e. a. s. 1. júlí 1961. Þá var framfærsluvísitalan, eins og ríkisstj. sjálf reiknaði hana út, ekki nema 106 stig. En nú, 20 mánuðum síðar, eða 1. marz s. l., er hún orðin 129 stig. Hún hefur sem sé hækkað um 23 stig á þessum 20 mánuðum. Og það er langsamlega mesta hækkun á framfærsluvísitölu, sem hefur átt sér stað á jafnskömmum tíma, nema undan eru skildir hinir 8 mánuðir, sem ríkisstj. Ólafs Thors sat að völdum sumarið 1942. Þessi vísitala gefur hins vegar ekki rétta mynd af ástandinu. Sú vísitala, sem raunverulega gefur rétta mynd af ástandinu, er sá hluti framfærsluvísitölunnar, sem nær til vöruverðs og verðs á þjónustu. Þegar gengið var fellt 1961, var þessi vísitala 113 stig. Núna, 20 mánuðum seinna, er þessi vísitala orðin 147 stig. Þessi vísitala verðlags og þjónustu hefur m. ö. o. hækkað um 34 vísitölustig, síðan gengið var fellt sumarið 1961, fyrir 20 mánuðum. Þetta svarar til þess, ef miðað væri við gömlu vísitöluna, sem var áður í gildi, að dýrtíðin hefði aukizt um 68 stig. Þetta er sú langsamlega mesta dýrtíðaraukning, sem hefur átt sér stað hér á landi að undanskildu stjórnartímabili Ólafs Thors 1942, og það er alveg óhætt að fullyrða það, að þessi mikli vöxtur dýrtíðarinnar, verðbólgunnar, á fyrst og fremst rætur að rekja beint og óbeint til gengisfellingarinnar 1961. Og það má bæta við um þetta, að enn þá er ekki séð fyrir endann á þeirri óðaverðbólgu, sem hér skapaðist við gengislækkunina 1961, því að enn þá heldur dýrtíðin daglega áfram að vaxa.

En ég vil nefna annað dæmi um afleiðingar gengisfellingarinnar 1961, sem mér finnst ekki síður geigvænlegt. Þegar gengið var fellt sumarið 1961, var sparifé í bönkum 3400 millj. kr. Það var það innlánsfé, sem þá var í bönkum og sparisjóðum. Fyrir gengisfellinguna nam þetta fé að verðgildi 89.6 millj. dollara. Eftir gengisfellinguna nam þetta sparifé ekki nema 79.1 millj. dollara. M. ö. o.: með einu pennastriki hafði þarna verið tekið af íslenzkum sparifjáreigendum hvorki meira né minna en verðmæti, sem svaraði til 10.5 millj. dollara, ef þetta er umreiknað í íslenzkar kr., 450 millj. ísl. kr. Með einu pennastriki eða með gengisfellingu 1961 voru raunverulega teknar af íslenzkum sparifjáreigendum 450 millj. kr., hvorki meira né minna. Og í raun og veru er þetta ekki öll verðrýrnunin á sparifénu, vegna þess að sparifé var víðar en í bönkum og sparisjóðum, eins og t. d. í innlánsdeildum kaupfélaganna og í ýmsum sjóðum öðrum en þeim, sem bankar og sparisjóðir ráða yfir, svo að sennilega er ekki fjarri lagi að reikna með því, að við gengisfallið 1961 hafi heildarsparifé landsmanna rýrnað um 500 millj. kr.

Þær afleiðingar, sem leiddi af þessu óþarfa gengisfalli og algerlega tilefnislausu gengisfellingu 1961, segja til sín á fleiri hátt en þann, sem ég hef nú nefnt. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að um þessar mundir ríkir hinn fyllsti glundroði í kaupgjaldsmálum. Flest félög launþega hafa lausa samninga og eru reiðubúin til að leggja til atlögu til að berjast fyrir bættum kjörum þá og þegar. Og þetta er eðlilegt, vegna

þess að ef menn eiga aðeins að vinna nú venjulegan vinnutíma fyrir venjulegan taxta, þá hafa þeir alls ekki nóg til lífsframfæris, og það, sem bjargar afkomu manna nú, er það, að vegna góðærisins við sjávarsíðuna, vegna óvenjulegra aflabragða er völ á meiri eftirvinnu en menn hafa áður átt kost á. En að sjálfsögðu treysta menn ekki á þetta til langframa, og þetta getur breytzt, þegar minnst vonum varir. Og þess vegna er það eðlileg stefna launþega að vinna að því, að fyrir venjulegan vinnutíma fái þeir það í laun, sem tryggir þeim sæmilega lífsafkomu. Þeir vilja hverfa frá því skipulagi vinnuþrælkunarinnar, sem nú á sér stað, og þess vegna er það, sem launþegar hafa sína samninga nú yfirleitt lausa og eru reiðubúnir til atlögu þá og þegar. Og það á áreiðanlega ekki minnstan þátt í því, að t. d. hæstv. ríkisstj. hefur nú tekið þá ákvörðun að flýta kosningum, bindur sig ekki við hinn venjulega kjördag, þó að ekkert sé því til fyrirstöðu, seinasta sunnudag í júní, heldur flýtir kosningunum um nokkrar vikur, að hún óttast það, að þessi atlaga launþega geti hafizt þá og þegar, og vill reyna að flýta kosningunum, áður en til hennar kunni að koma og afleiðingar stjórnarstefnunnar og gengisfallsins 1961 komi fullkomlega í ljós.

Eitt enn vil ég nefna, sem sýnir þann háska, sem leiddi af gengisfellingunni 1961. Það er hinn mikli ótti, sem nú er ríkjandi í landinu við það, að gripið verði til gengisfellingar strax eftir kosningar. Ef menn ræða við hinn almenna borgara, dylst það ekki neinum, að þessi ótti er mjög almennur og rekur fyrst og fremst rætur til hinnar óeðlilegu gengisfellingar 1961, eða réttara sagt, hversu gálauslega gengisskráningarvaldinu var þá beitt. Menn óttast það, að sú saga geti endurtekið sig, ef þeir flokkar fara með völd, sem fóru með þau, þegar þessi gengisfelling átti sér stað sumarið 1961.

En af þeim ástæðum hef ég verið svo margorður um gengisfellinguna 1961, að hún átti sér alveg sérstakan aðdraganda. Fram að þeim tíma, að ráðizt hafði verið í þá gengisfellingu, hafði gengisskráningarvaldið verið í höndum Alþingis, og það hafði sýnt sig, að það hafði veitt nokkurt öryggi gegn óeðlilegum gengisfellingum, að gengisskráningarvaldið var í höndum Alþingis. Það hafði verið trygging þess, að ekki var flanað út í ótímabærar og óþarfar gengisfellingar, enda nokkurn veginn víst, að ef t. d. þm. stjórnarflokkanna hefðu þurft að taka afstöðu til þess hér á Alþingi, hvort sú gengislækkun ætti að eiga sér stað eða ekki, þá er mjög vafasamt, að ríkisstj. hefði getað komið henni fram. Þess vegna var það sumarið 1961, að ríkisstj. greip til þess gerræðis, því að annað nafn er ekki hægt að hafa um það, að taka með brbl. gengisskráningarvaldið af Alþingi og leggja það að nafninu til í hendur Seðlabankans, en raunverulega þó í hendur ríkisstj., vegna þess að eins og uppbyggingu Seðlabankans er nú háttað, er það ríkisstj., sem fyrst og fremst markar stefnu hans og ræður hans gerðum, þannig að það er í raun og veru ekki nema formsatriði, að gengisskráningarvaldið sé nú í höndum Seðlabankans, heldur er það nú í höndum ríkisstj., sem ræður stefnu og gerðum Seðlabankans. Af þessari óeðlilegu breytingu leiddi strax þá gengislækkun, sem gerð var 1961, og svo af henni þær afleiðingar, sem ég hef nú rakið.

Það er til þess að reyna að koma í veg fyrir, að slík saga endurtaki sig sem átti sér stað sumarið 1961, sem ég ásamt öðrum þm. hef lagt fram það frv., sem hér liggur fyrir. Að vísu er það ekki full trygging gegn því, að ekki væri gripið til ótímabærra gengisfellinga, að gengisskráningarvaldið sé í höndum Alþingis. En ég tel það þó ólíkt meiri tryggingu en hafa þetta vald í höndum ríkisstj., því að ríkisstj. þarf óneitanlega að undirbúa málið miklu betur og mætir mótspyrnu innan sinna eigin raða, ef hún þarf að bera gengisfellingu undir þingið og láta þm. stjórnarflokkanna taka ábyrgð á þeirri aðgerð. Ég tel það þess vegna aukna tryggingu þess, að ekki væri flanað aftur út í slíkt óhæfuverk sem gengisfellingin 1961 var, að sú breyting verði aftur gerð á gengisskráningarvaldinu, að það verði lagt í hendur Alþingis, í stað þess, að það er nú raunverulega í höndum ríkisstj. En að sjálfsögðu finnst mér rétt að láta það koma fram, að það er náttúrlega engin örugg trygging gegn gengisfellingu, að þetta vald sé í höndum Alþingis, þó að það sé nokkru meiri trygging gegn því, að flanað væri út í ótímabærar og óeðlilegar gengisfellingar. Það, sem skiptir mestu máli í sambandi við það að tryggja sem stöðugast verðgildi gjaldmiðilsins, er að sjálfsögðu sjálf stjórnarstefnan eða efnahagsstefnan, sem fylgt er. Og ef við eigum að tryggja gjaldmiðlinum þann grundvöll, sem hann þarf að hafa á komandi árum, þarf hann að sjálfsögðu að vera fólginn í allt annarri efnahagsstefnu en þeirri, sem nú er fylgt. Þessi stefna miðar ekki minnst að því að gera tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu rangláta og auka deilur á milli stétta, en það hefur í för með sér átök og raskanir, sem verka oft meira og minna og óeðlilega á gjaldmiðilinn. Þess vegna er það nauðsynlegt til þess að tryggja hér stöðugan gjaldmiðil, að tekin sé upp önnur og heilbrigðari stjórnarstefna en sú, sem beitt er um þessar mundir. Það þarf að taka upp stjórnarstefnu, sem stefnir að því að skipta þjóðartekjunum réttlátlega og forða átökum milli stéttanna, — stjórnarstefnu, sem miðar að stéttafriði, í stað þess að hún stefni að stéttasundrungu, eins og sú stjórnarstefna, sem nú er fylgt. Þetta finnst mér rétt að láta koma fram í sambandi við þetta frv., þó að það snerti að vísu ekki nema eina hlið þess.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta að sinni, en leyfi mér að leggja til, að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til fjhn. og 2. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 66. fundi í Nd., 5. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

54. Hámark útlánsvaxta.

Á 42. fundi í Sþ., 27. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um hámark útlánsvaxta [223. *mál*] (þmfrv., A. 465).

Á 62., 63. og 64. fundi í Nd., 29. marz, 1. og 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 65. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Eins og rakið er í grg. þessa frv., eru útlánsvextir miklu hærri hér á landi en í öðrum nálægum löndum. Þetta veldur þeim atvinnuvegum, sem þurfa að hafa verulegt lánsfé með höndum, eins og t. d. sjávarútveginum, landbúnaðinum og iðnaðinum, þungum búsifjum, auk þess sem það eykur að sjálfsögðu dýrtíð og verðbólgu í landinu. Og þá er það að nefna, að hinir háu vextir eru sérstaklega þungbærir fyrir efnalítið fólk, sem hefur ráðizt í ýmsar framkvæmdir, eins og t. d. að eignast eigið húsnæði, og sennilega er ekki hægt að finna höft, sem lama meira framtak hinna efnaminni einstaklinga, sem vilja þó brjótast eitthvað áfram, en hafa háa vexti og koma þannig í veg fyrir, að þeir treysti sér til þess að ráðast í framkvæmdir, sem þeir mundu ella hafa hafizt handa um. Af þessum ástæðum teljum við flm. eðlilegt, að hér á landi verði horfið til nokkuð svipaðrar stefnu í þessum efnum og á sér stað í öðrum löndum um það, að útlánsvextirnir séu ekki svo háir, að þeir leggi óeðlilegar byrðar á atvinnuvegina, lami framtak hinna mörgu efnaminni einstaklinga og eigi auk þess þátt í því að auka dýrtíð og verðbólgu í landinu.

Ég vil minna á það í þessu sambandi, að af hálfu ýmissa samtaka framleiðenda hafa komið kröfur um það að undanförnu, að vextirnir yrðu lækkaðir. Eins og t. d. rakið er í grg., hafa bæði Landssamband ísl. útvegsmanna og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna nýlega samþ. áskoranir til viðkomandi aðila um það, að vextirnir verði lækkaðir. Sams konar ályktanir liggja fyrir frá samtökum bændastéttarinnar og frá ýmsum öðrum aðilum, sem þurfa á lánsfé að halda.

Mér finnst rétt að minna á það í þessu sambandi, hve mikla þýðingu vextirnir hafa fyrir hina efnaminni einstaklinga. Við skulum t. d. taka Dagsbrúnarmann eða mann með eitthvað svipuð launakjör, sem stendur í því að koma sér upp sínu eigin húsnæði. Það er lágt reiknað, að ný íbúð kosti nú um 450 þús. kr., og þótt við gerum ráð fyrir því, að þessi einstaklingur, sem litlar líkur eru til, geti lagt fram af eigin rammleik um 150 þús. kr., þá þarf hann samt að taka að láni um 300 þús. kr. Ef vextirnir væru lækkaðir um 2%, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., mundi það lækka vaxtabyrði þessa manns um 6 þús. kr. á ári. Árslaun Dagsbrúnarverkamanns nú eru um 60 þús., svo að þessi vaxtalækkun ein mundi jafngilda um 10% kauphækkun hjá þessum manni. Þetta dæmi sýnir, hve mikla þýðingu það hefur fyrir hina efnaminni borgara, að vöxtunum sé í hóf stillt.

Mér finnst rétt að láta það koma fram, að þó að útlánsvextir væru lækkaðir eins og hér er gert ráð fyrir, þá þarf það engan veginn að þýða það, að innlánsvextir verði lækkaðir jafnmikið, þó að þeir þyrftu sennilega að lækka eitthvað. Ef við lítum í reikninga t. d. aðalbankanna á s.l. ári, eins og Landsbankans, Útvegsbankans og Búnaðarbankans, þá sjáum við, að þessir bankar hafa hagnazt allmikið á árinu sem leið, og þess vegna kæmi það til athugunar, hvort þeim væri ekki fært eða lánastofnunum væri ekki fært að lækka innlánsvextina eitthvað minna en svarar til þeirrar lækkunar, sem yrði á útlánsvöxtum samkvæmt þessu frv.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta frv. að sinni, enda tel ég, að þetta mál sé svo ljóst og skýrt, að það sé óþarft að hafa um það langar ræður, en treysti á, að það fái góðar undirtektir hjá þingheimi. En áður en ég lýk máli mínu, vildi ég beina fsp. til hæstv. viðskmrh.

Á þingfundi í marzmánuði 1962 urðu hér nokkrar umr. um Seðlabankann og gengisskráninguna eða raunverulega um það mál, sem ég var að ræða hér um áðan, þ. e. a. s. þau brbl., sem þá voru sett og breyttu gengisskráningarvaldinu, og meðal þeirra, sem tóku þátt í þessum umr., var hæstv. viðskmrh. Hæstv. viðskmrh. lét þá í það skína, að þess yrði ekki langt að bíða, að vextirnir yrðu eitthvað lækkaðir. Honum fórust orð á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Sem betur fer stefnir nú á svo mörgum sviðum í rétta átt, að sá tími er vonandi ekki langt undan, að hægt sé að færa vextina aftur niður í það, sem þeir voru, áður en til viðreisnarráðstafana núv. ríkisstj. var gripið.“

Hér gefur sem sagt hæstv. viðskmrh. alveg ákveðið fyrirheit um það, að lækkun vaxtanna niður í það, sem þeir voru fyrir viðreisn, sé skammt undan. Og enn fremur fórust hæstv. viðskmrh. orð á þessa leið:

„Með þessu er ég auðvitað ekki að gera lítið úr þýðingu vaxtanna fyrir atvinnuvegina og skal engan veginn draga úr því, að æskilegt sé, að strax og ástandið í peningamálum þjóðarinnar leyfir, þá séu vextir lækkaðir og hinni þungu vaxtabyrði, sem nú hvílir á atvinnuvegunum, sérstaklega útflutningsatvinnuvegunum, að nokkru af þeim létt.“

Síðan hæstv. viðskmrh. lét þessi orð falla á Alþingi eða gaf það fyrirheit, sem í þessum ummælum felst, er nú liðið rúmlega ár, án þess að nokkuð bóli á þeirri vaxtalækkun, sem þá var látið skína í. Nú vildi ég beina þeirri fsp. til hæstv. viðskmrh., hvað það er, sem valdi því, að þessi boðaða vaxtalækkun hefur dregizt svona, og hvort ekki megi vænta þess mjög fljótlega, að ríkisstj. verði við því fyrirheiti, sem fólst í ummælum hæstv. viðskmrh., og þá jafnframt gangi til móts við þá stefnu, sem er mörkuð í þessu frv.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að að umr. lokinni verði þessu máli vísað til fjhn.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ) hefur beint til mín þeirri fsp., hvenær búast megi við því, að vextir verði lækkaðir frá því, sem nú er.

Það var einn liður í þeirri nýju stefnu í efnahagsmálum, sem núv. ríkisstj. tók upp í ársbyrjun 1960, að hækka vexti mjög verulega frá því, sem verið hafði. Tilgangur vaxtahækkunarinnar var fyrst og fremst sá að örva sem mest sparnað í landinu, en það hafði verið mjög alvarlegt um mörg undanfarin ár, hversu sparnaður þjóðarinnar var lítill. Um langt skeið undanfarið hafði ein alvarlegasta afleiðing verðbólgunnar, sem mótað hafði íslenzkt efnahagslíf, einmitt verið sú, að sparnaður þjóðarinnar var langt undir því, sem nauðsynlegt var, til þess að hægt væri að kosta framkvæmdir í landinu með eðlilegum hætti. Hinn lági sparnaður landsmanna var sem sagt ein af ástæðunum til þess, að í sívaxandi mæli var leitað erlends fjármagns til að greiða kostnað við framkvæmdir, sem nota hefði átt innlendan sparnað til að kosta, ef hann hefði verið fyrir hendi. Það kom í ljós, að hin mikla vaxtahækkun, sem gerð var á árinu 1960, hafði mjög hagstæð áhrif á sparifjármyndunina, þannig að hún hefur aldrei í sögu þjóðarinnar vaxið jafnört og hún hefur gert á því skeiði, sem runnið er síðan 1960.

Þegar í ljós kom, að stefna ríkisstj. að þessu leyti sem og ýmsu öðru virtist vera að heppnast, mæltist ríkisstj. til þess við Seðlabankann, að vextir yrðu lækkaðir nokkuð. Þeir voru lækkaðir um því sem næst 1% fyrir einu til tveimur árum, en síðan það var gert, hefur ríkisstj. talið þróunina í efnahagsmálum ekki vera þannig, að hún hafi talið frekari vaxtalækkun réttlætanlega. Á undanförnum tólf mánuðum hafa orðið svo miklar almennar kauphækkanir í landinu, að leitt hefur til almennrar hækkunar á verðlagi. Það hefur m. ö. o. gerzt, að verðgildi krónunnar hefur lækkað nokkuð og þá um leið verðgildi sparifjárins vegna almennra kauphækkana, sem orðið hafa umfram aukningu þjóðarframleiðslunnar. Meðan hætta hefur verið á því, að kaupgjald hækkaði meira en svaraði vexti þjóðarframleiðslunnar og það út af fyrir sig rýrði verðgildi sparifjárins, hefur ríkisstj. ekki talið vera rétta stefnu í efnahagsmálum, ekki rétta stefnu í vaxtamálum að lækka vexti, því að afleiðingin af því mundi eflaust verða sú, að tilhneiging til vaxandi sparnaðar mundi minnka. Reynslan hefur og sýnt undanfarið, að mikil eftirspurn hefur verið eftir fjármagni, eftir lánsfé, þrátt fyrir hina háu vexti. Meðan svo er, að mjög mikil eftirspurn er eftir lánsfé, meiri eftirspurn en í raun og veru unnt er að fullnægja án þess að beita einhvers konar skömmtun, virðist óneitanlega ekki vera tími til þess að beita sér fyrir almennri vaxtalækkun, auk þess sem afleiðingin mundi eflaust verða sú, að það drægi úr sparnaði, sem þó er mjög nauðsynlegt að haldi enn áfram að vaxa.

Spurningu hv. þm. get ég því ekki svarað öðruvísi en þannig, að ríkisstj. muni beita sér fyrir lækkun vaxta þegar í stað, er hún telur efnahagsástandið vera orðið svo tryggt, að gera megi ráð fyrir stöðugu verðlagi um nokkurn tíma fram undan. Þegar slíkt efnahagsjafnvægi hefur skapazt og ekki þarf að óttast almennar kauphækkanir, sem séu umfram aukningu þjóðarframleiðslunnar, þannig að verðgildi krónunnar geti haldizt stöðugt, — þegar slíkt efnahagsjafnvægi hefur skapazt og það er orðið tryggt, mun ríkisstj. þegar í stað beita sér fyrir lækkun vaxta, enda ætti þá ekki að þurfa að óttast, að lækkun vaxta mundi leiða til minnkandi sparnaðar.

Þetta vona ég, að megi teljast fullnægjandi svar við fsp. hv. þm. En fyrst ég á annað borð hef orðið að taka til máls til að svara þessari fsp., vil ég leyfa mér að fara nokkrum almennum orðum um þetta frv.

Fyrst og fremst vil ég andmæla þeirri staðhæfingu, sem er í fyrstu setningu grg. og hv. þm. endurtók í ræðu sinni, að útlánsvextir séu miklu hærri hér á landi en í öðrum nálægum löndum. Þetta er raunar staðhæfing, sem hefur verið endurtekin svo oft hér á hinu háa Alþingi og í blöðum, að full ástæða er til að upplýsa hið sanna í þessu máli til að reyna að stuðla að því, að menn hætti að fara með rangar staðhæfingar um þetta efni. En áður en ég gef upplýsingar um vaxtakjör í nálægum löndum, þykir mér rétt að taka það fram, að þegar borin eru saman vaxtakjör á Íslandi og í öðrum löndum, er nauðsynlegt að hafa í huga, hversu mikill munur er á vaxtakerfinu almennt hér og þar, og þá sérstaklega það, að vextir eru miklu mishærri erlendis en tíðkast hér á landi. Þeir vextir erlendis, sem oftast er getið um í blaða- og útvarpsfréttum, eru forvextir seðlabanka hlutaðeigandi lands, en þessir vextir gefa hins vegar enga rétta mynd af því, hversu háa vexti lántakendur þurfa almennt að greiða í bönkum í þessum löndum. Forvextir seðlabankanna eru vextir, sem eingöngu gilda í viðskiptum milli seðlabankanna og annarra banka, og þeir eru mun lægri en almennir viðskiptavextir í löndunum. Hliðstæðir forvöxtum seðlabanka erlendis eru í raun og veru þeir vextir, sem seðlabankinn hér á landi tekur af endurkaupanlegum víxlum, en þeir eru nú 6—6½%, eða um 3% lægri en almennir viðskiptavextir hér á landi, en þeir eru sem kunnugt er 9—9½% fyrir víxla og 10% fyrir lán á hlaupareikningi, en vextir af afurðalánum eru 7—7½%. Innlánsvextir af almennum sparisjóðsbókum eru hins vegar 7%, en af eins árs bókum 9%.

En hvernig eru nú viðskiptavextir í Danmörku? Algengustu viðskiptavextir í Danmörku eru 8½%, en vextir hér eru, eins og ég sagði, 9—10%. M. ö. o.: vextir hér eru um 1% hærri en þeir eru í Danmörku, og ég ber það undir hv. dm., hvort ástæða sé til að hafa það orðalag um þennan vaxtamun, að útlánsvextir séu hér miklu hærri en gerist í nálægum löndum. Það land af Norðurlöndum, sem við höfum nánust skipti við, er Danmörk, og þar eru vextir 1% lægri en þeir gerast hér.

Í Þýzkalandi eru almennir vextir af reikningslánum 7½%, en af yfirdráttarlánum, sem eru mjög algeng, 9%. Almennir vextir í Þýzkalandi

eru m. ö. o. frá 7½—9%. Þeir eru m. ö. o. 1—2% lægri en þeir eru hér. Það, sem villir menn í þessu sambandi, er, að forvextir seðlabankans í Þýzkalandi eru aðeins 4%, það er svo mikill munur á forvöxtum þýzkra seðlabanka og almennum viðskiptavöxtum í Þýzkalandi. Forvextir danska þjóðbankans eru 6½%, þótt almennir viðskiptavextir séu þar 8½%.

Um Bretland er það að segja, að þar eru vextir af viðskiptavíxlum 6%. Munurinn á vöxtum í Bretlandi og á Íslandi er þannig 3—4%. En ég vænti þess, að engum detti í hug að telja, að eðlilegt sé að bera saman vaxtakjör í Bretlandi, sem er fjármagnsríkasta land veraldar, og það, hverjir vextir séu eðlilegir á Íslandi, sem er eitt fjármagnsfátækasta land í Evrópu.

Um Noreg er það að segja, að í Noregi er vöxtum haldið óvenjulega lágum með alveg sérstökum ráðstöfunum og því raunverulega ekki eðlilegt að bera saman vaxtakjör hér á Íslandi og í Noregi vegna þess, að þar eru gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að halda vöxtum þar lágum.

Ef höfð er hliðsjón af því, að Íslendingar hafa undanfarna áratugi átt við að etja mikla verðbólgu, sem komið hefur mjög harkalega niður á sparifjármynduninni, hlýtur að teljast eðlilegt, að meðan verið er endanlega að vinna bug á verðbólgunni, séu vextir hér á Íslandi hafðir í hærra lagi til að tryggja sparifjármyndunina og hamla gegn verðbólgutilhneigingunni. En þrátt fyrir þetta, þrátt fyrir það þótt Íslendingar séu nú þessi árin að berjast við að kveða verðbólguna endanlega í kútinn og efla sparifjármyndunina, eru þó vextir hér á landi ekki nema 1% hærri en þeir eru í Danmörku og ekki nema 1—2% hærri en þeir eru í Þýzkalandi, en í hvorugu þessara landa hefur undanfarin ár eða áratugi verið um verðbólguþróun að ræða í neitt svipuðum mæli og hér á sér stað.

Með þessu hygg ég öll tvímæli vera tekin af um það, að það eru ýkjur, að ég ekki segi beinar rangfærslur, að endurtaka æ ofan í æ, að vextir hér á landi séu miklu hærri en gerist í nálægum löndum. Staðreyndir málsins eru aðrar.

Fyrst ég á annað borð hef tekið til máls um frv., langar mig til að fara nokkrum orðum um það, vekja athygli á því, hvað í raun og veru felst í frv. Ef þetta frv. yrði samþ., mundu vextir á Íslandi, ekki aðeins útlánsvextir, eins og hv. frsm. gerði sér tíðrætt um, heldur einnig innlánsvextir lækka um 2%. Hvað þýðir þetta, ef vextir almennt, bæði útlánsvextir og innlánsvextir, sem auðvitað hljóta að fylgja í kjölfarið vegna þess, hve lítill munur er á innláns- og útlánsvöxtum, — hvað hefur það í för með sér, ef bæði innláns- og útlánsvextir eru lækkaðir um 2%? Innstæður á sparisjóðsreikningum og hlaupareikningum í bankakerfi landsins munu nú nema um 5 þús. millj. kr. Af því leiðir, að 2% lækkun vaxta af þessu innstæðufé nemur 100 millj. kr. Hverjir eiga þetta innstæðufé á sparisjóðs- og hlaupareikningum? Það má ýkjulaust staðhæfa, að öll þjóðin eigi það, hvert einasta mannsbarn í landinu er meðeigandi að þessu innstæðufé á sparisjóðs- og hlaupareikningum. Ég hef fengið þær upplýsingar, að reikningsnúmer í bönkum og sparisjóðum séu mun fleiri en tala allra landsmanna. Stafar þetta auðvitað af því, að til eru þeir, sem eiga fleiri en eina sparisjóðsbók, fleiri en einn reikning, en þeir eru áreiðanlega sárafáir til, sem eiga ekki sparisjóðsbók, þó að það sé e. t. v. ekki mikið í þeim öllum. Ég tel því, að óhætt sé að fullyrða, að svo að segja allir landsmenn séu meðeigendur að þeim 5000 millj. sjóði, sem inneign í sparisjóði og á hlaupareikningum nemur. Þó að þessi inneign skiptist að sjálfsögðu nokkuð misjafnt, er þó mikill fjöldi sparisjóðsbóka, sem nemur álitlegri upphæð og er í eign almennings í landinu. Af þessum eigendum sparisjóðsbóka og hlaupareikninga vill hv. flm. taka 100 millj. kr. á ári. Hann vill svipta þessa aðila tekjum, sem þeir hafa haft og mundu hafa að óbreyttu ástandi, sem nema 100 millj. kr. á ári. Og hverjir eiga að fá þessar 100 millj.? Hverjir hafa yfirráð og hverjir nota þetta sparifé, þessar innstæður á sparifjárreikningunum og hlaupareikningunum? Það eru atvinnurekendur og aðrir skuldarar. Allir vita, að atvinnurekendur og skuldarar í landinu eru miklu, miklu færri en eigendur sparifjárins. M. ö. o.: það, sem hv. þm. vill gera, er að taka 100 millj. kr. af sparifjáreigendum og gefa það atvinnurekendum og skuldurum, og nú spyr ég: Er þetta hugsjón Framsfl. um tekjujöfnuð? Er þetta vinstri hugsjón Framsfl.? Er þetta eitt dæmi, sem hann vill fram færa um sína vinstri stefnu til að sanna það, að hann sé vinstri flokkur, að taka 100 millj. kr. á ári af sparifjáreigendum og rétta atvinnurekendum og skuldurum? Það má spyrja og verður að spyrja: Hverjir eru betur að því komnir á einu ári, á næsta ári, skulum við segja, að fá þessar 100 millj. í sinn vasa, sparifjáreigendurnir annars vegar eða atvinnurekendurnir og skuldararnir hins vegar? Það er spurning, — ég sé, að hv. þm. hefur kvatt sér hljóðs, — það er spurning, sem ég krefst að hann svari alveg skýrt og útúrdúralaust: Hvort telur hann, að þessar 100 millj., sem hann nú vill flytja frá sparifjáreigendum og yfir til atvinnurekenda og skuldara, séu betur komnar í vasa atvinnurekendanna og skuldaranna eða í vasa sparifjáreigendanna? Ég segi: Eins og ástandið í landinu er nú og hefur verið s.l. tólf mánuði, þá tel ég engan vafa leika á því, að þessar 100 millj. eru betur komnar, þær eiga frekar heima í vasa sparifjáreigenda, í vasa almennings, heldur en í vasa atvinnurekendanna og skuldaranna, og rökin fyrir þessu *eru ósköp einföld. Það, sem hefur verið að gerast undanfarna tólf mánuði, er því miður það,* að verðlag hefur farið hækkandi. Frumorsök þess hefur verið sú, að kaupgjald hefur hækkað meira en aukningu þjóðarframleiðslunnar nemur. Þegar slíkt á sér stað, er ómögulegt að komast hjá því, að verðlag hækki. Það hefur verið stefna ríkisstj., að ekki yrðu almennar kauphækkanir umfram aukningu þjóðarframleiðslunnar, og það hefur verið skoðun ríkisstj., og hún er ómótmælanlega rétt, að ef þessari stefnu hefði verið fylgt, ef hækkun kaupgjalds hefði verið haldið innan þess ramma, sem aukningu þjóðarframleiðslunnar nemur, hefði verðlag ekki þurft að hækka á Íslandi á s.l. tólf mánuðum. En því miður varð stefna ríkisstj. ekki ofan á. Sú stefna, sem ofan á varð, var stefna, sem þessi hv. þm.

m. a. studdi og var einn af frumkvöðlunum að, að kaupgjaldið mætti hækka um það, sem það hækkaði, þó að það væri augljóslega umfram hækkun þjóðarframleiðslunnar, og þess vegna varð afleiðing af kauphækkununum hækkun verðlags, en afleiðing af verðlagshækkuninni hefur orðið rýrnandi gildi sparifjárins. Sparifjáreigendur hafa tapað á verðlagshækkuninni, og það er einmitt einn höfuðókostur slíkrar óeðlilegrar verðlagshækkunar, að sparifjáreigendur tapa. En hverjir græddu það, sem sparifjáreigendur töpuðu? Það gerðu atvinnurekendur og skuldarar. Hver sú króna, sem hin óeðlilega og óþarfa verðlagshækkun svipti sparifjáreigendur, fór í vasa atvinnurekenda og skuldara. Þetta er það, sem hefur verið að gerast undanfarna tólf mánuði. Atvinnurekendur og skuldarar hafa verið að græða á kostnað sparifjáreigenda, ekki að vilja ríkisstj. eða ríkisvaldsins, heldur gegn vilja ríkisstj., en fyrir tilstuðlan þessa hv. þm. og hans flokks, fyrir tilstuðlan þeirra. Eftir að þetta hefur gerzt, eftir að Framsfl. og Alþb. hafa beitt sér fyrir stefnu í verðlagsmálum, sem haft hefur í för með sér vissa hækkun kaupgjalds og verðlags, sem svo á hinn bóginn hefur valdið sparifjáreigendum tjóni, en atvinnurekendum og skuldurum gróða, ofan í þetta flytur þessi þm. — ég segi: leyfir þessi hv. þm. sér að flytja frv., sem vill taka enn þá meira af sparifjáreigendum og gefa atvinnurekendum og skuldurum enn þá meira. Um þetta má hafa þau orð, að hér fer skörin sannarlega að færast upp í bekkinn, hér er sannarlega höggvið tvívegis í sama knérunn.

Flokkur hv. þm. hefði átt að láta við það sitja að styðja þá ólánsstefnu, sem leiddi til óþarfrar verðhækkunar á s.l. ári. Hann á ekki að bæta gráu ofan á svart með því að leggja til að taka enn þá meira af sparifjáreigendum og hygla atvinnurekendum og skuldurum enn þá meira. Stefna flokks hans var nógu óþörf, hún var til nógu mikillar óþurftar í sjálfri sér eins og hún var, þó að þar sé ekki bætt nýju ranglæti ofan á.

Ein höfuðástæða þess, að ríkisstj. treystir sér ekki til að leggja til vaxtalækkun núna, er einmitt það ranglæti, sem undanfarið hefur orðið gagnvart sparifjáreigendum, einmitt vegna óeðlilegrar stefnu, rangrar stefnu í kaupgjalds- og verðlagsmálum.

Það má auðvitað spyrja, hvort atvinnurekendur og skuldarar þurfi ekki á þessum 100 millj. að halda. Eru þeir ekki svo illa haldnir, stynja þeir ekki svo þungt undir hinum háu vöxtum, að þeir eigi skilið að fá þessar 100 millj. frá sparifjáreigendunum? Þessi spurning á vissulega rétt á sér, og ég skal reyna að svara henni með örfáum orðum. Ég svara henni algerlega og hiklaust neitandi. Fyrri rök mín fyrir þeirri neitun eru þau, að á undanförnum tólf mánuðum hafa atvinnurekendur og skuldarar verið að græða á kostnað sparifjáreigendanna, þeir hafa verið að því, og ég endurtek og undirstrika: ekki samkvæmt vilja ríkisstj., heldur gegn vilja ríkisstj. Hitt, sem þó tekur af öll tvímæli um það, hvort ástæða sé til að gefa atvinnurekendum og skuldurum 100 millj. frá sparifjáreigendum, er, að nú í dag er gífurleg eftirspurn eftir fjármagni við þeim vöxtum, sem nú gilda, svo mikil, að það er torvelt að fullnægja henni. Skyldi það benda til þess, að ástæða sé til að lækka vextina, að brýn þörf sé á að lækka vextina? Atvinnurekstur á Íslandi hefur aldrei í sögu landsins verið blómlegri en hann er í dag. Geta íslenzkra atvinnuvega til að greiða mannsæmandi kaup hefur aldrei í sögu landsins verið meiri en hún er í dag, og geta íslenzkra atvinnuvega til að skila eigendum arði af eigin fé og til að greiða eigendum lánsfjár vexti af lánsfé hefur aldrei verið meiri en í dag. Undir þessum kringumstæðum hlýtur að teljast óþarfi að beita sér fyrir mikilli vaxtalækkun.

Á hinu aftur á móti hefur aldrei verið meiri nauðsyn en í dag að halda áfram að efla sparifjármyndun landsmanna. Á því ári, sem nú er nýbyrjað, hyggst ríkisstj. beita sér fyrir miklum framkvæmdum, meiri framkvæmdum en nokkurt undanfarandi ára, og munu fyrirætlanir ríkisstj. í þeim efnum bráðlega koma í ljós. Þegar framkvæmdaáætlun fyrir árin 1963—1966 verður lögð fyrir hið háa Alþingi innan fárra daga, mun koma í ljós, að miklar framkvæmdir eru fyrirhugaðar í landinu þegar á þessu ári, sem nú er nýbyrjað. En frumskilyrði þess, að unnt sé að hrinda slíkri fjárfestingu í framkvæmd með heilbrigðum hætti, er, að sparifé haldi áfram að vaxa. Þetta frv., ef samþ. yrði, ynni gegn því, að sparifé héldi áfram að vaxa. Það mundi leiða til minnkandi sparifjármyndunar og þar af leiðandi verða til þess að torvelda þær auknu framkvæmdir, sem flm. þess og hans flokkur þykist þó í orði kveðnu vilja frekar en margt eða jafnvel flest annað. En í þessum efnum eins og mörgum fleiri stangast á fyrirætlanir þessa hv. þm. og þessa flokks á hinum ýmsu sviðum. Hann og hans flokksmenn halda hér miklar ræður um nauðsyn aukinna framkvæmda, aukinnar fjárfestingar, en að hinu leytinu bera þeir fram frv., sem mundu vinna gegn því, að hægt yrði að koma fram hinni auknu fjárfestingu, af því að undirstaða hennar hlýtur að vera aukinn sparnaður, en afleiðing þessa frv. og annarra ráðstafana, sem þeir stinga upp á, mundi verða minnkaður sparnaður.

Ég hika því ekki við að staðhæfa, að það væri mjög alvarlegt víxlspor, ef frv. eins og þetta yrði samþykkt eða þær ráðstafanir, sem gert er ráð fyrir í því, yrðu framkvæmdar. Það yrði mjög mikið víxlspor. Að endingu skal ég undirstrika, í hverju ég fyrst og fremst tel þetta víxlspor vera fólgið.

Hér yrði um að ræða víxlspor að tvennu leyti. Annars vegar væri það röng stefna í efnahagsmálum, eins og á stendur nú í íslenzku atvinnulífi og fjárhagsmálum. Það væri röng stefna, eins og á stendur nú í íslenzkum atvinnu- og fjárhagsmálum, að lækka vexti, vegna þess að vaxtalækkun mundi minnka sparifjármyndunina og þar af leiðandi torvelda ríkisvaldinu og einstaklingum þær framkvæmdir, sem fyrirhugaðar eru og eru bráðnauðsynlegar. Ég segi því: Í fyrsta lagi felst í þessu frv. röng stefna í efnahagsmálum, skaðleg stefna, því að hún yrði vaxandi fjárfestingu til óþurftar og trafala. En í öðru lagi væri þetta stórt víxlspor vegna þess, að í

þessu mundi felast gífurlegt félagslegt ranglæti. Í frv. felst gífurlegt félagslegt ranglæti, því að ég get ekki annað en kallað það gífurlegt félagslegt ranglæti að svipta sparifjáreigendur 100 millj. kr. á einu ári og rétta þær 100 millj. kr. aðilum, sem sízt þurfa þess með og sízt eiga rétt á því, atvinnurekendum og skuldurum.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Í þessum umr. hafa menn fengið að kynnast tveimur útgáfum af hæstv. viðskmrh. Sú útgáfa, sem birtist af honum hér í ræðustólnum áðan, var sú, að vaxtalækkun væri eiginlega hinn mesti fjárhagslegur glæpur, kæmi niður á þeim, sem sízt skyldi, mundi draga úr sparifjáraukningu, torvelda framkvæmdir og þar fram eftir götunum. Þetta var útgáfan af hæstv. viðskmrh., sem talaði hér úr ræðustólnum áðan. En ég las upp hér áðan allt aðra útgáfu af hæstv. viðskmrh. Það var útgáfan 1962, í marzmánuði 1962. Þá fórust hæstv. viðskmrh. þannig orð í þinginu, með leyfi hæstv. forseta:

„Sem betur fer stefnir nú á svo mörgum sviðum í rétta átt, að sá tími er vonandi ekki langt undan, að hægt sé að færa vextina aftur niður í það, sem þeir voru, áður en til viðreisnarráðstafana núverandi ríkisstj. var gripið.“

Útgáfan af hæstv. viðskmrh. 1962 hljóðar á þá leið, að þess sé vonandi ekki langt að bíða, að hægt verði að lækka vextina og framkvæma hinn voðalega efnahagslega glæp, sem hann var svo að lýsa hér áðan. Þetta er ágætt dæmi um málflutning hæstv. viðskmrh.: eitt í dag og annað á morgun. En í þessum efnum vil ég segja það, að mér finnst útgáfan af hæstv. viðskmrh. frá því í marz í fyrra vera miklu réttari en sú, sem birtist af honum hér áðan.

Hæstv. viðskmrh. talaði mikið um það, hverjir það væru, sem mundu græða á vaxtalækkuninni. Það er alveg sjálfsagt að athuga það spursmál. Ég er ekki þeirrar skoðunar, sem hann segir, að þeir, sem mundu fyrst og fremst græða, væru atvinnurekendur og stórskuldarar. Það eru allt aðrir aðilar, sem mundu græða miklu meira á þessu, aðilar, sem hafa miklu meiri þörf fyrir það, að létt sé á þeirra byrðum. Ég á við þá aðila, sem hinir háu vextir hvíla þyngst á. Og hinir háu vextir hvíla þyngst á hinum efnaminni borgurum í landinu og alveg sérstaklega á unga fólkinu, sem er að ráðast í framkvæmdir og er að byggja upp sín eigin heimili og sína eigin atvinnu. — Það er sérstaklega á þessu fólki, sem hinir háu vextir eru þungbærir. Það er verið að greiða fyrir þessu fólki fyrst og fremst með því að lækka vextina, en ekki hinum stóru atvinnurekendum og skuldurum. Hinir háu vextir hvíla tiltölulega þyngst á hinum efnaminni, hinum mörgu efnaminni einstaklingum í landinu, sem hafa verið að ráðast í framkvæmdir á undanförnum árum eða ætla sér að ráðast í þær. Og alveg sérstaklega leggjast þeir þungt á unga fólkið, sem er að mynda sín eigin heimili og er að koma sér upp sínum eigin atvinnufyrirtækjum. Og ef það er nokkurt fólk í landinu, sem við eigum að hugsa um, sem ríkisstj. á að hugsa um, sem Alþ. á að hugsa um, þá er það hin unga og vaxandi kynslóð. Það er mál þessa fólks, sem við eigum að leggja megináherzlu á og vinna fyrst og fremst fyrir. Ég segi, að með hinum háu vöxtum, með hinum miklu okurvöxtum, sem nú eru hér, erum við að þyngja byrðarnar á því fólki, sem sízt getur undir þeim risið, hinum efnaminni borgurum og unga fólkinu í landinu.

Ég segi það aftur, að það á að vera aðalverkefni hverrar ríkisstj. og hvers Alþ. að vinna að því að skapa hinum efnaminni borgurum og hinu unga fólki í landinu sem bezt og viðunanlegust starfsskilyrði. En það gerum við sannarlega ekki með þeirri stefnu, sem nú er ríkjandi í þessum efnum.

Hæstv. ráðherra úthellti sér mjög út af því, hvað hann bæri hag sparifjáreigenda mikið fyrir brjósti. Ég held, að það hafi sjaldan heyrzt öllu meiri hræsni úr þessum ræðustól heldur en þegar hæstv. viðskmrh. er að tala um það, að hann beri hag sparifjáreigenda fyrir brjósti. Ég var að rifja það upp hér rétt áðan, hvernig var farið með sparifjáreigendur á sumrinu 1961. Með einu pennastriki voru ekki teknar af sparifjáreigendum 100 millj., eins og hæstv. viðskmrh. var nú að tala um, — með einu pennastriki voru þá teknar af sparifjáreigendum 500 millj. kr., með gengisfellingunni 1961. Ég sýndi fram á það með þeim tölum, sem ég greindi áðan, að fyrir gengisfellinguna 1961 nam sparifé í bönkum og sparisjóðum landsins um 89.6 millj. dollara, miðað við það verðgildi, sem þá var á krónunni. Eftir gengisfellinguna, eftir þetta eina pennastrik var verðmæti þess sparifjár, sem var í bönkum og sparisjóðum, komið niður í 70.1 millj. dollara eða hafði lækkað með þessu eina pennastriki um hvorki meira né minna en 450 millj. ísl. kr., miðað við núverandi gengi. Og þó er hér ekki talið með mikið sparifé, sem er annars staðar en í bönkum og sparisjóðum, eins og t. d. innlánsdeildum kaupfélaganna og í mörgum öðrum sjóðum. Hvernig getur svo hæstv. viðskmrh., sem er frumkvöðull þessarar stefnu, komið hér fram og látizt vera einhver sérstakur verndari sparifjáreigenda í landinu, — maðurinn, sem hefur haft forustu um hið mesta gerræði gegn þeim, sem hægt er að finna dæmi um í íslenzkri sögu, hina algerlega tilefnislausu gengislækkun 1961? Ég satt að segja hafði ekki átt von á því af hæstv. viðskmrh., að hann skyldi vera jafnblygðunarlaus og leyfa sér slíkt eins og það að tala hér eins og hann væri alveg sérstakur velunnari og verndari sparifjáreigenda í landinu, eftir þær aðfarir gegn sparifjáreigendum, sem áttu sér stað sumarið 1961.

En svo er um það að ræða í þessu sambandi, hvort það væri óhagstætt fyrir sparifjáreigendur í raun og veru, ef vextirnir lækkuðu. Væri það þeim til óhags? Það, sem væri um að ræða, ef vextir lækkuðu t. d. á innlánsfé og sérstaklega við lækkun á útlánsvöxtum, væri það, að þeir, sem hafa nú örðugustu aðstöðu í landinu, fengju kjör sín verulega bætt, eins og t. d. unga fólkið og aðrir þeir, sem standa í framkvæmdum. Þetta mundi verða til þess, að það mundi draga úr kaupskrúfunni. Kaupskrúfan yrði minni en ella, vegna þess að með þessum hætti fengju þessir aðilar, sem annars kannske knýja fastast

á með kaupbætur, af því að þeir eru lakar settir, kjarabætur, án þess að til kauphækkunar mundi koma. Vaxtalækkun mundi þannig verða til þess að draga úr kaupskrúfunni og draga úr verðbólguhættunni. Jafnframt yrði vaxtalækkun til þess að draga verulega úr dýrtíð, vegna þess að þá gætu þeir aðilar, sem fengjust t. d. við verzlun og framleiðslu, lækkað að einhverju leyti verðlag á vörum sínum eða sem svaraði vaxtalækkuninni, og þannig yrði þetta til lækkunar á verðlagi í landinu. M. ö. o.: lækkun vaxtanna mundi verða til þess að draga úr dýrtíðinni, lækkun vaxtanna mundi verða til þess að draga úr kaupskrúfunni og verðbólguhættunni í landinu, mundi verða til þess að gera gjaldmiðilinn stöðugri en hann er, draga úr þeirri hættu, að til nýrrar gengislækkunar þyrfti að koma, eins og margir tala um nú. Og hvort halda menn að sé nú þýðingarmeira fyrir sparifjáreigendur, að vextir séu eitthvað lægri á innlánsfé þeirra eða að það fáist aukin trygging fyrir því, að ekki komi til gengisfalls?

Hæstv. viðskmrh. var að tala um það, að vaxtamunur á innlánsfé frá því, sem nú er, og miðað við það, sem var fyrir viðreisnina, væri eitthvað í kringum 100 millj. á ári. En gengislækkun eins og sú, sem gerð var hér sumarið 1961, svarar til þessarar upphæðar í fimm ár. Og hvort hefði nú verið betra fyrir sparifjáreigendur sumarið 1961, að vextirnir hefðu verið eitthvað lækkaðir og þannig skapaður betri rekstrargrundvöllur fyrir frystihúsin, sem stóðu kannske einna höllustum fæti, í stað þess að það var gripið til þeirrar gengislækkunar, sem þá átti sér stað? Ég held, að hver og einn sparifjáreigandi, sem athugar þetta mál, mundi hiklaust segja, að það hefði verið betra að lækka vextina sumarið 1961 heldur en að fella gengið, eins og þá var gert, og bíða það tjón, sem ráða má af framangreindum tölum.

Hæstv. ráðherra kom hvað eftir annað að því, að sú verðbólguþróun, sem hefði átt sér stað í landinu á undanförnum missirum, væri kauphækkunum að kenna. Þetta er rangt. Það eru allt aðrar ástæður, sem liggja til þessarar dýrtíðar- og verðbólguþróunar. Það er fyrst og fremst sú stefna ríkisstj. að fella gengið hvað eftir annað, leggja á nýja skatta hvað eftir annað og skerða kjör manna á þann hátt, sem hefur leitt til þeirrar verðbólguþróunar, sem hefur átt sér stað í landinu á undanförnum missirum. Kauphækkanirnar eru ekki annað en afleiðing af þeirri hækkunarstefnu og gengisfellingarstefnu, sem hæstv. ríkisstj. hefur fylgt. Það er hæstv. ríkisstj., en ekki launþegarnir, sem ber ábyrgð á þeirri verðbólguþróun, sem hefur orðið hér í landinu á undanförnum missirum.

Hæstv. viðskmrh. var að gera mikið úr þeirri sparifjáraukningu, sem hefði átt sér stað í landinu á undanförnum árum, eða síðan hin svonefnda viðreisn kom til sögunnar. Ef hæstv. viðskmrh. lítur á tölurnar einar, hefur átt sér stað talsverð aukning sparifjár. En það eru ekki tölurnar, sem tala réttustu máli í þessu efni, heldur það verðgildi, sem þessar tölur hafa. Og ef við t. d. breytum sparifjárinneigninni, sem var hér, þegar viðreisnin kom til sögunnar, í erlendan gjaldeyri, og svo aftur þeirri sparifjárinneign, sem við eigum í dag, í erlendan gjaldeyri, þá munum við sjá, að munurinn á sparifénu er svo að segja enginn á þessu tímabili, ef við miðum sparifjáreignina við réttan gjaldeyri eða gjaldeyri, sem hefur staðið í stað allan þennan tíma. Slík hefur orðið hin gífurlega rýrnun á verðmæti peninganna á þessum árum, að jafnvel þó að sparifjáreignin í tölum sé nú allt að því helmingi hærri en hún var fyrir 3 árum, er raunverulegt verðmæti hennar næstum hið sama og þá var, ef miðað er við erlendan gjaldeyri eða gjaldeyri, sem haldizt hefur stöðugur allan þennan tíma.

Því fer þess vegna fjarri, sem hæstv. ráðh. er að tala um, að hér hafi orðið raunverulega mikil aukning á sparifé vegna hinna háu vaxta. Slík aukning hefur ekki átt sér stað, ef miðað er við raunverulegt verðgildi peninganna.

Hæstv. ráðherra var að reyna að gera mikið úr því, að það væri rangt, sem segir í grg. þessa frv., að vextir séu miklu hærri hér en í flestum nálægum löndum. Og hann vitnaði til nokkurra landa í þessu sambandi. Hann vitnaði til Danmerkur, þar sem vextir eru hæstir í Evrópu utan Íslands. En hæstv. ráðh. veit líka, að vextirnir þar voru að verulegu leyti ákveðnir gegn vilja þeirrar ríkisstj., sem nú fer þar með völd. Seðlabanki þar í landi hefur vald til að ákveða vextina og ákvað þá hærri en danska stjórnin óskaði eftir og taldi sanngjarnt. Af hálfu beggja stjórnarflokkanna þar í landi, jafnt jafnaðarmanna og radikala, var þessi vaxtahækkun í Danmörku mjög gagnrýnd. Í blöðum flokkanna, t. d. aðalmálgagni jafnaðarmanna, komu fram eindregin mótmæli gegn því, að hér væri um réttmæta ráðstöfun að ræða. Það var í tveimur löndum, Danmörku og V.-Þýzkalandi, að þar voru vissir vextir nokkuð háir. En ef hæstv. ráðherra fer til Englands, eins og hann gerði, eru útlánsvextir 3—4% lægri þar en hér. Í Noregi eru þeir enn lægri. Í Svíþjóð eru þeir einnig mun lægri en hér. Í Bandaríkjunum eru þeir miklu lægri. Þess vegna er það engin fjarstæða, sem sagt er í grg., að vextir séu yfirleitt mun lægri í öðrum nálægum löndum en þeir eru hér á landi.

Hæstv. ráðherra var svo mikið niðri fyrir, að hann sagði hér setningar, sem ég trúi ekki að hann hafi meint alvarlega. Ég trúi því t. d. ekki, að hæstv. ráðherra hafi meint það alvarlega, þegar hann var að tala um, að verið væri að kveða verðbólguna í kútinn. Er það virkilegt, að hæstv. viðskmrh. finnist þetta, að nú sé verið að kveða verðbólguna í kútinn? Finnst honum merki um það, að verið sé að kveða verðbólguna í kútinn, þegar svo að segja allir kaupgjaldssamningar í landinu eru lausir? Og ég get vitnað hér til ágæts flokksbróður hæstv. ráðherra, sem er ekki þeirrar skoðunar, að verið sé að kveða verðbólguna í kútinn, og það er sjálfur hæstv. forseti deildarinnar, ef ég mætti hafa hér yfir ummæli, sem hann skrifaði í blað sitt 30. sept. s.l., með leyfi hans. Þau hljóða á þessa leið, með leyfi forseta:

„Verðbólgan hlýtur að verða aðalmál þess þings, sem hefst í steinhúsinu við Austurvöll

eftir 10 daga. Landsfólkið hefur miklar áhyggjur af verðbólgunni og mun fyrst og fremst bíða eftir að heyra, hvað ríkisstj. geri á því sviði. Að vísu er hreyfing verðlags og kaupgjalds enn ekki eins hröð og hún var flest árin milli 1950 og 1958, en hættan er engu að síður geigvænleg."

Þetta sagði hæstv. forseti í byrjun þings. Síðan hefur, eins og ég rakti hér áðan, ekki bólað á neinum ráðstöfunum af hálfu hæstv. ríkisstj. til að draga úr verðbólgunni, heldur hafa yfirleitt öll þau mál, sem hún hefur flutt hér á þingi, frekar stuðlað að því að auka verðbólguna heldur en hið gagnstæða. Sú lýsing, sem hæstv. forseti d. gaf á þessu ástandi, þegar þing kom saman, er alveg rétt, og ég er alveg viss um, að það eru allir fúsir til að taka undir hana nema kannske hæstv. viðskmrh., sem kemur hér upp geysilega rogginn og segist vera að kveða verðbólguna í kútinn! Ég trúi því nú satt að segja ekki, að hæstv. ráðh. hafi meint þetta alvarlega. Ég held, að þetta hafi hrotið úr honum eins og hálfgerð öfugmæli, eins og margt annað, sem hann sagði í þessari ræðu sinni.

Ég vil að síðustu rifja það upp aftur, hverjir það eru, sem mundu græða mest á því, ef vextirnir væru lækkaðir, hverjir það eru í landinu, sem vextirnir leggjast á með mestum þunga, og þess vegna sé eðlilegt, að vaxtalækkun eigi sér stað.

Þeir aðilar, sem hinir háu vextir leggjast þyngst á, eru tvímælalaust hinir efnaminni borgarar í landinu og það alveg sérstaklega unga fólkið. Og það er einmitt hagur þessa fólks, sem ríkisstj. og Alþingi á fyrst og fremst að hugsa um. Þess vegna er það knýjandi réttlætismál, að dregið sé úr hinum miklu okurvöxtum, sem nú eiga sér stað. En af þeirri ræðu, sem hæstv. viðskmrh. flutti hér, er það bersýnilega langt undan, að vextir verði lækkaðir, ef hæstv. ríkisstj. og hennar flokkar eiga að halda áfram völdum, því að eftir því sem hæstv. viðskmrh. dró upp myndina hér, verða vextir aldrei lækkaðir, því að til þess að það væri mögulegt, mætti þjóðin ekki eiga frekari hættu á kauphækkun yfir höfði sér, það þyrfti að vera komið algert jafnvægi og annað þar fram eftir götunum, eða sem sagt alls konar forsendur, sem engar líkur eru til að verði fyrir hendi hér í náinni framtíð og alls ekki að óbreyttri stjórnarstefnu. Það er þess vegna alveg augljóst, að ef hæstv. ríkisstj. heldur áfram völdum, þá mun þjóðin búa áfram við sama vaxtaokrið og á sér stað í dag, það verður ekki dregið úr því. Það kom alveg ljóst fram í því, sem hæstv. viðskmrh. sagði hér áðan. Þess vegna er það, að þeir, sem vilja vinna að því að bæta hag þeirra, sem lakast eru settir í landinu, hinna efnaminni borgara og unga fólksins alveg sérstaklega, munu ekki vinna að framgangi þeirra mála með því að styðja hæstv. ríkisstj., sem hefur lýst því raunverulega hér yfir í gegnum munn hæstv. viðskmrh., að vaxtaokrinu verði haldið áfram um ófyrirsjáanlegan tíma.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég heyri það, að hv. þm. hefur hitnað talsvert í skapi út af þeim orðum, sem ég lét falla um frv. hans áðan. Ég get að vísu vel skilið það. Hann er skapmaður, og ég er ekkert hissa á því, þó að hann láti ekki herma upp á sig annað eins og hann varð ber að áðan, án þess að honum sárnaði svolítið, það tel ég vera alveg eðlilegt. Hitt þykir mér hins vegar miður, að hann virðist hafa farið talsvert úr jafnvægi. Hann viðhafði mikil stóryrði, án efa sögð að óyfirveguðu ráði. Hann kallaði gengisbreytinguna 1961 mesta gerræði sögunnar. Fyrr má nú vera: mesta gerræði sögunnar — og hann margendurtók, að málflutningur minn væri algerlega blygðunarlaus. Ég mun nú horfa fram hjá öllu þessu. En það sem verra var, ýmis rök hans í ræðunni báru þess greinilega vitni, að dómgreind hans hafði færzt algerlega úr skorðum, og um það skal ég nú nefna tvö dæmi og láta þar með minum afskiptum af þessu merka frv. lokið.

Hv. þm. sagði, að það væri ekki mikið, sem þetta frv. ætlaðist til gagnvart sparifjáreigendum, þó að það svipti þá 100 millj. og gæfi þær skuldurum og atvinnurekendum, því að með einu pennastriki hefði ríkisstj. og Seðlabankinn í ágúst 1961 rænt sparifjáreigendur 500 millj. kr. Hér er satt að segja um svo mikla fávizku að ræða og svo bjánalegan málflutning, að það er hv. þm. til skammar. Hv. þm., sem hefur um áratugi verið ritstjóri við stórt dagblað, það er honum til skammar að misreikna sig svo hörmulega sem hér á sér stað, og nú skal ég sýna fram á, í hverju þessi fáránlegi misskilningur liggur.

Hv. þm. gerir sér lítið fyrir og reiknar sparifjáreign landsmanna yfir í dollara eftir genginu fyrir ágústbyrjun 1961 og eftir ágústbyrjun og reiknar svo dollaramismuninn yfir í íslenzkar kr. Ef sparifjáreigendur hefðu raunverulega tapað þessari upphæð, sem sparifjáreignin umreiknuð í dollara nemur, jafngildir þetta því, að hv. þm. telji alla sparifjáreigendur eingöngu nota sparifé til að kaupa dollara. Ef það er mælikvarði á verðgildi sparifjárins, hvert dollaragengið er og hvernig það breytist, þá getur það því aðeins verið réttur mælikvarði, að menn noti hverja krónu alls sparifjárins til að kaupa dollara. Sjá ekki hv. þm., hvað þetta er hneykslanlega fíflalegur málflutningur? Eða má ég spyrja hv. þm., notar hann allt kaup sitt til að kaupa dollara? Telur hann, að kaupmáttur kaups síns hafi breytzt í nákvæmlega sama hlutfalli og verð dollara hækkaði við gengisbreytinguna? Ef hann notar allt sitt kaup til að kaupa dollara fyrir, þá er þetta rétt. En það þykir mér satt að segja afskaplega ósennilegt. Það kann að vera, að hann kaupi einhverja dollara fyrir einhvern hluta af kaupi sínu, það veit ég ekki. Hitt veit ég, að hann kaupir fyrir hluta af kaupi sínu vörur, sem keyptar eru fyrir dollara og þar af leiðandi hækka í verði sem svarar verðhækkun dollarans. En hitt veit ég líka, að hann kaupir fyrir annan hluta af kaupi sínu vörur, sem enginn dollari hefur farið í að framleiða eða nær enginn dollari hefur farið í að framleiða. Þær vörur hækka ekki í verði, þó að dollarinn hækki í verði. Eða hækkaði kjöt og mjólk eftir gengisbreytinguna í sama hlutfalli og dollarinn hækkaði? Hækkuðu föt í sama hlutfalli? Hækkuðu bíómiðar í sama hlutfalli? Og þannig mætti lengi halda áfram að telja. Nei, hér fellur hv. þm.

í svo augljósan pytt, að ég hefði gjarnan getað kosið mér að þurfa ekki að horfa á hann niðri í þessum pytti. Mér dettur raunar ekki í hug, að hv. þm. sé svo skyni skroppinn, að hann sjái ekki við svolitla umhugsun, um hvers konar fásinnu hann hefur gert sig sekan, en þá á hann að koma hér og játa það, að þarna hljóp áróðurstilhneigingin með hann í gönur og hann varð sér til minnkunar.

Hin stórfjólan, sem hv. þm. rétti d. í ræðu sinni, var sú, að í ágúst 1961 hefði valið verið á milli þess að lækka vexti eða lækka gengið. Hann sagði: Ef vextir hefðu verið lækkaðir fyrr á árinu 1961, mátti komast hjá því að lækka gengið. — Hitt er í raun og veru bara smáreikningsskekkja hjá þeim endemum, sem í þessu felast. Ef einhver glóra væri í þessu, ætti það að þýða það sama fyrir íslenzka útflutningsatvinnuvegi að fá 2% lækkun á vöxtum með sínum skuldum og fá 11% hækkun á öllum sínum útflutningstekjum.

Gengislækkunin í ágúst 1961 færði íslenzkum útflutningsatvinnuvegum 13% aukningu á því fé, sem þeir fá fyrir útflutning sinn. Sannleikurinn er sá, að kaupgjald hafði hækkað svo mjög í íslenzkum útflutningsatvinnuvegum, að þessi 13% aukning á tekjum útflutningsatvinnuveganna fyrir útflutning rétt gerði að jafna þá kauphækkun, sem orðið hafði. En nú kemur hér einn hv. þm. og ritstjóri stjórnmáladagblaðs og heldur því fram, að það séu nokkurn veginn jafnar tölur, 13% af öllum útflutningi íslenzkra útflutningsatvinnuvega og 2% lækkun á vöxtum af skuldum þeirra. Mikið mega þeir vera skuldugir eftir langa stjórnarþátttöku flokks hans í stjórn landsins. Mikið mega þeir vera skuldugir, ef 2% lækkun á vöxtum af skuldunum jafngildir 13% hækkun á öllum þeirra útflutningstekjum.

Hér er augljóslega um svo fáránlegan málflutning að ræða, að að því þarf ekki frekari orðum að eyða. En ég vil ráðleggja hv. þm. að hafa svolítið meira jafnvægi í málflutningi sínum og huga, ef hann ætlar að halda þessum umr. áfram, þannig að honum verði ekki jafnógurlegar skyssur á eins og honum urðu í þeim tveim tilfellum, sem ég hef nú gert að umræðuefni.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég held, að þau ummæli, sem hæstv. viðskmrh. viðhafði nú, eins og um fávizku, þjánalegan og hneykslanlegan málflutning, séu beztu sýnishorn um það, hvorum okkar hafi runnið meira í skap, mér eða honum. Ég held, að ég hafi ekki notað ummæli eins og hann hvað þetta snertir.

Ég skal þá víkja að þeim tveimur aths., sem hæstv. viðskmrh. gerði. Hann sagði viðkomandi rýrnun sparifjárins, sem leiði af gengislækkuninni 1961, að þá væri ekki rétt að miða við dollara, breyta henni í dollara fyrir gengisfellinguna og eftir gengisfellinguna, — það væri ekki rétt mynd, sem fengist á þennan hátt. En samkv. því hefur rýrnun sparifjárins orðið eitthvað um 11%. Hæstv. viðskmrh. sagði, að það væri rétt að miða þetta við þá hækkun, sem hefði orðið á framfærslukostnaðinum innanlands vegna gengislækkunarinnar. Og ég skal gjarnan reikna út dæmið fyrir hann á þann hátt.

Eins og ég nefndi hér áðan, er ég talaði fyrir öðru máli, var framfærsluvísitalan 1. júlí 1961 106 stig, þ. e. a. s. sú framfærsluvísitala, sem *rikisstj.* miðar við. Í dag er þessi vísitala, framfærsluvísitalan innanlands, 129 stig. Hún hefur hækkað um 23 stig á þessu tímabili, þ. e. a. s. framfærslukostnaðurinn hefur hækkað um 23%. Vísitalan hefur hækkað um 23 stig á þessu tímabili, síðan gengislækkunin varð, eða um 23%. Og eins og ég sýndi fram á hér áðan, má beint og óbeint rekja allar þessar hækkanir til gengisfellingarinnar 1961. Heldur nú hæstv. ráðh., að það mundi koma betri mynd, ef við reiknuðum út verðrýrnun sparifjárins með þessari tölu eða þeirri, sem ég gerði? Nei, samkv. þeirri tölu, sem ég reiknaði með, kom ekki út nema 11% rýrnun á sparifé. Samkv. þeirri tölu, sem hann vill reikna með, kemur út 23% rýrnun á sparifé. Að vísu er rétt að draga þarna frá þann vaxtamun, sem er á núv. vöxtum og því, sem framsóknarmenn hafa lagt til, svo að það væri þá rétt að gera ráð fyrir, að rýrnun sparifjárins, ef miðað væri við framfærsluvísitöluna, væri eitthvað í kringum 20%. Nei, ég held, að það sé hæstv. viðskmrh., sem hefur hlaupið á sig hér, því að með þeirri aðferð, sem hann vill hafa, kemur út miklu meiri rýrnun á sparifé en samkv. þeirri aðferð, sem ég hafði, þ. e. að miða við erlendan gjaldeyri. Samkv. minni aðferð var rýrnunin ekki nema 11%, en samkv. aðferð hæstv. viðskmrh., sem ég skal alveg ganga inn á að gefi enn þá réttari mynd, er rýrnun sparifjárins orðin 20% á þessum tíma, vegna þess að það er sú hækkun, sem hefur orðið á framfærsluvísitölunni, þegar maður gerir ráð fyrir þeim vaxtamun, sem ég hef áður minnzt á.

Ég held, að þessi málflutningur hæstv. viðskmrh. sýni það, að hann er eiginlega alveg genginn af göflunum og hann veit ekki fullkomlega hvað hann segir, því að hann er kominn svo, að hann bendir á reikningsaðferðir, sem gera málstað hans enn lakari en þó þær reikningsaðferðir, sem ég var með.

Þá var hæstv. viðskmrh. að ræða um það, sem ég sagði, að 1961 hefði verið ólíkt betra fyrir sparifjáreigendur, að gripið hefði verið til einhverrar *vaxtalækkunar* heldur en *gengisfellingar*.

Ég held því reyndar fram og hélt því fram hér áðan, að það hefði ekki þurft að gera neinar ráðstafanir sumarið 1961, vegna þess að atvinnuvegirnir hefðu vel fullkomlega getað risið undir þeim hóflegu kauphækkunum, sem þá var samið um. En ef það hefði átt að gera einhverjar ráðstafanir vegna frystihúsanna, sem munu hafa verið einna lakast sett af þeim aðilum, sem fengust við útflutningsframleiðsluna, þá hefði það komið sér miklu betur fyrir þau, að það hefði orðið lækkun á vöxtunum, heldur en hefði verið gripið til gengisfellingarinnar. Þetta hefur margsinnis verið sýnt mjög rækilega fram á hér í þinginu, t. d. í umr. um þessi mál í fyrra, og sé ég ekki ástæðu til að rifja það upp hér. Og ég er alveg sannfærður um það, að ef sparifjáreigendur 1961 hefðu átt að velja um, hvort það hefði verið betra að grípa til þess að lækka vextina eitthvað, í stað þess að fella gengið, þá er ég ekki í minnsta vafa um það, hver niður-

staðan hefði orðið hjá þeim. Að sjálfsögðu hefðu þeir miklu frekar kosið, að vextirnir væru t. d. lækkaðir um 2%, heldur en væri farið út í 13% gengislækkun. En afkomu frystihúsanna er þannig háttað, að 2% gengislækkun hefði sparað þeim rekstrarkostnað jafnmikið og gengislækkunin gaf þeim bætta rekstrarafkomu, því að það er náttúrlega mikill misskilningur, sem hæstv. viðskmrh. virðist halda, að ef gengið lækkaði um t. d. 10% eða 13%, þá muni sú hækkun öll koma fram hjá frystihúsunum. Frystihúsin fá ekki nema litinn hluta af þeirri hækkun, hún fer til sjómanna og útvegsmanna o. s. frv., og þess vegna verður það tiltölulega lítið, sem frystihúsin fá af þessu, og þau munar þess vegna alveg eins mikið um 2% vaxtalækkun, sökum þess að bæði hvíla á þeim þung stofnlán og auk þess verða þau venjulega að hafa mikið veltufé. Þess vegna þýðir vaxtalækkun mjög mikið fyrir þau.

Ég held nú samt, satt að segja, að það hefði alls ekki þurft að grípa til neinnar vaxtalækkunar sumarið 1961 vegna þeirrar kauphækkunar, sem átti sér stað, og atvinnuvegirnir hefðu án nokkurra sérstakra ráðstafana getað risið undir þeim hóflegu kauphækkunum, sem þá áttu sér stað. Bæði vaxtalækkun og gengislækkun hefðu þess vegna verið óþarfar af þeim ástæðum. En ef um þetta tvennt hefði verið að velja, þá er ég ekki í neinum vafa um, hvort hefði hentað betur sparifjáreigendum, vaxtalækkunin eða gengislækkunin.

Ég vil svo endurtaka það, sem ég hef áður sagt hér, að þeir aðilar í landinu, sem ég tel að ríkisstjórn og Alþingi eigi að láta sig mestu máli skipta og vinna fyrst og fremst fyrir, séu hinir efnaminni borgarar og það sé unga fólkið í landinu. Og það er alveg sérstaklega þetta fólk, sem græðir hlutfallslega meira á vaxtalækkun en nokkurt fólk annað.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég skal láta mér nægja örfá orð, því að sannleikurinn er sá, að málflutningur hv. þm. er í raun og veru ekki svaraverður. Á svo lágu stigi er hann hvað röksemdir snertir, að það er í raun og veru að eyða tíma þingsins til sáralítils að elta ólar við hann. Sannleikurinn er sá, að ég mundi ekki gera það, ef ekki væri síðdegisfundur og jafnfáir þm. viðstaddir og raun ber vitni um. Ég mundi telja það fyrir neðan bæði virðingu mína og hv. þm. að eiga í slíku orðaskaki við hinn hv. þm. á venjulegum starfstíma þingsins, ef salurinn væri fullskipaður.

Um þvílík atriði er hér að ræða, að ekki ætti að vera þörf á því að ræða þau í ræðu eftir ræðu og hvað eftir annað.

Það eru tvö atriði, sem ég vil gera að umtalsefni nú í örfáum orðum, úr síðustu ræðu hv. þm.

Hann hafði sagt í ræðu sinni áður, að ríkisstj., — og þetta veit ég, að allir áheyrendur mínir muna að hann sagði og ég hef rétt eftir, — hann hafði sagt, að ríkisstj. hafi með einu pennastriki, með gengislækkuninni 1961, rænt sparifjáreigendur 500 millj. kr. M. ö. o.: hann sagði, að gengislækkunin, gengishækkun dollarsins, gengislækkun krónunnar, í ágúst 1961 hefði þýtt 500 millj. kr. tap fyrir sparifjáreigendur. Ég þarf ekki frekar að hafa nein stóryrði um það, hversu fáránlegur málflutningur þetta er, og það var þetta, sem ég hlaut að benda á og undirstrika og sagði í því sambandi: Vilji menn gera sér grein fyrir verðrýrnun sparifjárins, er mælikvarðinn ekki gengi dollarsins, heldur verðgildi krónunnar. Og eini mælikvarðinn, sem við höfum á verðgildi krónunnar, er vísitala framfærslukostnaðar.

Þá kemur þessi hv. þm. hér aftur upp og segir, — slær úr og í, — hvort það hafi verið rétt hjá sér eða ekki, — jú, þetta var rétt, en það er til annað réttara. M. ö. o.: hinn málflutningurinn, sem er hlægilegur, á að vera réttur, en það, sem ég segi, er þó réttara, að nota vísitöluna sem mælikvarða. Og hvað gerir hann svo? Hann segir: Framfærslukostnaðurinn hækkaði um svo og svo mikið vegna gengislækkunarinnar, — nefnir breytingu á framfærsluvísitölunni og segir: Hún er öll gengislækkuninni að kenna. Hún á öll rót sína að rekja til gengislækkunarinnar. — Ég kemst því ekki hjá að segja, að þm. er ekki viðbjargandi. Hvernig má það vera, að það gerist hér á hinu háa Alþingi, að jafnreyndur stjórnmálamaður og hv. 7. þm. Reykv. standi hér frammi fyrir þó nokkrum hóp af þm. og öðrum áheyrendum og segi: Hækkun framfærsluvísitölunnar á ákveðnu tímabili er eingöngu afleiðing af ákveðinni gengisbreytingu? — Veit þm. ekki, að á þessu sama tímabili hækkaði allt kaupgjald í landinu um 14—15%? Veit hann það ekki, eða er hann búinn að gleyma því? Eða þegir hann um það vísvitandi?

Á árinu 1962 hækkaði allt kaupgjald í landinu um 14—15%, eða frá 13 upp í 19%. Er nokkur svo skyni skroppinn maður til í landinu, að ég tali ekki um þm. eða stjórnmálamann, að honum detti í hug, að kaupgjald geti hækkað um 14—15% að meðaltali án þess að hafa áhrif á vísitöluna? Ég þarf ekki annað en minna á það, sem standa ætti þm. næst, næst hans hjarta, verð landbúnaðarvaranna. Man þm. virkilega ekki, — ég veit, hann veit það, — er hann skyndilega búinn að gleyma því, þegar hann stígur hér í ræðustól til að halda áróðursræður, gleymir hann því skyndilega, að 14—15% kauphækkun leiðir til svo að segja alveg jafnmikillar hækkunar á öllum landbúnaðarvörum, vegna þess að bóndinn fær nákvæmlega sömu kauphækkun? Hvað á svona lagað að þýða? Hvers konar umskiptingur verður jafngreindur og ágætur maður og hv. þm., þegar hann kemur upp í þennan stól til að halda áróðursræður, að hann leyfi sér að bera á borð í alvöru fyrir þm. og fyrir almenning, að hækkun framfærsluvísitölunnar, sem varð á því tímabili, sem hann nefndi, sé nær eingöngu afleiðing gengislækkunarinnar? Þetta verð ég að segja, að er málflutningur, sem er algerlega óleyfilegur. Þetta geta krakkar í gagnfræðaskóla leyft sér að staðhæfa, jafnvel kannske krakkar í einhverjum æðri skólum en þeim, en þetta getur ekki þm., reyndur stjórnmálaritstjóri, leyft sér í ræðustól á sjálfu Alþingi. Ég sleppi að ræða frekar um það.

Enn hélt hv. þm. áfram að tala um 2% vaxtalækkun og 13% gengishækkun erlends gjaldeyris

sem nokkurn veginn sambærilegar stærðir í frystihúsunum a. m. k. Þetta er hlutur, sem ég áður hef rakið rækilega á hinu háa Alþingi með tölum og nákvæmum útreikningum og sé enga ástæðu til að endurtaka það hér. Ég hef að sjálfsögðu aldrei borið á móti því, að verðgildi sparifjárins, að verðgildi hverrar krónu í sparifénu hafi rýrnað undanfarna mánuði og undanfarin ár. Þetta er eitt af því, sem ég hef undirstrikað og lagt áherzlu á í fyrstu ræðu minni um málið. Þetta hefur gerzt, því miður. Því miður hefur verðgildi sparifjár verið að rýrna. Samt talar hv. þm. eins og ég hafi verið að þræta fyrir, að þetta hafi gerzt. Þetta er einmitt það, sem hefur gerzt, því miður. En það, sem ég hef viljað segja, er, að þetta er ekki afleiðing af stefnu ríkisstj. Það varð verðhækkun, sem leiddi af gengislækkuninni 1960, en síðan áhrif þeirrar gengislækkunar komu fram í verðlaginu, hefur verðlagshækkunin verið að yfirgnæfandi meiri hluta og nær eingöngu fyrir áhrif kauphækkana. Það er meginstaðreynd í málinu. Þess vegna ber að rekja þá rýrnun hverrar krónu sparifjárins, sem orðið hefur, fyrst og fremst til þeirrar óheppilegu kaupgjalds- og verðlagsstefnu, sem orðið hefur því miður ofan á í íslenzku efnahagslífi gegn eindregnum vilja ríkisstj. Við það mál hefur hún því miður ekki ráðið. Og það er svo fjarri því, að ég hafi þrætt fyrir, að sparifé hafi verið að rýrna að verðgildi, að einmitt þetta voru önnur aðalrök mín gegn frv. í frumræðu minni. Ég sagði, einmitt af því að sparifjáreigendur hafa verið að tapa undanfarið vegna rangrar stefnu í verðlags- og kaupgjaldsmálum, að ekki mætti bæta við tap þeirra með því að lækka vextina nú, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil fyrst segja það, sem ég hef oft sagt hér áður í þessum ræðustól, að ég tel það alveg víst, að þeir háu vextir, sem ríkisstj. hefur innleitt hér, fá alls ekki staðizt til lengdar. Það er alveg víst.

Þetta eru einhverjir hæstu vextir, sem þekkjast á byggðu bóli, og þeir fá ekki staðizt. Íslenzkt atvinnulíf getur alls ekki staðið undir þessum vöxtum í samkeppni við atvinnurekstur annarra landa, en íslenzkir framleiðendur verða að framleiða mjög mikið af vörum til útflutnings. Og það er óhugsandi, að það geti staðizt að hafa svona miklu hærri vexti hér — hreina okurvexti — en tíðkast annars staðar í þeim löndum, sem við Íslendinga keppa. Framleiðslan stenzt þetta ekki.

Enn fremur er það alveg ljóst, að almenningur í landinu, sem þarf á lánsfé að halda, stenzt þetta ekki heldur, t. d. þeir, sem þurfa að koma sér upp þaki yfir höfuðið eða leggja í stofnkostnað við atvinnurekstur og þurfa á mjög miklu lánsfé að halda. Þeir standast alls ekki þessar háu vaxtagreiðslur. Þær verða hreinlega til þess, að ef fólkið á að geta lifað, verður kaupgjaldið að skrúfast upp og þar með dýrtíðin og framleiðslukostnaðurinn, eins og reynslan hér hefur sýnt.

En þó er reynslan hér ekki búin að sýna nema sáralítið af þessu enn þá, og það sjáum við á því, að því fer víðs fjarri, að dýrtíðin, sem ríkisstj. hefur magnað í landinu undanfarin ár, sé enn þá komin inn í kaupgjaldið eða afurðaverðið t. d. Ekki nema lítið brot af afleiðingum dýrtíðarstefnunnar og vaxtaokursins — ég hefði talið rétt, að hæstv. ráðh. hefði hlustað á þetta — ekki nema lítið brot er komið inn í kaupgjaldið eða framleiðslukostnaðinn. Við þurfum ekki annað en líta t. d. á aðstöðu launamannsins varðandi t. d. íbúðabyggingar og annað slíkt. Vísitalan er komin upp um 29 stig, var verið að segja hér áðan, en vísitalan fyrir vörur og þjónustu mun vera komin upp um 45 eða 47 stig — það eru 94 stig með gamla laginu — á örfáum missirum. En samt sem áður er t. d. kostnaðurinn við húsnæðið, sem vextirnir hafa alveg gífurleg áhrif á, eiginlega ekki að neinu leyti enn þá kominn inn í þessa dýrtíðarvísitölu. Það er enn þá reiknað með 888 kr. *húsnæðiskostnaði á mánuði í þessari vísitölu, og* ef tekinn er kostnaður við sæmilega íbúð, eins og hún kostar núna, og vaxtagreiðslurnar teknar til greina, eins og þær eiga að vera eftir kerfi ríkisstj., og aðrir liðir teknir og leiðréttir þannig, þá þarf vísitölufjölskyldan eitthvað í kringum 130 þús. kr. tekjur á ári til að geta borgað vísitöluútgjöldin, þegar búið er að taka tillit til vaxtaokursins í húsnæðisliðnum.

Á þessu sjáum við, hvað við eigum eftir fram undan, hvað er fram undan í þessum efnum, og hversu sáralítið enn er komið inn í kaupgjaldið og dýrtíðina af afleiðingum vaxtaokursins og dýrtíðarstefnunnar. Þetta virðist hæstv. viðskmrh. bara ekki sjá.

Ef við tökum svo aftur afurðaverðið, landbúnaðinn, sem er mikill þáttur í þessum málum, og íhugum það atriði, þá sjáum við alveg sams konar mynd. Þá sjáum við, að inn í verðlagið núna er ekki komið nema sáralítið brot af þeim vaxtaútgjöldum, sem meðalbóndinn verður að standa undir, sá sem ætti að byggja upp og búa við vexti ríkisstj., sem hún hefur sett inn í okkar efnahagskerfi. Fyrir utan það, að í verðlagsgrundvellinum er reiknað til afskrifta, — ég vil skjóta því inn í í leiðinni, — er reiknað til afskrifta sem svarar andvirði hálfrar dráttarvélar. Það á að vera allur vélastofninn, sem leyft er að afskrifa og reikna vexti af.

Hvað halda menn, að sé eftir að gerast í þessari grein út af þessari stefnu, sem upp hefur verið tekin í landinu? Heldur hæstv. viðskmrh., að allar afleiðingar af okurvöxtunum séu komnar fram núna í þjóðarbúskapnum? Ég held það væri rétt fyrir hæstv. ráðh. að gefa sér tíma, áður en hann talar næst, til þess að skoða vísitölugrundvöllinn, áður en hann fullyrðir, að hér sé of hátt kaupgjald í landinu og það sé það, sem allt ætli að eyðileggja. En hvers konar kaupgjald ætlar hann vísitölufjölskyldunni, sem innan stundar þarf a. m. k. 130 þús. kr. til að standa undir vöxtunum hans og öðrum útgjöldum, sem valdhafarnir hafa búið í haginn? Það dugir ekki að standa hér og æpa, að kaupgjaldið sé of hátt, en vinna svo öllum stundum að því að spenna upp kostnaðinn eins mikið og hugsazt getur, bæði með okurvöxtum og öllum öðrum hugsanlegum ráðum.

Sannleikurinn er sá, og það veit hæstv. ráðh.,

að meginefnahagsmálastefna ríkisstj. hefur verið fólgin í því að reyna að ná því, sem þeir kalla jafnvægi í efnahagsmálum landsins, með því að hækka verðlagið, með því að gera lánsféð dýrara og með því að takmarka aðganginn að lánsfénu. Með þessum aðferðum hafa þeir ætlað sér að ná jafnvægi í búskapnum. En hver hefur afleiðingin orðið? Ekkert jafnvægi, auðvitað, heldur óstöðvandi dýrtíðarskriða, sem enginn ræður nokkurn skapaðan hlut við. Þeir byrjuðu með því að spenna verðlagið upp sem svaraði 1100 millj. a. m. k. í fyrstu umferð, og afleiðingarnar hlutu að verða alveg óstöðvandi verðbólgubylgjur áfram. Og þær hafa orðið það. Það þýðir ekkert að koma hér og formæla mönnum fyrir það, að kaupið hafi eitthvað verið lagfært, eða kalla menn svikara fyrir það. Hvernig áttu menn að geta haldið kaupinu óbreyttu, miðað við það, hvernig undir var kynt? Vill ekki hæstv. viðskmrh. reyna að gera einhverja ofur litla grein fyrir því, hvernig það var hugsanlegt?

Svo kemur hæstv. viðskmrh. hér og er að tala um, hverjir það séu, sem fyrst og fremst verða að borga þessa okurvexti? Það er unga fólkið, sem þarf að taka lánin mest til þess að koma upp þaki yfir höfuðið og koma sér inn í atvinnurekstur og stofna heimili. Það er unga fólkið. Það er á það, sem okurgjöld vaxtanna eru lögð fyrst og fremst, og svo þá, sem eru að reyna að rétta sig úr kútnum efnalega með því annaðhvort að stækka búskap eða komast yfir fiskiskip og báta, efla atvinnurekstur sinn, en eiga ekki nægilegt fjármagn sjálfir. Það eru þessir aðilar í þjóðfélaginu, sem verða fyrst og fremst að borga þessa vexti.

Er það rétt stefna að punda alveg tillitslaust á þetta fólk slíkum gjöldum? Nei, það er áreiðanlega ekki rétt stefna. Það er stefna, sem hefnir sín alveg herfilega, eins og er að koma fram núna í sambandi við afleiðingar af því, sem gert hefur verið, en er þó ekki nema að litlu leyti komið fram, eins og ég sagði áðan.

Er því sannast að segja, að hæstv. ríkisstj. ræður auðvitað ekki við neitt, en heldur sér bara dauðahaldi í dýrtíðarhjólið og harðneitar að reyna að stíga nokkurt skref til þess að fá það til að stöðvast, hvað þá heldur að reyna aðra útvegi.

En þá kemur spurningin: Græða þá sparifjáreigendur? Er það alveg víst, að þeir græði? Hæstv. ráðh. er að tala hér um, að það yrði svo mikill tekjumissir fyrir þá, ef vaxtapólitíkinni yrði breytt. Hvað hafa sparifjáreigendur grætt á þessari pólitík ríkisstj.? Þeir hafa bókstaflega orðið fyrir óbætanlegu tjóni. Það er ekki hægt að slíta vextina út úr, eins og þeir hafi engin áhrif á neitt í þjóðarbúskapnum, og reikna bara dæmið þannig: Vextirnir eiga að vera svona og svona háir, þá er öllu borgið og þá græða sparifjáreigendur í landinu svona og svona mikið.

Það er ekki sæmilegt að flytja málið á þessa lund, vegna þess að vextirnir eru stórfelldur, áhrifamikill og verulegur þáttur í öllu efnahagskerfinu og hafa áhrif alls staðar og út frá sér á nýjan leik endalaust. Áhrifin spinna sig áfram í kerfinu, áhrifin af vaxtapólitíkinni. Og vaxtapólitíkin og heildarstefna ríkisstj. hefur orðið þannig fyrir sparifjáreigendurna, að þeir hafa orðið fyrir stórkostlegu tjóni, eins og hér hefur verið sýnt fram á í þessum umr.

Dýrtíðarholskeflurnar og dýrtíðarvöxturinn hefur miklu meira en étið upp þann hagnað, sem látið var í veðri vaka að sparifjáreigendur mundu hafa af þessari nýju pólitík, hvar í vaxtahækkunin var þýðingarmikill liður.

Ég er alveg sannfærður um, að eitt af því, sem hlýtur að verða gripið til, er vaxtalækkun. Þetta hlýtur að láta undan. Þetta er ekki hægt. Hæstv. ríkisstj. lét reyndar undan strax dálítið. Um fyrstu áramótin neyddist hún til þess að lækka vextina frá því, sem hún hafði sett þá, og með því viðurkenndi ríkisstj., að það er ekki einhlítt ráð að hækka bara vextina. Hún tók strax til baka, ef ég man rétt, 2% af því, sem hún upphaflega hafði hækkað vextina um. Hvers vegna gerði hæstv. ríkisstj. það? Gerði hún það til þess að níðast á sparifjáreigendum, til þess að hafa af þeim fé? Nei, hún gerði það auðvitað vegna þess, að hún sá, að hún hafði gert stórfellda skekkju í því, hve mikið hún hafði hækkað vextina. En eftir skildi hún samt sem áður meginhlutann af vaxtahækkuninni, með þeim afleiðingum, sem hér hefur verið lýst í þessum umr. og ég var að drepa á.

Það þarf enginn að halda, að það verði hægt t. d. að leysa hér íbúðamálin á næstu árum og missirum öðruvísi en slaka eitthvað á vöxtunum. Það er óhugsandi. Það kostar nú ca. 10%, lánsfé í lausalánum, og við vitum, að það eru sáralitlu lægri vextir í íbúðakerfinu og allt þar fram eftir götunum. Undir þessu er ekki mögulegt að standa. Það verður áreiðanlega eitt af þeim úrræðum, sem gripið verður til að reyna að stöðva dýrtíðarhjólið og vitleysuna. Það verður að lækka vextina t. d. á íbúðalánum og alveg eins í landbúnaðinum og atvinnurekstrinum yfirleitt. Það verður ekki eingöngu farin sú leið að hækka verðið til að geta greitt okurvextina.

Menn skulu ekki halda, að það sé til lengdar hægt t. d. að halda landbúnaðinum þannig, að verðgrundvöllurinn sé slík fásinna sem hann er nú. Þetta verður að breytast, og það verður náttúrlega ekki einhliða hægt að leysa það mál með því bara að hækka verðlagið á afurðunum, eins og það þyrfti að hækka til að borga okurvexti. Leiðin verður auðvitað líka sú að gera gangskör að því að lækka vextina. Það verður að fara margar leiðir, og það verður ein af þeim leiðum, sem farnar verða. Að ætla sér að halda jafnvægi í lánastarfseminni hér í landinu, eins og allt er í pottinn búið, og skapa jafnvægi í efnahagspólitíkinni með þessari okurvaxtastefnu er alveg vonlaust mál.

Ég heyri, að hér hefur borið á góma gengislækkunina 1961, og það er ekkert einkennilegt, vegna þess að í sambandi við það frumhlaup allt saman kom náttúrlega vaxtamálið til íhugunar. Það er ekkert vafamál, að hæstv. ríkisstj. fór alveg skakkt að 1960. En það tók þó alveg steininn úr, þegar hæstv. ríkisstj. rauk út í gengislækkun 1961. Hún átti að vera til þess að sýna alþýðusamtökunum í landinu, að ríkisstj. gæti

ráðið og það væri bezt fyrir þau að hafa sig hæg. Það var ekki efnahagsleg ráðstöfun gengislækkunin 1961, heldur var hún gerð til þess.

Það var engin ástæða til þeirrar gengislækkunar, og það skýrir kannske einna bezt muninn á stefnu Framsfl. og stjórnarfl., að ef Framsfl. hefði ráðið við þær aðstæður, sem voru 1961, þá hefði gengislækkun alls ekki komið til mála. Og ég skal færa fyrir því nokkur rök, sem áður hafa komið hér fram á Alþingi og eru algerlega pottþétt og alls ekki er hægt að hrekja. Það varð nokkur kauphækkun 1961, og framleiðslan gat borið þá kauphækkun án nokkurrar gengislækkunar. Þetta hefur margsinnis verið sannað. Iðnaðurinn var gerður upp, verðlagsmál iðnaðarins voru gerð upp, eftir að kauphækkanirnar áttu sér stað, og þá kom út úr því dæmi, eins og getið var um og yfirlýst í stjórnarblöðunum þá, að þær hækkanir, sem leyfðar voru á iðnaðarvörum, voru ekki vegna kauphækkunarinnar. Iðnaðarfyrirtækin fengu ekki hækkun út af kauphækkuninni nema í einu eða tveimur dæmum, sem beinlínis voru tilgreind, aðeins lítils háttar. Það var sagt frá því skilmerkilega í stjórnarblöðunum báðum, að þær hækkanir, sem hefðu verið leyfðar á iðnaðarvörum, væru vegna hækkunar á hráefnunum, sem til kom eingöngu vegna gengisbreytingarinnar. Það er staðreynd, að iðnaðurinn gat borið þessa kauphækkun og var látinn bera hana.

Þá var það aðalútflutningsatvinnuvegurinn. Ég man ekki nákvæmlega þær tölur, sem þá voru raktar, en í höfuðdráttum var þetta þannig, að kauphækkunin var ca. 11%, en menn deildu nokkuð um það þó, hvað kauphækkunin var mikil. En vegna þess að kaupið er ekki nema eitthvað rúmlega 20% af rekstrarútgjöldum t. d. frystihúsanna, þá kom í ljós, að kauphækkunin svaraði aðeins til örfárra prósenta breytingar á útflutningsverði sjávarafurðanna. Verð á sjávarafurðum var þá hækkandi, og það kom fram í skýrslu Seðlabankans fyrir 1961, að verð á sjávarafurðum hafði hækkað á árinu 1961. Það var því enginn grundvöllur til fyrir gengisbreytingunni í rekstri sjávarútvegsins árið 1961 þrátt fyrir kauphækkanirnar. Þar að auki hefði verið hægt að bæta við útveginn til hagsbóta nokkurri vaxtalækkun. T. d. hefur 2% vaxtalækkun fyrir sjávarútveginn alveg stórkostlega þýðingu. Ég hef ekki alveg við höndina núna, hversu nákvæmlega miklu það jafngildir í kauphækkun, 2% lækkun á vöxtum, en það jafngildir verulegri kauphækkun, vafalaust hátt upp í þá kauphækkun, sem varð 1961. Um þetta hef ég í fórum mínum greinilegar tölur, sem þá voru upplýstar allar saman æ ofan í æ og byggðust á verðútreikningum frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sem ég hafði þá undir höndum og sýndu, hve kaupgjaldið var mikill liður í heildarverðmæti útflutningsins, annars vegar og hins vegar, hve vextirnir voru mikill liður af framleiðslukostnaðinum í heild. Þetta dæmi lá algerlega glöggt fyrir, fyrir utan það, eins og ég sagði áðan, að verðlag á sjávarafurðum fór hækkandi árið 1961, og er vitnisburður hreinn og klár um það í skýrslu Seðlabankans fyrir árið 1961.

Varðandi síldarútveginn er þess að geta, að strax um vorið, þegar síldarafurðirnar voru verðlagðar, var kauphækkunin tekin inn, svo að það þurfti ekki þeirra vegna að breyta gengisskráningunni fremur en vegna annarrar útgerðar.

Það eru einhver sorglegustu mistök, sem hér hafa átt sér stað, þessi gengislækkun 1961. Hún jafngilti því, að þá væri benzíni hreinlega kastað á eld, og síðan hefur hæstv. ríkisstj. ekki ráðið við nokkurn skapaðan hlut og ræður ekki við enn í dag, því að allt er á óðaflugferð, eins og öllum er kunnugt, upp á við og sér ekki fyrir endann á neinu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 66. fundi í Nd., 5. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

55. Tunnuverksmiðjur ríkisins.

Á 3. fundi í Sþ., 17. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 29. maí 1957, um Tunnuverksmiðjur ríkisins [27. mál] (þmfrv., A. 27).

Á 5. fundi í Ed., 19. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Árnason): Herra forseti. Þetta frv. til l. um breyt. á lögum nr. 49 29. maí 1957, um tunnuverksmiðjur ríkisins, sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 27, er samhljóða frv., sem ég flutti á síðasta þingi. Málið hlaut þá einróma samþykki hér í hv. deild, en varð eigi útrætt í Nd. Ég hef því leyft mér að endurflytja frv., og vænti ég, að það hljóti sama stuðning og fyrirgreiðslu af hendi hv. þdm. og það hlaut á síðasta þingi. Til rökstuðnings fyrir frv. vil ég leyfa mér að vísa til framsögu, er ég hafði fyrir málinu á síðasta þingi og sé eigi ástæðu til að endurtaka. Ég vil aðeins undirstrika það, sem ég hef áður sagt varðandi þörfina fyrir slíka verksmiðju.

Til viðbótar þeim upplýsingum, sem er að finna í grg. með frv. um framleiðslumagnið, vil ég geta þess, að heildarframleiðslan á s.l. ári nam tæplega 110 þús. tunnum. Skiptist það á 6 verstöðvar, og var Akranes hæst með tæplega þriðjung af heildarmagninu eða rúmlega 30 þús. tunnur. Árið 1950 náði söltun Suðvesturlandssíldar hámarki, en þá voru framleiddar 131708 tunnur. Er það sem næst því, sem báðar tunnuverksmiðjurnar á Norðurlandi framleiða samtals árlega. Fyrir komandi síldarvertíð er nú þegar búið að semja um sölu á 85 þús. tunnum af saltsíld. Enn hefur þó ekki náðst neinn sölu-

samningur við Sovétríkin, en þau hafa oft verið stærstu kaupendur Suðvesturlandssíldarinnar.

Ég tel, að með þeirri reynslu, sem þegar er fyrir hendi um framleiðslu saltsíldar á Suðvesturlandi, megi telja fullvíst, að hér sé um árvissan atvinnuveg að ræða, sem þegar er orðinn allstór þáttur í útflutningsframleiðslu þjóðarinnar. Það er því ekki að ófyrirsynju, að frv. er flutt, sem heimilar ríkisstj. að setja á stofn tunnuverksmiðju á Akranesi með það fyrir augum að sjá fyrir þörfum síldarsaltenda á Suðvesturlandi. Ég vil því leyfa mér að óska þess, að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 14. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 27, n. 266).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Sjútvn. hefur átt tvo fundi um mál þetta og auk þess leitað umsagnar síldarútvegsnefndar, svo sem fram kemur í áliti n. á þskj. 266.

Frv. það, sem hér um ræðir, um breyt. á l. um Tunnuverksmiðjur ríkisins, felur það í sér, að byggð skuli ein verksmiðja til viðbótar því, sem áður var heimild um í lögum. Er þar kveðið á um, að verksmiðjuna skuli byggja á Akranesi.

Um mörg undanfarin ár hafa verið starfræktar tvær tunnuverksmiðjur á Norðurlandi, önnur á Siglufirði og hin á Akureyri. Þá er í gildandi lögum um Tunnuverksmiðjur ríkisins heimild til þess að byggja þriðju verksmiðjuna og skal hún vera á Austur- eða Norðurlandi. Nú hafa nokkrir hv. alþm. flutt um það till. til þál., að verksmiðja þessi verði byggð nú þegar og hún staðsett á Austurlandi. Eigi verður annað sagt en sú ákvörðun, ef samþykkt verður, sé í alla staði eðlileg, þegar tillit er tekið til þess annars vegar, að báðar þær verksmiðjur, sem nú eru starfræktar, eru á Norðurlandi, og hins vegar með hliðsjón af hinni miklu síldveiði og síldarvinnslu, sem átt hefur sér stað í mjög vaxandi mæli á síðustu árum við Austurland.

Ég hef athugað rekstrar- og efnahagsreikninga Tunnuverksmiðja ríkisins fyrir 2 ár, en það eru nýjustu reikningar, sem fyrir hendi eru þar um. Það eru árin 1960 og 1961. Ég tel, að á þeim megi sjá, að afkoma verksmiðjanna sé mjög sæmileg. Þær hafa getað afskrifað eða lagt í varasjóð allverulega upphæð bæði þessi ár, eða rúmlega 700 þús. kr. hvort árið. Alls eru bókfærðar vélar og fasteignir verksmiðjanna í árslok 1961 4 millj. 163 þús. kr., en varasjóðseign nemur nú orðið 5 millj. og 88 þús. kr. Það er augljóst mál, að slíkan rekstur, þegar framleiðslan er ekki seld neytendum á óhagstæðara verði en þær tunnur, sem fluttar eru til landsins fullunnar erlendis frá, er þjóðinni hagstætt að auka. Framleiðslu saltsíldar hér á Suðvesturlandi verður að telja nú orðið nokkuð árvissan atvinnuveg, enda hefur sala síldarinnar gengið allvel og farið vaxandi á síðustu árum.

Á 10 ára tímabili, frá 1950—1959, er meðalframleiðslan rúmlega 80 þús. tunnur árlega. Mest var framleiðslan haustið 1950, rúml. 131 þús. tunnur, en það ár var, sem kunnugt er, eitt mesta aflaleysisár fyrir Norðurlandi og sáralítið þá saltað. Á því tímabili, sem árlega vantaði mikið á, að við stæðum við gerða samninga eða fullnægðum sölumöguleikum á Norðurlandssíldinni, var það mjög veigamikið fyrir Íslendinga að geta boðið þá síld, sem framleidd var á þeim árum hér á Suðvesturlandi, og þannig haldið við ýmsum mikilsverðum mörkuðum, sem að öðrum kosti hefðu e. t. v. tapazt.

Allt bendir til þess, að framleiðsla Suðvesturlandssíldar muni ná hámarki á þeirri síldarvertíð, sem nú er senn að ljúka. Við höfum þegar framleitt rúmlega 125 þús. tunnur, og sennilegt er, að nokkurt magn af súrsíldarflökum, sem góður markaður er fyrir, verði enn framleitt til viðbótar, þar sem nokkur skip halda veiðunum áfram.

Það eru alls 40 söltunarstöðvar, sem starfræktar hafa verið hér sunnanlands í haust og vetur. En tæplega ⅓ hluti alls magnsins hefur verið framleiddur á Akranesi. Það var nokkuð með hliðsjón af því, hvað söltunarstöðvarnar á Akranesi hafa jafnan verið með stóran hluta af heildarframleiðslunni, að lagt var til, að tunnuverksmiðja, sem byggð yrði hér sunnanlands, skyldi staðsett þar. En ég tel einnig, að fleiri rök hnígi þar til. Það má telja fullvíst, að með bættum hafnarskilyrðum á Snæfellsnesi, sem nú mun fyrirhugað að framkvæmd verði á næstu árum, verði síldarsöltun á Snæfellsnesi stóraukin frá því, sem nú er, enda liggja verstöðvarnar þar sérstaklega vel við síldveiðinni á þeim tíma, sem síldin hefur reynzt bezt til söltunar.

Eins og fram kemur í nál. sjútvn., er það einnig álit n., að Akranes sé heppilegur staður fyrir staðsetningu verksmiðjunnar hér sunnanlands. Hins vegar telja nm., að ekki sé ástæða til þess að binda slíkt ákvæði í lögum fyrir fram, og leggja því til, að frv. verði samþ. með þeirri breytingu, er fram kemur í nál. á þskj. 266.

Þá telur n., að nauðsyn beri til að hækka lántökuheimild ríkisstj. í þessu skyni, samkv. þeim upplýsingum, sem sjútvn. bárust frá síldarútvegsnefnd um mál þetta. Varðandi stofnkostnaðinn segir svo í bréfi síldarútvegsnefndar, með leyfi hæstv. forseta — bréfið er dagsett 28. nóv. 1962:

„Með tilvísun til bréfs yðar, dags. 25. nóv. s.l., hefur síldarútvegsnefnd falið Einari H. Ásgrímssyni verkfræðingi Tunnuverksmiðja ríkisins að gera áætlun um stofnkostnað tunnuverksmiðju, sem framleitt gæti 50—60 þús. tunnur á ári miðað við núverandi verðlag. Niðurstöður hans eru þessar:

Stofnkostnaður tunnuverksmiðju, er framleitt gæti 60 þús. síldartunnur á 20 vikum með 40 mönnum: Verksmiðjuvélar 2 millj. 150 þús. kr. Verksmiðjuhús 1 millj. 800 þús. kr. Gert er ráð fyrir, að verksmiðjuhúsið yrði 600 fermetrar, steypt með stálþaki, einangrað og frá gengið með hitun og raflögn. Geymsluhús: 1) Einangrað stálgrindahús fyrir 25 þús. tunnur, þar innifalin efnisgeymsla fyrir 450 standarda af tunnutimbri,

1 millj. 850 þús. kr. 2) Einangrað stálgrindahús fyrir 40 þús. tunnur, þar innifalin efnisgeymsla fyrir 450 standarda af tunnutimbri, 3 millj. 100 þús. kr.“

Í nál. sjútvn. er lagt til, að miðað sé við minni geymsluna, sem tekur 25 þús. tómtunnur ásamt 450 standördum af tunnutimbri, þegar miðað er við þann stofnkostnað, sem þar er gengið út frá.

Það er einróma skoðun sjútvn. hér í hv. d., að stefna beri að því, að allar tunnur, sem síldarútvegurinn og aðrar framleiðslugreinar landsmanna þarfnast, verði smíðaðar innanlands. Með hliðsjón af því verði lögð á það áherzla, að báðar þær tunnuverksmiðjur, sem um getur í frv., verði byggðar svo fljótt sem verða má.

Þá vil ég sérstaklega benda á, að það er brýn nauðsyn, að í verksmiðjunni á Akureyri verði bættur húsakostur að verulegu leyti frá því, sem nú er. Sérstaklega mun þar vera skortur á húsnæði fyrir geymslu á tunnuefni og framleiddum tómtunnum, sem verksmiðjurnar verða alltaf að liggja með nokkurn tíma framleiðslutímabilsins, en án góðrar geymslu liggur framleiðslan alltaf undir skemmdum að vetrinum.

Herra forseti. Ég vil því leyfa mér að vænta þess, að hv. þdm. geti fallizt á afgreiðslu sjútvn. á máli þessu, svo sem fram kemur á þskj. 266, og málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég kveð mér hér hljóðs til að vekja athygli á vissum staðreyndum, sem skipta máli varðandi þetta frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 frá 29. maí 1957, um Tunnuverksmiðjur ríkisins. Ekki kveð ég mér þó hljóðs til þess að vera á móti frumvarpinu, því að ekki er það óeðlilegt, þó að þingmenn leggi til, að byggðar verði fleiri tunnuverksmiðjur en nú eru í landinu, með tilliti til þess, að síldargöngur hafa breytzt mjög mikið og síldveiðin er orðin eins mikil sunnanlands og austanlands og raun ber vitni. En með tilvísun til ákveðinna setninga í grg. langar mig til að segja nokkur orð. Það, sem segir þar, er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Svo sem fyrr segir, hefur allmikið á skort, að tunnuverksmiðjurnar hafi fullnægt þörfinni. Framleiðsla þeirra hefur s.l. 5 ár verið sem næst 130 þús. tunnur til jafnaðar á ári. Það er því í alla staði eðlilegt, að tunnuframleiðslan sé aukin og fleiri verksmiðjur stofnsettar.“

Hv. þdm. geta hæglega dregið þær ályktanir af þessum fullyrðingum, að tunnuverksmiðjur á Siglufirði og Akureyri séu fullnýttar. En það er langt frá því, að svo sé. Siglufjarðarverksmiðjan er starfrækt aðeins frá nóvember og þar til í maí, og sjá allir, að það er ekki hálf nýting á verksmiðjunni. Þar að auki er vinnslan í þessari ágætu verksmiðju ekki nema ca. 8 stundir á sólarhring. Það er auðvitað sjálfsagt að nýta þessa verksmiðju mun betur. Fyrsta flokks tunnuverksmiðja eins og tunnuverksmiðja ríkisins á Siglufirði á að starfa a. m. k. 10 mánuði. Það er skiljanlegt, að í júlí og ágúst sé stöðvað og e. t. v. í þrjá mánuði, ef mikil síld veiðist. En hún á að vera jafnan starfrækt 9 mánuði minnst og það allan sólarhringinn, því að það segir sig sjálft, að verksmiðja, sem aldrei er látin stöðvast og gæti gengið 24 klukkustundir á sólarhring, getur skilað ódýrari tunnum og ódýrari framleiðslu en verksmiðja, sem aðeins er látin ganga 8 stundir á sólarhring. Og ég sakna þess, að í grg. skuli ekki vera einmitt getið um þessa möguleika. Svo er það vitað mál, að tunnuverksmiðja ríkisins á Akureyri er aðeins látin vinna 4—5 eða í hæsta lagi 6 mánuði á ári.

Það, sem veldur því m. a., að Sunnlendingar vilja fá tunnuverksmiðjur, er hinn mikli dreifingarkostnaður innanlands á tunnum. Telja þeir það eðlilegt, að verksmiðjurnar séu staðsettar þar eða sem næst því sem aðalframleiðslumagnið er. Eru þetta allsterk rök fyrir frv. Ég vildi þó leyfa mér að segja, að þetta er stærðfræðidæmi. Hvað er hægt að lækka framleiðsluverð tunna frá verksmiðjunum á Siglufirði og Akureyri, ef unnið væri 9—10 mánuði ársins allan sólarhringinn, og mundi sú lækkun á framleiðsluverði ekki geta borið að einhverju leyti uppi þann kostnað, sem er við að flytja tunnurnar frá þessum stöðum, sem ég hef nefnt, til Suðurlands, Suðvesturlands og Austurlands?

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar, en ég vildi ekki láta þessa umr. fara fram, án þess að bent væri á það, að í landinu eru tunnuverksmiðjur, sem kosta milljónir króna, og þær eru alls ekki nýttar til fulls, ekki nýttar 50%, hvað þá meira.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Út af ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v. (JK) finnst mér ástæða til að segja nokkur orð. Hann ræddi um, að það væri kannske eðlilegra að stórauka framleiðsluna hjá þeim tunnuverksmiðjum, sem fyrir eru, heldur en að bæta nýjum verksmiðjum við, og benti á í því sambandi, sem rétt er, að það er langt frá því, að þessar tunnuverksmiðjur séu fullnýttar í dag eða hafi verið á undanförnum árum.

Við leituðum umsagnar síldarútvegsnefndar, sem hefur haft rekstur verksmiðjanna með höndum á undanförnum árum eða allt frá stofnun verksmiðjanna, og ekki kom nein bending um það frá síldarútvegsnefnd, að það væri hægt að auka framleiðsluna þar verulega eða kannske svo mikið, að það væri ekki ástæða til að byggja fleiri tunnuverksmiðjur. Nú vil ég benda síðasta ræðumanni á það, að enda þótt framleiðsla þessara verksmiðja, sem hann minntist á, væri aukin um svo mikið sem möguleikar væru á og hann benti hér á að mundu vera um 50% til viðbótar, þá vantar enn þá allmikið á, að fullnægt verði tunnuþörfinni. Við vitum, að þegar síld veiðist eins og hefur verið nú hin síðari ár, þá er þörfin a. m. k. 400 þús. tunnur. Ég get fallizt á, að það er reikningsdæmi út af fyrir sig, hvort það eigi að færa saman framleiðsluna í eina verksmiðju kannske og leggja niður t. d. verksmiðjuna á Akureyri og framleiða þá allt á Siglufirði, og mætti þá kannske gera það eitthvað ódýrara en ef það yrði fært í fleiri verksmiðjur, eins og hér er lagt til og var lagt til í upphafi í l. um tunnuverksmiðjurnar, þegar það var ákveðið, að þær skyldu vera þrjár. Hins vegar vitum við það og þekkjum af reynslunni, að

dreifingarkostnaður hér innanlands er gífurlega mikill, og það má mikið vera, ef sú hagkvæmni gæti átt sér stað í rekstrinum, að það jafngilti því, sem hægt væri að ná með því að dreifa verksmiðjunum um landið, þar sem aðalframleiðslumagnið á sér stað.

Nú er það svo, að ég hygg, að ástandið á vinnumarkaðinum á þessum stöðum, bæði á Siglufirði og Akureyri, sé þess eðlis, að af þeim ástæðum sé starfstímabil verksmiðjanna ekki lengra er raun ber vitni. Við vitum, að þegar síldarvertíðin stendur yfir á Siglufirði, er ekki mikið um vinnukraft til að halda áfram framleiðslu á tómtunnum. Við vitum, að þar er kallað á hverja hönd, sem í bænum er. Auk þess verður að flytja inn mikið af vinnuafli annars staðar af landinu á því tímabili. En ég hygg, að það væri einmitt hagkvæmt víðar en á Siglufirði að nota þann tíma til framleiðslu á tómtunnum. En hvað um það, þá vil ég benda á, að enda þótt afköst þeirra verksmiðja, sem nú eru starfræktar í landinu, yrðu aukin um 50%, eins og hv. þm. benti hér á, þá vantar þrátt fyrir það allmikið á, að eftirspurninni sé fullnægt. Og ég er viss um, að enda þótt þessi mál yrðu athuguð nánar, — þau hafa nú verið hér til umr. á tveim þingum, — þá muni koma í ljós, að það er hagkvæmt að byggja tvær síldartunnuverksmiðjur til viðbótar þeim, sem fyrir eru, aðra á Austurlandi, þar sem nú er um stórsöltunarframkvæmdir að ræða á hverju ári, og hina á Suðvesturlandi, þar sem, eins og ég drap á í ræðu minni áðan, hefur farið mjög ört vaxandi framleiðsla saltsíldar hin síðari ár.

Björn Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð, sem mig langar til að segja um það, sem hér hefur komið fram.

Ég tók þá afstöðu í þeirri n., sem hafði þetta mál til meðferðar, að vera því meðmæltur. Ég álít, að með byggingu tunnuverksmiðju hér á Suðvesturlandi í sambandi við vetrarsíldveiðina sé síður en svo á nokkurn hátt komið nálægt hagsmunum okkar Norðlendinga, hvorki Akureyringa né Siglfirðinga. Og það er vitað mál, að flutningskostnaður á síldartunnum er svo mikill liður í þeim kostnaði, sem framleiðendur verða að greiða, að það er fyllilega réttlætanlegt, eins og síldarsöltun er orðin mikil hér á Suðvesturlandi, að hér sé starfandi verksmiðja til að sinna þörfum síldarsöltunarinnar á þessu landssvæði.

Í sambandi við það, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. (JK) sagði um þetta, þar sem hann benti á nauðsyn þess að nýta verksmiðjurnar fyrir norðan betur en hefur verið gert, þá get ég fyllilega tekið undir það. En ég vil benda á það, að á undanförnum árum hafa verksmiðjurnar á Norðurlandi ekki annað miklu meira og stundum minna en að smíða undir helming þeirrar framleiðslu, sem orðið hefur á Norðurlandssíldinni. Ég er hér með fyrir framan mig tölur, sem sýna, að 1958 nemur söltun Norðurlandssíldar 289 þús. tunnum, en það ár voru framleiddar um 136 þús. tunnur í báðum verksmiðjunum. Árið 1959 er söltun Norðurlandssíldar 216 þús. tunnur, en það er held ég eina árið, sem framleiðslan á tunnunum er örlítið meiri, þannig að það safnast birgðir. Á árinu 1961 nemur söltunin 363 þús. tunnum, en framleiðsla á tunnum er aðeins 109 þús. eða ekki framleiddur þriðjungur af þeim tunnum, sem þurfti vegna Norðurlandssíldarinnar. Ég álít, að þetta sanni, að það mætti mjög auka nýtingu verksmiðjanna fyrir norðan, á Akureyri og Siglufirði, auka mjög verulega starfrækslu þeirra, jafnvel taka upp vaktavinnu eða vinna lengri tíma á árinu, þótt hér sunnanlands væri starfandi tunnuverksmiðja til að sinna að einhverju leyti síldarframleiðslunni hér. Sérstaklega fyndist mér koma til greina að vinna á vöktum. Ég tel, að t. d. 9 mánaða starfræksla á tunnuverksmiðjunum væri ekki hentug í því atvinnuástandi, sem nú er, og það mundi verða mjög torvelt að fá vinnuafl til svo langrar starfrækslu. Hins vegar hefur það mjög stutt að nauðsyn þessara verksmiðja, að þær hafa oft og tíðum nýtt vinnuafl yfir vetrarmánuðina á Akureyri og Siglufirði, sem annars hefði e. t. v. farið algerlega forgörðum, og það hefur verið ein af þeim stóru röksemdum, þegar norðanmenn hafa verið að ýta á það, að þessari starfrækslu væri haldið í fullum gangi.

En það er annað, sem ég vildi aðeins minnast á, úr því að ég er farinn að tala um þetta mál, að þrátt fyrir það, þó að ég sé algerlega samþykkur þessu frv. um byggingu tunnuverksmiðju hér syðra til að sinna þörfum síldarframleiðslunnar hér, þá tel ég þó, að nauðsynlegar endurbætur á verksmiðjunum fyrir norðan ættu að ganga fyrir, því að sannast mála er það, að starfrækslu verksmiðjanna hefur á ýmsan hátt verið mjög ábótavant, að ekki sé meira sagt. T. d. hefur það verið svo, að allan tímann hefur ekki verið neitt tunnuskýli á Akureyri, og það hefur leitt til þess, að tunnur hafa skemmzt í tugþúsundatali og allur kostnaður á framleiðslunni hefur orðið miklu meiri en ella hefði þurft að vera, auk þess sem þetta hefur kostað margs konar óþægindi og jafnvel skemmdir á framleiðslunni. Það hefur verið margoft bent á þetta, fjöldinn allur af áskorunum verið sendur frá ýmsum aðilum á Norðurlandi, þ. á m. frá bæjarstjórn Akureyrar og ýmsum fleirum í þessum efnum, en allt hefur komið fyrir ekki. Enn hefur ekki bólað á því, að tunnuskýli væri byggt fyrir verksmiðjuna, sem er hin brýnasta nauðsyn. Ég held, að það hafi verið á Alþingi 1957, sem við hv. 5. landsk. þm. fengum samþ. nokkra breyt. á l. um Tunnuverksmiðjur ríkisins og þar í sérstaka heimild til handa síldarútvegsnefnd til þess að taka lán í því skyni að endurbæta verksmiðjurnar fyrir norðan, en sú heimild hefur ekki enn verið notuð. Í því sambandi vil ég geta þess, að frá því 1958 eða frá því að síldarútvegsnefnd fékk stóra lántökuheimild í þessu skyni — milljónalántökuheimild, þá hefur verið varið heilum 470 þús. kr. til endurbóta á verksmiðjunum á Akureyri og Siglufirði samanlagt, 475501 kr. á þessum árum. Og það er ekki aðeins, að þetta hafi valdið síldarútveginum margs konar óhagræði og vafalaust stórfelldu tjóni, heldur er þetta einnig atriði, sem snýr að aðbúnaði verkamanna, sem vinna í verksmiðjunum, því að hann er svo slæmur, að ég tel, að þeir aðilar, sem um það hafa að segja, mundu tæplega þola nokkrum atvinnurekanda það ástand,

sem er t. d. í tunnuverksmiðjunni á Akureyri. Það má t. d. nefna, að það er ekkert hitunarkerfi í verksmiðjunni og ekkert tæki til þess að leiða burt ryk, sem er svo mikið, að það jaðrar við, að það sé heilsu manna skaðlegt, og fleira mætti þar til nefna. Hvað Akureyrarverksmiðjunni við kemur, þá tel ég, að það sé naumast hægt að búast við því, að hún verði starfhæf eða það verði þolað, að hún verði starfrækt í því ástandi, sem hún er, ef ekki verða gerðar breytingar á fljótlega, sérstaklega að því er snýr að aðbúnaði verkamanna, að þar sé komið upp forsvaranlegu hitunarkerfi og tæki til þess að leiða burt ryk, sem er geysilega mikið. Og svo í öðru lagi, að það sé algerlega óþolandi ástand, að ekki sé byggt tunnuskýli, því að það er áreiðanlegt, að það er búið að verða af því tjón, sem vafalaust nemur jafnmikilli upphæð eða jafnvel meiri en tunnuskýli mundi kosta nú.

Ég held þess vegna, að það væri rétt af þeim, sem hafa með þessi mál að gera, síldarútvegsnefnd, að nota ekki heimild til byggingar nýrrar verksmiðju, fyrr en hún sæi sóma sinn í því að búa sæmilega að þeim verksmiðjum, sem þegar eru fyrir. En þar með er ekki sagt, að það sé ekki fyllilega réttmætt mál, sem hér er á ferðinni, eins og ég hef leitt líkur að.

ATKVGR.
Brtt. 266,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 266,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 278).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 42. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 44. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

56. Kornrækt.

Á 5. fundi í Ed., 19. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um kornrækt [37. mál] (þmfrv., A. 37).

Á 7. fundi í Ed., 25. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. er nú orðinn allgóður kunningi hér á hv. Alþingi og ekki sízt hér í hv. deild, en eigi að síður vil ég gera nokkra grein fyrir þessu máli nú að þessu sinni.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að kornrækt hefur verið stunduð annað slagið hér á landi allt frá landnámstíð. Álit manna á kornrækt hefur alla tíð verið umdeilt, bæði í dag og eins fyrr á tímum. En það hlýtur að vera okkur Íslendingum hvort tveggja í senn metnaðar- og menningarmál að vera sjálfum okkur nógir á þeim sviðum, sem þess er kostur, og þar hlýtur sama að gilda um kornrækt og annað. Við Íslendingar höfum mikil og góð ræktunarlönd, sem við tileinkum okkur með hverju árinu sem líður í ríkara mæli, enda er margt, sem því veldur, og ekki sízt hin aukna og fullkomna tækni, sem við höfum nú á að skipa við þurrkun lands, jarðvinnslu, sáningu, áburðardreifingu, uppskeru og heyverkun. Þessi tækni léttir störfin mjög mikið frá því, sem áður þekktist. Sams konar tækni ryður sér rúms á sviði kornyrkju. Það er auðveldara nú en áður var að þurrka kornið með súgþurrkun, sem ekki þekktist áður. Það eru líka komnar til sögunnar betri þreskivélar en áður þekktust.

En höfuðspursmálið og höfuðvandamálið í kornræktinni er: Á kornræktin rétt á sér eða á hún ekki rétt á sér? Engin ræktun í landi okkar er örugg. Meira að segja grasræktun getur brugðizt í stórum stíl. Eins og hönd styður fót, styður ein ræktunin aðra. Þannig skýlir skógræktin öðrum gróðri í landinu. Í skjóli fjallanna og þéttvaxinna trjáa nýtur sólarhitinn sín betur en þar, sem næðingar geisa. Það er því skoðun mín, að hér á landi sé aðstaða öll til staðar, svo að kornrækt geti blessazt, en hins vegar líka til landshlutar, þar sem útilokað er í öllu venjulegu árferði að rækta korn. Það, sem gera þarf, eins og allar tilraunir hér hafa sýnt, er að velja land þar, sem sólarhitinn nýtur sín og norðanvindar ná ekki að geisa af miklum krafti. Fullþroska korn fæst þar, sem samanlagður hiti yfir sprettutímann er ekki undir 1150 stigum, og þar, sem sprettutíminn fer ekki mikið yfir 100—120 daga, með úrkomumagni, sem er ekki undir 200 mm. Sé hægt að sá korni snemma í maí eða apríl, er í allflestum árum þessum skilyrðum af hálfu náttúrunnar fullnægt.

Tilraunastjórinn á Sámsstöðum telur nokkuð örugga kornyrkju hér á landi í hverjum níu sumrum af tíu. Þetta er líka mjög hliðstætt því, sem er hjá nágrönnum okkar í norðanverðum Noregi. Klemenz segir enn fremur, að prófaðar hafi verið um 400 korntegundir á tilraunastöð-

inni á Sámsstöðum, þó að aðeins örfáar þeirra hafi gefið tilefni til þess að halda áfram með þær í tilraunum. S.l. 40 ár, sem liðin eru frá því að tilraunir með kornrækt hófust skipulega hér á landi, hafa 16 sumur verið mjög hagstæð kornyrkju, en 7 eða 8 sumur óhagstæð, og í þessum óhagstæðu kornræktarsumrum hafi stærð kornsins ekki náð nema ⅔ af þeirri venjulegu kornstærð, sem fengizt hefur allajafna. En þó hefur þetta korn verið mjög vel nothæft.

Á s.l. vori telja kunnugir menn að sáð hafi verið korni í 745 hektara lands, eða 245 hekturum meira en var á s.l. ári. Þessi kornrækt er stunduð í 7 sýslum á landinu. Eru um það bil 15 kornræktarsvæði, sem margir einstaklingar standa að. En stærsti kornakurinn var 170 hektarar, og hann var í Gunnarsholti. Ekki er enn þá vitað með vissu um meðaluppskeru á þessu ári, en talið er, að mikill klaki í jörðu s.l. vor og fremur kalt og sólarlítið sumar hafi valdið minni uppskeru í ár en á s.l. ári, en þá var uppskeran skv. þeirri skýrslu, sem er í Garðyrkjuritinu á bls. 44, en þar segir, að meðaluppskeran s.l. ár hafi verið rúmar 15 tunnur af ha, en uppskeran á öllu landinu hafi verið um 6500 tunnur af korni, sem aðallega er bygg. Og þá var sáð í 500 hektara, en árið áður aðeins í 50 hektara, þannig að landsstærðin tífaldaðist á því eina ári.

Á vegum atvinnudeildar háskólans er m. a. unnið að tilraunum með kornrækt. Um 50 afbrigði eru í athugun í Gunnarsholti. En það tekur sinn tíma að fá úr því skorið, hvernig þessi afbrigði kunna að reynast. Og alltaf eru að skapast ný viðhorf á þessu sviði, eins og á öðrum sviðum varðandi tilraunir, svo að segja má með sanni, að engri tilraun verði nokkurn tíma til fullnustu lokið, þótt hún kunni að gefa nokkrar niðurstöðutölur, áður en langir tímar líða. Reynt er nú að fá fram korntegundir, sem þurfa stuttan vaxtartíma og þola storma betur en þau afbrigði, sem nú eru ræktuð í landinu. Þetta er allt nauðsynlegt og gott, og má segja, að það sé eftir atvikum vel fyrir þessum málum séð, þegar miðað er við ýmsar aðrar hliðstæðar tilraunir í landinu.

Þetta frv., sem hér er, er samhljóða frv. því, sem við hv. 5. þm. Austf. fluttum í fyrra. Er þetta í fjórða sinn, sem við flytjum mál þetta í þessari hv. deild. Afgreiðsla frv. í fyrra var sú, að því var vísað til hæstv. ríkisstj. Eigi hef ég neitt heyrt um það, hvað hæstv. ríkisstj. hefur gert í málinu, en vera má, að það sé margt og mikið, og kemur það þá væntanlega í ljós við meðferð málsins hér á hv. Alþingi.

Þetta frv. felur í sér í fyrsta lagi, að kornræktarðilar myndi með sér félög um ræktunina og þeir hafi lágmarkslandstærð til umráða. Þetta er gert til þess að nýta vélakostinn betur en líkur eru til að ella væri. Í öðru lagi er lagt til í frv. þessu, að ríkið veiti framlag til vélakaupa allt að 50% af kostnaðarverði vélanna, en þó ekki yfir 200 þús. kr. til hvers samningsaðila. Í þriðja lagi er lagt til, að greitt verði sama framlag úr ríkissjóði út á frumvinnslu lands, eins og við aðra jarðrækt. Þetta er að vísu gert nú, en sakar eigi, að það sé fram tekið í þessu frv., ef að lögum verður. Í fjórða lagi er lagt til, að greitt verði hálft jarðræktarframlag úr ríkissjóði út á endurvinnslu lands. Hér má segja með sanni, að kröfum öllum er stillt mjög í hóf gagnvart ríkisvaldinu, jafnframt því sem reynt er að sjá svo um, að nýting vélaaflsins verði betri en ella mundi verða. Þetta frv. gerir ráð fyrir, að Búnaðarfélag Íslands fari með stjórn þessara mála, eins og stjórn annarra ræktunarmála í landinu, og verðum við að segja með sanni og eigi hefur annað í ljós komið, að vel hafi verið á þeim málum haldið af stjórn og ráðunautum og starfsliði Búnaðarfélags Íslands. Árlega flytjum við Íslendingar inn korn og korntegundir fyrir tugi millj. kr., þar sem okkur skortir kolvetni til fæðu og fóðurs. Eina leiðin til að minnka þennan innflutning er að efla kornræktina í landinu, verja nokkru fé til þess úr ríkissjóði og á þann hátt að spara gjaldeyri, sem við höfum alltaf mjög takmarkaðan. Kornræktin á sína framtíð í landinu alveg eins og grasræktin á og hefur sýnt sig að vera bjargvættur bændanna í fóðuröflun hin síðari ár. Ég treysti því, að mál þetta mæti meiri skilningi hv. þm. en raun ber vitni um frá undanförnum þingum. Legg ég til, að máli þessu verði síðan vísað til 2. umr. og til landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. landbn., á þskj. 291, var útbýtt 20. febr., en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

57. Afnám aðflutningsgjalda af vélum til landbúnaðar.

Á 5. fundi í Sþ., 23. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um afnám aðflutningsgjalda og söluskatts af vélum og tækjum til landbúnaðar [50. mál] (þmfrv., A. 50).

Á 8. fundi í Ed., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Við framsóknarmenn í þessari hv. d. flytjum þetta frv., sem er á þskj. 50.

Það mun flestum kunnugt, hver þróun hefur verið á sviði tækninnar hér á landi hin síðari ár. Þar hefur tæknin, vélaaflið, leyst af hendi mannsaflið. Í stað árabátanna hafa komið vélknúin skip, og í stað þess að heyja hefur verið aflað með orfi og ljá, hafa komið afkastamiklar vélar. Þessi þróun þykir sjálfsögð. Engum dettur í hug að hefja útgerð né iðnrekstur nema með fyllstu tækni. Sama máli gegnir um landbúnaðinn. En þessi tækni kostar mikið. Hún kostar mikla fjárfestingu. Fáir eiga mikið fjármagn fyrir fram af því, sem vélvæðing kostar, og mjög erfitt er að fá fé að láni, nema þá að litlu leyti og með óhagstæðum kjörum. Hjóladráttarvél með nauð-

synlegum tækjum við búrekstur kostar vart undir 200 þús. kr. En þá reikna ég með eftirfarandi tækjum fyrir utan aflvélina sjálfa: sláttuvél, múga- og rakstrarvél, lyftitæki með heyýtu, mykjudreifara og áburðardreifara, en það verð tek ég aðeins að ⅓ hluta, vegna þess að ég tel, að þar geti verið um sameign þriggja eða fleiri bænda að ræða. Síðan kemur blásari til að blása inn heyi í hlöðu og turna og súgþurrkunarblásari, sem verður nú orðið að teljast ómissandi hverju heimili. Ótalin er þá mjaltavél, sem ekki er hægt að vera án, þar sem um mjólkurframleiðslu er að ræða. Sé rafmagn til staðar frá héraðsrafmagnsveitum, er það mikill munur varðandi þægindi og fjárfestingu, en sé það ekki til staðar, þá vantar mótor til að framleiða rafmagnið fyrir heimili og enn fremur til að knýja súgþurrkunarblásara og mjaltavél. Þessi mótor með tilheyrandi kostar tæplega undir 50 þús. kr. Fjárfesting á einu búi, einungis til búrekstrar, ef vélvæðing á að vera fullnægjandi, mun því vera nokkuð mikið á 3. hundrað þús. kr. En þá er ótalið enn þá eitt ómissandi tæki hverju sveitaheimili, en það er bifreið. Hér er um mikla fjárfestingu að ræða, ef kaupa þarf allt þetta, eins og þeir verða að gera, sem byrja búskap.

Það er mikið vandamál meðal bænda og ekki sízt byrjenda í búskap, hvernig bezt er að leysa þennan þátt í bústofnsmyndun, svo að aðrir þættir í búskap gangi eðlilega, svo sem stækkun búanna, þurrkun lands og ræktun. Bændastéttin verður árlega að leggja í mikla fjárfestingu, sem framtíðin ein nýtur. Þessi fjárfesting eða þetta sparifé er bundið til margra ára og kemur aðeins þeim að notum, sem landið nytja í framtíðinni. Almennt fer hver einasti eyrir bænda í það að búa í haginn fyrir framtíðina, og flestir þeirra neita sér um ýmislegt, sem þeirra samborgarar í öðrum stéttum telja sér ómissandi á sínum heimilum, eins og t. d. skemmtileg og þægileg húsgögn og véltækni við sjálft heimilishaldið.

Þetta frv. fjallar um það, á hvern hátt við getum á viðráðanlegri hátt en nú er vélvætt landbúnaðinn. Þau tæki, sem nefnd eru í 1. gr. frv. og tilheyra 72. kafla tollskrárlaganna, svo sem hjóladráttarvélar, sláttuvélar, rakstrarvélar og snúningsvélar, mjaltavélar, áburðardreifarar og kartöfluupptökuvélar ásamt fleira til landbúnaðar, þessi tæki eru nefnd í 1. gr. frv. og skulu vera undanþegin aðflutningsgjöldum og enn fremur undanþegin söluskattum, eins og 4. gr. frv. kveður á um. Hér er um verulega upphæð að ræða fyrir kaupendur hlutaðeigandi tækja. Hjóladráttarvél af Massey Ferguson Standard gerð kostar nú 106 þús. kr., en mundi, ef frv. þetta verður að lögum, lækka um 27 þús. kr. eða kosta þá 79 þús. kr. Sams konar vél og þessi kostaði árið 1958 53 þús. kr. eða helmingi minna en hún kostar nú. Hún mundi þrátt fyrir afnám tolla og skatta kosta 26 þús. kr. meira en hún gerði 1958.

Síðan 20. febr. 1960 er tvisvar búið að fella gengi íslenzkrar krónu, eins og landsmenn allir finna mjög fyrir. Eftirfarandi tæki mundu því lækka í verði sem hér segir, ef frv. verður að lögum:

Moksturstæki með skúffu, sem nú kostar 19 þús. kr., mundi lækka um 4400 kr. Sláttuvél með venjulegri 5 feta greiðu, sem nú kostar 11500 kr., mundi lækka um rúmlega 2000 kr. Múgavél 6 tindahjóla, sem nú kostar rúm 13 þús., mundi lækka um 2800 kr. Heyblásari, sem nú kostar nálægt 13 þús. kr., mundi lækka um 2300 kr. Og áburðardreifari, sem kostar nálægt 10 þús. kr., mundi lækka um 1800 kr.

Samkv. 2. gr. frv. er lagt til, að endurgreidd verði bæði aðflutningsgjöld og söluskattur af vörum til rafmagnsframleiðslu í sveitum, þar sem ekki er völ á rafmagni frá héraðsveitum eða samveitum. Öllum er ljóst, hversu rafmagnið og þau þægindi, birta og ylur, sem það veitir, umskapar allt líf og starf fólks. Árlega verður ríkissjóður að greiða halla á héraðsrafmagnsveitum ríkisins, og nam sá halli samkv. ríkisreikningi fyrir árið 1961 13 millj. kr. Hér er því um réttlætismál að ræða á milli þeirra annars vegar, sem búa við raforku hins opinbera, og hinna, sem staðháttanna vegna geta ekki átt þess kost, en kaupa dýrar vélar og standa að öllu leyti sjálfir undir rekstri þeirra til þess að fá raforku, en taka samt sinn þátt í halla héraðsveitna. Ekki er óalgengt, að keyptar séu dísilrafstöðvar 4 kw., en þær nægja aðeins litlum heimilum, og árið 1958 kostaði slík rafstöð 21 þús. kr. En nú kostar sams konar rafstöð af Lister-gerð 37 þús. kr. Ef frv. þetta verður að lögum, lækkar slík rafstöð um 8500 kr., en kostar samt sem áður 7500 kr. meira en hún kostaði árið 1958. Hér er um litlar upphæðir að ræða árlega hjá ríkissjóði, en þær mundu þó hjálpa mikið til þess að bæta úr brýnni þörf margra heimila, sem raforkuna skortir nú í dag.

Þá gerir 3. gr. frv. svo ráð fyrir, að endurgreidd verði bæði innflutningsgjöld og söluskattar af hjóladráttarvélum, sem fluttar hafa verið inn til landsins til landbúnaðarþarfa síðan 20. febr. 1960. Alls munu þær vélar vera, eftir því sem ég bezt hef fengið upplýst, sem hér segir: 1960 voru fluttar inn 207 vélar, 1961 416 og 1962, þ. e. a. s. fyrir hálft árið eða til júlíbyrjunar, að ég ætla, 257 hjóladráttarvélar. Á þessu tímabili hafa þá verið fluttar inn um 880 hjóladráttarvélar alls, en margar af þeim eru gamlar vélar, hafa verið fluttar inn sem notaðar vélar og því ódýrari í innkaupi en hinar nýju vélar hafa verið.

Sumum kann e. t. v. að finnast, að með frv. þessu sé farið fram á sérstöðu fyrir landbúnaðinn, en svo er ekki. Hér er hvergi farið fram á það, sem aðalatvinnuvegur þjóðarinnar, sjávarútvegurinn, hefur ekki notið og nýtur nú. Hér er því ekki farið fram á sérréttindi, heldur jafnrétti. Þá kann mönnum kannske að finnast, að hér sé um óbærilegan tekjumissi að ræða yrir ríkissjóð, en svo er ekki heldur. Hér er um örlítið brot að ræða af rekstrarhagnaði ríkissjóðs fyrir árið 1961, en þá nam rekstrarhagnaðurinn 1548 millj. kr. og greiðsluafgangur samkv. gömlu uppgjörsaðferðinni nam 57 millj. kr. fyrir það ár. Hvað væri þá, ef maður bæri þessar upphæðir saman við það, sem fjárlagafrv. fyrir árið 1963 gerir ráð fyrir eða áætlar tekjur ríkissjóðs, en þær eru þar áætlaðar nokkuð á 3. milljarð kr., svo að þarna yrði um dropa í hafinu að ræða. Enda er innflutningur þessara tækja í þágu land-

búnaðarins aðeins örlítið brot af öllum innflutningi til landsins, og venjulega hefur útflutningur landbúnaðarafurða staðið að mestu leyti undir öllum þeim innflutningi, sem landbúnaðurinn hefur þurft á að halda sér til rekstrar. Á það má og benda, að þátttaka ríkissjóðs í kostnaði samkv. jarðræktarlögum nam s.l. ár 17 millj. kr. minna en hún gerði árið 1955 samkv. sömu löggjöf, ef miðað er við framkvæmdamagn og verðlag 1961 samanborið við umreiknað verðlag á framkvæmdum 1955. Hér er því ríkur þáttur í því, sem gerir afkomu bænda mun lakari með hverju árinu sem líður. Ef frv. þetta verður að lögum, er mun auðveldara að tryggja bændastéttinni fullkomna tækni við búrekstur á sambærilegu verði við það, sem gildir í sjávarútvegi. Þá mun það ekki ólíklegt, að unga fólkið aðhyllist landbúnaðinn meira en nú er, ef okkur tekst að sýna því fram á það með rökum, að í sveitum geti það lifað við fyllstu tækni frá byrjun og þurfi ekki að óttast að verða frá að hverfa sakir þess, að þjóðfélagið eða samfélagið getur ekki lyft undir vængi þess, á meðan flugið er að hefjast eða búskapurinn er að byrja. Takist okkur að búa vel að unga fólkinu, sem hefur vilja, dug og þekkingu á búskap, þurfum við hvorki að lá því né óttast það, að bændabýlin þekku verði ekki fullnytjuð og vel setin í framtíðinni, en það sannast, að íslenzka þjóðin á dugmikla bændastétt, sem er hlutverki sínu vaxin og sér þjóðinni jafnan fyrir því, sem hún þarfnast af þeirri framleiðslu, sem byggist á auðæfum gróðurmoldarinnar. Þetta frv. er aðeins einn þáttur af mörgum, sem stýður að því að tryggja framtíð sveitanna.

Ég legg því til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð, því að ég sé ekki ástæðu til að orðlengja mjög um þetta frv. við þessa umr. málsins. Ræða hv. frsm., sem var í alla staði mjög hógvær, gaf ekki heldur mikið tilefni til langra bollalegginga, þótt hins vegar því sé ekki að neita, að þetta mál er að sjálfsögðu þess eðlis, að það geti gefið tilefni til allmikilla umræðna um aðstöðu landbúnaðarins yfirleitt í þjóðfélaginu. Ég skal spara mér allar slíkar umr., en það voru aðeins örfá atriði, sem ég vildi drepa á í þessu sambandi og einkanlega koma fram í grg. þessa frv., en hv. frsm. vék minna að í sinni frumræðu.

Því er haldið fram, að frv. þetta sé flutt fyrst og fremst vegna þess, að nú búi bændur landsins við erfiðari aðstöðu en þeir hafi áður búið við, og eins og það er orðað í grg., að sú stétt sé einna harðast leikin af núv. stjórnarvöldum. Ég geri líka ráð fyrir því, að það hljóti að vera eitthvert slíkt sjónarmið, sem að baki er þessu frv., vegna þess að það vill nú svo til af einhverjum ástæðum, að því hefur ekki verið komið til leiðar, meðan flokkur hv. flm. þessa frv. hefur verið við völd í landinu, að búa þannig að landbúnaðinum, sem þeir telja nú sjálfsagt og sanngjarnt að gera, að hann geti fengið sínar vélar innfluttar án þess að borga af þeim nokkur aðflutningsgjöld. Maður skyldi a. m. k. halda, að ef það hefur verið svo ákaflega mikið réttlætismál, þá geti það naumast hafa orðið það allt í einu nú, nema eitthvað sérstakt komi til.

Hv. frsm. sagði, að með því að leggja til að fella niður alla þessa tolla væri ekki verið að fara fram á nein sérréttindi fyrir bændastéttina, heldur að hún njóti jafnréttis við útgerðina. Út í þá sálma skal ég ekki heldur fara, en vekja athygli á því, að mér er ekki kunnugt um, að fram hafi komið á undanförnum árum till. frá þessum hv. þm., þegar þeir höfðu valdaaðstöðu í landinu, til þess að koma á þessu jafnrétti. Og sannleikurinn er sá, að mér finnst, ef menn vilja vinna góðu máli gagn, þá sé í rauninni talsvert miklu þægilegra fyrir þá að gera það, þegar þeir ráða sjálfir, heldur en þegar þeir eru í stjórnarandstöðu, nema því aðeins að það sé skoðun þeirra, að valdhafarnir í það skiptið séu líklegri til að líta á réttlætismálið en þeirra eigin menn. Það má kannske segja, að það sé talsvert áberandi meinsemd í okkar þingstörfum, sem er kannske einstakt fyrir Ísland, að það vill oft verða svo, að menn leggja fram ýmsar tillögur, sem út af fyrir sig geta verið góðra gjalda verðar og horfa til lagfæringar fyrir einhverja aðra í þjóðfélaginu, en hreyfa þeim helzt, þegar þeir hafa ekki aðstöðu til þess að koma þeim fram eða þurfa ekki að bera ábyrgð á stjórn landsins. Með þessu er ég á engan hátt að halda því fram, að það geti ekki verið gott mál, sem hér er vakið máls á, en aðeins láta í ljós nokkra undrun yfir því, að hv. framsóknarmenn skuli hafa valið þá leið eða ekki komið auga á það fyrr, að þetta væri jafnmikið réttlætismál og þeir telja nú í dag.

Þá kem ég að hinni hliðinni, hvort það gæti þá verið, að það, sem réttlæti sérstaklega að fá þetta mál fram nú og geri það réttlátt, þótt það hafi kannske ekki verið réttlátt áður, þegar þessir menn höfðu völd, sé, að svo sérstaklega hafi verið farið illa með bændur af núv. valdhöfum, að þess vegna þurfi að gera þetta sem neyðarráðstöfun þeim til hjálpar. Ég vil einnig leyfa mér að halda því fram, að hér sé ekki rétt með farið. Það er að vísu svo, og það vitum við allir, sem nokkuð þekkjum til afkomu bænda og hags landbúnaðarins, að það er vitanlega margt, sem þarf að bæta á því sviði og þarf að bæta aðstöðu fólksins í sveitunum. En að halda því fram, að það þurfi að gera núna alveg sérstakar neyðarráðstafanir, sem ekki hafi verið ástæða til að gera áður fyrr, það hygg ég að hafi ekki við mikil rök að styðjast. Það má m. a. benda á það, að um verðlagningu landbúnaðarvara, sem er að sjálfsögðu undirstöðuatriði varðandi afkomu bænda, hefur tekizt að fá þá niðurstöðu, að það hefur ekki aðeins verið greidd í hækkuðu verðlagi sú hækkun, sem orðið hefur á kaupi annarra stétta, heldur hefur verið gert betur. Það hefur verið greitt nokkuð af þeim hala, sem áður var til kominn og er arfur frá vinstri stjórninni. Vitanlega væri mjög æskilegt, að það væri hægt að gera meira á því sviði og bæta hag bænda enn betur, en ég nefni þetta aðeins sem dæmi þess, að því fer fjarri, að sérstaklega þurfi að halda því fram, að nú hafi verið vegið að bændum af núv. ríkisstj. á þann veg, að það út af fyrir sig geri óumflýjanlegt að gera ráðstafanir

sem þessar einmitt núna, ef ekki hefur verið þörf á þeim áður.

Hitt er svo allt annað mál, sem hv. flm. ræddi hér málefnalega um, að það er vissulega mikil nauðsyn á því að lækka a. m. k. verulega aðflutningsgjöld af ýmsum nauðsynlegum vélum til landbúnaðarins. Við vitum mætavel, að það er ógerlegt að búa búi sínu á Íslandi í dag nema því aðeins að hafa vissan vélakost. Öðruvísi verður það ekki gert. Og það er engum efa bundið, að þessar vélar eru orðnar mjög tilfinnanleg útgjöld fyrir bændur og því ástæða til að íhuga með öllu móti, hvernig hægt sé að auðvelda þeim að eignast þessi nauðsynlegu tæki. Með hliðsjón af því er ég hv. flm. algerlega sammála um þann kjarna málsins, að það er full þörf á að íhuga í fullri alvöru, hvað hægt er að gera í þessu efni til að létta þarna undir með landbúnaðinum.

Þegar á síðasta þingi komu fram till. um lækkun aðflutningsgjalda af dráttarvélum, var það upplýst hér í þinginu og hefur raunar einnig verið upplýst á þessu þingi af hæstv. fjmrh., að tollskráin væri í heildarendurskoðun og væri það langt komið þeirri endurskoðun, að það mætti vænta þess, að hún kæmi fyrir þetta þing. Ég geri ráð fyrir því, að þá muni að sjálfsögðu öll þessi mál hljóta gaumgæfilega athugun og að það verði farið svo langt sem auðið þykir í þá átt að lækka aðflutningsgjöld af þessum nauðsynlegu tækjum. Ég hygg því, að að því leyti til getum við hv. frsm. fullkomlega verið sammála um þann kjarna málsins og ég efast ekkert um, að það er einlægur vilji hans að vinna að því, að þessar úrbætur fáist, svo langt sem auðið er að ganga á því sviði. Hvort það þykir auðið að afnema öll þessi aðflutningsgjöld, skal ég ekkert um segja á þessu stigi málsins, það er ekki tímabært. En ég læt hiklaust í ljós þá skoðun, að á hinum þýðingarmestu vélum bænda sé nauðsynlegt að lækka aðflutningsgjöld frá því, sem nú er.

Varðandi svo að lokum það atriði, hvort það sé rétt, sem vissulega væri mjög hörmulegt, ef satt væri, að það sé háskalegur samdráttur í framkvæmdum í landbúnaði og í rauninni, eins og stundum hefur verið sagt, að það vofi yfir jafnvel landauðn í sveitum, þá held ég nú, sem betur fer, að það sé mjög orðum aukið. Hv. flm. nefndi hér nokkrar tölur, sem vissulega voru athyglisverðar í því sambandi, og það var innflutningur á dráttarvélum, sem sýndi sig að hefur farið stórvaxandi síðustu árin, þannig að ekki bendir það sérstaklega til samdráttar. Það er ekki gott að segja, hvernig verður með framkvæmdir á þessu ári. Það liggja ekki fyrir um það upplýsingar enn. En eftir þeim upplýsingum, sem þó hafa lauslegar borizt, bæði frá kaupfélagsstjórum og byggingarfulltrúum í sveitum, þá sýnist ekki ástæða til að halda, að þar sé um samdrátt að ræða, ef litið er á landið í heild, heldur miklu fremur líklegt, að framkvæmdir hafi orðið meiri í sumar en nokkru sinni áður. Og vissulega er þetta gleðiefni. Með þessu er á engan hátt sagt, eins og ég sagði í upphafi máls míns, að það þurfi ekki að hafa vakandi augu á því að reyna eftir föngum að bæta aðstöðu bænda til búrekstrar. Það er alveg rétt, sem hv. frsm. sagði, að það er nokkuð sérstakt með landbúnaðinn, að hann verður að rækta sín mið sjálfur, og framkvæmdir hans, t. d. í jarðrækt, ef vel er að þeim framkvæmdum unnið og þær vandaðar, eiga að standa til langrar frambúðar. Þeir hafa á undanförnum árum og áratugum lagt á sig gífurlegar álögur til þess að bæta og byggja sveitirnar, og við vitum, að þar hafa orðið undraverðar framfarir. Og vissulega er það skylda löggjafarvaldsins og ríkisvaldsins á hverjum tíma að hlaupa þarna svo undir bagga sem verða má, því að ég efast um það, að hjá nokkurri þjóðfélagsstétt fari tekjur hennar jafnalmennt í uppbyggingu eins og er hjá bændastéttinni.

Það má því öllum ljóst vera, að það er mikið nauðsynjamál að vinna að því, að hagur bænda geti orðið sem beztur. En það er alltaf mjög leitt, hver sem á hlut að máli og hvaða flokkur sem það á, ef slík góð mál eru fram borin á þann hátt, að það gefur fulla ástæðu til þess að halda, að þau séu jafnvel meira borin fram til að sýnast en í fullri alvöru, þegar ekki hafa af þeim sömu hv. flm. verið gerðar neinar ráðstafanir til þess, þegar þeir höfðu tök á að koma því réttlætismáli í framkvæmd.

Það er vitanlega svo, að það er mjög vinsælt að afnema tolla og aðflutningsgjöld, og það eru vafalaust margir þjóðfélagsborgarar, sem vildu vera lausir við þau. Ég sé, að það eru tveir hv. framsóknarmenn, sem hafa flutt í Nd. frv. um að afnema viss gjöld af heimilisvélum. Þetta er líka ágætt mál. Og það er vafalaust hægt að finna mörg önnur mál, þar sem væri mjög vinsælt að afnema tolla og aðflutningsgjöld og afnema skatta. En það vita allir hv. þm., að málið er ekki alveg svo einfalt, þó að þetta geti litið vel út á pappír, svo að ég held a. m. k., að í það allt saman verði að fara með fullkomnu raunsæi.

Herra forseti. Ég skal ekki orðlengja frekar um þetta. Ég vildi aðeins minnast á þessi nokkur atriði í sambandi við málið, sem mér finnst ekki hafa komið nægilega fram eða verið þannig fram sett í sambandi við grg. fyrir þessu máli, að það sé ekki fyllilega rétt með staðreyndir farið. En að öðru leyti get ég lýst því yfir, sem ég áðan sagði, að ég er sammála hv. flm. þessa máls um, að það þurfi að búa sem bezt í haginn fyrir landbúnaðinn að þessu leyti og einkum með því að gera það, sem tök eru á að gera, til þess að auðvelda bændum að eignast hin nauðsynlegustu tæki til síns búrekstrar.

Flm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Ég get þakkað hv. 6. þm. Norðurl. e. fyrir góðar undirtektir undir þetta mál, og vænti ég, að hann leggi málinu gott lið innan síns flokks og sjái um, ef umtöluð aðflutningsgjaldalækkun er fyrirhuguð af hæstv. ríkisstj., að hún verði eitthvað, sem um munar, en ekki aðeins nafnið eitt, eins og hv. þm. sagði að ég og aðrir flm. þessa frv. meintum með frv. þessu, eða að það væri sýndarmennska ein. En svo er nú ekki.

Hv. þm. ræddi nokkuð hag landbúnaðarins, og ætla ég, að hann sé honum nokkuð kunnugur,

þar sem hann er bankastjóri Búnaðarbanka Íslands og hefur verið nú um nokkurt skeið og því gefizt gott tækifæri til þess að kynnast fjárhagsafkomu bændastéttarinnar í landinu og ekki sízt fyrir það, að einmitt á því tímabili, sem hann hefur verið bankastjóri, hafa farið fram svokölluð skuldaskil hjá bændum landsins. Að sjálfsögðu mætti margt um þau mál ræða, en ég ætla mér að halda mér við efni þessa frv. og skal því ekki fara langt út í þau mál, en bara það út af fyrir sig sýnir nokkuð, á hverri leið bændastéttin er stödd fjárhagslega í þeirri dýrtíð, sem ríkir í landinu.

Hv. þm. taldi, að það væri ekki rétt með farið, að í framkvæmdum landbúnaðarins væri samdráttur. Ég vildi, að svo væri, að það væri rétt, er hann sagði. En því miður benda allar skýrslur, sem fyrir liggja um þau efni, í þveröfuga átt, og vil ég — með leyfi forseta — lesa nokkuð úr þeim skýrslum, sem birzt hafa um þessi efni, bæði í Búnaðarriti og búnaðarblaðinu Frey. Þar stendur, að fyrir árið 1959 er mæld nýrækt í landinu 4456 hektarar, en árið 1961 eru aðeins teknir út eða mældir 3934 hektarar, eða 522 hekturum minna en 1959, og var líka verulegur samdráttur og nokkru meiri í þessu árið 1960 frá árinu 1959. Taki maður túnasléttur, þá lætur nærri, að þær hafi nokkurn veginn staðið í stað þessi ár. En aftur á móti girðingar hafa minnkað frá 1959 allverulega. Og áburðarhús steypt hafa minnkað frá 1959 um 3059 rúmmetra. Þá eru það þurrheyshlöður steyptar. Þær voru mældar 1959 134255 rúmmetrar, en árið 1961 aðeins 79443 rúmmetrar, eða 54 812 rúmmetrum minna 1961 en 1959. Hlöður úr öðru efni hafa sömuleiðis minnkað, þar sem er minna byggt af þeim einnig á sama tímabili en var 1959. Súgþurrkunarkerfi í þurrheyshlöður, sem allir telja að sé ómissandi, hefur sömuleiðis verulega minnkað. Og votheyshlöður, sem einnig eru taldar mjög nauðsynlegar, voru mældar 15 351 rúmmetri 1959, en 6737 rúmmetrum minni 1961 eða því sem næst um helming.

Vélgrafnir skurðir komust hæst 1958 í nærri 4 millj. rúmmetra, en árið 1961 hafa þeir minnkað um því sem næst þriðjung. Og mér er sagt, eftir því sem horfur eru á með vélgrafna skurði nú í ár, að þar sé enn þá verulegur samdráttur, sem bezt kemur kannske fram í því, að aðeins 18 skurðgröfur af 30, sem vélasjóður ríkisins á, eru í gangi. Það kann að vera, að það séu fleiri orsakir, sem þessu valda, að ekki fleiri vélar eru notaðar en þetta, en aðalástæðan er sú, að bændur treysta sér ekki út í þessar framkvæmdir í stórum stíl þrátt fyrir það, að þessi framkvæmd er kostuð af ríkinu að 65% og er því sú ódýrasta framkvæmd, sem bændastéttin getur lagt út í í dag.

Þá minnti ég á það í minni ræðu áðan, að ef framlag ríkisins til jarðabóta í landinu ætti að vera hliðstætt því, sem það var 1955, eftir að endurskoðun hafði farið þá fram á jarðræktarlögunum, hefði ríkið þurft að greiða 17 millj. kr. meira út á framkvæmdirnar 1961 en gert var, þannig að þarna verða bændurnir sjálfir að leggja fram þessar 17 millj., sem þeir hefðu ekki þurft að gera, ef hlutfall ríkisins í þátttöku þessara framkvæmda hefði verið jafnmikið 1961 og það var 1955.

Ég ætla, að með þessum tölum, sem ég hef hér nefnt, sé hv. þm. ljóst, að hér er ekki talað út í bláinn, þegar sagt er, að verulegur samdráttur hafi átt sér stað í framkvæmdum á vegum bændastéttarinnar hin síðari ár. Og það er alvörumál, verulegt alvörumál, ekki fyrir bændurna sjálfa, heldur og þjóðina í heild, ef þessi samdráttur heldur áfram.

Aðalástæðan fyrir flutningi þessa frv. er sú, eins og bæði kemur fram í grg. og kom fram í ræðu minni áðan, að gengisfellingin 1960 og 1961 hefur margfaldað tollana og skattana, sem áður voru á þessum vélum, þannig að t. d. ein hjóladráttarvél kostar 28 þús. kr. meira í dag, þó að búið sé að afnema öll aðflutningsgjöld og söluskatta á þeirri vél, en hún gerði 1959, því að þá kostaði hún 53 þús. kr., en hæstv. núv. ríkisstj. hefur tekizt að hækka þessa vél í verði um hér um bil 100%. Og ég vænti þess, úr því að það er ofarlega á döfinni hjá hæstv. stjórn að endurskoða tollalögin, m. a. með tilliti til þessa, er varðar bændastéttina, að tekið verði fullt tillit til, hvernig komið er í þessum málum, og taki líka tillit til þess, að það er óhugsandi, að nokkur búrekstur í landi voru geti átt sér stað nema með fullkominni tækni, sams konar tækni og útgerðarmenn álíta varðandi útgerð og iðnaðarmenn álíta varðandi iðnrekstur. Þetta er sú krafa, sem hefur orðið ljósari með hverju árinu sem hefur liðið hjá bændastéttinni og ekki að ástæðulausu.

Það var einn þáttur, sem ég vænti að hv. 6. þm. Norðurl. e. kæmi nokkuð inn á í ræðu sinni, af því að hann er bankastjóri, og það er um það að lána út á heimilisdráttarvélar úr stofnlánadeild landbúnaðarins. Ég sakna þess, að hv. þm. minntist ekki á þetta, en gott væri, ef hann gæfi nokkrar upplýsingar, hver háttur verði á hafður í þessum efnum varðandi bændastéttina, hversu myndarlega Búnaðarbankinn ætlar að taka á þessum málum og greiða á þann hátt götu bændastéttarinnar nú og í framtíðinni.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða málið almennt meira, og var ekkert í ræðu hv. þm., sem gaf tilefni til þess sérstaklega. Hann las hér nokkrar tölur um framkvæmdir í landinu, sem ég vil á engan hátt vefengja og veit, að hann hefur farið rétt með. Ég hef ekki neinar slíkar tölur fyrir mér aðrar en þær, sem felast í þeim lánveitingum, sem mér er kunnugt um að hafa verið á undanförnum árum úr Búnaðarbankanum eða ræktunarsjóði og byggingarsjóði og benda ótvírætt í þá átt, að það sé a. m. k. ekki rétt að segja, að það sé um að ræða háskalegan samdrátt í framkvæmdum, sem betur fer. Það er vafalaust samdráttur á ýmsum sviðum, eins og kom fram í hans tölum. Þar hefur komið fram aukning á öðrum sviðum. Þetta er svo frá ári til árs, að það er mjög breytilegt, hvernig framkvæmdir bænda eru, auk þess sem það að vísu þarf ekki að benda til samdráttar, þó að bændur fjárfesti ekki stöðuglega meira og meira frá ári til árs, því að það er annað atriði, sem vissulega væri vert að íhuga

og er töluvert mikið alvörumál, og það er, að ýmislegt bendir til þess, að fjárfesting bænda margra hverra hafi verið of mikil, þ. e. a. s. hún hafi verið of mikil vegna þess, að búrekstur þeirra hafi ekki vaxið sem svarar fjárfestingunni. Og þetta er atriði, sem kom töluvert í ljós, þegar var t. d. farið að athuga upplýsingar, sem komu með lausaskuldalánaumsóknum bænda. Það voru margar merkilegar upplýsingar, sem þar komu fram, og eru þarna atriði, sem áreiðanlega er nauðsynlegt fyrir bændasamtökin að íhuga, og það er áreiðanlega mikil nauðsyn, að það verði komið á laggirnar fyrir bændastéttina einhvers konar upplýsingastarfsemi til þess að gera þeim ljósari grein fyrir því eða gera þá færari til þess að leggja grundvöll að sem hagstæðustum búrekstri.

Ég hef leyft mér að flytja um það þáltill., að einmitt þessi hlið málsins verði athuguð, þ. e. a. s. að koma upp einhvers konar hagfræðilegri leiðbeiningastarfsemi fyrir bændur. Ég mun að sjálfsögðu ekki fara nánar út í það hér, en gera grein fyrir því, þegar þar að kemur, en drep þó á þetta hér vegna þess, að ég er ekki í neinum vafa um það, að hér er um að ræða mikið nauðsynjamál, því að hin mikla fjárfesting í sveitunum hefur hjá mörgum bændum skapað þeim verulega áhættu, vegna þess að búrekstur þeirra hefur ekki vaxið að sama skapi. Og þetta veit ég að hv. 1. flm. þessa frv. muni einnig vera ljóst, því að hann er manna fróðastur í þessum efnum. Þess vegna er það ekki endilega víst, að það þurfi að vera það hagstæðasta, sem stefna beri að á næstu árum, að það verði haldið uppi sem mestri aukningu fjárfestingar almennt í landbúnaðinum, heldur held ég, að um leið þurfi að athuga þetta atriði. Það er auðvitað sjálfsagt, að það verður að auka sem mest framleiðslu eða framleiðni landbúnaðarins, eins og það er kallað. Og einkanlega það, að það verði reynt að hagnýta sem allra bezt þá fjárfestingu, sem þegar hefur orðið í landinu og ég er ekki alveg viss um að sé hagnýtt sem vera skyldi, sem er í rauninni engin von til, því að það er, að ég hygg, miklu flóknara mál að reka bú en margir hverjir gera sér grein fyrir. Þetta er töluvert flókið fyrirtæki, þegar þarna koma til margvíslegar og fjölþættar framkvæmdir, að gera sér þá grein fyrir því, hvernig búrekstrinum verði hagstæðast fyrir komið.

Ég skal ekki fara að orðlengja frekar um það atriði. En vegna þess að hv. flm. beindi til mín ákveðinni fsp., sem snertir óneitanlega það mál, sem hér liggur fyrir, tel ég rétt að svara henni að því marki, sem ég get svarað henni á þessu stigi málsins, en það er varðandi hugsanleg lán úr stofnlánadeild landbúnaðarins til bænda vegna dráttarvéla.

Þegar stofnlánadeild landbúnaðarins var komið á með löggjöf á síðasta þingi, var tekið fram, að með þeim trausta grundvelli, sem þar væri gert ráð fyrir, að yrði lagður, ætti að skapa skilyrði til þess að auka útlán til framkvæmda bænda, bæði þeirra, sem nú hefur verið lánað til, og einnig taka upp nýjar lánveitingar. Að þessu hefur síðan verið unnið. Hv. þm. er vafalaust kunnugt um það, að tekjur þær, sem þessi stofnlánadeild á að fá, ekkert af þeim kemur inn á þessu ári, það er ekki fyrr en á næsta ári, sem þessar tekjur fara að skila sér. Það breytir hins vegar ekki því, að það hefur verið töluvert að því unnið að leggja grundvöll að aukinni starfsemi, athuga möguleikana á því að hækka mjög lán, sem þegar eru veitt til bæði íbúðarhúsabygginga og annarra framkvæmda. Þeirri athugun er enn ekki lokið, en henni verður lokið að sjálfsögðu, áður en kemur til að úthluta lánum á þessu ári.

Varðandi dráttarvélarnar hefur ekki verið tekin formleg ákvörðun enn. En það hefur þó verið gert ráð fyrir því og mönnum beinlínis sagt, að það mundu verða veitt lán út á dráttarvélar. Því er ekki að leyna, að á þessu máli eru ýmsar tæknilegar hliðar, sem ég skal ekki fara hér út í. Það eru ýmsir vankantar lagalega og á ýmsan annan hátt, sem valda því, að þessum lánum er erfitt að koma fyrir svo sem þarf. En hvað sem því líður, þá er óhætt að staðhæfa hér, að það verða lánuð lán til kaupa á dráttarvélum, sem gera má ráð fyrir að komi til fullra framkvæmda á næsta ári. Það hefur verið gert ráð fyrir, að það geti farið svo, að eitthvað af slíkum lánum verði veitt í ár, og það hafa verið lánuð nokkur lán úr Búnaðarbankanum á þessu sumri með það í huga, að þeim yrði aftur breytt í lán úr stofnlánadeild landbúnaðarins út á dráttarvélar, þegar þar að kæmi. Hversu hár þessi hluti yrði, skal ég ekki segja á þessu stigi, því að um það hefur ekki verið tekin formleg ákvörðun. En ég vil aðeins geta þess í þessu sambandi, að á þessu ári hafa verið veittar verulegar fjárhæðir í lán út á stórvirkar jarðræktarvélar ræktunarsambandanna, sem hafa ekki verið almennt veitt áður. Og þau lán hafa numið 30% af andvirði þessara véla og verið lánuð til 6 ára með að sjálfsögðu þeim vaxtakjörum, sem stofnlánadeildin veitir, þeim almennu vaxtakjörum hennar, eins og þau eru í dag. Mér þykir ekki ósennilegt, að lán út á dráttarvélar yrðu að lokum eitthvað svipað þessu.

Ég vona, að á þessu stigi séu hv. fyrirspyrjanda eða flm. þetta nægilegar upplýsingar, því að nánar get ég ekki skýrt málið, fyrr en formlegar ákvarðanir hafa verið um það teknar. Það er líka annað atriði, sem hefur mjög verið sótt á um að yrði reynt að lána til, og það er út á tæki í sambandi við súgþurrkun. Það hefur nú verið ákveðið að reyna að ráðast fyrst á hitt vandamálið, dráttarvélarnar, sem er miklu tilfinnanlegra, og það eru ýmsir allmiklu meiri erfiðleikar á að lána út á súgþurrkunarmótora, en það verður einnig tekið til athugunar, strax og fært þykir að gera það.

Ég sé svo ekki, herra forseti, að í ræðu hv. frsm. hafi verið fleiri atriði, sem gefi sérstaklega tilefni til að lengja mál mitt frekar.

Flm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Ég þakka hv. 6. þm. Norðurl. e. fyrir upplýsingarnar. En hins vegar harma ég, að enn skuli ekki hafa verið tekin ákvörðun um það af hálfu bankastjórnar Búnaðarbanka Íslands, hvort lánað skuli til dráttarvélakaupa nú í ár eða ekki, því að árið líður senn á enda, þar sem nú eru síðustu dag-

arnir í október og ekki svo ýkjalangur tími til jóla, sem hægt er að starfa að þessum málum, svo að mér finnst, að það sé fullkomlega tímabært að fara að taka endanlega ákvörðun um það, hvort auðið verði að lána út á vélarnar eða ekki. En ég vænti þess samt, þótt þetta sé allt heldur síðbúið, að það fari vel að lokum.

Upphæðin verður að vísu ekki ýkja stór, þótt lánað verði 30% af kaupverði vélanna, eins og hv. þm. talaði um að gert hefði verið, þegar vélar ræktunarsambandanna eiga í hlut. En ástæðan fyrir því, að lánað hefur verið út á vélar ræktunarsambandanna, hygg ég að muni fyrst og fremst vera sú, að ríkissjóður hafi ekki staðið við lögbundnar greiðslur til þessara vélakaupa, þar sem ákveðið er í lögum, að ríkið greiði helming af kostnaðarverði vélanna, en muni ekki hafa borgað meira en fjórða part í þessum vélakaupum hin síðari ár, og það hafi verið reynt að liðka til í þessum efnum með því að lána til þeirra úr ræktunarsjóði. Það hefur því á ýmsum sviðum, bæði hjá bændunum sem einstaklingum og einnig á félagslegum sviðum, verið þrengt að bændum af því opinbera frá því, sem áður var, svo að ástæða er þeim mun ríkari en nokkru sinni hefur áður verið að fara fram á það, að stórfelldar leiðréttingar séu gerðar í þeim efnum frá því, sem nú er.

Magnús Jónsson: Það var aðeins út af einu atriði, sem kom fram hjá hv. 1. þm. Vesturl. Það var í sambandi við lánveitingar út á vélar ræktunarsambandanna, að ástæðan til lánveitinga út á þær vélar muni vera sú, að ríkissjóður hafi ekki staðið við lagalega skyldu sína. Þetta er ekki rétt. Ríkissjóður hefur ekki lagalega skyldu samkv. þeim lögum, sem hingað til gilda, til að lána út á þessar vélar. Það veit hv. þm., — að vísu má segja, að það haggi ekki þeirri staðreynd, að það mundi vera nauðsynlegt að gera þetta, — en löggjöfin gerði ráð fyrir því, að þar yrðu aðeins veittir styrkir allt að 50% af kaupverði þessara véla, til þess að ræktunarsamböndin upphaflega gætu eignazt þessar vélar, og síðan er gert ráð fyrir því í lögunum, að það verði stofnaðir sérstakir fyrningarsjóðir og sé lögð til hliðar alltaf viss upphæð til þess að geta endurkeypt og endurnýjað vélarnar, þannig að samkv. þessum lögum er ekki frambúðarskylda hjá ríkissjóði til þess að leggja fram fé í þessu skyni, nema þá þeim lögum verði breytt. Það hefur hins vegar verið framkvæmt á þann hátt, að það var haldið áfram að leggja fram þetta fé úr ríkissjóði, þrátt fyrir það þó að hin formlega lagaskylda væri niður fallin, og að því er ég hygg hefur verið framkvæmt þannig, að það hefur verið veittur 25% styrkur út á vélarnar. Ákvörðun lánsins úr ræktunarsjóði, sem þá var starfandi, byggðist þess vegna ekki á því sjónarmiði, að það hafi neitt verið vanefnt í þessum sökum. Þetta var algerlega sjálfstæð ákvörðun af hálfu Búnaðarbankans um að lána út á þessar vélar, því að þetta eru orðin mjög dýr tæki, en hins vegar hin mestu nauðsynjatæki til þess að geta komið jarðræktinni áfram. Þetta vildi ég aðeins að kæmi fram hér, en ekki hitt, að þetta hafi verið gert til þess að bæta úr neinum vanefndum, sem orðið hafi sérstaklega hjá ríkisstj. í þessu efni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

58. Erfðafjárskattur.

Á 10. fundi í Ed., 1. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 frá 27. júní 1921, um erfðafjárskatt [69. mál] (þmfrv., A. 79).

Á 11. fundi í Ed., 5. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Við 1. þm. Vesturl. höfum leyft okkur að flytja frv. á þskj. 29 um breyt. á l. nr. 30 frá 1921, um erfðafjárskatt. Aðalbreytingin felst í 1. gr. frv., sem er um það að breyta 2. gr. erfðafjárskattslaganna, en í 2. gr. erfðafjárskattslaganna eru ákvæði um skattstiga erfðafjárskattsins, sem er breytilegur eftir því, hversu náinn skyldleiki er með arfleifanda og erfingja. Enn fremur er hann stighækkandi og þannig, að hann hækkar yfirleitt um ¼ af hundraði eða ½ af hundraði eða einn af hundraði fyrir hvert þúsund arfs, unz hámarki erfðafjárskattsins er náð. Þessi 2. gr. erfðafjárskattslaganna, sem lagt er til að breytt sé, hljóðar annars svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjárhæð erfðafjárskattsins er ákveðin þannig: A. Af erfðafé, sem hverfur til þess hjóna, er lifir hitt, til niðja hins látna, kjörbarna og fósturbarna, svo og af fjórðungshluta, ef ráðstafað hefur verið með arfleiðsluskrá, til annarra, skal svara af arfi hvers erfingja um sig: 1) Af fyrstu 1000 kr. 1¼%. 2) Af næstu 1000 kr. 1½%, og svo áfram þannig, að skatturinn eykst um ¼% á hverju þúsundi, sem arfurinn hækkar um, allt að 10%. B. Af erfðafé, sem hverfur til foreldra hins látna eða niðja þeirra, er ekki heyra undir staflið A, skal svara af arfi hvers erfingja um sig: 1) Af fyrstu 1000 kr. 5½%. 2) Af næstu 1000 kr. 6%, og svo áfram þannig, að skatturinn eykst um ½% á hverju þúsundi, allt að 25%. C. Af erfðafé, sem hverfur til afa eða ömmu hins látna eða niðja þeirra, er eigi heyra undir stafliðina A og B, eða til fjarskyldari erfingja eða óskyldra, skal svara af arfi hvers erfingja um sig: 1) Af fyrstu 1000 kr. 11%. 2) Af næstu 1000 kr. 12%, og svo áfram þannig, að skatturinn eykst um 1% á hverju þúsundi, allt að 50%. D. Af erfðafé, sem hverfur til kirkna, opinberra sjóða, gjafasjóða, félaga, stofnana eða annars slíks, skal greiða 10%."

Þessi ákvæði um ákvörðun skattsins eru óþarflega margbrotin og eru auk þess að dómi okkar flm. orðin að sumu leyti úrelt, eins og verðgildi er nú orðið háttað. Frv. er ætlað að gera þessi

ákvæði um ákvörðun skattsins einfaldari og hægari í framkvæmd. En auk þess sem sú breyting felst í þessu frv., þá felst sú breyting einnig í því, að erfðafjárskattur er lækkaður af arfi, sem ráðstafað er til menningarmála, vísindalegra rannsókna, líknarstarfsemi eða á annan hátt til almenningsnota, eins og nánar segir í D-lið 1. gr. frv. Og í 2. gr. frv. er ráðh. heimilað að fella með öllu niður erfðafjárskatt af þvílíku gjafafé, en í núgildandi erfðafjárskattslögum er aðeins heimild til lækkunar. Breyting í þessa átt er fyllilega í samræmi við þá stefnu, sem fram kemur í núgildandi tekjuskattslögum, nr. 70 frá 1962, í D-lið 12. gr., þar sem skattgreiðendum er heimilað að draga frá skattskyldum tekjum gjafafé, sem nemur allt að 10% af skattskyldum tekjum, þegar um gjafir er að ræða til þeirra mála, sem hér er getið.

Þessi erfðafjárskattur, sem hér er um að ræða, ásamt erfðafé því, sem fellur til ríkisins samkv. erfðalögum, rennur í erfðafjársjóð, sem stofnaður var með lögum nr. 12 frá 1952 og að nokkru breytt með lögum nr. 25 1960. Þessi erfðafjársjóður hefur gott og gagnlegt hlutverk, þar sem honum er ætlað að styrkja með lánum og styrkjum vinnuheimili öryrkja og gamalmenna. En þó að það sé svo, þá virðist ekki rétt að setja það hlutverk ofar þeim málefnum, sem nefnd eru í D-lið 1. gr. þessa frv.

Þessi erfðafjárskattur og erfðafé í ríkissjóð nemur að vísu ekki neinum stórupphæðum, eins og nú er, en um það, hverjar tekjur erfðafjársjóðs hafi verið, svo og um það, hverjar eignir hans séu og hverjar styrkveitingar hafi verið veittar úr honum, er upplýsingar að finna í árbók Tryggingastofnunar ríkisins, þeirri nýjustu, á bls. 57, og fer ég ekki út í það hér að rekja það nánar.

Flm. þessa frv. er ljóst, að það má vel vera, að það sé í sjálfu sér þörf á gagngerari breytingum á erfðafjárskattslögunum en hér er lagt til. Við höfum samt ekki farið lengra að sinni, en töldum eftir atvikum réttara að bera fram frv. um þetta heldur en þáltill. um endurskoðun laganna. En ég geri ráð fyrir því, að sú nefnd, sem fær þetta frv. til athugunar, muni að sjálfsögðu gaumgæfilega athuga það, hvort ekki sé ástæða til að gera enn frekari breytingar á lögunum um erfðafjárskatt. En ég held, að þessar breytingar, sem við höfum hér lagt til, séu hiklaust til bóta.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um málið, en leyfi mér að leggja til, að málinu sé vísað til 2. umr. og nefndar. Sú nefnd, sem þetta frv. mundi vist fá til meðferðar, er fjhn.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Ég er alveg sammála hv. flm. þessa frv. um það, að ákvæði l. um erfðafjárskattinn séu óþarflega margbrotin og að ýmsu leyti orðin úrelt. Það er í sjálfu sér eðlilegt, að ný erfðafjárskattslög fylgi í kjölfar hinna nýju erfðalaga, sem samþykkt voru hér á síðasta Alþingi.

Hv. frsm. gat þess, að það væri e. t. v. þörf á fleiri breytingum á erfðafjárskattslögunum, og beindi því til þeirrar n., sem fengi þetta frv. til meðferðar. Í tilefni af því langar mig til að benda á eitt atriði, sem er ekki komið inn á í þessu frv., og það eru reglurnar um það, hvernig erfðafé er metið til skatts. Ég hygg, að það sé svo, að þar séu í gildi sömu reglur og þegar eignir eru metnar til eignarskatts, og er ég þó ekki viss um, að fyrir því sé ótvíræð lagaheimild. Þetta hefur leitt til þess, að erfðafjárskattur af fasteignum er reiknaður af fasteignamati, sem eins og allir vita er ekki lengur neitt nálægt því að vera neitt raunverulegt mat á eðlilegu verðmæti eignanna. Þetta hefur skapað ákaflega mikið misrétti, þannig að þeir, sem fá fasteignir í arf, fá þar að greiða erfðafjárskatt af þeim eftir fasteignamati, en þeir, sem fá aðrar eignir, verða að miða þær við fullt verð eða sanngjarnt verð. Þó að þetta sé látið viðgangast með eignarskattinn, þá tel ég, að hér gegni nokkuð öðru máli, m. a. vegna þess, að erfðafjárskattur er margfalt hærri en eignarskatturinn og misrétti verður því margfalt meira. Ég vildi því, ef hv. n., sem fær þetta frv. til meðferðar, hugleiðir að gera frekari breytingar á erfðafjárskattslögunum en lagt er til í þessu frv., að hún tæki þá m. a. þetta atriði til athugunar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

59. Almannatryggingar (frv. AGl og BjörnJ).

Á 11. fundi í Ed., 5. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar [71. mál] (þmfrv., A. 83).

Á 14. fundi í Ed., 8. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 15. fundi í Ed., 13. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Alfreð Gíslason læknir): Herra forseti. Þær breytingar, sem felast í þessu frv. til l. um almannatryggingar, eru ekki fluttar hér í fyrsta sinn. Allar þær breytingar, sem í þessu frv. eru, voru bornar fram á Alþ. í fyrra og hafa sumar enda verið fluttar áður. Ég get því haft þessi orð fá og skal aðeins stuttlega gera grein fyrir þeim breytingum, sem hér er um að ræða.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir, að meira samræmi verði skapað í bótagreiðslum til öryrkja. Eins og nú er, ríkir talsverður mismunur eftir því, hvaða sjúkdómar eða hvort sjúkdómar eða slys hafa valdið örorkunni. Þegar örorkan fer yfir 75%, gildir sama fyrir alla, en sé hún fyrir neðan 75%, er gerður mjög mikill munur á eftir því, hvort slys eða sjúkdómur hefur valdið örorkunni. Þeir, sem misst hafa heilsuna fyrir

slys, skulu samkv. l. fá greiddan örorkulífeyri eftir vissum reglum, sé örorkan á milli 50—75%. Hafi hins vegar sjúkdómur valdið örorkunni á þessu stigi, er ekki skylt að greiða neina örorku, heldur er það á valdi Tryggingastofnunar ríkisins og háð því, hvort fé er til eða ekki, hvort örorkustyrkur er greiddur eða ekki.

Í þessu felst að sjálfsögðu mikil mismunun og í raun og veru mikið óréttlæti, því að örorkan er sú sama og aðstaða öryrkjanna hin sama, hvort sem það er slys eða sjúkdómur, sem upprunalega hefur valdið henni.

Í 1. gr. þessa frv. er lagt til, að þessum mismun verði eytt og allir öryrkjar með 50% örorku eða þar yfir skuli að lögum fá greiddar örorkubætur eftir þeim reglum, sem nú gilda um greiðslu bóta til öryrkja vegna slysa.

Í 2. og 3. gr. er fjallað um, að fjölskyldubætur skuli greiddar með hverju barni í þjóðfélaginu. Þótt undarlegt sé, er þessu ekki svo varið nú. Það eru ekki greiddar fjölskyldubætur með öllum börnum. Það er ekki farið eftir því, hvort fyrirvinnan hefur háar tekjur eða lágar, það skiptir engu máli, heldur er farið eftir allt öðrum reglum, sem leiðir til þess, að hér er miklu ranglæti beitt að dómi okkar flm. Fjölskyldubætur eru ekki greiddar með börnum einstæðra mæðra t. d. eða til heimila, sem hafa börn, ef fyrirvinna er ekki á heimilinu. Það leiðir af sjálfu sér, að þetta hefur í för með sér mikið óréttlæti, og hittir einmitt allajafna þá, sem veikastir eru fyrir, en ekki þá, sem sterkastir eru fyrir. Við leggjum því til í þessu frv., að fjölskyldubætur skuli greiddar með hverju einasta barni í þessu þjóðfélagi og þær skuli greiddar þeim aðila, sem annast uppeldi barnsins, hvort sem það eru foreldrar eða aðrir. Ég hygg, að þetta sé í samræmi við þann anda, sem fjölskyldubæturnar hvíla á, einkum síðan 1960. Fjölskyldubæturnar eru eins konar launauppbót og því eðlilegt, að þær falli ekki niður í þeim tilfellum, þar sem þær gera nú, en komi þeim heimilum til góða, sem ala önn fyrir barninu.

Að sjálfsögðu er það einnig óréttmætt, að fjölskyldubætur falli niður fyrir þá sök, að foreldrið eða foreldrarnir njóti einhverra annarra bóta frá almannatryggingum. Allar þær bætur eru svo lágar, að það kemur ekki til mála, að það geti talizt sanngjarnt að svipta heimili eða fyrirvinnu fjölskyldubótum fyrir þá sök. Yfirleitt er ekki við greiðslu fjölskyldubóta farið eftir efnahag upp á við, og það má ekki heldur fara eftir efnahag niður á við, heldur greiða fjölskyldubæturnar að öllu án undantekninga.

Í 4. gr. er breyting frá gildandi lögum, þess efnis, að allar bótagreiðslufjárhæðir almannatryggingalaga skuli verðtryggðar, að allar fjárhæðirnar skuli vísitölutryggðar, tryggðar samkv. vísitölu framfærslukostnaðar. Þetta er mál, sem við Alþýðubandalagsmenn höfum lagt mikla áherzlu á á undanförnum árum að næði fram. Þetta er réttlætismál, og ég skal ekki fjölyrða um það frekar nú að þessu sinni. Ég vil aðeins benda á það, sem ég hef áður haldið fram, að hér er ekki um atvinnutekjur að ræða, og þar sem hér er ekki um atvinnutekjur að ræða, þá er engin ástæða til að láta endilega sömu reglur gilda um þessar bætur almannatrygginga og venjulegar tekjur. Það er alveg víst, að það mundi ekki leiða til neinnar verðbólgu í þjóðfélaginu, þótt bótaþegar almannatrygginganna fengju þessa verðtryggingu á sínar litlu, mögru bætur. Hér er aðeins um réttlætismál að ræða. Hér er aðeins um sjálfsagt sanngirnismál að ræða, að bætur almannatrygginga séu verðtryggðar.

Síðan þetta frv. var lagt fram, hefur komið frv. frá hæstv. ríkisstj., frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. um almannatryggingar. Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að bætur almannatrygginganna hækki um 7% frá 1. júní 1962. Þetta sýnir betur en margt annað, hversu lítill skilningur er hjá hæstv. ríkisstj. á eðli bótanna til öryrkjanna. 7% hækkun frá 1. júní 1962 er allra lægsta hækkunin, sem nokkur atvinnustétt hefur fengið á árinu. Margar aðrar stéttir hafa fengið 10%, 15% og þar yfir, en bótaþegarnir skulu settir á bekk með þeim atvinnustéttum, sem verst eru settar í baráttunni fyrir bættum kjörum. Bótaþegarnir skulu fá 7% hækkun. Ég hygg, að fátt sýni ljósar en þetta, hversu nauðsynlegt er að lögfesta ákveðna og helzt fulla verðtryggingu bóta almannatrygginganna.

Ég hef svo ekki um þetta fleiri orð, og um síðustu brtt. í frv. þarf ég ekki margt að segja. Hún felur það í sér, að landið allt verði frá 1. jan. 1963 gert að einu verðlagssvæði og að bætur skuli hvarvetna þær sömu og þær yrðu samkv. ákvæðum fyrsta verðlagssvæðis. Þetta er mál, sem við fulltrúar Alþb. höfum flutt á undanförnum þingum. Þetta er mál, sem hefur mætt vaxandi skilningi og viðurkenningu utan þings og innan, og nú er svo komið, að hæstv. ríkisstj. hefur í áðurgreindu bráðabirgðafrv. lagt það til, að verðlagssvæði skuli vera eitt frá 1. jan. 1963. Ég tel því, að líta megi svo á, að þessi breyting í okkar frv. muni eiga greiðan framgang hér þegar á þessu þingi.

Hæstv. forseti. Ég legg svo til, að frv. verði vísað til 2. umr. og til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

60. Fræðslustofnun launþega.

Á 9. fundi í Sþ., 7. nóv., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um fræðslustofnun launþega [80. mál] (þmfrv., A. 98).

Á 18. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem er hér til umr. um fræðslustofnun launþega, hefur áður verið flutt hér í hv. þing-

deild. Þá hafði þar áður einnig verið flutt till. til þál. um sama efni af hálfu okkar Alþfl.-manna í Sþ. Eftir flutning fyrrnefndrar þáltill. fluttu hv. Alþb.-menn einnig frv. um félagsmálaskóla verkalýðssamtakanna, sem fór mjög í sömu átt og frv. okkar, sem nú er endurflutt nánast óbreytt.

Þegar bæði þessi frv. lágu fyrir, kom til nokkurra viðræðna milli okkar flutningsmanna, hvort ekki væri unnt að ná samkomulagi um eitt frv., sem næði þeim tilgangi, sem var meginuppistaðan í báðum frv. Það er, að af hálfu hins opinbera væri stuðlað að félagslegri fræðslu um störf og starfshætti verkalýðssamtakanna. Þessar lauslegu viðræður dagaði uppi, þegar vinstri stjórnin svonefnda fór frá völdum, og varð árangur af þeim því enginn. Hér er hins vegar að dómi Alþfl. um svo veigamikið nauðsynjamál að ræða, að ekki má undir höfuð leggjast að hrinda í framkvæmd. Af þeim ástæðum er þetta frv. endurflutt nú í byrjun þings í trausti þess, að málið hljóti endanlega afgreiðslu.

Erlendis eru stofnanir eins og sú, sem frv. þetta gerir ráð fyrir að stofnsett verði, taldar grundvallarnauðsyn að heilbrigðu félagsmálastarfi, sem aftur kemur í árekstraminni samskiptum launþega og vinnuveitenda til stórlegra hagsbóta fyrir báða aðila, en þó umfram allt fyrir þjóðarheildina. Fjöldi Íslendinga úr röðum verkalýðssamtakanna hefur átt þess kost á undanförnum árum að kynna sér starfsemi annarra þjóða í þessum málum, og öllum hefur þeim borið saman um nauðsyn þess, að slík fræðsla verði upp tekin hér á landi. Nauðsyn þessarar fræðslu er að sjálfsögðu fyrst og fremst fólgin í bættu starfi innan sjálfra verkalýðssamtakanna, en þeim umbótum á alþjóð að geta notið góðs af.

Höfuðmismun á frv. okkar og frv. Alþb.-manna tel ég vera þann, að Alþb.-menn gera ráð fyrir einni skólastofnun, sem starfaði í 6 mánuði að vetrinum, eins og segir í 1. gr. þess, þó að undantekningar séu þar frá. Frv. okkar gerir að vísu ráð fyrir einni stofnun, sem hafi yfirumsjón með fræðslu þessari, en hins vegar er gert ráð fyrir, að aðalverkefni fræðslustofnunarinnar verði stutt námskeið, sem verði haldin sem víðast á landinu, eins konar farandfræðsla, til þess að unnt verði að gefa sem flestum aðstöðu til að njóta þessarar fræðslu.

Að okkar dómi er þess vart að vænta, að trúnaðarmenn verkalýðsfélaganna eða þeir, sem kynnu að vilja gefa kost á sér til slíkra starfa, fari að leggja á sig kostnaðarsöm ferðalög eða uppihaldskostnað til þess að öðlast fræðslu til ólaunaðra aukastarfa, svo sem meginhluti þessa starfs í verkalýðsfélögunum er í dag. Meginuppistaðan í því frv., sem hér er flutt, er sú, að þessari nauðsynlegu fræðslu verði komið til hlutaðeigandi aðila og þeim gert sem auðveldast að öðlast hana. Víðast hvar erlendis er sú fræðsla, sem hér er gert ráð fyrir að veitt verði, að meginhluta kostuð af alþýðusamtökunum sjálfum með styrkjum frá því opinbera, og í fleiri tilfellum, að samtökin kosta algerlega sjálf fræðsluna.

Svo sem í grg. segir, er engin von til þess, að alþýðusamtökin íslenzku gætu fjárhagsins vegna borið uppi slíka fræðslu. Það mun því óhætt að fullyrða, að komi ekki til fjárhagsleg aðstoð hins opinbera, muni enn um langa framtíð verða bið á því, að slíkri fræðslu verði komið á umfram það, sem nú á sér stað, að frumkvæði framtakssamra einstaklinga. En skylt er að geta þess, að nú um nokkurt skeið hefur Hannes Jónsson félagsfræðingur gengizt fyrir fræðslunámskeiðum um mörg framangreind mál, og á Hannes þakkir skyldar fyrir sitt óeigingjarna starf, sem þegar hefur orðið mörgum að góðu liði, þótt staðbundið sé við Reykjavík. Að sjálfsögðu væri æskilegt, að alþýðusamtökin hér á landi gætu ein og óstudd annazt þessa þjóðnauðsynlegu fræðslu, en þegar ljóst er, að þau hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til þess, þá stöndum við frammi fyrir þeirri staðreynd, að frekari útbreiðsla þessarar fræðslu á sér ekki stað, nema til komi fjárhagslegur stuðningur hins opinbera, og þess vegna verður að veita hann. Aukinn félagsþroski ásamt almennri fræðslu um hina síbreytilegu þjóðfélagshætti er áreiðanlega haldbezta og farsælasta leiðin til bættrar sambúðar á vinnumarkaðnum og útrýmingar hins forna fjanda þar, tortryggninnar.

Herra forseti. Ég læt þessi orð nægja með frv. nú, en vísa að öðru leyti til umr. um þessi mál á fyrri þingum og grg. þeirrar, er frv. fylgir. Að lokinni þessari umr. óska ég eftir, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

61. Söluskattur.

Á 27. fundi í Ed., 6. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt [115. mál] (þmfrv., A. 166).

Á 30. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Ed., 31. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér á þskj. 166 frv. til l. um breyt. á l. um söluskatt. Með þessu frv. er lagt til að fella niður söluskatt á nokkrum brýnum nauðsynjavörum. Það er lagt til, að hinn almenni 3% söluskattur verði felldur niður af öllum innlendum landbúnaðarvörum og einnig af hvers konar fiskmeti og mjólvörum. Enn fremur, að hann verði numinn af kolum, olíu, hitaveituvatni, rafmagni til heimilisnotkunar og fargjöldum með strætisvögnum og sérleyfisbifreiðum. Í annan stað er svo lagt til, að söluskattur af innflutningi verði felldur niður af nokkrum vöruflokkum, eins og heimilistækjum, ávöxtum, skó-

fatnaði og sjóklæðum. Á þeim vörum, sem hinn almenni söluskattur yrði felldur niður af, yrði að sjálfsögðu um að ræða 3% verðlækkun eða sem næst því, en á þeim vörum, sem söluskattur af innfluttum vörum yrði felldur niður af, yrði um allt að 15% verðlækkun að ræða.

Allt frá því að núverandi lög um söluskatt voru sett í marz 1960 og þ. á m. ákvæðin til bráðabirgða um viðbótarsöluskatt af innflutningi, eins og hann hefur verið nefndur, hafa menn verið að vona, að sú mikla skattheimta, sem þá var lögfest, mundi ekki eiga sér mjög langan aldur, að fljótlega liði að því, að álagi þessara sérstöku verðhækkunarskatta yrði létt að einhverju leyti af, og stjórnarflokkarnir og hæstv. ríkisstj. ýttu strax þegar lögin voru sett undir þessar vonir, og hefur sú saga verið rakin hér í umr. fyrir ekki löngu.

Viðbótarsöluskatturinn af innflutningi, sem í mörgum tilfellum a. m. k. nemur 6—8% af söluverði erlends varnings, var ákveðinn til bráðabirgða. Sérstakar ástæður voru taldar fyrir hendi á árinu 1960, aðallega þær, að hinir nýju skattar væru aðeins innheimtir ⅔ hluta ársins og yrðu af þeirri ástæðu lægri en ella hefði orðið. En það fór svo, að árið 1960 var samt ekki liðið, þegar ákveðið var að framlengja skattinn einnig á árinu 1961, þrátt fyrir það að þessi meginforsenda fyrir skattinum væri þá úr sögunni.

Á liðlega hálfnuðu ári 1961, eða í ágústbyrjun, var gengið lækkað öðru sinni í tíð hæstv. núv. ríkisstj., og af þeim ástæðum hækkaði verðlag allra innfluttra vara mjög mikið. Öll aðflutningsgjöldin, þ. á m. bráðabirgðasöluskatturinn, hækkuðu sjálfkrafa í sama hlutfalli og gjaldeyririnn.

Á öðru viðreisnarárinu hækkaði svo þessi skattur mjög mikið enn af tveimur ástæðum, í fyrsta lagi vegna innheimtu allt árið í stað 9 mánaða áður og í öðru lagi vegna gengislækkana síðari hluta ársins. Það hefði e. t. v. mátt ætla, að þessi sjálfkrafa hækkun vegna gengisfellinganna m. a. hefði gert það fært að milda skattheimtuna eitthvað, m. a. með tilliti til þess, að á árinu 1962 hlaut skatturinn að stórhækka, þar sem gengisfellinganna naut þá við allt árið, en aðeins hluta á árinu áður, þ. e. a. s. síðari gengisfellingarinnar. En hér fór á sömu lund og áður, að um enga lækkun var að ræða.

Síðasti kapítulinn í þessari sögu um skattinn, sem lagður var á af sérstökum ástæðum til bráðabirgða í ársbyrjun 1960, hefur svo gerzt hér á hv. Alþingi nú að undanförnu, en tilraunir okkar stjórnarandstæðinga til þess að fá þennan skatt felldan niður hafa reynzt árangurslausar eins og áður.

Bráðabirgðasöluskatturinn, sem upphófst sem ráðstöfun til þess að ná um 100 millj. í ríkissjóðinn á árinu 1960, hefur dafnað svo í höndum núv. hæstv. ríkisstj., að honum er nú ætlað að færa ríkissjóði 260 millj. Við hliðina á þessum skatti hafa svo hinir söluskattarnir, almenni söluskatturinn og gamli söluskatturinn á innflutningi, vaxið og dafnað hlutfallslega. Það er auðvitað staðreynd, sem allir horfast í augu við, að söluskattarnir eru nú orðnir stærsti tekjustofn ríkissjóðs og einn af stóru þáttunum í þeim verðlagshækkunum, sem dunið hafa yfir landsmenn síðustu árin og enn er fjarri því að sjái fyrir endann á, a. m. k. ef engar gagnráðstafanir eru gerðar af hæstv. ríkisstj. Vísitala af vörum og þjónustu stendur núna í 141 eða 142 stigum miðað við 100 í marz 1959, en kaup verkamanna hefur á tímabilinu hækkað aðeins um nálægt 10%, og er þá miðað við desember 1958 eða janúar 1959, og án þess að langt sé farið út í þá sálma, þá held ég, að allir séu sammála um, að þó að allar hinar svonefndu sárabætur séu fullreiknaðar, sé mjög fjarri því, að láglaunamenn standi jafnréttir, og hitt miklu nær sanni, að hlutfallið milli verðlags og launa hafi nær aldrei verið óhagstæðara síðustu 17—18 árin. Og þetta hefur gerzt þrátt fyrir alveg einstaka árgæzku til lands og sjávar og mjög aukna framleiðslu í kjölfar hennar og þrátt fyrir batnandi verzlunarkjör út á við. Það er fyrst og fremst þetta ástand, sem hefur á síðustu 2 árum neytt launastéttirnar til þess að heyja hverja launadeiluna af annarri við atvinnurekendur og raunar við ríkisvaldið, sem hefur staðið fyrir því að skapa þetta ástand og tekið sér varðstöðu til þess að halda því óbreyttu. Samningum verkalýðsfélaganna á s.l. ári, sem a. m. k. að því er áhrærir verkamenn voru gerðir nánast eftir þeirri forskrift, sem ríkisstj. sjálf hafði gert, var svarað með verðhækkunum, sem nú hafa étið upp launahækkanirnar, og hygg ég þó, að öll kurl séu þar ekki enn til grafar komin. Þegar kjarasamningar voru gerðir í maí s.l., var vísitala framfærslukostnaðar 116 stig, en þá var samið um 9% kauphækkun hjá verkamönnum. Eftir upplýsingum, sem ég hef frá Hagstofu Íslands, er ætlað, að framfærsluvísitalan nú um þessi mánaðamót verði 127 stig og hefur þá hækkað um 11 stig, eða 9,5%, frá því að kjarasamningar voru gerðir í maímánuði í fyrra, þ. e. a. s. hækkunin á framfærsluvísitölunni er heldur meiri en sú hækkun, sem hinir lægst launuðu fengu á s.l. vori. En þar með er raunverulega ekki öll sagan sögð, því að samkv. upplýsingum hagstofunnar er tveggja stiga hækkun, m. a. vegna þyngri skatta, nú liggjandi á borðinu, og eru þá allir fyrirvarar á hafðir um það, að sú hækkun kunni að verða meiri, og ekki gert ráð fyrir neinum áhrifum af þeim kauphækkunum, sem eru nú að koma til framkvæmda.

Það má gera ráð fyrir því, að þó að sæmilega vel sé á haldið, þá valdi 5% hækkunin, sem nú er að ganga í gildi, a. m. k. 1 stigs hækkun á framfærsluvísitölunni, því að aldrei er það svo, jafnvel þó að ekki sé sérstaklega ýtt undir það, að kauphækkun gangi ekki að einhverju leyti í sig sjálfa. Og þó að aðeins sé reiknað með þeirri hækkun, sem eðlilega verður á búvöruverði, þá verður þar örugglega um 1 stigs hækkun að ræða vegna 5% hækkunar hjá verkafólki. Og ég hygg, að það sé alveg auðsætt, að ef sömu stefnu er fylgt í verðlagsmálum og fylgt hefur verið til þessa og hvers konar rekstri leyft að hækka svo að segja sjálfkrafa og yfirfæra kauphækkanir í verðlagið, þá muni svo fara, áður en langur tími líður og e. t. v. fyrr en nokkurn grunar, að þessi lítilfjörlega hækkun, sem nú hefur komið til og er að koma til framkvæmda, fari sömu leið-

ina og hinar fyrri. Það sannast því, sem raunar má vera hverjum manni augljóst, þó að launahækkanir séu nú nægilega smávægilegar, að það eitt út af fyrir sig tryggir ekki varanleik þeirra sem raunhæfra kjarabóta. Það, sem hér þarf að koma til, er auðvitað viðspyrna gegn verðhækkunum og það, að atvinnurekendum sé raunverulega gert að greiða sjálfum þær launahækkanir, sem þeir semja um.

Við valdatöku sína lýsti núv. hæstv. ríkisstjórn yfir því, að það væri stefna hennar, að það sé og eigi að vera verkefni samtaka launþega og atvinnurekenda að semja um kaup og kjör. „Þegar afkoma atvinnuveganna leyfir hækkun kaupgjalds, telur ríkisstj. hana eðlilega og sjálfsagða, en hún mun beita sér gegn því, að kaup verði hækkað og kostnaðinum við þá hækkun síðan velt yfir á herðar almennings í landinu með hækkun vöruverðs eða á annan hátt.“ Þannig segir orðrétt í þeirri frægu bók, Viðreisn.

Á árinu 1961 óx útflutningsframleiðslan um nálega 400 millj. kr., og fullvíst má telja, að á s.l. ári verði um allt að helmingi meiri aukningu að ræða, og það þrátt fyrir það að ýmis stórvirk framleiðslutæki hafi legið ónotuð mikinn hluta af því ári og þrátt fyrir vinnustöðvanir, sem hafa orðið, fyrst og fremst af völdum þeirrar kjaraskerðingarstefnu, sem fylgt hefur verið. En það hefur farið svo, að þrátt fyrir vaxandi þjóðarframleiðslu, sem nemur mörgum milljónahundruðum á ári, hefur launakjörunum raunverulega verið haldið niðri, og öllum tilraunum láglaunafólks til þess að rétta hlut sinn hefur verið svarað með verðhækkunaraðgerðum, sem jafnharðan hafa eyðilagt gerða samninga, annaðhvort með því að fella gengið eða hækka söluskatta eða með því að leyfa hömlulausar verðhækkanir. Eins og ég sagði áðan, hafa allar tilraunir okkar stjórnarandstæðinga til þess að hamla gegn þessu og m. a. til þess að fá felldan niður hinn svokallaða bráðabirgðasöluskatt, eins og gefnar voru vonir um 1960, reynzt árangurslausar, og það sama er að segja um allar ábendingar og áskoranir af hálfu verkalýðssamtakanna, sem þau hafa staðið alveg einhuga að, til þess að mæta kröfum þeirra um raunhæfar kjarabætur með því að gera ráðstafanir til lækkunar á vöruverði.

Nú á yfirstandandi þingi hefur enn komið í ljós, að hæstv. ríkisstj. er staðráðin í því að framlengja bráðabirgðasöluskattinn í heild sinni eða a. m. k. jafngildi hans í tollum. En þrátt fyrir það að þetta liggi fyrir, hef ég viljað freista þess með flutningi þessa frv. að fara millileið og milda ofur lítið skattheimtuna af nokkrum brýnum nauðsynjavörum, sem ætla má að einna hagstæðast væri fyrir láglaunafólk að lækkuðu í verði. Með þessu frv. er svo vægilega í sakirnar farið, að tekjumissir ríkissjóðs, sem af frv. leiddi, mundi aðeins nema 50—60 millj. kr. á árinu eða ekki stórum hærri upphæð en þeirri, sem ofheimt var af almenningi á s.l. ári og rann til ríkissjóðs, og ekki meira en svara mundi til um það bil fjórðungs af bráðabirgðasöluskattinum. Það er auðvitað auðsætt, að hér er ekki um að ræða neina stórfellda aðgerð í verðlækkunarátt. En samt sem áður hygg ég, að samþykkt slíks frv. mundi verða skoðuð sem nokkur vottur þess, að Alþingi vildi nú hefja nokkurt viðnám gegn þeirri verðhækkunarskriðu, sem mætt hefur á almenningi síðustu 2—3 árin. Hér verður varla um það deilt, að um auðveldlega framkvæmanlega aðgerð til nokkurrar verðlækkunar er að ræða, og þó að hún nái auðvitað skammt til að vega á móti orðnum hækkunum á verðlagi, þá verður ekki dregið í vafa, þegar litið er til fyrri yfirlýsinga verkalýðssamtakanna, að hún mundi verða metin fyllilega að verðleikum í þeim kjarasamningum verkafólks, sem nú standa yfir og vitað er að munu fara fram á næstu mánuðum, og mundi gera þá auðveldari. Og þegar öllu er á botninn hvolft, þá held ég líka, að það væri hyggilegt fyrir alla aðila og ekki síst fyrir hæstv. ríkisstj. að láta t. d. nýorðna launahækkun til leiðréttingar fyrir hina allra lægst launuðu ekki brenna upp í verðhækkunum á næstu mánuðum, en það mundi hún áreiðanlega gera, eins og ég lýsti hér áðan, ef ekki kemur til eitthvert viðnám, hvort sem það yrði í líku formi og hér er lagt til eða með einhverjum öðrum hætti.

Herra forseti. Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjhn.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Þó að víða væri að vísu að mínu áliti hallað réttu máli í framsöguræðu hv. 5. þm. Norðurl. e. fyrir þessu frv., mun ég ekki lengja verulega umr. með því að elta ólar við það í einstökum atriðum, vegna þess að flest af því, sem hann sagði, hefur oft verið rætt hér í hv. deild í sambandi við skatta- og efnahagsmálin, þegar þau hafa að undanförnu verið til umr. Þó get ég ekki stillt mig um að leiðrétta aðeins örfá atriði, sem fram komu í framsöguræðu hv. þm.

Út af fyrir sig er enginn ágreiningur um það, að æskilegt sé að lækka verðlagið, skapa skilyrði fyrir vinnufriði og bæta kjörin. Þó verður ekki fallizt á meginröksemdina fyrir þessu frv., sem er sú, að nauðsyn beri til að bæta upp þá geysilegu kjaraskerðingu að áliti hv. þm., sem efnahagsmálaráðstafanir þær, sem hæstv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir, hafi haft í för með sér. Í fyrsta lagi má á það benda, að eins og fram kom á sínum tíma, þegar efnahagslöggjöfin frá því í febrúar 1960 var lögð fyrir, voru aðstæður í efnahagsmálum landsins þá á þann veg vegna viðskilnaðar vinstri stjórnarinnar, að óhjákvæmilegt var að gera ráðstafanir, sem hefðu í för með sér nokkra kjaraskerðingu. Það voru þá gerðar ýtarlegar áætlanir um það, hvað sú kjaraskerðing yrði mikil, sem beinlínis leiddi af þessum ráðstöfunum, og í reyndinni hefur kjaraskerðingin sízt orðið meiri en þá var gert ráð fyrir, heldur jafnvel töluvert minni. Til þess benda m. a. athuganir, sem nýlega hafa verið gerðar á kaupmætti atvinnutekna sjómanna, verkamanna og iðnaðarmanna, en samkv. niðurstöðum þeirra athugana rýrnaði kaupmáttur launa aðeins um milli 1 og 2% á árinu 1960, eða töluvert minna en gert hafði verið ráð fyrir með efnahagslöggjöfinni. Hitt er vitanlega auðvelt, að finna hár og villandi tölur í þessu efni með því bæði að miða við það kaupgjald, sem minnst hefur hækkað, og í öðru

lagi að miða aðeins við hluta af vísitölunni, eins og hv. stjórnarandstæðingar hafa að jafnaði gert. Þeir miða aðeins við þá verðhækkun, sem orðið hefur á vísitölu vöru og þjónustu, eins og það er kallað. Hún nemur rúmlega 40%, **það er alveg** rétt, en það er ekki nema hluti af vísitölunni, og þegar meta á þá kjaraskerðingu í heild, sem orðið hefur, ber auðvitað að miða við vísitöluna alla. Væri það gert, má gera ráð fyrir því, að vísitalan hafi hækkað um 4—5% vegna efnahagsmálaráðstafana 1960. En sé miðað við kaupmátt atvinnutekna, hefur rýrnunin aðeins orðið 1—2%. Og það er ekki rétt, sem haldið hefur verið fram, að þetta stafi af lengingu vinnutímans. Þar kemur margt fleira til greina, eins og aukin afköst í framleiðslunni, ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til þess að taka upp ákvæðisvinnu, tilfærsla milli launaflokka o. s. frv.

En þó að samkv. þessu verði ekki á það fallizt, að kjaraskerðingin hafi orðið svo gífurlega mikil vegna efnahagsráðstafana, þá var það auðvitað rétt, að á hverjum tíma ber alltaf að gera tiltækar ráðstafanir til þess að lækka dýrtíð og bæta kjörin. Og það er rétt hjá hv. þm., að vitanlega hefur hækkun verðlagsins orðið meiri að undanförnu en æskilegt hefði verið. Þá ber að hafa hugfast, að það er ekki nema örlítill hluti af verðhækkuninni, sem er bein afleiðing efnahagsmálaráðstafananna. Að mestu er hún í fyrsta lagi þannig til komin, að samið hefur verið um meiri kauphækkanir en atvinnuvegirnir hafa getað staðið undir að óbreyttu verðlagi, auk þess sem utanaðkomandi aðstæður kunna að hafa haft þarna einhver áhrif, þó að þess gæti minna. Og í því sambandi vildi ég leiðrétta það, sem ég tel alveg rangt með farið hjá hv. þm., þegar hann talaði um, að þeirri stefnu hefði verið fylgt í verðlagsmálum að láta verðlagið hækka alveg sjálfkrafa til samræmis við kauphækkanir, sem orðið hafa. Þessu vil ég mótmæla, vegna þess að ég er þessum málum nokkuð kunnugur, þar sem ég hef að undanförnu átt sæti í verðlagsnefnd. Mér er vel kunnugt um það, að þess eru fjölmörg dæmi, að atvinnugreinar, sem taldar hafa verið færar um það, hafa með öllu verið látnar bera þær kauphækkanir, sem orðið hafa að undanförnu, og ekki fengið eyrishækkun á grundvelli þeirra. Þess eru mörg dæmi. Hitt er svo auðvitað annað mál, að ef bersýnilegt er, að reksturinn hlýtur að stöðvast, ef ekki er leyft að hækka verðið til samræmis við hækkaðan tilkostnað, þá þýðir auðvitað ekki að berja höfðinu við steininn í þeim efnum, og ekki er það verkalýðnum í hag, að framleiðslutækin stöðvist.

Í sambandi við þá hækkun vísitölunnar, sem orðið hefur síðan á s.l. vori, ber að hafa það hugfast, að ein af meginástæðunum til þeirrar hækkunar er hækkunin, sem varð á verði landbúnaðarvara á s.l. hausti, en um þá hækkun náðist, eins og kunnugt er, samkomulag á milli fulltrúa bænda annars vegar og launþega hins vegar, og hafa ekki komið fram raddir um það mér vitanlega úr hópi stjórnarandstæðinga, að sú hækkun hafi verið óeðlileg. Auk þess er rétt að hafa hugfast í því efni, að það var ekki eingöngu verkamannskaup, sem hækkaði á s. l. vori, heldur líka flest kaup annað og jafnvel meira en verkamannskaupið, og þegar kauphækkanir verða það almennar, þá fer aldrei hjá því, að þær hljóti að einhverju leyti að koma fram í hækkuðu verði. Annars er auðvitað aðalgallinn á þessu frv. sá, að það er ekki gerð nein grein fyrir því, hvernig bæta megi ríkissjóði þann tekjumissi, sem hann hlýtur að verða fyrir, ef frv. fæst samþykkt. Nú er það að vísu rétt, að frv. þetta gengur skemmra en hv. stjórnarandstæðingar gerðu till. um, þegar framlenging bráðabirgðasöluskattsins var til meðferðar fyrir jólin, þar sem þeir vildu láta fella hann alveg niður. En þá var svar þeirra við ábendingu um það, að slíkt væri ekki hægt vegna fjárhagsástæðna ríkissjóðs, það, að eftir væri að afgreiða fjárlög, og létu þeir þá í veðri vaka, að þeir mundu vera fúsir til þess að taka þátt í því að bæta ríkissjóði með öðru móti tekjumissinn eða framkvæma sparnaðarráðstafanir. Nú hafa fjárlög verið afgreidd, eins og kunnugt er, og í sambandi við afgreiðslu fjárl. hafa engar till. komið fram frá hv. stjórnarandstæðingum, hvorki um öflun nýrra tekna né heldur sparnaðartill., sem neinu nema a. m. k. Og þar sem ágreiningur var ekki um það við afgreiðslu fjárl., að þar var teflt á tæpt vað, þá er sýnilegt, að ef skera á verulega niður helztu tekjustofna ríkissjóðs, eins og lagt er til í þessu frv., þá hlýtur að verða tekjuhalli á fjárlögum. Hvaða leiðir eru þá opnar til þess að jafna þann tekjuhalla? Það verður ekki komið auga á annan möguleika en þann, að ríkissjóður taki þá lán í bönkunum. En annaðhvort hlyti slíkt að valda aukinni dýrtíð, sem mundi þá vega upp á móti verðlækkunaráhrifum, sem lækkun söluskattsins í sjálfu sér hefur í för með sér, eða þá að bankarnir yrðu að draga saman útlán sín til annarra aðila í þjóðfélaginu, ef þeir taka að sér að standa undir hallanum á ríkissjóði. En auðsýnt er, hvaða áhrif það hefði á lánsfjármarkaðinn, og ekki mundi það bæta úr lánsfjárskortinum, sem ekki sízt hv. stjórnarandstæðingar hafa kvartað undan. Hvað sem þessu líður, og þótt mér sýnist þannig, að í rauninni vanti allan botn í þetta frv., þá mun ég þó fyrir mitt leyti styðja það, að málið fái þinglega afgreiðslu, verði vísað til n. og athugað þar á sínum tíma.

Flm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég er nú ekki að gera þessar umr. að tilefni til þess að fara í almennt uppgjör út af viðskilnaði vinstri stjórnarinnar né heldur á efnahagsmálastefnu hæstv. ríkisstj. í heild sinni, eins og hv. síðasti ræðumaður gaf þó í raun og veru tilefni til. Hann sagði, að ég hefði víða hallað réttu máli í minni framsöguræðu, en benti þó ekki á neitt því til sönnunar, og sé ég þá ekki ástæðu til að fara ýtarlega út í málsatvik aftur.

Ég aðeins benti á nokkrar staðreyndir, sem liggja fyrir og ekki verður haggað, hvorki af hv. síðasta ræðumanni né öðrum. En ég vil benda á í sambandi við það, sem hann sagði um viðskilnað vinstri stjórnarinnar, sem allt illt á að stafa af, að nú var sá óskaplegi vandi, sem vinstri stjórnin skildi eftir sig, ekki orðinn stærri en það, að hv. ræðumaður kemst að þeirri niðurstöðu, að hann hafi aðeins kostað 1—2% kjaraskerðingu á árinu 1960. Svo óskaplegur var

sá vandi, sem sú hæstv. ríkisstj. skildi eftir sig. En það mætti þá kannske spyrja þennan hv. þm.: Hverju reiddust goðin, þegar brann jörð, þar sem nú stöndum vér, — hverju hefur verið til að dreifa núna á þessu s.l. ári og árinu þar á undan? Ekki hefur það verið viðskilnaður vinstri stjórnarinnar, sem var ekki meiri en svo, að hann var leiðréttur með 1—2% kjaraskerðingu, eftir því sem hann sagði, á árinu 1960.

Á árinu 1961 sömdu íslenzkir verkamenn, íslenzkir láglaunamenn um 10% kauphækkun. Þá var vísitala framfærslukostnaðar 104 stig. Á þessu sama ári óx útflutningsframleiðslan, eins og ég sagði áðan, um 400 millj. kr. En hvernig fór? Það fór þannig, að eftir 10 mánuði var framfærsluvísitalan komin í 116 stig, þ. e. a. s. hafði hækkað um meira en nam kauphækkuninni, kjör þessarar stéttar höfðu rýrnað. Og svo núna á s.l. ári gerist enn sama sagan, þegar enn er knúin fram ofur lítil leiðrétting. Þá er vísitalan í 116 stigum. Lægst launuðu stéttir þjóðfélagsins semja um 6—9% kauphækkun, en vísitalan hækkar um 11 stig. Hverju er hér um að kenna? Það má vel vera, að það sé rétt hjá hv. þm., að það hafi ekki í hverju einasta tilviki verið leyfðar verðhækkanir á t. d. íslenzkum iðnvarningi í samræmi við kauphækkanir eða jafnvel meiri. En þar stendur auðvitað fullyrðing gegn fullyrðingu, — ég fullyrði, að það hafi verið meginreglan. Ég vildi spyrja þennan hv. þm., ef hann ætlar að hrekja þetta, t. d. um fundi verðlagsnefndar, sem voru haldnir núna í nóvembermánuði, en þar er mér kunnugt um, að einum bezt stöddu iðnfyrirtækjum í landinu voru leyfðar mjög stórfelldar hækkanir þrátt fyrir milljóna, ef ekki milljónatuga hagnað á árinu 1961.

Þá vék hv. þm. að því, að í þessu frv. væri hvergi gert ráð fyrir því, hvernig bæta ætti ríkissjóði það tap, sem hann yrði fyrir og eins og ég gat um mundi geta numið 50—60 millj. kr. Það er þá fyrst þar til að taka, að ef slíkar verðlækkunarráðstafanir eru metnar á móti kaupi, ef þær verða til þess að hindra jafnmikla kauphækkun, þá er ekki vitanlega um svona mikið tap hjá ríkissjóði að ræða, vegna þess að eitt vísitölustig í kaupgjaldi kostar ríkissjóð milli 12 og 13 millj. kr., þannig að þau 2 stig, sem þetta mundi lækka framfærsluvísitöluna, mundu spara ríkissjóði um 25 millj., og væri þá upphæðin, sem þarna væri um að ræða, sennilega komin niður í 25—30 millj. Það er auðvitað nokkur upphæð, en ég tel, að oft hafi verið teflt á tæpara vað en það, þó að slík tekjulækkun væri framkvæmd, án þess að sérstakar ráðstafanir væru gerðar, og sérstaklega með tilliti til þess, að á s.l. árum hefur verið um tekjuafgang hjá ríkissjóði að ræða. Hitt er svo rétt, að fjárl. hafa verið afgreidd. Ég vil benda hv. þm. á það, að þetta frv. var flutt, áður en þau voru afgr., og það var hugmynd mín, að það kæmi til athugunar eða a. m. k. til umræðu, áður en það yrði, þó að svo færi, að það hafi ekki verið tekið fyrir fyrr en nú, í fyrsta lagi vegna þess, að hæstv. forseta þessarar d. þóknaðist ekki að taka það á dagskrá vikum saman, eftir að það hafði verið flutt, og í öðru lagi vegna þess, að ég var veikur síðast á þinginu fyrir frí. En viðkomandi því, að algerlega vanti botninn í þetta frv. að þessu leyti, má benda hv. þm. á það, sem er yfirlýst af hæstv. ríkisstj., að fyrir þessu þingi muni liggja ný tollskrá. Þar koma auðvitað hinir mikilvægustu tekjustofnar ríkisins til endurskoðunar, og ég hygg, að það væri a. m. k. engin goðgá að ímynda sér, að það væri unnt í sambandi við svo stórkostlegar breytingar á fjárhæð til ríkissjóðs, sem þar er um að ræða, að hnika þar til, ef það þætti alveg óhjákvæmilegt, um þær upphæðir, sem þetta frv. gæti leitt af sér. Ég held þess vegna, að það séu nægar leiðir til þess, að þetta frv. geti komið til framkvæmda, án þess að af því stafi nokkur hætta fyrir tekjuöflun ríkissjóðs, og að frv. verði a. m. k. ekki hafnað af þeim ástæðum.

Forseti (SÓÓ): Vegna ummæla hv. 5. þm. Norðurl. e., að óhæfilegur dráttur hafi verið á fyrirtöku þessa máls, vil ég geta þess, að frv. var útbýtt 6. des., það er tekið á dagskrá 17. des., og þá var það tekið út. Ég hygg, að það hafi verið vegna veikindaforfalla hv. flm. Ég held, að þetta sé ekki nein óvanaleg meðferð á málinu.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths., því að ég sé ekki ástæðu til á þessu stigi málsins að hefja hér langar umr. út af þessu frv. En það er út af því, að hv. þm. vitnaði í hækkanir, sem leyfðar hefðu verið til handa iðnfyrirtækjum á fundum verðlagsnefndar í nóvembermánuði s.l. Ég man nú að vísu ekki eftir því, að neinar almennar hækkanir hafi verið leyfðar. Hins vegar mun það vera rétt, að nokkur iðnfyrirtæki, sem höfðu verið látin bera algerlega þá kauphækkun, sem varð sumarið 1961, fengu að nokkru leyti tekið tillit til þeirra kauphækkana, sem urðu á s.l. sumri, af því að ekki þótti fært að láta fyrirtækin bera þetta alveg, enda mætti það vera með miklum ólíkindum, þar sem hér er um samanlagt að ræða hvorki meira né minna en 20—25% kauphækkanir, ef hagnaður fyrirtækjanna hefði verið svo mikill, að þau gætu borið það alveg að óbreyttu verðlagi, og slælegt hefði verðlagseftirlitið þá verið í tíð vinstri stjórnarinnar, ef sá möguleiki væri fyrir hendi.

Það var athyglisvert, að hv. þm. benti á þann möguleika í lok ræðu sinnar, að þar sem ný tollskrá yrði til meðferðar á þessu þingi, þá væri, eins og hann orðaði það, hægt að hnika þannig til, að ríkissjóður fengi upp borna þá tekjuskerðingu, sem hann verður fyrir vegna þessa frv. Það er alveg laukrétt hjá hv. þm., að auðvitað væri hægt að bæta ríkissjóði þetta upp með því að hækka aðra tolla og álögur til samræmis við það. Sá möguleiki er fyrir hendi. En ég hafði satt að segja haldið, að það, sem vekti fyrir hv. þm., væri raunveruleg skattalækkun á almenningi. Hitt er auðvitað hægt, að taka út úr vissar vörur, sem sérstaka þýðingu hafa í vísitölu framfærslukostnaðar, og hækka þá tolla og gjöld á öðrum vörum, sem almenningur auðvitað neytir, en ekki hafa þýðingu í vísitölunni. Það er auð-

vitað gott að fá það upplýst, að það virðist vera þetta, sem vakir fyrir hv. þm. (**BjörnJ**: Ég sagði, ef annað þætti óhjákvæmilegt.) Já, en það hafa ekki komið fram rök fyrir því, að fjárl. gætu staðizt með þeirri miklu tekjulækkun, sem þarna er um að ræða, og hv. þm. ber a. m. k. ekki á móti því, enda heyrðu það allir, sem á hann hlustuðu, að þessa hugmynd setti hann fram. Vissulega er hægt að fara þessa leið, en einhvern tíma hefði þetta nú samt verið kallað að falsa vísitöluna, eins og í rauninni er rétt. En því miður er það þannig, að það virðist vera ofarlega í hv. þm. eins og mörgum öðrum að blanda hér saman verðlaginu og vísitölunni. Það er tiltölulega auðveldur leikur að hnika þannig til með vísitöluna, að hún sýni ekki þær verðlagshækkanir, sem raunverulega verða, en hitt er svo annað mál, hver kjarabót fylgir slíku fyrir almenning.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

62. Vegalög (frv. SE og HermJ).

Á 28. fundi í Ed., 11. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947 [116. mál] (þmfrv., A. 174).

Á 36. fundi í Ed., 4. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Frv. þetta á þskj. 174, sem við flytjum, hv. 3. þm. Vestf. og ég, fjallar um það að taka inn nokkra vegi á Vestfjörðum í þjóðvegatölu.

Það var lengi venja að breyta vegalögum einu sinni á kjörtímabili, og þær breytingar voru þær að taka inn nýja þjóðvegi. Nú hefur verið brugðið út af þessari venju á undanförnum árum, því að vegalögum hefur ekki verið breytt síðan 1955 eða í 7 ár. Þó að svo hafi verið, að ekki hafi fengizt breytingar á vegalögum undanfarin 7 ár, er það ekki vegna þess, að þm. hafi ekki haft áhuga á að koma nýjum vegum inn í þjóðvegatölu, því að öll þessi ár hafa verið flutt frv. á Alþ. um nýja þjóðvegi. Meira að segja á árinu 1956, ári eftir að vegalögum var breytt, eru flutt tvö frv. á Alþingi um þjóðvegi. Í Nd. voru flm. Jón Sigurðsson og Steingrímur Steinþórsson, en í Ed. var flm. frv. Sigurður Bjarnason. Árið eftir, 1957, eru einnig flutt tvö frv. sama efnis. Í Nd. voru flm. Jón Sigurðsson og Steingrímur Steinþórsson, eins og áður, en í Ed. Sigurður Bjarnason, eins og árið áður. 1958 eru enn flutt tvö frv. um nýja þjóðvegi. Í Nd. var flm. þá Eiríkur Þorsteinsson, en í Ed. Sigurður Bjarnason. 1959 eru líka flutt tvö frv. um nýja þjóðvegi. Flm. í Nd. voru þá Gunnar Gíslason, Einar Ingimundarson og Björn Pálsson. Í Ed. voru flm. Bjartmar Guðmundsson, Magnús Jónsson og Friðjón Skarphéðinsson. 1960 eru flutt tvö frv. um nýja þjóðvegi. Í Nd. voru þá flm. Garðar Halldórsson, Gísli Guðmundsson og Jónas G. Rafnar, í Ed. Sigurvin Einarsson, Kjartan J. Jóhannsson og Hermann Jónasson. 1961 eru enn flutt tvö frv. um nýja þjóðvegi. Í Nd. var flm. Hannibal Valdimarsson. Í Ed. voru flm. Sigurvin Einarsson og Hermann Jónasson. Og á yfirstandandi þingi, 7. þingið í röð, sem flutt eru frv. um nýja þjóðvegi, eru flm. í Nd. Halldór Ásgrímsson, Eysteinn Jónsson og Lúðvík Jósefsson, í Ed. Sigurvin Einarsson og Hermann Jónasson.

Á þessari skrá má sjá það, að þm. hafa á öllum þessum þingum haft áhuga á því að fá nýja vegi inn í þjóðvegatölu. Það er því enginn efi á því, að hér er þörf á bak við það, að öll þessi frv. eru flutt. Þörfin er heima í héruðunum og fer sívaxandi. Nú hefur orðið fólksfækkun víða í byggðarlögum landsins, en við það rýrna möguleikar sýsluvegasjóðanna til þess að leggja verulegt fé til sýsluvega. Um hreppavegi ætla ég að sé nú ekki að tala lengur í framkvæmd. Það er svo komið, að ýmis sýslufélög eiga mjög erfitt með að sinna sómasamlega viðhaldi sýsluveganna, auk heldur að leggja í nýjar framkvæmdir, að byggja nýja vegi. Afleiðingin af þessu er svo auðvitað sú, að sýsluvegir eru í mjög lélegu ástandi og lítið eða jafnvel ekkert gert af nýbyggingum sýsluvega. Þetta er ekkert óeðlilegt, því að tekjur sýsluvegasjóðanna eru ekki orðnar í neinu samræmi við kostnaðinn, eins og hann er nú orðinn við að leggja vegi. Auðvitað er þetta ein höfuðástæðan fyrir því, að þm. hafa flutt frv. um nýja þjóðvegi og vilja þannig verða við óskum héraðanna í þessum efnum. En auk þess hafa þarfir byggðarlaganna fyrir nýja þjóðvegi líka aukizt af öðrum ástæðum. Það er allvíða svo, að nú er mjög aðkallandi að leggja þar veg, sem ekki var vegur áður, vegna breyttra staðhátta, breyttra atvinnuhátta og vegna fólksflutninga. Það þurfti ekki að koma að mikilli sök fyrir allmörgum árum, þótt eitthvað drægist með að leggja veg á vissum stað, en getur nú verið mjög aðkallandi að fá slíkan veg. Með sama hætti hafa aðrar breytingar orðið, þ. e. a. s. á þá leið, að þar sem var talinn þjóðvegur, kannske lagður, kannske ólagður, er ekki þörf á að leggja veg núna, vegna þess að fólkið er flutt burt. Um þetta eru líka dæmi. Í þriðja lagi má benda á, hversu þýðingarmikið vegakerfi landsins er fyrir alla atvinnu manna, öll framleiðslustörf. Og vegir eru einnig miklu meira notaðir nú en var fyrir 5—10 árum. Þetta knýr á, að lagt sé meira fé í vegina, en það þýðir, að hið opinbera verður að koma til skjalanna, því að fjármagnið er ekki til heima fyrir. Og til þess að svo verði, þarf að taka vegina upp í þjóðvegatölu.

Ég sé ekki þörf á því á þessu stigi málsins að fjölyrða um nauðsyn þjóðvega eða möguleika sýslufélaga eða einstakra byggðarlaga til að leggja fé í vegi. Ég ætla, að allir hv. þm. þekki þetta rækilega, og þeir hafa sýnt það með öllum þeim frv., sem flutt hafa verið á undanförnum 7 ár-

um, að þeim er þetta ekkert hégómamál. Nokkru eftir að þetta frv. var flutt, var því yfir lýst hér á Alþ., að hæstv. ríkisstj. mundi flytja frv. að nýjum vegalögum á þessu þingi. Og einn af þeim, sem áttu sæti í þeirri nefnd, sem undirbjó það frv., hv. 10. landsk. þm., gat þess í umr. hér nokkru fyrir jól, að ætlunin væri að leysa með því stjfrv. þann vanda, sem lagt er til að leysa með ýmsum þeim till. í vegamálum, sem nú liggja fyrir þessu þingi. Hann gat þess sérstaklega, að ætlunin væri að leysa með því frv. í einu lagi þau mál um þessi efni, sem liggja fyrir þinginu. Fáist sú lausn, sem telja má viðunandi, með væntanlegu stjórnarfrv., á því, sem þetta frv. fjallar um, þá get ég ekki séð, að það sé neinn skaði skeður, þótt þetta frv. komist jafnvel ekki nema til nefndar, — verði sú lausn viðunandi, sem fæst með hinu væntanlega stjfrv. Verði hún það ekki, þá er nauðsyn á að fá þetta frv. afgreitt á þessu þingi, og á það legg ég áherzlu. Það er því mikið undir því komið, hvernig verður tekið á þessum málum í hinu væntanlega stjfrv. um vegamál, sem boðað hefur verið. Ég geri enga kröfu til þess, að þetta frv. *nái fullnaðarafgreiðslu, ef* viðunandi lausn á þessum málum fæst með hinu væntanlega stjfrv., því að eins og allir skilja, þá er það aðalatriðið, en ekki hitt, hvaða frv. nær fram að ganga. En hitt legg ég aftur á móti ríka áherzlu á, að verði það ekki, fáist ekki viðunandi lausn með hinu væntanlega stjfrv., þá er full þörf á og nauðsyn á, að þetta frv. nái fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi.

Ég fjölyrði svo ekki frekar um þetta mál að þessu sinni, en legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgmn. með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

63. Sala Litlagerðis í Grýtubakkahreppi.

Á 36. fundi í Ed., 4. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja eyðijörðina Litlagerði í Grýtubakkahreppi [127. mál] (þmfrv., A. 230).

Á 37. fundi í Ed., 5. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 230, til heimildarlaga fyrir ríkisstj. til að selja eyðibýlið Litlagerði í Dalsmynni í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu. Frv. flyt ég skv. beiðni Jóhanns Skaftasonar bæjarfógeta í Húsavík, sýslumanns í Þingeyjarsýslum. Hann vill kaupa þessa eyðijörð, ekki af embættisástæðum, heldur af einkaástæðum, sem að mínu áliti eru mjög virðingarverðar og lofsverðar.

Í bréfi, dags. 22. f. m., til mín ræðir Jóhann Skaftason um Litlagerði og ástæður til þess, að hann hefur hug á að kaupa býlið. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa kafla úr þessu bréfi, svo að hv. þdm. fái ástæðurnar frá fyrstu hendi. Í bréfinu segir orðrétt:

„Ég hef mælzt til þess við þig, að þú útvegaðir, ef auðið væri, lagaheimild til þess, að ríkið selji mér kotið Litlagerði í Dalsmynni í Grýtubakkahreppi í S.-Þingeyjarsýslu. Af því tilefni vil ég taka þetta fram málinu til skýringar:

Kotið er 6½ hundrað að fornu mati. Árið 1890 var það illa húsað og í litilli rækt. Afi minn, Jóhann Bessason á Skarði, sem er næsta jörð, fékk kotið þá til ábúðar og bjó á því ásamt Skarði — hafði það með — til aldamóta. Árið 1900 fluttu foreldrar mínir þangað frá Skarði og byggðu þar upp öll hús og bjuggu þar síðan allan sinn búskap, unz faðir minn dó. Flest okkar systkina eru fædd þarna, og höfum við jafnan borið ræktarþel til kotsins vegna búskapar foreldra okkar þar. Nú er jörðin í eyði og hefur verið það nokkur ár. Síðasti ábúandi fór þaðan frá hálfbyggðu húsi, og mannvirki öll liggja undir skemmdum, svo sem jafnan er á eyðijörð. Að undanförnu hef ég verið að litast um eftir ræktunarlandi á þessum slóðum, og þar sem Litlagerði er nú í eyði, datt mér í hug að reyna að gera því eitthvað til góða, ef það kynni í framtíðinni að verða til þess, að jörðin héldist fremur í byggð. En ég hef ekki hug á að leggja þar í ræktunarkostnað, nema ég hefði fullan ráðstöfunarrétt á jörðinni, ekki óðalsrétt. Síðasta mat á jörðinni er frá 1957, þ. e. a. s. fasteignamat: hús 19500 kr., land 11900 kr., eða samtals 31400 kr. Á jörðinni hvíla nokkrar skuldir vegna framkvæmda síðasta ábúanda."

Ég tel óþarft að hafa langa framsögu fyrir þessu frv. Bréfkaflinn, sem ég las, segir bæði beint og óbeint allt, sem mestu máli skiptir til skýringar. Litlagerði er í svonefndu Dalsmynni, en svo heitir skarð, sem tengir Höfðahverfi og Fnjóskadal. Fnjóská fellur eftir Dalsmynni, og Litlagerði er norðan árinnar skammt frá þjóðveginum, sem liggur um dalsmynnið milli Fnjóskadals og Höfðahverfis, og er sá vegur nefndur í vegalögum Fnjóskadalsvegur eystri. Kot þetta er því ekki dæmt til þess að leggjast niður sem býli, vegna þess að það sé afskekkt, en það þykir ekki þannig á vegi statt nú, að fýsilegt sé þar að gerast bóndi. Og það hefur verið í eyði síðan vorið 1960. Nokkrum árum áður hafði það líka farið úr byggð um stund. Síðasti ábúandi hóf þar umbótastarf, en hafði ekki bolmagn til þess að koma því nægilega áleiðis til að gera kotið byggilegt og hætti því vegna fjárhagsörðugleika og sneri sér að öðrum viðfangsefnum. Síðan hefur ekki ábúandi fengizt. Nú vill Jóhann sýslumaður, sem á þarna ættarslóðir og er mjög mikill áhugamaður um viðhald byggðar í landinu, reyna, eins og hann orðar það, að gera býlinu eitthvað til góða, til þess að það komist frekar í byggð og haldist frekar í byggð en áður. Eins og eðlilegt er, vill hann áður fá fullan umráðarétt yfir býlinu.

Þeir, sem þekkja Jóhann Skaftason, munu ekki draga í efa, að fullur hugur fylgir máli hjá honum. Sá hugur er ekki gróðahugur, heldur fórnarhugur fyrir æskustöðvar og landbótahugsjónir.

Grýtubakkahreppur hefur vitanlega forkaupsrétt, ef ríkið selur Litlagerði. Formlega hefur enn ekki verið spurzt fyrir um það, hvort hreppsnefndin vilji gera þann rétt gildandi. Ég átti aðeins tal við hreppsnefndaroddvitann í síma um málið. Heyrðist mér hann fyrir sitt leyti telja þá frétt góða, að Jóhann Skaftason vildi gerast eigandi býlisins. Að sjálfsögðu verður svo gengið til hreins um það, áður en sala fer fram, hvort Grýtubakkahreppur vill neyta forkaupsréttar, því að ummæli oddvitans má auðvitað ekki skoða sem neina afgreiðslu um það.

Ég vil taka fram, að ég hefði að sjálfsögðu formsins vegna getað sett efni þessa frv. í brtt. við frv. það um jarðarsölu, sem búið var rétt áður að leggja fram á þskj. 228 um Bakkasel og afgreitt var til n. í gær. En af því að óvenjulegar ástæður standa að baki þessari málaleitun, vildi ég, að þær ástæður kæmu fram í grg. á þskj. Mér finnst ánægjulegt, að skjalfest sé, að til er enn á Íslandi meir en í skáldskap sú átthagarækt, sem mál þetta er virkilegur vitnisburður um.

Ég leyfi mér að vænta þess, að Alþingi veiti fúslega heimild til þess, sem um er beðið í frv. Ég óska, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn., eins og venjulegt er um slík málefni. Um leið vil ég mælast til þess við hv. landbn., sem málið fær væntanlega til umsagnar, að hún tefji málið sem allra minnst, svo að það geti orðið afgreitt á þessu þingi, geri það ekki að samsteypu við Bakkaselsfrv., ef það frv. skyldi verða fyrir einhverjum ágreiningstöfum. Mannvirki í Litlagerði liggja undir skemmdum, ekki sízt íbúð sú, er var í smíðum, þegar býlið fór í eyði, og munar í þeim efnum um hvert ár, sem líður án aðgerðar. Ég tel það bæði nauðsynlegt og skylt, að málið fái afgreiðslu á þessu þingi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 230, n. 472).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Eftir l. frá 26. febr. 1948, nr. 4, er jarðeignadeild ríkisins heimilt að selja ábúendum kirkjujarðir og þjóðjarðir, ef kaupandi uppfyllir önnur skilyrði, sem nánar er tiltekið í l. Sé hins vegar um sölu til annarra en ábúanda að ræða, hefur verið litið svo á, að sérstaka lagaheimild þurfi til hverju sinni. Þetta hefur valdið því, að fjöldi frv. hefur verið fluttur hér á Alþingi um söluheimild á ýmsum jörðum, einkanlega eyðijörðum. Í sjálfu sér eru þetta helzt til smá mál til þess að láta tvær deildir Alþingis fjalla um þau við sex umr. hverju sinni, og virðist vera þörf á sérstökum lögum um þetta efni, sem heimili jarðeignadeildinni að ganga frá slíkum málum eftir vissum reglum í samráði við sveitarstjórnir á hverjum stað. En ég ætla samt ekki að flytja frv. um það að þessu sinni, bendi aðeins á þetta.

Um frv. það, sem hér liggur fyrir, er það að segja, að jörðin Litlagerði í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu hefur verið í eyði um nokkur ár og er mjög smá jörð. Umboðsmaður jarðeigna ríkisins telur ekkert við það að athuga, að hún sé seld, og vinningur fyrir jarðeignadeildina að losna við hana og fá eitthvert verð fyrir. Í öðru lagi hefur það mál verið borið undir landnámsstjóra, Pálma Einarsson, sem einnig leggur til, að jörðin verði seld þeim manni, sem óskar eftir að kaupa hana, með það fyrir augum, að hann muni gera á henni þær umbætur, að jörðin verði ábúðarhæf. Í þriðja lagi hefur landbn. leitað álits hreppsnefndarinnar á þessum stað, hreppsnefndar Grýtubakkahrepps, sem mælir með því, að jörðin verði seld, eins og frv. gerir ráð fyrir. Að athuguðu þessu máli og með þessi álit þriggja aðila í huga leggur landbn. til shlj., að frv. verði samþykkt.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég sem flm. þessa litla frv. þakka hv. landbn., að hún mælir einróma með samþykkt þess. N. hefur haft málið alllengi hjá sér og lengur en ég bjóst við að hún gerði, en ég veit ástæðurnar fyrir því, og nú hefur verið leitað umsagnar allra þeirra, sem til greina kemur að leita álits hjá í sambandi við þetta mál. Það hefur verið spurt um álit jarðeignadeildar ríkisins, landnámsstjóra og hreppsnefndar viðkomandi hrepps, þ. e. Grýtubakkahrepps. Allir þessir aðilar hafa, eins og vænta mátti, mælt með sölu Litlagerðis til Jóhanns Skaftasonar sýslumanns. Furðulegt hefði það líka verið, ef þeir, sem fara með jarðir í opinberri eigu, og sveitarstjórnin í hlutaðeigandi sveit hefði ekki viljað þiggja aðstoð sjálfboðaliða, sem vill gera eyðibýli til góða, svo að það verði byggilegt. Sá ræktarhugur til bernskustöðva er svo fallegur, að til fyrirmyndar er, og verðskuldar það, að aðstoð hans sé vel virt og fúslega með þakklæti þegin, ekki sízt í landi, sem stríðir við fólksfækkun í sveitum og hefur ekki við fyrir sitt leyti að gera jörðum, sem eru í þjóðareign, nægilega til góða.

Vegna þess, hve frv. þetta er lengi búið að vera í nefnd, er það orðið heldur seint fyrir í þinginu, en ég vænti þess, að þar sem það hefur fengið þá rækilegu athugun, sem álit hv. landbn. ber með sér, þurfi það ekki að verða fyrir neinum sérstökum töfum hér eftir og geti siglt hraðbyri gegnum þingið. Ég leyfi mér að vænta þess, að þessi hv. d. hraði fullnaðarafgreiðslu þess frá sér hér eftir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 64. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 65. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Á þskj. 230, sem þegar hefur verið samþ. í Ed., er leitað heimildar Alþingis til þess að selja Jóhanni Skaftasyni bæjarfógeta á Húsavík og sýslumanni í Þingeyjarsýslum eyðijörðina Litlagerði í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu fyrir það verð, er um semst eða verður ákveðið samkv. mati dómkvaddra manna. Hér sýnist Alþingi fara alveg inn á nýja braut í jarðasölumálum, að leyfa sölu jarða, sem ríkið á, til einstakra manna og það án þess að setja það skilyrði, að jörðin sé gerð að ættaróðali. Söluverð jarðarinnar fari samkvæmt mati eða samkomulagi. Rökin fyrir því, að beðið er um að selja þessa jörð, eru þau, að foreldrar kaupandans hafi búið þar lengi, hann sé fæddur þar og flest hans systkini séu fædd þar. En á sama tíma kemur fram í grg., að hann vilji engan veginn gera jörðina að ættaróðali. Það er skilyrði frá hans hendi, að það skilyrði verði ekki sett um jörð, sem svo mjög er tengd við hans ætt, að hún skuli gerð að ættaróðali. Mér sýnist liggja hér á bak við, að það sé hugsað að gera þetta að einhverri braskjörð síðar meir. Og af því tilefni vildi ég mega upplýsa nokkuð hér í sambandi við jarðaráðstafanir ríkisins.

Þessi ágæti embættismaður var, eins og kunnugt er, fjöldamörg ár sýslumaður í Barðastrandarsýslu, og hann fékk þá þáv. hæstv landbrh., núv. hv. 2. þm. Vestf., til þess að byggja sér eyðijörð, sem liggur í Vatnsfirði á Barðaströnd, hafði lengi verið í eyði, en legið undir Brjánslæk, verið hjáleiga prestssetursins. Hann fékk hann til þess að byggja sér þessa jörð með erfðaábúð einmitt með þessum sömu forsendum og hér er sagt, að hann ætli að gera á þessari jörð stórkostlegar umbætur. Einu umbæturnar, sem hann gerði á jörðinni, voru þær, að hann lét flytja þangað íbúðarhús á vörubifreið, sem að vísu var ekki stærra en svo, að ef átti að borða í húsinu, varð að elda matinn úti og láta hann inn um gluggann, en ætti að elda hann inni, varð að flytja hann út til gestanna, sem áttu að neyta hans. Þetta voru einu framkvæmdirnar, sem hann gerði á jörðinni. En hann bjó betur um hag sinn, þegar hann fluttist burt. Þá þurfti Barðstrendingafélagið að fá hluta úr þessari jörð, vegna þess að þeir hafa byggt þar veitingaskála, því að þessi jörð liggur að Pennu, en þaðan er vegurinn upp á Dynjandisheiði til Vestfjarða, og þá voru það mestu erfiðleikarnir fyrir þeim framkvæmdum að fá samkomulag við þann mann, sem réð og ræður enn yfir jörðinni, og hann var engan veginn fús til þess að gefa það eftir, að látin væri nægileg landsspilda undir slíka þjónustu. Það endaði þó með því, að þeir fengu nokkurn hluta af því landi, sem þeir þurftu á að halda, en engan veginn nægilega stórt, en með því skilyrði, að greiða skyldi til hans, sem hefur erfðaábúð á jörðinni, ákveðna upphæð af umsetningu, sem seld er í skálanum, um aldur og ævi.

Ef sami hugsunarháttur liggur á bak við þessi jarðakaup í Suður-Þingeyjarsýslu, þá held ég, að hv. landbn. ætti að athuga, hvort það sé sú stefna, sem ætti að taka upp í jarðasölumálum ríkisins.

Mér er náttúrlega ekki kunnugt um, hvaða fyrirhugaðar húsabætur kaupandi ætlar að gera á jörðinni, en e. t. v. er hann þegar búinn að flytja þetta ágæta íbúðarhús og ætlar að reisa það aftur upp á þessari nýju jörð, sem hann er að óska eftir að fá yfirráð yfir.

Mér þótti rétt að láta þessar upplýsingar koma fram, því að þær stinga nokkuð í stúf við þá grg., sem hér er gefin, og þann hugsunarhátt, sem ég hygg að liggi á bak við þessi jarðarkaup.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Í rauninni kemur mér þetta frv. sáralítið við, og það er aðeins vegna ummæla hv. 1. þm. Vestf., að mig langar til að segja fáein orð.

Þessi ræða hv. þm. var með þeim hætti, að ég tel tæplega sæmandi að vera með slíkar dylgjur eins og hann hafði uppi og bar fram við hv. þm. Hann hefur enga ástæðu til þess að ætla, að það liggi aðrar hvatir á bak við löngun sýslumanns Þingeyinga til að eignast þessa jörð en fram koma í bréfi hans og getið er um í grg., og ég vil satt að segja víta það, að hv. þm. skuli taka svo til orða sem hann gerði. Vil ég leiða athygli hv. landbn., sem væntanlega fær þetta mál til athugunar, að þeim umsögnum, sem borizt hafa, m. a. frá jarðeignadeild ríkisins, frá landnámsstjóra, og einnig símskeyti, sem borizt hefur frá hreppsnefnd Grýtubakkahrepps, en allir þessir aðilar mæla með því, að Jóhanni sýslumanni sé seld þessi jörð.

Það má vissulega deila um það, hvort ríkið á yfirleitt að selja jarðir einstaklingum eða öðrum. En mér finnst mjög hæpið, að við séum að draga inn í umræður slíkar röksemdir sem hv. 1. þm. Vestf. gerði hér áðan, því að hér er verið að dylgja með hluti, sem ég efast um að hann geti að nokkru staðið við, og þetta vil ég víta.

Ég legg eindregið til, að þetta frv. fái þann framgang í þinginu, sem eðlilegt er, þann sama sem orðið hefur í Ed., og að málinu verði nú vísað til hv. landbn. til athugunar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Í tilefni af vítum hv. 4. þm. Norðurl. e. vil ég fyrst og fremst víkja þeim til heimahúsanna. Ég gaf ekki hér neinar aðrar upplýsingar en þær, sem eru sannar og réttar, og það hefði verið nær fyrir hv. þm. að kynna sér, hvort það væri ekki farið hér með rétt mál, áður en hann fór að víta mig fyrir þær upplýsingar, sem ég gaf. Ef þær upplýsingar eru ekki sæmilegar, þá er það ekki mér að kenna, þá er það einmitt hinum fyrirhugaða kaupanda að

kenna, sem hefur hagað sér þannig í því máli, og það er full ástæða fyrir mig að halda, að hann hafi ekki breytt neitt um hugarfar.

Ég vildi gjarnan, að hv. landbn., sem fær þetta mál til athugunar, aflaði sér þeirra upplýsinga, sem ég hef hér gefið, frá þeim aðilum, sem hlut eiga að máli, Barðstrendingafélaginu og stjórn þess. Og ef það kemur í ljós, að þær upplýsingar eru réttar, sem ég veit, að þær eru, þá vildi ég óska, að hv. 4. þm. Norðurl. e. bæði Alþingi afsökunar á þeim orðum, sem hann hafði hér alveg að ástæðulausu. Ég hafði fullkomna ástæðu til þess að draga mínar ályktanir af þeirri reynslu, sem ég hef haft í jarðarkaupamálum Jóhanns Skaftasonar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19:3 atkv. og til landbn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

64. Bústofnslánasjóður.

Á 29. fundi í Sþ., 13. febr., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um bústofnslánasjóð [146. mál] (þm-frv., A. 265).

Á 51. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það má segja, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, sé ekki áður óþekkt í þessari hv. d., og get ég af þeirri ástæðu verið fáorðaðri um þetta mikilsverða mál en ella hefði orðið. En við framsóknarmenn höfum á tveim undanförnum þingum flutt í þessari hv. d. frv. svipaðs efnis og það, sem hér liggur fyrir, þ. e. a. s. um stofnun sérstakrar lánastofnunar eða sérstaks lánasjóðs, bústofnslánasjóðs, sem hefur verið ætlað það hlutverk samkv. þeim frv. að veita frumbýlingum og efnalitlum bændum hagstæð lán eða stuðning til bústofns- og vélakaupa eða til greiðslu lausaskulda, sem þeir fá ekki undir risið og eru oft efnahag þeirra ofviða og eru þrándur í götu fyrir því, að þeir geti komið efnahag sínum og búrekstri á traustan og heilbrigðan grundvöll. Þessi frv., sem við höfum flutt hér á tveimur undanförnum þingum um þetta efni, hafa ekki náð fram að ganga. Það hefur farið fram um þau 1. umr. hér í hv. d. og þeim verið vísað til n., en síðan hafa þau ekki komið til meðferðar meir, því að nefnd hefur ekki skilað um þau áliti, og þau hefur dagað uppi á því stigi.

Það frv., sem hér liggur fyrir, gengur í mjög svipaða átt og hin fyrri frv., en þó eru í því nokkrar breytingar frá því, sem verið hefur í hinum fyrri frv.

Eins og kunnugt er, samþykkti síðasta Alþingi sérstök lög um lausaskuldalán bænda, og er sú löggjöf komin til framkvæmda, svo sem menn vita. Af þeim sökum er í þessu frv. ekki gert ráð fyrir því, að bústofnslánasjóður veiti lán til greiðslu lausaskulda. Hvað sem um þau lausaskuldalán, sem veitt hafa verið samkv. l. um lausaskuldalán til bænda, má segja, þá þykir ekki ástæða til að taka upp í þetta frv. sérstök ákvæði um það efni.

Í hinum fyrri frv. var í undantekningartilfellum gert ráð fyrir alveg sérstökum stuðningi eða styrk, þ. e. óafturkræfum styrk, í því skyni, sem í frv. sagði, auk hagstæðra lána. Það ákvæði miðaðist sérstaklega við þá bændur, sem áttu við svo erfiðan hag að búa vegna skulda, lausaskulda og annarra skulda, að það var álitið, að búrekstur þeirra gæti ekki komizt á heilbrigðan grundvöll nema með slíku óafturkræfu láni. Það er hins vegar í þessu frv., sem hér liggur fyrir, eingöngu gert ráð fyrir lánveitingum úr bústofnslánasjóði, en ekki neinum óafturkræfum styrk.

Efni þessa frv., sem hér liggur fyrir, er í stuttu máli þetta, að samkv. því skal settur á stofn sérstakur lánasjóður, bústofnslánasjóður, sem nefndur er. Hann á að vera í vörzlu Búnaðarbankans, en lýtur sérstakri stjórn. Þessi sjóður á að hafa það hlutverk að veita frumbýlingum og öðrum þeim bændum, sem eru efnalitlir eða þannig stendur á fyrir, sem nánar segir í 4. gr., lán, — hagstæð lán til bústofns- og vélakaupa. Vextir af þessum lánum eru bundnir við ákveðið hámark í frv., mega ekki vera hærri en 5%. Það eru ákvæði um þær tryggingar, sem má lána gegn, í 5. gr. frv. Samkvæmt því ákvæði er heimilt að veita bústofnslán gegn öðrum tryggingum en þeim, sem nú er krafizt, a. m. k. í framkvæmdinni, þegar um stofnlán er að ræða. Á hinn bóginn er svo gert ráð fyrir tiltölulega skömmum lánstíma. Stofnfé bústofnslánasjóðs er ákveðið 100 millj. kr., þar af 40 millj. kr. óendurkræft framlag ríkissjóðs, en gert er ráð fyrir, að hinn hluti stofnfjárins sé tekinn að láni með ríkisábyrgð. Stjórn sjóðsins er í höndum fimm manna nefndar og fer stjórnin með ákvörðunarvald um lánveitingar úr sjóðnum. Fjórir nm. skulu kosnir af sameinuðu Alþingi með hlutfallskosningu, en fimmti nm., sem jafnframt er formaður n., skal skipaður af ráðh. samkv. tilnefningu Stéttarsambands bænda.

Þetta er höfuðefni þessa frv. Við framkvæmd lána úr sjóðnum mundi að sjálfsögðu þurfa að setja ýmsar ýtarlegri reglur. Það er gert ráð fyrir því, að þær séu settar í reglugerð, og er það til samræmis við það, sem tíðkast um aðrar sambærilegar lánastofnanir.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum í sjálfu sér um nauðsyn þessa máls, og má að verulegu leyti vísa til þess rökstuðnings, sem fram kemur í grg. með þessu frv., svo og til grg. þeirra, sem fylgt hafa fyrri frv. um svipað efni og áður er drepið á.

Það er engum blöðum um það að fletta, að það er mjög mikil og að ég hygg alveg óumdeilanleg þörf á sérstökum lánum í því skyni, sem frv. fjallar um, þ. e. a. s. til bústofnsaukningar og til vélakaupa. Sú þörf er að mínum dómi alveg sérstaklega brýn hjá frumbýlingum, hjá þeim ungu bændum, sem eru að byrja búskap og hafa enn ekki komið sér fyrir, ekki eignazt

nægilegan bústofn eða nauðsynlegar búvélar. En þó að þörfin sé að mínu viti þannig brýnust hjá hinu unga fólki, í þessu sambandi hjá frumbýlingunum, þá er þó alveg vafalaust, að mörgum eldri bændum er líka nauðsynlegt — bráðnauðsynlegt — að auka sinn bústofn, til þess að þeir geti haft sæmilega afkomu og staðið straum af framfærslu sinnar fjölskyldu og þeim margvíslegu framkvæmdum, sem þeir hafa lagt í á undanförnum árum á sínum jörðum. Þeir bændur, sem staðið hafa í miklum framkvæmdum, jafnvel þó að þeir hafi ekki dregið seglin saman í því efni allra síðustu árin, vegna þess að þá hafa framkvæmdirnar verið viðráðanlegar, þeir eru margir í miklum skuldum vegna þessara framkvæmda. Sumt af þeim skuldum voru lausaskuldir og því mjög erfiðar við að fást. Því er ekki að neita, að nokkur bót hefur verið á ráðin í því efni með lausaskuldalánunum. En samt er það nú svo, að þó að það sé betra að hafa þannig komið þessum skuldum í fast horf, þá þarf nú að borga þau lán ekki síður en aðrar skuldir, og afborganir af þeim lánum ásamt vaxtagreiðslum eru allháar upphæðir hjá mörgum bændum. En bú margra bænda eru því miður svo smá, að það er naumast sýnilegt, að þeir geti með óbreyttum bústofni staðið undir þeim skuldum, þeim lánum, sem þeir hafa nú fengið, auk svo framfærslu sinnar fjölskyldu, þannig að það virðist einmitt af þeirri ástæðu vera knýjandi nauðsyn á því, að þessir menn geti stækkað sín bú. Með öðrum hætti er ekki sýnilegt, að þeir geti lifað við mannsæmandi kjör og staðið í skilum með greiðslu afborgana og vaxta af sínum skuldum. Og það er jafnframt svo, að með þessum framkvæmdum, sem þeir hafa lagt út í á sínum jörðum, hafa þeir bætt jarðirnar það mikið, margir hverjir a. m. k., að það hafa skapazt þar skilyrði til þess að framfleyta stærri áhöfn á hverri jörð en áður var, einkanlega þegar við bætist aukin vélanotkun.

Um búvélarnar má nokkuð sama segja og um bústofninn. Flestir, sem til þekkja, munu ljúka upp um það einum munni, að búskapur verði nú á tímum ekki stundaður með neinum verulegum árangri nema með nauðsynlegum búvélum. Aðstaða þeirra bænda, sem ekki hafa nauðsynleg tæki eða vélar, má heita vonlaus. Hún verður ekki sambærileg við aðstæður nágrannans, sem hefur vélar og tæki, og þeir, sem þannig er ástatt um að eiga ekki nauðsynlegar búvélar, hljóta að dragast aftur úr, og þeir hljóta í raun og veru að gefast upp innan tíðar, ef ekki verður bót á ráðin, og leita annað, einkanlega þegar atvinnuástand er þannig, að þeim býðst atvinna annars staðar. Þegar svo er, er þess ekki að vænta, að þeir uni því að stunda búskap án þess að hafa nauðsynlegar vélar eða tæki til að stunda búskap, og ég held, að það verði að játa, að þeim sé vissulega ekki láandi, þó að þeir hverfi frá búskap við slíkar aðstæður. Það má líka segja, að þar sem auknar jarðræktarframkvæmdir hafa átt sér stað, þá kalli þær í raun og veru á aukna vélanotkun. Það verða ekki full not af þeim framkvæmdum, sem þannig hafa átt sér stað, nema það sé jafnframt hægt að grípa til aukinnar vélanotkunar. Það ber allt að sama brunni, að það er mjög nauðsynlegt, að búin séu stækkuð og vélanotkunin aukin, sérstaklega er slíkt auðvitað alveg óhjákvæmilegt, þegar um einyrkja er að ræða, en eins og kunnugt er, er nú búskapurinn hér þannig orðinn víðast hvar, að það er um einyrkjabúskap að ræða. Ég skal í þessu sambandi ekkert fara út í það, hvort það fyrirkomulag er æskilegt eða ekki, en það er staðreynd, sem víðast hvar blasir við og fram hjá verður ekki komizt.

En nú er það alkunn staðreynd, sem hér þarf ekki að fara mörgum orðum um, að bústofn og búvélar kosta mikið fé. Frumbýlingar og efnalitlir bændur hafa alls ekki það fé handa á milli, sem til þess þarf að kaupa bústofn eða hæfilegan bústofnsauka eða nauðsynlegar vélar, og allra sízt eftir þá stórkostlegu dýrtíðaraukningu, sem átt hefur sér stað að undanförnu. En það er alkunnugt, að búvélarnar t. d. hafa stórhækkað í verði beinlínis vegna aðgerða þess opinbera, vegna þeirra gengislækkana, sem hér hafa átt sér stað. Erfiðleikar frumbýlinga eru að sjálfsögðu í því sambandi alveg sérstaklega augljósir. Kostnaður við bústofnun í sveit er gífurlega mikill og hefur einmitt stóraukizt á undanförnum 3—4 árum, m. a. vegna gífurlegra verðhækkana og óhóflegra vaxtahækkana. Þeir munu því vera mjög fáir frumbýlingarnir, sem hafa, eins og nú háttar, ráð á verulegu fjármagni til þess að festa kaup á jörð, nauðsynlegum áhöldum og vélum af hæfilegri stærð. Það má að vísu segja, að ungir menn geti sparað saman nokkurt fé, og það er vissulega rétt, að nokkru marki, og er út af fyrir sig sjálfsagt að hvetja þá til þess — og vissulega þekkir maður þess dæmi, að ungir menn kappkosta nú einmitt að vinna og fara frá sínum heimilum og sækja atvinnu annað til þess að safna nokkru fé einmitt til þess að leggja í kaup á búvélum, annaðhvort fyrir sjálfa sig eða á heimili sinna foreldra. En ég hygg nú samt, að þó að þetta sé rétt og þessi dæmi þekkist, þá sé það sama, þó að ráðdeildarsamir unglingar eigi í hlut, ég hygg, að það komi á daginn, að það verði erfitt fyrir þá að spara og draga saman þær upphæðir, sem duga til þess nú að kaupa jörð og reisa bú og kaupa nauðsynlegar vélar. Ég hygg, að það sé óhjákvæmilegt og nauðsynlegt, að þeir eigi völ á hagstæðum lánum í þessu skyni. Það eiga þeir ekki nú, og mér er kunnugt um ýmis dæmi þess, að ungt fólk er í vandræðum af þessum sökum og verður einmitt af þeim ástæðum að hverfa frá þeirri fyrirætlun sinni að stofna bú í sveit. Það er t. d. tiltölulega nýlegt dæmi, sem mér kemur í hug í því sambandi, að það er ungur maður í sveit, sem hefur hug á að stofna til búskapar og hefur hug á því að fara að undirbyggja þá búskaparstofnun, og hann festi kaup á allverulegum bústofni af sauðfé. En þessi ungi maður, sem er eitthvað rétt um tvítugt eða þar um bil, hafði ekki ráð á því fé, sem til þess þurfti að festa kaup á þessum bústofni, og hann sneri sér til mín og leitaði minnar aðstoðar í því efni, hvort það væru nokkrir möguleikar á því að fá lán í þessu skyni. Ég sneri mér eðlilega til þeirrar lánastofnunar, sem hefur með lán til bænda að gera, Búnaðarbankans, og ég verð að vísu að játa, að mínu

erindi var þar út af fyrir sig vel tekið og vandræði þessa unga manns voru þar leyst á þann eina hátt, sem hægt var að gera í þeim banka, þ. e. a. s. að þessi ungi maður fékk víxillán í þessu skyni. En það var ekki heimild til og ekki möguleikar á að lána honum annars konar lán í þessu skyni. En allir sjá, að víxillán duga ekki. Ég get nefnt annað dæmi, sem mér kemur líka í hug, vegna þess að það er alveg nýlega um garð gengið. Til mín komu ung hjón hér í bænum, þau eru 25—26 ára að aldri. Þau eiga orðið þrjú börn. Þau búa í lélegri leiguíbúð. Maðurinn vinnur úti og hefur sæmilegar tekjur, en konan getur auðvitað ekki unnið úti, vegna þess að hún þarf að hugsa um börnin. Þó að maðurinn hafi sæmilegar atvinnutekjur, gera þær alls ekki betur en að hrökkva til framfærslu þessarar fjölskyldu, þannig að þau leggja ekkert fyrir, og fjárhagur þessara hjóna var þannig, að þau áttu alls ekki neitt. En nú langaði þau til þess að fara að flytjast upp í sveit og setjast þar að og töldu, að það mundi henta sér betur að búa í sveit, sérstaklega með tilliti til barnanna. Og ég athugaði þetta mál dálítið fyrir þau. Það voru möguleikar á því að fá jarðnæði, fá leigða jörð, verðið viðráðanlegt, en hvar áttu þá þessi hjón að fá fé til þess að kaupa nauðsynlegan bústofn? Það þýddi ekkert fyrir þau að fara upp í sveit og setjast þar að með tvær hendur tómar. Það varð að hafa þó nokkurt bú til þess að standa undir þessu talsvert þunga heimili. Og ég verð að játa, að ég hef ekki getað bent þessum ungu hjónum á neina leið til þess að fá lán til nauðsynlegra bústofnskaupa með þeim kjörum, sem þeim væru viðráðanleg og nokkurt vit væri í að ráðleggja þeim að ganga að. Þetta er aðeins eitt dæmi, það eru mýmörg dæmi áreiðanlega svona til.

Ég held, að það væri mikil þörf á því að styðja að því einmitt, að ungt fólk, sem vildi fara út í sveitirnar, gæti komizt þangað og komið sér þar sæmilega fyrir. Það er ekki því að neita, að allt of víða blasir það við í sveitum þessa lands því miður, að það er svo, að jafnvel á góðum jörðum sitja eftir gamlar manneskjur eða tiltölulega fullorðið fólk aðeins, gömul hjón kannske víða og gamlar manneskjur, en það vantar einmitt mjög víða unga fólkið. Og það er engin tilviljun, að þessu er þannig farið. En þetta hlýtur að vera mikið áhyggjuefni öllum þeim, sem bera hag íslenzkra bændabyggða fyrir brjósti. En það er, eins og ég sagði, auðvitað ekki tilviljun, að þessu er svo komið. Ég fæ ekki betur séð en við þær aðstæður, sem nú eru, sé mjög erfitt fyrir ungt fólk að hefja búskap í sveit, nema þar sem svo stendur á, að það getur tekið við jörð og búi af foreldrum sínum eða þá komið fótum fyrir sig í skjóli þeirra. En fyrir ung hjón, sem hafa ekki neitt slíkt við að styðjast, er mjög erfitt að afla sér þess, sem til þarf, bæði bújarðar, og þó er það nú auðveldast, eins og nú er komið, vegna þess að nokkuð ber á því allvíða, að jarðir hafi farið í eyði, þannig að það er hægt að fá þær leigðar. En þá er eftir að kaupa bústofn og vélar, og það eru sérstaklega vélarnar, sem kosta stórfé, og bústofninn auðvitað líka. Það er ekki nokkrum vafa undirorpið, að það mundi verða mörgum frumbýlingum mjög mikil uppörvun og lyftistöng og gæti beinlínis leyst þeirra vanda, ef þeir ættu völ á föstum og hagstæðum lánum til bústofnsaukningar og vélakaupa. Slík frumbýlingslán gætu óefað stuðlað að því, að fleiri hjón en ella reistu bú í sveit. En eins og ég hef þegar tekið fram í máli mínu hér, þá hefur ekki verið kostur slíkra lána til þessa.

Í l. um stofnlánadeild landbúnaðarins, sem samþykkt voru hér á síðasta Alþingi, er að vísu heimild til lánveitingar til bústofnsaukningar og til búvélakaupa, en slík heimildarákvæði eru auðvitað lítils virði, nema þau séu notuð. Ég skal játa, að það er ekki fullreynt enn um framkvæmd þessara laga, þar sem svo skammt er liðið frá því, að þau voru sett. En þó verður að minnast þess í því sambandi, að þessi heimildarákvæði í l. eru í raun og veru eldri, af því að l. um stofnlánadeildina eru, eins og menn vita, að meginefni til eldri, byggð á hinum eldri lögum um ræktunarsjóð og byggingarsjóð, eru byggð á l. um landnám, ræktun og byggingar í sveitum. En í þeim lögum var ræktunarsjóði heimilað að veita lán til bústofnsauka. Sú heimild var hins vegar aldrei notuð, sem tæplega var heldur von til, þar sem ræktunarsjóðurinn átti jafnan fullt í fangi með að sinna þeim aðalverkefnum, sem honum voru ætluð. Það er nú hætt við því, að framkvæmdin verði að þessu leyti til svipuð og áður var. Enn sem komið er bendir a. m. k. ekkert til þess, að framkvæmdin verði að þessu leyti til önnur og að þessi heimild verði notuð. Hins vegar munu nú hafnar nokkrar lánveitingar úr stofnlánadeildinni til búvélakaupa, og er það að sjálfsögðu góðra gjalda vert, svo langt sem það nær. En eftir því sem ég veit bezt, þá mun gert ráð fyrir lánveitingum til vélakaupa, þ. e. a. s. til kaupa á ákveðnum, tilteknum vélum og nokkru tilteknu fylgifé með þeim. Það er gert ráð fyrir, að 30% af andvirði vélar séu lánuð út til þeirra kaupa. Það er náttúrlega auðsætt, að slík lán, þó að þau séu, eins og ég sagði, góðra gjalda verð og geti verið mikil hjálp, mikilsverð hjálp, þá eru þau lán ekki fullnægjandi, t. d. alls ekki fullnægjandi fyrir frumbýling, sem hefur ekki úr neinu að spila. Hvar á hann að afla sér þess fjár, sem á vantar til nauðsynlegra vélakaupa? Það getur verið svo ástatt um hann, að hann sé litlu nær, þó að hann fái 30% til vélakaupa. Það er alveg nauðsynlegt fyrir hann að eiga kost á viðbótarláni, og það er einmitt gert ráð fyrir því, ef þetta frv. yrði að lögum, að þá gæti slíkur aðili fengið viðbótarlán úr bústofnslánasjóði til þvílíkra vélakaupa.

Það má segja og skal út af fyrir sig játað, að það sé aukaatriði, hvaðan slík lán koma, hvað sá sjóður heitir, hvað sú stofnun heitir, sem veitir lán til bústofnskaupa eða vélakaupa, ef sérstakt fé er ætlað í þessu skyni. Það kann þess vegna sumum að virðast eðlilegri leið að efla stofnlánadeildina, svo að hún geti sinnt þessu hlutverki. En ég verð að játa, að ég hef ekki trú á því, að stofnlánadeildin verði efld svo mjög, að hún verði gerð fær um að sinna þessu verki svo sem þarf. Ef stofnlánadeildin hefur ekki nægilegt fé, þá er ákaflega hætt við

því, að einmitt bústofnslánin yrðu út undan, en frekar yrði sinnt þeim lánum, sem áður hafa tíðkazt í þeim lánastofnunum. Þó að sumir kunni að segja, að það sé tilgangslítið í þessu sambandi að setja upp nýjar lánastofnanir eða fleiri lánastofnanir, aðalatriðið sé að sjá þeim lánastofnunum eða þeirri lánastofnun, sem fyrir er, fyrir nægilegu fjármagni, þá held ég, að það sé heppilegri leið að setja upp sérstaka lánastofnun, sem hefur einmitt þetta sérstaka og afmarkaða hlutverk. Þá er það tryggt, að það fjármagn, sem þeirri stofnun er ætlað, fer ekki annað en einmitt í þetta, þ. e. í lán til bústofnskaupa og til vélakaupa. Það má sjálfsagt segja, að það fé eða það fjármagn, sem þessari lánastofnun, bústofnslánasjóðnum, er ætlað í þessu frv., sé ekki fullnægjandi í þessu skyni. Það má vel vera. En það er alltaf hægara, þegar byrjað hefur verið, að auka þá við, eftir því sem reynslan sýnir að þörf krefur.

Ég held sem sagt, að það sé ekki rétt eða skynsamlegt að byggja sína von í þessu efni á stofnlánadeildinni. Ég hygg, að hún muni eiga fullt í fangi með að sinna þeim verkefnum, sem hún hefur fengizt við að undanförnu. Það hefur að vísu ekki farið fram hjá neinum, að það hefur verið látið mikið af því að undanförnu, að ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að efla stofnlánadeildina og tryggja fjárhag hennar um framtíð alla, að mér skilst. Ég er nú hræddur um, að þeir, sem bundið hafa trú og traust sitt við þann boðskap, eigi eftir að verða fyrir verulegum vonbrigðum. Þeir, sem hafa haldið það og halda það, að með því skattgjaldi, sem lagt hefur verið á bændur, sé það tryggt, að jafnan verði fyrir hendi í stofnlánadeildinni nægur sjóður til þess að fullnægja lánbeiðnum, — ég hygg, að þeir eigi eftir að verða fyrir vonbrigðum. Ég held, að það hljóti að vera öllum auðsætt, sem eru þeim málum kunnugir og sjá vilja, að það skattgjald út af fyrir sig mun ekki leiða til mikillar sjóðasöfnunar hjá stofnlánadeild landbúnaðarins. En ég vil aðeins koma því að í þessu sambandi, að ef það væri svo, að það skattgjald leiddi til sjóðasöfnunar hjá stofnlánadeildinni og ef taka ætti upp þá stefnu að láta hvern atvinnuveg fyrir sig leggja sjálfan til lánsfé, þá er það að mínum dómi alveg fráleitt að leggja það á þá sem skattgjald. Þá á að leggja það á sem stofnsjóðsgjald fyrir þessa menn, sem á að vera þeirra eign í þessum sjóðum, ef um virkilega sjóðasöfnun væri að ræða. En sannleikurinn er auðvitað sá, sem hægt er að segja umbúðalausan, þegar menn vilja, og ég skal ekki fara langt út í í þessu sambandi, það hefur verið gert í sambandi við annað mál, að það skattgjald, sem nú er lagt á landbúnaðinn vegna stofnlánadeildarinnar, fer til þess að greiða þau gengistöp, sem verða hjá þessum sjóðum. Það er sá einfaldi sannleikur umbúðalaus, sem á að sjálfsögðu að segja mönnum í þessu efni. Um hitt geta svo skoðanir verið skiptar, hvort það sé eðlilegt eða ekki að láta bændur bera þessi gengistöp, sem hafa orðið á þessum sjóðum. Frá mínu sjónarmiði er það óeðlilegt og sérstaklega ósanngjarnt, af því að í því efni eru bændur látnir sitja við önnur kjör en aðrir og farið verr með lánastofnun bændanna en aðrar lánastofnanir, vegna þess að þegar genginu var breytt, voru ákvæði um það, að ríkissjóður tók í raun og veru að sér gengistöp gjaldeyrisbankanna, þ. e. a. s. að það átti að stofna sérstakan reikning í Seðlabankanum á nafni ríkissjóðs, og inn á þann reikning voru lögð töp og hagnaður gjaldeyrisbankanna og ríkissjóðs vegna gengisbreytingarinnar. Auðvitað er Búnaðarbankinn og lánastofnanir hans, ræktunarsjóðurinn og byggingarsjóðurinn, lánastofnun algerlega sambærileg við þær lánastofnanir, og það átti auðvitað að láta hann sitja að þessu leyti við algerlega sama borð. Það eru engin rök í því efni að segja, að hann hafi ekki verið gjaldeyrisbanki og þess vegna hafi hann ekki átt að njóta þessarar aðstöðu eins og gjaldeyrisbankarnir. Það er nú önnur saga, að að minni hyggju hefði Búnaðarbankinn fyrir löngu átt að vera búinn að fá gjaldeyrisréttindi, og ég hef barizt fyrir því og flutt till. um það, bæði hér á Alþingi og eins í bankaráði Seðlabankans, án þess að því hafi fengizt framgengt, án þess að það hafi fengizt fram. En að sjálfsögðu á hann ekki að sitja í þessu efni við verri aðstöðu en aðrar lánastofnanir, þó að hann hafi ekki fengið gjaldeyrisrétt, því að það er vitaskuld enginn eðlismunur á þessum lánasjóðum Búnaðarbankans og á öðrum bönkum. Í báðum tilfellum bar auðvitað ríkissjóður þar á fulla ábyrgð. En út í þetta skal ég sem sagt ekki fara nánar í þessu sambandi. Ég vildi aðeins drepa á þetta vegna þess, að ég býst kannske við, að þær röksemdir komi fram, að það sé óþarft að vera að stofna sérstakan sjóð í þessu skyni, stofnlánadeildin geti sinnt þessu verkefni. En ég hef aðeins nefnt þetta til þess að sýna fram á það, að ég held, að það sé tálvon að treysta á stofnlánadeildina til að leysa þetta verkefni. Það verður þá a. m. k. að gera breytingar á því skipulagi, sem nú er.

Ég held þess vegna, herra forseti, í stuttu máli sagt, að það sé mjög mikil þörf á sérstökum bústofnslánasjóði, sem sinni þeim hlutverkum, sem honum eru ætluð í þessu frv. Og ég held, að sú þörf sé alveg hin sama og áður þrátt fyrir hin nýju stofnlánadeildarlög og þrátt fyrir þau heimildarákvæði, sem eru í þeim lögum. Sú þörf, sem fyrir hendi er í þessu efni, er mjög brýn, og það má ekki dragast mjög lengi að koma slíkri lánastofnun á fót, og ég held, að það verði ekki daufheyrzt til lengdar við þessari aðkallandi þörf, þó að það mál kunni að verða leyst í einhverju öðru formi en þetta frv. gerir ráð fyrir. Það er ekki aðalatriðið, í hvaða formi það verður leyst, en það verður að leysa úr vandræðum þess fólks, sem hér er sérstaklega um að ræða, efnalítilla bænda, sem þurfa að stækka sín bú, og frumbýlinga, sem hafa ekki tök á því að stofnsetja bú í sveit, enda þótt þeir kysu það helzt, af því að þá vantar nauðsynlegt fjármagn og þeir hafa ekki aðgang að hagstæðum lánum í því skyni.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég stend hér ekki upp til þess sérstaklega að fara að mótmæla röksemdum hv. 1. flm. þessa frv. fyrir frv. sjálfu. Hann benti þar á mörg atriði, sem

við erum sammála um og flestir þeir, er þekkja til vandamála bænda, gera sér grein fyrir að eru rétt. Það eru hins vegar nokkrar hugleiðingar í sambandi við málið, sem ég vildi koma hér að.

Áður en ég kem þó að því, langar mig til þess rétt aðeins að drepa á þau atriði, sem hv. 1. flm. minntist á í lok sinnar ræðu og í rauninni koma þessu máli ekki við, eins og hann sagði, en það er hin gamla deila út af stofnlánadeildinni og skipulagningu hennar. Hann hélt því hér fram, sem mér að vísu þótti einkennilegt að heyra frá jafnsanngjörnum manni og honum, að raunverulega væri skattgjald bænda til stofnlánadeildarinnar ekki til annars en að borga gengistöpin á sjóðunum. Þetta er auðvitað alger misskilningur. Með skipulagningu stofnlánadeildarinnar er framlag bænda aðeins einn hluti af því fjármagni, sem til hennar var tryggt, — því nýja fjármagni, sem stofnlánadeildinni var tryggt. Skattgjaldi bænda er mætt með jöfnu framlagi frá ríkissjóði til viðbótar því fastaframlagi, sem verið hefur undanfarin ár, og auk þess með framlagi frá neytendum, þannig að hlutur ríkissjóðs og neytenda er verulega miklu hærri en framlag bænda, auk þess sem stofnfé, sem deildinni var afhent og er algerlega frá ríkissjóði, kemur þarna til viðbótar. Það er því alls ekki með neinum rétti hægt að halda því fram, að það sé sérstaklega skattgjald bænda, sem gengur til þess að borga gengismuninn. Auðvitað er viss hluti þessarar fjárhæðar notaður til þess. En með skattgjaldi bændanna var auðið að leggja grundvöll að því og rökstyðja það með fullum rétti, að það væri eðlilegt, að ríkissjóður legði til þessa sjóðs fé, sem hann leggur ekki til neinna stofnsjóða, vegna þess mótframlags, sem kom hér frá bændum og í þriðja lagi frá neytendum. Og þetta nýja fé gerir miklu meira en greiða gengishallann á sjóðunum, vegna þess að árlegu framlögin nú fyrstu árin eru meira en tvöfaldur gengishallinn, og síðan fer það vaxandi ár frá ári með vaxandi framleiðslu. Og það, sem hefur gefið mönnum ástæðu til að halda, að með þessum hætti væri hægt að leggja traustan grundvöll að stofnlánadeildinni, er einmitt það, að með aukinni framleiðslu landbúnaðarvara og sölu þeirra hækkar ár frá ári einnig skylduframlagið frá ríkissjóði, þannig að hér er um að ræða tekjustofn, sem hlýtur að vaxa, eftir því sem verðhækkanir á þessum vörum verða meiri.

Hv. frsm. vék einnig að gengismálinu á sínum tíma og því, að ríkissjóður hefði verið látinn taka á sig gengishalla gjaldeyrisbankanna. Það hefur margsinnis verið á það bent, að þetta er ekki rétt að því leyti til, að gengishagnaður gjaldeyrisbankanna var notaður til þess að greiða gengistöp ríkissjóðs og Seðlabankans, og það var vitanlegt fyrir fram, að það yrði gengishagnaður hjá gjaldeyrisbönkunum sem slíkur. Ég er hins vegar ekki að mótmæla því, að það hefði vel getað verið og hefði verið mjög æskilegt, að það hefði verið hægt að létta af sjóðum Búnaðarbankans þessum gengistöpum. En þá hefðu komið einnig til greina fleiri aðilar, og það hefði þá orðið að framkvæma þetta ákvæði með öðrum hætti en var gert t. d. við gengisbreytinguna 1950 og enginn maður hafði þá neitt við að athuga. Og þegar gengisbreytingalögin síðari, sem hv. frsm. minntist á, voru til umræðu hér í þingi, kom engin till. fram um það frá neinum aðila að breyta þessari reglu og láta þennan gengisjöfnuð einnig ná til annarra lántaka en hinna almennu viðskiptaskulda bankanna. Og það er nokkurn veginn ljóst, að eftir þeirri reglu, sem fylgt var, hefði það ekki gagnað, þó að Búnaðarbankinn hefði verið gjaldeyrisbanki, því að hin föstu lán, sem höfðu verið tekin fyrir sjóði bankans, alveg eins og átti sér stað með fiskveiðasjóð, hefðu ekki fallið undir þennan gengisútjöfnuð, ef svo má segja, nema því aðeins að meginreglum í þessu efni væri breytt.

Hitt er svo annað mál, sem ég skal fúslega þakka og leggja áherzlu á að beri að virða, og það er það sjónarmið hv. frsm., sem hann hefur látið í ljós bæði hér í hv. d. og víðar, t. d. með tillöguflutningi hér, að það væri eðlilegt, að Búnaðarbankinn fengi gjaldeyrisréttindi. Það er auðvitað sjálfsagt, og hann hefði átt fyrir löngu að vera búinn að fá þau, og fyrir því er engin forsvaranleg vörn að neita honum um þau, en út í þá sálma skal ég ekki fara í sambandi við þetta mál frekar.

Varðandi þetta frv. sjálft, þá er það alveg rétt hjá frsm., að hér er um vandamál að ræða. En vandamálið er töluvert viðtækara en hann vék að í sínu máli, því að það er ekki eingöngu um það að ræða, að það vanti peninga til að lána í þessu skyni, heldur koma hér einnig til greina önnur vandamál, sem ég veit að hann sem lögfræðingur þekkir mætavel, og það er veðsetningarsjónarmiðið. Í raun og veru eru vélar alls ekki veðhæfar, og í raun og veru er bústofn alls ekki veðhæfur, hvað sem líður því ákvæði, sem er í veðlögum og í vissum undantekningarákvæðum í því sambandi. Þau ákvæði geta gengið, ef um er að ræða mjög stutt lán, en lán til lengri tíma út á bústofn er ákaflega erfitt að veita, ekki sízt eins og ástatt hefur verið með bústofn, ekki sízt fjárbústofn, hér á landi á undanförnum árum, þegar fé hefur getað hrunið niður og horfið á skömmum tíma, þannig að hér er vitanlega um mjög veruleg áhættulán að ræða, og ég hygg, að það hafi m. a., auk fjárskortsins, ráðið því á undanförnum árum og ég vil segja áratugum, að ekki hefur verið talið fært af stjórn Búnaðarbankans að hefja lánveitingar í þessu skyni út á þessi veð ein út af fyrir sig. Það er svo aftur allt annað mál, ef hægt væri með einhverju móti að finna aðrar veðsetningar, eða þá ef það væri hugsun manna, að það væri rétt beinlínis að taka upp aðrar lánareglur, þ. e. a. s. nokkurs konar bein áhættulán, sem væru að nokkru leyti út frá styrktarsjónarmiði. Þá mætti vel hugsa sér, að væri hægt að byggja upp lánakerfi sem þetta. En ég álít, að við megum ekki gagnvart bændum villa mönnum sýn um það, að hér er við vandamál að glíma, sem er ekki eingöngu fjárhagslegs eðlis, heldur einnig stafar það af því, að það er mjög torvelt að koma fyrir slíkum lánveitingum. Og það er ekki einstakt hér. Það voru t. d. hafin bústofnslán í Danmörku, en horfið frá þeim, vegna þess að það var ekki talið, að mögu-

legt væri að lána út á bústofn einan saman. Þetta er atriði, sem ég tel nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir, án þess að ég með því sé á nokkurn hátt að mótmæla þeirri nauðsyn, sem er fyrir hendi að finna einhver úrræði til þess að leysa þann vanda, sem hér er við að glíma.

Hitt er svo aftur spurning, hvort rétt er að hugsa sér að leysa þetta mál með því að taka það eitt út úr og segja í rauninni, að þetta sé meira vandamál en ýmis önnur fjárfestingarmál landbúnaðarins, þannig að um það eigi að stofna sérstakan sjóð. Hv. frsm. benti réttilega á, að í lögum um stofnlánadeild landbúnaðarins eru fullgildar heimildir fyrir lánveitingum til beggja þeirra þarfa, sem þetta frv. fjallar um, bæði til kaupa á bústofni og búvélum. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé ekki ákaflega mikið gagn í því að fara að stofna nýjan lánasjóð í þessu skyni, nema því aðeins ef það væri hugsunin, að úr þeim sjóði ætti að lána út frá öðrum sjónarmiðum og eftir öðru viðhorfi til veðsetninga og trygginga heldur en gert er með stofnlánadeild landbúnaðarins. Þá væri hægt að hugsa sér það víðtækara vandamál en þetta eitt, fjárfestingarmál landbúnaðarins. Fjárfestingarlán til landbúnaðar hafa verið of lág, og það er m. a. ástæðan til þess, að bændur hafa safnað lausaskuldum. Nú var sú ráðstöfun gerð, sem tvímælalaust er mjög mikilsverð, að breyta lausaskuldum bænda í föst lán. Og það væri auðvitað höfuðnauðsyn að reyna að leggja áherzlu á það, að fjárfestingarlánum landbúnaðarins yrði komið í það horf, að lausaskuldir þyrftu ekki að myndast í stórum stíl að nýju. Síðustu árin hafa lánveitingar úr stofnlánadeild landbúnaðarins, nú síðast úr ræktunar- og byggingarsjóði, verið hækkaðar mjög verulega, þannig að í ýmsum tilfellum er nú ekki langt frá því, að grunntölur þær, sem miðað er við, séu raunhæfar. Og þó að það sé að vísu rétt, að verðlag hefur auðvitað hækkað og framkvæmdir orðið dýrari, þá hefur samt þokazt allverulega í þá átt, að grundvöllur sá, sem miðað er við, þegar lánveitingar eru ákvarðaðar, er nær því raunhæfa marki, miðað við núgildandi verðlag, heldur en var t. d. fyrir 3 árum, miðað við þágildandi verðlag. Og það ber auðvitað að stefna að því, að byggingarlánin og lán til ræktunar og annarra framkvæmda á jörðum komist upp í það mark, að það sé hægt að lána hámarkslán miðað við raunhæft mat á kostnaði framkvæmdanna.

Í annan stað verður svo smám saman að reyna að taka upp nýjar lánveitingar, eins og hefur verið gert nú upp á síðkastið, en þó þannig að ganga ekki lengra en svo, að það sé hægt að uppfylla þau loforð eða þær vonir, sem menn geta byggt á slíkum lánveitingum. Ég álít það ekki heppileg vinnubrögð að ákveða t. d. lán úr stofnlánadeild landbúnaðarins svo há, að það sé sýnt, að stofnlánadeildin geti ekki risið undir því og verði að fara að velja umsækjendur úr. Það álít ég ekki heppilegt. Og af þeim sökum hefur þótt eðlilegra, t. d. með ákvarðanir um lán út á vélar, að hafa lánin lægri, en reyna þá að sjá til þess, að það væri öruggt, að þeir menn, sem vélarnar keyptu, gætu treyst á að fá þessi lán. Hitt er alveg rétt hjá hv. frsm., að þau lán eru auðvitað ekki há. Hins er aftur á móti að gæta, að lán út á vélar geta auðvitað aldrei orðið hlutfallslega eins há og út á aðrar fjárfestingarframkvæmdir, byggingar og slíkt. Það er auðvitað alveg rétt, að það skortir mikið á, að það sé hægt að ná þar saman endum, og vitanlega ber að stefna að því, að þau lán geti hækkað. Ég er jafnframt þeirrar skoðunar, að vissar framkvæmdir bænda, svo sem t. d. súgþurrkun, sem Stéttarsamband bænda hefur lagt mikla áherzlu á að hafnar yrðu lánveitingar út á, það sé verkefni, sem þurfi mjög rækilega að gefa gaum og reyna að leysa þann vanda svo skjótt sem auðið er, en ég álít, að einnig beri að leysa þann vanda út frá því sjónarmiði, að menn geti þá treyst á að fá slík lán, en það verði ekki aðeins pappírsgagn.

Varðandi búvélarnar að öðru leyti er það vandamál, sem er töluvert erfitt viðureignar, eins og ég áðan sagði, fyrst og fremst út frá veðsjónarmiðum. Það er nógu erfitt með dráttarvélarnar, vegna þess að þær eru í rauninni alls ekki veðhæfar, nema þær séu kaskótryggðar í fyrsta lagi, sem er mjög dýrt, og í öðru lagi eru þær tæplega veðhæfar, þó að það sé, vegna þeirra mjög ófullkomnu reglna, sem gilda um lausafjárveð, og aðrar vélar, sem ekki eru einu sinni skrásettar, eru að sjálfsögðu gersamlega óveðhæfar. Hitt er svo annað mál, að þetta mætti hugsa sér að leysa, ef það væri til veðhæfi í jörðum, og það hefur varðandi dráttarvélarnar verið farið út í það að taka veð í jörðunum, m. a. til þess að gera þetta léttara fyrir bændur, þar sem þeir losna þá við þann mikla kostnaðarauka að kaskótryggja vélarnar. Bústofnslán má auðvitað hugsa sér á þessum grundvelli einnig, og ég sé ekkert því til fyrirstöðu, að það megi hugsa sér að taka upp það mál. Það væri kannske hugsanlegt. Ég nefni það sem dæmi, vegna þess að það er alveg nýlegt tilfelli, sem hefur verið imprað á við mig sem bankastjóra, og það er, hvort hugsanlegt væri að stofna bústofnslánasjóð eða bústofnslánadeild í ákveðnu sveitarfélagi, sem með sameiginlegri ábyrgð tæki slík lán og endurlánaði síðan bændum eftir þeim tryggingum, sem þeir þá heima fyrir teldu sig geta fengið. Það má vafalaust hugsa sér ýmsar slíkar hliðar á málinu, en þetta þarf auðvitað allt nánari athugunar við, og ég álít, að varðandi stofnlánadeildina sé rétt hjá hv. frsm., að það verði önnur viðfangsefni, sem þar komi fyrr til, m. a. vegna þess að ég álít, að það séu jafnvel viðfangsefni, sem séu brýnni en bústofninn, þó að það sé vissulega mikilvægt að geta sinnt því atriði.

En varðandi bústofninn og raunar öll þessi framkvæmdamál verðum við líka að hafa það í huga, sem hv. frsm. raunar vék að í sinni ræðu, að enda þótt lán séu fáanleg, þá eru takmörk fyrir því, hvað menn mega taka að láni, þegar þeir eru að koma undir sig fótum við búskap. Það er erfitt að byrja búskap með skuldabagga, mjög erfitt, því að vissulega, þótt maður geti komizt yfir nokkurn bústofn, þá er svo óendanlega margt eftir að gera, sem þarf að fá fé til, til þess að hægt sé að reka búskapinn með eðlilegum hætti. Og horfur í búskap eru nú ekki betri en svo, að það er áreiðanlega mikið íhug-

unarefni fyrir hvern mann, sem út í búskap ræðst, hvað hann má leyfa sér að leggja út í búskapinn fjárvana og byggja upp með lántöku.

Með engum þessum hugleiðingum mínum er ég að kasta rýrð á þá hugmynd, sem hér kemur fram, því eins og ég sagði í upphafi, er þetta vandamál, sem vissulega þarf að gefa gaum að. En ég vildi láta þessar hugleiðingar koma fram til þess í rauninni að benda á nokkur atriði til viðbótar þeim, sem hv. frsm. benti á, til þess að myndin yrði ljósari fyrir mönnum, hvaða vandamál hér er við að glíma. Ég vil svo enn fremur á það benda, að það er eitt atriði, sem getur einnig til viðbótar mælt á móti því að setja upp sérstakan sjóð, og það er það, að með þessu frv. er gert ráð fyrir, að þessi sjóður hafi sérstaka stjórn, og þá mundi stofnlánadeild landbúnaðarins lána eftir sínum reglum og þessi sjóður eftir sínum reglum. Ég álít, að þegar um er að ræða fjárfestingarlán til landbúnaðarins, eins og annarra atvinnuvega, þá sé mjög æskilegt, að það séu samræmdar aðgerðir í þessu sambandi, og þegar hér í frv. er talað um, að það þurfi að meta það, hverju bóndinn geti undir risið, þá hlýtur stofnlánadeildin að þurfa að meta það, hvort hann getur þá til viðbótar þessum lánum fengið þau stofnlán, sem hann er að óska eftir úr þeirri átt, og jafnframt með hliðsjón af því, að nú er stofnlánadeildin farin að lána út á vissa tegund búvéla, þá sé dálítið erfitt að gera hér greinarmun á, út á hvaða búvélar hún á að lána og út á hvaða vélar þessi deild eða hvort það er hugsunin, að stofnlánadeildin hætti að lána út á búvélar og þessi deild taki við. En þá vil ég í því sambandi benda á, að þó að ekki séu nema þessi 30% lán út á dráttarvélar, þá má gera ráð fyrir, miðað við þann innflutning, sem nú er á dráttarvélum til landsins og stórvirkum jarðræktarvélum, að þá geti þær lánveitingar jafnvel orðið 10 millj. kr. á ári, þannig að það er vissulega ekki lítið fjármagn, sem þarf til þess að mæta því til viðbótar lánveitingum út á þær aðrar vélar, sem vafalaust er hugsunin með þessu frv. að einnig yrðu teknar upp.

Um þetta má auðvitað endalaust deila, hvað séu heppileg vinnubrögð í þessu sambandi. Ég vil hins vegar láta í ljós fullkomna ánægju mína yfir því, ef það tækist að fá aukið fé til stofnlána í landbúnaði, hvort sem það væri í sérstaka deild eða aukin fjárráð stofnlánadeildarinnar. En þó að það snerti ekki beinlínis þetta mál, vil ég samt á það benda, að ég álít, að í dag sé mesta vandamálið veðdeildin í sambandi við jarðakaup og eignayfirfærslur, því að það er fullkomið vandamál, sem ég álít að sé í rauninni a. m. k. ekki minni þörf en varðandi bústofnskaupalánin að reyna að greiða fram úr.

Eins og við vitum, hefur veðdeildin alltaf orðið út undan, síðan var farið að afla fjár í þessa stofnlánasjóði landbúnaðarins, m. a. vegna þess, að það hefur þurft að byggja þetta upp svo mikið á lántökum og lánin aldrei verið meiri en svo, að þau hafa jafnvel ekki nægt til þess að leysa úr brýnustu þörfum bænda um stofnlán til bygginga og ræktunar, og það hefur verið talið nauðsynlegast af öllu að láta þau lán sitja í fyrirrúmi. Ég skal alls ekki lasta þá stefnu, en það breytir ekki því, að þessu vandamáli þarf að mæta. Í lögum um stofnlánadeild landbúnaðarins er gert ráð fyrir því, að stofnlánadeildin kaupi skuldabréf veðdeildarinnar fyrir allt að 10 millj. kr. á ári, sem ég teldi að væri tiltölulega viðunandi lausn á þeim vanda, ef veðdeildin fengi 10 millj. af nýju fjármagni ár hvert næstu árin. Hinu er ekki að leyna, að enn sem komið er hefur stofnlánadeildin ekki þetta bolmagn, því að tekjustofnar þeir, sem hún á að fá, — það er fyrst nú á þessu ári, sem þeir skila sér, — og ekki fyrr en eftir nokkuð lengri tíma, sem stofnlánadeildinni fer að vaxa þannig fiskur um hrygg, að sé hægt að gera ráð fyrir, að hún geti átt fé aflögu í þessu sambandi. En ég álít, að þá verði að reyna að leita annarra úrræða. Þótt að vísu megi segja, að þessi vandi við að fá veðdeildarlán til jarðakaupa valdi því, að það sé jafnvel þægilegra fyrir menn að kaupa jarðir, vegna þess að eftirspurn eftir jörðunum eða sölumöguleikar þeirra eru svo litlir, að það er ekki hægt að krefja um mikla útborgun, ef menn eiga að gera sér vonir um að selja þær, þá verðum við að líta á aðstöðu þeirrar kynslóðar, sem er að hverfa frá búskapnum og verður eftir áratuga strit að segja skilið við sín bú með litla möguleika til að fá nokkuð út úr þeim. En það er líka vandamál, sem verður að líta á og gera sér grein fyrir, og einmitt með veðdeildarlánunum er í rauninni eina leiðin til þess að veita einhverja réttingu mála þessu fólki. Það má segja, að það komi ekki beint þessu máli við, en af því að menn hafa rætt nokkuð á víð og dreif þessi vandamál landbúnaðarins í sambandi við stofnlán til ýmissa þarfa, þá vildi ég aðeins vekja athygli á þessum vanda einnig.

Ég vil svo aðeins að lokum segja það, að ég vonast til, að það verði auðið að halda þannig á þessum málum á næstu árum, að hægt verði að auka verulega stofnlánin í landbúnaði, og allir góðir menn vilji ljá sitt lið til þess, að efla megi stofnlánasjóði landbúnaðarins, þannig að svo megi verða og á þann hátt koma í veg fyrir, að bændur á nýjan leik bindi sér mikinn lausaskuldabagga. Þetta er vissulega viðfangsefni, sem þarf að líta á, og má ekki skjóta því lengi á frest og verður að reyna að miða framkvæmdir við það.

Ég sé svo ekki, herra forseti, að ástæða sé til þess fyrir mig að ræða málið sérstaklega nánar á þessu stigi, en vildi láta þetta koma fram, áður en málið fer í nefnd. En að öðru leyti hef ég ekkert að athuga við þær hugleiðingar, sem fram komu frá hv. 1. flm. frv., sem ræddi málið af fullum skilningi á því vandamáli, sem hér er við að glíma.

Flm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Orð hv. 6. þm. Norðurl. e. gefa mér ekki tilefni til margra aths. Hann tók þessu máli í sjálfu sér tiltölulega vinsamlega og viðurkenndi þá þörf, sem er fyrir lán í því skyni, sem þetta frv gerir ráð fyrir, og hafði, að mér virtist, fullan skiln-

ing, eins og vænta mátti, á vandræðum þess fólks, sem hér er sérstaklega haft í huga. Hins vegar benti hann á, að það væru fleiri atriði. sem kæmu til greina í þessu sambandi, heldur en aðeins vöntun á fjármagni, og benti í því sambandi sérstaklega á þau vandkvæði, sem væru í sambandi við veðsetningar, þegar lána ætti út á bústofn eða vélar.

Það er að sjálfsögðu rétt, að það geta verið ýmis vandkvæði í sambandi við tryggingar, þegar um slík lán sem þessi er að tefla. Bústofn og vélar þykja að sjálfsögðu almennt ótryggari sem veð heldur en t. d. fasteignir. En þar kemur á móti, að samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir tiltölulega skömmum lánstíma. Enn fremur er gert ráð fyrir, að það geti komið til greina ýmsar fleiri tryggingar en einmitt veð í vélum og bústofni. T. d. er bent á hreppsábyrgð, og er rétt að benda á það einmitt í sambandi við þá leið, sem hann var að tala um að hugsanlegt kynni að vera að sveitirnar beittu sér fyrir í þessu efni og stofnuðu einhvers konar bústofnslánadeildir, sem kæmu fram út á við gagnvart lánastofnun sem ein heild. Enn fremur er hér bent á sjálfsskuldarábyrgð tveggja eða fleiri aðila, og yfirleitt eru sjóðsstjórninni samkv. þessu frv. gefnar frjálsar hendur til að meta það, hverja tryggingu skuli taka gilda. Ég held, að þó að það sé rétt, að ýmis vandkvæði séu í sambandi við þetta, þá séu þau ekki svo mikil, að þau séu óyfirstíganleg. Það er nú svo með það atriði eins og önnur, sem snerta margs konar formsatriði, að það er venjulega hægt að finna einhverjar leiðir í þeim efnum, ef menn eru sammála um þau efnislegu atriði. Og vissulega er það eðlilegt bankamannssjónarmið að huga að tryggingunum og athuga, að þær séu í lagi. En einhvern tíma held ég, að ég hafi heyrt sögu af bankastjóra, sem lét það uppi, að hann teldi, að bezt mundi bara að lána út á andlitið á mönnum, og sannleikurinn er sá, að tryggingar, jafnvel þótt í fasteignum séu, geta brugðizt. Ég held, að þetta þurfi ekki að standa í vegi, ef menn eru á annað borð inn á nauðsyninni að veita þessi lán. En um það atriði held ég, að enginn þurfi að vera í vafa. Hitt er svo aftur á móti rétt, að það vantar náttúrlega fjármagn líka til ýmissa annarra þarfa, og það gæti auðvitað verið matsatriði, hvaða þarfir á að meta mest og hvað á að ganga á undan.

Það er að sjálfsögðu rétt, sem hv. 6. þm. Norðurl. e. benti á, það eru mikil vandkvæði, hvað veðdeildin hefur verið fjárvana, og af því hafa hlotizt mikil vandræði í sambandi við jarðakaup og jarðasölu. Og úr því þarf vitaskuld að bæta. Við framsóknarmenn höfum bent á úrræði í því efni einmitt í sambandi við annað mál, úrræði, sem vel gæti komið til greina og gæti eitthvað bætt úr þessum vanda, sem þar er við að etja. En ég held nú t. d., að því er frumbýlinga snertir, þá sé jarðaspursmálið þó, eins og nú hagar til, ekki það erfiðasta, vegna þess að það er hreint ekki svo lítið framboð af leigujörðum. Það er hægt að fá jarðir leigðar. Að vísu eru þær jarðir kannske oft ekki sem ákjósanlegastar. Í öðru lagi er ástand þeirra jarða oft þannig, að það þarf að gera þeim mjög mikið til góða. En það er þó víða svo, að t. d. fyrir ung hjón, sem hygðu á búskap í sveit, þá er hægt að fá jarðnæði, en þá standa þau uppi ráðalaus, vegna þess að þau hafa ekkert fé til þess að kaupa fyrir bústofn og vélar. Og ég held þó, að það sé eitt frumatriði í sambandi við öll þessi mál, það er að hafa nægilegan bústofn, það er bústofninn, sem byggja á á. Hitt er auðvitað rétt og mikið vandamál, sem hv. ræðumaður benti einnig á, að það geta verið takmörk fyrir því, undir hve háum lánum búskapur getur risið. En ég held, að í því sambandi komi sérstaklega til greina annað atriði, sem menn verða að gera sér alveg ljóst og gera upp við sig, og það er það, að það er takmarkað, hve háa vaxtabyrði lán til landbúnaðar geta borið. Menn verða að gera sér grein fyrir því, að þeir, sem við landbúnað fást, þurfa að eiga kost á lánum með hagstæðum kjörum — vaxtalágum lánum. Það er staðreynd, að landbúnaður hér og ég hygg víðast hvar annars staðar eða alls staðar annars staðar er þannig settur, að hann getur ekki risið undir háum vöxtum, hann ber ekki háa vaxtabyrði. Þetta er hrein staðreynd, sem verður að horfast í augu við. Jafnframt því sem þarf að sjá landbúnaðinum fyrir nægilegum fjárfestingarlánum, þá verður að gera sér grein fyrir þessu, að hann getur ekki staðið undir vaxtaháum lánum.

Það voru eiginlega ekki sérstakar aths. við frv. sem slíkt, sem komu fram hjá hv. 6. þm. Norðurl. e., svo að ég þarf ekki að ræða það frekar. Hv. þm. vildi ekki, sem vonlegt var, fallast á mitt sjónarmið um það, að skattgjaldið á bændur væri í raun og veru á lagt til þess að standa undir gengistöpum á sjóðunum. Ég skil nú hans sjónarmið að því leyti, að hann vill að sjálfsögðu ógjarnan viðurkenna það, og ég held því nú ekki fram og hélt því ekki fram í minni frumræðu, að allar fjárhæðirnar, sem renna til stofnlánadeildarinnar, fari í gengistöpin. Því hélt ég ekki fram, heldur nefndi ég aðeins það skattgjald, sem á bændur er lagt. Hv. þm. nefndi engar tölur í þessu sambandi, og mér eru nú ekki alveg tiltækar tölur að þessu leyti, en ég hygg, að hann geti upplýst það, hv. þm., hve miklu t. d. skattgjaldið á bændur til stofnlánadeildar landbúnaðarins nemur á ári hverju eða hve hárri fjárhæð er áætlað að það nemi, og svo aftur á hinn bóginn, hve hárri fjárhæð á ári gengistöp bankans nema vegna þessara sjóða, og þá væri fróðlegt að vita, hve þar er mikill munur á. Ætli það láti ekki nokkuð nærri, að þetta jafni sig, eins og nú horfir? Hitt er svo auðvitað annað mál, að ef breytingar verða bæði á verðlagningu og framleiðslu, þá liggur það að sjálfsögðu ljóst fyrir, að tölurnar breytast og sú upphæð breytist, sem til stofnlánadeildarinnar rennur. En eins og þetta er nú, er mér nær að halda og mun halda mig við það, þangað til annað upplýsist, að þarna muni ekki miklu á.

Mér láðist svo víst, herra forseti, að nefna nefnd í minni fyrri frumræðu. Ég óska að sjálfsögðu eftir því, að þetta frv. gangi til n., og það er þá víst fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

65. Skólakostnaður.

Á 44. fundi í Ed., 14. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum [150. mál] (þmfrv., A. 276).

Á 45. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram það frv., sem hér liggur fyrir til breyt. á l. nr. 41 frá 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Breytingin, sem frv. felur í sér, er aðeins við 15. gr. nefndra laga. Sú lagagrein mælir svo fyrir, að þegar heimavistarskólar gagnfræðastigs eða húsmæðraskólar njóta ekki jarðhita til upphitunar, greiði ríkissjóður ¾ hluta hitunarkostnaðarins. Þetta var leitt í lög 1955, til þess að það kæmi upp í aðstöðumuninn.

Skólahéruðin, sem njóta jarðhitans fyrir heimavistarskóla sína, eru vitanlega miklu betur sett með upphitun skólanna en héruð þau, sem standa að heimavistarskólum á köldum stöðum. Þetta er því sanngirnismál og spor til jöfnunar milli sveitarsjóða, sem standa undir skólahaldinu ásamt ríkissjóði, að ríkissjóður greiði ¾ hluta upphitunarkostnaðarins hjá heimavistarskólum á köldum stöðum, þó að hann borgi ekki nema ¼ af kostnaði þessum hjá heimavistarskólum, sem njóta hlunninda jarðhitans.

En þegar þessi jöfnunarákvæði voru upp tekin, urðu heimavistarskólar barnafræðslustigsins út undan. Skipting hitunarkostnaðarins er enn þannig, að sveitarsjóðirnir greiða ¾ upphitunarkostnaðar barnaskóla sinna, hvort sem skólarnir búa við hlunnindi jarðhita eða ekki, og ríkissjóður borgar ¼ hlutann. Í þessu er ósamræmi, sem ég tel rétt að ekki dragist lengur að leiðrétt verði.

Breytingin, sem ég legg til með frv. að gerð verði með lögum þessum, er sú, að heimavistarskólar barnafræðslustigsins komi undir sömu skiptingarreglu og gagnfræðastigsskólar og húsmæðraskólar. Aðstöðumunurinn er hinn sami og sanngirnisgrundvöllurinn eins.

Að undanförnu hefur verið lögð á það áherzla af stjórnendum skólamála að fá skólahéruð til þess að sameinast um heimavistarskóla, og hafa þeir þá að sjálfsögðu verið reistir á jarðhitastöðum, þar sem þau gæði hefur verið að fá. Eru nú sumir landshlutar búnir að koma sér vel fyrir í þessum efnum, og er það ánægjulegt. Hins vegar eru einstök skólahéruð þannig sett, að þau eiga engan kost á að geta fengið jarðhita handa skólum sínum og enga von um breytingu á því ástandi. Önnur bíða jarðhitarannsókna eða annarra skilyrða til framkvæmda. Sterk hreyfing er í þá átt að fjölga heimavistarskólum á jarðhitastöðum, en engin hætta er á því, að sú hreyfing dofni, að því er barnaskólana snertir, þó að ríkið fari að kosta upphitun fyrir þá að ¾ hlutum, ef þeir nota ekki jarðhita, svo miklu meira virði fyrir skólana eru jarðhitahlunnindin.

En svo er þá spurningin: Verður ekki þessi breyting ríkissjóði til mikillar útgjaldaaukningar? Það er auðvitað réttmæt spurning, sem skylt er í þessu sambandi að svara, eftir því sem hægt er. Ég bað skólaeftirlit ríkisins um upplýsingar um það, hve margir heimavistarskólar barnafræðslustigsins væru nú, sem njóta mundu breytingarinnar, ef frv. næði fram að ganga. Skólaeftirlitið svaraði því, að þeir væru 26 talsins, og lét mér í té skrá yfir, hverjir þeir væru, og vil ég — með leyfi hæstv. forseta — lesa nöfn skólanna. Þeir eru kenndir við þá staði, sem þeir eru á, þessir: Kjalarnesskóli, Kjósarskóli, skóli í Holti í Önundarfirði, skóli að Árnesi í Strandasýslu, Borðeyrarskóli, Svarfaðardalsskóli, Árskógsstrandarskóli, Bárðardalsskóli, Mývatnssveitarskóli, Keldunesskóli, Öxarfjarðarskóli, Núpasveitarskóli, skóli á Torfastöðum, Jökuldalsskóli, skóli á Eiðum, skóli í Hróarstungu, skóli á Hallormsstað, skóli að Skorrastað, Breiðdalsskóli, Nesjaskóli, Borgarfjarðarskóli, Kirkjubæjarskóli, skóli á Strönd á Rangárvöllum, Hraungerðisskóli, Villingaholtsskóli, Ljósafossskóli, — eða samtals, eins og ég sagði áðan, 26 skólar.

Þá bað ég skólaeftirlitið einnig um upplýsingar um, hvað líklegt sé að útgjaldaaukning ríkissjóðs verði mikil af því að breyta l. eins og ég legg til að gert verði. Skólaeftirlitið sagði, að enn væru ekki til sín komnir reikningar skólanna fyrir 1962, þ. e. árið sem leið, en samkv. reikningum skólanna fyrir árið 1961 hefði útgjaldaaukningin þá orðið 258 072 kr.

Er af þessum upplýsingum ljóst, að ekki er stofnað til mikillar útgjaldaaukningar með því að lögleiða sömu þátttöku ríkisins í upphitunarkostnaði heimavistarskóla á barnafræðslustiginu og gildir um heimavistarskóla gagnfræðastigsins og húsmæðraskólana. Hins vegar dregur sveitarfélögin talsvert um þessa sanngirni af hálfu ríkisins.

2. gr. frv. gerir ráð fyrir, að frv., ef að lögum verður, taki strax gildi og ákvæði þess komi til framkvæmda frá síðustu áramótum. Auðvitað er ekki gert ráð fyrir útgjaldaaukningunni til heimavistarskólanna á gildandi fjárlögum. En þarna verður enginn árekstur, af því að umræddur skólakostnaður er ekki gerður upp milli sveitarfélaganna og ríkisins fyrr en árið eftir að hann verður til. Það er því upphitunarkostnaður skólanna 1962, sem greiddur verður af fjárlagafé 1963, en upphitunarkostnaður 1963 kemur á fjárlög 1964, og hér fellur því í ljúfa löð við fjárlagatímann að láta lagaákvæði frv. gilda aftur fyrir sig til síðustu áramóta, sem eru líka fyrir stuttu um garð gengin.

Ég leyfi mér að vænta þess, að þessu litla frv.

verði vel tekið. Legg ég til, að því verði vísað til 2. umr. og til hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

66. Dragnótaveiðar í fiskveiðilandhelgi.

Á 46. fundi í Ed., 19. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti [154. mál] (þmfrv., A. 282).

Á 47. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Árnason): Herra forseti. Á þskj. 282 hef ég leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 3. júní 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti. Frv. þetta kveður á um það, að dragnótaveiðar skuli eigi leyfðar í Faxaflóa.

Ætla ég, að allir geti mér verið sammála um það, að bezti sigur, sem oss Íslendingum hefur í skaut fallið á sviði atvinnumála, sé án efa alþjóðaviðurkenning á rétti vorum til 12 mílna fiskveiðilandhelginnar við strendur landsins. Með þessum mikilsverða áfanga hafa Íslendingar öðlazt til eigin afnota öll yfirráð yfir auðugum fiskimiðum á stórum hafsvæðum umhverfis landið. Af þessu leiðir, að Íslendingar einir hafa í sinni hendi fullan og óskoraðan rétt til þess að gera hverjar þær ráðstafanir, sem þurfa þykir, til þess að vernda allar uppeldisstöðvar ungfisksins í flóum og fjörðum fyrir þeirri rányrkju, sem stafar af hvers konar botnvörpu- og dragnótaveiðum. Eins og nú er komið um tækni í fiskveiðunum, bæði hvað snertir veiðarfæri og ýmiss konar fiskleitartæki, sem auðvelda veiðarnar að miklum mun frá því, sem áður var, er vissulega full þörf á því að vera vel á varðbergi og vernda uppeldisstöðvar ungfisksins á vaxtarskeiði hans. Um það verður ekki deilt, að Faxaflói er ein allra þýðingarmesta fiskuppeldisstöðin, sem um er að ræða. Kemur þar til m. a., að Faxaflóinn liggur næst hinum miklu hrygningarstöðvum við suðurströnd landsins og þangað er ungviðinu næst að leita skjóls og verndar, og er það löngu vitað, að í Faxaflóa eru frá náttúrunnar hendi öll hin ákjósanlegustu skilyrði til verndar og viðgangs fyrir uppfæðinginn. Á engu hafsvæði hér við land hafa verið gerðar jafnýtarlegar vísindarannsóknir á þessu sviði og hér í Faxaflóa. Meðan við bjuggum við landhelgi, sem aðeins náði 3 mílur frá ströndinni, voru af íslenzkum og erlendum fiskifræðingum gerðar slíkar athuganir. Niðurstöður þeirra rannsókna vöktu á sínum tíma alþjóðaathygli. Kom það skýrt í ljós, hve geysilegur munur var á vaxtarskilyrðum ungfisksins fyrir utan og innan landhelgislínurnar. Fyrir innan var þá mikið magn af uppfæðingi, sem sýnilega lifði við hin beztu lífs- og þroskaskilyrði, en utan línunnar sýndu rannsóknir þessar, að þar gegndi allt öðru máli, þar var ördeyða og uppfæðingurinn hafði hlotið þau örlög að verða rányrkjunni að bráð.

Þessu næst kom til sögunnar útfærsla landhelginnar í 4 sjómílur, en auk þess voru þá allir flóar og firðir friðaðir fyrir öllum botnvörpu- og dragnótaveiðum. Var þess þá ekki langt að bíða, að fiskmagnið jókst að miklum mun, en samfara kom það til, að veiðarnar nýttust á hinn hagstæðasta hátt. Var þá mest um línuveiði, en auk þess bæði handfæra- og netaveiðar. Ég vil þó í þessu sambandi taka það sérstaklega fram varðandi þorskanetaveiðarnar, að ég tel, að sú hóflausa veiði, sem á undanförnum árum hefur verið stunduð með hinum fisknu nælonnetum á aðalhrygningarstöðvunum hér við suðurströndina, geti fyrr en varir haft hinar alvarlegustu afleiðingar. Í því sambandi vil ég skírskota til ályktunar, sem Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi í Vestmannaeyjum gerði á sínum tíma og send var hinu háa sjútvmrn., en þar var bent á nauðsyn þess að friða um vissan tíma árs ákveðin hrygningarsvæði á tilgreindum stöðum. Sú viðleitni í þessa átt, sem nú er hafin undir forustu hins háa sjútvmrn. og Fiskifélags Íslands og fyrst kemur til framkvæmda á yfirstandandi vertíð, er vissulega spor í rétta átt, þótt margir telji, að of skammt sé gengið.

Fyrst eftir að 4 mílna og síðan 12 mílna friðunin kom til framkvæmda, var hér við flóann og víðar á landinu smíðaður fjöldi smærri vélbáta, sem stundaðar voru á línu- og handfæraveiðar. Jók þessi handfæraútgerð að miklum mun það aflamagn, sem á land barst. Sama máli gegndi um aðra þá staði á landinu, sem þessar friðunarráðstafanir náðu þá einnig til. Við þetta bættist sú staðreynd, að afli sá, sem hér var um að ræða, var úrvalshráefni til hvers konar vinnslu í fiskiðjuverunum, og fór aflamagnið stöðugt vaxandi. Þessi hagstæða þróun fiskveiðanna hér í Faxaflóa stóð því miður skamma stund. Hér urðu alger þáttaskil, þegar það óheillaspor var stigið, að leyfðar voru dragnótaveiðar að nýju í flóanum. Það tók líka skamma stund, eftir að þær veiðar voru leyfðar, að draga tók úr afla bátanna, sem línu- og handfæraveiðar stunduðu, og þar kom að lokum, að útgerð þeirra flestra var algerlega lögð niður.

Þeir sjómenn, sem þessar veiðar stunduðu, áttu ekki annars úrkosta en að leita til annarra atvinnuvega og setja báta sína upp, en þar bíða þeirra þau örlög, ef engin breyting verður hér á gerð, að hið mikla verðmæti, sem í þeim stendur, rýrnar og verður að engu, eigendum og allri þjóðinni til stórtjóns.

Þegar dragnótaveiði var hafin að nýju, gaf hún góða raun í byrjun og þá sérstaklega á meðan hún naut ávaxtanna af undanfarandi friðun. En brátt hefur dregið úr þeim veiðum einnig og því meira sem lengur hefur liðið. Það má segja, að rökin fyrir dragnótaveiðunum hafi verið þau,

að mikil mergð af flatfiski væri fyrir hendi á grunnmiðum, sem ekki væri unnt að ná til með öðru veiðarfæri. Reynslan hér í Faxaflóa mun hins vegar vera sú, að þegar frá er dregið byrjunartímabilið, þá er bolfiskur, þorskur og ýsa, aðaluppistaðan í afla dragnótabátanna. Og nú er svo komið hér við Faxaflóa, að það er að verða fiskilaust á flestum tímum árs, í stað þeirrar fiskisældar, sem áður átti sér stað, meðan algert bann var lagt á þessa rányrkju. Hættan af dragnótaveiðunum í jafnþýðingarmikilli uppeldisstöð og Faxaflói er felst ekki fyrst og fremst í veiði nytjafiska, heldur miklu fremur í hinu gegndarlausa ungviðisdrápi, sem þessum veiðum fylgir. Er nú svo komið, að hinir stærri fiskibátar, sem veiðar stunda með línu, verða vart fisks varir, þó að gífurleg línulengd sé notuð, nema þá helzt með því að róa langt á haf út, og dugir þá sólarhringurinn hvergi til róðursins. Í þessu sambandi og til samanburðar má benda á það, að línulengdin, sem nú er notuð, er yfirleitt um 45 bjóð hjá hverjum bát. Fyrir nokkrum árum, ekki alllöngum tíma, voru það aðeins um 25 bjóð, sem hver bátur reri með, og voru þá 5 lóðir í hverju bjóði. Sjá allir af þessu, hversu gífurlega miklu meira veiðarfæramagn er nú notað til fiskveiðanna en áður var. En þrátt fyrir það er sá árangur, sem næst, eins og raun ber vitni.

Ég tel, að það tjón, sem landsmönnum er búið af þessum veiðum í Faxaflóa, verði ekki með tölum talið. Þetta tjón tekur einnig til fleiri en þeirra, sem við flóann búa eða þar í nánd. Fiskurinn, sem fær frið og næði til að vaxa upp í Faxaflóa, dreifist, er hann stækkar, um öll fiskimið við strendur landsins. Hér þarf því þegar að spyrna við fótum og bægja frá þeirri augljósu hættu, sem við blasir. En það verður ekki gert með öðrum hætti en þeim að banna með öllu dragnóta- og botnvörpuveiðar í Faxaflóa. Slíkar ráðstafanir þarf vafalaust að gera víðar, en hér í Faxaflóa er sökum legu hans og staðhátta allra mest í húfi. Þess vegna má eigi lengur dragast, að hér verði bót á ráðin á þann hátt, sem lagt er til í frv. þessu.

Herra forseti. Ég vil svo að lokum leyfa mér að óska, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Á 62. og 72. fundi í Ed., 26. marz og 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 282, n. 447 og 458, 526).

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 447, mælir meiri hl. sjútvn. með samþykkt þessa frv.

Áður en n. tók endanlega afstöðu til málsins, hafði hún sent frv. til umsagnar og fengið svör frá stjórn Fiskifélags Íslands og atvinnudeild háskólans, fiskideildinni. Stjórn Fiskifélagsins var klofin um málið. Meiri hl. taldi ekki tímabært að banna dragnótaveiðar, en minni hl. stjórnarinnar, þ. e. Pétur Ottesen fyrrv. alþm., mælir eindregið með samþykkt frv. Í umsögn fiskideildar háskólans eru ýmsar athyglisverðar upplýsingar. Segir þar m. a. í sambandi við tilteknar rannsóknir, sem áttu sér stað í Faxaflóa, að við tilraunaveiði á ýsu í Garðsjó 1959 var aflinn 800 fiskar á togtíma, en um sama leyti ársins 1962 reyndist aflinn hins vegar aðeins 146 fiskar á togtíma á þessu sama veiðisvæði. Síðan segja fiskifræðingarnir: „Ekki er vafamál, að dragnótin á hér einhvern þátt í, hve mikinn, vitum við ekki enn þá, né hvort það á nokkurn hátt sé hættulegt stofninum.“ Þá kemur fram í umsögn fiskifræðinganna um málið, að þeir hafa farið árlega aðeins 4 veiðiferðir í Faxaflóa til þess að fylgjast með og gera sér grein fyrir þeim áhrifum, sem dragnótaveiðarnar hafa á fiskstofnana og uppfæðinginn í flóanum.

Þegar dragnótaveiðin var leyfð með l. frá 1960, var það skýrt tekið fram af þeim alþm., sem málinu voru þá fylgjandi, að hér mundi ekki verða um neina hættu að ræða, vegna þess að veiðarnar yrðu aðeins leyfðar undir ströngu vísindalegu eftirliti og þá í tæka tíð, ef í ljós kæmi, að hér væri hætta á ferðum, hægt að stöðva veiðarnar, áður en varanlegt tjón hlytist af. Án þess að gera á nokkurn hátt lítið úr þeirri fræðilegu niðurstöðu, sem fiskifræðingarnir hafa komizt að, er mér óhætt að fullyrða, að flestir hafi búizt við, að eftirlitið yrði að miklum mun víðtækara en raun ber vitni og fram kemur í umsögn þeirra um málið, þar sem aðeins eru farnar fjórar veiðiferðir í Faxaflóa árlega í tilraunaskyni. En hvað margar veiðiferðir á sama hátt eru farnar á önnur veiðisvæði, þar sem dragnótaveiðar eru stundaðar, liggur enn ekkert fyrir um. Með tilliti til hinna fáu ferða, sem fiskifræðingarnir hafa átt út í flóa, kann það að vera rétt, að með hliðsjón af þeim geti þeir ekki sagt um, að fyrir liggi upplýsingar eða niðurstöður fiskifræðilegs eðlis, er bendi til þess, að um ofveiði sé að ræða vegna dragnótaveiðanna.

En úr því að það liggur fyrir, að eftirlitið hefur ekki náð lengra eða verið víðtækara en upplýst er og sú reynsluveiði, sem um getur um dragnótaveiði í Garðsjó 1959 og 1962, nægir ekki til þess, að af því verði dregnar endanlegar ályktanir, þá finnst mér, að einnig mætti líta á reynslu fiskimannanna sjálfra, sem um árarаðir hafa stundað hér sjósókn og fiskveiðar og þekkja því af eigin raun þá þróun, sem hér hefur átt sér stað. Frá stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands barst n. ályktun, sem þeir aðilar höfðu gert varðandi dragnótaveiðar í Faxaflóa. Bréf þeirra er dagsett 15. marz s. l., en þar segir, með leyfi forseta:

„Stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hefur verið andvíg þessum veiðum og skorar á Alþingi að samþykkja ofangreint frv. og stöðva þar með hina hættulegu rányrkju, sem rekin er í Faxaflóa með dragnótaveiðum.“

Í grg. fyrir þessari ályktun sinni segir stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands: „Aðalrökin fyrir því, að dragnótaveiði skyldi leyfð í Faxaflóa, voru þau, að vegna friðunar

flóans væri orðið þar svo mikið af flatfiski, lúðu og kola, að óverjandi væri að hagnýta sér ekki betur þau sjávarföng en gert var með smátækum veiðarfærum þeirra smábáta, sem stunduðu þessi mið til mikils gagns fyrir fjölda manna, þar til dragnótin var leyfð. Dragnótin var leyfð og skyldi rekin undir ströngu eftirliti hinnar vísindalegu smásjár, sem óþarft er að fjölyrða um. Það kom brátt í ljós, að skakkar reyndust áætlanir og fullyrðingarnar um flatfiskmagnið, því að hann reyndist minnstur hluti aflans og hvergi nærri sá, sem búizt var við og leyfisveitingin mun hafa verið byggð á. Engu að síður og þrátt fyrir þessa staðreynd hefur veiðunum verið haldið áfram og þær byggðar á öðrum fisktegundum, bolfiskinum, sem ekki þarf dragnót til að veiða.

Almennt ber mönnum saman um, að dragnót sé eitt hið róttækasta veiðarfæri. Dýrkeypt reynsla landsmanna hnígur öll í þá átt, að svo sé. Þeir, sem við sjávarsíðuna búa og hafa haft afrakstur af nærliggjandi grunnmiðum, eru sammála um, að ekki þýði að stunda veiðar með öðrum veiðarfærum, þar sem dragnótin kemur nærri, hún sópi svo rækilega, að brátt fáist þar ekki bein úr sjó.

Þessi saga hefur nú gerzt í Faxaflóa. Við því þýðir ekki að skella skollaeyrum. Það er viðurkennt, að Faxaflói sé mikil og góð uppeldisstöð fyrir ungfisk, og með það sem aðalorsök fengum við hann friðaðan fyrir ágengni annarra þjóða. Með það í huga ber oss ekki hvað sízt að vernda hann fyrir hvers konar rányrkju. Og þegar nú er sýnt, hvert stefnir með dragnótina í þessum efnum, vill Farmanna- og fiskimannasamband Íslands stuðla að því, að veiðar með dragnót séu bannaðar í Faxaflóa, svo að ungviðið fái þar næði til uppvaxtar, eins og friðun flóans var í upphafi byggð á."

Þetta var grg., sem reyndir menn í þessum efnum, þó að ekki séu fiskifræðingar, gerðu sem rökstuðning fyrir ályktun sinni.

Það er sammála álit meiri hl. sjútvn., að það beri að samþykkja það frv., sem hér er um að ræða, og koma þar með í veg fyrir, að áfram verði haldið með þá skefjalausu rányrkju, sem kemur í kjölfar dragnótaveiðanna.

Frsm. minni hl. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Sjútvn. náði ekki samstöðu um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. n. leggur til, eins og hv. þm. hafa heyrt, að frv. verði samþykkt, en við, sem skipum minni hl. n., hv. 3. þm. Vestf. og ég, leggjum til, að málið verði afgreitt með rökst. dagskrá.

Eins og hv. þm. er kunnugt, er efni þessa frv. það að taka út úr gildandi lögum heimild ríkisstj. til að leyfa dragnótaveiðar í Faxaflóa. Í grg. er þetta rökstutt með því, sem segir þar, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú er svo komið í Faxaflóa, að þar er að verða fisklaust á flestum tímum árs í stað þeirrar miklu fiskisældar, sem áður átti sér stað, meðan algert bann var lagt á hina skefjalausu rányrkju. Hættan af dragnótaveiðum í jafnþýðingarmikilli uppeldisstöð og Faxaflói er felst ekki fyrst og fremst í veiði nytjafiska, heldur hinu gegndarlausa ungviðisdrápi, sem þessum veiðum fylgir."

Eins og fram hefur komið, hefur þetta mál verið sent bæði Fiskifélagi Íslands og atvinnudeild háskólans, fiskideildinni, til umsagnar. Og þessar stofnanir eru ekki alveg sammála meiri hl. n. í þessu máli. Álitsgerðin frá Jóni Jónssyni fiskifræðingi er mjög ýtarleg, og bendir hann á ýmislegt, sem sýnir það, að ekkert hafi enn þá komið fram um það, að hætta sé á ferðum hvað snertir fiskveiðar í Faxaflóa þrátt fyrir dragnótina. Það er að vísu sagt frá því, sem hv. meiri hl. n. bendir á, að 800 fiskar hafi veiðzt í togferð 1959, en 146 á sömu slóðum þremur árum seinna, 1962, og þetta er alveg rétt hjá hv. frsm. meiri hl. n. En það eru líka í þessari skýrslu aðrar tölur um þessa hluti. Þær eru t. d. á þá leið, að 1954 veiddust 1350 fiskar á sömu slóðum og veiddust 350 1958, og ekki var nein dragnót komin til hvorugt þetta ár. Þetta sýnir, að það má ekki skella allri sökinni á dragnótaveiðarnar, þó að misjafnlega veiðist í þessum rannsóknarferðum, enda bendir fiskifræðingurinn á, að það kemur margt annað til og þá fyrst og fremst fiskigengdirnar, sem eru geysilega misjafnar eftir því, hversu sterkir árgangar koma á miðin, eins og þessar tölur sýna frá 1954 og 1958, því að engri dragnót verður kennt um niðurstöðurnar seinna árið.

Hv. frsm. meiri hl. nefndi það, sem segir í grg. Jóns Jónssonar fiskifræðings, að vafalaust séu minnkandi aflabrögð að einhverju leyti vegna dragnótaveiða. En hann segir, að það bendi ekkert til þess og engin vitneskja sé fyrir um það, að þetta skapi neina hættu.

Annars er það í stuttu máli sagt um þessar dragnótaveiðar, að ágreiningurinn er ákaflega mikill á báða bóga. Menn skiptast í tvær fylkingar um þetta mál, og menn eru ákaflega sannfærðir í báðum þessum hópum um réttmæti sinna skoðana. Hvernig eigum við þá, leikmenn í þessum efnum, að fara að? Ég sé ekki, að það sé hægt að finna að því, þó að við viljum byggja á álitsgerðum fiskifræðinganna. Lögin, sem sett voru um þessi efni 1960, byggjast á því, að þessar veiðar séu því aðeins leyfðar, að fiskifræðingarnir mæli með því, að leyfin séu veitt. Í 5. gr. l. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fiskideild atvinnudeildar háskólans skal fylgjast stöðugt með veiðum þeim, er um ræðir í lögum þessum, og gera rn. þegar viðvart, ef d. telur hættu á, að veiðarnar gangi of nærri stofni nytjafiska eða spilli á einhvern hátt framtíð íslenzkra fiskveiða. Að fengnum samhljóða till. fiskideildar atvinnudeildar háskólans og Fiskifélags Íslands er rn. skylt að takmarka veiðiskipafjölda á ákveðnum, tilteknum veiðisvæðum. Einnig skal rn. samkv. till. sömu aðila banna dragnótaveiðar á tilteknum svæðum eða í allri fiskveiðilandhelginni hluta af hinu leyfða veiðitímabili eða alveg fyrir eitt ár í senn, ef líklegt þykir, að fiskistofnar séu í hættu fyrir ofveiði."

Ríkisstj. hefur ekkert vald til þess að veita leyfin, nema þessir sérfræðingar mæli með því. Lögin eru því algerlega byggð á vísindalegu eftirliti hvað þetta snertir.

Í umsögnum beggja þessara stofnana, Fiskifélags Íslands og atvinnudeildar háskólans, kemur það fram, að þessar stofnanir telja ekki ástæðu til að banna dragnótaveiðar í Faxaflóa að svo komnu máli. Öll stjórn Fiskifélags Íslands er þessarar skoðunar, að undanteknum einum manni, Pétri Ottesen. En frá atvinnudeild háskólans, fiskideildinni, kemur það álit, sem ég gat hér um, en er alllangt.

Af því, sem að framan getur, er ljóst, að enn þá liggja ekki fyrir neinar niðurstöður fiskifræðilegs eðlis, er bendi til þess, að um ofveiði sé að ræða á þorski, ýsu og skarkola af völdum dragnótaveiða í Faxaflóa. Þannig eru meiri hl. stjórnar Fiskifélagsins og fiskifræðingur atvinnudeildar háskólans sammála um það, að enn þá hafi ekkert komið fram, sem gefi ástæðu til þess að banna þessar veiðar.

Nú ætla ég ekki að fullyrða neitt um það, hvor aðilinn hefur réttara fyrir sér í þessu máli. Það liggur fyrir, að hugboð manna skiptast í tvö horn um áhrif af dragnótaveiðum. Og við, sem skipum minni hl. n., erum þeirrar skoðunar, að þar sem svona greinir mikið á milli, þá beri Alþingi fyrst og fremst að taka til greina álit fiskifræðinganna. Við beygjum okkur fyrir þessari staðreynd, enda eru lögin um heimild til að veita veiðileyfin á þessu byggð, að fiskifræðingarnir segi álit sitt. Við viljum fara eftir áliti þeirra, en ekki eftir hugboðum manna, hver sem þau eru.

Nú er ekki því að neita, að það er alveg rétt hjá hv. frsm. meiri hl., að margir sjómenn eru þessarar skoðunar, sem hann heldur fram, að dragnótaveiðarnar séu hættulegar. En það er bara fjöldi annarra fiskimanna, sem er á gagnstæðri skoðun. Hvernig á þá að skera úr? Við sjáum ekki aðra leið en að fara eftir þeirri vísindalegu þekkingu, sem er á að skipa í þessum málum.

Þá vil ég benda hv. frsm. meiri hl. n. á það, að vilji sjómenn og útgerðarmenn yfirleitt fá friðaðan Faxaflóa, þá þarf enga lagabreytingu til þess, alls enga. Í 1. gr. l. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef sveitarstjórnir, samtök útvegsmanna, sjómanna eða verkamanna leiða rök að því, að hagkvæmara sé að stunda aðrar veiðar en dragnótaveiðar á tilteknum hlutum veiðisvæðis, og bera fram óskir um, að þeir hlutar svæðanna verði friðaðir sérstaklega fyrir dragnótaveiði, þá skal ráðh. í samráði við Fiskifélag Íslands verða við þeirri ósk."

Það þarf ekkert til Alþingis að koma til að leysa þetta mál. Ef þessir aðilar eru sömu skoðunar og hv. meiri hl. sjútvn., þá geta þeir fengið friðaðan Faxaflóa, hvað sem verður um þetta frv. En sannleikurinn er sá, að slík álitsgerð fæst ekki, af því að menn greinir svo mjög á um þetta, líka innan sjómannastéttarinnar, meðal útgerðarmanna og alls staðar. Hv. frsm. nefndi hér áðan álitsgerð, sem borizt hefði frá Farmanna- og fiskimannasambandinu, og hún er alveg ótvíræð skoðun þeirra manna, sem að þeirri álitsgerð standa. En af hverju kemur hann ekki með neina álitsgerð frá Landssambandi ísl. útvegsmanna? Maður skyldi nú halda, að þau stéttarsamtök ættu þó fyrst og fremst að segja álit sitt um þetta. En það liggur ekki stafur fyrir frá þeirri stofnun. Af hverju ekki? Af því að þeir eru á öndverðum meiði hver við annan um það, hvað eigi að gera í þessu máli.

Þá hefur hv. 2. þm. Vestf. flutt brtt. við þetta frv. eftir ósk manna vestur á Patreksfirði. Mér er kunnugt um afstöðu þeirra til málsins. Þar skiptast menn eins og annars staðar í tvo hópa, aðrir með dragnótinni, hinir eru á móti. Og hann flytur sína till. í samræmi við óskir þessara manna, sem eru á móti dragnótinni þar. Það er til annar hópur á Patreksfirði, sem er á þveröfugri skoðun. Ég býst við, að það geti orðið mörgum þm. erfitt að skera úr svona ágreiningi. Við tökum því þá leiðina, sem skipum minni hl. n., að fara hér eftir álitsgerð fiskifræðinganna, og í samræmi við þeirra álit er það, sem við flytjum hina rökst. dagskrá á þskj. 458, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með því að ekki liggja fyrir neinar niðurstöður fiskifræðilegs eðlis, er bendi til ofveiði í Faxaflóa, þykir deildinni ekki ástæða til að svo komnu máli að samþykkja frv. þetta og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Við segjum: „að svo komnu máli". Það þýðir það, að hvenær sem liggja fyrir álitsgerðir um, að hætta kunni að stafa af þessum veiðum, þá mundum við samþykkja slíka ráðstöfun sem farið er fram á í þessu frv. Og með þessari dagskrá, sem við flytjum, teljum við okkur vera í fyllsta samræmi við gildandi lög og álit þessara tveggja stofnana, sem hér hafa komið fram, Fiskifélags Íslands og fiskideildar atvinnudeildar háskólans.

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Aðalrökin fyrir því, að dragnótaveiðarnar voru leyfðar á sínum tíma, voru þær staðhæfingar dragnótarmanna, að geysilegt kola- og flatfisksmagn væri hér um að ræða í Faxaflóa og á öðrum grunnmiðum við strendur landsins, og það væri á engan hátt afsakanlegt, að þetta mikla flatfisksmagn væri ekki nýtt betur en væri unnt að gera með þeim veiðarfærum, sem notuð væru. Það var líka fullyrt, eins og ég kom reyndar að áðan, að það mundi verða af hálfu sérfræðinganna, fiskifræðinganna, fylgzt með þessum málum. Það átti að vera stöðugt eftirlit. En samkv. þeim upplýsingum, sem liggja fyrir í dag í þeim efnum, er þetta stöðuga eftirlit þannig, að það eru farnar fjórar veiðiferðir á ári út í flóann, sem hér er næstur rannsóknarstöðvum fiskifræðinganna, til þess að fylgjast með þessu þýðingarmikla máli. Það segir sig alveg sjálft, að slíkar rannsóknir geta ekki gefið raunhæfan árangur. Þær geta ekki gert það, því að það er, eins og fram kemur í skýrslu fiskifræðinganna sjálfra, um ýmsar sveiflur og fiskigöngur að ræða, og með því að fara einungis fjórum sinnum út á ári geta ýmsar fiskigöngur farið fram hjá þeim, og þess vegna þyrfti að auka eftirlitið verulega, til þess að það gæti eitthvað raunhæft komið út úr málinu. En ég held, að það séu allir sammála um, að ef ætti að fylgjast ýtarlega með þessum málum, þá þyrfti það að gerast á annan hátt en að fara einungis fjórar reynsluferðir á ári til þess að taka prufur og komast að þeirri

niðurstöðu, sem þróunin bendir til hverju sinni.

En það er fleira, sem fram kemur í þessum skýrslum fiskifræðinganna, sem bendir nokkuð til, að hér sé öðruvísi en upphaflega var gert ráð fyrir varðandi það, um hve geysilega mikið flatfisksmagn væri hér að ræða. Það liggja fyrir aflaskýrslur dragnótabátanna fyrir árið 1961. Þar kemur fram, að heildarafli bátanna hefur reynzt 7717 tonn samtals. Þetta er að vísu nokkuð mikið aflamagn, en uppistaðan í því aflamagni er hins vegar engan veginn það, sem búizt var við, koli og flatfiskur. Þessi 7717 tonn skiptast þannig, að það eru 3800 tonn þorskur og það eru 2200 tonn ýsa, 1067 tonn ýmsar aðrar fisktegundir, svo sem steinbítur, langa og annað þess háttar, en aðeins 650 tonn eru skarkoli og flatfiskur, — aðeins 650 tonn, samkv. þeim upplýsingum, sem fyrir liggja. Þetta finnst mér tala allt öðru máli en haldið var fram af þeim, sem fylgdu fast eftir dragnótarlögunum, að dragnótaveiðar skyldu leyfðar í landhelgi einmitt á þeim forsendum, að hér væri um svo óvenjumikið aflamagn að ræða á skarkola og flatfiski. En svo kemur bara í ljós, þegar veiðarnar eru hafnar, að það er aðeins lítið brot af heildarveiðinni, sem byggist á þessum fiskstofni.

Það þarf ekki dragnót til þess að veiða þorsk eða ýsu, það vitum við. En við vitum, að dragnótin er slíkt skemmdarverkfæri í sambandi við uppeldisstöðvarnar, að það er hæpið, að það sé afsakanlegt að fórna því á slíkum uppeldisstöðvum eins og Faxaflóinn er til þess að ná aðeins í 650 tonn af flatfiski og skarkola.

Ég mun ekki orðlengja þetta frekar. Það er ekkert nýtt, sem fram hefur komið í þessu máli, frá því að það var hér til 1. umr. Ég get þó nefnt t. d., sem ég hef ekki gert áður, að hingað til Alþingis barst einróma álit Útvegsmannafélags Akraness og áskorun um að samþykkja þetta frv., og mér er kunnugt um, að það eru ýmsir fleiri, sem líta sömu augum á þessi mál.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um málið og vænti þess, að þm. verði sammála um að fella hina rökstuddu dagskrá og samþykkja frv.

Frsm. minni hl. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Ég get verið stuttorður að þessu sinni. Hv. frsm. meiri hl. n. gerði það sérstaklega að umtalsefni sínu núna, að rannsóknarferðirnar, sem farnar hefðu verið, hefðu ekki verið nema fjórar og væru algerlega ófullnægjandi og þess vegna ekkert á þessu vísindalega eftirliti að byggja. Um það skal ég ekkert dæma, hvað er rétt í þessu. En mér finnst, að þetta séu ásakanir í garð hæstv. sjútvmrh., og get ég af skiljanlegum ástæðum ekki svarað fyrir það. En hafi svo verið, hafi þetta álit manna verið svo undanfarin ár, síðan lögin voru sett, að sjálft eftirlitið, þetta vísindalega eftirlit, sem lögin byggjast á, sé í raun og veru alveg gagnslaust og ekkert að marka það, af hverju hefjast þá þessir menn ekki handa um að fá friðaðan Faxaflóa með þeirri leið, sem lögin sjálf segja fyrir um, án þess að það þurfi nokkra lagabreytingu til þess? Þessi leið er opin fyrir þá hvenær sem er, og geta þá útvegsmenn og sjómenn sagt hæstv. ríkisstj. fyrir verkum, að hætta að veita leyfi til dragnótaveiða í Faxaflóa. Það er ekkert annað, sem þarf til þess.

En það vita allir, af hverju þetta hefur ekki verið gert. Ágreiningurinn er svona mikill hjá þessum aðilum, að það er ekki hægt að ná neinu samkomulagi um slíkar óskir til rn., og það er einmitt það, sem ég lagði áherzlu á í minni ræðu, að við, sem skipuðum minni hl. n., viljum í þessu efni fara eftir þeirri vísindalegu þekkingu, sem við höfum á að skipa, fyrst ekki er hægt að ná samkomulagi hlutaðeigandi aðila um það að friða Faxaflóa með þeim hætti, sem l. sjálf gera ráð fyrir.

Hv. þm. ræddi um það, að mikið væri veitt af þorski og ýsu í staðinn fyrir kola og annan flatfisk í dragnót. Þetta er alveg rétt hjá honum. Það er svona. En það er ekki merkilegt út af fyrir sig, vegna þess að ég held, að það sé útilokað að veiða í dragnót án þess að fá eitthvað af þeim fiski með. Það getur enginn „sorterað" það niðri á hafsbotni, að ekki komi þorskur og ýsa eitthvað með, og það vissu allir aðilar, áður en lögin voru sett 1960.

Ég skal ekki dæma um þessa fullyrðingu hv. þm., að vísindalega eftirlitið sé of lítils virði eða kannske einskis virði. Sé svo, finnst mér, að hann og aðrir áhugamenn í þessu máli ættu að beita sér fyrir því, að rannsóknarferðirnar verði fleiri og eftirlitið raunhæfara. En ég get ekki lagt neinn dóm á það, hvort þessi fullyrðing hans er rétt eða ekki, að það sé lítið að marka þetta eftirlit.

Umr. frestað.

Á 74. fundi í Ed., 17. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég á brtt. á þskj. 526. Ég hafði ekki tækifæri til að hlusta á umr. hér í gær, en geri ráð fyrir, að svipuð rök hafi þar komið fram og eru annars vegar í nál. minni hl. og meiri hl. og svo í grg. fyrir till., sem ég er í höfuðatriðum samþykkur. Það kannske má að vísu segja, að það sé þýðingarlítið að koma fram með brtt. við þetta mál. En ég hygg frá mínu sjónarmiði, að fáum málum hafi verið smeygt jafnlævíslega gegnum þingið eins og l. nr. 40 frá 1960, án þess að ég ætli að fara að nota tækifærið, sem ég fæ hér til að tala, til þess að fara að vekja almennar umr. um það mál. Það er alveg dæmalaust í sjálfu sér nafnið um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti. Það vantar ekki skrautyrðin. En það sýnir sig, að þessu vísindalega eftirliti hefur verið erfitt að koma við, og því hefur ekki verið komið fram til þessa og litlar líkur til, að svo verði. Til þess að þessi veiði sé leyfileg, þarf samkv. l. frá 1960 Fiskifélag Íslands að samþykkja það, fiskideild atvinnudeildar háskólans á að leita álitsgerðar hjá sveitarstjórn, sjómönnum, útgerðarmönnum, verkamönnum, og ef einhverjir þeirra eru mótfallnir því, þá á að friða svæðin, sem er til athugunar hvort eigi að leyfa dragnótaveiðar á. Það sýnist þess vegna vera sæmilega um hnútana búið, og er ekki hægt að skilja lögin öðruvísi en svo, að ef sveitarstjórn, sjómenn og útgerðarmenn eða verkamenn á staðnum — ef ein-

hver þeirra er á móti því að leyfa dragnótaveiðar á tilteknu svæði, sem er undir athugun, hvort leyft skuli, þá beri að neita um dragnótaveiðar á því svæði. En eftir að búið er að koma dragnótaveiðinni á á vissum svæðum, þá er eins og maður þekkir, — það er bara mannlegur breyskleiki, — að það er erfiðara að koma mótmælum við nema þá takmörkuðum. Menn vilja skiptast í hagsmunahópa um málin, og svo er á því svæði, sem ég óska eftir að verði friðað. Vitanlega eru dragnótabátarnir með því að fá að veiða á svæðinu, en smábátaeigendurnir, sem verða fyrir skakkaföllum af dragnótinni, eins og við þekkjum, eru undantekningarlítið eða undantekningarlaust á móti dragnótaveiðinni. Og ég hef þá afstöðu vegna friðunar á landhelginni yfirleitt, að ég var á móti þessum lögum, sem ég sá að var verið að smeygja inn á lævísan hátt og hafa verið að mínu áliti líka og verða, meðan þau eru í gildi, misnotuð.

Það má vitanlega segja sem svo við mig, og mér er það fyllilega ljóst: Samkv. þessum rökum, sem þú færir hér fram fyrir þinni till., eða máli því, sem þú rekur hér í sambandi við þína till., er auðvelt, ef sveitarstjórn, sjómenn, útgerðarmenn eða verkamenn mótmæla, að fá banni komið í gegn. En það er, eins og ég sagði, auðveldara sagt en gert, og þess vegna mælist ég til þess, að þessi brtt. mín verði samþykkt. Það er að vísu ekki um eins dýrmætt svæði að ræða og Faxaflóa, sem ég tel sjálfsagt að friða, en vegna þess að svæðið er minna, þá gætir þess jafnframt meira, að þegar fiskað er með dragnót á þessu svæði, þá hverfur aflinn, og þeir, sem stunda veiðar á smábátunum, verða fyrir skakkaföllum, sem þeim gengur erfiðlega að þola. Þeir hafa margfært rök fyrir því, að þegar fiskur gengur á fjörðinn og eftir að dragnótin hefur verið þar um tíma, þá hverfur fiskurinn, enda er sú reynslan hvar sem er, þar sem dragnótin fer um. Ég vil þess vegna mælast til þess við hv. þd., að hún sjái sér fært að samþykkja þessa brtt.

ATKVGR.
Rökst. dagskrá á þskj. 458 felld með 9:4 atkv.
Brtt. 526 samþ. með 8:3 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 7:4 atkv.
2. gr. samþ. með 7:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 7:4 atkv.

Á 75. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 674).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 7:4 atkv. og afgr. til Nd.

Á 75. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 77. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Þó að ég geri varla ráð fyrir, að frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 674, verði að lögum á þessu þingi, þykir mér þó rétt að fara um það nokkrum orðum, áður en því verður vísað til þeirrar n., sem það sjálfsagt mun fá athugun í.

Ég er sammála flm. eða því, sem fram kemur í grg. frv. frá honum, um það, að Íslendingum beri að sjálfsögðu að gæta þess mjög, að hryggingarsvæði og uppeldisstöðvar nytjafisks okkar séu ekki eyðilögð með ofveiði eða rányrkju. Í þessu tilfelli kemur ekkert fram um það í áliti Fiskifélagsins eða fiskideildarinnar, að því svæði, sem hér er um að ræða, Faxaflóa, stafi bein hætta enn þá af dragnótaveiði, og tel ég því ekki tímabært, að þær veiðar séu þar frekar en annars staðar bannaðar, meðan ekkert liggur fyrir um það, að þær hafi valdið þar eða komi til með að valda þar tjóni. Ef það álit fiskifræðinga lægi fyrir, að svo væri, mundi afstaða mín til þessa máls að sjálfsögðu vera önnur, þar sem ég hef áður vakið máls á því hér á hv. Alþingi og flutt um það till., að mjög þurfi að gæta þess að vernda fiskstofnana og uppeldissvæðin og uppeldisstöðvar okkar nytjafiska.

Í meirihlutaáliti hv. sjútvn. Ed. á þskj. 447 kemur fram og er reyndar aðalrökstuðningur fyrir þessu máli, að ýsuveiðar hafi mjög færzt saman og ýsuafli mjög dregizt saman á vissum svæðum í Garðsjó hér við Reykjanes, og er það tekið fram, að þar sé miðað við afla á togtíma 1959 og aftur 1962. Ég tel þetta engin rök, því að það vita allir, sem nokkuð þekkja til þessara mála, að afli hinna einstöku fisktegunda getur verið mjög misjafn á hverjum stað, þó að um sama árstíma sé að ræða, og geta ekki verið nein rök eða úrslit um það, hvort ætti að banna eða leyfa veiðar þær, sem hér er um rætt. Það, sem ég tel miklu nær því, að menn geti gert sér grein fyrir, hvort dragnótaveiðar hafi haft áhrif á ýsustofninn og ýsuveiðarnar, er það, sem kemur fram í skýrslum Fiskifélags Íslands, sem út eru gefnar og útgerðarmönnum og almenningi er að sjálfsögðu ljóst, þeim sem þær skýrslur lesa og hafa áhuga á að fylgjast með. Samkv. þessum skýrslum var heildarafli á þessari fisktegund miðað við vetrarvertíð 1959, eða frá 1. jan. til 31. maí 1959, 10239 tonn; á vetrarvertíð 1960, sama tíma, frá 1. jan. til 31. maí, 17167 tonn, eða samtals þessi 2 ár 27406 tonn. Meðaltal af ýsuveiðum þessi tvö ár á vetrarvertíð var 13700 tonn. Ef við svo aftur berum saman árin 1961 og 1962, þann tíma, sem dragnótaveiði var leyfð hér við land og stunduð víða mjög mikið, sýna skýrslur Fiskifélags Íslands, að ýsustofninn hefur síður en svo dregizt saman. Dragnótaveiðarnar virðast ekki hafa haft nein áhrif á hann, ef miðað er við það, sem fram kemur í skýrslum Fiskifélags Íslands um þessar veiðar og aflamagn á þessum sama tíma. Frá 1. jan. til 31. maí 1961 er heildarveiði þessa fisks 15836 tonn og 1962, vetrarvertíðina, er hann 14447 tonn, eða samtals þessi tvö ár, sem dragnótaveiðarnar voru stundaðar að sumri til, 30283 tonn, eða að meðaltali hvort ár 15140 tonn. Aukning á afla þessarar fisktegundar er 10,5% þau tvö ár, miðað við 1959 og 1960, eftir að dragnótaveiðar voru stundaðar árið 1961 og 1962. Ég tel, að þetta sé mjög eðlilegur mælikvarði, ef menn vilja gera sér grein fyrir, hvort þessar veiðar, sem hér um

ræðir, hafi valdið tjóni eða ekki, þ. e. að miða við heildarmagnið, eins og það var, vetrarvertíðina eftir að þessar veiðar voru stundaðar og vetrarvertíðina áður en þær voru stundaðar.

Samkv. skýrslum Fiskifélags Íslands hafa veiðzt í dragnót þau 3 ár, 1960—1962, sem þær hafa verið leyfðar og stundaðar, samtals um 43795 tonn. Eftir fisktegundum í stórum dráttum skiptist þetta þannig, að flatfiskur er 11337 tonn, ýsa 14636 tonn og annar bolfiskur 17816 tonn. Skýrslur Fiskifélags Íslands eru mjög glöggar og greinargóðar yfir þetta. Þar er tiltekið hvert veiðisvæði og aflamagn hverrar fisktegundar, sem í dragnót hefur veiðzt, þannig að það er mjög hægt fyrir fiskifræðinga og þá, sem við fiskideildina starfa, að gera sér grein fyrir þeim afla, sem á land kemur, og hvaða áhrif veiðarnar kynnu að hafa. Af þessum heildarafla veiddust árið 1960 4872 tonn hér á Faxaflóasvæðinu og að heita má nákvæmlega sama aflamagn sumarið 1961.

Þegar dragnótaveiðarnar voru leyfðar með lögum frá 1960, var að sjálfsögðu mjög um þau deilt, eins og vitað er, og við, sem að því frv. stóðum, héldum því fram, að það mundi ekki aðeins mjög auka útflutningstekjur þjóðarinnar, heldur mundi það og veita mjög mikla aukna atvinnu á þeim stöðum, sem dragnótaveiðar væru stundaðar frá. Ég hef nú ekki við höndina neinar opinberar skýrslur um það, hve mikið útflutningsverðmæti sá afli, sem veiðzt hefur undanfarin 3 ár í þetta veiðarfæri, hefur gefið, en eftir því sem ég hef fengið út úr þeim könnunum, sem ég hef á þessu haft, geri ég ráð fyrir, að það sé ekki undir 400—450 millj. kr. Vinnulaun við nýtingu þessa afla í landi geri ég vart ráð fyrir að séu undir 100 millj.

Ég tel ekki, að þjóðarbúið hafi efni á því, og sé ekki nokkra ástæðu til þess að draga í land með þessar veiðar eða banna þær, hvorki á einum stað né öðrum, meðan ekki liggur fyrir um það frá okkar fiskifræðingum, sem við hljótum að treysta mikið á í þessum efnum, að þær hafi skaðleg áhrif á veiðarnar á öðrum tíma árs eða einstaka fiskstofna. Eins og ég benti á, liggur það ljóst fyrir samkv. skýrslum Fiskifélags Íslands, að dragnótaveiðarnar virðast ekki hafa haft nein áhrif á aflamagn þeirra fisktegunda, sem meiri hl. sjútvn. Ed. gerir ráð fyrir eða heldur fram að mjög hafi dregizt saman. Aflamagn ýsunnar hefur aukizt samkv. skýrslum Fiskifélagsins 1961 og 1962, miðað við árin 1959—1960, en ekki dregizt saman.

Mitt álit er, að það mundi vera rangt að fara inn á þá braut að banna þessar veiðar, það mundi vera til tjóns, ekki einungis fyrir þá aðila, sem þær stunda, þá sjómenn og útgerðarmenn, sem að þeim standa, heldur mundi það einnig mjög draga úr atvinnu þess fólks, sem í fiskiðjuverunum vinnur á þeim stöðum, sem veiðarnar eru stundaðar frá. Þessi afli kemur á land að sumrinu til, þegar kannske minnst er um aflamagn og örugglega minnst er um aflamagn af öðrum fisktegundum, og hefur, að mér er kunnugt um, haldið sumum fiskvinnslustöðvum gangandi með fullum vinnukrafti yfir þá sumarmánuði, sem áður var mjög erfitt að hafa næga vinnu handa því fólki, sem annars byggði afkomu sína þar á, a. m. k. að vetrarvertíðinni til.

Jón Pálmason: Herra forseti. Af því að nú stendur svo á, eins og kunnugt er, að komið er að því að slita Alþingi, þá er ekki tækifæri til þess að koma því í kring að breyta þessu frv. í víðtækara horf, sem þó væri mikil þörf á. Ég mun þess vegna ekki leggja í það að gera við það brtt., því að því ber náttúrlega að fagna, að það sé byrjað á því að samþykkja spor í rétta átt, sem þetta frv. tvímælalaust er.

Út af því, sem hv. síðasti ræðumaður var að lýsa um tekjurnar af dragnótaveiðum á undanförnum tveimur árum, þá er það náttúrlega ekkert undarlegt, að af þeim séu miklar tekjur og árangur, á meðan verið er að eyðileggja fyrir framtíðinni þau verðmæti, sem um er að ræða uppi undir landssteinum, og það er sannarlega ekki nein sönnun fyrir því, að þessar veiðar eigi rétt á sér.

Ég ætla ekkert að ræða um þetta meira, en vildi taka þetta fram, að ef þetta frv. hefði verið hér fyrr á ferðinni og ég hefði átt hér sæti, þá hefði ég flutt við það brtt. um að gera það miklu víðtækara en það er. En eins og nú standa sakir, megum við náttúrlega þakka fyrir það, að þetta frv. verði þó samþykkt, því að það er sannarlega spor í rétta átt.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það eru að vísu ekki miklar líkur til þess, að þetta frv. hljóti afgreiðslu á Alþingi héðan af, úr því að það kemur svo seint til meðferðar í þessari hv. d. Eigi að síður þykir mér rétt að láta um það falla nokkur orð, áður en það fer til n., ef ske kynni, að af afgreiðslu yrði.

Í 1. gr. l. nr. 40 frá 9. júní 1960 er ákvæði um það, að ráðh. geti samkv. till. fiskideildar atvinnudeildar háskólans og Fiskifélags Íslands ákveðið fyrir eitt ár í senn, að dragnótaveiði sé heimil á tilteknu svæði eða svæðum á tímabilinu 15. júní til 31. okt. eða skemmri tíma, eftir því sem nánar er ákveðið í l. Síðan segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Áður en gerðar eru till. um opnun einstakra veiðisvæða, skal Fiskifélag Íslands leita álits sveitarstjórna og annarra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta á viðkomandi veiðisvæði. Berist álitsgerðir, skal ráðh. óheimilt að opna veiðisvæði eða hluta þess, nema álitsgerðirnar styðji almennt þá framkvæmd. Ef sveitarstjórnir, samtök útvegsmanna, sjómanna eða verkamanna leiða rök að því, að hagkvæmara sé að stunda aðrar veiðar en dragnótaveiðar á tilteknum hlutum veiðisvæðis, og bera fram óskir um, að þeir hlutar svæðanna verði friðaðir sérstaklega fyrir dragnótaveiði, þá skal ráðh. í samráði við Fiskifélag Íslands verða við þeirri ósk."

Það, sem í þessu felst, er það, að hin almenna regla er sú, að fiskveiðilandhelgin sé friðuð fyrir dragnót. En ráðh. getur veitt leyfi til dragnótaveiða, þó aðeins fyrir eitt ár í senn. En þessi leyfi má ekki veita fyrr en leitað hefur verið álits hlutaðeigandi aðila í þeim landshlutum, sem hér er um að ræða, og ekki gegn vilja þeirra. Og sömuleiðis er gert ráð fyrir því, að þó að eitt-

hvert svæði hafi verið opnað fyrir dragnót, þá sé samt hægt að loka einhverjum hluta svæðisins, ef fram kemur sérstök ósk um það frá hlutaðeigendum.

Nú var það svo, ég ætla á árinu 1960, eftir að lögin voru gengin í gildi, að þá var leitað álits sveitarstjórna og annarra aðila samkv. lögum þessum víða um land. Og varð þá niðurstaðan, að landhelgin var opnuð fyrir dragnót á allmörgum stöðum, aðallega við Suðvesturland, en að einhverju leyti fyrir Austfjörðum og Vestfjörðum. Hins vegar var hvergi opnað fyrir Norðurlandi, og var það vegna þess, að ég ætla, að hvergi var óskað eftir, að landhelgin yrði opnuð þar fyrir þessi veiðarfæri, heldur því alls staðar andmælt af hlutaðeigendum eða meiri hl. þeirra, sem íhlutunarrétt eiga um þetta mál, og þannig ætla ég, að það sé enn, að á Norðurlandi sé mjög almennt álit manna, að ekki eigi að opna norðlenzka fiskveiðilandhelgi fyrir þessu veiðarfæri. Nú er það hins vegar svo, að samkv. l. má gera ráð fyrir því, að ár hvert leitist stjórnarvöld við að kanna það, hver vilji manna sé í þessu máli í einstökum landshlutum, hvort hann hafi breytzt frá því, sem áður var. En að því er miðin fyrir Norðurlandi varðar, þá virðist mér, að það muni óþarfi fyrir yfirvöld að vera að gera sér þá fyrirhöfn árlega að leita eftir því, hvort breyting hafi orðið á áliti manna. Ég ætla, að það sé þannig almenningsálit í þeim landsfjórðungi, að dragnótarinnar verði ekki óskað eða henni hleypt þar inn á miðin með vilja hlutaðeigandi aðila í náinni framtíð. Þess vegna er það, að við tveir þm. kjördæmanna á Norðurlandi, við hv. 1. þm. Norðurl. v., höfum rætt um það okkar á milli að bera fram brtt. við þetta frv. þess efnis, að ákvæðin í frv., sem undanskilja heimildarákvæði l. Faxaflóa og Patreksfjarðarflóa, nái einnig til Norðurlands. Þó að áliðið sé þings og trúlegt, að málið hljóti ekki fullnaðarafgreiðslu, þá er það þó ekki útilokað, að svo kunni að fara, og því vil ég leyfa mér að bera fram og afhenda forseta hér fyrir okkar hönd skrifl. brtt. þess efnis, og vona, að hv. n. væntanleg athugi hana ásamt frv., ef hún tekur málið til meðferðar.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Ég tel, að frv. á þskj. 674 sé á margan hátt mjög athyglisvert. Ég tel, eins og nú er komið málum, að fyllsta ástæða sé til þess að viðhafa fyllstu varasemi um það að leyfa dragnótaveiðar jafnlítt takmarkaðar og verið hefur að undanförnu.

Það er óvefengjanleg staðreynd, sem ekki verður fram hjá komizt, að dragnótaveiðarnar hafa m. a. orsakað það, að sú mikla fiskigengd, sem komin var í Faxaflóa á hverju ári, hefur nú síðustu árin mjög mikið minnkað. Margir menn hér við Faxaflóa höfðu keypt sér litla báta og stunduðu á þeim þorskveiðar, en mér er sagt af kunnugum mönnum, að eins og nú sé komið megi heita, að það sé alger tilviljun, að á þessa báta fáist svo að segja nokkur afli. Ég skal viðurkenna það, að hér koma fram tvenns konar sjónarmið, og það, sem mig undrar einna mest, er það, að okkar ágætu fiskifræðingar virðast í hvoruga löppina þora að stíga í málinu, og verður það að teljast alveg furðulegt, að sérfræðingar, sem hafa kynnt sér þessi mál, skuli ekki geta sagt af eða á í málinu.

Á Norðurlandi t. d. fullyrði ég það, að langflestir smábátaútvegsmenn eru algerlega á móti dragnótaveiðunum. Á meðan dragnótaveiðarnar voru stundaðar af jafnmiklu kappi og menn vita, voru stundaðar svo að segja alveg óhindrað, varð útkoman vitanlega sú, að fiskurinn hvarf að mestu leyti af grunnmiðunum fyrir Norðurlandi. Ég er ekki að segja, að það hafi allt verið vegna dragnótaveiðanna einna saman. Þar kom vitanlega líka til greina hin mikla ásókn togara á fiskimið úti fyrir Norðurlandi. En hin ótakmarkaða og takmarkalausa dragnótaveiði, sem þar var stunduð, jafnvel inni á höfnum, hefur örugglega gert sitt til að eyðileggja fiskimiðin og draga úr aflabrögðum.

Ég tel, að það frv., sem hér liggur fyrir, eigi fyllsta rétt á sér, þó að ég hins vegar viðurkenni, að það nær ekki nægilega langt. Það skal þó viðurkennt, að eftir dómi sérfræðinga er Faxaflói talinn vera uppeldisstöð fyrir fisk miklu frekar en flestir aðrir firðir og flóar á landinu. Það má vel vera, að ef farið yrði inn á þá braut að banna dragnótaveiðar, þá gæti það á einhvern hátt orðið til þess að draga úr atvinnu hér við flóann. En við skulum bara hafa það í huga, að slík rányrkja eins og dragnótin er er í alla staði ákaflega hættuleg fyrir fiskstofninn. Það, sem gerir hana einna alvarlegasta, er það, að hún tekur bæði stóra og smáa fiska. Þó að smáfiskunum sé sleppt, þá vitum við það vel, sem höfum verið til sjós, að það er alveg undantekningarlaust, að fiskur, sem kemur á þilfar og er aftur fleygt út, er dauður. Þetta er svo ljóst mál, að það þarf ekkert um að deila.

Ég er ekki að halda því fram, að það sé alveg nauðsynlegt að banna dragnótaveiðar undir öllum kringumstæðum og alls staðar. En ég tel, að vissir firðir séu svo þýðingarmiklir sem uppeldisstöðvar fyrir okkar ágætu fiskimið, að það sé beinlínis ábyrgðarleysi að leyfa áfram dragnótaveiði á þessum stöðum, og má þar til nefna sérstaklega Faxaflóa, Breiðafjörð og firðina á Norðurlandi. Ég er meðmæltur þessu frv. og því, að bætt yrði þar inn í m. a. Breiðafirði og flóum og fjörðum á Norðurlandi og víðar, ef þurfa þykir. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram, vegna þess að við mig hefur talað fjöldi manna, sem hafa lýst því yfir sem sínu áliti, að dragnótaveiðar hér í Faxaflóa þýði ekkert annað en gereyðingu á þeim fiskstofni, sem hrygnir á þessum stöðum, og endar náttúrlega með því, að sú fiskgengd, sem var um tíma hér í flóanum, hlýtur að ganga til þurrðar fyrr eða síðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar, en brtt. barst á þskj. 711.

67. Varðskip.

Á 48. fundi í Ed., 25. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 frá 9. jan. 1935, um varðskip landsins og skipverja á þeim [167. mál] (þmfrv., A. 308).

Á 49. fundi í Ed., 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Árnason): Herra forseti. Á þskj. 308 hef ég leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 frá 9. jan. 1935, um varðskip landsins og skipverja á þeim. 1. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Aftan við 7. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar varðskip veitir íslenzku fiskiskipi hjálp úr háska, skal greiðsla fyrir hjálpina fara eftir reglum, er dómsmrh. setur. Við ákvörðun gjaldsins skal miðað við útgerðarkostnað varðskipsins og tíma þann, er hjálpin tók. Teljist háski sá, sem fiskiskipið er í, stórkostlegur, svo sem eldsvoði eða strand, má þó krefjast björgunarlauna eftir reglum siglingalaganna."

Mál þetta, sem hér um ræðir, hefur verið til umr. á aðalfundum Landssambands ísl. útvegsmanna, og hafa þar verið gerðar samþykktir, sem ganga mjög í sömu átt og lagt er til með frv. þessu. Eins og fram kemur í grg., er samkv. ákvæðum 2. mgr. 22. gr. l. nr. 61 frá 1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, ákveðið, að greiðsla fyrir hjálp, er skip, sem gerð eru út af *ríkissjóði eða ríkisstofnunum, veitir skipum*, sem tryggð eru samkv. þeim lögum eða hjá Samábyrgð Íslands, skuli ekki fara eftir venjulegum björgunarreglum, heldur ákveðin af stjórn Samábyrgðarinnar, og skal greiðslan miðast við það fjártjón og tilkostnað, sem hjálpin hefur bakað þeim, er hana veitti. Ég tel fullvíst, að þessi lagaákvæði um sanngjarna greiðslu til varðskipanna fyrir veitta aðstoð við vélbáta þá, sem *vátryggðir* eru hjá Samábyrgð Íslands, hafi skapað eigendum þeirra mun hagstæðari tryggingariðgjöld en annars hefði átt sér stað. Í framkvæmd hefur það orðið svo, að varla eru önnur fiskiskip vátryggð hjá hinum einstöku bátavátryggingarfélögum, sem Samábyrgðin stendur saman af samkv. l. nr. 61 frá 1947, en þau skip, sem eru 100 brúttórúmlestir að stærð og þar undir, eða m. ö. o. þau skip, sem skyldutryggingin nær til. Allflest stærri fiskiskip munu því vera vátryggð hjá öðrum innlendum vátryggingarfélögum, og liggja til þess ýmsar ástæður. Má þar m. a. benda á, að allt fram til síðasta árs var sá hluti, sem bátaeigendur voru skyldaðir til að hafa í eigin ábyrgð, mun hærri hjá bátaábyrgðarfélögunum eða Samábyrgðinni heldur en hjá hinum ýmsu vátryggingarfélögum öðrum, auk þess sem þau veittu einnig að öðru leyti víðtæka tryggingu, og vil ég í því sambandi sérstaklega benda á vélatryggingarnar.

Íslenzka ríkið á nú nokkur varðskip, sem sérstaklega eru byggð til þeirra nota, eru búin ýmsum björgunartækjum. Þá rekur íslenzka ríkið eða ríkissjóður einnig þær björgunarskútur, sem til eru og að verulegu leyti hafa verið byggðar fyrir samskotafé og ætlaðar hafa verið til öryggis og eftirlits á ýmsum hafsvæðum við landið, og hefur ríkissjóður staðið straum af rekstri þessara skipa. Eins og málum er nú háttað, er það orðin föst venja, að bæði varðskipin og björgunarskúturnar, sem ríkið gerir út, fylgjast með fiskibátunum á aðalveiðisvæðunum hverju sinni. Eins og kunnugt er, er það algengt, að smávegis vélabilanir eða óhöpp hendi fiskibátana, t. d. að net eða kaðlar fari í skrúfu þeirra eða annað þess háttar. Þegar slíkt á sér stað, er það orðinn fastur siður, að fyrrgreind skip dragi til hafnar þá báta, sem fyrir slíku hafa orðið, enda þótt hætta sé ekki yfirvofandi. Með tilkomu froskmanna hefur verið auðvelduð og gerð fyrirhafnarminni fyrir varðskipin sú aðstoð, sem veita þarf, þegar net eða kaðlar fara í skrúfur, og er þá tekið visst kaup fyrir froskmanninn hverju sinni.

Það hefur verið síldarflotanum mikil hagsbót nú tvö eða þrjú s. l. sumur, að ungur sjómaður frá Akranesi, sem jafnframt er froskmaður, hefur að sumrinu gert út bát fyrir Norður- og Austurlandi og aðstoðað síldveiðiflotann, þegar slík óhöpp hefur hent, að síldarnótin hefur farið í skrúfur bátanna og þannig gert þá ófæra til að komast leiðar sinnar eða aðhafast við veiðarnar.

Eins og ég áður hef sagt, fer það eftir því, hvort fiskibáturinn er vátryggður hjá Samábyrgðinni eða öðrum vátryggingarfélögum, hvað upphæðin er há, sem varðskipin gera kröfu um að fá greidda fyrir þá aðstoð, sem þau veita í þessum tilfellum, og fer þar um annars vegar samkv. *þeim lögum, sem í gildi eru* og snúa eingöngu að bátaábyrgðarfélögunum, og að hinu leytinu til þeirra skipa, sem stærri eru en 100 rúml., en í þeim tilfellum getur útgerð og áhöfn þess skips, sem aðstoðina veitir, krafizt björgunarlauna eftir reglum X. kafla siglingalaganna, en ég ætla, að sú upphæð, sem þar um ræðir, sé a. m. k. fimm sinnum hærri en í hinu tilfellinu. Af þessu er augljóst, hvílíkur reginmunur er hér á aðstöðu fiskiskipanna, og hinn mikli kostnaður stærri bátanna hefur það í för með sér, að iðgjöldin stórhækka, og lendir sá kostnaður, þegar til lengdar lætur, allur á útgerðarmönnum fiskibátanna. Eigi verður annað sagt en varðskip ríkisins og björgunarskúturnar séu að mestu leyti byggð og rekin fyrir almannafé, með það tvennt fyrir augum að gæta hinnar íslenzku landhelgi og stuðla að auknu öryggi íslenzkra sjómanna og fiskiskipa og vera þeim til aðstoðar, ef með þarf. Má í því sambandi benda á, að fyrsta íslenzka varðskipið, Þór, var upphaflega aðeins björgunarskip.

Með hliðsjón af þeim staðreyndum, sem ég hef dregið fram í máli þessu, vænti ég, að hv. alþm. geti verið mér sammála um, að ekki sé óeðlilegt, þótt fyrir þá aðstoð, sem hér um ræðir, sé ekki krafizt borgunar eftir reglum siglingalaganna, eins og ég áður hef bent á. Ég ætla, að það hafi aldrei verið ætlunin, að aðstoð þessara skipa væri veitt í hagnaðarskyni, og þar sem hlutverk þeirra er að stunda öryggisgæzlu og aðstoð á sjó, er ekki fyrir hendi ástæða til sérstakrar hvatn-

ingar til björgunarstarfa með von í háum björgunarlaunum. Þegar á þetta er litið og það, að mjög er óeðlilegt, að ekki skuli allir þeir, sem vátryggingar selja og kaupa, sitja við sama borð um þessi efni, þá virðist, að full ástæða sé fyrir hendi, að hér verði gerð breyting á. Þegar þetta allt er haft í huga, virðist ekki vera óeðlilegt, að tekin væri upp sú lagaregla, sem lagt er til með frv. þessu. Þá má á það benda, að víðast hvar erlendis mun það vera föst venja, að skip, sem hafa björgun að tilgangi, taka ekki bjarglaun samkv. reglum siglingalaganna, heldur aðeins tímakaup fyrir þá aðstoð, sem þau veita hverju sinni.

Herra forseti. Ég mun ekki orðlengja frekar um mál þetta að sinni, en geri það að till. minni, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 308, n. 552).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. sjútvn. um mál þetta, mælir n. með samþykkt frv.

Um efni þessa frv. get ég að þessu sinni verið fáorður, en vísa til þess, sem ég sagði í framsöguræðu fyrir málinu við 1. umr. hér í þessari hv. d.

Sú breyting, sem hér er um að ræða, er í því fólgin, að þegar íslenzkt varðskip veitir íslenzku fiskiskipi aðstoð eða hjálp úr háska, skuli greiðsla fyrir það fara eftir reglum, sem dómsmrh. setur. Við ákvörðun gjaldsins skal miðað við útgerðarkostnað varðskipsins og tíma þann, er hjálpin tók. Teljist háski sá, sem skipið er í, stórkostlegur, svo sem eldsvoði eða strand, má þó krefjast björgunarlauna eftir reglum siglingalaganna. Það, sem hér um ræðir, er því aðeins að samræma þær greiðslur, sem varðskip ríkisins taka fyrir aðstoð, sem þau veita íslenzkum fiskibátum, þegar um minni háttar óhöpp eða bilanir er að ræða, svo að draga þarf bátinn að landi. Samkv. ákvæðum 2. mgr. 22. gr. l. nr. 61 frá 1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, er ákveðið, að greiðsla fyrir hjálp, er skip, sem gerð eru út af ríkissjóði eða ríkisstofnunum, veita skipum, sem tryggð eru samkv. þeim lögum eða hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, skuli ekki fara eftir venjulegum björgunarreglum, heldur ákveðin af stjórn Samábyrgðarinnar, og skal greiðslan miðast við fjártjón og tilkostnað, sem hjálpin hefur bakað þeim, sem hana veitti. Eins og nú er háttað, eru öll eða flest fiskiskip undir 100 rúmlestum að stærð tryggð hjá Samábyrgðinni, en flest hin stærri fiskiskip, sem eru yfir 100 rúmlestir, munu hins vegar vera tryggð hjá öðrum tryggingafélögum. En þau njóta ekki hagsbóta af þessum reglum, og hefur það leitt til þess, að tryggingar þessar hafa orðið nokkru dýrari en ella. Auk þess sem ríkissjóður gerir út nokkur varðskip, sem búin eru ýmsum björgunartækjum, gerir hann einnig út nokkrar björgunarskútur eða björgunarskip, en þau skip hafa að verulegu leyti verið byggð fyrir almennt samskotafé. Þessi skip voru fyrst og fremst ætluð til öryggiseftirlits með fiskibátaflotanum, þó að þau hafi einnig verið notuð til varðgæzlu landhelginnar. Þegar á þetta er litið, virðist ekki óeðlilegt, að sama gildi um allan fiskiskipaflota landsmanna og hann verði ekki krafinn um björgunarlaun samkv. siglingalögunum, þegar um minni háttar bilanir er að ræða. Hitt er svo annað mál, að ef um stórkostlega hættu er að ræða, svo sem eldsvoða eða strand, virðist ekki rétt eða ástæða til að víkja frá reglum þeim, sem ákveðnar eru í siglingalögum um björgun skipa og bjarglaun.

Ég vil að lokum geta þess, að það var einróma álit nefndarmanna, að nauðsynlegt væri að endurskoða og hækka nokkuð þann taxta, sem varðskipin taka fyrir þá aðstoð, sem þau veita fiskibátaflotanum, þegar bátur er dreginn að landi. Þá mætti enn fremur benda á það, að með því að vátryggingarfélögin samþykktu sanngjarna þóknun til þeirra fiskibáta, sem veita slíka aðstoð sem hér er rætt um, mætti telja það fullvíst, að bætta skipan þessara mála mundi af því leiða. Það, sem hér er því um að ræða, er, að allur fiskibátaflotinn sitji við sama borð um aðstoð björgunarskútanna, sem byggðar eru að miklu leyti fyrir samskotafé, og þess vegna virðist ekki eðlilegt, að rekstur þeirra sé hafður þannig, að hann mismuni fiskimönnunum eða útgerðarmönnunum, heldur eigi eitt og það sama að gilda, hvort sem skipið er 99 eða 102 tonn. Hins vegar er það þá líka, að ef um það væri hugsað, þá mætti náttúrlega segja, að útgerðarmenn gætu notað þetta ákvæði l. með því að vátryggja öll skipin hjá Samábyrgðinni, hvort sem þau eru undir eða yfir 100 smálestir, og þannig væri óþarfi að vera að flytja þessar breytingar við löggjöfina. Það er nú svo, að það er frjálst að hafa hér vátryggingar á skipum í landinu, og það virðist eðlilegri aðstaða vátryggingarfélaganna, að þau keppi á þeim grundvelli, sem skapar þeim eðlilega samkeppni, og þess vegna er lagt til, að þessi breyting verði gerð á lögunum.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. með fyrirvara og tel rétt, að ég geri grein fyrir því, í hverju sá fyrirvari er fólginn.

Það kom til mín einn roskinn og reyndur skipstjóri úr félagssamtökum skipstjóra og yfirmanna af skipunum og ræddi við mig um þetta mál. Hann lýsti óánægju þeirra yfir þessu frv. og að þau félagssamtök mundu andmæla því og færa fram sín sjónarmið gegn frv. Jafnframt skýrði hann mér frá því, að forstjóri landhelgisgæzlunnar mundi verða sömu skoðunar á málinu. En eins og menn vita, verða þeir fyrir nokkurri tekjurýrnun, skipshafnir og yfirmenn á varðskipum, sem veita aðstoð biluðum skipum. Nú sendi n. þetta frv. til landhelgisgæzlunnar til umsagnar, og ég taldi æskilegt, að fyrir n. lægju álitsgerðir frá félagssamtökum skipstjóra og yfirmanna og svo frá landhelgisgæzlunni, og þess vegna vildi ég ekki binda mig svo við endanlega afgreiðslu á þessu máli, að ég sæi ekki

þessa röksemdafærslu þeirra, þar sem þarna er óneitanlega annar aðili hvað hagsmuni snertir. En svo fór, að þessar álitsgerðir komu ekki, hvorki frá landhelgisgæzlunni, sem fékk frv. til umsagnar, né heldur frá félagssamtökum skipstjóra, og þar sem svo er, en um þetta spurði ég hv. formann n. síðast í dag, að engar slíkar álitsgerðir hafa komið, þá læt ég málið kyrrt liggja. Þar sem þeir, sem þarna eiga sérstaklega hagsmuna að gæta, hafa ekki sent n. eða Alþingi neina álitsgerð um málið, hef ég því ekkert við þetta að athuga og mun greiða þessu frv. atkvæði.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Það var eins og síðasti ræðumaður sagði, að þetta mál var sent til umsagnar og sjútvn. hélt marga fundi, þar sem þetta mál var tekið lítils háttar til umr., en alltaf frestað, þangað til að lokum að það lágu fyrir umsagnir frá vátryggingarfélögunum, en ekki frá landhelgisgæzlunni, eins og hv. 4. þm. Vestf. gat um hér áðan. En þessar umsagnir, bæði frá skipstjórafélaginu og landhelgisgæzlunni, komu núna í kvöld fyrst. (SE: Eru þær komnar?) Já, þær eru nýkomnar hingað, rétt áður en fundi lauk í kvöld, og n. hefur ekki athugað innihald þeirra, en það sýnist ekki hafa verið mikill áhugi hjá þeim að koma skoðun sinni í ljós. Hins vegar skýrði ég n. frá því, að forstjóri landhelgisgæzlunnar hefði komið að máli við mig og gefið mér ýmsar upplýsingar, sem voru m. a. í því fólgnar, hvað þetta væri mikið fjárhagsmál fyrir landhelgisgæzluna og skipverja á varðskipunum, t. d. miðað við s. l. ár, og að fengnum þeim upplýsingum var ekki hér, hvorki að mínum dómi né forstjóra landhelgisgæzlunnar, um svo stóra upphæð að ræða, að það skipti neinu verulegu máli, því að ég ætla, að það hafi verið samtals um 1½ millj. kr., sem þau námu, þessi björgunarlaun fyrir alla bátana á s. l. ári, en hins vegar hefðu þeir ekki tapað upphæðinni að öllu leyti þrátt fyrir þessa breyt., því að viss greiðsla kemur fyrir aðstoðina, þó að það sé ekki um fullkomna björgun að ræða.

Að sjálfsögðu mun n. athuga milli umræðna þessar umsagnir, sem bárust í kvöld.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14:1 atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Eins og fram kom við umr. um málið við 2. umr. þess hér í þessari hv. deild í gær, hafði þá nýlega borizt greinargerð um málið frá forstjóra landhelgisgæzlunnar og Skipstjórafélagi Íslands. Hafði n. eigi haft aðstöðu til að kanna efni þeirra fyrir þær umr. Á fundi sínum í dag hefur n. athugað þessar umsagnir og að því loknu samþ. að flytja brtt. við 1. gr. frv., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Brtt. við frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 frá 9. jan. 1935, um varðskip landsins og skipverja á þeim. Frá sjávarútvegsnefnd. Við 1. gr. Aftan við orðin „er dómsmrh. setur“ í 1. málsl. gr. komi: að fengnum tillögum landhelgisgæzlunnar, Skipstjórafélags Íslands, Sjómannasambands Íslands, Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, Sambands íslenzkra vátryggingarfélaga og Landssambands íslenzkra útvegsmanna.“

Til þess að gera sér nokkra grein fyrir þeim reginmun, sem um er að ræða, ef ekki væri komið á þeim breytingum, sem hér er um að ræða, þá kemur það hér fram í 7. liðnum sérstaklega í umsögn forstjóra landhelgisgæzlunnar, en þar segir: „Árið 1962 fékk landhelgisgæzlan greidda aðstoð við 101 fiskibát, sem tryggðir voru í félögum í Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, samtals 990697,08 kr., eða að meðaltali 980,88 kr. fyrir hvern bát. Á sama ári voru björgunarlaun fyrir 6 íslenzk fiskiskip, sem tryggð voru hjá öðrum tryggingarfélögum og þess vegna yfir 100 rúmlestir að stærð, alls 1057726,97 kr., eða 176287 kr. að meðaltali á skip. Þar af fór í landhelgissjóðinn 762305,97 kr., til skipverja á viðkomandi varðskipum 254102,01 kr. og í kostnað 41319 kr. Hlutur skipshafnanna skiptist í 102 staði og var því að meðaltali 2491,20 kr. á mann.“

Af þessu vænti ég, að það komi skýrt í ljós, að það er ekki að ástæðulausu, að þetta frv. er flutt, til þess að koma hér á samræmi, en að öðrum kosti mundi leiða til þess, að vátryggingarfélögin og útgerðarmenn sætu við mjög misjafna aðstöðu í þessum efnum.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar, en vil leyfa mér að biðja forseta að leita afbrigða fyrir till., sem ég afhendi hér skriflega, og vænti, að hv. þdm. geti fallizt á þessa afgreiðslu málsins.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 624) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 624 samþ. með 13 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 13:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 47. fundi í Sþ., 10. apríl, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 625).

Á 70. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. visað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

68. Tekjustofnar sveitarfélaga (frv. JÞ).

Á 58. fundi í Ed., 19. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 frá 1962, um tekjustofna sveitarfélaga [207. mál] (þmfrv., A. 414).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Flm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Skv. útsvarslögunum frá 1945 var heimilt að leggja á gjaldþegn útsvar, sem skiptist í 3 þætti, þ. e. a. s. tekjuútsvar, eignaútsvar og veltuútsvar. En þar sem heimild var fyrir hendi á annað borð til að leggja á gjaldþegn, mátti leggja á hann allar þessar 3 tegundir útsvara á sama stað.

Reglur útsvarslaga frá 1945 ásamt síðari breyt. á þeim l. um það, hvar leggja mætti á gjaldþegn og hvaða sveit fengi útsvar hans, voru í höfuðatriðum á þessa leið: Á einstakling skyldi leggja útsvar þar, sem hann hafði heimilisfang vitanlega eða skv. manntali næst á undan niðurjöfnun. Á félag skyldi leggja útsvar þar, sem það hafði skrásett heimilisfang, enda ræki félagið atvinnu sína á skrásetningarstað. Ef félag rak atvinnu í fleiri sveitum en einni, mátti á hverjum stað aðeins leggja á þær eignir, sem þar voru, og þær tekjur, sem sá atvinnurekstur gaf. Á einstakling mátti einnig leggja á fleiri stöðum en einum, ef hann hafði heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, víðar en í einni sveit. Enn fremur mátti leggja á gjaldþegn á fleiri stöðum en einum skv. breytingu á útsvarslögunum, sem gerð var 1960, ef hann rak síldarverkun og verzlun með síldarafurðir utan heimilissveitar, enda mátti ekki leggja á hann að því leyti í heimilissveit hans.

Með lögum um tekjustofna sveitarfélaga, sem samþ. voru á Alþingi 16. apríl 1962, var framangreindum reglum útsvarslaganna gerbreytt. Veltuútsvarið var afnumið og í staðinn sett aðstöðugjald, takmarkað við vissar prósentur af rekstrarútgjöldum. Aðstöðugjaldið má skv. 8. gr. l. innheimta hjá atvinnurekendum og öðrum þeim, sem sjálfstæða atvinnu hafa í sveitarfélaginu, en útsvarið, þ. e. a. s. tekju- og eignaútsvarið, skal hins vegar lagt á skv. a- og b-lið 30. gr. l., en í þessum a- og b-lið 30. gr. l. um tekjustofna sveitarfélaga segir svo, með leyfi forseta:

„a) Hvert sveitarfélag leggur útsvar á sína íbúa, sbr. 13. gr. l. nr. 35 1960, um lögheimili.

b) Á aðra aðila skal lagt í því sveitarfélagi, þar sem aðalstarfsemi þeirra fer fram."

Ég tel, að reynslan hafi sýnt, að þessar breytingar frá reglum gömlu útsvarslaganna hafi sízt orðið til bóta, og ég vil leyfa mér að taka því til staðfestingar nokkur dæmi. Ef t. d. einstaklingur búsettur í Reykjavík rekur síldarsöltun — við skulum segja á 3 stöðum yfir sumarið, Siglufirði, Raufarhöfn og Seyðisfirði, þá á að leggja tekju- og eignaútsvar á þennan atvinnurekstur í Reykjavík, þar sem einstaklingurinn á lögheimili. Ef aftur á móti hlutafélag, skrásett í Reykjavík, ræki þessa starfsemi, hefði síldarsöltun á 3 stöðum, Siglufirði, Raufarhöfn og Seyðisfirði, og hefði ekki aðra starfsemi með höndum, þá á að leggja tekju- og eignaútsvarið á þar, sem aðalstarfsemin fer fram, og það gæti þá í þessu tilfelli orðið ærið óljóst, jafnvel breyting á því frá ári til árs eftir því, hvar mest væri saltað hverju sinni.

Það hefur komið fram alveg raunhæft dæmi um, hvernig þessar nýju reglur reynast, en það er í sambandi við álagningu útsvars á SÍS á Akureyri. Þar hefur, eftir því sem yfirskattanefnd hefur úrskurðað, verið litið svo á, að Akureyrarbær mætti ekki leggja tekju- og eignaútsvar á tekjur Sambandsins á Akureyri, en sá rekstur er, eins og allir vita, geysilega mikill, stórar verksmiðjur, þar sem mörg hundruð manns vinna, heldur bæri að leggja allt tekju- og eignaútsvar á SÍS hér í Reykjavík, þar sem aðalstarfsemi Sambandsins fer fram. Þessum úrskurði mun að vísu hafa verið skotið til ríkisskattanefndar, og hún hefur ekki kveðið upp sinn úrskurð í málinu, en ég fæ ekki annað séð af lögunum en það sé alveg ljóst, að annar hvor staðurinn, Reykjavík eða Akureyri, hlýtur að fá allt útsvarið, eftir því á hvorum staðnum aðalstarfsemi Sambandsins yrði talin vera. En ég tel í raun og veru þá niðurstöðu, þó að hún sé að sjálfsögðu í samræmi við lögin, þá tel ég hana samt fráleita, að búa við slíka reglu til frambúðar, að þarna fái ekki hvor staður um sig tekju- og eignaútsvar af þeim rekstri og þeim eignum, sem á hvorum staðnum er. Þetta er stærsta dæmið, sem menn hafa rekið sig á, enn sem komið er.

Það er líka nefnt annað dæmi á Suðurnesjum. Þar er stór atvinnurekandi, sem mjög margir kannast við, sem er búsettur þar í sveitarfélagi að sjálfsögðu, en rekur allan sinn stóra atvinnurekstur í nágrannasveitarfélagi: útgerð, síldarsöltun, frystihús og annað slíkt. Og þetta sveitarfélag, þar sem atvinnureksturinn fer fram, getur ekki lagt neitt útsvar á þennan rekstur, heldur verður að láta sér nægja aðstöðugjaldið.

Ég tel, að þegar þessar nýju reglur séu brotnar til mergjar, þá komi í ljós, að þær séu bæði ósanngjarnar, ófullnægjandi og ranglátar í ýmsum tilfellum. Ég tel réttmætt, að hvert sveitarfélag fái að leggja útsvar á þann atvinnurekstur, sem fer fram innan marka sveitarfélagsins, alveg án tillits til þess, hvort atvinnurekandinn kunni að eiga lögheimili annars staðar eða atvinnurekandinn hafi meiri atvinnurekstur annars staðar. Það er alveg ljóst, að það getur verið um mikinn atvinnurekstur að ræða í einu sveitarfélagi, þó að fyrirtækið, sem hefur þennan atvinnurekstur með höndum, hafi aðalstarfsemi sína annars staðar, eins og reyndar kom glöggt fram af dæminu með SÍS á Akureyri.

Menn kynnu ef til vill að halda því fram í þessu sambandi, að þó að þessi sveitarfélög, þar sem atvinnurekstur fer fram, missi í mörgum tilfellum útsvar af rekstrinum skv. reglum l. um tekjustofna sveitarfélaga, þá komi þó þar á móti, að sveitarfélögin geti ávallt lagt aðstöðugjald á þennan rekstur. Eins og kunnugt er, var aðstöðugjaldið hugsað þannig, að það átti að

koma í stað veltuútsvaranna. Nú er sá munur á aðstöðugjaldi og veltuútsvari, að aðstöðugjaldinu eru þröng takmörk sett, en veltuútsvarið var eins og annað útsvar, það fór eftir efnum og ástæðum. Í 10. gr. l. um tekjustofna sveitarfélaga er sett hámark við því, hve hátt aðstöðugjald má leggja á einstakar greinar í atvinnurekstri. Og í öðru lagi er sett þar viðbótarákvæði, sem takmarkar rétt sveitarfélaga til að leggja á aðstöðugjald enn frekara, ef um er að ræða rekstur fiskiskipa og hvers konar starfsemi við fiskvinnslu, þannig að rétturinn til að leggja á aðstöðugjald er ærið takmarkaður.

Á fulltrúaráðsfundi, sem kaupstaðirnir á Vestur-, Norður- og Austurlandi héldu á Húsavík dagana 17.—19. sept., var m. a. þetta vandamál, þessar breytingar á tekjustofnalögunum teknar fyrir, og þá var m. a. gerð sú ályktun, sem ég hef tekið hér upp í grg. með frv., en hún er á þá leið, að félög og fyrirtæki verði útsvarsskyld á þeim stöðum, þar sem starfsemi þeirra fer fram. Vekur fundurinn athygli á því, að á þessu ári eru sum stærstu fyrirtæki í aðildarkaupstöðunum útsvarslögð að öllu leyti í Reykjavík. Og það er einmitt tilgangur þessa frv. að reyna að finna lausn á þessum vanda og koma til móts við óskir þessa fulltrúaráðsfundar, sem haldinn var á s. l. hausti á Húsavík. En eins og frv. ber með sér, er málið leyst á þann hátt að taka upp í grundvallaratriðum, en þó í einfaldara formi en áður, reglur gömlu útsvarslaganna í þessu efni.

Ég vil svo að lokum taka fram, að það koma að sjálfsögðu til álita ýmsar fleiri leiðir til þess að leysa þetta vandamál og rétta hlut þeirra sveitarfélaga, sem borið hafa skarðan hlut frá borði vegna þessara reglna, sem settar voru með l. um tekjustofna sveitarfélaga. Og ég vænti þess, að þegar þetta mál fer í n., þá taki sú hv. n. það að sjálfsögðu til athugunar, hvort aðrar leiðir og ef til vill réttlátari komi þar ekki til greina. Höfuðatriði tel ég vera, að það verður að finna leiðréttingu frá þessu ástandi, sem nú ríkir, og breyta þeim reglum, sem gilda. En það kann auðvitað að vera álitamál, á hvern hátt það sé gert, en það er nauðsynlegt, að það verði gert.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og félmn.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Svo sem hv. þdm. er kunnugt, hafa, eftir að l. um tekjustofna sveitarfélaga voru samþykkt hér á síðasta þingi, risið vandamál, sem menn hafa ekki gert sér fulla grein fyrir, þegar löggjöfin var sett, og er þar fyrst og fremst um að ræða það mál, sem risið hefur á Akureyri í sambandi við útsvarsálagningu á verksmiðjurekstur SÍS þar. Um það gekk úrskurður, að þessi atvinnurekstur væri skv. hinum nýju lögum ekki útsvarsskyldur hvað tekjuútsvar snerti á Akureyri. Þessu vildi bæjarstjórn Akureyrar ekki una og hefur því áfrýjað málinu til ríkisskattanefndar eða ríkisskattstjóra eða þeirra aðila, sem um það fjalla sem æðsti dómstóll, og úrskurður þess aðila er enn ekki kominn. Það er alveg ljóst af þessu máli, að hvernig sem sá úrskurður fer, verður að gera einhverjar breytingar á útsvarslögunum til þess að koma í veg fyrir, að slík vandamál rísi eins og þar er um að ræða.

Ég hygg, að ekkert jafnstórt vandamál hafi risið í sambandi við þessi lög eins og þetta útsvarsmál verksmiðjurekstrar SÍS á Akureyri. Bæjarstjórn Akureyrar hefur að vísu haldið því fram í sinni málfærslu, að það beri að líta á Akureyri sem aðalheimili þessarar starfsemi, og um það snýst málið. En það er rétt, sem hv. flm. þessa frv. sagði, að niðurstaða þess máls í raun inni breytir ekki meginvandamálinu, því að vitanlega getur það risið á fleiri stöðum, þar sem ekki mundi vera slíku til að dreifa, að hægt væri að leysa vandann með því, að úrskurður félli á þann veg, sem er alls óvíst að verði.

Allt frá því í haust hafa þm. Norðurl. e. rætt þetta vandamál og m. a. rætt það við formann þeirrar n., sem undirbjó lögin um tekjustofna sveitarfélaga, ráðuneytisstjórann í félmrn., einmitt með hliðsjón af því, að fundin yrði lausn á þessu vandamáli. En sú lausn er mjög vandfundin, vegna þess að hún breytir veigamiklu grundvallaratriði í þessum umræddu lögum, þ. e. a. s. að það verði sem meginstefna, að atvinnurekstur sé skattlagður á einum stað. Vitanlega má fyrir þeirri reglu færa margvísleg rök, og það hefur komið í ljós á undanförnum árum, að það væri mjög miklum annmörkum háð að skattleggja atvinnurekstur á fleiri stöðum, þ. e. a. s. hvað snertir tekjuútsvar eða að skattleggja tekjur atvinnurekstrarins. Og það mun hafa verið skoðun þeirrar nefndar, sem undirbjó l. um tekjustofna sveitarfélaga, að víðast hvar mundi vera hægt að ná til þessa atvinnurekstrar í gegnum aðstöðugjöldin. Þetta dæmi, sem ég nefndi, sýnir hins vegar ljóslega, að hér hefur ekki málið verið skoðað niður í kjölinn sem skyldi, og það er óumflýjanlegt að taka því málið upp til nýrrar athugunar.

En einmitt með hliðsjón af því, að þetta mál var í úrskurði, sem ekki var þegar genginn, og auk þess að það var erfitt að forma ákveðna tillögu, án þess að þar kæmi til sérþekking þeirra manna, sem um málið hafa fjallað, þá hefur það ekki orðið, að við þm. þessa kjördæmis, þar sem sérstaklega þetta vandamál hefur risið, höfum flutt um það sérstakt frv. á yfirstandandi þingi. Þetta vil ég aðeins láta koma fram. En ég tel hins vegar ekki nema gott, að frv. hv. 9. landsk. skuli hafa komið hér fram og að það verði tekið til meðferðar og málið krufið hér til mergjar, svo sem hægt er í því sambandi. Og ég vil taka sérstaklega undir þau niðurlagsorð í ræðu hans, að það er nauðsynlegt að íhuga málið frá öllum hliðum, vegna þess að þessi breyting á lögunum hefur ýmsar viðtækari verkanir, sem erfitt er að sjá, nema því aðeins að málið sé kannað niður í kjölinn.

En ástæðan til þess sérstaklega, að ég stend hér upp, er sú, að ég vil leggja á það ríka áherzlu með hv. flm., að þessu máli má ekki skjóta óhæfilega á frest, og ég hefði talið langeðlilegast, ef ekki yrði hægt að finna endanlega niðurstöðu, áður en þessu þingi lýkur eða við meðferð þessa máls hér í þessari hv. deild, að þá a. m. k. yrði

málið afgreitt á þann veg, að ríkisstj. yrði falið að undirbúa málið fyrir haustþingið með það í huga að finna viðunandi lausn á þessu vandamáli, sem hér hefur verið komið fram í dagsljósið, því að það er kjarni málsins, eins og hv. flm. sagði, að finna þá lausn, en ekki endilega, eftir hvaða sjónarmiðum nákvæmlega starfað verður. Þetta vildi ég taka undir með hv. flm. og vildi sérstaklega einnig leyfa mér að beina þeim orðum mínum til hæstv. fjmrh., sem þessi mál heyra undir, að hann kanni þetta vandamál og reyni að leggja sitt lið til þess, að á því verði fundin viðunandi lausn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og var frv. ekki á dagskrá tekið framar.